

ÉG KAUS

FRELSIÐ



VÍKTOR KRAVTSJENKO

„Bókin er þörf hugvekja um það, hvers virði
lýðræðið raunverulega er fyrir manninn.“

— Hermann Jónasson forsætisráðherra

ÉG KAUS FRELSIÐ

VÍKTOR KRAVTSJENKO

SAFN TIL SÖGU KOMMÚNISMANS

Ritstjóri: Hannes H. Gissurarson

Meðal útgáfurita

Svartbók kommúnismans,
Stéphane Courtois og fleiri

Konur í einræðisklóm,
Margarete Buber-Neumann

Guðinn sem brást,
Arthur Koestler og fleiri

Leyniræðan um Stalín,
Níkíta Khrústsjov

Konur í þrælakistum Stalíns,
Elinor Lipper og Aino Kuusinen

Ráðstjórnarríkin: Goðsagnir og veruleiki,
Arthur Koestler

Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum,
Ants Oras

Eistland. Smáþjóð undir oki erlends valds,
Andres Küng

Þjóðbyltingin í Ungverjalandi,
Erik Rostbøll

Úr álögum,
Jan Valtin

Þjónusta, þrælkun, flótti
Aatami Kuortti

Bóndinn, El campesino
Valentin Gonzalez

Nytsamur sakleysingi
Otto Larsen

Greinar um kommúnisma
Bertrand Russell

Víktor Kravtsjenko

ÉG KAUS FRELSIÐ

Þýðandi Lárus Jóhannesson

Formáli eftir

Hannes H. Gissurarson



7. nóvember 2017

Bók þessi er gefin út 7. nóvember 2017, þegar hundrað ár eru liðin frá byltingu bolsévika í Rússlandi. Hún er helguð minningu hugsjónamannsins Lárusar Jóhannessonar.

Útgáfa þessarar bókar er liður í samstarfsverkefni RNH, Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt, Atlas Network og fleiri aðila um „Evrópu fórnarlambanna“, Europe of the Victims.

Bók Kravtsjenkos, *I Chose Freedom*, var frumsamin á rússnesku, en kom fyrst út á ensku. Hún birtist í íslenskri þýðingu Lárusar Jóhannessonar hjá Prentsmiðju Austurlands á Seyðisfirði haustið 1951.

Formáli og Skýringar © 2017 Hannes H. Gissurarson.

Ljósmynd á baksíðu: Getty Images.

Hönnun kápu og umbrots: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.

Prófarkalestur: Hafsteinn Árnason, Ingvar Smári Birgisson og Kristinn Ingi Jónsson.

Nafnaskrá: Matthías Ólafsson.

Prentvinnsla: Litlaprent, Reykjavík.

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan samþærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9935-469-99-1

Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.

EFNISYFIRLIT

Formáli	7
Flótti um nótt	11
Rússnesk æska	16
Sæmd og sultur	30
Rauð æska	46
Snúið baki við fortíðinni	64
Nemandi í Kharkov	75
Sigur vélanna	92
Hryðjuverk í sveitaþorpi	111
Uppskera í helvíti	133
Fyrsta hreinsun mín	157
Leyndarmál Elínar	175
Verkfræðingur í Níkopól	197
Hraðar! Hraðar!	220
Hreinsunin mikla	242
Raunir mínar hefjast	258
Í leit að réttlæti	277
Pyndingar eftir miðnætti	298
Vinna frjálsra manna og þræla	322
Meðan sagan er skráð	344
Síberísku blekkingarnar	366
Styrjöld geisar í Evrópu	383
Hin óvænta árás	405
Felmtur í Moskvu	427
Kreml á styrjaldartímum	451
Tvenns konar sannleikur	472
Aðdragandi vesturfara	499
Þegnar Stalíns erlendis	521

Á flótta frá ranglætinu	542
Eftirmálar	549
Skýringar	553
Nafnaskrá	573

Formáli

HÖFUNDUR ÞESSARAR BÓKAR, Víktor Andrejevítj Kravtsjenko, fæddist í Jekaterínóslav (síðar Dnepropetrovsk) í Úkraínu 11. október 1905, svo að hann var nýorðinn tólf ára, þegar bolsévíkar rændu völdum í Rússlandi haustið 1917. Hann gerðist námuverkfræðingur, eins og hann lýsir í þessari bók, og barðist í Rauða hernum í upphafi stríðsins. Hann kvæntist tvisvar og eignaðist einn son, Valentín, með fyrri konu sinni, Zínu, sem hét fullu nafni Zínaída Gorlova. Seinni kona hans í Rússlandi var Írína Tílló. En þótt Kravtsjenko kæmist til nokkurra metorða í Ráðstjórnarríkjunum, enda í upphafi dyggur flokksmaður, undi hann sér sífellt verr undir stjórn Stalíns. Hann notaði tækifærið, þegar hann starfaði fyrir viðskiptanefnd Ráðstjórnarríkjanna í Washington-borg, og leitaði hælís í Bandaríkjunum vorið 1944. Bók hans, *Ég kaus frelsið* (I Chose Freedom), kom út á ensku 1947, en áður hafði Kravtsjenko birt margar blaðagreinar á sama máli. Í bókinni lýsti hann meðal annars hungursneyðinni í Úkraínu á öndverðum fjórða áratug, hreinsunum Stalíns, þrælkunarbúðum ráðstjórnarinnar og vanbúnaði Rússa við árás þýskra nasista. Veitti bandaríski blaðamaðurinn Eugene Lyons, sem var kunnur andkommúnisti, aðstoð við skrifin.

Kommúnistar um allan heim hófu að bragði herferð gegn Kravtsjenko. Dagblaðið *Þjóðviljinn*, sem íslenskir kommúnistar höfðu gefið út frá 1936, sá ástæðu til að vera lesendur sína við þessum „rússneskan kvislingi“. Þegar franska kommúnistatímaritið *Les lettres françaises* kvað Kravtsjenko drykkjusvín, lygalaup og landráðamann, sem hefði ekki samið bókina sjálfur, heldur bandarískir leyniþjónustumenn, höfðaði hann meiðyrðamál gegn því. Fóru réttarhöldin fram í París á útmánuðum 1949 og snerust upp í réttarhöld um stjórnarfar í kommúnistaríkjunum, og var fylgst með þeim um allan heim. Voru þau stundum kölluð „réttarhöld aldarinnar“ og höfðu veruleg áhrif á marga menntamenn. Ráðstjórnin í Moskvu sendi fjölda fólks til Parísar í því skyni að bera vitni gegn Kravtsjenko, þar á meðal fyrri eiginkonu hans, Zínu, en hann kvaddi sjálfur til ýmis fórnarlömb Stalíns. Eitt áhrifamesta vitnið var þýski kommúnistinn Margarete Buber-Neumann, sem handtekin var í Moskvu 1938 (um svipað leyti og Vera Hertzsch, sem kunn er af frásögn Halldórs Kiljans Laxness) og gisti fangabúðir ráðstjórnarinnar til 1940, þegar hún var eftir griðasáttmála Stalíns og Hitlers afhent Þjóðverjum og vistuð í fangabúðum nasista.

Í réttarhöldunum í París lagði Víktor Kravtsjenko fram handrit bókar sinnar á rússnesku og líka ensku þýðinguna til að sýna fram á, að hann hefði sjálfur samið verkið. Vakti hann athygli fyrir skörulegan málflutning í réttarsal og vann málið,

og var ritstjórum hins franska tímarits gert að greiða sektir og birta dóminn yfir sér á forsiðu. Rithöfundurinn Einar Bragi skrifaði hins vegar ólundarlega í *Þjóðviljann*:

Auðvitað hefur Kravtjenkó [svo] ekki orðið frægasti rithöfundur heimsins alveg fyrirhafnarlaust: Hann hefur til dæmis orðið að neyta eins mikils alkóhóls og aðrir neyta vatns til að komast á það plan, sem nauðsynlegt er að lifa á til að fá hina geniölu, samborgaralegu yfirsýn yfir það, sem er að gerast í heiminum, einkanlega því víðlenda ríki Rússía.

Þessi árás á Kravtsjenko var mjög í sama dúr og frá kommúnistum í öðrum löndum. Einar Bragi fór síðan nokkrum orðum um það, að í réttarhöldunum í París hefði Kravtsjenko reynst ber að fávísi um *Brúðuheimili* Ibsens, þótt hann hefði talað kunnuglega um það í bók sinni. Skýringin var hins vegar sú, að leikritið bar annað nafn í rússneskri útgáfunni en norsku frumútgáfunni og í ensku útgáfunni, svo að Kravtsjenko vissi ekki strax, um hvaða verk var verið að spyrja hann. En þetta var auðvitað smáatriði miðað við meginboðskap verksins um hungursneyðir, hreinsanir og þrælkunarbúðir. Þann boðskap leiddi Einar Bragi hjá sér með háðsyrðum.

Lárus Jóhannesson, lögfræðingur og alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, rak litla prentsmiðju í kjördæmi sínu á Seyðisfirði og hafði meðal annars gefið út dæmisögu Georges Orwells um byltingu bolsévika, *Dýrabæ* (Animal Farm). Nú gerði hann sér lítið fyrir, enda röskur maður og óvilsamur, þýddi bók Kravtsjenkos og gaf út á íslensku í nóvemberlok 1951 (en þegar árið 1948 höfðu birst kaflar úr bókinni í *Fálkanum* við litla hrifningu *Þjóðviljans*). Lofsamlegir ritdómar birtust um bókina í *Morgunblaðinu*, *Vísí*, *Tímanum* og *Alþýðublaðinu*. *Þjóðviljinn* sagði hins vegar í stórri baksíðufrétt 22. desember 1951, að útgáfa áróðursrita gegn Ráðstjórnarríkjunum hefði aukist, eftir að Marshall-aðstoðin kom til sögunnar:

Síðasta bók þessarar tegundar er heljarmikill doðrantur, Ég kaus frelsið, og höfundurinn talinn drykkjusjúklingur að nafni Krafssénkó. Hitt er alkunna, að hinn raunverulegi höfundur er bandarískur atvinnufalsari, Isaac Don Levine að nafni. Urðu mikil málaferli út af bók þessari í París á sínum tíma, og fékk „höfundurinn“ hina hraklegustu útreið, eins og alkunnugt er.

Taldi *Þjóðviljinn*, að Lárus Jóhannesson hlyti að hafa fengið verulega fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjunum til að koma þessu riti út.

Lárus vísaði þessu á bug og fékk umsagnir nokkurra íslenskra frammámanna um bókina, sem hann birti síðan í auglýsingum. Hældu þeir henni allir, þar á meðal Ólafur Thors, Hermann Jónasson og Stefán Jóhann Stefánsson, með tveimur undantekningum. Brynjólfur Bjarnason, alþingismaður og einn helsti leiðtogi íslenskra sósíalista og kommúnista, sagði: „Ég kaus frelsið eftir Victor Kravchenko er meðal leiðinlegustu og ómerkilegustu bóka, sem ég hef lesið.“ Magnús Kjartansson,

ritstjóri *Þjóðviljans*, lét svo um mælt: „Ég byrjaði að lesa bókina Ég kaus frelsið eftir Victor Kravchenko, en bókinn var svo leiðinleg, að ég hætti við hana eftir 80–90 blaðsíður.“ Jón Óskar, sem þá var róttækur, ungur rithöfundur, sagðist vitaskuld hafa tekið mark á sínum mönnum og ekki lesið bókina. „Um þetta ætla ég ekki að hafa önnur orð en þau, að þegar ég mörgum árum seinna las fyrir tilviljun drjúgan kafla úr þessari bók, varð ég þess áskynja, að hún var alls ekki leiðinleg, þvert ofan í það, sem þessir tveir stjórnmálaleiðtogar höfðu haldið fram.“

Eru orð að sönnu, að bók Kravtsjenkos er vel og fjörlega skrifuð, en oft afar átakanleg. Hann lýsti raunverulegum einstaklingum, sem lentu utangarðs í hinni stórfelldu tilraun Leníns og Stalíns til að endurskapa mannlíf í Rússlandi, til dæmis Klavdíju, sem alist hafði upp í allsnægtum fyrir byltingu, en var nú allt að því réttlaus, og Kötju litlu, einu af flökkubörnunum, sem týnt hafði foreldrum sínum í umrótinu við upphaf samyrkjubúskapar. Lesandinn liður með þeim, og „samlíðunin er uppspretta hins æðsta söngs“, eins og Halldór K. Laxness orðaði það, — samlíðunin með Klavdíju og Kötju á jörðinni. Sjálfur hafði Laxness raunar í tveimur ferðum til Ráðstjórnarríkjanna, haustið 1932 og 1937–1938, hlustað á raunatölur Síberíufara, séð svöng flökkubörn á vegum úti og orðið vitni að handtökum saklauss fólks, en hann minntist ekki á neitt af þessu í tveimur lofgerðum um ríki Stalíns, *Í austurvegi* 1933 og *Gerska æfintýrinu* 1938. Hann leysti ekki frá skjóðunni fyrr en í *Skáldatíma* 1963.

Margar nýrri heimildir, þar á meðal *Svartrbók kommúnismans*, sem kom út á íslensku 2009, staðfesta frásagnir Kravtsjenkos af hungursneyðinni í Úkraínu, illri meðferð vinnuþræla og öðrum ódæðum kommúnistastjórnarinnar í Moskvu. Verkið er jafnframt fróðlegur vitnisburður um annmarkana á miðstýrðum áætlunarbúskap, sem austurrísku hagfræðingarnir Ludwig von Mises og Friedrich A. Hayek höfðu bent á þegar á þriðja og fjórða áratug aldarinnar. Kravtsjenko sagði ekki aðeins frá viðtæku sinnuleysi um eigur hins opinbera samkvæmt því alkunna lögmáli, að það, sem allir eiga, hirðir enginn um. Hann brá líka upp mynd af þeirri ringulreið, sem fylgir allsherjarskipulagningu atvinnulífsins, þar sem fara verður möglunarlaust eftir tilskipunum frá höfuðstaðnum, en óleyfilegt er að leysa úr málum með viðskiptum fyrirtækja. Í Kemerovo sárvantaði til dæmis múrstein, en á sama tíma stóðu þar tvær fullbúnar múrsteinaverksmiðjur ónotaðar, og Kravtsjenko fékk aldrei leyfi til að hefja rekstur þeirra. Þar vantaði líka húsnæði, en fjöldi ófullgerðra íbúðarhúsa stóð þar, og Kravtsjensko fékk aldrei leyfi til að kaupa þau og fullgera.

Við áætlunarbúskap nýtist lítt eða ekki staðbundin og tímabundin þekking manna að ógleymdum ýmsum þeim hæfileikum, sem koma best í ljós í samkeppni á frjálsum markaði, til dæmis forsjálni í fjármálum, áræðni, framtakssemi, frumlegri hugsun og forystuhæfileikum. Við áætlunarbúskap ná þeir lengst, sem þægastir eru við yfirmenn, strangastir við undirmenn og með liðugasta samvisku, en þeir hæfileikar duga skammt til að reka fyrirtæki. Með því að við áætlunarbúskap er valdinu

ekki dreift til þeirra, sem hafa þekkinguna, hlýtur þar margt að fara úrskaiðis. En í stað þess að viðurkenna, að þetta mætti rekja til sjálfrar miðstýringarinnar, kenndu rússnesk stjórnvöld um skemmdarverkum og hertu tökin á atvinnulífínu. Þau reyndu ýmist að hvetja menn eða hræða til meiri afkasta, en hagkvæmni fæst ekki með hamagangi, heldur því að beina handtökum í réttar áttir. Harðstjórn Stalíns (og Leníns á undan honum) var því ekki frávik frá marxismanum, heldur rökrétt afleiðing af því, að kommúnistar réðust í verkefni, sem var þeim og öllum öðrum um megn, endursköpun mannlífsins og allsherjarskipulagningu þess.

Eftir flóttu sinn í Bandaríkjunum bjó Kravtsjenko oftast undir dulnefni, því að hann óttaðist, að ella myndu erindrekar ráðstjórnarinnar myrða hann eins og mörg fordæmi voru til um. Hann tók saman við bandaríska konu, Cynthia Kuser, og eignuðust þau tvo syni, Anthony og Andrew, en þótt Cynthia héldi sambandi við Kravtsjenko, giftist hún öðrum manni og tók upp ættarnafn hans, Earle, og báru synirnir tveir það eftirnafn, á meðan þeir uxu úr grasi. Kravtsjenko skrifaði bók um réttarhöldin í París, *Ég kaus réttlætið* (I Chose Justice), og reyndi síðar fyrir sér í námugrefti, en gekk misjafnlega. Í útleðinni sótti á hann þunglyndi, og stytta hann sér aldur í New York 25. febrúar 1966. Eftir flóttu hans 1944 sættu skyldmenn hans í Ráðstjórnarríkjunum ofsóknum. Seinni kona hans þar, Írína, var fangelsuð og líklega tekin af lífi. Foreldrar hans voru bæði handtekin og send í útlegð í Kazakhsatan, og voru eignir þeirra gerðar upptækar. Yngri bróðir hans var dæmdur í þrælkunarvinnu, en látinn laus eftir dauða Stalíns. Valentín, sonur hans og fyrri konu hans í Rússlandi, Zíníödu, bar nafn stjúpfoður síns, en lenti í ýmsu misjöfnu, þegar upp komst um faðerni hans. Eftir að Ráðstjórnarríkin liðuðust í sundur, hafði hann upp á hálfbróður sínum, Andrew, í Bandaríkjunum, og urðu fagnaðarfundir, en hinn hálfbróðirinn, Anthony, hafði á þrítugsaldri látist úr hjartameini. Sjálfur andaðist Valentín Kravtsjenko árið 2001, daginn sem hann fékk dvalarleyfi í Bandaríkjunum.

Árið 2007 kom út bók um Kravtsjenko eftir bandaríska sagnfræðinginn Gary Kern, *Kravtsjenko-málið: Einn í stríði við Stalín* (The Kravchenko Case: One Man's War on Stalin), og er saga hans þar rakin eftir bestu fánlegu heimildum, þar á meðal gögnum Kravtsjenkos sjálfs og skjölum bandarísku Alríkislögreglunnar og rússneskra stjórnvalda. Sonur Kravtsjenkos, Andrew, gerði árið 2008 heimildarmynd um föður sinn og baráttu hans, *Liðhlaupann* (The Defector). Hér er stafsetning og málnotkun (þar á meðal umritun rússneskra manna- og staðanafna) í verki Kravtsjenkos fært til nútímahorfs og texti lagfærður, þar sem þurfa þótti. Stuttar skýringar á nokkrum atriðum eru aftanmáls.

Reykjavík, 4. október 2017,
Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

1. kafli: Flótti um nótt

HVER MÍNÚTA, SEM ÉG sat í bifreiðinni frá leiguherbergi mínu til Union-járnbrautarstöðvarinnar þetta laugardagskvöld, fannst mér vera örlagaþrungin og háskaleg. Jafnvel göturnar og myrkvuð húsin virtust fjandsamleg og ógnandi. Þá sjö mánuði, sem ég hafði dvalist í borginni, hafði ég oft og mörgum sinnum ekið þessa leið léttur í skapi án þess að veita umhverfinu nokkra sérstaka eftirtekt, en í þetta skipti var allt öðruvísi — í þetta skipti var ég á flótta.

Bandaríska fjölskyldan, sem ég bjó hjá í Washington, hafði verið vingjarnleg og alúðleg við útlendinginn, sem hún hýsti. Þegar ég veiktist, hafði hún hjúkrað mér með hispurslausri umhyggju, sem var fúslega í té látin. Það, sem hafði byrjað á fjárhagslegum viðskiptum eingöngu, hafði breyst í vinsamlega umgengni, og erfiðleikarnir við að gera sig skiljanlegan vegna málfarsins juku eftirvæntinguna. Ég fann, að þessir ágætu Vesturheimsmenn vildu með því að koma vingjarnlega fram við einn Rússa, sem þjáðist af heimþrá, láta í ljós þakklæti sitt við alla Rússa — þessa hraustu bandamenn, sem stöðvað höfðu framrás hinna sigursælu Þjóðverja á þúsund kílómetra vígstöðvum og voru nú að hrekja þá til baka. Hver sigur Ráðstjórnarríkjanna var talinn mér sjálfum til gildis.

Ég hafði greitt húsaleigu viku fram í tímann. Samt fór ég úr húsinu þetta kvöld án þess að minnast á, að ég væri að fara alfarinn. Ég sagði aðeins, ef ég yrði ekki kominn aftur næstkomandi þriðjudag, að þá væri húsráðendunum frjálst að leigja herbergið öðrum. Ég óskaði þess, að gestgjöfum mínum væri með öllu ókunnugt um, hvar ég væri niður kominn, og um þá fyrirætlun mína að snúa ekki aftur, ef rússneska verslunarnefndin færi að grennslast um mig.

Í skrifstofu nefndarinnar hafði ég í marga daga látið sem ég hefði höfuðverk og líðan mín væri engan veginn góð. Þennan morgun hafði ég eins og af tilviljun látið þau orð falla við nokkra samstarfsmenn mína, að mér væri fyrir bestu „að vera heima og hvíla mig“ og ég kæmi ef til vill ekki á mánudaginn. Mér var mikið í mun að fá eins dags frest, áður en upp kæmist um fjarveru mína.

Eftir að mér höfðu verið greidd laun fyrir marsmánuð, gætti ég þess vandlega, að útgjaldakvittanirnar fyrir síðustu ferð mína til Lancaster, Pennsylvaníu, og ferð, sem ég hafði áður farið til Chicago, væru í röð og reglu. Það kom í ljós, að ég átti 30 dali inni. Ætlun mín var að koma í veg fyrir, að hægt væri að skýra flótta minn með því, að ég hefði verið óreiðumaður í fjármálum. Ég gætti þess einnig, að skjöl mín væru öll í röð og reglu, til þess að aðrir gætu byrjað starfið, þar sem ég hætti því.

Seinna, þegar fréttirnar um flóttu minn stóðu á fremstu síðu dagblaðanna í Washington og New York, hljóta einhverjir menn og konur í nefndinni að hafa minnst sérstakrar hlýju í samtölum mínum við þau þennan laugardag, sérstaks þunga í handtakinu, þegar ég kvaddi þau. Þeim hlýtur að hafa orðið ljóst, að það var síðasta orðlausa kveðjan mín. Aldrei framar, ekki einu sinni í hinni „frjálsu“ Ameríku, myndi nokkurt þeirra þora að hitta mig. Þá mánuði, sem við höfðum unnið saman, höfðu sum þeirra orðið mér allnákomin. Við skildum hvert annað, án þess að margt væri talað. Hefði ég getað kvatt þessa kunningja mína opinberlega, klökkur, eins og venja er meðal Rússa, þá myndi það áreiðanlega hafa létt nokkuð það farg, sem hvíldi á sál minni.

Nóttin var köld, og ekki sást til stjarna.

Mér fannst járnbrautarstöðin full af ógnunum. Hvað myndi gerast, ef ég rækist á einhvern samstarfsmanna minna og hann gerði viðvart? Ferðatöskurnar tvær og þessi ferð, sem farin var án leyfis, myndi þegar í stað vekja grun hans. Hvað myndi gerast, ef félagi Serov eða Rúdenko hershöfðingi hefði þegar komist að fyrirætlunum mínum? Eins og það væri svar við þessum ótta, kom ég skyndilega auga á mann í einkennisbúningi Rauða hersins. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds. Ég dró hattinn lengra niður yfir augun, laut dýpra niður í uppbrettan frakkakragann, læddist fram með múrveggnum og gætti þess að snúa ávallt bakinu við landa mínum.

Þar eð embættismenn Ráðstjórnarríkjanna ferðast ætíð með svefnvagni, settist ég inn í almenningsvagn. Þetta dró úr þeirri áhættu að mæta einhverjum, sem þekkti mig. Í þessum dimma vagni, sem var troðfullur af syfjuðum mönnum, gat ég hugsað í næði.

Mér hafði lengi verið ljóst, að þessi úrslitastund var óumflýjanleg. Ég hafði undirbúið flóttann í marga mánuði. Ég hafði skoðað hann sem lausn úr völundarhúsi hræsni, gremju og samviskubits, sem ég hafði reikað um í mörg ár. Hann átti að vera yfirbót mín fyrir þær svívirðingar, sem ég var sakbitinn af sem einn úr hinni ráðandi stétt lands míns.

En nú, þegar ég var að flýja, greip mig enginn fögnuður, engin tilfinning um nýtt frelsi. Í mér var sársaukafullt tóm, þar sem ótti og sjálfsásakanir bergmáluðu svo hátt, að jafnvel syfjaðir hermennirnir og sjóliðarnir í þessum reykfyllta vagni hlutu að geta heyrt það.

Ég er að skera sundur rætur lífs míns, hugsaði ég með mér, og það verður ekki aftur tekið. Í nótt breyti ég mér í mann, sem á ekkert föðurland, enga fjölskyldu og enga vini. Aldrei mun ég framar líta andlit, þrýsta hendur né hlusta á raddir ættingja og vina, sem eru hold af mínu holdi og bein af mínum beinum. Það er eins og þeir séu dánir, og þess vegna er eitthvað dýrmætt í mér dáið. Þessi söknuður mun fylgja mér alla ævi, þessi hræðilegi tómleiki.

Að því er tekur til föðurlands míns, mun ég verða útlagi og úrhrak. Stjórn sú, sem ég fórnaði trúnaði og striti ævi minnar, mun þegar í stað dæma mig til dauða.

Leynþjónustumenn hennar munu ætíð sækjast eftir lífi mínu. Þeir munu rekja spor mín og standa á verði fyrir neðan glugga mína. Ef húsbóndi þeirra fyrirskipar, þá munu þeir ráða mér bana. Og þessir Vesturheimsmenn, sem ég vonast eftir að byrja nýtt líf hjá, — hvernig munu þeir nokkru sinni fá skilið, hvað í því er fólgið fyrir rússneskan kommúnista að segja skilið við ráðstjórnareinræðið? Þeir eru svo blessunarlega saklausir, þessir Vesturheimsmenn.

Í heimalandi mínu munu þeir, sem störfuðu með mér og voru vinir mínir, að ég ekki nefni þá, sem elskuðu mig, vera um aldur og ævi flekkaðir og grunsamlegir. Þeir verða að gleyma mér, ef þeir eiga að geta haldið áfram að lifa. Þeir verða að af- neita mér til þess að bjarga sjálfum sér, eins og ég áður fyrr lést afneita öðrum, sem bökðu sér hefnd Ráðstjórnarríkjanna.

Hafði ég siðferðislegan rétt til að stofna þessum saklausu gíslum í Rússlandi í hættu til þess að róa samvisku mína og greiða sannleikanum, eins og hann kom mér fyrir sjónir, skuld mína? Þetta var hræðilegasta vafasurningin. Hvað myndi hinn guðhræddi afi minn, Fjodor Pantelejevítj, þessi ráðvandi þjónn guðs og keisarans, hafa hugsað um háttalag mitt, ef hann lifði ennþá? Hvað mun faðir minn, þessi ofstækisfulli rússneski byltingarmaður, segja, ef harm hefur lifað af þessi tvö ár hins grimmdarfulla þýska hernáms?

Það var þó til huggun í þessum hugsanaferli. Afi minn skildi aldrei, hvers vegna sonur hans, Andrej, sem var faðir minn, væri móttöðumaður keisarans og gamallar erfðavenju. En vegna þess, hve sonur hans var öruggur í trú sinni og reiðubúinn að sitja í fangelsi vegna þessarar einkennilegu, nýju trúar, enduðu ásakanir gamla mannsins ávallt með blessunarorðum. Að því er tekur til föður míns, hikaði hann ekki við að láta konu sína og börn, sem hann þó elskaði innilega, þola sorgir og sult vegna þess, að hann vann fyrir málstað sinn. Hann myndi skilja og samþykkja framkomu mína. Á því var enginn vafi.

Það var einnig beiskjublandin huggun í þeirri hugsun, að Konstantín bróðir minn, sem alltaf hafði verið mér samrýndur, var látinn — drepinn meðan hann sem liðsforingi varði föðurland okkar fyrir innrásarher nasista á vígstöðvunum í Kákasus. Myndi hinni opinberu hefnd verða beitt gagnvart einmana og hjálparvana gamalli konu, sem nýlega hafði verið bjargað úr þýskum fangabúðum, af því að hún er móðir mín? Eða gagnvart konu, sem ég hafði verið kvæntur í þrjú ár, þó að hún vissi ekkert um efasemdir mínar í stjórnmálum eða flótta minn?

Þessar hugsanir hömruðu í sífellu í sál minni, — sársaukafullur glymur, sem hefur dofnað, en aldrei þagnað, — þegar lestin kom til New York umræddan sunnudagsmorgun klukkan þrjú. Á brautarpöllumum sá ég rússneska liðsforingjann aftur. Hann bar handtösku og virtist ekki hafa hugmynd um návist mína. En ég hægði á mér, svo að lengra bil yrði milli okkar.

Ég lét skrá mig með ítölsku nafni í óhreinlegu gistihúsi í elsta hluta borgarinnar — einu þeirra gistihúsa, sem krefjast fyrirframgreiðslu fyrir herbergin. Mér var vísað til herbergis, sem var eins og það væri ætlað sjálfsmorðingjum, þröngt, sagga-

fullt og dapurlegt. Ég læsti dyrunum. Í daufrí birtu frá einu rafmagnsperunni í herberginu byrjaði ég að skrifa yfirlýsinguna, sem kaflar voru birtir úr í bandarísku dagblöðunum tveim dögum seinna.

Ef einhver hefði gefið gaur að leyndardómsfullri framkomu minni þessa æsandi daga, andvökunóttum mínum, flóttalegri brottför minni frá Washington, felum mínum í New York, þá hefði hann vafalaust haldið, að ég hefði framið einhvern hræðilegan glæp og væri að reyna að forðast lögregluna. En ég hafði hvorki rænt né myrt. Ég hafði aðeins ákveðið að láta af starfi mínu sem viðskiptaerindreki stjórnar minnar!

Áreiðanlega gat enginn Vesturheimsmaður skilið, að fyrir þegn einræðisríkis er enginn „glæpur“ stærri né hræðilegri í eðli sínu og afleiðingum. Þetta var í fyllsta mæli afneitun jarðnesks guðs. Syndaranum var ekki aðeins útskúfað opinberlega og það, sem eftir var ævinnar, aðeins gálgaðfrestur, heldur var honum einnig fyrirmunað að eiga bréfaskipti við ástvini í föðurlandi sínu. Kainsmerkinu var þrýst á enni hans. Fyrir þegn Ráðstjórnarríkjanna myndi það að eiga nokkuð saman við hann að sælda eða sýna honum vináttuvott, vera stjórnmalalegt, jafnvel líkamlegt sjálfsvíg.

Enginn ráðstjórnarþegn myndi af léttúð eða í fljótræði stíga það skref, sem ég hafði stigið, allra síst margra ára flokksbundinn kommúnisti, sem kominn var upp í hæstu þrep skrifstofuvaldsins. Þetta var athöfn, sem átti rætur sínar að rekja djúpt niður í undirvitund mína, rætur, sem uxu hægt og ekki var hægt að rífa upp. Aldrei liggja yfirborðsástæður að skrefi eins og því, sem ég hafði nú stigið. Þeirra verður að leita dýpst inni í kjarna mannlegrar tilveru.

Mánudaginn 3. apríl 1944 átti ég tal við nokkra blaðamenn. Síðla þess kvölds kom fréttin á fyrstu síðu *New York Times*. Sú stund var mikilvæg. Ef til vill hefur hún bjargað lífi mínu. Ef þeir, sem ráðstjórnin hafði falið að gæta mín, hefðu uppgötvað flóttu minn áður en hann var gerður heyrumkunnur, þá hefði sendiráðið í Washington vafalaust kært mig fyrir utanríkisráðuneytinu, ef til vill sem þýskan njósnara, og krafist þess, að ég yrði þegar í stað tekinn fastur og sendur til Ráðstjórnarríkjanna. En þar eð Bandaríkjaþjóðinni hafði verið skýrt frá málavöxtum og hún var á verði, var sendiráði Ráðstjórnarríkjanna skákað, að minnsta kosti um stundarsakir.

Fyrirsögn *Times* var svohljóðandi: „Embættismaður Ráðstjórnarríkjanna, sem hér er staddur, lætur af starfi.“ Blaðgreinin hófst á þessum orðum: „Jafnframt því, sem Víktor A. Kravtsjenko, embættismaður í rússnesku verslunarnefndinni í Washington, ásakar ráðstjórnina fyrir tvöfeldni í milliríkjastjórnmalum, að því er tekur til þeirra óska, sem hún hefur látið í ljós um samvinnu við Bandaríkin og Stóra-Bretland, og ákærir hana fyrir að svipta rússnesku þjóðina stjórnmalalegu og borgaralegu frelsi, hefur hann lýst því yfir, að hann hafi í gær látið af störfum í nefndinni og falið sig „vernd almenningsálitsins í Vesturheimi“.

Víktor Kravtsjenko, sem í vegabréfi sínu er nefndur „fulltrúi ráðstjórnarinnar“, er höfuðsmaður í Rauða hernum, og áður en hann kom til Bandaríkjanna í

ágústmánudí síðastliðnum, var hann framkvæmdastjóri nokkurra stórra verksmiðja í Moskvu. Áður hafði hann verið yfirmaður skotfæradeildar ráðs þjóðfulltrúa rússneska ráðstjórnarlýðveldisins, sem er stærsta ráðstjórnarlýðveldið í sambandi Ráðstjórnarríkjanna. Hann hefur verið flokksbundinn kommúnisti frá því árið 1929 og gegnt ýmsum mikilvægum fjármálastörfum hjá stjórninni. Víktor Kravtsjenko neitaði sem fjoðurlandsvinur að ræða um herstjórn Rússlands í stríðinu og að segja frá einstökum atriðum viðvíkjandi fjárhagsmálefnum, einkanlega þeim, sem snerta láns- og leigulögin, eins og þau eru framkvæmd af rússnesku verslunarnefndinni og heima í Rússlandi.“

Því næst var birtur útdráttur úr langri greinargerð, sem ég hafði sveist allan sunnudaginn við að semja. Hún var skrifuð með hjartablóði mínu, en aðeins lítið af litnum sást gegnum kalda prentsvertuna. Borgararnir í lýðfrjálsu landi eiga enga eigin reynslu, sem getur gert þeim skiljanlegar tilfinningar mínar og framkomu. Það sorglegasta hlýtur að koma þeim fyrir sjónir sem einber sérviska.

Í greinargerðinni reyndi ég að skýra fyrir Bandaríkjaþjóðinni, félögum mínum heima og vinum mínum í verslunarnefndinni í Washington, hvers vegna ég hefði stigið þetta hræðilega spor. En því meira sem ég skrifaði, strikaði út og endurritaði, því vonlausara sýndist þetta verk. Það eru engin orð í neinu tungumáli, sem geta lýst heilli mannsævi.

Ákvörðun mín um að segja skilið við ráðstjórnina — sem raunverulega var stríðs-yfirlýsing af minni hálfu gegn öllum lögregluríkjum — var ekki nein tilviljun. Hún var í nánú samhengi við allt, sem ég hafði verið, hugsað og reynt. Í þeim skilningi var hún frekar rökréttur og óhjákvæmilegur áfangi á þróunarferli en ákvörðun eða viljaathöfn.

Til þess að skýra þetta verð ég að líta aftur í tímann til þeirrar réttlætisþrár, sem gagnsýrði æsku mína á bökkum Dnepr-fljóts, til þeirrar frelsisástríðu, sem ólgaði í brjósti drengs, þegar uppreisn og borgarastyrjöld geisauðu um borgir og gresjur Úkraínu, til hrifningar kornungs kommúnista og síðar alflæys og flokksbundins, til vafans og vonbrigðanna og hinna örvæntingarfullu tilrauna ár eftir ár til að styrkja veiklaða og hrörnandi trú með þrákelknislegum blekkingum.

Til þess að skýra þetta verð ég að segja alla ævisögu mína og sögu Rússlands að svo miklu leyti sem hún snertir líf mitt.

2. kafli: Rússnesk æska

PREM SONUM ANDREJS Fjodorovítsj Kravtsjenkos — en af þeim var ég annar í röðinni, yngri en Konstantín og eldri en Evgeníj — reyndist byltingin árið 1905 annað og meira en það eitt að hafa lifað þá daga. Hún skein í litskrúði ævintýraljómans, og jafnvel ósigurinn átti sinn dýrðarbjarma. Hann fól í sér, eins og sýniskápur á safni, fullkomin sýnishorn dáða, ógna, hugsjóna og fórnarvilja, sem í sameiningu mynduðu mælikvarða á sams konar fyrirbæri seinna á ævinni.

Þetta var að vísu nokkuð takmörkuð bylting, sem var ekki einungis bundin við borgina Jekaterínoslav, heldur einnig við fundi, bardaga og ofsóknir, sem faðir minn hafði orðið fyrir eða tekið þátt í. Merk nöfn, sem síðar hafa orðið fræg í sögunni, skinu fyrst á hinum rússneska himni árið 1905. En það, sem er aðeins saga, hlaut alltaf að víkja fyrir innri vitneskju okkar um, að raunverulegur foringi og hetja uppreisnarinnar hafi verið hinn ákaflyndi og fallegi faðir okkar, grannholda og þrekmikill, með svarta liðaða hárið og geislandi bláu augun.

Og það voru í raun og veru nokkur sannleikskorn í þessum ljúfu draumórum okkar. Uppreisnin hófst með allsherjarverkfalli, og verkfall járnbrautarverkamannanna hafði verið upphaf þess og var ávallt kjarni þess. Faðir minn, sem vann í járnbrautarverkstæðunum í Jekaterínoslav, var í verkfallsnefndinni og var alltaf þar, sem harðast var barist í þessari vonlausu baráttu. Eftir ósigurinn varð hann að gjalda grimmilega fyrir eldmód sinn.

Við heyrðum svo oft rætt um einstök atriði þessarar uppreisnar, að það var eins og hún væri ofin saman við líf okkar. Ekki aðeins það, sem gerst hafði, heldur einnig hvers vegna það hafði gerst. Ég þurfti ekki að læra að hata einræði og elska frelsi, réttlæti og jafnrétti. Mér varð það jafneðlilegt og sjálfsagt eins og leikbræðrum mínum að bera virðingu fyrir einkennisbúningum og valdi.

Það, sem gerðist í uppreisninni 1905, eftir því sem faðir minn og vinir hans sögðu frá því, endurspeglað af reynslu minni síðar í sambandi við lík atvik, er svo djúpt rist í meðvitund mína, að ég get ennþá séð fyrir mér dynjandi hófa kósakkahestanna troða niður verkamennina og konurnar í borginni okkar. Engin önnur hljóð frá æsku minni eru mér jafnskýrt í minni og hinn hræðilegi hvinur í riddarasverðum og kósakkasvipum. Ég er bak við strætisvígin, sem gerð eru úr vögnum á hlið og hvolfi, samanhrúguðum húsgögnum, götugrjóti og járnbrautarteinum, félagarnir falla stynjandi umhverfis mig, og hamstola kósakkar þeysa hrönnum saman gegn okkur. Ég er fastur í neti gatna og trjágangna í verkamannahverfinu, eltur af riddurum leynilögreglu keisarans langt fram á kalda vetrarnóttina. Því næst verður

dauðabögn. Líkin liggja í kynlegum stellingum, og rauðir pollar breiðast hægt yfir snjóinn eins og blekblettir á þerriblaði mínu. ...

Hefði faðir minn verið handsamaður þá októbernótt, þá hefði hann verið hengdur sem uppreisnarmaður ásamt öðrum félögum verkfallsnefndarinnar. Áður en hann komst undan, gat hann ekki staðist þá freistingu að líta í síðasta sinn konuna sína, Konstantín og móðurmóður mína, sem ætíð bjó hjá okkur. Um miðnætti læddist hann eftir hliðargötu og þræddi dekkstu skuggana frá húsi til húss, uns hann kom að húsinu nr. 8 við Kanatnaj-götu við Púshkín-torg, þar sem heimili okkar var.

Honum þyngdi í skapi, öll ljós loguðu í húsinu, og hann heyrði hark og háreysti inni. Það virtist ekki vafi á því, að lögreglan væri að framkvæma húsrannsókn. Samt sem áður var honum ómögulegt að snúa við, hvað sem væri í húfi, án þess að líta heimili sitt og fjölskyldu, sem hann sæi ef til vill aldrei aftur. Hann skreið að glugganum, reis varfærnislega upp og horfði inn um hann.

Honum skildist þá, að hann hafði ekki getið rétt til. Amma opnaði dyrnar, þegar hann barði hægt á þær, og gaf honum merki um að fara hljóðlega. Hann ætlaði að fara inn í svefnherbergið, en hún stöðvaði hann. „Tanja sefur,“ sagði hún, en bætti síðan brosandí við: „Já, og annar drengur líka.“ Hún fór sjálf inn í svefnherbergið og kom fljótt aftur með lítinn reifastranga, sem hún lagði í fang föður míns.

Ég fæddist þá nótt — nótt með dauða bak við strætisvígin, riflaskot, blóðug riddarasverð og hræðsluóp í ringulreið gatnanna, þar sem fátæklingarnir áttu heima. Allt í einu fór ég að gráta svo hátt, að móðir mín vaknaði. „Hlustið á hann — uppreisnarmanninn!“ sagði faðir minn blíðlega. Á viðkvæmum stundum nefndi hann mig ætíð síðar uppreisnarmanninn. Þegar ég var orðinn fullorðinn maður, önnur kafinn við störf fyrir sigursæla byltingu, nefndi hann stundum þetta gælunafn með hæðnishreim, sem særði dýpra sári en hann hafði hugmynd um.

Ég lá milli þeirra fyrstu stundir ævi minnar, meðan faðir minn sýndi konu sinni blíðuatlot í kveðjuskyni. Enginn getur sannfært mig um það með einberum rökum, að ég hafi ekki heyrt ástarorð hans, að ég hafi ekki séð hann kyssa hönd hennar hvað eftir annað, að ég hafi ekki séð með föður mínum yndisleikann í fölu andliti ungrar móður, sem hvíldi þarna á drifhvítum svæfli.

Fyrstu níu ár ævi minnar var faðir minn ókunnur töframaður. Þau tímabil, sem hann var frjáls, voru aldrei nægilega löng til þess, að við börnin kynntumst hon- um af daglegri umgengni, eins og önnur börn við götuna okkar kynntust feðrum sínum. Ævintýralegastar voru heimsóknir hans, þegar hann var á flóttu. Ég hlakkaði til þessara heimsókna eins og þær ættu sér ákveðinn tíma, á sama hátt og mislit páskaegg og jólatré.

Ég skóp mér mynd af honum af dreifðum bendingum og svipleiftrum, af ástríkum orðum móður minnar og ömmu, af skyndilegum áhyggjum út af öryggi hans, af brotum af hljóðskrafi byltingarfélaga hans. Menn, sem voru á flóttu undan lögreglunni, leyndust oft á heimili okkar, einkennisklæddir stúdentar með and-

litsdrætti meinlætamanna, skeggjaðir, tötrum klæddir menn frá hinni leyndardómsfullu og hræðilegu veröld, sem kölluð var Síbería. Þessir gestir, sem stóðu svo stutt við, og frásagnir þeirra um flóttu úr fangelsum, embættismenn, sem þágu mútur, kenniorð og dulargervi urðu einnig hluti af ævintýrlegri mynd minni af föður mínum.

Konstantín, sem var um það bil átján mánuðum eldri en ég, sagði mér allt, sem hann komst að.

„Við verðum að muna eftir því, Vítja,“ sagði hann stundum af miklu yfirlæti, „að pabbi er hvorki ræningi né morðingi. Hann er ‚stjórnmálalegur‘.“

„Já, Kotja,“ játaði ég án þess að skilja nokkuð.

Ein jólanótt — sú þriðja, sem ég lifði — stendur ljóst fyrir hugskotssjónum mínum í öllum atriðum. Ein blaðsíða í myndabók, sem ég hverf oft til í unaðslegri angurværð.

Amma vekur okkur af djúpum helgidagssvefni. Ég sé fyrir mér nýju leikföngin okkar, sem dreifð eru um gólfið í svefnherberginu.

„Komið þið, lömbin mín, og kveðjið vesalings föður ykkar,“ sagði hún snöktandi.

Syfaðir og ringlaðir, klæddir í síðu náttfötin okkar, grípum við hvor í sína hönd ömmu, og hún leiðir okkur inn í dagstofuna. Ég lygni aftur augunum vegna þess, hve ljósið er bjart og hve margir eru þar inni. Einn þeirra er vinur fjölskyldunnar, hinir ókunnir menn í einkennisfötum. Enn brenna ljósin á jólatrénu, en mamma grætur í hljóði og er að láta niður í ferðatösku.

Amma fer með okkur að hinum heilaga lampa í dýrlingahorninu. Þar krjúpum við á kné með henni, meðan hún hefur yfir hljóða bæn og lýtur, svo að enni hennar snertir gólfið. Maður, sem ég veit, að er faðir minn, hefur mig á loft, þrýstir mér fast að sér og kyssir mig hvað eftir annað. En í nótt er hann skrýtin — andlit hans er svo bert, yfirskeggið og vangaskeggið er horfið. Hann tekur Kotja í faðm sér og kyssir hann, og að því búnu fer amma með okkur út úr herberginu.

Við dyrnar — einhvern veginn man ég það skýrar en aðra hluta myndarinnar — stendur vopnaður lögregluþjónn með mikið alskegg og einkennisbúninginn allan þakinn málmi og grætur án þess að blygðast sín. Stór tár renna niður eftir liðuðu yfirskegginu.

Seinna frétti ég, að faðir minn, sem fór huldu höfði, hefði ákveðið að heimsækja fjölskyldu sína um jólakvöldið. Lögreglan, — sem vissi af reynslunni, að flóttamenn lögðu sig stundum heldur í þá hættu að verða handteknir en að geta ekki dvalist hjá ástvinum sínum á stórhátíðum, — læddist að húsi okkar. Á meðan þeir gerðu húsleit, gáfu þeir byltingarmanninum klukkustundarfrest til að láta niður dót sitt, áður en þeir flyttu hann á brott.

Ég minnst líka oft annars atburðar frá bernsku minni.

Kvöld eitt, meðan við sitjum við kvöldverðarborðið, kemur hávaxinn, laglegur stúdent. Móðir mín hellir tei í bolla hans úr skínandi samovarnum, og af því,

hvernig hendur hennar skjálfa og bollinn hristist, verður mér ljóst, að ungi maðurinn flytur mikilsverðar fréttir.

Hann segir, að allt sé undirbúið undir flóttu úr fangelsinu þá um nóttina. Ef ekki kemur eitthvað óvænt fyrir, þá má búast við Andrej Fjodorovítsj heim fyrir miðnætti. En hann mun aðeins dveljast hér í nokkrar mínútur. Mamma varð að annast ýmislegan undirbúning ferðar hans. Ágæt fölsuð skírteini og athvarf beið hans í Jekaterínoslav.

Því miður vorum við látnir fara í rúmið, áður en við gætum fylgst með endalokum þessarar æsilegu sögu.

Næsta dag grétu mamma og amma í sífellu, hugguðu hvor aðra og héldu síðan áfram að gráta enn ákafar. Ungi stúdentinn færði þeim fréttir hvað eftir annað með hryggðarsvip á andlitinu.

Tilraunin til flóttu úr Jekaterínoslav-fangelsinu hafði misheppnast hrapallega. Vafalaust var, að einhver hafði ljóstrað upp um hana. Nokkrir varðmenn og margir fangar höfðu verið drepnir við flóttatilraunina. Þó að nokkrum hnífum og skambbyssum hefði verið smyglað inn í fangelsið á hinum löngu undirbúningsvikum, leið ekki á löngu þar til uppreisnarmennirnir höfðu verið yfirbugaðir. Blóðbaðið og sigurinn yfir stjórnmalaföngunum þá nótt varð frægt í byltingarsögu Rússlands.

Svo er að sjá sem faðir minn hafi verið barinn með svipu, uns hann var að dauða kominn. Hann var hreykinn af örnum eftir það, sem hurfu ekki á meðan hann lifði. Hann var í sjúkrahúsi fangelsisins og myndi verða yfirheyrður, ef hann lifði, ásamt öðrum forgöngumönnum uppreisnarinnar. Í þetta skipti mátti búast við tyftunarvinnu í Síberíu eða jafnvel hengingu.

Nokkrum mánuðum síðar kom stúdentinn einu sinni enn. Í þetta skipti kom grönn, ung og lagleg stúlka með með honum. Mamma var hrærd, þegar hún færði okkur í yfirhafnirnar. „Ef þið eruð rólegir og gerið eins og ykkur er sagt, fáið þið að sjá pabba ykkar,“ sagði hún.

Fyrir utan dyrnar voru tveir vagnar. Stúdentinn og unga stúlkan stigu upp í annan vagninn, við upp í hinn. Vagn þeirra ók á undan, en okkar vagn á eftir í hæfilegri fjarlægð niður hin breiðu Púshkín-trjágöng. Brátt sáum við dökka, gamla fangelsið í hjarta bæjarins. Vagninn á undan nam andartak staðar á móts við einn turn þess — það var merkið — og hélt síðan áfram. Þegar vagn okkar kom á þann stað, fór ekillinn út úr honum og fór að rjála við aktygin.

Augu mömmu leiftruðu af ákafa. „Þarna er pabbi ykkar,“ hvíslaði hún og benti á glugga í turninum. Ég rýndi eins og ég gat, en sá aðeins óljóst mann, sem veifaði vasaklút bak við járnrimla eins gluggans. Höfuð mannsins var snoðið og skein á það, þegar hann kinkaði kolli til okkar. Tár streymdu niður kinnar mömmu, en Kotja hrópaði: „Pabbi, pabbi!“ Því næst steig ekillinn aftur upp í ekilssætið og ók hratt burt. Mamma horfði um öxl og veifaði, á meðan hægt var að greina turninn.

Stúdentinn og stúlkan biðu eftir okkur á stað í lystigarðinum, sem fyrirfram hafði verið ákveðinn. Hann kyssti á hönd mömmu, hóf okkur bræðurna í loft upp

og fyllti vasa okkar af sælgæti. Fallega stúlkan var okkur líka mjög góð. Þetta var, þegar á allt var litið, minnisverður dagur, sorglegur, mikilsverður og áhrifamikill. Þegar ég er einn og óttasleginn, hugsa ég oft um þennan dag og finn við það einhvers konar fróun.

Það var kraftaverk, að pabbi skyldi ekki verða hengdur eða sendur til Síberíu, sagði amma oft, meðan hún horfði á dýrlingalampann og signdi sig. Fangar, sem biðu dauðadóms, voru látnir vera í þessum sérstaka turni, og engum var leyft að heimsækja þá. En af einhverri ástæðu var refsing hans færð niður í fangelsisrefsingu.

Ég var allt of lítill til þess að brjóta heilann um, hvernig fjölskyldan fór að komast af, þegar fyrirvinnan var á bak við fangelsismúra. Félagar pabba hjálpuðu okkur dálítið. Nokkrir menn frá járnbrautarverkstæðunum komu með gjafir. Stundum bárust kjúklingar, endur, ávextir og grænmeti frá Aleksandrovsk, þar sem afi minn átti heima. Mér fannst það ekkert einkennilegt, þó að móðir mín væri alltaf að sauma föt handa öðrum, jafnvel þegar föt okkar þörfuðust viðgerðar.

Kvöld nokkurt, þegar ég var sex ára að aldri, gat ég ekki sofíð. Ég læddist sakbitinn að hurðinni, opnaði hana varlega og gægðist inn. Ég sá móður mína sitja álúta yfir saumum sínum í geislabaug olíulampans. Þegar ég hugsa um hana nú, eftir allan þennan tíma, sé ég hana stundum eins og ég sá hana það kvöld í geislabaugnum með sorgmætt andlit og skínandi hár.

„Hvers vegna ferð þú ekki að hátta, mamma?“ spurði ég.

„Ég er ekki þreytt,“ sagði hún brosandi. „En hvers vegna sefur þú ekki? Jæja, komdu hingað, sonur minn. Ég þarf að tala við þig.“

Hún beit sundur þráðinn, lagði það, sem hún var að sauma, til hliðar og setti mig á hné sér.

„Þú ert góður og skynsamur drengur,“ sagði hún. „Ég er viss um, að þú skilur — ef ekki nú, þá síðar, þegar þú stækkar. Það er ekki auðvelt að fæða svo marga munna, þó að ég vinni fram á nætur. Og síðan þarf að senda föður þínum böggla. Það myndi verða dálitlu auðveldara, Vítja, ef þú dveldist hjá afa þínum, Fjodor Pantelejevítsj, í Aleksandrovsk. Honum og hinni ömmu þinni og Shúra frænku þinni þykir mjög vænt um þig. Þú færð að ganga í skóla, og við komum oft og heimsækjum þig. Shúra frænka þín kemur á morgun og sækir þig. Farðu nú að sofa.“ Hún ýtti mér hratt niður úr kjöltu sinni, og ég vissi, að hún fór að gráta.

Aleksandrovsk — eftir byltinguna var nafninu breytt í Zaparozhe — var hreinlegt og friðsamlegt sveitaþorp. Það lá milli hins breiða og straumlygna Dnepr-fljóts og skógi vaxins umhverfis, og þar var lifað áhyggjulitlu og tilbreytingarlausu lífi. Þó að þar væru tígulsteins- og múrsteinsverksmiðjur, nokkrar málmsmiðjur og annar vísir til byrjandi iðnaðar, var lífið í þorpinu enn nátengt hinni frjósömu mold Úkraínu. Flestar fjölskyldur höfðu matjurtagarða og sumar aldingarða. Í næstum því öllum húsagörðum var, eins og í þeim, sem varð miðdepill lífs míns, fullt af kjúklingum, öndum, gæsnum og svínum.

Staður þessi hafði mikið aðdráttarafl á tápmikinn sex ára dreng, sem til þessa

hafði verið alinn upp við borgarbrag Jekaterínoslav. Úr fræsölubúðunum barst alls konar angan, sem mun vekja heimþrá hjá mér, meðan mér endist ævin. Ég sá neistana sindra frá afli járnsmíðsins og horfði á menn og konur starfa umhverfis rjúkandi tígulofnana.

Á markaðsdögum fylltist aðalgatan af vögnum bændanna. Mennirnir klæddust vattfóðruðum yfirhöfnum eða sauðskinnsjökkum og konurnar víðum pílsum eins og tebrúðan okkar heima. Berfætt sveitabörn horfðu feimnislega á okkur bæjar-drengina. Við jaðar Aleksandrovska stunduðu Búlgararnir garðrækt í ríkum mæli, og lengra úti í skóginum stöðvuðu Tatararnir skreytta vagna sína, reistu tjöld sín og kyntu bál hinar löngu nætur.

Þó að einstaka fjölskyldur væru svo fátækar, að þær þyrftu að lifa á bónbjörgum, og einstaka fjölskyldur væru ríkar, eins og Shtsjekatihín-fólkið, sem bjó í rauða tígulsteinahúsinu, voru íbúarnir almennt hvorki mjög fátækir né mjög ríkir í Aleksandrovska. Þorpið gat stært sig af tveim kvikmyndahúsum, og gamlir bændur, sem í fyrsta sinn sáu iðandi myndirnar á léreftinu, signdu sig í öryggisskyni gegn þessum töfrabrogðum djöfulsins. Þau fimm ár, sem ég átti þar heima, komu ósjaldan flokkar leikara frá Kænugarði eða Odessa og héldu leiksyningar þar vikutíma í einu. En trúðar, fimleikamenn, sjónhverfingamenn og skrýtnir menn með dansandi birni söfnuðu oft að sér mannfjölda í lystigarðinum.

Kravtsjenko-fjölskyldan — afi minn, Fjodor Pantelejevítj, amma mín, Natalía Maksímovna, og Shúra, dóttir, sem þau eignuðust á gamalsaldri — lifði góðu, en óbrotnu lífi af lítills háttar eftirlaunum, auk leigutekna af þremur litlum húsum, sem hún átti. Nágrannarnir lögðu líka við og við koparpeninga í rifuna á járnkassa, sem til þess var gerður, fyrir réttinn til að taka vatn í vatnspóstinum í bakgarði þeirra.

Afi geymdi lykilinn að járnkassanum, en Shúra frænka var af langri æfingu orðin snillingur í því að veiða aurana upp úr kassanum til að greiða með þeim ófyrir-sjáanleg útgjöld, án þess að strangur faðir hennar hefði hugmynd um. Litli frændi hennar frá Jekaterínoslav komst brátt að leyndarmáli hennar og þjáðist af sektar-tilfinningu hennar vegna, en þó ekki svo, að hann sæi sér fært að slá hendi við hluta sínum af því, sem aflaðist. Þar að auki fékk ég þrjá kópeka á viku fyrir að hjálpa henni við gólfþvottinn — og það nægði fyrir aðgöngumiða í kvikmyndahúsið og einum brjóstsykurmola — og þóknun fyrir að vera fjarstaddur, þegar unnusti hennar kom í heimsókn.

Úr matjurtagarðinum og ávaxtagarðinum fengum við nægilegt grænmeti, ávexti og melónur allt árið, svo að ekki sé nefnt hið ljúffenga ávaxtamauk, sem amma mín var með réttu hreykin af. Aldrei mun ég gleyma þeim tímum, þegar ávaxtamaukið var búið til, — kopartöflunum, sem voru fullir af safaríkum ávöxtum, ilminum af kraumandi sykri og þeim yndislegu kvöldum, þegar ég tindi steinana úr kirsu-berjunum, þar til hendurnar voru orðnar dökkrauðar að lit.

Fjodor Pantelejevítj var um áttætt, þegar ég flutti til hans. Hann var meðal-

maður á hæð, þéttvaxinn, herðabreiður, þóttafullur, með fallett hvítt skegg og ístru, sem fór honum vel. Hann hafði barist í stríðinu við Tyrki árið 1878 undir stjórn Skobelevs hershöfðingja og farið úr hernum eftir margra ára þjónustu sem undirforingi. Natalia Maksímovna, sem var um tólf árum yngri en maður hennar, var snotur, blíðlynd gömul kona með glampa í skærum augunum og brá stundum á glens, sem gerði afa ringlaðan. Hún kom fram við okkur öll, afa líka, eins og við værum börn, sem láta yrði eftir og gera ánægð.

Á löngum vetrarkvöldunum, þegar snarkaði í viðnum í geysistórum hvítum ofni og logarnir teiknuðu hin furðulegustu mynstur á gólfíð gegnum opnar dyrnar, hafði Fjodor Pantelejevítj unun af að segja sögur um Tyrki og Kúrda, um orrustur og óvæntar árásir. Einkum var það þó, þegar einhverjir gamlir kunningjar voru viðstaddir, að hann sagði frá afreksverkum, sem spurðust alla leið til Pétursborgar. Afrek þessi urðu stórkostlegri við hverja frásögn.

Þá átti amma gamla til að segja hátíðlega: „Hvílík dásemd! Að ríða hestum, snúa upp á skeggið og skjóta fjölda af Tyrkjum. Ekki þarf nú mikla skynsemi til þess.“

Á sunnudögum og öðrum helgidögum fór Fjodor Pantelejevítj í einkennisbúning sinn, skrautlegan, bláan klæðnað með skínandi látúnshnöppum og hvítum snúrum niður með saumunum á víðu reiðbuxunum, sem stungið var niður í há stígvél. Hann fagaði sjálfur stígvél þessi, uns þau skinu eins og speglar, lagfærði krossa og heiðurspeninga á brjósti sínu og breiddi skeggið yfir þá eins og fána. Að því búnu tók hann um litla hönd mína með stórum og hörðum lófa sínum og leiddi mig til kirkju. Enginn drengur í Aleksandrovska var hreyknari en ég, og mér fannst það aðeins sanngjarnt, þegar íbúar þorpsins, sem voru lægra settir, lyftu höttum sínum í lotningu fyrir honum og spurðu eftir líðan ömmu.

Afi var ekki síður hreykinn af sonarsyni sínum, þó að strangar grundvallarreglur hans bönnuðu að láta slíkar tilfinningar í ljós. „Sonur Andrejs,“ sagði hann með vandlega hugsuðu tómlæti. Það var ekkert leyndarmál, að Andrej, frumburður afa, sat í fangelsi, en nágrannarnir minntust aldrei á það í viðurvist hans. Það var einmitt eitt dæmi um þá ógæfu, sem drottinn alvaldur leggur á herðar dyggum þjónum sínum. Fjodor Pantelejevítj elskaði föður minn og dáðist jafnvel að honum, en hann gat alls ekki samrýmt gáfur hans og ættgöfgi guðlasti hans gagnvart keisaranum. Hann kenndi þetta, án þess að gera sér ljósa grein fyrir því, námi hans og þeirri sorglegu staðreynd, að hernaðarandi Rússa væri í rénun.

„Ég hef alla ævi verið góður hermaður,“ var hann vanur að segja, „og þannig mun ég kveðja þennan heim. Ég starfa og þjóna Guði, og ég hef ekki undan neinu að kvarta. En hvað vill Andrej? Mér er það með öllu óskiljanlegt.“

Amma og Shúra frænka, sem vissu, að mér féll þetta illa, reyndu að þagga niður í honum. Þær sögðu, að Andrej væri menntaður maður, sem skildi veröldina að undanteknum Tyrkjum og Kúrdum.

„Ef til vill, ef til vill,“ játaði afi minn þungbrýnn og bætti við mín vegna: „Andrej

er í fangelsi, satt er það, en ekki fyrir þjófnad eða morð, aðeins vegna stjórnmála. Það er mikill munur á því.“

Þegar ég fékk bréf frá mömmu, sem Shúra frænka las hátt, þangað til ég lærði að lesa, voru alltaf fréttir í þeim um pabba. Þá gleymdi Fjodor Pantelejevitsj sér stundum og talaði beisklega um þennan þverúðarfulla son sinn. Einu sinni þegar þetta gerðist, varð ég svo reiður, að ég öskraði og beit afa minn í höndina. Í stað þess að hirta mig reyndi hann að róa mig, tók mig blíðlega í faðm sér og sagði, að það gleddi sig, að ég vildi verja föður minn. „Mitt blóð rennur í æðum þínum,“ sagði hann. „Kravtsjenko-ættin er trygglynd.“

Stundum dvaldist ég um helgar hjá einum af vinum föður míns, málmiðnaðar-manni, sem ég kallaði Mítja frændi. Það var næstum því eins og að vera heima hjá pabba, að viðbættu fjöri þriggja laglegra og glettinna telpna á heimilinu. Þær áttu allar í vændum að verða heillandi konur, sem urðu mér síðar meir eins tengdar og nánir ættingjar.

Mítja frændi talaði eins og pabbi um frelsi og réttlæti og betri veröld, sem væri að skapast. Oft las hann fyrir okkur kafla úr bókum með hundseyrum, eftir Herzen, Gorkíj og Tolstoj. Rödd hans var fjálgleg eins og rödd afa, þegar hann las ritning-una. En það, sem mér fannst mest til um, voru morgnarnir, þegar Mítja frændi vakti mig fyrir dögum til þess að fara á veiðar með sér. Eftir erfiðan dag í skóginum sneri ég heim með byssu hans spennta yfir öxl mér ásamt tösku, fullri af hérum og villifuglum, eins hreykinn og ég hefði skotið þá sjálfur.

Afi minn hafði meiri skemmtun af fiskveiðum. Dnepr-fljótið var annað heimili hans. Þegar árabaturinn okkar flaut á spegilsléttu fljótinu og við biðum eftir, að fiskurinn biti á, sagði hann mér eftirlætissögur sínar, þar sem Tyrkir féllu þúsundum saman og Rússarnir, einkum Úkraínubúar og Kósakkar, báru sigur af hólmi með miklum heiðri og tóku ógrynni herfangs. Þegar kímni ömmu minnar var ekki til að halda aftur af ímyndunarafli hans, urðu sögurnar ennþá hryllilegri og áhrifameiri.

Þegar sólin hækkaði á lofti, bundum við bátinn við trjástofn á árbakkanum, fórum úr fótunum og syntum í fljótinu, skvömpuðum í vatninu með fótum og höndum af eintómri ánægju og mundum varla eftir því, að þrír aldarfjórðungar skildu okkur að. Preyttir, en titrandi af lífsorku og svo svangir, að það verkjaði, snerum við heim með veiði dagsins, og amma steikti síðan fiskinn úti í garði. Venjulega nægði hann ekki einungis okkur, heldur bestu vinum okkar og í fisk-búðing næsta dag, en þann rétt matbjó engin betur en amma.

Fjölskyldan í Aleksandrovsk lifði undir hálfgerðri herstjórn, sem milduð var af borgaralegri blíðu ömmu. Frá sjónarmiði manns hennar var vinnan ekki aðeins nauðsyn, heldur líka skylda, líkt og að sækja kirkju, sjá um að logaði á lampanum undir dýrlingamyndinni og gefa beiningamönnum brauð. Við fórum snemma að hátta og klæddumst við sólaruppkomu til að vinna í matjurtagarðinum, ávaxta-garðinum og sinna skepnunum. Jafnvel þá daga, sem ég átti að fara í skólann, var ætlast til þess, að ég lyki mínum hluta þessa skyldustarfs, áður en ég snæddi

árdegisverð. Hins vegar var bóknámið, hversu erfitt sem það var, ekki álitíð raunveruleg vinna eftir lögbók afa. Hann kenndi mér að þvo mér og baða mig undir beru lofti úr ísköldu vatni, hvernig sem viðraði, „eins og karlmaður og hermaður“. Hann kenndi mér að kvarta ekki, þó að ég fyndi til sársauka, og herti mig snemma gegn bæði hita og kulda.

Afi refsaði mér ekki nema einu sinni. Ég var þá sjö eða átta ára og hafði stolist til rakara og látið hann klippa mig. Kópekarnir frá Shúra frænku gerðu mér fært að hegða mér svona mannalega á unga aldri. Þegar ég kom heim og ilmaði af hársmyrslum, horfði afi snöggvast á mig og varð uppvægur. Refsingin hæfði afbrotinu. Hann náði í stórar sauðaklippur og tók að afmá öll merki um snyrtingu hárskerans í auglýsín nágranna og leiksysstkina. Því næst þvoði hann spékliptan koll minn úr sápuvatni til að ná úr honum anganinni af smyrslunum.

Í barnaskólanum eignaðist ég margna vini, og entist vináttan við suma þeirra fram á fullorðinsaldur. Kennslustundirnar voru langar, og alltaf var okkur sett fyrir eitthvað, sem við áttum að gera heima. Líkamsrefsing fyrir hyskni og eftirtektarleysi var talin sjálfsgöð og álitin mikilvægur þáttur í uppeldi hvers drengs.

Sem betur fór var ég fljótur að læra. Ég átti aðeins í erfiðleikum með að læra kristin fræði, sem kennarinn, gamli faðir Maksím, muldraði í skeggið. Til þess var ætlast, að við þyldum utanbókar langar, óskiljanlegar bænir á fornslavnesku, og ef okkur fípaðist, en það kom fyrir flesta okkar, beið okkar helgiathöfn til endurgjalds. Þá var það, að eftirlætisnemandi föður Maksíms, hinn bólugrafni Kúzja, náði sér í keyri; sökudólgarnir krupu í röð, og Kúzja lét keyrið dynja á skussunum eftir föstum reglum, meðan presturinn taldi slögin. Vafalaust var þetta gagnlegt fyrir sálir okkar, þó að fornslavneskan okkar batnaði ekki við það. Þegar kennslustundum var lokið, gerðum við auðvitað Kúzja fyrirsát og guldum honum slögin í ríku mæli, — og það var líka þáttur í helgiathöfninni.

Annar, sem við drengirnir lékum grátt, var hinn ungi Shtsjekatihín, sonur og erfingi auðugasta mannsins í þorpinu. Við hinir urðum að ganga langar leiðir í skólann, en Níkk kom þangað í fallegum vagni með fylgdarsveini, og hann var í flauelsjökkum, notaði harða flibba og skó með skínandi hnöppum. Ennfremur hafði hann ánægju af að láta hringla í peningum í vasa sínum. Vitanlega var ekki unnt að láta slíkum afbrotum óhegnt. Stundum tókst honum að kaupa sér frið með peningum eða sælgæti, en það verð ég að játa, að oft tókum við fyrst við mútunum og börðum hann síðan duglega á eftir.

Þrátt fyrir strangan aga í skólanum frömdum við ýmis strákapör. Það var einu sinni, — ég man það betur en raunverulegar sorgarsögur frá seinni tímum, — að ég og bekkjarbróðir minn ákváðum að fara ránsferð til garðyrkjubýlis yst í þorpinu. Við höfðum troðfyllt vasana af illa þroskuðum agúrkum og bragða á lostætum melónum, þegar gríðarstór Búlgari stóð okkur að verki. Hann barði okkur ekki. Í stað þess hélt hann ræðu um það, hve ljótt væri að stela, og skipaði okkur að fara úr

buxunum. Síðan gaf hann okkur handfylli af agúrkum og lét okkur fara buxnalausa leiðar okkar.

Við biðum næturinnar í margar klukkustundir. Í náttmyrkrinu héldum við heim úr þessari sneypuför og fórum krókaleiðir til að komast hjá því, að nokkur yrði á vegi okkar. Við skömmuðumst okkar fyrir þetta í langan tíma, og hláturinn, sem þessi atburður vakti í þorpinu, sveið sárar en nokkurt keyri eða svipuól.

Nú liður mér illa við tilhugsunina um það, hve ömurlega við gerðum ævi okkar stærilátu kennara. En rússneskukennarinn okkar, Averítsjev, sem ávallt var með gleraugu og leit út eins og hann væri að verða hungurmorðar, komst hjá öllum okkar ertingum. Hann mátti heita ímynd rússnesks menntamanns — ákaflýndur, skáldlegur, hafði ávallt orð á hraðbergi og var dálítið hjálpsamur. Augu hans lágu djúpt og leiftruðu af ofstæki, og hann kenndi okkur þannig lestur rússneskra bókmennta, að jafnvel yngstu drengirnir fylltust áhuga. Mörgum árum síðar, er ég kom til Zaparozhe í kaupsýsluerindum, frétti ég, að Averítsjev þessi hefði fallið í byltingunni.

Litlum drengjum úr góðum fjölskyldum var bannað að umgangast Tatarana, en þó fór ég oft á fund þeirra. Ég komst í vinfengi við einn Tatarapilt, sem hét Saíde-man, og lá nærri, að litið væri á mig sem einn af ættflokki hans. Eitt sinn er ég var á skautum á Dnepr-fljóti, brast ísinn allt í einu undir mér. Saíde-man stakk sér niður í ískalda vökina og bjargaði mér. Það staðfesti vináttu okkar.

Oft fór ég að heiman undir margs konar yfirsíni og hljóp til tjaldbúða Tataranna. Ég sat stundum saman við bál þeirra, hlustaði á þjóðsöngva þeirra og var heillaður af hinum einkennilegu siðum þessa vingjarnlega og síglaða þjóðflokks. Tatarakonurnar spáðu fyrir mér fyrir einn eða tvo kópeka. Undantekningarlaust fullyrtu þær, að með aldrinum mundi ég verða auðugur, laglegur og frægur; ég mundi lifa í paradís, þakinni dýrindissteinum og um hana streymdu hunangselfur. Þar mundi ég búa með fagurri stúlku, stundum ljóshærðri, stundum dökkhærðri.

Viðhafnarmikið brúðkaup átti að fara fram í tjaldbúðum Tataranna, og stóð undirbúningur þess í margar vikur. Saíde-man lagði fast að mér að koma í veisluna, og til þess langaði mig öllu öðru fremur. En hvernig átti ég að komast að heiman þetta kvöld? Í vandræðum mínum gerði ég afa minn að trúnaðarmanni. Í fyrstu reiddist hann, en þegar ég sagði honum, hvernig Saíde-man hefði bjargað lífi mínu, náði hermennleg hugprýði yfirtökum á kynþáttahrokanum. Það var ekki nóg með, að ég fengi að fara, heldur ætlaði hann að koma líka.

Afi fór í einkennisbúninginn við þetta tækifæri, greiddi betur úr skegginu en nokkru sinni fyrr og tók með sér nokkrar smágjafir, svo að hann varð mikilsmetinn gestur í veislunni. Gengi mitt meðal Tataranna sveif himinhátt. Ungir og gamlir höfðu búist sínu litauðugasta skarti og hengt á sig gljáandi skartgripi fyrir brúðkaupsveisluna. Leikið var á fiðlur og gítara af lífi og fjöri langt fram á nótt. Þegar á allt er litið, var þetta reynsla, sem yljaði hug minn og hjarta, og vegna þessarar reynslu hef ég alltaf kennt í brjósti um þá menn, sem skildu ekki lífernir Tataranna.

Ég var á níunda ári, þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á. Skyndilega varð allt lífið þrungið af æsingu og breytingum. Hermenn, ræður, tár og heiður. Mér fannst lífið vera orðið sífelldur hátíðisdagur. Kennarar okkar gleymdu námsgreinunum og héldu í stað þess ræður um föðurlandsást, að Averítsev einum undanskildum. Faðir Maksím fékk okkur til að þylja ástríðufullar bænir um sigur. Konur grétu og neru saman höndum af harmi, þegar synir og eiginmenn yfirgáfu heimilin í herflokkum.

Amma grét líka af samúð. En afi virtist yngjast upp. Hann rétti úr sér og varð hermannlegri, þegar hann gaf fjölskyldu sinni fyrirskipanir. Hann klæddist nú næstum samfelldur bláhvíta hermannabúningnum sínum og fannst hverri viku eytt til ónýtis, ef ekki var höfð hersýning. „Ó, ef hann Skobelev hershöfðingi væri nú á lífi, þá mundi hann taka í lurginn á Þjóðverjunum. Tyrkirnir gætu ekki einu sinni staðið honum snúning.“

Dag nokkurn í ágústmánuði 1914, þegar við afi vorum nýkomnir af fiskveiðum, var drepð á dyr. Amma fór til dyra, og við heyrðum hana hrópa í geðshræringu með gráthljóð í röddinni: „Andrúsha! Hver haldið þið að sé hérna, börn? Enginn annar en Andrúsha!“

Það var faðir minn. Hann var snyrtilega til fara, og þegar hann tók ofan svartan hattinn, sá ég, að hárið var greitt beint aftur eftir nýrri tísku. Skegg hans var klippt og líktist meir skeggi læknis en verkamanns, og það var örlitlu ljósara en hárið. Hann var ekki eins hávaxinn og glæsilegur og mig minnti, að hann væri, en hann var áþreifanlegri og föðurlegri, og ég var ánægður. Þegar hann hafði heilsað foreldrum sínum og systur með kossi, kom hann til mín. Fyrst í stað hélt hann mér frá sér með framréttum örmum og virti mig fyrir sér með alvörusvip. Augsýnilega stóðst ég prófið, því að hann lyfti mér upp, faðmaði mig að sér og bað alla að gefa gaum að því, hve sterkur og laglegur ég væri að verða. Hitt fólkið horfði á með augljósri ánægju, eins og þetta væri því að þakka.

Keisarinn hafði veitt sakaruppgjöf fyrir sumar tegundir stjórnmálaafbrot, og sem betur fór náði sakaruppgjöfin til föður míns. Hann var nú kominn til að heimsækja foreldra sína og son. Heimsóknin gladdi afa minn og kom honum í geðshræringu. Gleði hans var sönn. En þegar við settumst við kvöldborðið, náði gremja hans við soninn, sem hafði valdið honum svo miklum áhyggjum, aftur undirtökunum.

Afi drakk glas af köldu vatni, signdi sig og tók til matarins. Það var merkið til okkar allra um, að við gætum byrjað á fiskbúðingnum. Dálitla stund sat afi gamli á sér og hlustaði á fréttir af fjölskyldunni. En að lokum leysti hann frá skjóðunni: „Segðu mér nú, Andrej, hvað á öll þessi vitleysa að þýða? Hvers vegna ert þú lokaður inni í fangelsi eins og glæpamaður? Hvað er það, sem þú vilt? Hefur þú enga tilfinningu fyrir skyldum þínum við konu þína og börn?“

Pabbi hlustaði þolinmóður. Það færðist skuggi yfir andlit hans, en augu hans skutu neistum. Orð hans festust í minni mínu og ekki síður alvara sú, sem lá að baki orðanna.

„Ég skal segja þér, hverju ég óska eftir, pabbi,“ sagði hann. „Ég vona, að þú skiljir það, því að ég met mikils álit þitt. Ég óska, að menn verði frjálsir og hamingjusamir. Ég óska, að allir menn megi lifa á mannsæmandi hátt. Ég óska, að endir sé bundinn á stjórnmalalega harðstjórn og fjárhagslegan þrældóm. Þú mátt vera viss um, að ég tek mér nærri þjáningar ástvina minna. En fórnir einnar kynslóðar munu gera margar komandi kynslóðir hamingjusamari og menntaðri. Þú ættir að geta skilið mig, pabbi, því að þú ert trúður maður og kveikir ljós fyrir dýrlinga þá og píslarvotta, sem þér þykir vænst um. Létu þeir konur sínar og börn hafa áhrif á sig, þegar þeir tóku það góða fram yfir hið illa, dygðina fram yfir lestina? Okkar ástkæra Rússland er menningarsnautt land, þar sem þjóðin er arðrænd og fjöldinn fávís. En það getur orðið menningarríki, þar sem hvorki eru til yfirdrottinnar né þrælar.“

Þó að hann væri að tala við föður sinn, fann ég, að hann beindi orðum sínum til mín. Þau komu mér til að skjálfa eins og rödd prests við hámessu.

„Um börnin mín er það að segja,“ lauk faðir minn máli sínu og horfði nú beint í augu mér, „að ég óska ekki aðeins, að þau, heldur öll börn verði hamingjusöm vegna þess blóðs, sem við höfum fórnað.“

Afi minn var lengi hugsí. „Það er ekkert rangt í því, sem þú segir,“ svaraði hann, „en margt af því gerir mig ringlaðan. Ég hef alltaf þjónað keisaranum, eins og faðir minn á undan mér og faðir hans á undan honum. En þú ert öðruvísi, Andrej. Þú sérð hlutina frá annarri hlið, frá neðri hliðinni, ef svo má segja. Guð fyrirgefi þér, ef þú hefur rangt fyrir þér. En þar eð þú trúir hreinskilnislega á málstað þinn, verður þú að haga þér í samræmi við trú þína, og ég mun eftir mætti reyna að koma börnum þínum til hjálpar, á meðan ég lifi.“

Það leið á löngu, áður en ég gæti sofnað, svo gagntekinn var ég af orðum föður míns.

Næsta morgun fórum við á þjóðræknissamkomu. Hersýning var haldin, og lúðrasveit lék. Prestar í flaksandi skikkjum blessuðu mannfjöldann. Götusalar seldu ís, gosdrykki og kjötposteikur. En pabbi fór snemma með mig á bekk í skrudgardinum, þar sem við borðuðum rjómaís og töluðum saman.

„Jæja, drengur minn, þá sjáumst við aftur,“ sagði hann. „Manstu þegar þú komst með mömmu þinni og Konstantín til fangelsisins og ég veifaði til þín frá feigðarturninum?“

Hann sagði mér frá lífinu í fangelsinu. Eftir lýsingu hans virtist það á einhvern hátt geislum stráð, því að þjáningin var skírð af vináttu og ást á stórkostlegu málefni. „Ég óska, að þú munir eftir þessu alla ævi. Gleymdu aldrei, hver þú ert. Vertu alltaf trúr baráttunni fyrir frelsinu. Það er ekki hægt að lifa án frelsis. Hvað sem um mig kann að verða, verður þú að halda áfram að stunda nám, vinna og berjast með öllum ráðum fyrir hugsjóninni. Annaðhvort erum við svín eða menn, og ef við erum menn, getum við ekki sætt okkur við að vera þrælar. Ef ég og félagar mínir föllum í valinn, þá munu börn okkar takast á hendur starf okkar.“

Sama kvöldið fór hann til Jekaterínoslav, eftir að hann hafði keypt gjafir handa mér og lofað, að ég skyldi fá að koma heim um jólin.

Næstu mánuði fannst mér tíminn lengi að líða, því að ég þráði svo heitt að sjá foreldra mína og bræður aftur. Mamma skrifaði glaðleg bréf. Hún sagðist vera hætt að sauma fyrir aðra, þar eð pabbi væri farinn að vinna, og allt væri svo ánægjulegt, að ég myndi varla þekkja heimilið aftur.

Þegar leið að jólum, jókst tilhlökkunin að miklum mun. Amma var önnum kafin við að útbúa ávaxtamauk og baka kökur. Stóra geltinum, sem alinn hafði verið í því skyni, var slátrað, og í margar vikur voru allir önnum kafnir við að sjóða svínakjöt, reykja svínslæri, brytja niður kjöt og grænmeti og gera úr því feit bjúgu. Að lokum rann upp hinn mikli dagur, og sleði fullur af dúðuðum ættingjum, trékistum og alls konar böggjum ók til járnbrautarstöðvarinnar. Við Shúra frænka stigum upp í járnbrautarvagninn, hin veifuðu frá brautarstéttinni og gátu ekki tára bundist, eins og við værum að fara til Ameríku.

Á stöðinni í Jekaterínoslav beið öll fjölskylda mín. Þar var kysst, tárast og kallað. Þegar við komum heim, var feimnin milli mín og bræðra minna horfin, og við töluðum hver í kapp við annan um allt og ekkert. Mamma hafði ekki augun af mér. „En hvað þú lítur vel út, Vítja! Þú ert bókstaflega orðinn karlmaður! Svona hraustlegur og velsældarlegur!“ endurtók hún hvað eftir annað.

Jólamáltíðin það kvöld mun mér seint úr minni líða. Jólatréð náði upp í loft og skein eins og grængullinn kirkjuturn. Borðið var þakið mat og drykk. Börnin tóku þátt í drykkjunni og drukku sætt vín úr litlum, lituðum glösum.

Móðuramma mín var aldursforseti og signdi fyrsta fullið.

„Guði sé lof, að við erum öll saman lifandi og hraust,“ sagði hún. „Ég óska ykkur öllum ástvinum mínum þess, sem þið óskið ykkur mest sjálf.“

Því næst stóð pabbi á fætur, fallegur og alvarlegur að vanda, og sagði: „Ég legg til, að við drekkum heill allra þeirra, sem í nótt sitja innan múra fangelsanna. Verði trú þeirra og mín á betra líf að veruleika!“

Amma hvíslaði: „Andrej, ekki þegar börnin heyra!“ En hún drakk með hinum.

Klukkustundum saman gengum við kringum jólatréð og sungum rússneska og úkraínska þjóðsöngva og einnig byltingarsöngva, svo sem: „Þið félluð sem fórnardýr“ og „Fram til orrustu, ættjarðarniðjar“. Grammófónn með gríðarstórum lúðri var eitt af sönnunargögnunum um bættan fjárhag fjölskyldunnar, og börnin dönsuðu eftir glymjandi lögum. Vegna æsingarinnar og áhrifa vinsins sofnaði Evgeníj, á meðan pabbi sagði fram kvæði um fórn og heiður, og einmitt þegar ég af níu ára oflæti mínu ætlaði að fara að hlæja að sjö ára vanmætti hans, sofnaði ég líka.

Ég fór aftur til Aleksandrovska og var þar í átján mánuði í viðbót, til loka skólaársins 1916, en þá lauk undirbúningsskólagöngu minni.

Lokaprófið var mér sannarlega minnisstætt, þó að skólaslitaathöfnin og ræðurnar væru langar og leiðinlegar. Hinn mikli dagur byrjaði með því, að mér var í fyrsta

sinn heimilað að láta hárskera klippa mig. Liðaðir, dökkir hárlokkarnir á mér vöktu listamanninn í hárskeranum.

Ég fór frá honum skrautlega greiddur, — stór hárlokkur, sem féll niður að vinstra auga, setti krónuna á meistaraverkið, — svo að enginn gat verið í vafa um hinn nýja manndóm minn. Því næst rétti afi mér hátíðlega einkennisbúning skólans með síðum buxum. Gamall draumur rættist. Það var gott að vera á ellefta árinu og sjá athygli allra beinast að sér.

Afi minn var í einkennisbúningi sínum, og allar orðurnar ljómuðu á brjosti hans. Amma var í eina svarta silkikjólnum, sem hún átti, og umhverfis hana var angan af ilmjurtum og kamfóru. Shúra frænka var þar auðvitað líka og einnig Mítja frændi.

En við þetta bættist, að um kvöldið kom yngri bróðir föður míns, Pétur frændi, öllum að óvörum heim í orlofi frá vígstöðvunum. Hann var algjör andstæða föður míns — áhyggjulaus, lífsglaður, kíminn og gamansamur. Milli hans og afa míns var engin sundurþykkja eins og sú, er spillti samlyndinu milli afa og pabba. Ég fann óljóst til þess og ekki laus við afbrýðisemi, að Pétur var eftirlætisbarn afa og ömmu.

Þegar Pétur frændi heyrði, hve góðar einkunnir ég hafði fengið við lokaprófið, bað hann mig brosandi, en þó ekki án alvöru, að taka sig heldur til fyrirmyndar í lífinu en krossferðariddarann föður minn.

„Láttu aðra um það, Vítja, að frelsa veröldina,“ hrópaði hann. „Það er nægilegt verkefni að sjá um þig sjálfan. Þú lifir aðeins einu sinni, og þá er eins gott að njóta lífsins. Þetta er mín skoðun.“

Kvöldið áður en ég átti að fara heim, var mér leyft að fara til tataratjaldbúðanna og kveðja hina mörgu vini mína þar. Ég hafði meðferðis nokkrar gjafir, tóbakspakka handa föður Saídemans, pípu handa Saídemann og mislit bönd handa systur hans. Mér var innanbrjóst eins og ég væri að kveðja fjölskyldu mína.

Næsta morgun sneri ég aftur til fæðingarstaðar míns, og nokkrum mánuðum seinna fór ég í menntaskóla. Í fyrsta sinn var nú öll fjölskyldan á sama stað. Evgeníj gekk í undirbúningsskóla og Konstantín var í 2. bekk menntaskólans. Þar eð faðir minn vann sér nú inn 80–120 rúblur á mánuði, — það voru ágætir tekjur hjá verkamanni, — og átti tvo syni í menntaskóla, virtist lífið loksins bjart og eðlilegt.

Mamma var hamingjusamari og fallelgri en ég hafði nokkru sinni áður séð hana. En pabbi, sem var að eðlisfari dálítið nöldrunarsamur, var órólegur undir kyrru yfirborðinu. Honum var kunnugra en okkur um þau óveðursský, sem dró saman á hinum rússneska himni.

3. kafli: Sæmd og sultur

VETURINN 1916 GEKK Í GARD með illum forboðum um endalok keisaradæmisins. Tilfinningin um væntanlega óhamingju seytlaði eins og þvöl þoka um daglegt líf okkar. Styrjöldin gekk mjög illa, og kurr þjóðarinnar varð augljósari og þrálátari. Það var ekkert leyndarmál, að hermennirnir gerðust liðhlaupar hópum saman á vígvöllum og aginn var að fara í mola. Jafnvel í Jekaterínoslav heyrðist alls staðar óljós orðrómur um óhugnanlegan munk, sem hét Raspútín, um fjársvik á hærri stöðum, upphlaup vegna hungurs og Þjóðverjavini við hirð keisaradrottningarinnar. Kennarar okkar gerðu naumast tilraun til að stöðva byltingartal eldri drengjanna, og vinir pabba töluðu hljóðlega með ákafa í röddinni um að koma „fjöldanum“ á hreyfingu.

Eftir langan vinnudag á verkstæðinu gafst föður mínum varla tími til að þvo sér, borða og njóta hvíldar vegna fundarhalda, umræðna og skýrslna frá sendimönnum frá Pétursborg eða Kænugarði. Heimili okkar var nú oftast en nokkru sinni áður viðkomustöð fyrir flóttamenn frá Síberíu og útlegðarstöðvunum nyrst í Rússlandi. Hvað eftir annað vorum við börnin rekin út úr dagstofunni, þar sem alvarlegir iðnverkamenn og menntamenn staðarins sátu klukkustundum saman og ræddust við fyrir luktum dyrum.

Síðdegis dag nokkurn komu foreldrar mínir, sem höfðu farið út til að hitta vin sinn, Paramonov, sem var nýflúinn úr fangelsinu, heim í uppnámi. Móðir mín grét, en faðir minn beit á jaxlinn. Paramonov var einn af sjóliðunum á beitiskipinu *Potemkín*, sem komu af stað uppreisninni árið 1905, og var því í augum okkar þjóðhetja. Hann var guðfaðir yngri bróður míns. Næstu daga varð mér smám saman ljóst, hvað gerst hafði, og geymist sú saga mér í minni sem tákn fórnarviljans.

Bekkur við afskekktan stíg í lystigarði bæjarins hafði verið valinn sem stefnu-mótsstaður, og nokkrir af félögum sjóliðans mættu honum þar. Þeir höfðu ekki verið saman nema fáar mínútur, þegar nokkrir ókunnir menn gengu þar framhjá og létu sem það væri af tilviljun. En Paramonov, sem grunaði, að þeir væru óeinkensklaðir lögreglumenn, kvaddi í skyndi félaga sína og hljóp gegnum runnana í von um að geta klifrað yfir girðinguna og sloppið burt. Rétt á eftir heyrðu vinir hans skammbyssuskot. Flóttamaðurinn var fallinn.

Þrátt fyrir annir sínar gafst föður mínum tóm til þess að dveljast mörg kvöld og einstaka sinnum á sunnudögum með sonum sínum þremur. Við lásum saman bækur eftir Herzen, Tolstoj og fleiri skáld. Pabbi var vanur að taka einhverja setningu úr bókunum sem texta og skýra þannig skoðanir sínar um frelsun Rússlands og frelsi

mannanna. Hin brennandi og ef til vill fjarstæða hugsjón hans hrærði mig djúpt. Hún var eins konar trúartilfinning.

Um þetta leyti bast ég föstum vináttuböndum við skólabróður minn, Spírídonov að nafni. Hann var sonur eins af menntaskólakennurunum, og kom ég oft á heimili hans. Þar kynntist ég fyrst heimili menntamanns, þar sem bókmenntir, hljómlist og leikhús voru jafnraunveruleg og enn mikilvægari en brauð og vinna. Spírídonov eldri beindi lestrarfýsn okkar inn á breiðari brautir, ekki aðeins til sígildra rússneskra höfunda, heldur einnig til rita eftir Shakespeare, Goethe, Anatole France, Knut Hamsun, Hugo, Flaubert, Zola og Dickens.

Þegar ég lít aftur, er ég hissa á, hve mikið ég las og margvíslegt á þessum vortíma sálarþroska míns. Á einhvern hátt urðu fegurð og hátíðleiki bókanna, ásamt háflegum vonum föður míns, einn þáttur í byltingunni, eins og hún dundi yfir ellefu ára dreng. Það var eins og á fáum vikum væri smíðuð brú yfir gjána milli bókmennta og veruleika, milli orða og gerða.

Óveðrið skall á í síðustu viku febrúarmánaðar 1917 (í byrjun mars eftir vestrænu tímatali). Jafnvel þeir, sem höfðu verið öruggastir um, að bylting myndi verða, voru undrandi og ringlaðir. Bylting, sem verið hafði leynilegt og hálfólöglegt orð, hafði allt í einu orðið undursamlegur og hræðilegur veruleiki. Það, sem virst hafði einföld lausn alls vanda, splundraðist í milljón ný úrlausnarefni, og sum þeirra voru hlægilega lítilfjörleg, eins og til dæmis að afla fæðu og klæða.

Það komst fullkomið los á hið daglega líf. Skólar, verksmiðjur og opinberar stofnanir misstu sitt forna gildi. Íbúar bæjar okkar söfnuðust saman á snævipöktum götunum. Það var eins og heimilin, skrifstofurnar og vinnustofurnar hefðu umturnast og hellt úr sér mönnunum, sem þar dvöldust, yfir torgin og lystigarðana. Kröfugöngur, fánar, gleðihróp og reiðiöskur, stundum líka skothvellir — og umfram allt ræður og aftur ræður, sem breiddust yfir allt þetta og nær því kæfðu það. Orð, sem öldum saman höfðu verið innibyrgd, brutust fram í ástríðufullri mælsku, heimskulegri og innblásinni, hljómmikilli og hefnigjarnri mælsku.

Loftið var þrungið af kjörorðum, sem virtust skapast af sjálfsdáðum. Niður með styrjöldina! Stríð uns sigur er unninn! Jörð og frelsi! Verksmiðjurnar handa verkamönnunum! Við heimtum stjórnlagabing! Allt vald til ráðanna! Ný orð og ný hugtök brutust inn í meðvitund okkar og sindruðu þar eins og flugeldar: Bolsévíkar, mensévíkar, þingræðissinnar, þjóðbyltingarmenn, stjórnleysingar, ... Kerenskíj, Míljúkov, Lenín, Trotskíj, ... rauðliðar, hvítliðar, félagsbræður ...

Ræðupöllum skaut upp á stóru torgunum. Hver ræðumaðurinn tók við af öðrum í háværri skruðfyllkingu. Menn og konur, sem aldrei höfðu talað annað en kvíðafullt hvískur, fundu nú þörf hjá sér til að hrópa, prédika, skammast eða flytja ræðu. Menntaðir menn með vel hirt skegg viku til hliðar fyrir hermönnum og verkamönnum. „Heyr! Heyr!“ öskraði fjöldinn eða „Niður með hann! Varpið honum út!“

Einu sinni á kröfugöngudegi talaði faðir minn úr ræðustól undir þéttum röðum heimatilbúinna fána. Það leit út fyrir, að allir könnuðust við nafn hans.

„Vinir og bræður! Verkamenn, bændur, stúdentar og hermenn!“ Þannig byrjaði hann ræðu sína.

Það var í fyrsta skipti, sem ég heyrði hann tala opinberlega, og ég gat varla haldið mér í skefjum vegna æsingar. Honum lá hátt rómur, og hann var svo gjörbreyttur, að ég gat varla trúað, að þetta væri faðir minn. Orð og hugsanir, sem við höfðum ein átt, höfðu næstum því verið fjölskylduleyndarmál, urðu á furðulegan hátt almenningseign, þannig að allir voru teknir inn í fjölskylduna. Hann talaði um fangelsi og útlegð, um hetjulíf félaga Paramonovs, um hina undursamlegu framtíð. Hann hvatti til reglu og geðstillingar og varaði við þeim, sem vildu drekka byltingunni í blóði. Hann talaði af undrunarverðu yfirlætisleysi og hreinskilni, eins og áheyrendurnir væru synir hans þrír, sem hefðu nú margfaldast.

Þegar hann steig niður af ræðupallinum og hljómsveitin spilaði franska byltingarsönginn, Marseillaise, þaut ég til hans, braust gegnum vina- og aðdáendahópinn og hrópaði: „Húrra, pabbi!“ Faðir minn hló hjartanlega.

„Sjáðu nú til, Vítja litli,“ sagði hann. „Nú mun þjóðin verða frjáls. Baráttan var ekki einskis virði!“

Ég vissi það þá, eða ef til vill skildi ég það ekki fyrr en seinna, að hann var með þessum orðum að réttlæta sjálfan sig og skýra, hvers vegna hann hafi orðið að baka fjölskyldu sinni margra ára skort og kvíða.

Hveitibrauðsdagar byltingarinnar breyttust þó fljótt í ósamkomulag, ásakanir og þjáningar. Beiskja og reiði tóku við af hrifningunni. Grjót, hnefahögg og skammbyssuskot blönduðust meira og meira orðunum og rökfærslunum. Jafnframt því varð lítið um matvæli. Eldiviður, kol og steinolía virtust hverfa. Í sumum verksmíðjunum var unnið slitrótt, aðrar voru lokaðar með öllu. „Þarna hafið þið byltinguna ykkar! Þið hafið sjálfir boðið henni heim!“ kurraði nú í mönnum, einkanlega þeim, sem gengu vel til fara.

Faðir minn varð daprari og fámálí með hverjum degi sem leið. Hann varð uppstökkari en ég hafði nokkru sinni séð hann á tímum fórnarinnar og hættunnar. Þegar ég bað hann um skýringu á hinum mörgu flokkum og stefnuskrám, varð hann vandræðalegur.

„Það er allt of flókið,“ sagði hann. „Þú ert ekki nógu stór til að skilja það. Það er barátta um völdin. Hverju sem flokkarnir berjast fyrir, þá er það til ills, ef einn flokkur sigrar. Það mun aðeins fela í sér, að nýir drottnar koma í stað hinna gömlu — stjórn, sem styðst við vald, ekki frjálsan vilja þjóðarinnar. Það var ekki til þess, sem byltingarmennirnir fórnðu lífinu.“

Annað sinn, þegar við höfðum hlustað á mensévíka, bolsévíka, þingræðissinna og aðra í námustofnuninni, sem nú var orðin aðalstöð ráðsins í Jekaterínoslav, hristi hann dapurlega höfuðið og sagði:

„Ég hef barist til að kollvarpa keisaradæminu. Ég hef barist fyrir frelsi og góðum

kjörum, en ekki fyrir ofbeldi og hefnd. Við áttum að fá frjálsar kosningar og marga flokka. Ef einn flokkur ræður öllu, þá er úti um allt.“

„En hvað ert þú, pabbi? Mensévíki, bolsévíki, þjóðbyltingarmaður eða hvað?“

„Ekkert af þessu, Vítja. Mundu alltaf, að ekkert kjörorð, hversu vel sem það hljómar, felur í sér þá stjórnmalastefnu, sem er raunverulega farið eftir af nokkrum stjórnmalaflokki, þegar hann er kominn til valda.“

Faðir minn fór til vígstöðvanna í Rúmeníu ásamt hóp af áróðursmönnum verkamanna. Hann var enn staddur þar í nóvembermánuði, þegar bolsévíkarnir í Pétursborg með Lenín og Trotskíj í broddi fylkingar náðu völdum í ríkisstjórninni og byltingunni. Hann kom aftur með þær fréttir, að styrjöldinni væri lokið, að hermennirnir köstuðu bókstaflega frá sér vopnunum og héldu heim. En það vissum við þegar. Við Kotja og vinir okkar úr menntaskólanum eyddum mörgum stundum á járnbrautarstöðinni. Allar lestir að sunnan og vestan voru troðfullar af hermönnum. Þeir lágu hver við annan ofan á vagnþökunum, héngu í gluggunum, héldu dauðahaldi í stengur undir vögnunum og stóðu í þéttum hópum á eimreiðunum. Þeir sungu, bölvuðu, skömmuðust og hrópuðu vígorð. Við börnin skildum ekkert í þessari ringulreið, og fullorðna fólkíð virtist jafnringlað og við.

Hið eina, sem var öruggt og þrængdi að okkur eins og múrveggir, sem þrýsta meira og meira að manni í hryllilegum reyfara, var sultur og kuldi. Peningar misstu gildi sitt, og hillurnar í búðunum tæmdust meir og meir og þöktust ryki. Þúsundir algengra hluta, sem höfðu verið álitnir sjálfsagðir, — götuhreinsarar, símaþjónusta, vatnsveita og samgöngutæki, — urðu allt í einu dýrmætir, stundum ófánlegir. Taugaveiki breiddist út, og líkfylgdirnar á hverjum degi urðu að næstum óslitinni fylkingu.

Svo lengi sem ég man eftir mér hafði amma mín safnað saman skorpum og brauðleifum. Brauð þetta hafði hún síðan glóðarbakað og gefið það eftirlætisklaustri sínu og munaðarleysingjahælum. Nú vorum við þakklát fyrir nýtni hennar. Nú geymdum við hverja skorpu handa sjálfum okkur. Skemmtilega, hlýja lampaljósið tilheyrði fortíðinni. Kola — kveikur settur niður í skál með olíu — var eina ljósið á hinum löngu vetrarkvöldum.

Við flóktandi koluljósið var ég vanur að lesa hátt fyrir ömmu mína. Hún unni Nekrasov, Tolstoj og Túrgenev. Við og við endurtók hún setningu, sem henni fannst mikið til koma, og missti þess vegna af setningunum, sem á eftir fóru.

Kvöld nokkurt, er ég las söguþætti eftir Túrgenev, fann ég, að hún greip í höndina á mér. Ég hélt áfram að lesa. Þegar handtak hennar losnaði, hélt ég, að hún væri sofnuð, og ætlaði að fara að læðast á tánum út úr herberginu til að vekja hana ekki. En þegar ég leit upp, sá ég, að augu hennar voru opin og hún var undarlega kyrr. Bros hafði stirðnað á vörum hennar.

„Amma! Amma!“ hrópaði ég, og hitt fólkíð kom hlaupandi.

Dauði ömmu minnar er í minni mínu nokkurs konar hluti af byltingunni. Hún hafði verið þrekmikil kona, þar til hún kramdist á milli kvarnarsteinanna

tveggja, hungurs og kulda. Við Spírídonov leituðum í margar klukkustundir um allan bæinn, þangað til við fundum fáein lifandi blóm til að leggja á kistu hennar. Okkur fannst það óhæfa að bera hana til grafar án blóma.

Í norðri, í hluta af hinu eiginlega Rússlandi, var ráðstjórinn orðin föst í sessi eflir nokkra mánuði. Í öðrum hlutum landsins, og sérstaklega hjá okkur í Úkraínu, stóð borgarastyrjöldin, grimmuðleg, blóðug, óskynsamleg í ringulreið sinni og oft ferleg, í mörg ár. Yfirráðin yfir Jekaterínoslav fluttust fram og aftur milli flokkanna næstum því mánaðarlega og stundum oft á viku. Við hættum að reyna að leggja á minnið, hver hefði æðstu völdin, rauðliðar, hvítliðar, grænliðar, Petljúristar, herflokkar Skoropadskíjs, Makhnos eða Grígorjevs. Um tveggja mánaða skeið hernámu Þjóðverjar bæinn. Síðan hörfuðu þeir, og innlendu herflokkarnir, sem börðust um völdin, flestir töttrum klæddir og allir skeytingarlausir um eigin líf og annarra, æddu fram og aftur um hrjáðan bæ okkar.

Einstakar myndir geymast í minni mínu, eins og blöð, sem rifin eru úr bók:

Tveir hermenn í einkennisbúningi keisarans þeystu niður eftir Púshkín-torgi í námunda við hús okkar, eltir af tveimur kínverskum riddurum, öðrum að sveifla sverði, en hinum með riffil. Riddarinn með riffilinn stöðvar hestinn skyndilega, miðar og hleypir af. Annar hvítliðinn fellur fram yfir sig, og hestur hans nemur staðar. Hinn hermaðurinn nemur staðar til þess að huga að félagi sínum, og á meðan nær hinn Kínverjinn honum. Kínverjinn sveiflar sverðinu villimannlega og rekur upp ógurlegt öskur, og ólöguleg hrúga af blóðugu kjöti fellur niður á götugrjótið. Þar liggja tvö lík kynlega friðsamleg í hinni skyndilegu þögn.

Við Kotja vorum að ganga okkur til hressingar og ræddum í ákafa um bók, sem við höfðum verið að lesa saman. Á göngunni komum við til Gorjaínov-stöðvarinnar, sem var í hinum enda bæjarins. Nóttina áður hafði ekki orðið lát á skothríð, en við vissum ekki, hverjir áttust þar við. Nú lágu lík dreifð um alla járnbrautarstöðina. Járnbrautarlest, full af þýskum hermönnum, stóð kyrr á járnbrautarteinunum. Margir Þjóðverjar, klæddir í skjólföt og hlējandi, ruddust meðal líkanna. Rétt við hrúgu af líkum stóðu nokkrir hermenn og átu smurt brauð og drukku kaffi. Hver einn og einasti þeirra hvíldi annan fótinn á einhverju líkanna.

Síðla kvölds heyrði ég hávaða fyrir utan húsið okkar. Ég hljóp út af forvitni. Snjórinn glitraði í tunglskininu, og einhvers staðar galti hundur. Allt í einu hljóp hár maður framhá mér og hrópaði ósiðsamleg orð, eins og hann væri drukinn, og nokkrum augnablikum síðar kom fjöldi manna hlaupandi, sveiflandi stöfum, hnífum og rifflum. Ég stóð kyrr dálitla stund og hlustaði á skothvelli í fjarlægð og óp, sem rufu þögn næturinnar. Næsta morgun töluðu allir um eftirförina og um að stigamannaforinginn Bjeloshapka — Hvíthöttur — hafi verið eltur á hlaupum um bæinn, umkringdur í hliðargötu og skotinn til bana af rauðliðum.

Það leið varla nokkur dagur án þess að heyrðust hræðilegar sögur um blóðbað í gyðingahverfunum, bankarín og árásir á járnbrautarlestir. Sérhver ný stjórn kallaði fyrirrennara sína „glæpamenn“, og brátt kom að því, að það nafn væri notað um

hana. Í viku, ef til vill lengur, voru allir í uppnámi út af Makhno eða yfirráðum stjórnleysingja, sem höfðu búið um sig í Jekaterínoslav. Því næst komu rauðliðarnir aftur, og þá var eins og Makhno hefði aldrei verið til.

Það er ekki auðvelt að rifja upp þetta tímabil eins og það kom mér fyrir sjónir í æsku. Endurminningin hefur breyst við síðari þekkingu og skilning. En sú furðulega staðreynd, þegar horft er um öxl, er, að í óróa borgarastyrjaldarinnar, óreglu og hættum, var hinu daglega lífi einhvern veginn lifað. Við störfuðum, stunduðum nám, borðuðum og sváfum, lásum og hlógum. Við bundumst nýjum vináttuböndum og gerðum jafnvel áætlanir um framtíðina, óróinn varð einhvern veginn þekkt og eðlilegt, næstum því sjálfsgagt fyrirbrigði. Hann varð að nýrri undirstöðu, sem daglegt líf okkar hvíldi á.

Lífið, viljinn til að lifa, var sterkara en allt ofbeldi.

Símskeytið frá Aleksandrovsk var undirritað af Shúra frænku. Var Pétur frændi staddur hjá okkur? Pabbi svaraði samstundis, að svo væri ekki. Eftir nokkra daga fengum við bréf: Pétur hafði fundist dáinn, myrtur. Ef við gætum komið því við að vera viðstödd jarðarförina, þá gæti það ef til vill dregið úr sorg gömlu hjónanna.

Faðir minn fór tafarlaust af stað, þó að afar lítil von væri um að komast til Aleksandrovsk áður en jarðarförin færi fram. Í samráði við mömmu ákvað hann að taka okkur Kotja með sér — ef til vill gæti það að sjá þessa hraustu sonarsyni dregið úr söknuðinum við sonarmissinn.

Pétur hafði ekki tekið þátt í upphlaupum byltingarinnar. Hann hafði ógeð á öllum þessum gauragangi. Frá hans sjónarmiði var þetta leiðinleg röskun á lífi, sem gat verið sæmilega þægilegt, þótt skammvinnt væri, ef menn stilltu sig um að gera það flóknara með endurbótatilraunum. Þegar hann kom heim frá vígstöðvunum, hætti hann að ganga í einkennisbúningi og gerðist bankastjóri í litlum banka í Aleksandrovsk. Þegar við stigum upp í lestina, hugsuðum við um, hvernig andlát hans hefði borið að.

Lestin var troðfull, svo að mönnum lá við köfnun. Um þetta leyti voru milljónir manna á sífelldu ferðalagi, eða svo leit það út. Þeir hlupu frá einum eldsvoðanum í annan í leit að öryggi, á meðan allt stóð í björtu báli. Þeir hlupu nokkrum skrefum á undan hefndinni eða þutu í blindni beint í fang hennar. Farþegar og böggjar fylltu hverja smugu. Menn sátu á efri svefnbekkjunum, forug stígvél þeirra eða fætur, vafðir druslum, dingluðu rétt við andlitin fyrir neðan. Loftið var þungt og óþefur mikill.

Á stöðinni í Slavgorod fór ég út að vatnskrananum til að ná í vatnssopa. Þegar ég kom aftur, stóð maður við vagndyrnar með Mauser-ríffil í höndunum, reiðubúinn að skjóta. Ég kallaði óttasleginn á pabba. „Fjandinn eigi föður þinn! Komdu þér upp í vagninn, og haltu kjafti eða ég mola hauskúpuna á þér!“ nöldraði maðurinn.

Lestin tók að hreyfast, áður en ég komst til föður míns. Allir farþegarnir héldu höndunum á lofti. Börnin kjökrðu af ótta. Við báða enda vagnsins stóðu vopnaðir

menn, og aðrir fóru klefa úr klefa og söfnuðu skipulega peningum og fjármunum. Nú komu þeir í okkar klefa.

„Hvað hefur þú meðferðis? Fram með það!“ rumdi í einum ræningjanna við föður minn.

„Hvað ég hef meðferðis?“ svaraði hann rólega og brosti. „Úr, tvær eða þrjár rúblur og tvo drengi, sem ég á.“

Þegar ræningjarnir höfðu lokið iðju sinni, hægði lestin á sér, og þeir stukku út úr henni. Skotið var úr sumum vögnunum. Ég sá einn ræningjann nema staðar á hlaupunum, eins og hann furðaði sig á þessu, og detta síðan hægt fram yfir sig. Annar ræningi var skotinn til bana af einum farþeganna, áður en hann næði að stökkva út úr lestinni. Líkið lá enn í lestinni, þegar við komum til ákvörðunarstaðarins. Það var auðsætt, að lestarránið hafði verið skipulagt af mönnum, sem voru ekki slíkum illverkum vanir.

Ég þekkti varla Aleksandrovska aftur. Töfrar hennar höfðu horfið á þessum tveim árum. Forna skrautið var slitið, skafið út af illgjarnri veraldarsögu. Járnbrautarstöðin var í rúst, götuljósker brotin. Mér fannst jafnvel snjórinn óhrein. Þegar faðir minn spurði einhvern, hver stjórnaði bænum, yppti hann ólundarlega öxlum og muldraði: „Fjandinn má vita það!“

Hús það, sem ég hafði búið í hamingjuríkustu ár æsku minnar, virtist hafa herpst saman og vera skyndilega orðið sorglega fornfálegt. Við komum of seint til þess að vera við jarðarförina; bréf Shúra hafði ekki borist okkur nægilega tímanlega. Hún sat úti í horni og var að sauma eitthvað, rauðeygd og með tauma á kinnunum eftir tár. Amma okkar, Natalía Maksímovna, faðmaði okkur að sér og reyndi að brosa við okkur eins og forðum, en blikði í augum hennar var horfið með öllu. Hún gat setið á sér stundarkorn, en fór því næst að rekja raunir sínar, meðan hún starði á lampann fyrir framan dýrlingamyndirnar og signdi sig í sífellu.

„Frændi þinn elskulegur, hann Pétur, er horfinn, Vítja! Litli drengurinn minn, hann Pétur, er dáinn, dáinn! Þeir myrtu hann! Ó, Guð minn góður!“

Fjodor Pantelejevítsj sat við borðið og gaf okkur engan gaum. Ég gat varla trúað því, að þetta væri hinn þrekmikli og virðulegi afi minn. Það var eins og eitthvað hefði bráðnað í líkama hans og gert hann máttlausan og ótrúlega gamlan. Eftir nokkra stund leit hann á okkur, kinkaði kolli í kveðjuskyni og stóð hægt á fætur.

„Já, Andrej,“ sagði hann beisklega, „það, sem þú hefur þráð, er komið. Hér sérðu þína dásamlegu byltingu! Menn myrða hver annan, skjóta, ræna og pynda þjóð okkar með sulti og kulda! Þetta er morð, glæpur, en ekki bylting.“

Rödd hans hækkaði af sorg og reiði: „Svinin þau arna! Hvers vegna myrtu þau Pétur? Hvers vegna?“ hrópaði hann, greip í axlirnar á föður mínum og hristi hann. „Þjóðverjarnir myrtu okkur ekki, eins og okkar rússnesku bræður gera núna. Ég þakka þér, Andrej, ég þakka þér fyrir þína kæru byltingu.“

Pabbi þagði og laut höfði. Hann sá, að orð og skýringar voru tilgangslaus. Í fyrsta sinn á ævinni sá fjölskylda Fjodors Pantelejevítsj hann gráta. Tárin síuðust

gegnum hvíta skeggið hans. Hann gekk hægt út í hornið með dýrlingamyndunum — hermannleg keiki hans var horfin — og hann féll á kné.

„Hjálpaðu, ó, Guð, villuráfandi lömbum þínum. Láttu ekki bróður myrða bróður og son myrða föður. Gefðu þjóð þinni aftur vit sitt, heilaga jómfú, og láttu hana ekki tortímast.“

Ró færðist yfir hann. Hann þurrkaði tárin af kinnunum og stóð á fætur.

„Jaja, Andrej, Guð fyrirgefi þér, eins og faðir þinn fyrirgefur þér.“ Síðan sneri hann sér að konu sinni. „Natasha, gefðu drengjunum mat, og láttu þá hátt.“

Því næst sagði Shúra okkur grátandi frá dauða bróður síns. Kvöld eitt kom hann ekki heim úr bankanum. Þau hugsuðu sér, að hann hefði ef til vill af einhverri ástæðu ákveðið að heimsækja okkur í Jekaterínoslav, og því sendi Shúra símskeytið. Fjórum dögum eftir hvarf hans fann bóndi nokkur lík hans nálægt járnbrautinni langt fyrir utan bæinn. Vasaklút hafði verið troðið í munninn á honum, hendur hans voru bundnar fyrir aftan bak, og það voru mörg göt eftir kúlur á höfði hans. Einkalyklarnir, sem hann var vanur að bera á sér, voru horfnir.

„Hjarta hans var hætt að slá, en úrið hans gekk enn, fimm daga úrið, sem Petja var svo hreykinn af.“ Shúra fór aftur að kjökra.

Ræningjarnir, sem höfðu hugsað sér að ræna bankann eftir að hafa náð lyklunum, hafa sýnilega ákveðið að myrða Pétur til að losa sig frá vitnisburði hans. Ef til vill voru það menn, sem hann þekkti. Seinna hefur þá sennilega brostið kjark til að framkvæma ránið.

Við snerum heim daprir í bragði. Afi náði sér aldrei eftir það áfall, sem morð yngsta sonar hans var honum. Hann lést nokkrum mánuðum síðar, og kona hans andaðist stuttu seinna.

Íljín-óðalið í nágrenni Korbíno á bökkum Dnepr var eitt ríkasta og geðþekkasta óðalið í þeirri sveit. Undir það heyrðu þúsundir ekra af frjósömum hveitiökrum og bithögum, skógar, ávaxtagarðar, rúmgóð peningshús og mjólkurbú. Breiðar malar-götur bugðuðust fagurlega milli skuggasælla trjáa til stórhýsisins, þar sem óðals-eigandinn lifði forðum í dýrlegum fögnuði. Á þessum stað missir fljótið nokkuð af sínum veglega þunga og brýtur sér freyðandi braut milli þverhníptrar og skörðótttra kletta. Náttúran hefur gengið fram af sér til að gera þennan afkima jarðarinnar frá-brugðinn umhverfinu í næstum því tilgerðarlegru feegurð.

Eftir byltinguna var mestum hluta jarðarinnar skipt á milli þeirra bænda, sem höfðu ræktað hana. En kjarna óðalsins — hér um bil 500 ekrum akurlendis, ávaxta- görðunum, stórrí fiskitjörn, óðalshöllinni og öðrum byggingum — var breytt í samyrkjubú eða „sveitarfélag“ fyrir verkamennina í bænum í byrjun ársins 1919. Landnemarnir, nálægt hundrað fjölskyldur frá Jekaterínoslav, nefndu það *Nabat*, Herklukkuna.

Fjölskylda okkar var meðal þessara hundrað fjölskyldna, og í næstum fjögur ár, þar til ég var rúmlega seytján ára, var samyrkjubúið heimkynni mitt. Faðir minn

var í raun og veru einn af upphafsmönnum þessa fyrirkomulags, og margir vélfræðingar frá verkstæði hans gerðust fyrir atbeina hans aðilar að því. Héraðsráðið samþykkti áætlunina, úthlutaði jörðinni og lét í té nokkurn forða og áhöfn til viðbótar því, sem ennþá var eftir á gamla óðalinu.

Í bænum hafði framleiðslan næstum því stöðvast vegna skorts á hráefnum, og matvöruskortur var svo mikill, að við sulti lá. Flótti til sveitanna var eina lífsvonin. Andlegt hungur átti líka nokkurn þátt í fyrirtækinu. Sumir þessara manna brunnu í skinninu af þrá eftir að koma í framkvæmd einhverjum af þeim draumum, sem þá hafði dreymt þau ár, sem þeir börðust fyrir byltingunni, þó að það væri innan takmarka einstaks samyrkjubús. Þeir vonuðu, að Herklukkan hringdi viðvörunarhringingu og minnti á bræðralagshugsjónirnar, sem virtust gleymdar í umróti ófriðar bræðravíganna á þessum tímum, þegar kommúnistar fyrir milligöngu leynilögreglu sinnar tóku menn fasta hópum saman og létu smávægilegar átyllur nægja til að skjóta þá.

Faðir minn hafði þráfaldlega verið hvattur til að ganga í kommúnistaflokkinn. Hann hafnaði því. Hann sagði hranalega, að sér væri ekkert gefið um einræði og ógnarstjórn og ekki heldur þótt það væri undir rauðum fána. Hann sá verkamenn og menntamenn, sem höfðu haldið sér langt fyrir utan baráttuna á tímum keisaradæmisins, ganga í flokkinn nú, þegar svo sýndist, að hann myndi ná valdaaðstöðu til frambúðar; sumir þeirra spunnu upp ævintýralegar byltingarsögur um sjálfa sig. Þetta styrkti ákvörðun hans um að halda áfram að vera flokksleysingi í baráttunni um betri veröld.

Verkamennirnir úr bænum gengu að búnaðarverkefni sínu með hrifningu, en þó ekki án örvæntingar. Auðvitað óskuðu þeir, að heppnin yrði með þeim, svo að fjölskyldur þeirra hefðu eitthvað til matar, en einnig til þess að sanna réttmæti fyrri fórna þeirra í þágu málefnisins. Bændurnir á Íljin-óðalinu og í nágrenninu hæddust að hinum faguðu bæjarbúum, sem voru orðnir bændur. „Nú skulum við sjá, hvernig kommúnistarnir rækta jörðina okkar,“ sögðu þeir með breiðu brosi.

Stríðni þeirra var græskulaus og fól í sér hispurslausa vinsemd. Margir þeirra fóru frá vinnu sinni, ef svo bar undir, til að aðstoða okkur. Fjarri því að líta tilraunina illu auga tóku bændurnir á staðnum hana undir vinsamlega vernd sína. Þeir komu oft til aðstoðar, þegar vinnan var erfiðust, og hjálpuðu til þess, að góður árangur yrði af rekstrinum fyrsta árið. Þó að hinn frægi Erastovka-bændaskóli væri ekki í nágrenninu, komu nokkrir af búfræðingum hans líka okkur til hjálpar.

Fyrir unglingana var lífið á samyrkjubúinu fullt af eftirvæntingu. Mér geðjást að vinnunni, sveitalífinu og tilfinningunni af að starfa með eintómum vinum. Foreldrar okkar voru áhyggjufullir yfir því, að fræðsla okkar væri vanrækt, og reyndu að bæta úr því með bráðabirgðakennslu. En við unglingarnir tókum engan þátt í óróleika þeirra út af þessu. Stopulum tómstundum okkar frá erfiðisvinnu eyddum við í sund, fiskveiðar, kappróður, leiki og könnun umhverfisins. Vinátta sú til hesta, sem mér virtist vera ásköpuð, fékk nú næga útrás. Ég varð hægri hönd

Gratsjevs, hestamannsins. Ég hafði líka mikinn áhuga á lífi bændanna, eignaðist marga vini meðal þeirra og dvaldist mörg kvöld á heimilum þeirra með drengjum og stúlkum á mínum aldri.

Auðvitað var borgarastyrjöldin aldrei í mikilli fjarlægð. Hvað eftir annað raskaði hún lífi okkar, og nokkrum sinnum var ekki annað sjáanlegt en að hún byndi endi á þessa tilraun. Við Konstantín vorum hreyknir af að vera nægilega stálpaðir til að taka þátt í þeim vopnuðu varnarflokkum, sem faðir minn og aðrir ráðamenn höfðu stofnað. Jafnvel Evgeníj litli bróðir minn lærði að handleika byssu. Ýmist brutust rauðliðar eða hvítliðar og þess á milli ókunnir óaldarflokkar inn á landareign okkar og kröfðust matvæla, ábreiðna og jafnvel hesta. Vopnastyrkur sá, er þeir töldu okkur hafa, að því viðbættu, að við vorum fúsir á að skipta með þeim birgðum þeim, sem við gátum án verið, frelsaði okkur frá alvarlegum ránum.

Eitt atvik hefur grafið sig óafmáanlega í minni mitt. Morgun einn var ég að gæta hesta á beit á hæð nokkurri, þar sem útsýni var gott í allar áttir. Á að giska tvö hundruð ríðandi menn, aðallega kósakkar og aðrir hvítliðir, þeystu skyndilega frá þjóðveginum þvert yfir hveitiakra okkar í áttina til fljótsins. Þeir voru eltir ákaflega af miklu fleiri rauðliðum. Þegar rauðliðarnir höfðu króað hvítliðana af, svo að þeim var ekki undankomu auðið, köstuðu þeir sér af klettunum út í fljótið, sem þeir reyndu að synda yfir. En rauðliðarnir komu vélbyssum sínum fyrir á klettabrúninni og drápu flóttamennina svo að segja alla.

Tæpum mánuði síðar var þessi atburður endurtekinn næstum því lið fyrir lið með þeirri einu breytingu, að nú voru það rauðliðar, sem hraktir voru niður klettana og skotnir niður hver um sig, þegar þeir reyndu að komast yfir á hinn fljótsbakkann. Við urðum svo vanir að finna lík, sem skolað hafði upp á fljótsbakkann í landi okkar, að við vorum hættir að minnast á þess háttar atvik.

Undir kvöld dag nokkurn, eftir að við höfðum bjargað fyrstu uppskeru okkar í hús, vorum við Gratsjev staddir í einu hesthúsanna, þegar langur bóndavagn, sem dreginn var af tveim hestum, kom í ljós. Í honum voru fjórir menn og ein kona. Mennirnir og hestarnir voru þaktir storknuðum svita og óhreinindum. Aftan til í vagninum var komið fyrir hriðskotabyssu. Konan, sem virtist vera um þritugt og var lagleg á að líta, var klædd í búning hjúrunarkvenna. Einn af mönnunum var í venjulegum fötum, tveir í einkennisbúningi hinnar nýju og þegar alræmdu leynilögreglu. Sá fjórði, stór og klunnalegur náungi, var í einkennisbúningi sjóliða.

Maðurinn í borgarabúningnum kynnti sig sem Líhomanov — sami maðurinn sem fyrir átti að liggja sem formanni héraðsráðs Jekaterínoslav að verða valdamaður í okkar sveit. Hann sagði, að sveit hvítliða væri á hælunum á þeim og þau yrðu að fá óþreytta hesta til þess að komast undan. Enginn tími væri til þess að ráðgast við neinn, en ef við vildum fá hesta okkar aftur, gætum við komið með þeim til Kamenskoje.

Við samþykktum þetta og vorum brátt sjö í vagninum. Svipan var reidd upp, og hestarnir þutu af stað. Við ókum svo hratt, að ég gat varla greint, að það, sem

lá á veginum, voru lík, sem höfðu verið skilin þar eftir. Líhomanov sagði okkur, að þetta væru mestmegnis lík rauðliða, en stórrusta hefði geisad hér síðustu dagana. „Þeir skulu sannarlega fá það endurgoldið, bastarðarnir!“ grenjaði sjóliðinn við og við. „Við munum rista þá á kvið, svínin þau arna!“

Við urðum ekki fyrir neinu óhappi, fyrr en við höfðum farið fram hjá bænum Aúlíj, og ég var farinn að velta því fyrir mér, hvort sú hætta, sem við vorum að flýja, væri ekki eintómur heilaspuni. Þegar við komum út úr Aúlíj, snerum við inn á veg meðfram fljótinu. Við höfðum ekið tíu eða fimmtán mínútur, þegar við heyrðum hófadyr þeysandi riddara langt fyrir aftan okkur og okkur varð ljóst, að um það bil tylft manna elti okkur. Við heyrðum, að þeir hrópuðu, og vissum, án þess þó að heyra orðaskil, að þeir skipuðu okkur að nema staðar. Sjóliðinn okkar bölvaði hraustlega, hljóp að hriðskotabyssunni og byrjaði að skjóta. Við sáum nokkra af þeim, sem eltu okkur, detta af baki. Þeir, sem eftir lifðu, ákváðu sýnilega að hætta eftirreiðinni.

Við komumst til Kamenskoje um kvöldið og fórum inn í lítið hús, þar sem Líhomanov var sýnilega kunnugur. „Þú getur sofði í sama herbergi og hjúkrunarkonan,“ sagði hann við mig. „Þú ert svo ungur.“ Gratsjev og sjóliðanum, sem áttu að skiptast á að halda vörð um vagninn og hestana, var vísað til næsta herbergis við okkur. Ég fór út til þess að gefa hjúkrunarkonunni tækifæri til að hátta, afklæddist síðan í myrkrinu og steinsofnaði bráðlega.

Það hlýtur að hafa verið nokkrum klukkustundum seinna, sem ég vaknaði við hávaða og æstar raddir. Þegar ég rankaði við mér, heyrði ég hálfkæft og æst óp hjúkrunarkonunnar: „Sleptu mér, skepnan þín, eða ég vek alla í húsinu! Farðu burt, segi ég!“ Nægilegt tunglskin lýsti inn um gluggann til þess að ég gat greint sjóliðann okkar hálfklæddan, með andlitið ummyndað af losta, þar sem hann var að reyna að ná konunni á vald sitt. Hún veitti viðnám af öllu afli, með úfið hárið og ber brjóst, þar sem hann hafði rifið treyju hennar.

Þegar sjóliðinn sá mig setjast upp í rúminu, slepti hann henni og hljóp út bölvandi og skellti hurðinni á eftir sér. „Sauruga burgeisastelpa!“ heyrði ég að hann muldraði. Hjúkrunarkonan grét.

„Svona menn, svona hræðilegir menn!“ snökti hún. „Og svona lagað verðum við að notast við til að framkvæma byltinguna.“

Ég var næstum því eins gramur og hún og bauðst til að kalla á Líhomanov og hina mennina.

„Nei, við skulum ekki raska ró Líhomanovs,“ sagði hún. „Hann hefur nægilegar áhyggjur samt. Hann er einn af þeim réttu, raunverulegur hugsjónamaður!“

Hvorugt okkar sofnaði aftur. Við töluðum saman — eða réttara sagt hún talaði og ég hlustaði — það sem eftir var nætur. Hún sagðist vera dóttir eins af embættismönnum keisarans og bætti við: „Þegar byltingin var gerð, tók ég þátt í henni af lífi og sál. Alla ævi mína hef ég elskað óbreyttan almúgann og langað til að hjálpa honum. Það var hans vegna, að ég sagði skilið við fjölskyldu mína og fór

á námskeið í læknaskólanum í Kharkov. Nú er ég í leynilögregluliðinu. Mér fellur illa margt, sem þeir gera, en mitt starf er að lækna, ekki að skjóta.

Við megum ekki missa trúna eða linna þeirri baráttu, sem þúsundir ærlegra manna stjórna, menn eins og Líhomanov, þó að til séu saurugar og dýrlegar skepnur eins og maðurinn, sem réðst á mig í nótt. Fyrir hvert óþokkabragð eins og þetta er hægt að benda á hundrað afrek.“

Hún sagði mér í trúnaði, að ofbeldismaðurinn væri ekki einu sinni raunverulegur sjóliði. Hann hefði fundið einkennisbúninginn einhvers staðar og klæddist honum af því, að það jók álit hans sem byltingarmanns.

Þegar við Gratsjev riðum aftur heim um morguninn, sagði ég honum, hvað gerst hefði um nóttina. Hann var venjulegur verkamaður og skildi aðeins fátt eitt af því, sem bar við í landi okkar. En þess, sem hann sagði þann morgun, hef ég haft ástæðu til að minnast árin, sem á eftir fóru: „Já, Vítja. Hjúkrunarkonan hafði rétt fyrir sér. Það er bæði gott og illt í byltingunni eins og öllu öðru. Spurningin er: Hvorir verða ofan á, þegar ró kemst á eftir byltinguna, heiðarlegu mennirnir eða skepnurnar, menn eins og Líhomanov eða einhver gervisjóliðinn?“

Nú þegar okkur lá ekkert á, gátum við athugað líkin, sem við höfðum farið framhjá kvöldið áður. Sums staðar voru nýorpnir moldarhaugar, þar sem nágranna-bændur höfðu þegar grafið sum líkin. Mörg líkanna voru nakin og aðeins fá í stígvélum — náirnir höfðu verið rændir til að klæða þá, sem eftir lifðu.

Við lok annarrar uppskeru samyrkjubúsins haustið 1920 fengum við Konstantín inngöngu í Erastovka-bændaskólann í Kommíssarovka.

Skólinn var stofnaður og vel úr garði gerður fyrir einum mannsaldri af Erastus Brodskíj, ríkum jarðeiganda í sveitinni. Hann lagði undir hann hluta af jörð sinni og reisti falleg stórhýsi á hæð með útsýn yfir yndislegt vatn. Byggingarstíll sumra húsanna var gerður eftir fyrirmyndum frá gömlum úkraínskum herragörðum. Þar voru landslagsmálverk eftir fræga listmálara, fagurt tíglaskraut, sem sýndi efni úr þjóðsögum, og auðvitað nýjustu gerðir innfluttra landbúnaðarvéla.

Skólinn hafði orðið fyrir miklum skemmdum, meðan hann var í höndum skemmdarvarganna. Sumt af byggingum hans og svefnsölum var svo eyðilagt, að það var ónothæft. Húsgögn og jafnvel bjálkar úr veggjum og loftum hafði verið notað til eldsneytis. Vélarnar voru óskaplega úr sér gengnar. Mestur hluti hins fræga Erastovka-kvikfénaðar hafði dreifst, en heiðurspeningar, sem hann hafði hlotið á sýningum í Vínarborg og Prag, voru enn til sýnis.

En margir af gömlu kennurunum gegndu enn embættum sínum, og nýir bættust við, svo að um það bil sex hundruð nemendur hvaðanæva úr Rússlandi stunduðu nám þar og ráku nýtísku búskap, þrátt fyrir mikinn skort á matvælum og efnivörum. Þær afurðir, sem framleiddar voru á skólabúinu, hjálpuðu til að halda lífinu í þeim, og sameiginlegir erfiðleikar virtust binda kennara og nemendur fastar saman. Skólinn var undir eftirliti ráðstjórnarinnar, en stjórn mála gætti lítið við

námið. Það var álitíð sjálfsagt, að við, sem menntuðum okkur í því skyni að afla meiri og betri fæðu úr rússneskri jörð handa rússnesku þjóðinni, gerðum það, sem „byltingin“ krafðist af okkur.

Bróðir minn og ég og þriðji nemandinn, sem hét Fjodor og var frá Túapse, bjuggum saman í kofa bónda eins þar á staðnum. Veturinn var fljótur að líða, og með vorkomunni breyttist skólanámið í raunhæfa vinnu á skólajörðinni. Síðar lærði ég að meta, að ég hafði lært þarna miklu meira en ég gerði mér grein fyrir. Yfirborðsþekking mín á vísindalega reknum landbúnaði átti eftir að verða mér að miklum notum á þjóðnýtingartímabilinu.

Með hverjum deginum sem leið varð erfiðara að afla matar. Peningar höfðu gjör-samlega misst gildi sitt, og öll verslun var nú frumstæð vöruskiptaverslun. Við gátum ekki vænst mikillar hjálpar frá samyrkjubúinu, þar sem hin unaðslega draumsýn um samvinnu var að leysast upp í rifrildi og beiskju. Fleiri og fleiri af landnemunum svikust undan merkjum. Brauðbirgðirnar urðu svo litlar, að taka varð upp stranga skömmtnun. Það sýndi sig, að fátæktin er óheppileg guðmóðir nýrrar veraldar, jafnvel þótt ekki væri um stærra fyrirtæki að ræða en Herklukkuna.

En það er ekki auðvelt að hræða unglingspilta með erfiðleikum. Við vorum vanir að láta okkur nægja lítið og að afla okkur matar til næstu máltíðar. Það vor fóru margar járnbrautarlestir fullar af hersveitum Rauða hersins um Kommíssarovka áleiðis til vígstöðvanna, því að ófriður við Pólland var í aðsigi. Hlutverk okkar var ekki annað en það að losa hermennina við dálítið af matarbirgðum sínum, og það hlutverk léku þessir þrír skólabræður frá Erastovka með ágætum.

Á leyfisdögum og stundum á skóladögum, þegar við gátum skotist burt nokkrar klukkustundir, rákum við fyrirtæki á járnbrautarstöðinni, sem nefndist „Farand-rakarastofa námsmannanna“. Nafnið var lettrað á stórt spjald með skrautlegustu skrift Kotja. Fyrir neðan stóð: „Rakstur og klipping. ... Vel og samviskusamlega af hendi leyst. ... Greiðsla í vörum“. Að lokum kom undirskriftin með votti af barna-legri kímní: „Ónytsamir starfsfélagar.“ Fjodor, sem hafði lært listina einhvers staðar á ferðum sínum, framkvæmdi raksturinn. Kravtsjenko-bræður voru hárskerar. „Verið ósmeikar,“ fræddi Fjodor okkur, „þetta er eins og að slá gras — löng róleg tök og síðan að jafna stallana.“

Hermennirnir hópuðust um þessa gervirakara, hentu gaman að þeim — og greiddu skurðarlaunin með örlæti hins óbrotna manns. Við komum oft heim með svo mikið af brauði, svínakjöti, grænmeti og öðrum vörum, að við gátum boðið vinum okkar til veislu. Einstaka sunnudaga setti farandrakarastofa námsmannanna spjald sitt upp á markaðstorgi bæjarins og fékk ágæt viðskipti. Bændurnir greiddu með eggjum og kartöflum, stundum með kjúklingi.

Þessi gullnáma tæmdist þó allt of fljótt. Það voru ekki lengur neinir, sem gátu látið af hendi mat fyrir rakstur. Hinir miklu þurrkar árið 1921 voru að hefjast, og bændurnir, sem vissu, við hverju mætti búast, urðu sparsamir og geðstirðir. Þegar

ekki var lengur neinn mat að fá í skólanum, snerum við aftur til samyrkjubúsins og komumst þar að raun um, að hin upprunalega hrifning var brunninn út og ekki var annað eftir en aska kyrrlátrar örvæntingar. Fáir einir af fyrstu landnemunum voru þar ennþá, og flestir þeirra höfðu fengið sér vinnu í verksmiðjum í nágrenninu.

Ég var nú orðinn sextán ára. Í Korbíno, nokkrum kílómetrum frá Herklukkunni, var lítill járnsteypa. Þar fékk ég atvinnu sem nemandi hjá lásasmið. Það var í fyrsta skipti, sem ég vann erfiðisvinnu fyrir borgun. Þegar ég kom heim í blettóttum vinnufötunum, óhreinn og með þreytuverki, fannst mér í fyrsta sinn, að nú væri ég orðinn fullorðinn maður.

Borgarastyrjöldinni var nú næstum því lokið, og ráðin höfðu nú ótvírætt náð völdum í sínar hendur. Stundum komu áróðursmenn frá flokknum í verksmiðjurnar og ávörpuðu okkur í miðdegishléinu eða eftir vinnutíma. Eldri verkamennirnir létu orð þeirra venjulega sem vind um eyru þjóta, en yngri menn og konur hlustuðu á þá með áhuga. Þeir gáfu okkur vonir á tímum þegar alls staðar ríkti neyð og bölsýni. Einnig var þarna verksmiðjuklúbbur, sem prýddur var steinprentuðum myndum af Lenín, Trotskíj, Marx og Engels og kjörorðum með skjannahvítum bókstöfum á rauðum fánadúksræmum.

Ég hlustaði með áhuga á ræðumennina frá aðalstöðvunum og hleypti jafnvel kjarki í mig til þess að bera fram spurningar. Framtíðarloforðin freistuðu enn frekar vegna neyðarástands þess, sem ríkti. Ég var í klípu milli vantrúarinnar heima og trúarlöngunar minnar. Ég skildi mótbáru föður míns gegn hinum hörkulegu kommúnistaaðferðum, en eftir því sem tíminn leið, fannst hinni ungu skynsemi minni, að hann væri of strangur í dygd sinni, að hugsjón hans væri dálítið úrelt.

„Hvers vegna kemur þú ekki í klúbbinn og hlustar á ræðurnar?“ spurði ég hann stundum. Mig langaði til að draga hann inn í hið nýja líf.

„Hvað geta þeir kennt mér?“ svaraði hann dapur í bragði. „Ég hef gleymt meiru en þeir vita. Nei, ég þakka. Eggið á ekki að kenna hænunni.“

Sumarið 1921 náði hungursneyðin hámarki sínu og með henni bróðir sultarins — taugaveikifaraldur. Þau áttu eftir að verða milljónum manna að bana, áður en þau höfðu hlaupið hið hræðilega skeið sitt á enda. Eftir hin löngu ár stríðsins og borgarastyrjaldarinnar stóðum við augliti til auglitis við sultinn í hans frumstæðustu og grimmilegustu mynd. Miðbik þurrsins var umhverfis Volgu, en hann teygði gráðugur náfingur sína vestur fyrir Dnepr. Svæðið, þar sem hungursneyðin var mest, var að mestu leyti hið sama og aðalvígsvöllur borgarastyrjaldarinnar. Það var eins og jörðin gerði uppreisn gegn hinu langvinna blóðbaði.

Engin orð fá lýst þjáningunum eða skelfingunni. Mennirnir litu á allt, sem lífsanda dró — hesta, hunda, ketti, eftirlætisdýr heimilisins — með gráðugri örvæntingu. Sá búfenaður, sem ekki var slátrað, dó úr sulti og var etinn þrátt fyrir opinberar aðvaranir um farsóttir. Menn flysjuðu börkinn af trjánum til að sjóða úr honum „te“ eða „súpu“. Fólk lagði sér til munns óverkuð skinn. Síðustu stráin og blóðin á engjunum voru tínd. Oftar og oftar heyrðust frásagnir um bændur,

sem átu lík ástvina sinna, og því miður voru þær oft sannar. Ég þekkti dæmi þess í Romankovo, Aúlíj, Pankovka og öðrum sveitaþorpum í nágrenninu.

Dauðinn — hinn uppþembdi, nábleiki, viðbjóðslegi dauði — var daglegur gestur. Við vorum allt of önnum kafnir í viðleitni okkar til að halda lífi í sjálfum okkur til að taka eftir eða í raun og veru að fást nokkuð um aðra. Góðir menn, sem undir venjulegum kringumstæðum gátu ekki horft á þjáningar annarra, grófu nú mat sinn í jörð til að lengja líf sitt um nokkrar vikur eða mánuði án þess að hugsa um nágranna sína, sem þembdust upp og dóu úr hungri umhverfis þá.

Ég var sterkbyggður og hraustur og þurfti lítið til að halda í mér líftórunni. Ásamt öðrum dreng á samyrkjubúinu, Senía, fór ég með járnbrautarlest í norðurátt til Poltava til að útvega mat. Við tókum með okkur allt, sem hugsanlegt var, að tekið yrði í skiptum fyrir eitthvað ætilegt: gamlan fatnað, silfurskeiðar, staka skrautgripi, bursta og önnur heimilistæki. Peningar höfðu ekki lengur neitt gildi, en vöruskipti var hægt að hafa, ef heppnin var með.

Eftir nokkra daga komum við til Prílúki og ákváðum að freista gæfunnar þar. Aðrir menn voru komnir þangað hundruðum saman í sömu erindum, og samkeppnin var mjög hörð. Við stóðum allan daginn á torginu með fátæklegar birgðir okkar breiddar á jörðina til sýnis og báðum bændurna að rannsaka þessa dýrgripi. Á kvöldin fórum við til sveitaþorpanna og gengum hús úr húsi. Það hjálpaði okkur, að við vorum báðir ungir, og líka það, að ég gat talað við bændurna á þeirra úkraínska máli.

Á hverjum degi komum við einhverju út og sáum sekki okkar fyllast af haframjöli, hveiti, ertum og baunum. Það var engum vandkvæðum bundið fyrir okkur að fá húsaskjól á næturnar hjá bændunum, allra síst ef við snerum okkur til stúlkna á okkar reki. Í staðinn fyrir hringi og ódýrar brjóstnælur tókst stúlkunum að grafa upp salt, sykur, sólblómafræolíu, saltað svínakjöt og aðrar munaðarvörur.

Við Senja vorum hamingjusamari en nokkur viðskiptajöfur, sem hefur gengið frá samningi um viðskipti fyrir tíu milljón dali. Við komum heim aftur með margra mánaða viðurværi handa fjölskyldum okkar.

Lestin var troðfull af mönnum, konum og börnum, sem voru á leið heim til hungursvæðanna með dýrmæta poka og pinkla. Við þorðum ekki að loka augnum af ótta við að verða rændir. Seint um kvöld, við Znamenka-stöðina, skipuðu hermenn og vagnstjórar öllum að fara út úr lestinni. Við vorum rekin inn í biðsal, sem þegar var orðinn fullur af óhamingjusömu fólki. Enginn hafði hugmynd um, hvers vegna lestin hafði verið tæmd. Allir biðu eftir annarri lest með þolinmæði skepnunnar, þolinmæði, sem sköpuð hafði verið af langvinnum þjáningum og sljóguguðum skilningarvitum. Þegar lestin kom, tókst aðeins hinum sterkustu og fráustu að komast upp í hana. Við Senja urðum að bíða.

Eina ljósið í óhreinum biðsalnum kom frá kveik, sem dýft hafði verið í olíu. Þrengslin voru svo mikil, að menn tróðu hver á öðrum til að komast til náðhúsanna. Hér og þar grétu börn, brjóstmylkingar sugu tóm brjóst. Úti í einu horninu lágu

maður og kona í ástríðufullum faðmlögum án þess að skipta sér af klúrri glettni þeirra, sem hjá þeim stóðu.

En það, sem athygli þeirra, sem enn höfðu einhvern neista af áhuga á öðrum, beindist að, var ung kona, sem veinaði eins og skepna, sem verið er að slátra. Aðrar konur ruddu rúm umhverfis hana, karlmenn komu með vatn í fótum, og fólkið gleymdi baráttu sinni við sultinn í uppnáminu við fæðingu nýs lífs. Veiklulegt kjökur nýfæddis barns boðaði, að kraftaverkið hefði gerst, og fólkið sökkti sér aftur niður í áhyggjur sínar.

Um morguninn sá ég móðurina liggjandi á óhreinu stöðvargólfinu. Andlit hennar var folt og blóðlaust, og hún hafði óhreinan poka undir höfðinu. Nýfædda barnið, sem var sveipað í tötra, lá við brjóst hennar. Barki minn herptist saman af meðaumkun. Ég skildi Senja eftir til þess að gæta farangurs okkar og hljóp út í sveitaborpið. Ég átti þrjár silfurrúblur frá keisaratímanum í vasa mínum, og eftir hálftrar stundar leit tókst mér að fá í skiptum fyrir þær litla flösku af heitri mjólk og smátréskál með hafragraut. Þegar ég færði ungu konunni þessar gjafir ásamt hreinu handklæði, sem ég átti, starði hún á mig með vantrúa þakkæti.

„Ég þakka, ungi maður,“ sagði hún á úkraínsku. Augu hennar voru falleg í kinnfiskasognu andlitinu. „Hvað heitið þér?“

„Víktor Andrejevítsj,“ svaraði ég.

„Guð verndi yður og geri yður hamingjusaman,“ sagði hún veikum rómi og brosti í fyrsta skipti. „Ég ætla að skíra dóttur mína Víktoríu, svo að hún muni góð-vild yðar alla ævi.“

Ég var á leið til Senja, sem var í hinum enda salarins, þegar ungur óþokki, sem hafði veitt þessu athygli, æpti dónalega: „Halló, félagar. Hérna er faðir barnsins!“

Hann var höfði hærri en ég, með digra handleggi og þéttvaxinn. En ofsareiði hirðir ekki um stærðfræði. Ég lagði í hann, og mér til mikillar undrunar skellti ég honum á gólfid. Þegar hann varð þess var, að mannfjöldinn tók ákaft minn málstað, reis hann hægt á fætur, þurrkaði blóðið af efri vörinni og vék af hólmi með pinkla sína.

Enginn sigurvegari hefur nokkru sinni fengið hjartanlegri móttökur en hinn ungi Víktor, sem skjögraði undir poka af matvælum. Á næstu mánuðum fór ég nokkrar ferðir með lest eða ríðandi. Gullkross ömmu var síðasti ættardýrgripurinn, sem við urðum að láta af hendi.

Við höfðum haldið í hann, meðan nokkur von var til að halda í okkur lífinu án þess að skipta á honum og matvælum. Síðar kom hjálp frá Ameríku fyrir milli-göngu kvekara, hjálparstarfsemi Hoovers og fleiri hópa, en mest af henni fór til landsvæðisins umhverfis Volgu. Í Úkraínu var ný uppskera að þroskast, og lífið komst smám saman aftur í eðlilegt horf.

Ég sneri aftur að rennibekknunum í Korbíno-verksmiðjunni.

4. kafli: Rauð æska

GRÓÐURINN KOM AFTUR UPP sumarið 1922, hár og þroskamikill, og með honum lifnuðu nýjar vonir og lífslöngun. Hinir dánú — þeir skiptu milljónum — voru grafnir, og með eins konar þöglu samþykki minntist enginn á hörmungarnar. Martroðin tilheyrði nóttinni og myrkrinu.

Trén í aldingarðinum á Herklukkunni svignuðu undir ávöxtunum, berin urðu stór og safamikil, tjörninn fylltist af fiski og andvarinn frá Dnepr ýfði gullið hár hveitiakranna. Aftur söng kór úkraínskra stúlkna heillandi söngva, meðan þær unnu við uppskeruna. Það var indælt að vera næstum seytján ára, vera farinn að vaxa grön og fara skyndilega hjá sér í návist ungrar stúlku, sem maður hefði ekki einu sinni tekið eftir í gær.

Ákvörðun mín um að verða námuverkamaður stóð einhvern veginn í sambandi við þennan gróanda nýs lífs. Ég þráði að grafa í iðrum jarðarinnar, reisa, stækka. Orð ræðumannsins í Korbínoklúbbnum hafa vafalaust aðeins verið upptugga á hinum fyrirskipuðu reglum úr leiðarvísi kommúnistaflokksins til kolanámumannanna. En fyrir mínum sjónum voru þau lúðrahljómar, sem hvöttu til dáða.

„Félagar,“ sagði ræðumaðurinn þetta kvöld snemma um haustið, „land okkar þarfnast kola, málma og olíu. Lausnarorð framtíðarinnar er, að allir þið, sem berið í brjósti ást til byltingarinnar, verðið að fara til verksmiðjanna og námanna. Ráðstjórnarríki okkar þarfnast sterkra verkamannahanda. Til dæmis er þörf á þúsundum manna í kolanámum í Donetsk-dal.“

Við Senja litum hvor á annan. Við vissum án þess að segja nokkuð, að við höfðum tekið sömu ákvörðunina.

Þegar ég sagði frá því heima, að ég ætlaði að fara til Donetsk-kolanámanna, varð faðir minn hryggur. Móðir mín grét og minnti mig á, að ég væri aðeins drengur og mér myndi gefast nægur tími seinna til þess að vinna. En þau reyndu ekki að stöðva mig. Í marga daga gerði móðir mín við fót mín og bjó vandlega um þau.

Við vorum sendir í námu á Altsjevsk-svæðinu í námunda við Algovverovka. Það var eitt af elstu kolasvæðunum í Donetsk-dalnum, en nú var unnið á miklu stærra svæði en áður. Við gistum fyrstu nóttina í löngum, dimmum bragga, þar sem mörg hundruð manna sváfu á hörðum rúmfjölnum í hillurúmum. Óþefurinn af hinum mörgu líkómum, gömlum mat og slæmu tóbaki var næstum því óbærilegur. Nokkrir kolugir námumenn spiluðu á skítug spil og bölvuðu hressilega í skímu frá kolu.

En drengirnir tveir frá Dnepr voru þreyttir eftir langa ferð í troðfullri lest og

sváfu værum svefni. Þegar við vöknudum um morguninn, uppgötvuðum við, að töskunum okkar hafði verið stolið. Við áttum því ekki annað eftir en óhrein ferðafötin, sem við höfðum sofið í á leiðinni. Ekki batnaði skapið við að ganga um námubæinn og skoða hann. Hann var ekki annað en ein löng og dimm gata meðfram skúrum, sem komnir voru að hrúni, og nýjum, ómáluðum bröggum. Allt var þakið svörtu kolaryki. Draumurinn um að vinna að „eflingu sósíalismsans“ með eigin höndum fjaraði fljótlega út, og það fóru margar vikur í að endurnýja dálítið af þeim ákafa, sem við höfðum í byrjun.

Senja var vísað til verks í einni af námunum langt inni í eikiskógi. En örlög mín voru önnur. Vegna skorts á mönnum, sem voru læsir og skrifandi, lagði starfsmaður verkalyðsfélagsins fast að mér að taka að mér vinnu í einni stjórnaðskrifstofunni. Draumurinn um sjálfan mig að sveifla haka með námulampa spennan um ennið leystist upp í veruleika, þar sem ég sveiflaði pennaskafti og reikningskvarða.

Fyrstu mánuðina bjuggum við í einum af þessum stóru, óþrifalegu skálum, sem nýliðunum var hrúgað í. Seinna fengum við til afnota eitt herbergi í einu af smáhúsunum, sem fastir starfsmenn voru til húsa í. Þegar ég hafði vanist kolarykinu og þessum frumstæðu lifnaðarháttum, varð þessi nýja tilvera fjölbreytt og jafnvel skemmtileg í mínum augum. Ég var þarna í miðri veröld, sem var eins konar þverskurður eða sýnishorn af þeim kynþáttum og þjóðflokkum, sem mynduðu Ráðstjórnarríkin.

Rússar og Úkraínumenn voru auðvitað í meiri hluta, en þar voru einnig Tatarar, Armeníumenn, Kínverjar, fjallaþjóðir frá Kákasus og Kazakhar frá gresjum Asíu. Einstaka þeirra höfðu komið eins og við Senja af áhuga og ættjarðarást til að hefjast handa um það stórkostlega viðfangsefni að breyta Rússlandi í iðnaðarland. En allur þorri þeirra kom þó af því, að kaupið var hátt, miðað við það, sem þeir áttu að venjast í sveitaþorpunum. Þúsundir þeirra dvöldust þar ekki lengur en meðan þeir voru að aura saman fyrir kú, hesti eða nýju húsi. Þessi geysilega öru mannskapti voru mesti vandi námustjórnarinnar.

Það var heldur grunnt á því góða milli hinna ólíku kynflokka. Þeir héldu hópinn og sóttust eftir að vinna hver fyrir sig; Asíubúarnir í dýpstu og þrengstu námu-göngunum, Rússar og Úkraínubúar léttari störf. En það regindjúp, sem skildi stétt frá stétt, var ennþá dýpra en það, sem aðgreindi þjóð frá þjóð. Leifarnar af mönnum „fortíðarinnar“ — kaupmannasynir, landeigendur og prestar, fyrrverandi liðsforingjar og embættismenn frá keisarátímanum, stúdentar — fundu vel til þess, að þeim var ofaukið, þeir voru óþolanlegir og opinberlega fyrirlitnir.

Lífið í bröggunum var ruddalegt og oft herfilegt. Menn drukku vodka í stríðum straumum og lentu í orðahnippingum og ryskingum undir áhrifum þess. Sumir námumannanna spiluðu fjárhættuspil og hnakkristust um hin fjarstæðustu málefni. Ég sá námuverkamenn tapa í spilum öllu kaupi sínu og jafnvel líka síðustu skónum og einu ábreiðunni, sem þeir áttu. Einstaka alvarlega hugsandi verkamenn sóttu

námskeið í bóklegum greinum, verkamannaklúbba og bókasöfn, en þeir voru aðeins brot af fjöðanum.

Ég hafði gaman af að athuga hina skjótu breytingu, sem varð á bændasonunum, sem komu í fyrsta sinn feimnir og óreyndir beina leið frá sveitaþorpunum út í hina víðu veröld. Þeir komu í bastskóm, víðum, heimaunnum buxum og síðum bændauþpum og gláptu á „öreigana“ og hina framandi þjóðflokka frá öllum landshornum Rússlands.

En hversu fljótt urðu þeir aðrir, en ef til vill ekki betri menn! Margir þeirra komu frá bænum í nýjum búðarflíkum, rakaðir og ilmandi, í nýjum skóm, sem marraði virðulega í. Þeir létu taka mynd af sér í nýju fótunum til að vekja undrun aðstandenda sinna og kunningja heima. Þeir ráfuðu í háværum hópum um verkamannahverfin, sungu og léku á munnhörpu og létu dólgslega. En síðan voru líka aðrir, sem strax löðuðust að klúbbum og kennslunni og hörmuðu „þroskaleysi“ og „menningarskort“ vina sinna og ræddu stjórnmál eins og þeir væru fæddir stjórnmálamenn.

Líf mitt snerist að sjálfsögðu allt um klúbbinn. Lestrarfýsn mín, sem dofnað hafði í borgarastyrjöldinni og hungursneyðinni, gaus nú upp á ný. Auk bókana, sem til voru í safninu, lánuðum við hver öðrum bækur. Á frídögum mínum og svo að segja á hverju kvöldi sótti ég námskeið í efnafræði, stærðfræði og eðlisfræði eða hlustaði á fræðilegar umræður um námugróft. Við Senja eignuðumst vini meðal pilta og stúlkna, sem voru jafnnámfús og við, og fyrri skólaganga kom mér nú að góðu haldi og veitti mér nokkur áhrif meðal hinna alvörugefnu ungu verkamanna og barna eldri verkamannanna.

Í dagblöðunum var hrópað hárrí röddu um betri kjör í landinu. Hið fátæka og ónýtta Rússland var nú loks á framfarabraut. Nú varð hver maður að gera skyldu sína — grafa upp meira af kolum, rækta meira korn og mennta sig betur. Ég las hvatningargreinar eins og þeim væri beint til mín sérstaklega. Öðru hverju lögðu hinir miklu leiðtogar flokksins — Petrovskíj, Rakovskíj og jafnvel Lúnatsjarskíj — leið sína um héraðið. Þegar ég hlustaði á þá, fannst mér ég vera þátttakandi í einhverju nýju, stórkostlegu og dásamlegu. Í Kreml í Moskvu sátu menn, sem við kölluðum aðeins „félaga“, — Lenín, Trotskíj, Dzherzhínskíj, — en mér voru þeir guðir.

Er ég lít yfir kommúnistaferil minn, er mér næst að halda, að ég hafi snúist til fylgis við flokkinn, er félagi Lazarev kom og flutti fyrirlestra um viðfangsefni sósíalismans. Hann var maður um þrítugt, kennari við háskólann í Sverdlovsk, hár, grannur og snyrtilega til fara. Hann talaði blátt áfram og frá eigin brjósti, ekki með tilvitnunum í Marx og Lenín. Það hafði sérstök áhrif á mig, að hann gekk með hálsbindi, og var það mikill stuðningur við málstað þeirra, sem héldu því fram, að maður gæti verið góður ráðstjórnarborgari og samt látið eftir sér jafnborgaralegt tildur.

Dag nokkurn sat ég í bókasafninu niðursokkinn í lestur, þegar einhver sagði fyrir aftan mig: „Hvað ertu að lesa? Ég hefði gaman af að vita það.“

Ég sneri mér við. Það var félagi Lazarev.

„Hugleiðingar Jérômes Coignards ábóta eftir Anatole France,“ svaraði ég og brosti feimnislega.

„Jæja, Anatole France,“ sagði hann. „Hvers vegna lestu ekki eitthvað úr gullaldarbókmenntum Rússa eða eftir einhvern ráðstjórnarhöfund?“

„Ég finn margt hjá Anatole France, sem ég finn ekki hjá ráðstjórnarhöfundunum,“ sagði ég. „Hann er skarpskyggn og mjög hreinskilinn. Ég les líka gullaldarbókmenntir Rússa, en þessir nýju höfundar skrifa aðeins um stjórnámál og virðast forðast að lýsa lífinu umhverfis okkur eins og það er í raun og veru.“

„Þú segir nokkuð! Við skulum tala um þetta eitthvert kvöldið. Komdu upp í herbergið mitt, og við skulum kynnst betur.“

Ég hitti hann nokkrum dögum seinna við sjálfbóðaliðavinna, þar sem hundruð sjálfbóðaliða unnu eitthvert nauðsynjaverk án kaups. Í þetta sinn var það að færa risastóran kolabing, svo að hægt væri að leggja veg. Félagi Lazarev var í vinnufötum, allur sótugur og beitti skóflunni af mesta dugnaði. Hann heilsaði mér eins og gömlum kunningja.

Þetta kvöld hitti hann mig aftur í bókasafninu. Hann vildi fá að vita, hvað ég væri nú að lesa. Ég sagði honum, að það væri *Hvað ber að gera?* eftir Tsjerníshevskij.

„Mikilvægt rit,“ sagði hann og kinkaði kolli til samþykkis.

„Já, og spurning hans, hvað beri að gera, er einmitt það, sem ég er nú að velta fyrir mér,“ sagði ég.

„Þeirri spurningu hafa Lenín og á undan honum Marx þegar svarað fyrir milljónir manna. Hefur þú lesið Lenín og Marx?“

„Dálítið í Lenín,“ svaraði ég, „en ekki Marx. Ég hef auðvitað lesið bæklinga þá, sem flokkurinn hefur gefið út, en ég er ekki viss um, að þeir svari fullkomlega spurningunni um það, hvað gera skal.“

„Komdu yfir í herbergið mitt. Við skulum fá okkur te og eitthvert snarl, og þar getum við spjallað saman án þess að trufla nokkurn,“ sagði félagi Lazarev brosandi. Herbergið var bjart og tandurhreint. Mislit ábreiða var á legubekknunum og bókum snyrtilega raðað milli bókastöða á skrifborðinu. Nokkur blóm voru í skreyttu blómakeri. Á einum vegg voru fjölskyldumyndir, ein þeirra af Lazarev sjálfum á unga aldri í menntaskólabúningi með hund við fætur sér, önnur af mjög laglegri systur hans, líka í menntaskólabúningi. Á öðrum vegg voru innrammaðar ljósmyndir af Lenín og Marx og á milli þeirra hin alkunna mynd af Lev Tolstoj á gamalsaldri, klæddum síðum kyrtli að bændasið, með þumalfingurna undir ofnu beltinu. Þessi sjón hlýjaði mér um hjartaræturnar og náði tókum á mér, þó að ég gæti varla gert mér grein fyrir, af hverju svo var.

Þetta er ekki ruddalegur sjóliði, sem ræðst á hjúkrunarkonu að næturlagi, hugsaði ég með sjálfum mér. Slíkum kommúnista gæti ég fylgt að málum.

„Ég hef reynt að setja dálítinn heimilissvip á herbergið,“ sagði Lazarev, „úr því að ég á að búa hér nokkra mánuði.“

Við ræddumst við í margar klukkustundir þetta kvöld, um bækur, flokkinn, framtíð Rússlands. Lazarev sagði, að ég ætti heima hjá hinum kommúníska minni hluta, sem ætti að vísa leiðina. Ég ætti þess vegna að ganga í æskulýðsfylkinguna og síðan í flokkinn. Hann játaði, að flokkurinn væri að sjálfsögðu ekki fullkominn og stefnuskráin ef til vill ekki fullkomin heldur, en fólkið væri mikilsverðara en stefnuskrár.

„Hvaða von er um sigur,“ sagði hann, „ef ungir og gáfaðir hugsjónamenn eins og þú standa utan við hreyfinguna? Því ekki að ganga í lið með okkur og vinna fyrir hinn sameiginlega málstað? Þú getur gert öðrum gagn með því að vera fyrirmynd þeirra í ættjarðarást. Líttu aðeins í kringum þig í bröggunum. Þar sérðu fjárhættuspil, óhreinindi, drykkjuskap og græðgi, þar sem ætti að vera hreinlæti, bækur og menntun. Þú verður að skilja, að við eigum geysilegt verkefni óleyst, það þarf tröllaukið átak til að gera hreint í húsi okkar. Við verðum að uppræta illgresi fortíðarinnar, sem enn er alls staðar, rotnun og óþverra, og til þess þurfum við að fá góða menn. Kjarni málsins er ekki aðeins sósíalismi í orði kveðnu, heldur velsæmi, menntun og betra líf fyrir allan fjöldann.“

Kommúnistar höfðu áður lagt hart að mér. En nú heyrði ég í fyrsta sinn bergmál þess anda, sem hafði gagnsýrt æsku mína. Ég rökræddi við félagi Lazarev. Ég sagðist mundu hugsa nánar um þetta, en í rauninni var ég sammála honum og hafði þegar tekið ákvörðun.

Þegar félagi Lazarev fór til Moskvu nokkrum vikum síðar, var ég meðal þeirra mörgu, sem safnast höfðu saman á brautarstöðinni til að kveðja hann, en þarna voru óbreyttir námumenn og skrifstofumenn jafnt sem háttsettir embættismenn.

„Þú ert þarna, Vítja,“ sagði hann og gekk til mín. „Ég heyrði af tilviljun, að þú værir genginn í æskulýðsfylkinguna. Það var rétt gert! Ég óska þér til hamingju! En hvers vegna léstu mig ekki vita? Ég hefði mælt með þér.“

„Ég veit það, og ég er þakklátur þér fyrir það,“ svaraði ég. „En ég vildi komast þangað af eigin rammleik ... án verndar.“

„Það kann að vera rétt hjá þér,“ svaraði hann brosandi. „En hérna er smágjöf, sem mig langar til að gefa þér.“

Það var bók. Ég gerði ráð fyrir, að hún væri eftir Marx eða Lenín. Á heimleiðinni leit ég á titilblaðið: þrjú leikrit eftir Shakespeare. Lazarev, þessi ákafi kommúnisti og duglegi leiðtogi, sameinaði mannkærleika Tolstojs og ástina á fegurðinni í ódauðlegri túlkun Shakespeares við trú sína á Marx og Lenín. Myndi þetta sambland geta varðveist? Skyldu menn eins og Lazarev sigra?

Nú hafði líf mitt öðlast gildi, tilgang og nýja, heillandi tilfinningu fyrir því, að ég væri að helga mig málstað. Ég var einn „hinna útvöldu“, valinn af sögunni til að leiða þjóð mína og allan heiminn úr myrkrinu inn í sólskinslönd sósíalismans. Ég

veit, að þetta hljómar eins og karlagrobb, en þannig töluðum við, og þetta fannst okkur. Það gat bólað á efasemdum og eigingirni meðal eldri kommúnistanna, en ekki í hópi okkar, eldheitra nýliðanna.

Sérréttindi mín sem eins hinna útvöldu voru meiri vinna, fyrirlitning á peningum og afneitun eigin metorðagirni. Ég mátti aldrei gleyma því, að ég var fyrst félagi æskulýðsfylkingarinnar, síðan einstaklingur. Sú staðreynd, að ég hafði gerst félagi æskulýðsfylkingarinnar í námuhéraði, þar sem nú stóð yfir „iðnbylting“, setti á það leyndardómsfullan blæ. Ég geri ráð fyrir, að ungir aðalsmenn, sem fengu inngöngu í hirð keisarans, hafi haft þessa sömu tilfinningu um að vera „útvaldir“.

Nú var ekki lengur tími aflögu til skemmtana. Lífið hafði fyllst skyldum, fyrirlestrum, leiksýningum fyrir námumennina og kennisetningum, sem varð að nema og rökræða. Við vissum það, að Lenínar og Búkharínar framtíðarinnar hlutu að koma úr okkar hópi. Við vorum að undirbúa okkur undir starf leiðtogans. Við vorum eins konar kórdrengir í dómkirkju efnishyggjunnar.

Ég uppgötvaði, að ég gat skrifað og talað af nokkurri lipurð án undirbúnings, og gerðist því brátt mjög „virkur“ félagi í hreyfingunni. Ég átti sæti í alls konar nefndum, vann trúboðsstörf meðal hinna „lítilltrúuðu“ utan flokksins og lét að mér kveða í hinum tíðu hátíðahöldum. Ótal viðburði þurfti að halda hátíðlega auk hinna venjulegu helgidaga byltingarinnar. Þegar nýjar vélar voru settar í gang, ný námugöng grafin eða framleiðslutakmarki náð, var það haldið hátíðlegt með skrúðgöngum, hljómlist og ræðuhöldum. Annars staðar í heiminum voru kol ef til vill aðeins kol, en hjá okkur voru þau „eldsneyti fyrir eimreiðar byltingarinnar“.

Fyrir meðalgöngu félaga Lazarevs hafði mér verið fengin vinna í sjálfum nám-unum, og þurfti ég nú ekki lengur að öfunda Senja af þeim sökum. Við tveir og nokkrir aðrir ungir námumenn mynduðum vinnuflokk, samvinnufélag, og var okkur greitt fyrir störf flokksins í heild. Þetta vinnuflokkakerfi var þá mjög mikið notað til að auka framleiðsluna. Félagar duglegra vinnuflokka unnu sér venjulega inn meira kaup en einstakir námumenn. En það skipti minnstu máli fyrir okkur. Við buðumst til að vinna hættulegustu og erfiðustu verkin og vildum með því sanna áhuga okkar í verki. Við höfðum jafnvel kjörorð, sem við tilkynntum námu-stjórninni hátíðlega: „Ef það er nauðsynlegt, þá er það framkvæmanlegt.“

Félagar vinnuflokksins bjuggu saman í hreinu og viðfelldnu húsi, þar sem gnægð var góðra bóka. Við skiptumst á við gólfþvott og önnur heimilisstörf. Ég var viss um, að byltingarleiðtogarnir og góðskáldin, sem héngu á veggjunum, litu með velþóknun á þennan menningarvott í þessu vanhirta landshorni. Meðal myndanna af leiðtogunum var mynd af Ordzhoníkídze, einum af nánustu samstarfsmönnum Leníns, sem síðar varð þjóðfulltrúi þungaiðnaðarins. Mér féll vel í geð hið stórskorna, georgíska andlit hans, með stóra arnarnefinu og lafandi yfirskegginu. Ef til vill hafði ég óljóst hugboð um, að þessi maður ætti eftir að verða verndari minn og eins konar andlegur leiðtogi, þegar starf mitt í flokknum stæði sem hæst.

Öðru hverju leyfðum við okkur að sjálfsögðu léttar skemmtanir kvöld og kvöld.

Vinir og félagar komu þá saman í húsi okkar. Var þar mikill „menningarbragur“ á öllu og samræður „háflýgar“. Einn félagi okkar lék afbragðsvel á gítar. Síðan sungum við og dönsuðum og rökræddum langt fram á nótt. Nokkrar af snotrustu stúlkunum í námubænum komu til okkar á þessar skemmtanir. Ef við skemmtum okkur reglulega vel, fengum við dálítið samviskubit og refsuðum okkur með því að starfa enn betur fyrir æskulýðsfylkinguna, nema betur og ræða stjórnmál af enn meiri áhuga næstu daga.

Seint um haustið reyndi alvarlega á hið djarfa kjörorð okkar. Það hafði flætt í eina af námunum. Bitar voru settir í hana til stuðnings, þar sem óttast var, að hún gæti hrunið saman, en samt var unnið slitlaust í henni. Við buðumst til að vinna í þessari námu og gefa hinum fastráðnu námumönnum gott fordæmi, en þeir voru flestir Kínverjar eða Tatarar.

Ég var niðri í námunni og vann af kappi, þó að ég stæði í ísköldu vatni upp að hné. Skyndilega virtist allur heimurinn skjálfa, nötra og bresta. Ég heyrði einhvern öskra af skelfingu, að öllum líkindum hefur það verið rödd mín. Nokkur hluti af námugöngum okkar hafði hrunið. Þegar ég opnaði aftur augun, lá ég í sjúkrarúmi í stóru hvítkölluðu herbergi. Læknir í hvítum kyrtli hélt um slagæð mína, en við rúmið stóð myndarleg, miðaldra hjúkrunarkona og hélt á skrifblokk og blýanti. Hún brosti, er hún sá, að ég hafði fengið meðvitundina aftur.

„Verið óhræddur, félagi Kravtsjenko. Þér verðið jafngóður aftur,“ sagði hún, og læknirinn kinkaði kolli til samþykkis.

Þau sögðu mér, að ég hefði legið í vatninu inni í lokuðum námugöngunum í tvær til þrjár klukkustundir. Kínverski námumaðurinn, sem næstur mér var, fórst. Það var talið vonlítið, að ég bjargaðist. Ef ég hefði ekki farist við hrunið, þá myndi ég sennilega drukkna í ísköldu vatninu. En þarna var ég nú kominn með lemstraða fætur og háan hita, en að öðru leyti óskaddaður. Þó fékk ég seinna lungnabólgu upp úr vosbúðinni.

Ég var tvo mánuði í sjúkrahúsinu í Algoverovka, og þótt undarlegt kunni að virðast, minnst ég þeirra sem eins skemmtilegasta tímabils æsku minnar. Frásögnin um vinnuflokk okkar og starf hans í föllnu námunni varð að ævintýri um sósíalískt afreksverk, og ég var þar ein af hetjunum. Háttsettir verkalýðs- og flokksforingjar gerðu sér ferðir til mín, og piltarnir og stúlkurnar í æskulýðsfylkinguna komu reglulega í heimsóknir og gleymdu aldrei að færa mér smágjafir. Ég var enn á sjúkrahúsinu á afmælisdaginn minn, þegar ég varð átján ára. Menn vinnuflokksins og aðrir vinir komu þá í hóp og sýndu mér hina einlægustu vináttu.

Myndarlega hjúkrunarkonan gætti mín eins og væri einkasonur hennar. Ef satt skal segja, fannst mér í hinu notalega magnleysi veikindanna sem allt Rússland — verkamenn, ungkommúnistar og embættismenn — hefði valið mig sem eftirlætissón í geysistorri og dásamlegri fjölskyldu.

Læknarnir bönnuðu mér að fara aftur niður í námurnar í að minnsta kosti ár, og þrábeiðni mín breytti í engu ákvörðun þeirra, sem þeir höfðu tilkynnt námu-

stjórninni. Mig langaði ekkert til að setjast aftur að skrifstofuvinnu og ákvað því að snúa aftur til samyrkjubúsins í Jekaterínoslav.

Meðan ég var að búa mig undir heimferðina, barst fréttin um andlát Leníns, 24. janúar 1924. Það sló óhug á menn í héraðinu við þessa fregn, og sorgin var einlæg. Þessar tilfinningar áttu lítið skylt við stjórnmál. Lenín var orðinn tákn vonarinnar, ekki aðeins fyrir alþýðufólkið við námurnar, heldur jafnvel fyrir fjárhættuspilarana og drykkjurútana í bröggunum og gortarana, sem gengu á skóm, sem marraði í, svo að ekki sé minnst á ungkommúnistana. Við urðum að trúá því, að þjáningar hinna blóðugu ára væru fórnir fyrir bjartari framtíð. Hver okkar um sig fann til þess, að hann hafði orðið fyrir sárum missi.

Ég gekk ásamt þúsundum annarra í fylkingu tæpa fimm kílómetra til staðar fyrir utan námusvæðið, sem við nefndum „Parísarhverfið“, í því skyni að taka þátt í minningarathöfninni. Það var nístandi kuldi og hríðarveður þennan dag. Ræðustóllinn, sem var undir berum himni, var sveipaður rauðu og svörtu klæði, en innan stundar hafði líkblæja úr snjó þakið allt. Hver á fætur öðrum hrópuðu ræðumennirnir í kapp við veðurofsann hin íburðarmiklu viðkvæði, sem tíðkast við opinberar sorgarathafnir.

„Félagar, námumenn!“ öskraði skartbúinn sendimaður frá Kharkov, „Lenín er látinn, en starf hans heldur áfram. Leiðtogi byltingar öreiganna ... Leiðtogi verkalyðs alls heimsins ... Besti lærisveinn Marx og Engels ...“

Þessi tilgerðarlega ræðumennska hafði slæm áhrif á mig. Hvers vegna töluðu þeir ekki á óbrotinn hátt, frá eigin brjósti, í stað þess að éta upp ritstjórnargreinarnar úr *Pravda* og *Ízvestíja*? Þegar ég þrammaði heim gegnum hriðina, var mér fróun í því að heyra, að Senja og fleiri höfðu einnig orðið fyrir vonbrigðum. Ræðumönnunum hafði ekki tekist að lýsa tilfinningum okkar gagnvart Lenín, af því að þessar tilfinningar áttu meira skylt við lifandi vonir okkar en hinn látna leiðtoga.

Nokkrum dögum síðar las ég í blöðunum um eið Jósefs Stalíns við kistu Leníns á Rauða torginu í Moskvu. Það var stutt, helgisíðakennt loforð um að feta vandlega í fótspor hins fallna foringja. Þetta hafði miklu meiri og betri áhrif á mig en ræðurnar við minningarathöfnina. Stalín sat í hinni alvöldu stjórnmálanefnd, var aðalritari flokksins og hafði frá upphafi verið mikilvægur aðili í hinni nýju stjórn. Samt var þetta í fyrsta sinn, sem ég varð alvarlega var við tilveru hans. Ég hugsaði með mér, að það væri einkennilegt, að mynd hans skyldi ekki einu sinni hafa verið hengd á veggina hjá okkur.

Frá þeim degi varð nafn Stalíns svo mikilvægt, svo óhjákvæmilegt, að það var erfitt að muna þá tíð, er það hafði ekki varpað skugga á allt annað í lífi okkar.

Ég hafði aðeins verið rúmt ár í námuhéraðinu. Samt var erfitt að slíta sig lausan frá lífinu þar. Ef einhver hefði sagt mér daginn sem ég kom þangað, að ég ætti eftir að kunna vel við mig á þeim dapurlega stað og þykja vænt um þetta ruddalega fólk og hina erfiðu vinnu, myndi ég hafa álitíð, að hann væri ekki með öllum

mjalla. Mér var nú ósjálfrátt farið að finnast ég vera námumaður, og ég leit á galla námumannsins og vonbrigði hans með samúð þekkingarinnar, en ekki með gagnrýni hins ókunnuga.

Líf námumannanna var sífellt myrkur, hætta og einstæðingsskapur, en því fylgdi einhver viðkvæmni, sem laðaði mig að sér. Það er ekki rétt, að við elskum aðeins það, sem er fagurt og vekur gleði. Hið sorglega og hið ljóta getur einnig náð valdi á ímyndun okkar og tilfinningum. Við elskum það, sem hrærir tilfinningar okkar. Við tengjumst mönnum og stöðum þeim tilfinningum, sem þeir vekja hjá okkur, jafnvel þó að þær valdi okkur sársauka. Ég hef aldrei gleymt dvöl minni í náma-héruðunum. Mér hefur alltaf fundist ég standa nærri þeim, sem grafa kol, íbúum hinna svörtu undirheima.

Það voru sex farþegar í klefa mínum í lestinni, sem flutti mig burt frá Donetz-dal. Eins og við er að búast af Rússum, lentum við brátt í kappræðum. Enda þótt ég væri yngstur í hópnum, fannst mér ég bera ábyrgð á því, í hvaða átt samræðurnar beindust. Ég var ungkommúnisti og mátti því aldrei láta ganga úr greipum mér tækifæri til að prédika um hina dýrlegu tíma, sem væru í vændum, og útskýra erfið-leika líðandi stundar.

„Þú talar um, að tímarnir séu að batna, félagi,“ sagði menntamaður, sem þarna var staddur, „en þrátt fyrir það er ekkert brauð til, engin olía, engir skór. Ég og konan mín skjálfum af kulda og sveltum annan hvorn dag. Þetta er ekki líf, þetta er kvöl.“

Hann var renglulegur, miðaldra maður, grannleitur og gekk með gild gull-spangagleraugu. Hann var í sumarfrakka, sem átti illa við þennan tíma árs, og hafði kvenmannssjal úr ull um hálsinn. Hvítir sokkar sáust gegnum götin á skóm hans.

„Afsakið, en hvað starfið þér?“ spurði annar farþegi.

„Ég er tónskáld,“ svaraði menntamaðurinn ögrandi. „Ég sem lög, tónlist.“

„Nú, já, svo að þú semur lög,“ hreytti hinn út úr sér. „Hver þarf á lögunum þínum að halda? Hver kærir sig um rósrauða sólskinsvalsa á tímum eins og þessum? Farðu inn í verksmiðju og reyndu að vinna ærlegt starf, og þú munt ekki hafa undan neinu að kvarta.“

„Jæja, svo að allir verða að vinna í verksmiðjum!“ hrópaði tónskáldið æstur. „Hafa brautryðjendur sósíalísmans enga þörf fyrir tónlist? Eigum við allir að verða að sálarlausum vélum?“

„Það er rétt. Við þurfum ekki neinar helvítis nótur eða tónlist. Við þurfum að framleiða meiri vöru.“

„Hugtakið sál hefur verið numið úr gildi,“ sagði sá þriðji dálítið ólundarlega.

„Ef svo er, þá er tilgangslaust að tala við ykkur,“ hrópaði tónskáldið, „þið eruð ruddar, og ég eyði ekki orðum á ykkur!“

Þegar hér var komið, varð ég sem ungkommúnisti að grípa fram í til að firra frekari vandræðum.

„Lofið mér að leggja orð í belg,“ sagði ég virðulega. „Þið rökræðið af of mikilli

tilfinningu, en ekki nægilegum skilningi, ef ég má leyfa mér að segja svo. Það er rétt, að okkur vantar ennþá mjög marga, en við leggjum hart að okkur til að koma því í lag. Þegar þar að kemur, munum við fá allt, þar á meðal tónlist. Það getur verið, að þessi borgari sé enginn Tsjaikovskíj, en ef hann semur góða tónlist, þá ryður hann líka steini úr vegi sósíalísmans. Ég er að koma frá kolanámunum, og ég veit, hve mikla þörf við höfum fyrir kol. En trúið mér, við höfum ekki síður þörf fyrir hljómlist en kol. Við þurfum að hressa hugann engu síður en líkamann.“

Það var auðséð, að orð mín höfðu áhrif á þá. Ég þurfti ekki að segja þeim, að ég væri einn hinna útvöldu. Ég talaði eins og sá, er valdið hefur. Við skeggræddum allmörg málefni, áður en við komum til Dnepropetrovsk — eins og Jekaterínoslav var nú kölluð — og ég var jafnan sáttasemjari með úrskurðarvaldi. Ef til vill kusu þeir, sem voru mér ekki sammála, heldur þögn en rifrildi — eða hví skyldu þeir deila við ungmúnistana?

Ég kom til samyrkjubúsins að áliðnum degi. Hundurinn minn, Reker, kom á móti mér niður á veginn og ætlaði að tryllast af kæti. Ég gæðist gegnum gluggann á bænum okkar og sá móður mína vera að lesa við ljós olíulampans. Hún hafði elst lítið eitt, grennst og gráu hárunum fjölgað. Ég opnaði hurðina hljóðlega og sagði með breyttri röddu:

„Býr hefðarfrú Kravtsjenko hér?“

„Vítja, elskan mín!“ hrópaði hún og táraðist af gleði.

Um kvöldið hlustaði ég á fréttir af því, sem borið hafði við heima. Samyrkjubúið var úr sögunni. Aðeins þrjár eða fjórar fjölskyldur unnu ennþá að búskap. Nokkrar fleiri voru þar enn til húsa, en heimilisfeðurnir unnu í verksmiðjum í iðnaðarbæjunum í nágrenninu. Faðir menn og bræður voru farnir aftur til Dnepropetrovsk og unnu þar fyrir góðum launum. Um vorið vonuðust þeir eftir að geta fengið tveggja eða þriggja herbergja íbúð, svo að fjölskyldan gæti öll flutt saman á ný.

Hús samyrkjubúsins voru niðurnídd og ljót á að líta. Hvarvetna voru göt á þökum og dyr úr skorðum. Bitar höfðu verið rifnir úr húsunum og notaðir til eldsneytis. Bændurnir í nágrenninu sögðu: „Þarna sjáið þið, kommúnistar geta ekki ræktað jörðina. Þeir geta aðeins handtekið menn og heimt inn skatta.“ Nokkrir þeirra komu í heimsókn, er þeir fréttu, að ég væri kominn heim aftur. Þeir sýndu mér sömu virðingu og fullorðnum manni, sem hefði verið úti í heimi, og létu rigna yfir mig spurningum um, hvað „nýja stjórnin“ hygðist fyrir um bændur og jarðir þeirra.

Í Korbíno-verksmiðjunni hópuðust verkamennirnir einnig um mig með spurningar sínar. Ég svaraði þeim eins og ég taldi að ungmúnistari ætti að gera. Nokkrum dögum seinna hélt ég ræðu í verksmiðjuklúbbnum um kjör námmannanna í Donetsk-dalnum. Án þess að draga dul á erfiðleikana og gallana hlýr ég að hafa lýst lífinu í námunum í fögru ljósi, því að fjórir ungir verkamenn í Korbíno tilkynntu, að þeir hefðu í hyggju að fara og vinna í námunum, og ég gaf þeim nöfn og heimilisföng réttra aðila í verkalýðsfélögunum.

Þegar ég hafði höggvið stóran köst af eldiviði og gert við hlöðudyrnar — við áttum ennþá eina kú — fór ég til borgarinnar. Faðir minn og yngri bróðir minn, Evgeníj, unnu í Petrovskíj-Lenín málmverksmiðjunum, og áður en langt um leið fékk ég líka vinnu þar í vélaverkstæði. Konstantín vann í annarri verksmiðju í Dnepropetrovsk (þetta nýja nafn á Jekaterínoslav hljómaði enn ókunnuglega í eyrum). Ég vann þarna í þrjú ár eða þar til ég var kvaddur í Rauða herinn á 21. ári, eins og herþjónustulögin mæltu fyrir.

Málmverksmiðjan okkar var í allmörgum byggingum, sem náðu yfir margar ekrur í útjaðri Dnepropetrovsk. Þarna unnu 24.000 menn og konur, og þetta var ein af stærstu verksmiðjum Suður-Rússlands. Fyrir byltinguna höfðu verkamenn verksmiðjunnar tekið þátt í verkföllum og uppreisnum, svo að söguleg frægð lék um verksmiðjuna. Þarna hafði félagi Petrovskíj, forseti ráðstjórnarlýðveldis Úkraínu, unnið á yngri árum. Aðrir mikilsverðir byltingarleiðtogar eyddu einnig öreigaárum sínum í þessari verksmiðju.

Kommúnistaflokkur verksmiðjunnar, að æskulýðsfylkingunni meðtalinni, hafði um 2.000 félaga, og áróðursstarfsemin var rekin af öllum mætti. Petrovskíj, Rakovskíj og Kaganovítsj og aðrir háttsettir leiðtogar komu oft og ávörpuðu verkamennina á fundum þeirra. Ég tók æ meiri þátt í starfsemi æskulýðsfylkingarinnar, lét innrita mig á iðnfræðinámskeið og eyddi flestum kvöldum vikunnar í námið, en tók auk þess mjög mikinn þátt í umræðum um stjórnmál og bókmenntir, sem fram fóru í hinum ýmsu félögum verkamanna og starfsmanna verksmiðjunnar.

Faðir minn hafði ekki getað sæst við kommúnistana á liðnum árum. Hann játaði fúslega, að margir þeirra væru heiðarlegir og alvarlegir menn, en byltingin eins og hún hafði orðið var enn í allt of litlu samræmi við æskudrauma hans. Hann skipti sér aldrei af starfi mínu í æskulýðsfylkinguna, og með sjálfum sér gladdist hann yfir því, að ég skyldi geta rutt mér braut við hinar nýju aðstæður. En við og við gat hann ekki stillt sig um að koma með beisklegar athugasemdir um muninn á óhófslíferni embættismannanna og verkfræðinga þeirra, sem herra voru settir, og eymdarlífi hinna almennu verkamanna.

„Við tölum um bræðralag og jafnrétti, sonur,“ sagði hann til dæmis. „En líttu á, hvernig félagi N. lifir í stórrí íbúð, vel klæddur og hefur bifreiðar til afnota. Líttu síðan á braggana, sem nýju verkamönnum frá sveitaþorpunum er troðið í eins og sardínum í dós. Í matsölustað framkvæmdastjórnarinnar eru hrein herbergi og ágætur matur, en allt er nógu gott í matsölustað verkamannanna ...“

„Gefðu okkur tíma, pabbi,“ bað ég. „Það eru svo mörg mál, sem verður að leysa í einu.“

„Ég veit vel, að málin eru mörg. En ég veit líka, að fjarlægðin milli yfirstéttarinnar og undirstéttarinnar vex, en minnkar ekki. Vald er hættulegt, Vítja.“

Ég var brátt fluttur úr vélaverkstæðinu yfir í pípuverksmiðjuna, og eftir tæpt ár var ég orðinn verkstjóri og bætti við það mjög hag fjölskyldu minnar. Nú þegar við fjórir unnum fyrir kaupi, lifðum við góðu lífi þrátt fyrir dýrtíð. NEP, hin nýja

fjármálastefna, sem leyfði aftur verslun einstaklinga, hafði í för með sér stofnun hundraða nýrra verslana, matsöluhúsa og kaffihúsa. Fyrir peninga var hægt að fá næstum hvað sem var.

Kunningjar þeir, sem ég eignaðist í verksmiðjunni, urðu nú fleiri og fleiri úr hópi þeirra manna, sem hærra voru settir: verkstjórar, skrifstofumenn, starfsmenn flokksins og verkalýðsfélaganna. Gegn vilja mínum og þrátt fyrir áminningar föður míns um að missa ekki samband við fjöldann fór ég nú að líta meira og meira á ráðstjórnarlífið frá hinu þægilega sjónarmiði „leiðtoganna“. Hvorki Evgeníj né Kotja höfðu nokkurn teljandi áhuga á stjórnámálum. Þeir unnu af kappi, tóku ekki þátt í fleiri hópögngum og umræðufundum en þeir voru bókstaflega neyddir til og tóku eins og flestir óbreyttir verkamenn hinum opinbera áróðri með mikilli gagn- rýni.

„Þú hefur hæfileika til að geta orðið reglulegur kommúnistaskrifinnur, stóri bróðir,“ stríddi Gene mér, „ef þú lætur ekki rómantíska mannúðarduttlunga föður okkar leiða þig í gönur.“

Vorið 1927 var víst ekki í eðli sínu ólíkt vorinu á undan og því, sem á eftir kom. En fyrir sjónum mínum mun það ætíð verða í sérstöku ljósi, með sterkari litum og mýkri skuggum. Hún hét Anna, var seytján ára, bláeyg og gullinhærð. Við hittumst í samkvæmi hjá einum verkstjóranum í verksmiðjunni, og frá þeirri stundu er við heilsuðumst hvarf samkvæmið og hinir gestirnir.

Faðir Önnu var yfirverkfræðingur við mikilvæga járnbraut. Þó að hann væri sonur verkamanns og hefði á námsárum sínum verið í leynilegum sósíalistafélögum, stóð hann allfjarri hinu nýja ráðstjórnarþjóðfélagi. Móðir hennar hafði varðveitt tilgerðina og lítilsvirðinguna fyrir „almúganum“ frá umhverfi sínu fyrir byltinguna. Jafnvel í fyrstu raunverulegu ástarhrifningu minni var vitundin um, að Anna var ekki „ein af okkur“, alltaf undir yfirborði tilfinninga minna. Hún lét sem hún hefði áhuga á starfi mínu í æskulýðsfylkingunni, en ég vissi vel, að henni leiddist það. En móðir hennar gerði hins vegar enga tilraun til að leynd fyrirliðningu sinni á kommúnistunum, á kjörorðum ráðstjórnarinnar og á auvirðilegri verkstjórástöðu minni í verksmiðju.

„Ef æskulýðsfylkingarmaðurinn þinn væri að minnsta kosti verkfræðingur,“ heyrði ég hana segja við Önnu kvöld eitt, þegar hún var í slæmu skapi.

Sjálf var Anna klofin milli ráðstjórnarskólans og burgeisaumhverfisins heima. Okkur tókst að vera saman mánaðartíma á orlofsheimili, sem verksmiðja mín átti á bökkum Dnepr. Tilraunum mínum til að boða henni skoðanir mínar í stjórnámálum svaraði hún með kossum og faðmlögum, og það voru rök, sem ég gat ekki mælt á móti.

En okkur var það báðum ljóst, án þess að við töluðum um það, að ekki gæti orðið úr hjónabandi milli okkar — að við værum „hugmyndafræðilega“ ósameinanleg. Engir geta skilið þetta nema þeir, sem lifað hafa á tíma og stað, þar sem stjórn málin hvíla á öllu eins og farg. Eftir að við komum aftur til Dnepropetrovsk, fjarlægðumst

við smám saman hvort annað. Þegar ég fór í herþjónustu síðla árs 1927, vissum við bæði með sjálfum okkur, að samverustundunum væri lokið. Það átti fyrir mér að liggja að hitta hana aftur fjórtán árum seinna — í loftvarnarbyrgi í Moskvu.

Hin rúmlega tvö þúsund kílómetra landamæri, þar sem hin víðlenda, sólvermda Ráðstjórnar-Miðasía liggur að Persíu, Afganistan og Kasmír í Indlandi, höfðu lengi verið vígvöllur í baráttunni við Basmatsjestvo-hreyfingu múslima. Samkvæmt herstjórnartilkynningunum var þeim hvað eftir annað „gjöreytt“, en þrátt fyrir það sneru þeir aftur geigvænlegri en nokkurn tíma áður og gerðu nýjar árásir og ný grimmdarverk.

Í mörg ár höfðu blöðin verið full af hræðilegum lýsingum á hryðjuverkum og klækjabrögðum basmatsjía. Þeim var lýst sem grimnum glæpamönnum, sem færu með hernað og rán að undirlagi múslimaklerka; þeir væru á mála hjá Arabahöfðingjum, sem hefðu hrökklast frá völdum, og þeir væru verkfæri bresku heimsvaldastefnunnar. Grimmd þessara óvina virtist takmarkalaus. Þeir pynduðu rússneska fanga. Ein eftirlætisaðferð þeirra var að grafa fanga niður í jörð upp að hálsi og láta þá kveljast þar til dauða úr hita og þorsta, étna lifandi af skordýrum og hræfuglum.

Það var nokkurt ósamræmi í hinum ýmsu blaðalýsingum. Glæpamennska og ránsfýsn gat ekki skýrt til hlítar þrek það og hugrekki, sem hinir litlu hópar basmatsjía sýndu gegn hinum vel skipulögðu og vel vopnuðu sveitum Rauða hersins. Gripdeildir komu ekki alveg heim við trúmálaítök múslimapresta og stjórn-málaítök Arabahöfðinga og Breta.

Seinna, þegar ég leit þroskaðri augum á þetta mál, varð mér það ljóst, að skýringar ráðstjórnarinnar voru að miklu leyti uppspuni í áróðursskyni. Basmatsjía-arnir voru í raun og veru flokkar þjóðhollra skæruliða, sem börðust gegn því, sem þeir töldu skerðingu þjóðfrelsis síns af völdum erlends innrásarliðs. Þeir lögðu lífið í hættu til að standa á móti því, sem þeir álitu áráð á trú sína og forna lifnaðarhætti. Í aðalatriðum — ef ekki að öllu leyti — líktust þeir indversku föðurlandsvinunum, sem börðust gegn Bretum hinum megin landamæranna.

Keisararnir höfðu á stjórnartímum sínum heimt inn skatt frá Mið-Asíu, en látið þjóðhöfðingjunum þar og múslimaprestunum eftir að stjórna þjóðflokkunum. Þeir réðust ekki á hið ríkjandi fyrirkomulag. Hinir nýju húsbændur höfðu í nafni ókunnra guða, sem þeir nefndu Lenín og Marx, rekið Arabahöfðingjana frá völdum og haft múslimatrú í flimtingum. Þeir fluttu inn heiðinglegar vélar og hugmyndir til að vekja hirðingjapjóðina af þúsund ára svefni sínum; þeir spilltu æskunni með vestrænum hugmyndum og hvöttu jafnvel konurnar til að brenna blæjur sínar og yfirgefa kvennabúrin.

Það var gegn þessum ógnum, sem basmatsjíaarnir bjuggu um sig í landamæra-deilum Persíu, í bæjunum á sléttum Afghanistan og í sjálfu Túrkménístan og börðust hetjulegri baráttu. Það er auk þess enginn vafi, að á þessum fyrstu árum að minnsta

kosti höfðu þeir samúð almennings í Mið-Asíu. Það var ekki nein tilviljun, að það voru herdeildir frá sjálfu Rússlandi, en ekki herdeildir frá landamærahéruðunum, sem notaðar voru í þessum ófriði, sem sífellt blossaði upp á ný.

En skýringar ráðstjórnarinnar voru ekki með öllu ósannar. Frásagnirnar um æði og grimmd basmatsjónanna voru til dæmis ekki ýktar.

Mér voru sagðar margar hræðilegar frásagnir um það efni af þeim fáu sjónarvottum, sem komist höfðu undan. Það var líka satt, að rán og ábatasöm verslun með bannvöru blönduðust inn í stjórnmálalega og trúarlega baráttulöngun skæruflokkanna, þannig að í sumum atvikum var erfitt að dæma um, hvar föðurlandsástinni sleppti og gróðalöngunin tók við.

Hvað sem öðru líður, þá var allt þetta mál mjög fjarlægt ungum verkamönnum og bændum í Suður-Úkraínu. Þeir, sem var það ekki með öllu ókunnugt, litu á það sem erlendan harmleik með blóðsúthellingum og skarkala, sem færi fram í fjarlægum og harla óraunverulegum heimi. Nú urðum við allt í einu þátttakendur í þessum sorgarleik, hrifnir af hinu heillandi ævintýri, en dálítið kvíðnir undir niðri við hugsunina um hætturnar.

Tuttugu og fjórum okkar, öllum saman nýliðum frá Dnepropetrovsk-héraðinu, var ekið í flutningsvagni til lands basmatsjónanna. Við sungum, sögðum sögur og vorum innilega hreyknir af því að hafa verið valdir í þær úrvals riddaraliðsdeildir, sem höfðu bækistöð í ráðstjórnarlýðveldi Túrkménístan. En að næturlagi í dimmum vagninum komu okkur í hug hryllileg dæmi um villimennsku basmatsjónanna, sem við höfðum lesið um eða heyrt sagt frá.

Við ræddum angurværir um stúlkurnar, sem við höfðum farið frá.

Svo vildi til, að Kostja, frændi Önnu, var einnig í þessum nýliðahóp.

Það og útlitið fyrir langan aðskilnað kom ást minni til að blossa upp að nýju. Við dvöldumst nokkra skemmtilega daga í Baku, borg hins „svarta gulls“, og höfðum þá stundina ekki tíma til að hugsa um annað en það, sem fyrir augu bar. Þessi mikla olíumiðstöð var einkennilegt sambland af nýtísku iðntækni og lifn-aðarháttum Austurlanda. Þar var fjölskrúðugt samsafn af Rússum og Mongólum, sem flestir voru klæddir að Evrópusið, en einnig margir í hinum marglita klæðnaði Austurlanda, flaksandi skikkjum, aðskornum jökkum, sem náðu niður á hné, og uppmjóum loðhúfum Kazakstangresjanna. Í hinum þröngu, þefmiklu götum múslima sá ég í fyrsta skipti konur í paranjas, reifaðar með öðrum orðum frá hvirfli til ilja, með hrosshársblæju fyrir andlitinu, þannig að þær breyttust í ólögulega, reikandi poka, sem ekki var hægt að segja neitt til um aldur á.

Baku mun einnig í endurminningum mínum alltaf verða tengd við fyrstu sýn mína af miklu hafi. Vatn, sem breiðir sig út að sjóndeildarhring, er sýn, sem aldrei mun renna úr minni manns, sem alinn er upp langt frá sjó. Olíulyktin gagnsýrði allan bæinn og virtist hafa smitast inn í andlit og hendur íbúanna.

Í Baku bættust í hópinn hundruð nýliða frá öðrum landshlutum.

Litla ferjan *Kollontaj* flutti okkur þvert yfir Kaspíahafið til hafnarbæjarins Krasno-

vodsk. Við gengum um þar á ströndinni, þar til við stigum upp í flutningalest til Askhabad. Tsjardzhuí-melónum var hrúgað upp á hafskipabryggjuna í gula hauga, og litu þær út eins og fallbyssukúlur. Stórir, þeldökkir Túrkménar, margir skeggjaðir og allir naktir niður að mitti, með marglita klúta, sem hnýtt var eins og túrbunum um höfuðið, köstuðu melónunum til félaga sinna á skipinu, sem þar lá, og sungu á meðan tilbreytingarlaust lag.

Askhabad — sem seinna var nefnd Stalínabad — var nægilega austræn til þess að fullnægja æskulöngun okkar eftir hinu ævintýralega. Þröngar, ósteinlagðar götur liðuðust þar milli dökkra, gluggalausra múra og enduðu á háværum, óreglulegum torgum, sem sum voru með þekjum. Á sölutorgunum endurómuðu hamarshögg skósmíða, koparsmíða og annarra iðnaðarmanna, sem unnu undir berum himni með krosslagða fætur. Konur múslimanna sáu þar hvarvetna eins og ólögulegar, reikandi súlur. Einstaka sinnum vék einhver þeirra hrosshársslæðunni til hliðar með ástleitinni bendingu til hinna klunnalegu Rússa.

Það hafði verið tekið á móti lest okkar með skrudgöngu og hljómsveit. Verkamenn frá bómullarverksmiðjunum í nágrenninu stóðu í röðum og hlustuðu svipbrigðalausir, meðan embættismenn héldu skrudmiklar ræður til að fagna hinum hraustu félögum, sem komnir væru til þess að vernda landamærin gegn basmatsjíoþokkalýðnum. Á þessum tíma hafði ég enga ástæðu til þess að efast um réttmæti orða þeirra, en seinna furðaði ég mig á, hvers vegna ekki væri hægt að endurnýja landamæravörðinn með heimamönnum. Enn seinna skildist mér, að Rauði herinn væri, þrátt fyrir öll vináttumerkin, sem látin voru í ljós, hernámsher í framandi landi.

Frá Askhabad ókum við í flutningabílum til hinna miklu herbúða við persnesku landamærin, sem áttu að vera heimili mitt í næstu sjö eða átta mánuði. Okkur var komið fyrir í sömu löngu, dapurlegu bröggunum sem hermenn keisarans höfðu búið í á undan okkur. Land það, sem við höfðum farið í gegnum, var að mestu eyðimörk — þurr, gul landflæmi, sem skiptust á við salvíukjarr — en héraðið rétt við landamærin var fjölbreyttara útlits, og sums staðar voru þar flæmi með safaríku, grænu grasi. Við vorum hér við rætur þess fjalllendis, sem verndar norðurhluta Persíu.

Nám okkar í hernaði byrjaði með gufubaði, sótthreinsun á öllum fötum okkar og klippingu, sem gerði hársvörðinn jafnsnoðinn og andlitin, og fyrirlestri um stjórnmál. Það var skýrt út fyrir okkur, að milli basmatsjía og rauðu hermannanna væri ekki um annað að tala en að drepa eða vera drepinn. Við ættum að fara njósnaferðir um hættuleg svæði, nætur jafnt sem daga, einir eða við annan mann, og yrðum því að vera árvakrir, duglegir riddarar og góðar skyttur. Jafnvel hinir framgjörnustu meðal okkar æfðu sig af talsverðu kappi næstu vikur.

Ég var næstum því frá upphafi einn af þeim, sem gáfu út herbúðablaðið *Rauða landamæravörðinn*. Við æskulýðsfylkingarmenn vorum í minni hluta meðal hersveitanna og litum með mikilli alvöru á ábyrgð þá, sem á okkur hvíldi.

Herskipulagið var mjög lýðræðislegt, en krafist var strangs aga. Við hikuðum ekki við að gagnrýna í herbúðablaðinu aðbúð og yfirmenn og nefndum þá oft með nöfnum.

Meðal liðsforingjanna var maður að nafni Galúshka, og féll ruddaleg framkoma hans ekki í góðan jarðveg hjá hermönnunum. Ég hlýddi þessum liðsforingja möglunarlaust, einmitt vegna þess að ég ætlaði mér sem blaðautgefandi að gagnrýna hann. Ég ætlaði að gera það ljóst, að ég hlýddi honum sem liðsforingja, þó að nauðsyn bæri til, að ég gagnrýndi hann á prenti.

Nokkurn tíma lét hann eins og hann sæi ekki smágreinarnar, þar sem ég álasaði honum fyrir að skamma hermennina, nota óviðurkvæmilegt orðalag og haga sér eins og harðstjóri. En bráðlega gafst hann upp.

„Félagi Kravtsjenko, mig langar til að tala við yður,“ sagði hann dag nokkurn.

Á meðan við gengum frá bröggunum til hesthúsanna, spurði hann, hvers vegna í fjandanum ég væri að ofsækja sig. Væri það rétt af æskulýðsfylkingarmanni að grafa undan álitinu rauðs yfirmanns?

„Félagi Galúshka,“ sagði ég með sjálfstrausti tuttugu og tveggja ára gamals manns, „tilgangur minn er að auka álit yðar, en ekki að minnka það. Ef þér haldið áfram að fara með menn yðar eins og skítinn, sem þér gangið á, þá munu þeir fyrirlíta yður og hlýða yður slælega. Ef þér aftur á móti komið fram við þá eins og menn og ráðstjórnarfélagi, þá munu þeir hlýða yður með ánægju og af fúsum vilja. Þegar til bardaga kemur, getur það ef til vill ráðið úrslitum um, hvort hann endar með sigri eða ósigri.“

Við — yfirmaðurinn og nýliðinn — gerðum með okkur samning. Hann lofaði að bæta framkomu sína, og ég lofaði að hætta að skrifa um hann í Rauða landamæravörðinn. Það einkennilega við söguna er, að Galúshka hélt ekki aðeins orð sín, heldur varð — sér til mikillar undrunar — einn af ástsælustu liðsforingjunum í herbúðunum. Þegar Galúshka stjórnaði, voru menn hans ákafir í að fylgja honum fast eftir. Á hættulegum ferðum dáðumst við að hugrekki hans í skothrið.

Þegar fræðslu okkar var lokið, vorum við sendir að næturlagi til að góma smyglara og basmatsjía. Það var aldrei neinn skortur á „nýjum upplýsingum“ frá launuðum njósnum báðum megin landamæra. Í kaffihúsinum í Persíu og Afganistan heyrðu menn brot af samtölum um varning, sem átti að taka á móti eða afhenda, og ráðagerðir um árásir á sveitaþorp í Ráðstjórnarríkjunum. Með aðstoð meðalgöngumanna komust þessar fréttir til stjórnenda Rauða hersins.

Oft mistókst þrátt fyrir mikla leit könnunarflokkanna að komast í samband við bráðina. Stundum var skipst á nokkrum skotum. En að minnsta kosti einu sinni tók ég sjálfur þátt í einkennilegri orrustu, þar sem báðir aðilar biðu tjón, — einkennilegri vegna þess, að hún átti sér stað í niðamyrkri á rigningarnóttu við ósýnilegan óvin.

Skeggjaður Túrkmeni með turnháa, svarta loðskinnshúfu hafði þessa nótt leiðbeint liðssveit okkar til staðar, þar sem eftir frásögn hans var hægt að hafa hendur

í hári úlfaldalestar smyglara. Í næstum því klukkustund riðum við hægt í gegnum kalda rigninguna og námum við og við staðar til að hlusta. Að lokum komumst við á slóðina. Rauðum flugeldum var skotið til þess að lýsa landslagið andartak, og Tarasov, yfirmaður GPÚ-deildarinnar, sem var stjórnandi þessa rannsóknarflokks, gaf okkur fyrirskipun um að dreifa okkur og ráðast á úlfaldalestina.

Ég hafði skotið nokkra hrið í blindni í stefnu á hljóðin, þegar ég var allt í einu að því kominn að rekast á Túrkmæna, sem var svo nálægt mér, að ég sá augu hans í myrkrinu. Hann miðaði á mig með riffli sínum, en mér tókst að skjóta á undan. Hann datt, en var sýnilega aðeins særður, því að hann gerði nýja tilraun til að skjóta. Ég stökk af baki og sneri riffilinn úr höndum hans.

„Stattu upp!“ skipaði ég.

Fyrir framan mig stóð gamall maður með alskegg og hendurnar á lofti. Það rann blóð niður eftir annarri kinninni á honum. Hann sagði eitthvað á máli sínu og grét. Hann var án efa að biðjast vægðar. Ég tók rýting hans úr slíðrunum og afhenti manninn liðsforingja okkar.

Bardaganum var lokið fyrir sólarupprás. Áreiðanlega hafa margir af smyglurunum sloppið. En margir þeirra, ásamt fjölda úlfalda með þungar klyfjar, voru fluttir heim í herbúðirnar. Áður en sól gekk til viðar, hafði hver einasti af hinum handteknu Túrkmenum verið skotin af aftökudeild eftir fyrirskipun yfirforingjanna.

Skömmu síðar var mér, Kostja og nokkrum öðrum skipað í framvarðarsveit í nokkurra kílómetra fjarlægð. Mennirnir, sem þar voru fyrir, urðu himinlifandi við komu okkar, því að við áttum að leysa þá af verði. Einn þeirra var samlandi minn frá Kænugarði. Hið eina, sem skyggði á gleði hans, var, að hann yrði að skilja eftir hest sinn, fallegan, fjörugan gæðing, sem hann af ástæðum, sem ég hef aldrei getað skilið, nefndi Lord Curzon. Er hann hafði tekið af mér hátíðlegt loford um að fara vel með Lord Curzon, afhenti hann mér hestinn. „Farðu vel með Lord Curzon, og hann mun verða þér sem bróðir,“ fullyrti hann. „Hann er skynsamari en flestir menn.“

Varðstöð okkar var við mynni þröngs skarðs milli hæðanna. Ég hafði næstu vikur ástæðu til þess að vera samlanda mínum þakklátur fyrir að hafa arfleitt mig að Lord Curzon. Hesturinn skildi ekki aðeins léttustu snertingu mína, hann virtist líka skilja hugsanir mínar. Það var mikil fróun í því að sitja á honum, þegar ég var einn á verði að næturlagi langt frá félögum mínum. Sérhver hljóð, lítill steinn, sem datt, þytur í trjánun, ýlfur soltins sjakala, kom bæði Lord Curzon og riddara hans til þess að vera á verði.

Sá hermaður, sem tók smyglara höndum, átti rétt á þriðjungi af andvirði smyglvöru þeirrar, sem hann gómaði. Ég var ekki heppinn í þessum efnum, en margur landamæravörðurinn fór aftur heim til sveitaþorps síns að loknum þjónustutíma efnaður maður miðað við aðstæðurnar í Ráðstjórnarríkjunum.

Ég mun aldrei gleyma horaða, þeldökka gyðingadrengrum Zjama. Hvaða tegund skriffinnskurðfræði hefur orðið þess valdandi, að Zjama var settur í

riddaraliðssveit og sendur til persnesku landamæranna, vissi hvorki hann né neinn annar.

Hann byrjaði riddaraferil sinn með aðeins einum ágalla — hann var dauðhræddur við hesta. Sumir mannanna gerðu gys að vesalings drengnum, en flestir okkar kenndu í brjósti um hann. Við reyndum að kenna honum, hvernig menn stíga á bak hesti, hvernig haldið er í tauminn, og stundum héldum við, að hann myndi falla í ómegín eða deyja af hræðslu. En það var alveg furðulegt, þegar Zjama hafði unnið bug á óttanum við hesta, að þá varð hann eftir stuttan tíma ágætis riddari, sem hafði yndi af að ríða mjög glannalega. Hann hafði sérstakt lag á að þefa uppi bannvöru. Hann elti smyglara nótt eftir nótt, og einu sinni heppnaðist honum að taka fastan smyglara, sem hafði mikið af smyglvarningi. Hann fékk svo há verðlaun fyrir þetta, að hann komst í sæmileg efni.

Fótvissa Lord Curzons hafði bjargað mér frá slysum oft og mörgum sinnum, en hann varð líka orsök þess, að ég hætti hermennsku. Ég var á verði síðla nætur með öðrum hermanni í skóglendi langt frá varðstöðinni. Við heyrðum hávaða í fjarlægð.

Ég hrópaði fyrirskipun til hins ósýnilega manns um að nema staðar, og við þeystum báðir í áttina til hans. Lord Curzon hnaut, og ég steyptist fram af honum.

Meira vissi ég ekki fyrir en seinna. Félagi minn, sem hafði orðið viðskila við mig, hrópaði á mig, en fékk ekkert svar. Hann fann hest minn, en mig ekki. Hann leitaði mín árangurslaust og fór síðan aftur til herbúðanna. Nokkrum klukkustundum síðar fann leitarflokkur mig í vatnspolli, hræðilega slasaðan og meðvitundarlausan.

Ég lá í margar vikur í hermennaspítala í námunda við Askhabad með miklum kvölum. Þó að mér fundist sem ekkert bein í líkama mínum væri óbrotið eða á réttum stað, kom það í ljós, að ég hafði aðeins orðið fyrir ytri áverkum. Umönnun og gæska tveggja roskinna hjúkrunarkvenna gerðu þær ástsælar hjá mér og öðrum sjúklingum. Það var ekkert leyndarmál, að þær voru höfðingjaættar og höfðu verið reknar í útleð frá Pétursborg. Önnur þeirra, Lydíja Pavlovna, trúði mér fyrir því, að faðir hennar hefði verið fursti.

Þegar ég var orðinn ferðafær, var ég sendur til Kænugarðs og lá þar í sjúkrahúsi í hér um bil mánuð. Eftir að ég hafði dvalist enn um tveggja mánaða skeið í hressingarheimili í Kænugarði, var ég leystur frá herþjónustu og fór aftur til fyrri starfa míns sem verkstjóri í Petrovskij-Lenín verksmiðjunni í Dnepropetrovsk. Þetta var sumarið 1928, og var ég þá á tuttugasta og þriðja aldursári.

5. kafli: Snúið baki við fortíðinni

Þeir, sem leika smærri hlutverkin í mikilfenglegum sögulegum sjónleik, vita sjaldan um mikilleik hans. Þeir eru of önnum kafnir við atburðarásina til þess að sjá hinn mikla heildarsvip. Ég var einn af þessum leikurum í byrjun ársins 1929 — einn af áhugasömu, ungu mönnunum, sem voru heillaðir af hinum háfleygu hugsunum og fyrirætlunum þessa tímabils. Þetta var tími, þegar land mitt var að byrja að færast inn í nýja og að vissu leyti ennþá gagngerðan byltingu, tímabil, þegar Stalín og nánustu samstarfsmenn hans áttu í harðri baráttu við móttstöðumenn sína í stjórnmalanefndinni og að vissu leyti við allan flokkinn. Þeir voru fastákveðnir í að útrýma síðustu leifunum af fjárhagsfyrirkomulagi og hugsunarhætti auðvaldsskipulagsins til að geta leitt Rússland inn í iðnvæðingu og landbúnaðinn inn á braut samyrkjubúanna.

Þetta varð þess vegna líka tímabil, þegar allt, sem ennþá var eftir í byltingunni af óákveðni, hiki og ósamræmi í skoðunum, fór að þurrkast út. Flokksstefnan, með öðrum orðum skyldan við ákveðin takmörk, varð mikilvægari en nokkrir eigin hagsmunir. Nýtísku vélin, kjarni og tákn iðnvæðingarinnar, lék stórt hlutverk í lífi okkar og gerði hvern dag tilverunnar mikilvægan. Vélin varð að vandlætingasömum guði, sem krafðist mikilla friðþægingarfórna. Hún fékk næstum því leyndardómsfullt vald í hversdagslífi landsins. „Mannúðlegar“ áhyggjur virtust okkur aðeins leifar frá einkennilegri fortíð.

Straumur tímans tók með sér milljónir manna, suma af fúsum vilja, aðra nauðuga, slitna frá tilveru þeirri, sem þeir voru vanir við, og rekna inn á nýjar leiðir. Flestir þeirra höfðu ekki nægilega næringu, ekki nægilegan fatnað og vantaði huggun tyllivonanna. Ég kynntist auðvitað hinum einstöku atburðum í þessari þróun, hinum slæmu jafnt sem hinum góðu. En ég leit á þá eins og ungur, tuttugu og þriggja ára maður, sem hafði hlotið stjórn málaupveldi hjá æskulýðsfylkingunni og Rauða hernum og trúði því, að Rússland ætti betri framtíð í vændum. Ég var einn af þeim verkamönnum í verksmiðju okkar, sem höfðu árvakrasta þjóðfélagslega meðvitund, og ég var heillaður af hinni öru sköpun í daglegu starfi mínu. Það var skortur á mörgu og miklar þjáningar. En það var líka örvun í hinni æðisgengnu eftirvæntingu og hinum brennandi vonum. Það voru hinar djúpstæðu vonir um framtíð landsins, og það var þess vegna ekki nein tilviljun, að ég valdi einmitt þennan tíma til þess að ganga í flokkinn. Ég var í hópi þeirra fáu, sem reknir voru til þess af hugsjónum, sem lágu að baki hinni miklu tilraun. Við vorum gripnir af vinnuákafa, sem stundum var á takmörkum vínæðis. Aðrir gátu ef til vill þolað hina

nýju byltingu í ólundarlegri óánægju, á sama hátt og þeir höfðu þolað hina miklu hungursneyð. Þeir tóku henni ef til vill eins og einhvers konar náttúruhamförum. En fyrir sjónum minna líka, sem voru altekknir af hugsjón byltingarinnar og trúðu á hana, voru erfiðleikar liðandi dags aðeins nauðsynlegt gjald fyrir þá glæsilegu framtíð, sem beið landsins og þjóðarinnar. Iðnvæðing til að lyfta þjóðinni út úr miðaldaástandinu, hvað sem hún kostaði, fannst okkur vera göfugasta takmark, sem hægt væri að stefna að.

Þetta er ástæðan til, að ég má ekki láta undan þeirri freistingu að dæma atburði þessara ára eftir tilfinningum mínum eins og þær eru í dag. Líf mitt var þrungið starfi, erfiðleikum og skorti. Ádeilur „hinna frjálslyndu af gamla skólanum“, sem aðeins gagnrýndu, en héldu sér fyrir utan starfið, virtust mér aðeins leiðinlegar.

Ég var önnur kafinn við starf mitt sem tæknilegur verkstjóri í pípuverksmiðjunni, við ný vináttubönd, sem ég batt við embættismenn og áhrifamikla kommúnista, við blaðamannaskyldur mínar sem einn af ritstjórum verksmiðjublaðsins. Ég hafði gaman af að starfa. Það hvarflaði aldrei að mér eftir erfiðan vinnudag í hinni heitu og hávaðasömu verksmiðju eða vinnustofu, að ég væri of þreyttur til að fara á fundi eða tæknileg námskeið, til að ræða um áætlanir um einhver þjóðþrífastörf eða til að skrifa í blaðið. Ég áleit, að þreyta væri burgeisahleypidómar.

Blöðin og útvarpið bergmáluðu kjörorð hins nýja tíma: Náðið auðvaldslöndunum, og farið fram úr þeim! Áfram með iðnvæðingu lands okkar! Útrýmið kúlökkunum sem stétt! Þetta var eins og að lifa að staðaldri í gufukatlaværksmiðju, hver maður mataðist, svaf og starfaði mitt í hinum æðisgengna hávaða baráttunnar. Líf okkar kafnaði í verkamannafundum, námi og aftur námi og þrumuræðum gegn ytri og innri óvinum.

Það var hér um bil jafnskynsamlegt og að fara að rökræða við jarðskjálfta að gagnrýna þær ákvarðanir, sem eins og eldingar voru sendar út frá himninum í Kreml. Við tókum þær samkvæmt orðanna hljóðan. Auðvitað voru þær skýrðar fyrir okkur og rökstuddar við hið sífellda stjórnmálanám okkar. Það, sem okkur var sagt, var ef til vill ekki einmitt það sama og það, sem foringjarnir í Kreml höfðu hugsað — en að því komst ég ekki fyrr en síðar.

Skuggi GPÚ, leynilögreglunnar, féll ekki á mig. Auk þess fannst mér það alveg eðlilegt, að haldið væri vandlega í taumana á hverjum manni og hann hafður undir eftirliti á tímum, sem voru tvísýnir og mikilvægir fyrir landið. Aðeins gömlum mönnum, sem mundu langt aftur í tímann, eins og föður mínum, var misboðið, en sú vandlæting þeirra fannst mér jafnóviðeigandi og friðarkenning á vígvelli.

Í byrjun ársins 1929 kom Khrístían Rakovskíj, einn mesti áhrifamaðurinn meðal hinna gömlu bolsévika, í verksmiðju okkar og hélt ræðu á fjöldafundi. Það var í einna síðasta skiptið, sem óvini Stalíns var leyft að tala til þjóðarinnar. Nokkrum dögum seinna fór faðir minn að tala um fundinn. Hann hafði verið dapur í bragði, og nú skildi ég ástæðuna.

„Rakovskíj gagnrýndi flokksstjórnina,“ sagði hann. „Ég er ekki viss um, að ég

sé honum sammála eða margir verkamannanna séu það. En við skildum, að það er verið að berjast um völdin og að Stalín sigrar. Sumir áheyrendanna voru sýnilega sammála Rakovskíj. Þeir komu fram með fyrirspurnir og klöppuðu fyrir honum. Síðan fór Rakovskíj. En þegar næsta morgun voru verkamennirnir, sem höfðu sýnt Rakovskíj samúð, kallaðir til GPÚ. ... “

Nokkrum vikum seinna hitti ég Kozlov, ritara umdæmisnefndar flokksins. Hann heilsaði mér vingjarnlega. Ég var þá, eins og honum var kunnugt um, að sækja um að verða tekinn inn í flokkinn, og hann áleit mig vera nýliða, sem flokknum væri fengur í. Ég hafði í vaxandi mæli gefið mig að málefnum verksmiðjunnar og bæjarins. Nafn mitt og mynd af mér birtust oft og oft í blöðum borgarinnar, iðnaðartímaritum og blöðum verkalyðsfélaganna.

„Félagi Kravtsjenko, þér eigið sannarlega sérvitrar föður,“ sagði Kozlov hlajandi.

„Hvað hefur komið fyrir?“ spurði ég og varð ekki um sel.

„Ekki neitt sérstakt. Við komum nokkrir frá umdæmisnefndinni inn í véla-deildina. Það heyrir ennþá dálítið óhollt bergmál frá heimsókn Rakovskíjs, og við ætluðum að tala við nokkra verkamenn, aðeins til þess að komast að raun um ástandið. Jæja, við spurðum hina og þessa og komum að lokum til föður yðar. „Hvernig gengur það hérna?“ spurði ég hann mjög vingjarnlega. Hverju haldið þér að hann hafi svarað? Hann leit upp, virti mig fyrir sér og sagði: „Truflað mig ekki við vinnuna. Þetta er verksmiðja, en ekki klúbbur. Ef yður langar til að vita, hvað verkamennirnir hugsa, þá spyrjið GPÚ ykkar um það. Þeir hljóta að vita það.“ Þér eigið skrytinn föður, Víktor Andrejevítsj! Senja Volgín — þér þekkið hann frá æskulyðsfylkingarnefndinni — var með mér. Hann reyndi líka að ná tali af föður yðar. „Þér eruð gamall og virtur öreigi, Kravtsjenko borgari,“ sagði hann. „Þér börðust gegn keisaranum. Við þekkjum það allt saman. Það er þess vegna, að okkur langar til að heyra skoðun yðar.“ Þá hljóp gamli maðurinn upp á nef sér. „Heyrið mig, ungi maður,“ sagði hann, „Í stjórnmálunum eruð þér kjúklingur, sem er nýskriðinn út úr egginu. Mér dettur ekki í hug að fara að ræða neitt alvarlega við yður.“

Síðan sló Kozlov göfugmannlega striki yfir þetta atriði. Hann sagði, að þetta væru aðeins duttlungar beisks, roskins manns, sem væri ekki á sömu bylgjulengd og hin nýja og fagra veröld.

„Jæja, hvenær kemur síðan inntökubeiðnin frá yður til flokksins?“ spurði Kozlov.

„Bráðlega, hygg ég,“ svaraði ég.

„Ágætt! Ég ætla að koma á fundinn og mæla með yður. Við þörfnumst yðar, Kravtsjenko. Það er mikið af erfiðri vinnu framundan. Við getum ekki búist við miklu af gömlu kynslóðinni, ekki einu sinni þeim bestu.“

Við og við höfðu háttsettir kommúnistar þannig hvatt mig til þess að ganga í flokkinn. Þeir lögðu áherslu á, að ég ynni hvort sem er með þeim. Hvers vegna ætti ég ekki að verða flokksbundinn, þar sem ég styddi þá í hinn miklu baráttu fyrir nýrri veröld? Ég var þeim sammála. Í hjarta mínu og í vonum mínum var ég þegar

orðinn samferðamaður þeirra. Ég ætlaði að ganga í flokkinn á heiðarlegan hátt, án kvíða og án efasemda. Ég vildi vera í þeim ótilfinninganæma her, sem ætlaði að skapa nýja iðnvædda veröld og að lokum nýja sósíalíska veröld!

Innan takmarka flokksstefnunnar höfðum við talsvert frelsi til þess að láta skoðanir okkar í ljós í verksmiðjublaðinu. Aðeins tveir ritstjórnanna, maður að nafni Bleskov og ég, vorum ekki ennþá flokksbundnir. Í fyrstu kom blaðið út einu sinni í viku, en síðar var það gert að dagblaði. Upplag þess var hér um bil 35.000 eintök. Það var auðvitað lesið af næstum því öllum, sem störfuðu við Petrovskíj-Lenín verksmiðjuna. En það, sem var ennþá mikilvægara, var, að næstum því hver embættismaður stjórnarinnar og flokksins í héraðinu las það, og það var jafnvel lesið í sjálfri Moskvu.

Efni blaðsins var að vísu ritskoðað. Ekkert, sem vakið gat snefil af efasemdum um iðnvæðinguna eða stjórnmalastefnu flokksins, var leyft að prenta. Engum mundi heldur nokkurn tíma detta í hug að skrifa þess háttar hluti, ef hann væri með sjálfum sér. Árásir voru leyfðar á verksmiðjustjórnina, starfsmenn verkalýðsfélaganna og flokksins, og ennfremur að benda á sérstaka galla í framleiðslunni eða í sambandi við stjórn verksmiðjanna. Þetta blekkti menn svo, að þeir álitu, að blaðið talaði máli almenningsálitsins.

Samokritika, sjálfsgagnrýni, var eitt mikilvægasta kjörorð þessa tímabils. Allir voru hvattir til að „segja frá öllu“ um galla, skyssur og aðferðir til að bæta úr því, sem ábótavant var, hvort heldur í dagblöðunum, í verksmiðju- og landbúnaðarblöðunum eða á töflunum á vinnustöðvunum, sem nefndar voru veggblöðin. Sjálfsgagnrýni var tæki til þess að auka gæði framleiðslunnar, en stundum var hún líka svipa, sem æðra settir embættismenn sveifluðu yfir höfðum lægra settu embættismannanna.

Verksmiðjunum var á þessum tíma ennþá stjórnað af „þrenningu“, sem skipuð var fulltrúum frá verksmiðjustjórninni, verkalýðsfélagunum og flokknum. Meðal þessara mörgu embættismanna, þar sem hver gætti starfsemi annarra, varð sjálfsgagnrýnin stundum að aðferð til þess að berjast, svo að lítið bæri á, fyrir stöðum og valdi.

Ég sökkta mér niður í viðfangsefnið sjálfsgagnrýni með ákafa krossfarans, og vakti það óróa hjá sumum stjórnendum verksmiðjunnar. Ég benti heiðarlega og kappsamlega á gallana án tillits til þess, á hverjum það bitnaði. Síðar fór mér að skiljast, hvers vegna sumir valdamenn í verksmiðjunni fóru skyndilega að óska eftir vináttu við mig. Þeir hafa án efa álitid það tryggilegt að komast í vináttu við ungan mann, sem hafði beittan penna og stakk honum í þá, sem drógust aftur úr, en voru samt ánægðir með sjálfa sig.

Greinar mínar komu ekki aðeins í verksmiðjublaðinu, heldur líka í blöðunum í Kharkov og Dnepropetrovsk, en fyrir þau vann ég sem fréttaritari í verksmiðjunni. Flokksblöðin í borginni töluðu urn starf mitt og bentu á mig sem dæmi um „virka æsku“.

Um hvað skrifaði ég? Um óeðlilega eyðslu og eyðileggingu verðmæta. Um iðnaðarmenn, sem fóru ekki sæmilega með verkfæri sín og vélar, um hinn mikla kostnað við framleiðslu verksmiðju okkar í samanburði við svipaðar verksmiðjur í Svíþjóð og Bandaríkjunum, um ófyrirgefanlega framkomu þessa og hins félaga gagnvart verkamönnunum, um það, að vörurnar væru ekki nógu vandaðar, um það, hvernig hægt væri að breyta einhverri starfsaðferð til þess að spara mörg þúsund vinnustundir.

En árásir mínar á hið óþolandi húsnæðisfyrirkomulag hjá verkamönnunum, sem bjuggu í bröggunum, trufluðu enn meira vanagang verksmiðjulífsins. Ég skrifaði, að kaupið hefði í orði kveðnu hækkað, en það héldist ekki í hendur við verðið í matsöluhúsum og útsölustöðum verksmiðjunnar. Og ég spurði um það, hvenær hinar nýju íbúðir, sem svo mikið væri rætt um, yrðu tilbúnar. Ég spurði, hvers vegna sumir yfirmannanna lifðu við ágæt skilyrði, samtímis því sem vanrækt væri að sjá almennum verkamönnum fyrir einföldum lífsnauðsynjum.

Þessar blaðagreinar mínar urðu til þess, að ég eignaðist nokkra svarna óvini meðal ráðamanna verksmiðjunnar. Sumir þeirra hötuðust við mig, svo að árum skipti. En ég eignaðist líka nána vini. Einkum naut ég sterks stuðnings við endurteknar kvartanir mínar um, að það væru allt of margir yfirmenn við verksmiðjuna, miðað við afköst hennar.

Ég hafði grafið upp í tæknilegum tímaritum skýrslur þess efnis, að sænskar málmvöruverksmiðjur hefðu aðeins einn framkvæmdastjóra, þar sem við hefðum tvo eða þrjá. Ég skrifaði, að þeir flæktust hver fyrir öðrum, seinkuðu fyrir vinnunni og ykju framleiðslukostnaðinn.

Tímabil sjálfsgagnrýnninnar var síðasti votturinn um vald lægri stéttanna í Ráðstjórnarríkjunum. Hún lét í ljós skoðanir almennings.

Með þessari aðferð tókst að takmarka yfirmannafjöldann á vissum stöðum, þó að hún hefði engin áhrif á heildarstefnuna og ákvarðanir í valdamiðstöðinni í Moskvu.

Af ástæðum, sem mér voru varla sjálfum ljósar, — ástæðum, sem áttu rætur sínar í undirvitund minni, þar sem endurminningarnar um hugsjónir æskunnar lifðu sínu lífi, — fór ég hjá mér, þegar ég tilkynnti föður mínum, að ég hefði í huga að ganga í flokkinn.

„Ég vissi, að þú myndir fyrr eða síðar ganga í flokkinn,“ sagði hann. „Ég hef tekið eftir því, að þú tekur meiri og meiri þátt í stjórn málastarfsemi. Þú skrifar í blöðin, þú lest um stjórnsmál. En ég get ekki haldið því fram, að ég sé glaður yfir þessu. Þú veist sjálfur, hversu mikið óréttlæti er í kringum okkur — hvernig fjarlægðin milli húsbændanna og almennings eykst í sífellu. Mig langar til að heyra, hvernig þú lítur á málin, heyra skoðanir þínar.“

„Mér þykir vænt um, að þú spyrð mig að þessu, pabbi. Ég ætla að tala hrein-skilnislega. Ég er þér þakklátur og stend í þakarskuld við þig fyrir margt. Ég ber virðingu fyrir réttlætiskennð þinni, og mér þykir heiður að byltingarfortíð þinni.

En reyndu að skilja mig. Ég er orðinn næstum því tuttugu og fjögurra ára gamall. Ég hef alist upp og unnið með nýrri kynslóð í umhverfi, sem er helgað nýjum hugsjónum og miklum fyrirætlunum um framtíð landsins. Ég hef ekki komið til flokksins í einu stökki. Trú mín á hann hefur skapast hægt og hægt, steinn verið lagður ofan á stein. Eftir því sem tímar hafa liðið fram, er ég farinn að finna til eins og flokksmaður.

Ég veit, að margt er gallað. Ég þekki dæmi um, að menn hafi tranað sér fram, gert sig seka í óhæfuverkum og hörku í hinu raunhæfa hversdagslífi. Mér fellur þetta ekki betur í geð en þér. En ég lít á þetta sem fyrirbæri, sem muni hverfa. Það verkefni að breyta frumstæðu landi í nýtísku iðnaðarland, í sósíalískt ríki er tröllaukið. Það er ekki hægt að gera það án þess að gera sig sekan um yfirsjónir, já, jafnvel um óréttlæti. En ég vil ekki standa fyrir utan flokkinn og gagnrýna. Ég vil vinna ærlega innan flokksins, berjast á móti því illa og styðja það góða.

Ég hugsaði mig lengi um, áður en ég tók þetta skref. Tíminn og reynslan geta ein skorið úr um það, hvort flokkurinn er á réttari leið eða ekki. En ég trúi á markmið hans og er fús á að fórna öllu, sem ég get, til að því verði náð. Þegar öllu er á botninn hvolft, ert þú ekki mótfallinn iðnvæðingunni. Þú ert ekki mótfallinn því, að dráttarvélar komi í stað útslitinna hesta. Þú hefur ekkert á móti því, að bændurnir stofni til samyrkjubúa af frjálsum vilja.“

Hann leit alvarlega, en ekki reiðilega á mig.

„Auðvitað er ég ekki mótfallinn þessu, Vítja. Og ég fer nærri um tilfinningar þínar. Ég þekki í raun og veru sjálfan mig í þér. Svona var það, sem ég hagaði mér áður fyrr. Ég fór eftir sannfæringu minni og hlífði hvorki sjálfum mér, konu né börnum. Það er betra að hafa einhverja trú en enga. Þú manst eftir Lúka í Djúpinu eftir Gorkíj: „Guð er til, ef þú trúir því. Ef þú trúir því ekki, þá er enginn Guð til.“ Þú hefur eignast trú. Ég óska þér heilla og farsældar af heilum hug.

En slíttu þig ekki frá fólkinu, Vítja. Dæmdu, hvaða gagn þú gerir, ekki eftir þeim stöðum, sem þú verður settur í, heldur eftir því, hvernig fólkinu líður, hvort það hefur meira að bíta og brenna, hvort það er hamingjusamara og frjálsara. Ef þú í raun og veru ert nákominn fólkinu, skilur það og hjálpar því, þá mun ég alltaf verða þér þakklátur. Lifðu ekki á kjörorðum. Dæmdu stjórnmálamennina eftir verkum þeirra, en ekki eftir fögrum orðum þeirra. Í Kreml eru þeir miklir meistarar í fræðisetningum. Við skulum sjá til, hvernig þær reynast í framkvæmd. Ég vona, að þú fái aldrei ástæðu til að missa trú þína!“ Hann þagnaði um stund, en hélt síðan áfram.

„Hver veit?“ lauk hann máli sínu. „Ef til vill heppnast börnum okkar að skapa raunverulegt frelsi og betra líf fyrir fjöldann.“

„Ég er viss um, að það tekst, pabbi.“

Þessi viðræða var mér í fersku minni þau ár, sem á eftir komu, meðan ég vann í flokksnum og fyrir flokkinn. Það var eins og faðir minn stæði hjá mér, athugaði mig og dæmdi — horfði á staðreyndirnar og verkin bak við öll kjörorðin.

Á miðju ári 1929 var ég tekinn í flokkinn. Mér fannst það vera mesti viðburður ævi minnar. Það gerði mig að liðsmanni í úrvalslíði hins nýja Rússlands. Ég var ekki lengur einstaklingur, sem gat valið sér vini, áhugamál og sjónarmið að vild. Ég hafði fyrir fullt og allt helgað mig hugsjón, málstað. Ég var hermaður í her, sem var undir ströngum aga, og hlýðni við miðstjórnina var þar æðsta og næstum því eina dygðin. Framvegis var óleyfilegt að hafa samskipti við ranga menn, að hlusta á röng orð.

Dag nokkurn, eftir að ég hafði verið tekinn í flokkinn, var ég ásamt stjórnanda verkstæðis míns kallaður upp í skrifstofu framkvæmdastjóra verksmiðjunnar. Framkvæmdastjórinn sagði, að gæði þeirra verkfæra, sem við hefðum afgreitt til Drúzhkovskij-verksmiðjunnar við neðri Don, væru orðin lakari. Við ættum að fara þangað þegar í stað og rannsaka nákvæmlega, hvað væri athugavert við vörur þær, sem við hefðum sent þeim, og gefa honum skýrslu um það.

Eftir viku ferðalag kom ég aftur og hafði þá samið langa skýrslu.

Ég hélt, að ég hefði bent á gallana, og bar fram nokkrar tillögur til að koma í veg fyrir þá. Framkvæmdastjórinn var ánægður. Hann sagðist skyldi mæla með því, að ég fengi talsverða peningaupphæð að verðlaunum fyrir gott starf, og spurði, hvort ég væri ánægður með það.

„Ég hef enga þörf fyrir peninga,“ sagði ég. „En mig vantar íbúð. Einn bræðra minna og faðir minn vinna, eins og þér vitið, hér í verksmiðjunni. En í nokkur ár höfum við ekki átt reglulegt heimili vegna húsnæðisvandráðanna. Eins og sakir standa búum við ekki einu sinni saman, og móðir mín er neydd til að hirsta uppi í sveit.“

„Ég skal sjá, hvað hægt er að gera,“ lofaði framkvæmdastjórinn. Nokkrum dögum seinna bjó Kravtsjenko-fjölskyldan sameinuð í viðkunnanlegri, nýttísku íbúð, sem verksmiðjan átti. Móðir mín gat að lokum yfirgefið húsið, sem við höfðum búið í forðum daga í Herklukkunni.

Hið svonefnda Shakhtij-mál tók mjög mikið rúm í dagblöðunum heima árið 1928, og það var jafnvel minnst á það í erlendum blöðum. Hópur háttsettra verkfræðinga í kolaiðnaðinum var kallaður fyrir rétt í Moskvu í viðurvist innlendra og erlendra blaðamanna með kvikmyndavélar og hljóðnema, sem fluttu fregnir af gangi málsins um land allt.

„Hér,“ sögðu Kremhverjar við íbúa landsins, „er ástæðan til þess, að hér verða svo mörg og alvarleg skakkaföll. Erindrekar auðvaldsins, leifar frá gamla stjórnartímabilinu, koma af ráðnum hug af stað óhöppum og grafa undan framleiðslunni.“

Þetta var upphaf sýndarréttarhaldanna, sem seinna urðu svo algeng, þar sem menn stóðu rólegir og játuðu á sig glæpi gagnvart ríkinu. Í Shakhtij-málinu neituðu sumir hinna ákærðu samt ásökununum og börðust fyrir lífi sínu. Séð var um, að slík sérviska ætti sér ekki stað við yfirheyrslur í framtíðinni.

Tveim árum síðar hófust önnur miklu umfangsmeiri málaferli gegn verk-

fræðingum, og voru þau mun betur á svið sett. Það voru sýndarmálaferli gegn mönnum, sem haldið var fram að væru leiðtogar iðnaðarflokks, sem sagður var hafa verið stofnaður í þeim tilgangi að kollvarpa ráðstjórnunum, endurreisa auðvaldsskipulagið og taka öll völd í sínar hendur. Þó að sýningin væri full af fjarstæðum, tók ég hana trúanlega, eins og mestur hluti þjóðarinnar gerði. Á þeim tíma tóku flokksmenn hinnar yngri kynslóðar gagnrýnislaust undir þá skoðun, að margir verkfræðingar og iðnfræðingur, sem fengið hefðu menntun sína fyrir byltinguna, hlýtu að sjálfsögðu að vera áhangendur gamla stjórnarfyriřkomulagsins og því hugsanlegir, ef ekki raunverulegir fjadmenn iðnvæðingarinnar.

Í stað þeirra verkfræðinga, sem fengið höfðu menntun sína fyrir byltinguna, var sýnilega nauðsynlegt að mynda og mennta nýja stétt verkfræðinga, sem ættu engar endurminningar um fortíðina og væru í alla staði hollir ráðstjórnarhugsjóninni og fyrirætlunum flokksins. Þessa menn varð aðallega að velja meðal ungra verkamanna og starfsmanna, svo og ábyrga verkamanna, sem voru í flokknum eða að minnsta kosti skyldir honum í hugsunum. Sú ákvörðun var þess vegna tekin á æðstu stöðum að taka „þúsundir“ manna úr flokknum og verkalyðsfélögunum og láta þá stunda nám í gömlum og nýjum háskólum og iðnskólum. Þetta var fyrirætlun, sem átti upptök sín í hinni almáttugu stjórnmalanefnd.

Árið 1930 kom hópur af erindreikum frá eftirlitsnefnd miðstjórnar flokksins til að rannsaka starfsemina og starfsliðið í verksmiðju okkar. Ég var kallaður til skrifstofu framkvæmdastjórans. Í stól framkvæmdastjórans bak við geysistört rauðviðarskrifborð með fjölda síma sat nú ókunnugur maður, sem ég þekkti af myndum að var Arkadíj Rosengolts, einn af áhrifamestu leiðtogunum í Moskvu og mikilsvirtur miðstjórnarmaður.

„Góðan daginn, félagi Kravtsjenko,“ sagði hann brosandí og rétti mér höndina. „Ég hef látið kalla yður hingað, vegna þess að ég hef heyrt um starf yðar. Þér hafið áhuga á að koma framleiðslunni á hagkvæmari grundvöll. Það er ágætt. Þér eruð ófeiminn að skrifa í blöðin okkar. Það er líka gott. Er það nokkuð, sem þér þarfnist?“

„Nei, þakka yður fyrir, félagi Rosengolts.“

„Jæja, segið mér eitthvað um sjálfan yður.“

Ég sagði honum í stuttu máli frá lífi mínu, bernsku minni í fjölskyldu byltingarmanns, vinnu minni á samyrkjubúinu, frá tímanum, sem ég vann í kolanámunum, og hvernig ég hafði gengið í æskulýðsfylkinguna. Ennfremur sagði ég honum frá þjónustu minni í Rauða hernum, frá starfi mínu í verksmiðjunni og hvernig ég hafði gengið í flokkinn. Hve oft átti ég ekki eftir að segja þessa sögu! Þessi sundurakning á einkalífi manns er í ráðstjórnarþjóðfélaginu næstum því orðin að helgisíð, sem framkvæmdur er munnlega eða með útfyllingu spurningareyðublaða við lítillfjörlegasta tilefni.

Rosengolts hlustaði, virti mig gaumgæfilega fyrir sér og tók síðan augskýnilega ákvörðun.

„Þér eruð ungur maður, enn ekki orðinn 25 ára,“ sagði hann. „Flokkurinn þarfnast

verkfræðinga til að starfa við iðnaðinn. Langar yður til að ganga menntabrautina? Við skulum senda yður nokkur ár í iðnskóla. Þér endurgjaldið flokknum með því að vinna eins vel og þér getið. Flokkurinn hefur þörf fyrir tæknilega menntamenn innan sinna flokksráða til þess að framkvæma iðnvæðingarstarfið í samræmi við stjórnmalastefnu hans.“

„Þakka yður fyrir. Mér væri ánægja í að gera allt, sem ég get fyrir land okkar.“

Næsta dag kom sjálfur Sergo Ordzhoníkídze til verksmiðjunnar. Hann kom að óvörum inn í deild okkar, og var í fylgd með honum hópur af yfirmönnum verksmiðjunnar og héraðsins. Ég hefði ekki getað komist í öllu meira uppnám, nema Stalín hefði komið sjálfur. Ordzhoníkídze var einkavinur Stalíns, þjóðfulltrúi eftirlits með verkamönnum og bændum, yfirmaður eftirlitsnefndar miðstjórnar flokksins.

Það fyrsta, sem ég hugsaði, var: „Alveg eins og ljósmyndin á veggnum í stofunni okkar í Donetsk-dal!“

Hann var með sams konar háa, gráa loðhúfu, í sams konar blárri treyju með gráum kraga. Víðum buxum hans var stungið niður í mjúk, hnéhá stígvél. Arnarnefið á honum var enn bognara og tignarlegra en á myndinni, og efrivararskeggið stóð enn lengra út undan þessari gnípu.

Mér fannst ég hafa þekkt hann alla ævi. Það var eitthvað við ófríðleik hans og bros, sem eyddi þeirri fjarlægð, sem skilur guð, sem stigin er niður frá ólympsfjallinu í Kreml, frá mannverunum fyrir neðan fjallið. Framkvæmdastjórinn kynnti mig fyrir honum.

„Já, ég hef heyrt talað um yður,“ drundi í Ordzhoníkídze, og hann rétti mér höndina. „Hvernig gengur vinnan hér?“

„Vel,“ sagði ég, en bætti síðan við, „þó gæti hún gengið betur.“

„Það er gaman að heyra þetta! Og hvað er svo hægt að gera, til þess að hún gangi betur?“

„Það er erfitt að segja það með fáum orðum,“ svaraði ég.

„Verið ekki feiminn. Segið það, sem yður býr í brjósti,“ sagði Ordzhoníkídze hlæjandi.

„Já, málið liggur þá þannig fyrir, félagi þjóðfulltrúi,“ sagði ég, „það er allt of mikill umbúnaður og allt of margir menn, sem tefja hver fyrir öðrum. Ég hef litið í bækur þessarar verksmiðju frá því fyrir byltinguna og séð af þeim, að þeim, sem vinna að stjórn verksmiðjunnar, hefur fjölgað um næstum því 35%. Þetta virðist mér vera á rangri leið. Menn flækjast hver fyrir öðrum. Allir bera ábyrgð á endanlegu niðurstöðunni, en það er sama og enginn beri ábyrgðina. Við vinnum ekki nægilega vel og notum of mikið efni. Hvernig stendur á því, að auðvaldsinnarnir græddu á þessari verksmiðju, en við rekum hana með tapi? Þegar á allt er litið, vinna verkamennirnir eins vel og áður, og því hlýtur gallinn að liggja hjá okkur sjálfum.“

Jafnvel í hita ræðunnar tók ég eftir því, að þeir, sem unnu að framkvæmdastjórn

verksmiðjunnar, urðu sífellt órólegri. Framkvæmdastjórinn hóstaði. Fulltrúar flokksins og verkalyðsfélagsins voru eirðarlausir. Vinnan stöðvaðist í deildinni, og einhvers staðar heyrðist rödd hrópa: „Þér hafið rétt fyrir yður, Víktor Andrejevítsj, þér hafið rétt fyrir yður!“

„Já,“ hélt ég áfram, hrifinn af orðum mínum, „það eru oft meiri annir en árangur. Aginn er lélegur, af því að svo margir eiga að halda honum uppi. Það, sem við þurfum, félagi Ordzhoníkídze, er einn maður, sem stjórnar, og einn maður, sem ber ábyrgðina, án þess að aðrir blandi sér inn í það.“

„Þetta er mjög fróðlegt!“ sagði hann aftur. „Og í aðalatriðunum hafið þér rétt fyrir yður. Foringinn er á líkri skoðun. Þér verðið að halda áfram að læra, félagi Kravtsjenko.“

Hann kvaddi mig með handabandi og fór og á eftir honum fylgdarliðið, sem var ekki laust við ótta. En þegar hann hafði gengið nokkur skref, sneri hann aftur til mín og sagði: „Ef þér lendið einhvern tíma í vandræðum eða hafið mikla þörf fyrir eitthvað, þá skuluð þér skrifa mér! Ég skal hjálpa yður!“

Á þeim erfiðu árum, sem ég átti í vændum, lá fyrir mér að nota þetta tilboð. Mér fannst þegar eins og Ordzhoníkídze hefði gert mig að „kjörsyni“ sínum. Nú átti ég verndara meðal hinna almáttugu. Þar til hann dó snemma á árinu 1937, fannst mér ég eiga hjá honum hæli. Vitundin um, að ég gæti snúið mér til hins arnnefjaða samlanda Stalíns frá Georgíu, fyllti mig erfiðustu stundirnar dirfsku, sem aðrir gátu ekki látið í ljós.

„Fyrirlestur“ minn fyrir hinum háttsetta vini Stalíns var vikum saman umræðufni í verksmiðjunni. Verkamennirnir klöppuðu á bakið á mér og hrósuðu djörfung minni.

En næsta dag var ég kallaður til skrifstofu flokksnefndarinnar. Flokksritarinn, Konstantín Okorokov, var þar og sömuleiðis framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, félagi Ívantsjenko. „Hvað gengur að yður, Kravtsjenko?“ öskraði flokksritarinn, þegar ég kom inn. „Eruð þér orðinn vitlaus? Er yður ljóst, að Sergo var næstum því genginn af göflunum og engu munaði, að hann kastaði blekbyttunum í okkur? Hann var blíður og ánægður, þangað til þér komuð honum af stað. Eftir það skammaði hann okkur og kallaði okkur lata og duglausa bastarða.“

En ég lét ekki undan. Ég kvaðst aðeins hafa sagt sannleikann. Hafði ekki Lenín sjálfur sagt, að framfarir í iðnaði krefðust þess, að einn væri framkvæmdastjóri og bæri ábyrgðina? Þar sem ég hafði Lenín og Ordzhoníkídze mér við hlið, var sjálfur flokksritarinn máttlaus í reiði sinni. Ívantsjenko, sem í hjarta sínu var sam-mála mér og gramur yfir hnýsni og afskiptum mannanna frá flokknum og verkalyðsfélögunum, gat ekki leynt ánægjubrosi sínu.

Ég þurfti auk þess ekki annað en ljúka dálitlu verkefni í vinnustofu minni og gat síðan farið til náms á nýjan leik. Ég hafði grun um, að sumum í stjórn verksmiðjunnar þætti vænt um, að ég færi.

Foreldrar mínir og bræður voru mjög glaðir yfir þeirri stefnubreytingu, sem

atvikin höfðu haft í för með sér fyrir mig. Einkum hafði móðir mín aldrei getað sætt sig við, að ég héldi áfram að vera verkstjóri eins og maður hennar. Með sjálfri sér var hún leið yfir, að byltingin skyldi hafa komið í veg fyrir frekari menntun mína. Nú átti ég, þó að seint væri, að undirbúa mig undir að verða verkfræðingur að ævistarfi, og hún var heilluð af þeirri hugsun. Jafnvel faðir minn leit út fyrir að vera fullkomlega hamingjusamur. Hann hlustaði með ánægju á lýsingu mína á félaga Ordzhoníkídze og tók undir hana.

„Sonur minn á að verða verkfræðingur,“ heyrði ég hann segja eitt kvöld við gamla vini, sem sátu umhverfis fjölskyldusamovarinn. Það var hreykni í rödd hans.

Ég eyddi mörgum mánuðum í að troða í mig þekkingu undir inngönguprófið.

Það voru sett á stofn sérstök undirbúningsnámskeið fyrir hina heppnu ungu menn, sem útvaldir höfðu verið í þær „þúsundir“, sem áttu að mynda hina nýju menntamannastétt Ráðstjórnarríkjanna.

Að því búnu innritaðist ég í verkfræðingaskólann í Kharkov í byrjun ársins 1931.

6. kafli: Nemandi í Kharkhov

ÉG VAR NÚ, TUTTUGU og fimm ára að aldri, aftur orðinn nemandi og skjólstæðingur ríkisins. Mánaðarlegur styrkur, sem greiddur var af Petrovskíj-Lenín verksmiðjunum, nægði mér fyrir lífsviðurværi, og dálítið var afgangs til fata og skemmtana. En sultur og kuldi, tvíburarnir, sem ég hafði kynnst svo vel á tímum borgarastyrjaldarinnar, urðu aftur förunautar mínir. Þeir voru ekki lengur jafnmiskunnarlausir og þrálátir og áður; við og við veittu þeir mér ágæta hvíld, en þeir nöguðu og nöguðu þó alltaf eins og ólæknandi tannverkur.

Verkfræðingaskólinn í Kharkov var til húsa í rammgerri gamalli byggingu á jöðrum fallegs skemmtigarðs við Kaplúnovskíj-götu. Á venjulegum tímum hefur þetta vafalaust verið fyrirmyndar skólabygging. Ég gat vel ímyndað mér ungu, snyrtilega einkennisbúnu mennina, sem að mestu leyti komu frá efnuðum heimilum og skiptu áhuga sínum milli starfs og gáska stúdentalífsins. Hugmyndaafli æskunnar hefur getað þrífist hér jafnframt náminu. En nú var þarna hávaðasamt, troðfullt og keppst við eins og í stórrí málmosteypu, sem starfar látlaust. Kapp, kjör-orð og annir fimmáraáætlunarinnar gerðu ekki síður vart við sig hér en við raunhæft uppbyggingarstarf.

Sennilega hefur aldrei, hvorki fyrir né síðar, eins einkennilegu samsafni manna og kvenna, pilta og stúlkna verið troðið saman í eina einstaka kennslustofnun. Flestir nemendanna voru eldri en tuttugu og þriggja ára og margir á fertugsaldri. Menn með lífsreynslu og menntun sátu á bekk með ungum verkamönnum, sem litu á námið sem eins konar kraftaverk, en einnig sem eins konar pyndingar. Úr verksmiðjum, járnbræðslum, námum og skrifstofum, frá ríkisbúum og herbúðum hafði okkur verið safnað saman til þessarar fjöldaframleiðslu af spánnýrri tæknilegri menntamannastétt. Ásamt nemendum úr borginni, sem bjuggu heima hjá sér, voru þarna hátíðlegir Mið-Asíumenn, sem höfðu aldrei fyrir séð vestræna borg. Þarna voru gamlir hermenn, gamlir flokksmenn — skæruliðar — frá Síberíu, ásamt starfsmönnum flokksins, sem þekktu leiðir hinna nýju stjórnmála.

Sennilega hefur heldur aldrei ákveðnari nemendahópur byrjað á víðtæku námi. Við gengum að því eins og menn, sem ryðja sér braut gegnum hættulega frumskóga, eins og menn, sem ráðast á óvinaher. Námsaðferðirnar áttu ekkert skylt við rólegt nám í almennum skólum á venjulegum tímum.

Ásamt þúsundum annarra nemenda frá ýmsum öðrum skólastofnunum í Kharkov bjó ég í svefnhýsi við Púshkín-breiðgötuna, sem minnti á geysistórt býflugnabú

og nefnt var Risinn. Hér var okkur þjappað saman fjórum, fimm eða fleirum í sama herbergið, og vorum við stirðir af kulda á veturna, en steiktir af hita á sumrin.

Oft var svo kalt í svefnhýsinu veturinn 1930—1931, að vatnið fraus í þvottaskálum okkar. Við söfnuðum saman trjádrumbum, brotnum rimlagirðingum, brotnum húsgögnum og gömlum dagblöðum til þess að leggja í litla járnofninn í stóra herberginu okkar, en oft reyndist erfitt að leiða reykinn frá honum gegnum margsamskeytta pípu, sem lá út um gluggann. Þannig lifðum við, lásum og rökræddum, og okkur dreymdi um framtíð lands okkar sem iðnaðarlands, á meðan við börðumst við kuldann og stundum einnig við sultinn.

Konurnar bjuggu í sérstakri álmu, þó að við umgengjumst þær frjálsglega í borðstofum og samkomusölum, og ekki var bannað, að við læsum saman hvort í annars herbergjum. Auðvitað tókust oft ástir milli karl- og kvennemendanna. Við vorum ekki tepruleg í Risanum. En almennt talað var siðferðið furðulega gott. Hugarfar nemendanna var of alvarlegt, daglegir erfiðleikar þeirra of miklir og gagnkvæm virðing þeirra of raunhæf til að gefa sig við léttúðarfullu ástardaðri.

Ég var í herbergi með fjórum öðrum — Aleksej Karnaúkhov, George Vígúra, Vanja Avdashtsjenko og Pavel Pakholkín. Við vorum allir úr hópi hinna hervæddu „þúsunda“ og allir flokksfélagar.

Aleksej var í raun og veru mikilsverður maður, þar eð hann var í miðstjórn æskulýðsfylkingarinnar. Hann var þéttur á velli með hálmgult hár og alvarleg, brún augu og jafngeðugur að skapferli og útliti. Hann var heiðarlegur, hreinskilinn og gagnrýninn, en sá eiginleiki er sjaldgæfur hjá háttsettum kommúnista. Hann var hvorki stór upp á sig vegna stöðu sinnar né hræddur við að taka þátt í frjálsum rökræðum um skólann eða opinber málefni.

Við Aleksej urðum þegar í stað ágætir vinir. Okkur þótti vænt um flokkinn, og við trúðum á hann. Einmitt af þeirri ástæðu hikuðum við ekki við að tala hreinskilnislega um hann. Hvers vegna var þessi hræðilega gjá milli kjörorðanna og framkvæmdanna, milli opinberra staðhæfinga og augljósra staðreynda? Við athuguðum þetta mál, ekki í reiði, heldur af vinsamlegri umhyggju fyrir flokknum. Okkur fannst það auðveldara, þegar við vorum saman, að sjá skynsemi í hinum vaxandi ógnum, að uppgötva göfugan tilgang bak við það, sem virtist vera ógöfug hegðun, og að styrkja jafnan sameiginlega trú okkar á örvæntingarfullu tímabili.

George Vígúra var kommúnisti allt annarrar tegundar. Í hans augum voru það helgisþjöll að láta sér koma til hugar að rökræða fyrirskipanir flokksins og ákvarðanir. Um hvað var verið að ræða? Lá ekki allt í augum uppi? George hafði engar skoðanir — aðeins tilvitnanir í Stalín, *Ízvestija*, *Pravda* og aðrar heimildir. Málefni, sem ekki lágu fyrir neinar opinberar yfirlýsingar um, voru alls ekki til fyrir hans sjónum. Hann var alveg viss um, að það myndi fara illa fyrir okkur Aleksej vegna gagnrýni okkar og tortryggni, áhyggna okkar og hreinskilnislegra viðræða.

Pakholkín, sem var jafnmikill heittrúarmaður gagnvart flokknum og George, var daufgerður, iðjúsamur og þolinmóður náungi. Hann bar lotningu fyrir okkur

öllum, sem vorum í herbergi með honum, og vakti hjá mér þá óþægilegu tilfinningu, að hann væri þakklátur fyrir, að honum væri leyft að lifa. Honum fannst jafnmikið til um gagnrýnislausan flokkstrúnað Vígúra og bíræfnar spurningar mínar. Ég er hræddur um, að við höfum notað okkur gæsku vesalings Pakholkins og lagt heldur meira af herbergisvinnu á auðmjúkar herðar hans en honum bar með réttu að inna af hendi.

En raunverulega vandræðabarnið í herbergi okkar var Vanja Avdashtsjenko. Hann var elstur okkar. Ég hygg, að hann hafi verið kominn yfir þrítugt. Hann var stór, sterkur og góðlyndur, en ótrúlega latur. Hann hafði verið skæruliði á árum borgarastyrjaldarinnar og lifði í fölnandi ljóma þeirra afreka. Hann virtist álíta, að þau leystu hann til eilífdar undan skyldunni til að vinna alvarleg störf.

Hann var ekki heimskur, hann Vanja, og hefði getað lært, ef hann hefði nennt að hafa fyrir því. Við höldum ræður yfir honum um þetta efni og neyddum hann til að lofa hátiðlega að inna af hendi þau störf, sem hann hafði verið valinn til sem einn af „þúsundunum“. Viðleitni okkar í þessu efni leiddi ekki til neins árangurs. Hann lá endilangur í rúminu og lést vera að hlýða sér yfir efnafræðiformúlur, en var þá í raun og veru að lesa reyfara.

En gallarnir á Vanja sem nemanda áttu sér fyllilega mótvægi í hæfileika hans til að stofna til kunningjasambanda í stjórnmálum. Hann þekkti alla, og allir þekktu hann. Það var álitnið sjálfsagt að kjósa hann í mikilvægar nefndir. Þar gerði hann auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut og þess vegna ekki heldur neitt rangt, sem gefið gæti höggstað á honum. Hann átti vini í eldhúsunum í Risanum, í bestu kaupfélagsverslunum og annars staðar þar, sem hægt var að hamstra aukaskammt. Við fengum hlutdeild í árangrinum af stjórnmálahæfileikum hans og skömmuðum hann samtímis fyrir letina.

Vanja var vísað úr skóla, áður en fyrsta námsárið var á enda. En þegar ég hitti hann í Moskvu mörgum árum síðar, furðaði ég mig ekkert á að heyra, að hann væri orðinn yfirmaður mikilvægs verksmiðjuhrings. Á klifri sínu upp embættisstigann var Vanja ekki íþyngt af of þungum byrðum þekkingar, skilnings eða viðkvæmni.

Stjórnmálanám var enn mikilvægara en hinar tæknilegu námsgreinar. Það, sem stjórnin ætlaði sér að ala upp, voru ekki aðeins verkfræðingar, heldur verkfræðingar, sem færu að vilja hennar í öllum greinum. Lenínska skóladeildin undir forystu prófessors Fillípovs hafði taumhald á okkur. Þeir, sem ekki gátu mellt *Fjármagnið*, *Das Kapital*, eftir Marx, rökfræði Engels, rit Leníns, en umfram allt ritgerðir Stalíns, voru reknir úr skólanum fljótar en þeir, sem áttu aðeins í vandræðum með útreikninga eða teikningar.

Við herbergisfélagarnir fimm vorum í skóladeild þeirri, sem lagði stund á teikningu flugvéla, þó að aðeins Vígúra hefði áður haft nokkra reynslu í flugvéla-smíði. Þetta gladdi okkur, og okkur fannst vera eitthvað táknrænt við sjálft viðfangsefnið, þar eð þetta var nýjasti liðurinn í nýsköpunaráætlun Rússlands.

Á morgnana æfðum við okkur í leikfimi í þrönga herberginu okkar okkur til

hita. Að því búnu mötuðumst við í borðsal Risans. Venjulegur morgunmatur var lítill skál af graut, ein sneið af rúgbrauði og te, sykur- og sítrónulaust. Þegar við gengum til skólans, hálfsołtnir og skjálíandi af kulda, vorum við þó á engan hátt daprir í bragði. Við höfðum nóg að tala um og gera áætlanir um, bæði viðvíkjandi skólanum, Risanum, flokknum og okkur sjálfum.

Þrátt fyrir ólíkar skoðanir og þó að okkur lenti stundum saman, héldum við hópinn og aðstoðuðum hver annan. Ef einhver okkar fimm fór á mikilvægt stefnumót við stúlku, hjálpuðu hinir honum til að líta sémilega út með því að lána honum hálsbindi, hreina treyju eða sparibuxurnar; meira að segja fékk hann hjá þeim nokkrar rúblur í farareyri, ef svo bar undir.

Skólinn gaf út, eins og allar aðrar stofnanir í Ráðstjórnarríkjunum, sérstakt dagblað. Ég varð brátt blaðamaður við það. Það var almenn óánægja með stjórnina á Risanum, og bergmálaði hún oft í dálkum blaðs okkar. Í því gagnrýndum við hinn litla matarskammt, lélega matreiðslu, skort á hreinlætistækjum og óprifnaðinn og óregluna á mörgum sviðum.

Upp úr sauð í þessu efni á fjöldafundi nemenda, sem kallaður var saman af flokknum og æskulýðsfylkingarsellunum. Þar voru haldnar margar ræður og margar tillögur bornar fram. Eftir fyrirframgerðu samkomulagi við stjórnarnefndina stakk ég upp á því, að nemendurnir tækju sjálfir í sínar hendur nokkuð af ábyrgðinni á stjórn Risans. Aleksej stakk því næst upp á því, að ég yrði þegar í stað kosinn til starfans. Því næst bað um orðið lagleg stúlka, sem ég hafði ekki áður veitt eftirtekt.

„Ég stend hér upp til að styðja félaga Kravtsjenko,“ sagði hún. „Ég hef þekkt hann í átta ár og get borið vitni um það, að hann er góður félagi.“

Þetta var reglulega lagleg stúlka, þreklega vaxin, snyrtilega til fara, og hún talaði frjálsmannlega og með sjálfstrausti. Það sem eftir var fundarins, velti ég því fyrir mér, hver hún gæti verið og hvaðan hún þekkti mig. Ég var kosinn formaður. Eftir fundinn elti ég stúlkuna uppi í anddyrinu.

„Góðan daginn, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hún hlajandi og dálítið prakkaralega. „Ég er viss um, að þér munið ekki eftir mér, en það er nóg, að ég man eftir yður.“

„Trúið mér fyrir leyndarmálinu,“ sagði ég.

„Ég er Pasha. Hressir það minnið?“

„Pasha? Nei, því miður er ég engu nær.“

„Jæja, hér er önnur bending: Ég ýtti á eftir kolavagni í námugöngunum í Algov-erovka ...“

Allt í einu rann ljós upp fyrir mér. „Guð komi til! Er þetta í raun og veru sú sama Pasha!“ hrópaði ég. Við hlógum bæði, og ég faðmaði hana af einskærri gleði.

„Aljosh!“ hrópaði ég, þegar Aleksej kom til okkar. „Heilsuðu Pasha. Síðast þegar ég sá hana, var hún kolsvört og í sveitamannsdruslum ...“

„Og kunni hvorki að lesa né skrifa,“ bætti hún við.

„Já, og horfðu nú á hana! Hún gengur í skóla og er síðug stúlka, svo að sleppt sé

feegurð hennar, sem hulin var undir kolarykinu,“ bætti ég við. „Þetta er sannarlega hægt að kalla sigur fyrir byltinguna.“

Og það var í raun og veru dásamleg breyting. Það var næstum því ómögulegt að sjá á þessari stúlku nokkurn svip af hinni fávísu, skapstygggu, ungu sveitastúlku, sem ég kynntist í námunum og var þá með druslur um fæturna og langar fléttur niður eftir bakinu. Ég minntist þess, að hún hafði verið eins og villidýr í búri, reið yfir öllum tilraunum til að siða hana.

Einhvers staðar langt niðri í vitund minni skrifaði ég þroska Pasha tekjumegin á reikning byltingarinnar.

Kynning Aleksejs og Pasha varð upphaf ágætrar vináttu. Ég taldi mig upphafsmann og verndara vináttu þeirra.

Með aðstoð borgarráðsins í Kharkov og flokksblaðanna í borginni tókst okkur að bæta lífskjörin í Risanum. Matarskammtur okkar var aukinn, og við fengum úthlutað meiri eldivið. Það voru búin út fleiri sameiginleg þvottaherbergi í kjallaranum. Ræstingarflokkar sjálfboðaliða þvoðu gangana oftar, og — það var mesti sigurinn — sett var upp rakarastofa og snyrtistofa í húsinu. Ég naut mikillar virðingar hjá nemendunum vegna þess, að þessar endurbætur höfðu komist á undir forystu minni.

En þrátt fyrir allar þessar umbætur lifðum við enn við þröngan kost. Auk erfiðleika okkar urðu flest okkar þess áskynja, að óðum versnaði hagur almennings í borginni og síst var betur ástatt upp til sveita. Þrátt fyrir þagnarfyrirkomulagið og þrátt fyrir raunverulega hættu við frjálsar umræður vissum við öll sitt af hverju um ástandið, þótt sumt væri okkur dulið.

Orðrómur um ótrúlega grimmd í sveitaþorpunum við útrýmingu kúlakkanna barst á milli manna. Við sáum langar lestir af gripavögnum, fullum af bændum, aka í gegnum Kharkov, sennilega á leið til freðmýranna í Norður-Rússlandi, í sambandi við þessa „útrýmingu“. Embættismenn kommúnista voru myrtir í sveitaþorpunum, og bændur, sem sýndu mótþróa, voru teknir af lífi hópum saman. Einnig heyrðist orðrómur um, að bændurnir slátruðu búpeningi sínum í mótmælaskyni við samyrkjustefnuna, sem var verið að neyða þá til að taka þátt í. Þessi orðrómur staðfestist við tilskipun frá Moskvu, sem lagði dauðarefsingu við því að slátra áhöfn jarða án leyfis.

Járnbrautarstöðvar borgarinnar voru troðfullar af soltnum, tötrum klæddum bændum, sem voru á flóttu frá heimilum sínum. Heimilislaus börn, sem höfðu verið svo algeng sjón á tímum borgarastyrjaldarinnar og hungursneyðarinnar, birtust nú hvarvetna aftur. Aftur sáust beiningamenn á götunum, aðallega fólk úr sveitunum, en einnig nokkrir úr borginni.

Blöðin fluttu glæsilegar skýrslur um, hverju komið hefði verið í framkvæmd. Lokið hafði verið við járnbrautina frá Túrkestan til Síberíu. Nýjum verksmiðjumasstöðum hafði verið komið upp í Úral, Síberíu og víðar. Samyrkjubúskap hafði verið komið algjörlega á í hverjum landshlutanum á fætur öðrum. Opin bréf voru birt hvaðanæva

80 frá með „þakklæti til Stalíns“ fyrir nýjar verksmiðjur, nýjar húsnæðisáætlanir. Sendinefndir frá útlöndum, jafnvel alla leið frá Ameríku og Ástralíu, komu til þess að skoða þær dásemdir, sem komið hafði verið í framkvæmd samkvæmt fimm-áraáætluninni, og dásömuðu í blaðaviðtölum sígra ráðstjórnarinnar af næstum því sefasjúkri hrifningu. Hvernig þessir gestir gátu komist hjá því að sjá bakhlið myndarinnar, var gáta, sem við Rússar gátum aldrei fundið lausn á.

Hvor hliðin var veruleikinn, hvor blekking? Sulturinn og ógnirnar í sveitaþorp-unum, heimilisláusu börnin — eða skýrslurnar um, hvað hefði verið framkvæmt? Eða voru ef til vill báðar hliðarnar hluti af hinum sama flókna sannleika? Slíkar spurningar voru aldrei bornar fram né þeim svarað opinberlega. En okkar á milli töluðum við um þær, Aleksej og ég, og milljónir annarra manna.

Skömmu eftir að ég kom í skólann lenti allt í enn meiri ringulreið vegna fyrir-skipunar um, að öll kennsla og próf skyldu fara fram á úkraínsku, en ekki rúss-nesku. Þessi fyrirskipun gildi um alla skóla og menntastofnanir. Þetta var mesta tilhliðrunarsemin, sem Moskvumenn veittu þjóðernislegum óskum stærsta ráð-stjórnarlýðveldisins utan Rússlands. Fræðilega séð hefðum við Úkraínubúar í nemendahópnum átt að vera ánægðir með þetta, en í reyndinni var þessi nýja ákvörðun eins óþægileg fyrir okkur og þann minni hluta nemenda, sem var ekki af úkraínskum uppruna. Jafnvel við, sem höfðum talað úkraínsku frá barnæsku, vorum ekki vanir að nota málið í sambandi við nám okkar. Mörgum af bestu kenn-urum okkar féllst alveg hugur vegna þessarar breytingar á málfari. Það versta var, að mál okkar hafði ekki fylgst með í framþróun nýtísku vísinda. Orðaforði þess fullnægði ekki kröfum efnafræðinnar, rafmagnsfræðinnar, aflfræðinnar, eðlisfræð-innar og fleiri vísindagreina.

Vesalings Vanja, sem var villuráfandi í myrkviði þekkingarinnar á hvaða máli sem var, varð nú algjörlega hjálparvana, þegar þessi málástormur geisaði yfir. Hundruðum annarra nemenda var ekki betur farið. George Vígúra þýddi auðvitað öll hin helgu rit flokkshöfundanna á úkraínsku og fannst allt vera í bestu röð og reglu. Við hinir þjáðumst undir hinu nýja fargi, notuðum leynilega rússneskar kennslubækur, gerðum leynilega gys að þessum þjóðernislega skrípaleik.

Það, sem hefði átt að vera frjáls réttindi, varð skylda, þegar svona var farið að. Notkun máls okkar var ekki aðeins leyfð, heldur var gert að skyldu að nota það. Hundruðum manna og kvenna, sem gátu ekki rækt þessa skyldu, var sagt upp stöðum sínum hjá ríkinu. Það var næstum því álitid bera vott um gagnbyltingarhugarfar að tala annað en úkraínsku. Börn frá rússneskum heimilum þjáðust vegna þessa fyrirkomulags og drógust aftur úr í náminu, vegna þess að þau kunnu málið ekki nógu vel.

Að lokum varð auðvitað af láta af öllum þessum öfgum. Úkraínska þjóðerniskenndin, sem spratt upp af þeim, var talin glæpsamleg og refsað fyrir hana með útlegð eða dauða. Gamli bolsévíkin Skrípník, þjóðfulltrúi menntamála

í Úkraínu, var látinn taka á sig ábyrgðina á þessum umskiptum og neyddist til að stytta sér aldur vegna þessa og annarra hugmyndafræðilegra „glæpa“.

En á meðan þessi sorglegi skrípaleikur stóð yfir, var ekki leyft að gagnrýna hann. Kvöld eitt komum við fimm herbergisfélagarnir heim eftir að hafa hlustað á ræðu félaga Skrípníks um blessun þessarar málbreytingar. Réttssýni mannsins og gáfur höfðu haft áhrif á okkur, þó að við værum í vafa um, hvort málsstefnan væri viturleg.

„Ef til vill hefur hann rétt fyrir sér,“ sagði Vanja. „En ég get bókstaflega ekki lært neitt á úkraínsku. Það er nógu erfitt að læra á rússnesku.“

„Þú hefur ekki leyfi til að tala svona,“ sagði Vígúra og hristi áhyggjufullur höfuðið. „Flokkurinn álitur þetta nauðsynlegt, og það er skylda okkar að fara eftir fyrirskipunum hans.“

„Svona yfirborðsgælur eru óskynsamlegar,“ sagði Aleksej. „Þú gerir flokknum ekki gagn með því að hætta að hugsa. Þessi öfgafulla málstefna skaðar málstað okkar í stað þess að koma okkur að gagni. Þegar á allt er litið, sjáum við árangurinn af henni skýrar en stjórnmálanefndin í Kreml.“

„Aleksej hefur rétt fyrir sér,“ sagði ég. „Þetta er allt saman mjög heimskulegt. Menn ættu að hafa leyfi til að mæla á því máli, sem þeim finnst þægilegast.“

„Nú ert þú að ráðast á mennina í Kreml,“ hrópaði Vígúra. „Auðvitað er þetta mál til lykta leitt, og ég rökræði það ekki frekar.“

Þar eð við höldum áfram að ræða ástandið og létum í ljós von um, að breyting yrði gerð á þessu, fór Vígúra leiðar sinnar í reiði. Næsta dag vorum við Aleksej kallaðir til ritara flokksnefndarinnar. Hann byrjaði á að tala um annað, en vék þó bráðlega máli sínu að þessu efni. Hann sagði, að sér hefði skilist, að við hefðum verið að gagnrýna það og komið af stað efasemdum hjá mönnum.

Vígúra hafði sýnilega kært okkur. Þegar hann kom heim frá miðdegisverði þann dag, biðum við hans allir fjórir. Vanja ávarpaði hann fyrstur.

„George,“ sagði hann. „Þú getur hjálpað okkur til að útkljá ágreiningsmál. Þú ert kunnugur biblíunni, er ekki svo?“

„Jú.“

„Segðu okkur þá, hve marga syni Nói átti og hvað þeir hétu.“

„Þrjá syni,“ sagði hinn fróði Vígúra. „Sem, Kam og Jafet.“

„Nei, þetta er skakkt hjá þér!“ sagði Vanja í alvarlegum hæðnistón. „Þeir voru að vísu þrír, en þeir hétu Sem, Kam — og Júdas! Ég vona, að þú skiljir.“

Vígúra roðnaði. Í þetta eina sinn varð hann reikull í sjálfbyrgingslegri trú sinni. „Ég geri alltaf skyldu mína,“ stamaði hann og gekk út. Það þurfti margar vikur til að hreinsa andrúmsloftið eftir þennan atburð. Eftir sjálfsvíg Skrípníks, þegar flokkurinn sjálfur samþykkti svipað sjónarmið og við Aleksej, fannst Vígúra engin ósamkvæmni í framkomu sinni. Hann sagði, að sérhvert tímabil ætti „sinn sannleika“.

Rétturinn til að nota mál sitt er, þegar á allt er litið, eina „sjálfstæðið“, sem

ráðstjórnarlýðveldi þau eða svæði, sem eru ekki rússnesk, hafa. Það eru landráð að skrifa eða hugsa eitthvað á því máli, sem er ekki nákvæmlega í samræmi við flokksstefnuna. Frelsið til þess að nota mál sitt, sem í upphafi átti að vera byrjunin að þjóðernislegu sjálfstæði, er í reyndinni hið eina, sem þau hafa fengið. „Þjóðernislegt að sniði, sósíalískt að efni“ er kjörorðið, sem á að hylja það, sem í raun og veru er fullkomlega miðhæft lögreglustjórnarfyrikomulag.

„Þarna er öll þjóðernisleg sjálfstjórn okkar,“ hvíslaði kaldhæðinn vinur einu sinni að mér. Hann benti á almenningshúsið, þar sem orðin „menn“ og „konur“ stóðu letuð á tveim málum — úkraínsku og rússnesku.

Sú þjóðsaga, að hin ýmsu ráðstjórnarlýðveldi njóti nokkurs sjálfstæðis, hafi jafnvel rétt til þess að segja sig úr sambandinu, hefur af einhverri ástæðu fest rætur erlendis. Auðvitað trúir enginn maður í Ráðstjórnarríkjunum þessu. Hvaða menningarhreyfing sem er meðal smærri þjóðflokka er miskunnarlaust barin niður, ef hún er að einhverju leyti í ósamræmi við kenningar kommúnista. Hundruð Úkraínur hafa verið teknir af lífi og tugir þúsunda fangelsaðir eða reknir í útlegð vegna „þjóðernislegra frávika“ og skilnaðarhugsunarháttar, sem þeir hafa verið sakaðir um.

Dvöl minni í Kharkov var skyndilega slitið fyrirvaralaust af ákvörðun, sem hafði ekki einu sinni verið borin undir mig. Ég var fluttur úr flugvéladeildinni til málfræðideildarinnar og fékk fyrirmæli um að láta innrita mig í málfræðiskóla, fyrst í Lenínsgarði og síðar í fæðingarborg minni. En þó að dvöl mín í Kharkov væri stutt, á hún þó mikið rúm í endurminningum mínum. Ég á fjölmargar minningar frá starfi mínu fyrir flokkinn, blaðamenskunni og viðfangsefnunum við stjórn Risans.

Og á framsviði þessara endurminninga standa tvær konur. Báðar voru þær fallegar, og það vildi svo til, að báðar lifðu þær í óhamingjusömu hjónabandi.

Dr. Samarín, prófessor okkar í efnafræði, var krypplingur. Langir handleggir hans voru í kátbrotslegu ósamræmi við krepptan líkamann, og höfuð hans var eins og melóna í laginu. En augu hans voru svo blíð og gáfuleg, skilningur hans svo skarpur og samúð hans með mönnum svo sönn, að nemendurnir gleymdu fljótt vanskapnaði hans. Ég hlakkaði alltaf til að hlusta á fyrirlestra hans.

Dag nokkurn bauð ég honum til miðdegisverðar með okkur í Risanum. Ég gekk með honum í gegnum herbergin og dvalarstofurnar, og hann varð hrifinn af hreinlætinu og regluseminni. Að loknum miðdegisverði sagði hann: „Vítja, þér verðið að koma fljótlega í heimsókn til mín. Komið heim til mín. Konan mín leikur ágætlega á píanó, og ég veit, að þér hafið gaman af hljómlist.“

Samarín-fjölskyldan bjó í íbúð með smekklefum húsgögnum, og fyllti stór flygill mikinn hluta dagstofunnar. Á veggjunum voru myndir af rússneskum gullaldarrit höfundum. Eirlíkneski af Beethoven stóð á stalli í einu horninu.

Þetta fyrsta kvöld sá ég Klavdíju ekki aðeins með eigin augum, heldur líka með

augum manns hennar. Ást hans á þessari grönnu, dökkhærðu konu var næstum áþreifanleg í stofunni. Það var eins og fegurð hennar drægi úr vanskapnaði hans og gerði hann heilbrigðan. Töfrar hennar og ólýsanlegur dapurleiki hafði svo mikil áhrif á mig, að hjá mér vaknaði eins konar sektartilfinning, sem dró úr ánægju minni af hljómlistinni og viðræðunum. Ég fann upp einhverja afsökun til þess að fara snemma heim.

Nokkrum dögum seinna var ég úti á gangi í logndrifu og stóð þá allt í einu augliti til auglitis við Klavdíju.

„Þér hlupuð burt um kvöldið,“ sagði hún strax og hún sá mig, án þess að heilsa. „Í refsingarskyni fyrir það verðið þér að heimsækja mig í kvöld. Þér verðið að lofa því. Ég vænti þess, að þér komið.“

Ég var ákveðinn í að fara ekki þangað. En samt sem áður hringdi ég nokkrum klukkustundum seinna dyrabjöllu hennar. Á borðinu í borðstofunni hafði verið framreitt handa tveimur.

„En hvar er dr. Samarín?“ spurði ég og varð allt í einu ringlaður, mér fannst ég hafa verið veiddur í gildru — ekki af Klavdíju, heldur af eigin tilfinningum.

„Hann er í heimsókn hjá bróður sínum, sem býr uppi í sveit, ekki langt héðan. Hann kemur ekki heim fyrr en eftir nokkra daga.“

Viðræður okkar við kvöldverðarborðið gengu skrykkjótt þrátt fyrir flösku af góðu víni frá Kákasus. Þegar við höfðum matast, stakk ég upp á því, að við gengjum saman úti í garðinum — í tunglskininu.

„Nei, kærri fangi,“ sagði hún hlæjandi, „ef yður langar í tunglskin, þá er hér Tunglskinssónatan,“ og hún lék hana á flygilinn.

Því næst lék hún og söng tatarasöngva, og mundi ég eftir mörgum þeirra frá bernsku minni í Aleksandrovska. Ég sagði henni frá bernsku minni og vináttu við Saíðeman. Ég sat allan tímann stífur í stóra hægindastólnum, sem maðurinn hennar hafði setið í fyrsta kvöldið. Mér fannst hann vera vígi til sjálfsvarnar. Allt í einu, næstum því í miðri setningu, lýsti ég yfir, að ég þyrfti að fara.

Hún horfði á mig með dapurlegu brosi. „Þér ætlið aftur að hlaupast á brott,“ sagði hún. „En í þetta skipti verður yður ekki leyft það.“

„Mér þykir fyrir því. ... Lexiurnar mínar, ... ég lofaði Aljosha, að ég skyldi hitta hann ...“

„Þér skrökvið, kærri Vítja, það er ég viss um. Við skulum tala hreinskilnislega um það. Hvers vegna ætti ég ekki að hafa leyfi til að vera eina kvöldstund með einhverjum — ég á við einhvern, sem er líkari sjálfri mér?“

Rödd hennar hljómaði af niðurbældum gráti. Ég settist aftur. Hún sagði mér kafla úr ævisögu sinni, og meðan hún var að tala, hvarf hin þvingaða tilfinning, sem hafði skilið okkur að. Mér fannst hún ekki vera annað en óhamingjusöm stúlka, sem létti af hjarta sínu.

Klavdíja var níu ára gömul, þegar byltingin hófst. Hún var komin af efnuðu fólki og var alin upp af einkakennurum og kennslukonum. Á fyrstu mánuðum

uppreisnarinnar voru foreldrar hennar handteknir og nokkru seinna teknir af lífi, þegar „burgeisagíslum“ var slátrað hópum saman. Klavdíja settist nú að ásamt gamalli frænku sinni í dimmu lofttherbergi í húsinu, sem fjölskyldan hafði áður átt. Þær lifðu hinni hörmulegu og hálf-ólöglegri tilveru hinna „fyrirverandi“, réttleysingjanna, sem sviptir höfðu verið öllu. Unga stúlkan hafði hvorki rétt til að ganga í skóla né til vinnu. Þær héldu í sér lífinu með því að selja faldar leifar af fornum eignum.

„Ég veit, að ungir kommúnistar eins og þér hafa aldrei sett sig í okkar spor,“ sagði hún. „Þér getið ekki gert yður í hugarlund, hvað það merkir að vera fyrirlitinn, vera gerður útlægur og finna sér ofaukið, einkum þegar maður er ungur. Fátækt er öllum erfið. En hún er erfiðust þeim, sem hafa þekkt nægtir og þægindi.“

Þegar Klavdíja var hér um bil seytján ára, varð hún ástfangin af skáldi, sem var helmingi eldri en hún, og fluttist til hans. Þá fáu mánuði, sem hún bjó með honum, kvað hún sig hafa komist næst raunverulegri hamingju. En skyndilega hvarf hann, og enn sem komið var vissi hún ekki, hvað orðið hafði um hann. Hann hafði verið andstæður hinu nýja stjórnarfyriřkomulagi, og hún gerði ráð fyrir, að hann væri einhvers staðar í fangabúðum, ef hann þá væri enn á lífi.

„Ég var lagleg, og það voru margir ungir menn ástfangnir af mér. En allir voru þeir minnar stéttar, börn hins liðna tíma. Ég var svo þreytt og hafði þjáðst svo mikið, að ég þráði öryggi. Ævintýraprins minn, ef hann kæmi nokkurn tíma, þurfti að eiga flokksskírteini. ...

Síðan hitti ég dr. Samarín dag nokkurn. Líkamlega var hann mér ógeðfældur, en mér fannst til um, að kommúnisti, ungur mikils virtur maður, lét sér umhugað um mig. Hann elskaði mig á lengdar innilegri, órtablandinni ást. Ég var hrædd við hann, og þó dróst ég samtímis að honum vegna dýrlegrar tryggðar hans.

En umfram allt var ég honum þakklát fyrir góðvild hans. Við frænka mín urðum sammála um, að hann hefði fagra sál, þó að hann væri krypplingur og kommúnisti. Ég er hrædd um, að vesalings frænka mín hafi álitnið þetta hvort tveggja jafnmikla vansköpun. Í meira en ár heimsótti hann okkur, færði okkur mat og klæðnað og kenndi mér, án þess að minnast einu orði á tilfinningar sínar gagnvart mér. Honum tókst jafnvel að útvega mér flygil.

Síðan var það einn dag, meðan ég lék eitt af eftirlætislögnum hans eftir Tsjajkovskíj, að ég sagði við hann: „Ég veit, að þér elskið mig. Ég elska yður ekki. En ég dáist að yður, og ég þarfnast verndar yðar og vináttu. Hvers vegna ættum við ekki að giftast?“ Hann sat þar eins og þrumu lostinn, hamingjusamur, vantrúaður, en líka sneypstur. Ég held, að hann hafi vitað sannleikann, þó að hann viki honum úr meðvitund sinni, — þann sannleika, að kona, sem hafði lifað sitt fegursta, útlagi, barn fortíðarinnar, játaðist vansköpuðum manni af örvæntingu.

Þarna getið þér séð, Vítja, hversu lítið í raun og veru þið þessir gáfuðu kommúnistar þekkið lífið,“ lauk hún máli sínu. „Þér vitið ekki, hversu margar þúsundir rússneskra kvenna, sem stjakað hefur verið til hliðar og sneitt hefur

verið hjá vegna ætternis þeirra, hafa leitað frelsis með því að gifta sig inn í hina nýju höfðingjastétt, stétt kommúnistanna og öreiganna. Sumar þeirra hafa orðið hamingjusamar. Ég er ekki ein í þeirra hópi. Ég get ekki gleymt eða fyrirgefið þeim, sem drápu það fólk og eyðilögðu þá hluti, sem mér þótti vænst um.

Menn eins og ég eru einmana. Það held ég sé verst. Einmanaleikinn. Við látumst fylgjast með. Í huganum lifum við leynilegu lífi. Ég hef reynt að vera starfsöm. Einu sinni bauðst ég til að kenna hljómlist í skólunum. Yfirvöldin virtust hafa áhuga á því, þangað til ég fyllti út spurningaeyðublaðið og gerði uppskátt, að ég var „barn fortíðarinnar“.

Það var komið fram yfir miðnætti, þegar ég fór.

„Við skulum skiljast sem vinir, Vítja,“ sagði hún í dyrunum. „Þér megid ekki hugsa illt um mig. Ég er óhamingjusöm og sé ekkert framundan nema endalausan einmanaleika. Komið og lítið til okkar, — þegar dr. Samarín er kominn heim. Hann er góður kennari, og ég veit, hversu mjög þér dáist að honum.“

Ég bar of mikla virðingu fyrir dr. Samarín sem kennara og manni til að vilja raska aftur heimilislífi hans.

Ég kom einstöku sinnum í heimsókn til félaga F., úkraínskrs embættismanns, sem gegndi mikilvægri stöðu í ráðuneyti eftirlits með verkamönnum og bændum. Hann var gamall flokksmaður, hátt á sextugsaldri, vel menntaður og hafði sjálfur haft kynni af flestum hinum miklu byltingarforingjum. Hann þúaði Lenín, Trotskij, Lúnatsjarskij, Zínovjev og fleiri þess háttar menn. Kona hans var gráhærð og blíðleg í útliti. Hún minnti mig alltaf á Krúpskaja, ekkju Leníns.

Þegar við vorum þrjú saman, gat félagi F. ekki á sér setið að ræða um stjórnsmál. Stundum byrjuðum við ef til vill að tala um leikhúsið, nýja bók, nám mitt, en brátt snerist talið upp í umræður um erfiðleika landbúnaðarins, ofsóknirnar gegn gömlu félögunum hans og hraða iðnvæðingarinnar. Hugsanir, sem annars hefðu skelft mig, fundust mér á einhvern hátt eðlilegar og sannar, þegar hann lét þær í ljós. Frásagnir, sem ég myndi annars hafa vísað á bug sem „gagnbyltingarslúðri“, ræddi hann stundum um sem viðurkenndar staðreyndir. Vegna starfs síns í ráðuneytinu þekkti hann og talaði um hryðjuverk í sveitarþörfunum, um mótstöðu bændanna og fjöldahandtökur, eins og þetta væru alþekktar staðreyndir.

Hvað sem öðru liður, var félagi F. óvart ábyrgur fyrir því, að ég hitti Júlíu. Hann gaf mér tvo aðgöngumiða að stúku í söngleikahúsinu á sýningu söngleiksins Ohio Ohio San. Ég tók Aleksej Karnaúkhov með mér. Í stúkunni við hliðina sátu tvær vel klæddar og mjög fagar konur. Ég þekkti aðra þeirra undireins. Hún hafði verið sjúklingur á heilsuhæli því í Kænugarði, sem ég dvaldist á, meðan ég var að ná mér eftir óhapp mitt við persnesku landamærin.

„Þetta er Júlía Míkhaïlovna, kona R-s,“ hvíslaði ég að félaga mínum. „R-s!“ hrópaði hann.

Upphrópun hans var ekki ástæðulaus. R. var einn af mikilvægustu embættis-

mönnunum í stjórn Úkraínu, ákaflega valdamikill maður og náinn samstarfsmaður Stalíns. Ég minntist þess, að hann var vanur að senda konu sinni reglulega blóm með flugvél, meðan hún dvaldist í Kænugarði.

Júlía þekkti mig augskýrnilega og veifaði til okkar, að við skyldum koma til hennar á milli þátta. „En hve hún er fögur!“ hugsaði ég. „Hvers vegna tók ég ekki eftir því fyrir þrem árum í Kænugarði? Hvílíkur heimskingi hef ég verið!“

Meðan á þættinum stóð, litum við nokkrum sinnum hvort til annars, og hún brosti til mín með svo fölskvalausri gleði yfir, að við skyldum hittast, að ég roðnaði. Ég gerði enga tilraun til að leyna aðdáun minni.

Söngleikurinn var ákaflega leiðinlegur. Honum hafði verið breytt, til þess að hann væri sýningarhæfur frá hugmyndafræðilegu sjónarmiði, og var hann því fullur af orðagjálfri byltingarinnar. En á meðan mér endist aldur, mun hvert einstakt söngljóð úr honum nægja til að endurlífga minninguna um ást mína á Júlíu. Hún var meðalhá, dálitlu eldri en ég, og það var eitthvað við hina heillandi fegurð hennar, sem minnti á ávöxt. Gullíð hár hennar var fléttað í tvær gildar fléttur, sem bundnar voru uppi á höfðinu eins og kóróna og mynduðu gjörð úr skíru gulli umhverfis yndislegt andlitið.

Þegar tjaldið féll, fórum við inn í stúku hennar. Ég kynnti Aleksej, og hún kynnti Maríu vinkonu sína fyrir mér. Við sögðum þau almennu orðatiltæki, sem venja er að segja við kunningja, sem maður þekkir ekki nema lítið eitt. En það var einhvers konar óró yfir þessum fundi, einhver sérstök eftirvænting, sem stóð ekki í neinu sambandi við það, sem talað var um.

Við vorum í stúku þeirra, meðan annar þáttur var leikinn. Áður en honum var lokið, hvíslaði Júlía: „Hvers vegna skyldum við bíða eftir ömurlegum leikslokunum? Við skulum fara heim og fá okkur dálítinn kvöldverð.“ Við samþykktum þetta fúslega.

Þegar við vorum komin út úr leikhúsinu, sendi Júlía burt stóru bifreiðina, sem hafði beðið hennar. Hún sagði, að það myndi verða skemmtilegra að aka heim í sleðum. Við völdum tvo þokkalegustu sleðana í sleðaröðinni. Aleksej og María settust í annan sleðann, við Júlía í hinn.

Þessi ökuferð er greytt í minni mitt með furðulegri nákvæmni og skýrleika. Köld, heiðskír, glitrandi nótt, sveipuð skínandi snjó. Mökkur af fingurðum snjó, sem þyrlaðist upp við fótatak hlaupandi hestanna, á meðan við runnum hljóðlaust áfram. Ský, sem mynduðust við andardrátt okkar. Snertingin við hönd Júlíu, sem hvíldi í hendi minni undir loðskinnssábreiðunni yfir hnjám okkar.

Ég sagði henni frá skólanum og starfsferli mínum í verksmiðjunni og í flokknunum. Ég sagði henni frá Aleksej og öðrum herbergisfélögum mínum. Og í miðri tilgangslausri frásögn minni stallaði ég til þess að segja: „En hve allt er dásamlegt í kvöld!“ Varir okkar mættust í löngum kossi.

Við snerum brátt inn í hliðargötu og námum staðar fyrir framan lítið tveggja hæða hús, sem stóð á bak við háa rimlagirðingu, — eitt af þeim íbúðarhúsum, sem

áður fyrr hefðu getað verið eign auðugs kaupssýslumanns. Hermaður stóð á verði við hliðið. María og Aleksej, sem tóku eftir, að við vildum vera ein, sögðust heldur vilja fara á veitingastað. Júlía opnaði dyrnar með smekkláslykli og bauð mér inn.

Þegar hún kveikti ljósið, sá ég, að ég var þarna kominn í það skrautlegasta heimili, sem ég hafði nokkrum sinnum augum litið. Austurlenskar ábreiður voru á gólfunum, glitvefnaður og málverk á veggjunum, krystalsljósakrónur, mjúkir legubekkir og skínandi rauðviðarborð. Allt var ríkmannlegt og litauðugt, en því var raðað niður af smekklegri hófsemi.

Ég stóð þarna mitt í þessari dýrð, blindaður og satt að segja ruglaður.

Júlía hló. „Þetta er raunverulegt, vinur minn, það er ekki kvikmynd,“ sagði hún, á meðan hún fór úr selskinnskápunni.

„En ég hélt, að svona hlutir væru ekki til annars staðar en á söfnum,“ sagði ég.

„Láttu þetta ekki á þig fá, Vítja. Það er margt í landi okkar, sem þú getur ekki gert þér í hugarlund. Komdu með mér út í eldhúsið, og hjálpaðu mér til að finna einhvern matarbita. Ég er að deyja úr hungri. Þjónustufólkið hefur leyfi í kvöld — og hann er í Moskvu á einhverri ráðstefnu.“

Eldhúsið jók á þá tilfinningu mína, að þetta væri allt saman óraunverulegt. Þarna var andrúmsloft óskiljanlegra gnægða. Fínt postulín og raðir af kristalsmunum, sem sumir voru með skjaldarmerki keisarans, fylltu skápana, og bungumikill silfursamovar ljómaði á hliðarborði. Þegar hún opnaði stóra ísskápinn, kom ég auga á allsnægtir, sem beindu hugsun minni til ískjallara ömmu minnar í Aleksandrovska. Allt þetta var eins og úr öðrum heimi, fjarlægt þeirri fátækt og skorti, sem var orðið hið venjulega baksvið lífs okkar í Ráðstjórnarríkjunum.

Þegar ég kom aftur til herbergis míns í Risanum næsta morgun, hafði ég varla tíma til að þvo mér og raka mig, áður en ég hljóp í skólann. Og allan daginn var ég syfjaður, tók illa eftir því, sem fram fór í kennslustundunum, og hagaði mér heimskulega. Hugsanir mínar voru hjá Júlíu. Það er þá í raun og veru til, sem nefnt er „ást við fyrstu sýn“, hugsaði ég undrandi. En hvers vegna þurfti það að vera gift kona — og meira að segja kona, sem gift var einum af leiðtogum lands míns og flokks?

Ég tók þá hátiðlegu ákvörðun að fara ekki oftár á fund Júlíu og velti því samtímis fyrir mér, hvernig ég ætti að geta afborið þá fáu daga, sem voru til stefnumótsins, sem við höfðum sett okkur.

„Félagi Kravtsjenko,“ sagði ég þungbúinn við sjálfan mig í aflfræðikennslustundinni, „þú hagar þér eins og persóna í lélegum frönskum reyfara. Reyndu að komast út úr þessu! Til hvers er allur þessi leikaraskapur?“

Um kvöldið gerði ég Aleksej að trúnaðarmanni mínum. Hann skildi, að ég var ekki í skapi til þess að þola stríðni, og töluðum við því alvarlega saman. María hafði sagt honum, að Júlía hefði í langan tíma verið óhamingjusöm. Hún var ekki ástfangin af hinum fræga manni sínum.

En hitt var ennþá verra, að hún var mótfallin miskunnarleysi hans, óhófslegu lífurni og afskiptaleysi af þjáningum fjöldans.

„Ég veit, að það hljómar eins og vitnað sé í Brúðuheimili Ibsens,“ hafði María sagt, „en Júlíu finnst hún hafa verið veidd og sett í búr. Hún segir, að það að vera eiginkona R-s sé eins og að vera gift erkihertoga og henni finnst sem með lífurni þeirra sé verið að gera gys að þjáningum rússnesku þjóðarinnar.“

Ég hitti Júlíu oft næstu vikurnar. Kvöld eitt spurði ég hana um mann hennar.

„Ekki í kvöld, elskan mín,“ bað hún og fór að gráta. „Okkur mun gefast nægur tími til að tala um hann. Ég vil ekki eyðileggja fyrstu kvöldin, sem við eigum saman.“

Við gengum saman og leiddumst í stóra garðinum, sem lá bak við húsið og var umgirtur steinvegg. Snjónum hafði verið sópað af stígnum, og nýrri mól hafði verið stráð yfir þá.

„Nei, því fyrr sem við ræðum um það, því betra,“ staðhæfði ég. „R. er ekki einungis maðurinn þinn. Hann er líka einn af leiðtogum flokks míns.“

„Ég er ekki í flokknum,“ svaraði hún, „en frá upphafi hef ég haft samúð með honum eða að minnsta kosti með byltingunni. Faðir minn var menntaður maður og mjög frjálssyndur. Við höfum gleymt orðinu frjálssyndur, Vítja, við álitum það hlægilegt. En með hverju ári sem líður þykir mér vænna um það orð — að minnsta kosti í þeirri merkingu, sem faðir minn notaði það. Í hans munni merkti það ást á hinum óbrotna manni, réttlæti handa öllum og umfram allt virðingu fyrir sérhverjum manni og konu. Hann taldi lífið vera mikið dýrmæti. Við höfum ef til vill gleymt því, en ég held, að það hafi verið það, sem byltingin stefndi að.“

„Þetta er einkennilegt,“ sagði ég. „Faðir þinn var menntaður maður, en faðir minn óbreyttur verkamaður í verksmiðju. Annar kallaði sig frjálsslyndan, hinn taldi sig byltingarsinnaðan. En þegar þú segir mér, hvað faðir þinn trúði á, finnst mér næstum því eins og ég heyri föður minn tala . . .“

„Það er alls ekki svo einkennilegt. Maðurinn minn prédikar í dag sósíalisma fyrir verkamönnum og hvetur þá til að koma honum á í framtíðinni. En meðan á því stendur lifir hann á líðandi stund, ekki í framtíðinni. Að því er til hans tekur, hygg ég, að sósíalisminn, eins og hann er í dag, fullnægi honum. Hvers vegna krefst hann alls þessa óhófs,“ — hún hreyfði höndina þannig, að hún benti á garðinn, hið ríkmannlega hús og loðkápuna hennar — „meðan milljónir manna hafa ekki nóg að borða og fangabúðirnar verða alltaf stærri og viðbjóðslegri? Ef til vill trúir þú mér ekki, en ég er á móti þessari græðgi leiðtoganna. Þú veist ef til vill, hvað er að gerast í sveitabörpunum nú um stundir?“

„Ég er hræddur um, að ég viti meira en ég vil játa fyrir sjálfum mér, Júlía.“

„Þú skalt ekki furða þig á, þó að ég tali svona. R. veit vel um tilfinningar mínar. Ég hef oft sagt honum, hvernig ég lít á þetta, en hann hlær aðeins að mér og kallar mig viðkvæman stelpukjána. Hann segir, að þetta skaði engan, leiðtogarnir vinni mikið og eigi því skilið að lifa góðu lífi. En hann hefur á röngu að standa, það er

ég 89 viss um. Leiðtogar, sem sjálfa skortir ekkert, gleyma fljótlega, hvað þjáningar eru. Ræður þeirra um fórnir verða að eintómri hræsni.

Elskan mín, mér virðist sem við lifum í stórkostlegri blekkingu með grímu fyrir andlitinu. Stundum finnst mér, að rán og villimennska fortíðarinnar hafi verið heiðarlegri. Að minnsta kosti var engin hugsjón höfð þar að yfirsíni. Enginn nefndi það sósíalísma. Hreinskilnir, ungir kommúnistar eins og þú eru í raun og veru hamingjusamir. Þið eigið ennþá trú, og þið þekkið ekki hin viðbjóðslegu undirferli og einvígi upp á líf og dauða um völdin meðal hinna æðstu leiðtoga.

Þið vitið ekki, hversu ógeðslegar orrustur eru háðar til þess að fá umráð yfir sveitasetri í Silfurskógunum fyrir utan Moskvu. Eða vetrarbústað í Kákasus, sem einhver auðugur kaupsýslumaður átti áður. Það er allt of mikið um lygar og svik. Vegna þess að svo vill til, að ég er í þessari stöðu, eru þau svo nálæg mér, að mér finnst stundum ég vera að kafa. Það er eins og að vera föst í kviksyndi, þar sem maður sekkur því dýpra, því meira sem brotist er um til þess að komast upp á yfirborðið.“

Mér fannst hún ýkja, en ég gat ekki efast um einlægni hennar.

„Ef þú værir reglulega ástfangin af manni þínum, myndir þú ekki hafa augun jafnopin fyrir öllu þessu,“ staðhæfði ég. „Ég vona, að þú misskiljir mig ekki, en ef til vill er óánægja þín í stjórnmálum aðeins bergmál af óánægju þinni með þín einkamál.“

Júlía hugsaði sig lengi um.

„Nei, ég held ekki að svo sé,“ sagði hún að lokum. „Jafnvel fyrsta hjúskaparár mitt gramdist mér, hvernig R. og hinir valdamiklu vinir hans lifðu, hvernig þeir töluðu og hve þeir fyrirlitu það fólk, sem stritaði, til þess að þeir gætu lifað óhóflífi. Frá upphafi hefur mér fundist ég vera ánaudugur þræll á óðali völdugs manns.“

„En hvers vegna yfirgefur þú þá ekki mann þinn, færð þér atvinnu og lifir fyrir hugsjónir þínar? Ég elska þig, og ég held, að þú elskir mig. Hvað ætti að geta tálmað okkur?“

„Nei, Vítja, þetta er ekki eins einfalt og þú heldur. Ég veit margt, sem þú hefur ekki hugmynd um. Það er ekki auðvelt að vera kona í minni stöðu. Ég get bókstaflega ekki skilið við mann minn og horfið niður í hóp hinna óþekktu. Ég hef verið of nálægt þeim mönnum, sem fara með völdin, og þeir myndu ekki leyfa það. Ég bið þig um að krefjast þess ekki, að ég segi meira um þá hluti. Ef þú elskar mig, munt þú ekki neita þessari bön minni. Það er það eina, sem ég bið þig um.“

Öll þessi veröld ótakmarkaðs valds og ótakmarkaðra undirferla, sem hún átti við, var mér óskiljanlegur leyndardómur. Venjulegur Rússi, sem hefði orðið ástfanginn af konu úr keisarafjölskyldunni, hlyti vafalaust að hafa haft líkar tilfinningar og ég hafði.

Þegar maður Júlíu var kominn heim frá Moskvu, hitti ég hana oft á heimili Maríu vinkonu hennar. Mér var það ljóst, að maður hennar vissi, að hún fór sínar eigin götur, en lokaði augunum fyrir þeirri staðreynd. Við ræddum einu sinni um

að lifa opinberlega saman eins og hjón, en hvorugt okkar trúði því, að við gætum raunverulega gert það. Nafn R-s stóð oft í blöðunum. Stundum hafði hann haldið ræðu, stundum hafði hann ritað undir tilskipun. Nafn hans var líka iðulega nefnt í viðræðum. „R. sagði þetta, R. sagði hitt. ...“ Áberandi staða hans, vald hans og nálægð hans alls staðar voru eins og jafnmargir múrar, sem skildu okkur Júlíu að, jafnvel á þeim stundum, þegar hún lá í faðmi mínum.

Brátt beindist atburðarásin inn á nýja braut. Ég var boðaður til miðstjórnar flokksins. Yfirmaður starfsmannadeildarinnar, félagi Shúlkín, tók á móti mér.

„Félagi Kravtsjenko,“ tilkynnti hann mér, „samkvæmt ákvörðun flokksins höfum við fengið fyrirskipanir um að koma á meira samræmi milli menntunar verkfræðinga og fyrri starfsemi þeirra. Þér unnuð í málmvöruverksmiðju, áður en þér komuð í skólann, er ekki svo?“

„Jú, í Petrovskij-Lenín verksmiðjunni.“

„Þarna sér maður það. Hvaða vit er í því að mennta yður til að smíða flugvélar, þegar þér hafið fengið svona góða undirstöðumenntun í málmvöruíðnaðinum?“

„En ég hef meiri áhuga á flugvélum,“ sagði ég hæglátlega.

„Það kann vel að vera, en þér verðið að játa, að það er aðeins eigin afstaða yðar.“ Síðan bætti hann við og sneri sér til ritara síns: „Viljið þér sjá um, að félagi Kravtsjenko verði fluttur til málmfræðiskólans í Dn jepropetrovsk?“

Ég reikaði um í Súmskaja-lystigarðinum í margar klukkustundir, án þess að skipta mér af leysingarófærð hins seinborna vors. Hvernig gat flokkurinn vitað, að það voru ekki flugvélar eða málmfræði, sem skiptu máli, heldur Júlía eða lífið án hennar? Það var ekki fyrir en löngu seinna, að mér datt í hug, að flokkurinn — eða að minnsta kosti einhverjir menn í flokknum kynnu einmitt að hafa vitað það. Samt sem áður virtist mér flokkssamþykktin algjörlega réttmæt.

Ég sagði Júlíu fréttirnar í síma. Við hittumst nokkrum sinnum, áður en ég fór. Það voru ofsaleg, tár mild stefnumót. Ég grátbað hana um að koma með mér, hverjar svo sem afleiðingarnar kynnu að verða. Stundum hélt ég, að hún væri að því komin að láta undan og ætlaði í raun og veru að koma með mér. En hvaða þvingun sem hún kann að hafa verið beitt, var hún að minnsta kosti sterkari en svo, að ég gæti brotið hana niður.

„Biddu mig ekki um það, vertu ekki grimmur, Vítja. Ég get ekki gert það, þó að líf án þín muni verða lifandi dauði. Biddu mig ekki. Ég kvelst nægilega þrátt fyrir það.“

Kvöldið áður en ég fór, gekk ég klukkustundum saman um götur Kharkov með Aleksej vini mínum. Hann lofaði mér því, að hann skyldi skrifa mér fréttir af Júlíu. Ég var ákveðinn í að láta hana koma til mín, ef ekki bráðlega, þá að minnsta kosti þegar ég hefði lokið námi og hefði efni á því að kvænast.

Júlía, María og herbergisfélagar mínir kvöddu mig á járnbrautarstöðinni næsta morgun. Tárin streymdu niður kinnar Júlíu, en hin létu öll sem þau sæju það ekki. Mér datt það ekki í hug, að ég myndi aldrei sjá hana framar.

Ég skrifaði henni oft frá Dnepropetrovsk, en fékk aldrei neitt svar. Samkvæmt beiðni minni fór Aleksej til heimilis R-s. Hann hringdi dyrabjöllunni, og stúlka kom til dyra. Þegar hann spurði eftir frú R., fór stúlkan að kjökra. „Júlía er farin, hún á ekki lengur heima hér,“ sagði hún grátandi, en gat ekki gefið aðrar upplýsingar. María sagði, að Júlía hefði skilið við mann sinn skömmu eftir að ég fór aftur til Dnepropetrovsk og að hún væri farin úr borginni. Annaðhvort vissi hún ekki meira eða hún hafði fengið ákveðnar fyrirskipanir um að segja ekki frá öðru.

Hin kvalafullu sár skilnaðarins greru smátt og smátt. En hina drungalegu þjáningu leyndardómsins og óvissunnar losnaði ég aldrei við. Einu sinni, mörgum árum seinna, heyrði ég ávæning um, að Júlía Míkhaïlovna hefði tekið upp nýtt nafn og væri kennari við skóla í fjarlægu héraði, en ég gat ekki sannprófað, hvort þetta væri satt eða ekki. Á þeim tíma hefði það ef til vill líka verið grimmúðlegt að grafa hið liðna fram undan rústum tímans.

7. kafli. Sigur vélanna

FORELDRAR MÍNIR OG BRÆÐUR glöddust mjög yfir því, að ég skyldi koma aftur til Dnepropetrovsk. Þar eð ég vildi ekki skyggja á gleði þeirra, lét ég eins og ég væri líka ánægður. Þetta var miklum erfiðleikum bundið, því að ég var miður mín af sorg yfir skilnaðinum frá Júlíu. Vinna virtist vera einasta móteitrið. Ég sneri mér af alefli að náminu, flokksstarfseminni og áætlunum um nýjar verksmiðjur og hafði engan tíma afgang til að vera í slæmu skapi eða kenna í brjósti um sjálfan mig. Til þess að bæta dálitlu við námsstyrk minn, kenndi ég einnig hagfræði í ýmsum bekkjum iðnskólans.

„Þú drepur þig á þessum þrældómi, Vítjenka,“ endurtók móðir mín sí og æ. Ég er viss um, að hana grunaði, að iðjusemi mín væri ekki alveg með felldu.

Ég bjó heima hjá foreldrum mínum og komst því hjá óþægindunum við að búa í heimavistum, sem voru, ef mögulegt var, ennþá óþægilegri en Risinn í Khar-kov. Ég var nú yfirlýstur skjólstæðingur verksmiðjunnar, og var samband mitt við hana nú sterkt og náð. Ég endurnýjaði gömul kynni við verkfræðingana og verksmiðjustjórnina og stofnaði til nýrra vináttusambanda við verkstjórana og verkamennina. Í Petrovskíj-Lenín verksmiðjunni unnu um þetta leyti hér um bil 35.000 manns. Verksmiðjan gegndi stóru hlutverki í sjónleik fimmáraáætlunarinnar.

Hinn nýi framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, N. Golúbenko, var heiðarlegur og gáfaður maður. Þar eð honum var kunnugt um langvarandi samband mitt við verksmiðjuna og áhuga minn á að endurbæta framleiðsluáferðirnar og láta þær svara kostnaði, bauð hann mér oft að hlusta á viðræðufundi um viðskiptamálefni og fól mér stundum til rannsókna sérstök mál, sem stóðu í sambandi við verksmiðjuna.

Með því að búa hjá föður mínum og umgangast daglega venjulega verksmiðju-verkamenn gat ég nú ekki lengur komist hjá því að verða hluttakandi í hinni sorglegu vitneskju um harmleikina í sveitunum. Í okkar hóp leiddum við kommúnistar það efni hjá okkur eða töluðum um það á hinu íburðarmikla máli flokksins. Við töluðum um „bændasamtök“, „kúlakkaógnir“, „sveitaþorpasósíalisma“ og „stéttarmótstöðu“. Til þess að halda sálarfriði neyddumst við til að draga raunveruleikann út úr meðvitund okkar með orðagjálfrí.

En almennu verkamennirnir voru ekki neyddir til þess. Margir þeirra höfðu áður verið bændur, og næstum því allir áttu þeir enn ættingja í sveitunum. Þeir gátu ekki horft „hlutlægt“ og „vísindalega“ á samyrkjustefnuna. Þeir töluðu opinskátt um ofbeldi, grimmd, sult og dauða — ekki almennt, heldur eins og atvik, sem komu við þá persónulega og höfðu komið fyrir Ívan eða Stepan í ákveðnu sveitaþorpi. Við og

við heyrði ég þá tala um mannakjötsát í landshluta okkar, en slíkt taldi ég ýkjur og lagði ekki trúnað á. Þó fylltu frásagnirnar mig skelfingu.

Í skólanum gat vitundin um skelfingarnar rétt fyrir utan dyr okkar ekki heldur látið reka sig á flótt. Það voru gefnar út viðvaranir við því að segja frá „orðrómi, sem væri andstæður flokksnum“, væri breiddur út af „afturhaldsmönnum, trotskjísinnnum og kúlakkaerindrekum“. En orðrómurinn dó ekki út. Hann óx jafnvel við hótanir og kúgun. Hann fyllti líf hinna 2000 nemenda leynilegum, þöglum spenningi. Virkir flokksmenn voru oft sendir til sveitaþorpanna í sérstökum erindum. Þó að þeir kæmu aftur með fyrirskipanir um að segja ekki frá, hvað þeir hefðu séð, töluðu þögn þeirra og vífilengjur sínu máli. Auk þess sögðu margir þeirra þrátt fyrir þagnarloforðið frá atburðum, sem fylltu mig mestu skelfingu.

„Þú lítur út eins og þú hafir séð afturgöngu,“ sagði ég við bekkjarbróður minn, sem ég hafði komist í kynni við á leynifundum flokksins. Hann var nýkominn frá Poltava-héraðinu.

„Það hef ég líka gert,“ sagði hann og leit undan.

Ég talaði ekki meira um málið. Ég fann, að hann brann í skinninu eftir að segja einhverjum allt af létta, og ég flúði af ótta við þau áhrif, sem það gæti haft á mig.

Öðru hverju voru „slefberar“ meðal nemendanna settir í varðhald. Það var lögð öllu meiri áhersla á að vaka yfir stjórn málasíðgæði nemendanna en fylgjast með námi þeirra.

Í skólanum var, eins og í öllum iðnaðarfyrtækjum og öllum stjórnarskrifstofum, sérdeild, sem stóð í sambandi við GPÚ. Yfirmaður hennar var félagi Lebed. Enginn kom inn í skrifstofu þessarar deildar, þegar hann var kallaður til yfirheyrslu, öðruvísi en með lífið í lúkunum. Aðeins fáir okkar vissu, hvað gerðist bak við litla gluggann í stálhurðinni með stálrimlunum fyrir. Jafnframt voru fáir af okkur svo barnalegir, að okkur væri það ekki ljóst, að hver einstakur nemandi ætti sína skjalamöppu í sérdeildinni, þar sem hvert orð, sem hann sagði, og hver athöfn hans, já, jafnvel þau áhrif, sem framkoma hans hafði, voru skrifuð upp.

Skýrslurnar um „einkamál“ fólu í sér upplýsingar um einkalíf nemandans eða kennarans, ættingja hans og stjórn málaforðið. Umfram allt voru þar allar skýrslur og ákærur frá hinum leynilegu erindrekum, sem settir voru í sérhvern bekk og svefnal, og frá uppljóstrunum, sem störfuðu sem sjálfbóðaliðar og reyndu með því að vinna hylli skólastjórnarinnar eða létu stjórnast af óvináttu eða hefndarhug.

Til að vernda uppljóstrarana og styrkja net hinna daglegu njósna höfðu ekki einu sinni skólastjórinn eða ritari flokksnefndarinnar aðgang að þessum upplýsingum. Sérdeildin átti leynilega erindreka í sérhverri starfsgrein skólans og jafnvel í flokksstjórninni. En flokksnefndin hafði sína sérstöku njósna í flokksstjórninni, og þá þekkti sérdeildin ekki. Það voru þannig njósna á njósna ofan í flóknu mynstri, sem lagði áberandi farg af ótta yfir alla.

En ekki var öllu lokið með þessu. Fyrir utan sérdeildina hafði GPÚ erindreka í skólanum, sem gáfu skýrslur sínar beint til umdæmisáðalstöðvanna, sem höfðu

þannig sérstakt eftirlit með Lebed og starfsmönnum hans. Borgarnefnd flokksins hafði erindreka í flokksstjórninni, og umdæmisnefndin fékk leynilegar skýrslur frá sínum sérstöku mönnum í borgarnefndinni. Þennan pýramída af njósnum, sem gripu hver yfir í aðra, vantaði ekki sjálfan tindinn, miðstjórn flokksins í Moskvu og að lokum stjórnmalanefndina með Stalín í forsæti.

Þessi óendanlegi njósnavefur, njósnir flokksins og njósnirnar um flokkinn, njósnir GPÚ og njósnirnar um GPÚ, sem á sumum sviðum skiptust á upplýsingum, en voru keppinautar á öðrum sviðum, breiddist yfir ráðstjórnarlífið frá tindinum og til grunnsins og til baka aftur. Við lifðum í veröld, sem var full af ósýnilegum augum og eyrum. Hinn óbrotni maður vissi auðvitað ekki, hversu yfirgripsmikið og flókið fyrirkomulagið var, og þetta stutta yfirlit mitt styðst við uppgötvanir, sem ég gerði síðar, eftir því sem tímar liðu fram. Hinn óbrotni maður vissi aðeins, að „veggirnir höfðu eyru“ og að hreinskilni væri stysta leiðin til tortímingar.

Þrátt fyrir þetta breiddist þessi forboðna vitneskja út. Það er góð sönnun um, hversu reyndi á tilfinningar manna á þessum tímum. Það er líka sönnunargagn um hina sérstöku rússnesku löngun til að tala, til samúðar, til að segja frá innstu tilfinningum sínum. Gegn hátíðlegum lofordum um þögn hættum við á að ræða með okkur þær efasemdir, sem þjáðu okkur, og kvöldumst þó af ótta við, að hvert orð, sem við segðum, myndi á einn eða annan hátt komast í „einkaskjöl“ okkar. Hversu oft átti ég ekki eftir á hreinsunarárunum síðar að verða fyrir því, að rekin væri framan í mig athugasemd, sem ég hafði sagt í trúnaði við vin, sem ég treysti! Hversu oft átti ég ekki eftir að verða spurður að því, hvers vegna ég hefði ekki gefið skýrslu um athugasemdir annarra, sem þeir hefðu komið fram með í viðurvist minni! Það var skoðað sem samþykki og samsekt að láta undir höfuð leggjast að segja frá tilfinningum andstæðum flokknum eða ráðstjórninni.

Sérdeildin lét ekki neina blygðunarkennd stöðva sig, þegar hún var að elta uppi „óvini“. Sumir okkar vissu til dæmis um þær aðferðir, sem notaðar voru til að hafa sífellt eftirlit með hinum aldraða og lærða háskólamanni, Díníík prófessor, sem var kennari okkar í aflfræði. Mikilsverðara en kennsla hans var kostnaðarsamt tilrauna-starf hans með mikilvægar iðnfræðilegar byggingaráætlanir. Þar eð hann var ekki í flokknum, en menntamaður frá tímunum fyrir byltinguna og sérfræðingur, sem að því er virtist hafði ekki áhuga á stjórnmálum, var hann auðvitað grunaður um græsku. En hvernig var hægt að hafa eftirlit með starfi hans, sem var svo vísindalegt, að erfitt var að komast að, hvort hann væri að vinna skemmdarverk eða ekki?

Lausnin fannst í meðalgöngu konu prófessorsins, sem einnig var helsti aðstoðarmaður hans á tilraunastofunni. Hún var há, beinaber, ljóshærð kona, ekki ólagleg, rúmlega hálfertug og þannig næstum því þrjátíu árum yngri en maður hennar. Þar eð augljóst var, að hún bar virðingu fyrir starfi manns síns og dugnaði, var hún ekki álitin nægilega áreiðanleg til að vera erindreki GPÚ. Af ráðnum hug var því ómótstæðilegt kvennagull látið verða á leið hennar. Pavlenko, verkfræðingur og óbifanlegur flokksmaður, karlmannlegur, herðabreiður, með andlit eins og

bolbítur, náði valdi yfir hinni ungu eiginkonu. Dinník prófessor var einn af þeim fáu mönnum í skólanum, sem vissu ekki, að kona hans átti elskhuga. Og konan hans var ein af þeim fáu, sem höfðu ekki grun um, að elskhugi hennar var aðeins að inna af hendi starf fyrir sérdeildina. En fórn hans kom ekki að neinum notum, — það var aldrei hægt að uppgötva nein merki þess, að prófessorinn væri að vinna skemmdarverk.

Þó að við gæfum það sjaldan í skyn, nema með óljósum bendingum og í táknrænum „smásögum um stjórnmal“, kímnisögum með stjórnmalamerkingu, var þetta flókna njósnakerfi jafnraunhæft og gagnsýrði allt eins og loftið, sem við önduðum að okkur. Það tók til og gagnsýrði ekki síður verksmiðjuna en skólann, blöðin, sem ég var starfsmaður við, ekki síður en hinar ýmsu stofnanir flokksins, sem ég starfaði hjá í vaxandi mæli, þar eð ég sat á þessum tíma í stjórnmalanefnd innan flokksnefndar okkar í skólanum.

Ógrynni af upplýsingum um einkamál og uppljóstrunum, sumar til þess að réttlæta sjálfa sig, sumar gefnar í hefndarskyni og kaldranalegar. Smálestir af skjalamöppum. Milljónir njósnara. Allt var þetta sundurgreint og lesið og lagt við hliðina á fyrri skjölum og borið saman við þau. Eftirrit voru send til ákærandans, til embættismanna þeirra, sem áttu að halda uppi flokksaganum, og ennfremur, þegar nauðsynlegt var að hefjast handa strax, til hinna leynilegu dómstóla GPÚ. Þetta voru banvæn vopn til afnota í framtíðinni gegn frávillingunum og efasemdamönnunum. Það voru tugir þúsunda af skipulögðum skjalasöfnum, en hvert þeirra fyrir sig var heilt vopnabúr af upplýsingum um einkamál manna, uppljóstrunum, lygum, svikum og misskilningi.

Innan hins ríkjandi flokks okkar hafði þetta leynilega fyrirkomulag eftirlits og uppljóstrana, sem náði yfir allt og eyðilagði með öllu allt einkalíf í fornri merkingu þess orðs, sérstakt nafn. Það var nefnt „flokkslýðræði“.

Á ráðstefnu fjármálastarfsmanna í júní 1931 hélt félagi Stalín ræðu, sem var þannig, að iðnaðurinn skalf á grunni sínum og lífið breytti um svip hjá öllum þeim, sem við hann störfuðu. Í ræðunni taldi hann upp hin frægu „sex atriði“ til að auka afköst. Voru hin mikilvægustu þeirra nákvæmur útreikningur kostnaðarins, einhæfari stjórn vinnunnar, aukin ábyrgð á mistökum og eyðslu og mjög misjafnar launagreiðslur.

„Það hefur lengi gengið illa að láta iðnaðinn svara kostnaði,“ sagði Stalín. „Verksmiðjur okkar eru fyrir löngu hættar að gera birgðakönnun, reikna út og búa til raunhæfar skýrslur um tekjur og gjöld — Enginn virðist bera ábyrgð á neinu. ... Leiðtogarnir þegja. Hvers vegna? Sennilega vegna þess, að þeir óttast sannleikann.“

Að sumu leyti féllu mér þessar breytingar á hinum opinbera hugsunarhætti vel í geð. Mér fannst það næstum því vera eins og eigin sigur, vegna þess að ég hafði lengi skrifað um og fært rök að því, að þess háttar raunsæisstefna væri nauðsynleg.

En önnur atriði gerðu mig órólegan. Fyrir menn eins og föður minn hlaut þetta að vera staðfesting á verstu grunsemdum þeirra.

Jöfnuður í launum, sem hafði verið ein af hugsjónum Ráðstjórnarríkjanna, varð nú allt í einu að glæp. Samræming launa var nú löstuð og talin ósæmandi ráðstjórnarfyrirkomulaginu. Sú „flokksregla“ að gjalda flokksmönnum laun, sem voru ekki mikið yfir meðaltalslaun, var nú felld úr gildi og vék fyrir taumlausri ágirnd og eiginhagsmunum embættismannastéttarinnar. Ákvæðisvinna var nú tekin upp í öllum ráðstjórnarþáttum, jafnvel við þess háttar vinnu, þar sem þessi greiðsluáðferð var sannarlega heimskuleg, ef ekki með öllu óhæf. Vegna hinna einkennilegu ráðstjórnartilhneiginga til öfga var nú því gallaða fyrirkomulagi að hafa of marga yfirmenn breytt í það engu síður gallaða fyrirkomulag að hafa aðeins einn einvaldan yfirmann, og var með því látið fyrir röða síðasta yfirskin af „verkamannaefirliti“ með yfirvöldunum.

Það er auðvitað sitt hvað að gefa fyrirskipanir um endurbætur og að framkvæma þær. Stalín hafði rétt fyrir sér í þeirri ásökun, að stjórnendurnir óttuðust sannleikann. Þeir óttuðust hann vegna þess, að sannleikur var allt að því gagnbyltingarkenndur og ætíð hættulegur munaður. Heiðarleg mistök eða óskynsamleg iðnaðartilraun gátu haft í för með sér útleggðarrefsingu eða dauðarefsingu fyrir skemmdarverk. Það gat verið ómannúðlegt að álasa undirmanni sínum fyrir mistök, þar sem hætta var á, að yfirvöldin ákærðu hann fyrir föðurlandssvik af ráðnum hug. Flóttinn frá ábyrgðinni hnýtti hin geysimiklu sparnaðarform í óleysanlega hnúta. Golúbenko sagði einu sinni við mig á þessa leið:

„Þeir heimta, að við gerum reksturinn hagkvæmari, komum verksmiðjunum í nýtsku horf og lækkum kostnaðinn. Það er allt ágætt, félagi Kravtsjenko. En ef við gerum eitthvað djarft eða óvenjulegt, leggjum við lífið í hættu, er ekki svo? Það eina örugga er að gera ekkert.“

Seint um haustið þetta ár var mér stefnt fyrir umdæmisnefnd flokksins ásamt skólastjóra skóla okkar, félagi Tsípljakov, og öðrum nemanda, Beretskoj að nafni. Ritarinn lokaði dyrunum og sagði, að hann óskaði, að við framkvæmdum rannsókn í Níkopol, en það var borg í nokkurra tuga kílómetra fjarlægð.

„Þrátt fyrir „sex atriði“ féлага Stalíns,“ sagði hann, „gengur vinnan þar illa. Það vantar ekki hávaðann og fundarhöldin, en byggingarnar eru langt á eftir áætlun. Aginn er lélegur og óánægjan mikil. Níkopol er mjög mikilvæg. Eins og þið vitið, erum við að reisa þar stóra málverkssmiðjúsamstæðu, sem mun kosta mörg hundruð milljónir rúblna. En af einhverjum ástæðum gengur byggingarvinnan ekki neitt, og verkamennirnir skipta sífellt um vinnustað.“

Nú skuluð þið þrír fara þangað. Verið þar eins lengi og nauðsyn krefur, eina viku eða tvær vikur. Gefið mér síðan skýrslu um, hvað aflaga fer og hvað hægt er að gera til að ráða bót á því. Skýrslu yðar munum við rannsaka hér og — ef hún er þess virði — senda hana til féлага Ordzhoníkídzes.“

Þegar við komum til Níkopol, urðum við þess áskynja, að byrjað hafði verið

á byggingunum fyrir hér um bil þremur árum á eyðilegri gresju níu kílómetra frá bænum og nokkra kílómetra frá járnbrautarstöðinni. Það jók á óþægindi verkamannanna. Enginn virtist vita, hvers vegna þessi óhagkvæmi staður hafði verið valinn. Ef byggt hefði verið nær bænum, myndi það að nokkru leyti hafa dregið úr húsnæðisvandanum.

Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, Peter Bratsjko, var nýr í stöðu sinni. Hann gat þess vegna komið upp um öll þau mistök og heimskupör, sem höfðu valdið því, að vinnan stöðvaðist.

„Þegar ég kom hingað, var allt á kafi í ringulreið og sóðaskap,“ kvartaði hann. „Það eitt að komast til botns í því var mikil vinna. Auk þess er ekkert skynsamlegt hlutfall milli hinna ýmsu hluta fyrirtækisins. Þið vitið sjálfir, félagar, að sérhver málverksmiðja er undir öðrum verksmiðjum komin. Það er heimskulegt að byggja eina þeirra án þess að taka tillit til hinna. Það getur litið vel út á pappírnum, en það lítur ekki jafnvel út, þegar hin raunverulega framleiðsla byrjar.“

Við urðum skelfingu lostnir, þegar við sáum dýrmætar vélar, flestar af þýskum uppruna, sem ryðguðu undir berum himni, dreifðar yfir það geysilega svæði, sem nota átti undir hinar áætluðu verksmiðjur, steypuverkstæði, verksmiðjustjórnarbyggingar og verkamannabústaði. Alls staðar sáum við yfirgefna byggingar, sumar hálfgerðar, að öðrum var aðeins búið að steypa grunninn.

„En þetta er hræðilegt, félagi Bratsjko,“ sagði ég, á meðan við brutum okkur braut í gegnum þessa mýrlendu auðn múrsteins og málms.

„Það veit ég vel, en hvað get ég gert? Við erum varla byrjaðir á byggingu, þegar fyrirskipun kemur frá aðalstöðvunum um, að við eigum að hætta við hana og einbeita okkur að einhverjum öðrum stað. Áætlunum hefur þá verið breytt! Meðan á þessu stendur verða afköst verkamannanna langt fyrir neðan hinar fræðilegu reglur. Það er óskaplega mikið um veikindi og fjarvistir. Verkamennirnir eru þreyttir, þeir lifa við lélegar aðstæður, og okkar á milli sagt fá þeir ekki nægilegan mat til að geta unnið þess konar vinnu.“

Síðan bætti hann við, og var ekki laust við ánægjuheim í röddinni: „Ég er auðvitað nýr af nálinni hér. Þetta er allt saman arfur frá fyrrverandi verksmiðjustjórn.“

Vesalings Bratsjko! Hvernig gat hann grunað, að hann yrði eftir nokkur ár að borga fyrir þessa ringulreið í Nikopol með frelsi sínu? Og hvernig átti mig að gruna, að ég yrði sjálfur skipaður í ábyrgðarstöðu í framkvæmdastjórn þessa risavaxna málmiðnaðarfyrirtækis? Í sælli fávisku um örlög okkar þrömmuðum við saman í gegnum þessa ótrúlegu ringulreið.

Rannsóknarnefndin lagði fyrirspurnir fyrir verkfræðinga, verkstjóra og einstaka verkamenn. Okkur var það ljóst, að alltaf var verið að hætta við verkefni og peningum og vinnu var eytt til einskis. Aðalástæðurnar til þess voru að minni skoðun tvenns konar.

Í fyrsta lagi voru sífelld afskipti og nálarstungur að utan. Þó að fyrirtækið væri geysistört, var það aðeins hluti af heildarfyrirætlun, svo stórkostlegri, að hún var

næstum því ofvaxin mannlegum skilningi. Smábreyting á skipulagi miðsvæðisins, þó að hún ætti rétt á sér, hafði oft í för með sér gjörbreytingu á skipulagi útjaðranna. Embættismenn, sem voru langt í burtu, gátu ekki alltaf séð fyrir þá eyðileggingu, sem tilviljanakenndar fyrirskipanir þeirra ollu á hinu eða þessu í fyrirtækinu. Embættismennirnir á staðnum gátu ekki annað gert en að hlýða og vona það besta. Afskiptin voru auk þess oft hrein lögreglumálefni með endalausum handtökum, yfirheyrslum og hótunum, og skapaði það andrúmsloft ótta og öryggisleysis.

Í öðru lagi var ekkert tillit tekið til þeirra starfsmanna, sem unnu að framleiðslunni. Þó að tugum milljóna rúblna væri kastað á glæ í vélar, sem voru ekki notaðar, og byggingar, sem síðar var hætt við, var laununum haldið hörmulega lágu í samanburði við kaupmátt rúblunnar einmitt á þessu tímabili. Verkamannabústaðir voru á teikningunum, en hinum lifandi verkamönnum var hrúgað saman í trébragga, sem reistir höfðu verið í flýti, með óþéttum þökum og rökum veggjum og gólfum, og voru jafnvel án frumstæðasta heilnæmisútbúnaðar. Áherslan var lögð á arðinn, með algjörrri fyrirlitningu á þeim mönnum, sem leystu verkið af hendi.

Annað kvöldið, sem við dvöldum í Níkopol, ákvað ég að fara í heimsókn í braggana ásamt byggingameistararum, ritara flokksins þar á staðnum og braggastjóranum. Eftir að við höfðum vaðið gegnum ökkkladjúpa for, komum við að röð hinna dapurlegu bústaða. Þó að rafmagn væri í stjórnarbyggingunum, hafði ekki verið lagt rafmagn í hverfi verkamannanna. Olíulampar, sums staðar að auki kveikir í skál með olíu, vörpuðu útfararkenndu rökkri yfir allan óþverrann. Í einum af bröggunum var nærri því aldimmur utan frá að sjá. Ég drap á dyr, og gamall, skegjaður maður opnaði.

„Gott kvöld, félagi, megum við koma inn?“

„Hver eruð þér?“

„Ég er flokksritarinn, og hér“ — hann benti á mig — „þetta er nefnd frá aðalstöðvunum.“

„Þetta líkar mér!“ sagði verkamaðurinn í augljósum hæðnistón. „Gerið svo vel að stíga inn í höll okkar! Má bjóða yður nokkrar rottur, eða kjósið þér heldur veggjalýs? Láðið lyktina ekki trufla ykkur.“ Í bragganum var næstum því myrkur. Í nokkrum þilrekkjum lágu ungir menn og lásu við ljós „kolunnar“. Aðrir spiluðu á spil á efri þilrekkju. Flestir hinna fimmtíu til sextíu manna gáfu okkur ekki gaum. Hinir hópuðust saman um okkur, ákafir í að kvarta undan og bölvu húsakynnum. Rotta lagði á flótta undan fótum okkar.

„Kallið þið þetta rúmföt?“ sagði einn af verkamönnum. „Eru þetta koddar? Nei, þetta eru skítugar druslur!“

„Hversu oft er skipt um í rúmunum?“ spurði ég.

„Einu sinni á mánuði, ef heppnin er með, annars annan hvern mánuð, þriðja hvern mánuð eða aldrei.“

„Við erum aldrei lausir við óþrif og mýs,“ hrópaði annar maður. „Komið hérna, og þér skuluð fá að sjá.“

Hann lyfti upp öðrum gaflinum á járn Rúmi og sló honum hvað eftir annað við gólfið. Gólfið varð svart af veggjalúsum, sem ónáðaðar voru í hreiðrum sínum. Ég hrökk ósjálfrátt aftur á bak.

„Hvernig ættum við að geta komist hjá óþrifunum?“ hélt annar verkamaður áfram. „Við vinnum í hópum. Annar hópurinn fer og hinn kemur, áður en rúmin eru orðin köld. Og gólfin eru aðeins þvegin einu sinni á mánuði. Þetta er ekkert líf, þetta eru pyndingar. Þegar rignir, er allt á floti, og þegar frýs, er eins kalt og norður við heimskauf.“

„Hvers vegna þegið þið yfir þessu? Hvers vegna kvartið þið ekki?“ spurði ég.

„Kvörtum!“ urraði hann. „Hvað myndi það stoða? Hingað koma nefndir, eins og til dæmis þið, og síðan heyrum við ekki meira um það. Við erum fúsir að vinna. Við skiljum vel, að það er nauðsynlegt. En við erum skapaðir af holdi og blóði, en ekki grjóti. Svo er nú það, að yfir í hinum bragganum ákváðu mennirnir að gera eitthvað út af þessari hræðilegu aðbúð. Þeir ákváðu að fara ekki til vinnu, fyrr en bætt hefði verið úr þessu. Jæja, þér getið hugsað yður, hvernig fór.“

„Hvað gerðist?“

Það varð almenn þögn.

„Verið ekki hræddir, segið mér frá því. Ég er frá Dnepropetrovsk, og ég veit það alls ekki.“

„Jú, forsprakkarnir voru kallaðir út,“ sagði einn mannanna.

„Kallaðir út, hvert?“

„Vitanlega ekki í kirkju eða í bjórkrána — auðvitað til GPÚ. Og það sem meira er, þeir komu aldrei aftur.“

„Ef til vill hefur þeim ekki veitt af að fá orlof til Síberíu,“ sagði skeggjaði verkamaðurinn og hló beisklega.

Ég skýrði samstarfsmönnum mínum í nefndinni frá því, sem fyrir mig hafði borið. Þeir höfðu einnig skoðað hús og fullgerðar verksmiðjubyggingar. Allir höfðu sömu söguna að segja. Ég bylti mér órólega um í rúminu alla nóttina. Sóðaskapurinn, þjáningarnar og beiskjan lágu eins og farg á mér. Sljóleikinn hjá þeim, sem virtust vera of þreyttir eða afskiptalausir til að kvarta, lá næstum því enn þyngra á mér en háðið og hatrið hjá þeim mönnum, sem höfðu leyst frá skjóðunni. Og á einhvern hátt gerði sagan um forsprakkana, sem höfðu verið „kallaðir út“, allt ennþá dapurlegra og vonlausara.

Næsta dag var kallaður saman fundur allra ábyrgra leiðtoga í Níkopól-verksmiðjunum í húsakynnum borgarnefndar flokksins. Ég dró ekkert úr, þegar ég lýsti því, sem fyrir augu mín hafði borið. Bratsjko framkvæmdastjóri lýsti yfir því, ef ringulreiðinni í bröggunum yrði ekki kippt í lag innan fimm daga, að þá myndu starfsmenn verksmiðjunnar verða gerðir ábyrgir gagnvart „æðstu yfirvöldum“ Ráðstjórnarríkjanna. Félagi Tsípljakov lýsti yfir, að nefndin myndi ekki fara heim, heldur verða kyrr og fara eftirlitsferð að þessum fimm dögum liðnum.

Næstu daga var ekki legið á liði sínu. Hundruð manna þvoðu, skúruðu og gerðu

við. Með því að hringja í örvæntingu til Kharkov og í eitt skipti alla leið til Moskvu tókst að koma þeim skrið á, að til Níköpol komu kassar fullir af nýjum lökum og koddum. Byrjað var að leiða rafmagn í braggana. Sömu embættismenn sem höfðu látið viðgangast, að óþverrinn hrúgaðist upp, virtust nú ákafir og jafnvel ánægðir yfir að bæta úr þessu.

„Það er ekki af því, að okkur þyki gaman að, í hvaða ólestri þetta er,“ sagði einn þeirra við mig, „heldur vegna þess, að við höfum engin tæki til að ráða bót á því. Það er auðveldara að láta allt fara aflaga en að hefjast handa. Enginn vill takast ábyrgðina á hendur. Við skulum taka þessa hreinsun sem dæmi, — hún er möguleg vegna þess, að þið eruð umboðsmenn umdæmisnefndarinnar. Það hafa ekki verið settar neinar fjárhæðir í fjárhagsáætlunina til að kaupa hrein lök eða framkvæma meiri háttar viðgerðir, og hver þorir að snerta við fjárhagsáætluninni? Hún er eins konar vítahringur.“

Kvöldið áður en við fórum snæddi ég kvöldverð með einum af verkfræðingunum í verksmiðjustjórnninni. Hann var roskinn maður, óflokksbundinn.

„Ég er ekki einn af ykkur,“ sagði hann, „en aðeins gamall rússneskur menntamaður. Ég skipti mér ekki af innri málefnum ykkar. En ég er verkfræðingur, og ég vil ógjarnan, að starf mitt verði til einskis. Ég elska land mitt, og ég óska, að því vegni vel. Því megið þér trúá.“

Allar tillögur okkar, sem við sendum til aðalstöðvanna, eru gagnrýndar. Þar er ekki dæmt frá sjónarmiði verkfræðinga, heldur frá stjórnmálasjónarmiði. Og því, sem ákveðið er, verðum við að hlýða, hvort sem vit er í því eða ekki. Þegar aðalstöðvarnar gera skyssu, fellur okkur það þungt, en við verðum að þegja. Við megum í raun og veru þakka forsjóninni, ef sökinni á heimsku þeirra er ekki skellt á okkur.“

„En hvað með flokksmennina heima fyrir? Geta þeir ekki hjálpað ykkur?“

„Ó, kæri félagi Kravtsjenko, það eru nógu margir embættismenn til að líta eftir okkur, en ekki margir, sem hjálpa okkur. Verksmiðjunefnd flokksins rannsakar, borgarnefndin rannsakar, GPÚ rannsakar, og nú eruð þér hér til að rannsaka. Þeir rannsaka okkur og hver annan. Maður skyldi ætla, þegar greindum mönnum hefur verið trúað fyrir milljónum rúblna, að þá hefðu þeir frið til að nota þær á skynsamlegan hátt. Eins og málum er nú komið, notum við meiri tíma til að velta fyrir okkur, hvað þessi eða hinn muni hugsa, en til raunverulegra verkfræði- eða byggingarstarfa. Ég er gamall maður og get því talað eins og mér býr í brjósti.“

Ég fór frá Níköpol hryggur í huga. Það undarlegasta er, þegar ég minnst heimsóknarinnar, að miklum hluta hinnar stórkostlegu málmverksmiðjusamstöðu skyldi á einhvern furðulegan hátt verða lokið — hægar og dýrar en áætlað hafði verið og með næstum óútreiknanlegu verði mannslífa og þjáninga, en verksmiðjurnar voru reistar.

Við gáfum rækilega skýrslu til flokksins, sem aftur gerði tillögur til stjórnarinnar í Moskvu. Í frásögn minni sleppti ég engu óþægilegu, ekki einu sinni veggjalúsinni

eða handtöku GPU á þeim verkamönnum, sem höfðu kvartað. Mér er ókunnugt um, hvort þessi síðasti liður hefur nokkurn tíma náð til Moskvu.

Þessi reynsla mín styrkti mig í fyrirætlun, sem ég hafði velt fyrir mér í marga mánuði. Ég ætlaði að ferðast til Moskvu og reyna að ná tali af félaga Ordzhonikídze. Ég ætlaði að tala við hann eins og maður við mann um þá galla og þær hörmungar, sem ég sá allt í kringum mig. Þar eð þessi fyrirætlun mín var í samræmi við þarfir Petrovskij-Lenín verksmiðjunnar, samþykkti Golúbenko framkvæmdastjóri hana og að greiða ferðakostnaðinn.

Ég hraðaði mér beint frá járnbrautarstöðinni til ráðuneytis þungaiðnaðarins.

Þetta var þriðja heimsókn mín til Moskvu. Í fyrri heimsóknum mínum hafði ég ekki orðið jafnmikið var við mun á höfuðborginni og hinum landshlutunum. Það var munur, sem að sumu leyti stafaði af bættu útliti höfuðstaðarins, en að langmestu leyti af því, hve ástandið hafði versnað í borgunum úti um landið.

Eftir að hafa átt heima í Dnepropetrovsk og Kharkov virtist mér Moskva heimkynni allra gnægða. Biðraðirnar fyrir utan búðirnar voru ekki jafnlangar og hillurnar ekki jafntómar. Niður hins starfandi lífs var næstum því heyranlegur og bar vott um bjartsýni. Göturnar voru vel sópaðar, og aðalumferðargöturnar höfðu nýlega verið malbikaðar.

Nýju himinkljúfarnir höfðu geysileg áhrif á mann utan af landsbyggðinni. Ég ók í bifreið yfir leikhústorgið, sem umlukt var leikhúsum, gistihúsum, söngleikjahúsum og mörgum skrautlegum verslunum. Mennirnir, sem gengu þúsundum saman um hliðargöturnar, voru betur klæddir en ég átti að venjast. Og það, sem gladdi mig mest, var, að þeir reikudu ekki stefnulaust um. Í framkomu þeirra var hvatleiki, sem varla þekktist annars staðar í Rússlandi.

Þegar ég hafði sannað, hver ég var, og fengið vegabréf, fór ég á fund ritara Ordzhonikídzes þjóðfulltrúa, félaga Semúshkíns. Sem betur fór höfðum við hist áður, og var hann fús til að greiða götu mína. Ég sýndi honum skilríki mín frá Golúbenko og öðrum, og hann tók að sér að tilkynna þjóðfulltrúanum komu mína.

Í biðstofunni voru sextán menn. Þeir voru allir í góðum holdum og vel klæddir, nokkrir þeirra augskýrnilega í erlendum fötum. Næstum allir höfðu þeir skjalatöskur meðferðis. Þetta voru sýnilega framkvæmdastjórar stórra verksmiðjuhringa, stjórnendur stórra iðnaðarfyrirtækja — úr efstu röð fjármálaleiðtoganna. Þar sem ég var sá yngsti í biðstofunni og í lóslitnum fötum, fannst mér ég vera þarna eins og nærgöngull maður, fátækur ættingi. Hinir mennirnir litu dálítið tortryggislega á mig, eins og þeir vildu sagt hafa: „Hvað hefur þessi náungi að gera í okkar virðulega félagskap?“

Allt í einu heyrðum við hávaða og hróp bak við stóru dyrnar, sem lágu að skrifstofu þjóðfulltrúans. Ég þekkti georgískan málhrein Ordzhonikídzes. Við litum allir forvitnir og dálítið órólegir til dyranna. Ef þjóðfulltrúinn var í slæmu skapi, var útlitið ekki gott um erindi okkar hvers um sig. Síðan var dyrunum hrundið upp. Feitur, sveittur og sýnilega hræddur maður kom í hendingskasti út

með opna skjalatösku í hendinni. Úr töskunni dattu á gólfíð ýmisleg mataráhöld: skeiðar, hnífar og gafflar. Vesalings maðurinn, sem átti óhægt um vik vegna offitu, beygði sig niður eftir dótinu og kastaði því með fumi niður í töskuna, lokaði henni með skjálfandi fingrum og þaut út án þess að líta á nokkurn okkar.

Rétt á eftir birtist Ordzhoníkídze, brosandi og vingjarnlegur, og sá varla á honum, að neitt óvenjulegt hefði komið fyrir. Við stóðum allir sem einn á fætur í virðingarskyni.

„Ég skaut þessum óþokka sannarlega skelk í bringu,“ sagði hann til skýringar við okkur alla og hló, „og hann átti það sannarlega skilið. Þið hefðuð átt að sjá þau sýnishorn af borðbúnaði í fjöldaframleiðslu, sem hann kom með til mín! Það var ekki einu sinni nógu gott handa villimönnum — klunnalegt og ljótt eins og rekur. Við verðum að hætta þeim hugsunarhætti, félagar, að allt sé nógu gott handa ráðstjórnarþjóðinni. Við verðum að leggja áherslu á gæði, ekki síður en magn. Jæja, lofið mér nú að heyra erindi ykkar hingað.“

Við hlið Semúshkíns gekk þjóðfulltrúinn nú frá einum gestinum til annars. Þegar hann hafði heyrt erindi gestsins, bað hann hann annaðhvort að snúa sér til aðstoðarmanns eða koma aftur á ákveðnum tíma. Á árunum, sem liðin voru síðan ég hitti Ordzhoníkídze, hafði hann gildnað. Strítt hár hans og þétt yfirkegg hafði gránað. En stórskorið andlit hans og hinn eðlilegi, glaðlegi svipur vakti ennþá traust.

Þegar hann kom til mín, rétti ég honum skilríki mín. Hann leit í flýti á eitt þeirra og leit því næst upp með glampa í augunum.

„Góðan daginn, gamli vinur,“ sagði hann. „Jú, ég man vel eftir yður, félagi Kravtshenko. Ég vona, að yður fari vel fram við námið, og ég hlakka til að tala við yður. Eigum við að segja í kvöld klukkan tíu? Félagi Semúshkín, takið þennan féлага að yður, og sjáið um, að honum líði vel.“

Þegar þjóðfulltrúinn var kominn aftur inn í skrifstofu sína, kom Semúshkín til mín og tók fast í handlegginn á mér til þess að óska mér til hamingju. Það var augskýrlegt, að Ordzhoníkídze var mér vinveittur, og ritari hans fylgdi dæmi hans. Hinir mennirnir horfðu nú á mig af nokkurri öfund — svona ungur maður, og hinn almáttugi er þegar farinn að brosa til hans. ...

Mér var ekið til Metropol-gistihússins í stórrí Lincoln-bífreið. Er ég hafði sýnt bréf frá ráðuneytinu, var mér þegar í stað vísað til stórs herbergis á einni af efri hæðunum. Ég fann til innri upphefðar í nálægð minni við þá, sem völdin höfðu, til þeirrar kitlandi tilfinningar að vera ekki lengur þýðingarlaus maður.

Undir kvöld fór ég niður í matsal gistihússins, geysistórt herbergi, sem var mjög hátt undir loft og skreytt með stórum hitabeltisblómum í pottum. Þar var troðfullt, og stór jasshljómsveit spilaði. Í miðju herberginu var eins konar fiskatjörn, og á gljáfægðum bökkum hennar dönsuðu þörin eftir jasshljómfallinu svo þétt, að það leit út eins og þyrping, sem gekk í bylgjum.

Ég var nokkrar mínútur að venjast þessu nýja umhverfi. Var þetta í raun og veru

hluti af Ráðstjórnarríkjunum? Eða hafði ég í misgripum lent þar, sem verið var að taka kvikmynd? Ég settist bak við einn pálmann og athugaði gestina, sem sátu þar að snæðingi eða voru að dansa. Hér og þar sá ég menn í rússneskum treyjum, en flestir voru í vesturlandafötum og með hálsbindi. Sumar konurnar voru í flegnum kjólum, sem ég hafði aldrei séð nema á hlífðarkápum bóka. Parna voru margir útlendingar, einn hópurinn var í „smoking“ og stífum, hvítum skyrtum. Gegnum bogagöng í öðrum enda borgsalarins sá ég vinstúku, þar sem nokkrar fallegar stúlkur báru fram drykk handa útlendingslegum mönnum, sem sátu á háum stólum.

Hugsunin um braggana í Níkopól lét mig ekki í friði, meðan ég athugaði staðinn. „Velkomnir í höll okkar, félagar. Má bjóða ykkur rottur eða veggjalýs?“ En ég vék þessari hugsun til hliðar. Þetta var Moskva. Eflir skamma stund átti ég að fara til „viðræðufundar“ við einn af sex valdamestu mönnum landsins.

Löngu fyrir hinn tiltekna tíma var ég á ný staddur í biðstofu ráðuneytisins. Rétt fyrir klukkan tíu kom Semúshkín inn til mín.

„Dér verðið ef til vill að biða dálítið. Félagi Búkharín er hjá þjóðfulltrúanum.“

Félagi Búkharín! Hjartað í mér tók viðbragð. Það var næstum eins og að hitta Lenín. Meðal hinna miklu nafna byltingarinnar stóð nafn Búkharíns aðeins að baki nöfnum Leníns og Trotskíjs. Til undirbúnings því að verða æskulýðsfylkingarfélagi hafði ég lesið bók hans, *Stafróf kommúnismans*. Síðustu árin hafði Níkolaj Búkharín að vísu verið fordæmdur fyrir „tilhneigingar til hægri“ og sviptur opinberum völdum. Bækur hans voru bannaðar. En það var enn töfraljómi yfir nafninu, og vitundin um, að hann væri hérna rétt hjá, hinum megin við dyrnar, heillaði mig ósjálfrátt.

Skömmu síðar gaf Semúshkín mér merki um að koma inn. „Búkharín er hérna ennþá,“ hvíslaði hann. „Þjóðfulltrúinn bað hann um að vera kyrran og heilsa yður.“

Strax á eftir heilsaði ég Ordzhoníkídze og Búkharín með handabandi. Þjóðfulltrúinn sat bak við fyrirferðarmikið skrifborð, sem var þakið bókum, skjölum, hálfri tylt af sínum og röð af merkjahnöppum. Við Búkharín sátum á móti honum hinum megin við borðið. Þetta var geysistört herbergi, og á veggjum þess hingu stór málverk af Marx, Lenín og Stalín. Á skrifborði hans stóð ljósmynd af Stalín með áletruninni: „Til Sergos.“

„Jæja, félagi Kravtsjenko,“ sagði þjóðfulltrúinn, sem sýnilega reyndi að gera mig rólegan, „segið okkur nú stutt og greinilega frá því, sem þér vitið um Níkopól fyrir-tækið.“

„Fyrst, félagi þjóðfulltrúi, langar mig til að minnast á Dnepropetrovsk-verksmiðjuna við yður. Ég hef sérstakar skoðanir um vinnuna þar, sem mig langar til að skýra yður frá.“

„Gerid það.“

Þar sem ég hafði áður lagt málefnið niður fyrir mér, gat ég skýrt það greinilega. Vissar deildir verksmiðjunnar þurfti að stækka og setja í þær nýttísku vélar. Ég kvað sumar gömlu verksmiðjurnar hafa verið vanræktar af ákafanum við að reisa nýjar verksmiðjur. Ég reyndi að sýna með ljósum tölum, að með því að leggja fáar

milljónir rúblna í endurbætur á verksmiðjum, sem þegar voru til, væri hægt að auka framleiðsluna meira en með því að nota tíu sinnum hærri upphæð til að reisa nýjar verksmiðjur.

Búkharín brosti út undir eyru og kinkaði kolli til samþykkis. Eins og allir vissu, var hann mótfallinn hinum mikla hraða í nýbyggingunum. Áður en hann var neyddur til þagnar, hafði hann haldið því fram, að sumar af fyrirætlunum fimm ára áætlunarinnar væru „algjörar fjarstæður“.

„Í aðalatriðum er ég yður sammála, félagi Kravtsjenko,“ sagði Ordzhoníkídze, „þó að fyrst verði að rannsaka hin sérstöku vandamál Petrovskíj-Lenín verksmiðjúsamsteypunnar.“ Hann skrifaði nokkrar athugasemdir hjá sér á pappírablokk. „Segið Golúbenko framkvæmdastjóra, að beiðni hans skuli verða vandlega rannsökuð. Haldið nú áfram.“

Ég sneri mér nú að því að segja honum frá þeim áhrifum, sem ég hafði orðið fyrir í Níkopol. Fyrst hélt ég mér við þær bókföstu, tæknilegu setningar, sem ég hafði fyrirframúið mig undir. En á meðan ég var að tala, unnu endurminningarnar um braggana, óánægjuna og óþverrann bug á varfærni minni. Rödd mín varð reiðirþrungin, þegar ég skýrði frá, hversu mikið færi í súginn, frá ringulreiðinni, en einkum hinum óþolandi lífsskilyrðum, sem almennir verkamenn áttu við að búa.

„Félagi þjóðfulltrúi, með því að nota nokkrar milljónir rúblna til að bæta lífsskilyrði verkamannanna, er ég viss um, að hægt er að spara stórkostlegar upphæðir við fyrirtækið. Vanræksla á því að taka hæfilegt tillit til mannanna, sem vinna við fyrirtækin, mun gera allar áætlanirnar á stað eins og Níkopol að harmleik um óþarfa eyðslu.“

„Bravó!“ hrópaði Búkharín, og Ordzhoníkídze reyndi árangurslaust að dylja brossitt.

„Mergur málsins,“ hélt ég áfram, hrifinn af eigin mælsku, „er launafyrirkomulagið — fyrir alla, frá hinum hæst setta verkfræðingi til hins lægst setta verkamanns. Og þar næst kemur neysluvörumálið, svo að hægt sé að kaupa þær vörur, sem verkamennirnir þarfnast, mat, fatnað og búshöld, fyrir þá peninga, sem þeir vinna sér inn. Þegar ég hitti yður í fyrsta sinn, félagi þjóðfulltrúi, kvartaði ég undan afskiptum af stjórn fyrirtækis. Það er til bóta, að einn einstakur maður hafi á hendi stjórnina og ábyrgðina. En nú hefur verið horfið til hinna gagnstæðu öfga, og verkamennirnir fá engu ráðið. Þeir eru jafnvel kallaðir fyrir GPÚ, ef þeir dirfast að mótmæla hinu hræðilega ástandi. En ég held, að ég segi of mikið, afsakið mig, en þetta liggur mér þungt á hjarta.“

„Nei, nei, haldið þér áfram, félagi,“ hrópaði Ordzhoníkídze. „Það er hressandi að heyra einhvern tala með öllum munnum, en ekki aðeins með hluta af honum. Allt, sem þér hafið sagt, er satt. Þér skuluð ekki halda, að ég viti það ekki. Ég fullvissa yður um, að félagi Stalín hefur mikinn áhuga á launamálinu. En það er auðveldara að viðurkenna meinin en að ráða bót á þeim.“

Viðræðufundurinn stóð yfir í næstum því klukkustund. Einu sinni spurði þjóðfulltrúinn mig, hvort ég hefði nokkru sinni verið erlendis.

„Nei, það hef ég ekki verið,“ svaraði ég, „en ég hef lesið iðntímarit frá Svíþjóð, Þýskalandi og Ameríku. Við þurfum að læra margt.“

„Þegar þér hafið lokið námi yðar, munum við ef til vill senda yður til Ameríku og Þýskalands. En nú skulum við sleppa viðskiptunum andartak. Hafið þér komið í leikhúsin hérna og í söfnin?“

„Ekki ennþá, en ég vona, að ég geti séð eins mikið og mögulegt er.“

„Ágætt. Ég gef yður fimm daga leyfi í Moskvu. Bíðið eftir Semúshkín í biðstofunni. Og verið þér nú sælir, þangað til við sjáumst aftur.“

Ég var dálítið ringlaður, þegar ég fór frá þeim. Þetta var það næsta, sem ég hafði nokkru sinni komist valdinu, og tilfinningin steig mér til höfuðs. Þeir menn, sem sátu í biðstofunni, litu á mig með ódulinni forvitni. Sá maður, sem þjóðfulltrúinn hafði eytt heilli klukkustund til að tala við, hlaut að vera „mikilvægur“. Semúshkín kom fljótlega til mín.

„Ég óska yður til hamingju, félagi. Hlutabréf yðar hafa sannarlega stigið í verði!“ sagði hann. „Hér eru aðgöngumiðar að Bolshoj-leikhúsinu og Listleikhúsinu í Moskvu. Gistihúsreikningur yðar mun verða greiddur. Og hér eru þúsund rúblur í vasapeninga. Það er gjöf frá félagi Ordzhoníkídze. Skemmtið yður vel, og ef þér þarfnist einhvers, þá hringið til mín.“

Mér var aftur ekið til gistihússins í stórri bifreið. Þegar ég kom inn í matsal Metropol-gistihússins til að snæða kvöldverð, söng tatarakór alkunn þjóðlög. Einnhvern veginn fannst mér umhverfið ekki lengur ókunnuglegt. Sú staðreynd, að ég hafði nýlega verið á tali við Ordzhoníkídze og Búkharín, gerði það að verkum, að mér fannst eins og ég ætti heima hér, næstum eins og ég væri einn hinna útvöldu. Hversu auðvelt var það ekki að láta tíndan sætleika valdsins og munaðarlífsins! Hversu lengi myndu þjáningar nokkurra ókunnra, vanhvirtra verkamanna á stöðum eins og Níkopol þyngra á samvisku minni, ef ég ætti að búa í Moskvu með nægilega peninga milli handanna, bifreið til umráða og jasshljómsveitir til að yfirgnæfa rödd samviskunnar?

Á næstu fimm dögum sá ég einn söngdansleik, tvo söngleiki og einn sjónleik í Listleikhúsinu í Moskvu og annan í Vakhtangov-leikhúsinu. Ég dvaldist margar klukkustundir í Tretjakov-listasafninu, byltingarsafninu, Lenín-bókasafninu og öðrum söfnum, sem nauðsynlegt var að sjá. Hvílik gnægð fegurðar og þekkingar var til í veröldinni!

Þegar ég minntist þess, að félagi Lazarev, kennarinn, sem hafði laðað mig að floknum og hugsunum hans fyrir mörgum árum í Donetsk-námunum, átti heima í Moskvu, ákvað ég að heimsækja hann. Hann mundi eftir mér og tók hjartanlega á móti mér. Hann bjó í lítilli íbúð í einni af nýju sambyggingunum handan Moskvufljótsins. Það gladdi mig að sjá, að ljósmynd af Tolstoj hékk enn á veggnum, þó að ég ætti bágð með að gera mér grein fyrir ástæðunni til þess. ...

Hann kynnti mig fyrir konu sinni, yndislegri, ungri konu, sem var virkur flokksfélagi eins og hann. Við sjóðheitt glas af tei sagði ég þeim í stuttu máli, hvað á daga mína hefði drifið, síðan við hittumst við námurnar. Hámark frásagnarinnar var auðvitað rækileg lýsing á því, þegar ég hitti Ordzhoníkídze og Búkharín. Lazarev hlustaði þögull á mig. Ég fann, að hrifning mín særði hann.

„Þúsund rúblur, aðgöngumiðar að leikhúsum, glæsilegar bifreiðar, Metropole,“ sagði hann dálítið dapurlega. „Já, það var á þann hátt, sem stórfurstar gamla stjórnarfyrirkomulagsins komu fram við gæðinga sína. Aðeins nöfnin hafa breyst.“

„Þér eruð ekki sanngjarn, félagi Lazarev,“ tók ég fram í fyrir honum í dálitlum ákafa. „Það, sem hefur haft áhrif á mig, er, að þjóðfulltrúinn skyldi vera fús til að hlusta á mig. Ég er viss um, að hann skilur erfiðleika almennings og hefur samúð með honum. Og ef hann hefur það, hygg ég, að Stalín hafi það líka. Það er það, sem gleður mig.“

Lazarev var nú í ábyrgðarstöðu við háskólann í Moskvu. Hann sat í mikilvægri nefnd innan flokksins. En þó virtist eins og við hefðum skipt um hlutverk, þegar við töluðum saman síðdegis þennan dag. Hinar háfleygu vonir hans og áhugi votu að fjara út. Nú var það ég, sem tók málstað flokksins.

„Hafið þér nýlega verið úti í sveitaþorpunum?“ spurði hann mig allt í einu.

„Nei, en ég veit margt um, hvað er að gerast þar.“

„Að vita og að sjá er sitt hvað. Sjáið þér til, ég er nýkominn heim frá Úkraínu, nálægt Odessa. Starf mitt var að hrinda samvinnubúskap í framkvæmd í einu héraðinu. Ég er hræddur um, vinur minn, að ég geti ekki talað eins rólega um það og þér talið um örlæti þjóðfulltrúans. ...“

Lazarev sagði mér, að hann hefði ferðast til Odessa í nefnd trúnaðarmanna flokksins í Moskvu, eftir að margir af leiðtogunum á staðnum höfðu verið settir af, vegna þess að þeir höfðu ekki getað framkvæmt þau verkefni, sem þeim voru falin í héraðinu. Mótstaða bændanna þar var sérstaklega heiftarleg og endaði oft með því, að þeir styttu sér aldur, og svo virtist sem embættismennirnir í Odessa gætu ekki beitt þeim „föstu tókum“, sem nauðsynleg voru talin til að kveða þessa mótstöðu niður. Ástandið var álitid svo alvarlegt, að sjálfur Molotov fór þangað sem erindreki stjórnmálanefndarinnar til þess að styrkja embættismennina í strangleik þeirra.

„Félagi Molotov kallaði virku flokksmennina saman,“ sagði Lazarev, „og hann talaði skýrt og greinilega. Hann sagði, að framkvæma yrði verkið, alveg án tillits til þess, hversu mörg mannslíf það kostaði. Á meðan til væru milljónir smájarðeigenda, myndi byltingin vera í hættu. Sá möguleiki myndi alltaf vera til, ef til ófriðar kæmi, að þá gengju þeir í lið með óvinunum til að vernda eignir sínar. Meðaumkun eða harmatölur ættu engan rétt á sér. Við misskildum hann ekki. Eftir slíka viðvörn, Víktor Andrejevítsj, voru hryðjuverkum engin takmörk sett.“

Lazarev fól andlitið í höndum sér, eins og hann vildi banda frá sér hræðilegum endurminningum.

Áður en ég fór úr höfuðborginni, heimsótti ég ýmsa aðra kunningja. Sumir þeirra

tuggðu upp flokkskjörorðin og tilvitnanir úr ritstjórnargreinum blaðanna. Það voru hinir ánægðu, sem lifðu í paradís áróðursins í hinni einangruðu Moskvuveröld, sem aðeins hafði lítið samband við landið í heild. Og síðan voru aðrir, sem eins og Lazarev létu sýnast svo út á við, að þeir væru sammála hinni tilbúnu bjartsýni höfuðstaðarins, en leið illa með sjálfum sér og voru órólegir. Þeir vörpuðu skugga á gleði mína yfir heimsókninni hjá þjóðfulltrúanum og beindu hugsunum mínum inn á nýjar brautir.

Það var engin hrifning í frásögn minni um ferð mína til Moskvu, þegar ég kom heim, eða í skýrslu minni til Golúbenkos. Vegna óljósrar sektartilfinningar, sem var allt of óákveðin til þess, að ég væri mér hennar fyllilega meðvitandi, sagði ég ekkert um þúsund rúblurnar, bifreiðarnar og aðgöngumiðana að leikhúsum.

Ég varð að leggja á mig aukaerfiði til að vinna það upp í námsgreinum mínum, sem fallið hafði úr við ferðir mínar til Níkopol og Moskvu og vegna annarra starfa. Sem betur fór átti ég auðvelt með iðnfræðinámið og náði því fljótt sambekkingum mínum.

Nokkrum mánuðum eftir heimkomu mína frá Moskvu bættist Katja litla við fjölskylduna. Kvöld nokkurt, þegar ég kom heim frá skólanum, ætlaði ég að fara inn í baðherbergið og þvo mér, áður en ég kæmi að kvöldverðarborðinu. Móðir mín stöðvaði mig. „Litla stúlkan er að fara í bað,“ hvíslaði hún.

„Hvaða litla stúlka?“

„Uss ... Ég skal segja þér það seinna. Það gerast hræðilegir atburðir í sveitaþorpunum.“

Ég fór inn í herbergið mitt, og móðir mín kom inn rétt á eftir mér. Hún sagði mér söguna í fáum orðum. Natasha, frænka mín, sem var flokksfélagi og forstöðukona verksmiðjuskóla, var að koma heim með lestinni úr viðskiptaferð. Lítil, tötrum klædd og óhrein stúlka, tíu eða ellefu ára gömul, ein úr hinum nýja skara „villibarna“, kom inn í vagninn og betlaði brauð með skjálfandi röddu, sem varla heyrðist. Þetta var algeng sjón, en það var eitthvað í bænaraugum barnsins og hrukkóttu andlitinu, sem nísti Natasha inn að hjartarótum. Hún kom með munaðarlausu barnið heim til okkar.

„Ég held, að það hafi verið kuldinn,“ sagði Natasha í afsökunartón við móður mína. „Ég gat ekki afborið hugsunina um berfættu, hálfnöktu litlu stúlkuna úti í kuldanum það kvöld.“

Móðir mín ákvað strax, að barnið skyldi vera hjá okkur. Hún sagði brosandí, að ekki munaði um einn munn til viðbótar, þar sem svo margir væru fyrir. Ég faðmaði hana að mér fyrir þetta svar.

„Þú ert reglulega góð móðir,“ sagði ég. „Það gleður mig, að þú skyldir taka þessa ákvörðun.“

Við gengum inn í borðstofuna. Katja litla sat á gólfinu rétt við ofninn. Hún var fól og hrædd og hafði hniprað sig saman í kút til að gera sig eins litla og mögulegt

væri og láta sem minnst á sér bera. Hún hvarf næstum því í fellingarnar á kjól móður minnar. Vota, svarta hárinu á henni var skipt í miðju og það fléttað. Litla andlitið á henni var sporöskjulagað, grátt af þreytu og bar allt of snemma ellimörk, en andlitsdrættirnir voru góðlegir, jafnvel fagrir. Hún sat alveg kyrr, aðeins stóru bláu augun skimðu í allar áttir.

„Hvers vegna situr þú á gólfinu, Katja? Komdu og sestu hérna á stólinn. Þetta er sonur minn, Víktor Andrejevítsh. Heilsaðu honum.“

„Góðan daginn, Katja,“ sagði ég og settist á hækjur mér til þess að sjá beint framan í hana. „Hvers vegna segir þú ekkert? Þú þarft ekki að vera hrædd. Okkur þykir öllum saman vænt um þig. Hefur nokkur verið vondur við þig?“

„Nei,“ hvíslaði hún hljóðlega.

Við kvöldverðarborðið var Katja kyrrlát og feimin. Hún hélt klaufalega á skeiðinni. En síðan náði sulturinn undirtökum á feimninni, og hún tók að gleypa í sig matinn.

Við reyndum að tala eins og ekkert væri um hitt og þetta, en viðkvæmni vegna þessa barns gerði okkur öll döpur. Faðir minn sagði varla orð.

Eftir kvöldverðinn, þegar móðir mín fór fram til að þvo upp, sagði Katja: „Frænka, má ég hjálpa þér?“ Þegar hún bar diskana út í eldhúsið, leit hún í fyrsta skipti út eins og eðlileg, lítil stúlka, dálítið skráttin í allt of stóra kjólnum, sem hún dró á eftir sér. Nágrannakona okkar, Olga Ívanovna, kom inn. Hún var virkur starfsmaður umdæmisnefndarinnar. Hún var ekki einungis samþykk því, að við tækjum barnið, heldur bauðst til að taka þátt í kostnaðinum við klæðnað hennar. Allt í einu heyrðum við barnið gráta úti í eldhúsinu.

„Látið hana gráta út,“ sagði móðir mín.

En gráturinn varð hærri og hærri, og að lokum varð hann að móðursjúkum ekki. Með frumstæðum, tilbreytingarlausum harमतölum sveitabarnsins endurtók hún í sífellu á úkraínsku: „Hvar er mamma mín? Hvar er pabbi minn? Ó, hvar er Valja, stóri bróðir?“ Við fórum út í eldhúsið. Barnið sat álútt á stól og neri beinaberar hendurnar af harmi, en tárin streymdu niður innfallnar kinnarnar.

„Vertu róleg, Katja mín,“ sagði mamma. „Enginn mun gera þér neitt illt. Þú átt að búa hjá okkur, við ætlum að útvega þér föt og skó, og við ætlum að kenna þér að lesa og skrifa. Þú mátt vera viss um, að ég skal verða þér góð móðir.“

Barnið vildi ekki láta huggast. Hún fór að segja frá sjálfri sér.

„Hættu, vina mín, hættu. Þú segir okkur það seinna,“ sagði móðir mín.

„Nei,“ sagði Katja. „Ég verð að segja það núna. Ég get ekki afborið að þegja. Ég hef ekki séð foreldra mína og systkini í eitt ár. Í heilt ár! Við áttum heima í Pokrovna. Faðir minn vildi ekki taka þátt í samyrkjubúinu. Alls konar menn deildu við hann og fóru burt með hann og slógu hann, en hann vildi það samt ekki. Þeir sögðu, að hann væri erindreki kúlakkanna.“

„Var faðir þinn kúlakki?“ spurði ég. „Veist þú, hvað „erindreki kúlakkanna“ er?“

„Nei, frændi, ég veit ekki, hvað það merkir. Okkur hefur ekki verið kennt það

í skólanum. Við áttum einn hest, eina kú, einn kálf, fimm kindur, nokkur svín og hlöðu. Þetta var allt og sumt. Á hverju kvöldi kom lögregluþjónninn og sótti pabba og fór með hann í ráðhúsið. Þeir heimtuðu korn af honum og vildu ekki trúna, að hann ætti ekki meira. En það var satt, það sver ég.“ — Hún signdi sig hátíðlega. — „Í heila viku leyfðu þeir pabba ekki að sofna, og þeir slógu hann með prikum og byssum, svo að hann varð allur blár og bólginn.“

Þegar þeir höfðu kúgað allt kornið af föður hennar, sagði Katja, að hann hefði slátrað grís. Hann geymdi dálítið af kjötinu handa fjölskyldunni, en seldi afganginn í þorpinu til að geta keypt brauð. Því næst slátraði hann kálfinum. Þá byrjuðu „þeir“ aftur að draga hann burt með sér á hverri nóttu. Þeir sögðu, að það væri glæpur að slátra gripum án leyfis.

„Síðan var það einn morgun fyrir hér um bil einu ári,“ hélt Katja áfram, „að það komu ókunnugir menn heim. Einn af þeim var frá GPÚ, og formaður ráðsins var þar líka. Einn maður til viðbótar skrifaði allt upp, sem var í húsinu, jafnvel húsgögnin og fötin okkar og potta og pönnur. Síðan komu vagnar, og öllu, sem við áttum, var ekið burt, en það, sem eftir var af skepnunum, var rekið til samyrkjubúsins. Mamma grét og bað og kraup á kné, já, líka pabbi og Valja stóri bróðir minn og Shúra systir mín. En það stóðaði ekki. Okkur var fyrirskipað að klæða okkur og taka með okkur dálítið af brauði, söltuðu svínakjöti, lauki og kartöflum, af því að við ættum að fara í langa ferð.“

Endurminningarnar höfðu of mikil áhrif á Kötju. Hún fékk aftur óstöðvandi ekki. En hún vildi fyrir alla muni halda áfram með söguna:

„Þeir lokuðu okkur öll inni í gömlu kirkjunni. Þar voru margir aðrir foreldrar og börn úr sveitaþorpinu okkar með pinkla, og þau grétu öll. Þar vorum við alla nóttina í myrkrinu og grétum og báðum, grétum og báðum. Um morguninn rak lögreglan hér um bil þrjátíu fjölskyldur á undan sér eftir veginum. Fólk, sem við mættum, signdi sig, þegar það sá okkur, og fór að gráta.

Á járnbrautarstöðinni var fjöldi af öðru fólki, líku okkur, frá öðrum sveitaþorpum. Okkur var öllum troðið inn í steinhlöðu, en þeir vildu ekki leyfa hundinum mínum, Voltsjok, að koma inn, þó að hann hefði elt okkur alla leiðina. Ég heyrði hann spangóla, á meðan ég var inni í myrkrinu.

Skömmu síðar var okkur hleypt út og við vorum rekin upp í gripavagna. Þeir voru í löngum röðum, en ég gat hvergi séð Voltsjok, og vörðurinn sparkaði í mig, þegar ég spurði eftir honum. Þegar vagninn okkar var orðinn svo fullur, að það var ekki rúm fyrir fleiri, jafnvel þegar við stóðum, var honum læst að utan. Við grétum öllsömul og báðum til Maríu meyjar. Síðan ók lestin af stað. Enginn vissi, hvert við værum að fara. Sumir sögðu til Síberíu, en aðrir neituðu því; við ættum að fara lengst í norður eða ef til vill til heitu eyðimarkanna.

Nálægt Kharkov var mér og Shúra systur minni leyft að fara út til að ná í vatns-sopa. Mamma lét okkur fá dálítið af peningum og flösku og bað okkur að reyna að kaupa mjólk handa nýfæddum bróður okkar, sem var mikið veikur. Við báðum

vörð inn svo lengi um að lofa okkur að fara út, að hann gerði það, þó að hann segði, að það væri gagnstætt þeim fyrirmælum, sem honum hefðu verið gefin. Skammt þar frá voru nokkrir bændakofar, og við hlupum þangað eins hart og fætur toguðu.

Þegar við sögðum fólkinu, hverjar við værum, fór það að gráta. Það gaf okkur undireins eitthvað að borða, fyllti síðan flöskuna af mjólk, en vildi ekki taka við peningunum. Eftir það hlupum við aftur til stöðvarinnar. En við komum of seint, lestin var farin á undan okkur.“

Katja hætti frásögninni til að gráta aftur yfir móður sinni, föður sínum, bræðrum og systur. Nú grétum við flest, sem vorum í eldhúsinu, með barninu. Því meira sem móðir mín reyndi að hugga Kötju, því hærra grét hún sjálf. Andlit föður míns var þungbúið, og hann sagði ekkert. Ég sá krampadrætti fara um vöðvana í andliti hans.

Katja og systir hennar urðu nýliðar í hinum geysistöra skara heimilislausra barna, sem reikuðu frá sveitaþorpi til sveitaþorps. Þær lærðu að betla, að afla sér matar og að hanga aftan í lestunum. Þær lærðu til fullnustu hina sérstöku mállýsku villtu munaðarleysingjanna. Síðan urðu þær viðskila á markaðstorgi, þegar lögregluþjónn elti þær, og Katja varð alein í þessari veröld — þangað til Natasha kom með hana til heimilis okkar.

Okkur fór að þykja vænt um Kötju, og hún fór að kunna vel við sig heima hjá okkur. En stundum á nóttunni heyrðum við niðurbæld ekkasog hennar og gamla harmkvæðið: „Hvar ertu, elsku mamma? Hvar ertu, pabbi minn?“

8. kafli: Hryðjuverk í sveitaþorpi

TIL ÞESS AÐ HLÍFA SJÁLFUM sér við andlegum þjáningum forðast maður óþægilegan sannleika með því að loka augunum — og huganum — til hálf. Hann leitar á náðir felmturskennndra undanbragða og víkur sannleikanum til hliðar með orðum eins og ýkjum og móðursýki. Síðan kemur allt í einu eitthvað fyrir, sem neyðir hann til að opna bæði augun og hugann. Nú fyrst horfir hann án þess að depla augunum.

Svo var því varið með mig vikurnar eftir að Katja litla bættist við fjölskyldu okkar. Án þess að vita það sjálfur hafði ég verndað trú mína gegn staðreyndum, sem gátu veikt hana. Ég hafði sniðgengið tækifæri til að komast í námunda við hérað þau í nágrenninu, þar sem verið var að koma samyrkjubúskap á. En þá neyddu þjáningar eins saklauss barns mig til að standa augliti til auglitis við þjáningar alls rússnesks sveitafólks. Ég ákvað að grípa fyrsta tækifæri til að ferðast til þeirra héraða, þar sem var verið að neyða samyrkjubúskaparlaginu upp á bændurna.

Tækifærið kom fyrir en ég hafði búist við. Ég fékk fyrirskipun frá flokkskrifstofunni í skólanum um að gefa mig fram við umdæmisnefndina. Tilgangurinn var að bjóða út flokksdeildum til að starfa í sveitaþorpunum.

Við vorum næstum því áttatíu að tölu, sem staddir vorum í fundarsalnum, flestir ungir menn. Nokkra þeirra þekkti ég frá flokksstarfi síðustu ára. Við vorum allir eftirvæntingarfullir, og sumir gátu ekki dulið kvíða sinn. Það átti að senda okkur út í sveitirnar til að safna saman korni og hraða síðasta hluta uppskerunnar. En tilfinningar okkar og hegðun var eins og við ættum að taka þátt í blóðugri styrjöld. Félagi Hatajevítj, einn af miðstjórnarmönnum flokksins, hélt ræðu. Hún jók aðeins taugaóstyrk okkar. Við höfðum hált í hvoru búist við fræðandi fyrirlestri um sveitabúskap og fjármálastjórn sveitaþorpa. Í stað þess heyrðum við eldheita áskorun um að ganga fram og berjast af hugrekki.

„Félagar,“ sagði hann, „þið eigið að fara út í sveitirnar um mánaðartíma eða sex vikur. Dnepropetrovsk-héraðið hefur orðið aftur úr. Flokkurinn og félagi Stalín gáfu okkur fyrirskipanir um að hafa að fullu komið á samyrkjubúskap í vor, og nú er sumarið að líða hjá, án þess að verkefnið hafi verið leyst. Yfirvöldin í sveitaþorpunum þarfnast þess, að stappað sé í þau bolsévíkastáli. Þess vegna sendum við ykkur þangað. Þið verðið að gera skyldu ykkar í vitund um hina strönguustu flokksábyrgð, án kveifarskapar og án allrar rotinnar frjálslyndisstefnu. Varpið burgeisamannúð ykkar út um gluggann og starfið sem bolsévíkar, sem eru samboðnir félagi Stalín. Berjið kúlakkaerindrekann niður, hvar sem hann stingur upp

höfðinu. Þetta er styrjöld — sigurinn verður annaðhvort þeirra eða okkar! Það verður að sópa burt síðustu rotnuðu leifunum af auðvaldsbúskap, hvað sem það kostar!

Í öðru lagi, félagar, er alveg bráðnaðsynlegt að framkvæma fyrirætlanir stjórnarinnar um afhendingu korns. Kúlakkarnir og jafnvel sumir meðalbændur og „fátækir“ bændur skila ekki korni sínu. Þeir vinna skemmdarverk gegn flokksstefnunni. Og yfirvöldin heima fyrir eru stundum hikandi og sýna veikleika. Ætlunarverk ykkar er að ná korninu, hvað sem það kostar. Takið það frá þeim, hvar sem þeir kunna að hafa leynt því, í ofnum, undir rúmum, í kjöllum eða ef þeir hafa grafið það niður að húsabaki. Af ykkur, flokksdeildunum, verða bændurnir að læra, hvað bolsévika-festa er. Þið verðið að finna kornið, og þið munuð finna það. Það er ætlunarverk, sem krefst hins ýtrasta frumkvæðis ykkar. Hikið ekki við að nota róttækar aðferðir. Flokkurinn stendur að baki ykkar sem heild. Félagi Stalín væntir þess af ykkur. Þetta er barátta upp á líf og dauða. Gerið heldur of mikið en of lítið.

Þriðja mikilvæga hlutverk ykkar er að ljúka við þreskingu kornsins, að gera við landbúnaðarvélar, plóga, dráttarvélar, sláttuvélar og þess háttar verkfæri.

Stéttabaráttan í sveitaþorpunum er orðin geysilega hörð. Nú eru ekki tímar blíðra tilfinninga eða viðkvæmni. Erindrekar kúlakkanna ganga grímuklæddir og gerast félagar í samyrkjubúunum, þar sem þeir vinna skemmdarverk og drepa búfénaðinn. Það, sem krafist er af ykkur, er bolsévikaárvekni, heiftrækni og kjarkur. Ég er þess fullviss, að þið munuð framkvæma fyrirskipanir flokksins og okkar elskaða leiðtoga.“

Síðustu orðin, sem fólu í sér hótun, drukknuðu í þrællundunni samsinni.

„Er nokkur, sem vill spyrjast fyrir um eitthvað? Er ykkur þetta allt ljóst?“

Enginn spurði neins.

„Þið skuluð þá bíða hér. Þið verðið brátt kallaðir hver um sig fyrir félagi Brodskíj.“

Ég spurði sjálfan mig: Geta þetta verið allar leiðbeiningarnar, sem við fáum? Er það mögulegt, að búist sé við, að hópur af nemendum og starfsmönnum við iðnfyrirtæki geti leyst hinn geysilega fjárhagslega og stjórnmálalega vanda sveitaþorpanna með því einu að koma fram af sívaxandi „bolsévikafestu“? Hvernig er hægt að trúá hóp eins og þessum, kornungum mönnum og flestum ókunnugum málum sveitanna, fyrir því að ákveða örlög hundruð þúsunda bænda?

Það var eins og ungur maður, sem sat við hægri hlið mér, hefði lesið hugsanir mínar, því að hann sagði hljóðlega:

„Félagi Kravtsjenko, ég geng að því vísu, að okkur verði gefnar frekari leiðbeiningar. Ég á við viðvíkjandi framkvæmdinni.“

„Ég veit það ekki,“ sagði ég. Ég þekkti, að þetta var nemandi úr skólanum, en það var allt, sem ég vissi um hann. Ég ætlaði ekki að byrja æfinguna í „bolsévikafestu“ með því að láta tæla mig til að taka þátt í „hættulegum“ rökræðum við ókunnugan mann.

„Sjáið þér til, félagi,“ hélt hann áfram, „ég hef aldrei átt heima í sveitaþorpi. Ég þekki ekkert til sveitalífsins og hef ekki minnstu hugmynd um, hvernig á að haga sér í sambandi við þessar miklu fyrirætlanir, sem ritarinn talaði um. Og þó er það augljóst mál, eða er ekki svo, að við munum þurfa að gjalda það með flokks-skrirteinum okkar og ef til vill með lífi okkar, ef okkur mistekst?“

Ég varð gramur. Annaðhvort var þessi náungi ótrúlega barnalegur eða hann var að reyna að koma mér til að taka þátt í ógætilegri samræðu.

„Mér þykir það leitt,“ sagði ég, án þess að reyna að dylja gremju mína, „en þér höfðuð tækifæri til þess að spyrjast fyrir!“

„Það er satt. En allir klöppuðu, og ég hafði ekki kjark í mér til þess að segja, að mér væri ekkert ljóst. En ég þekki yður frá skólanum, félagi Kravtsjenko, og treysti yður. Ef ég aðeins lenti í sömu deild og þér, þá myndi mér verða hughægra.“

Ég horfði beint í augu honum, og allt í einu blygðaðist ég mín fyrir tortryggni mína. Hann leit í raun og veru út fyrir að vera í vandræðum. Þó að hann væri aðeins nokkrum árum yngri en ég, leit hann út eins og lítill drengur, sem alltaf hefði verið verndaður.

„Ég hef ekkert á móti því, ef þér getið komið því þannig fyrir,“ sagði ég, „en ég held, að það sé nú þegar búið að skipta mönnum í deildir.“

„Ég ætla að reyna,“ sagði hann brosandi, með nýjan kjark í röddinni. „Ég heiti Tsvetkov, Sergej Alexejevítsj Tsvetkov.“

Hann fór. Nokkrum mínútum síðar var ég boðaður í skrifstofu félaga Brodskíjs. Prekvaxinn maður með stóra, svarta hárkollu sat bak við geysistórt skrifborð.

„Félagi Kravtsjenko,“ sagði hann strax, „þekkið þér nokkuð til sveitabúskapar?“

„Ég átti heima á samyrkjubúi í sveit í nokkur ár, meðan borgarastyrjöldin geisaði. Auk þess tók ég þátt í námskeiðum á landbúnaðarskóla árin 1920–21.“

„Ágætt! Það eru aðeins fáir í þessum flokkssveitum, sem þekkja mismuninn á hveiti og illgresi.“

Hann hringdi bjöllu, og tveim öðrum mönnum var vísað inn í skrifstofuna.

Annar þeirra var nemandinn Tsvetkov. Hann brosti feimnislega til merkis urn heppni sína. Hinn maðurinn, sem ég þekkti ekki, virtist um fertugt.

„Heilsað hver öðrum,“ sagði félagi Brodskíj. „Þið þrír eigið að vinna saman. Þið eigið að ferðast til sveitaþorpsins Podgorodnoje. Þér, félagi Kravtsjenko, eigið að bera ábyrgð á því, að þreskingu verði lokið. Þér eigið líka að bera ábyrgð á, að gert verði við verkfærin og vélarnar. Þér, félagi Tsvetkov, eigið ásamt félagi Arshínov að koma samyrkjubúskap á og annast kornsöfnunina. Og þið eigið báðir að starfa undir forystu Arshínovs. Hann er foringi þessarar þriggja manna deildar. Hann er ekki aðeins gamall flokksmaður, en hefur einnig reynslu frá því, er hann starfaði í skrifstofu saksóknarans.“

Þetta er allt og sumt. Farið inn í herbergið hérna á móti, og takið þar við umboði ykkar og ferðapeningum.“

Arshínov var gildur, lágvaxinn maður. Höfuð hans og andlit var nauðrakað

og dröfnótt eins og gamall marmari. Ekkert greindi enni hans frá hársverðinum. Andlitið var flatt og dálítið óskýrt, eins og maður sæi það í gegnum skemmt gler, og augun voru aðeins rifur í flatneskjunni. Hann var í alla staði ógeðugur.

Þegar við komum í fremri skrifstofuna, benti Arshínov okkur á að taka með okkur skjólgóðan fatnað og hvers konar mat, sem við gætum fengið keyptan. „Og auðvitað,“ bætti hann við, „skammyssu“. Eftir að við höfðum komið okkur saman um að hittast næsta dag á járnbrautarstöðinni, fór Arshínov leiðar sinnar, en við Tsvetkov urðum samferða í aðra átt.

Tsvetkov var augsýnilega ekki maður, sem þagði um þau áhrif, sem hann varð fyrir.

„Víktor Andrejevítj,“ sagði hann, „ef satt skal segja, er ég ekki sérlega hrifinn af foringja okkar. Ég vona, að mér missýnist, en ég hef á tilfinningunni, að við munum eiga erfiða tíma framundan með honum.“

„Verið þér ekki að bulla, félagi Tsvetkov. Hvers vegna byrjið þér á að fordæma féлага, sem við þekkjum alls ekki neitt? Ef til vill kemur það í ljós, að hann er besti drengur. Flokkurinn treystir honum augsýnilega, og það minnsta, sem við getum gert, er að treysta honum líka. Aðalatriðið er að byrja ekki starfið dapur í bragði.“

Jafnvel á meðan ég var að tala, varð mér það ljóst, að ég var frekar að róa sjálfan mig en féлага minn.

„Og hvers vegna þurfum við á skammyssu að halda?“ hélt hann áfram. „Ég ætla mér ekki að taka kornið með ofbeldi. Lenín sagði, að samyrkjubúskapurinn væri félagsskapur, sem menn gengju í af fúsum vilja, og Stalín hefur endurtekið það hvað eftir annað. Meira að segja á dögunum las ég ...“

„Heyrið mig nú, Tsvetkov. Móðgist ekki, þó að ég tali eins og mér býr í brjósti. En þér talið einkennilega. Ég hef fulla ástæðu til að ætla, að þér séuð fram úr hófi barnalegur — eða þá að þér séuð settur mér til höfuðs.“

„Guð komi til! Hversu hræðileg hugsun!“ hrópaði hann, og það var svo mikil skelfing í röddinni, að ég sá eftir hreinskilni minni. „Ég er viss um, að þér munuð komast að raun um, að þér hafið misskilið mig. Einnig um barnskapinn. Ég skil, hversu alvarlegt það hlutverk er, sem okkur hefur verið falið. Það er þess vegna, að ég furða mig á, að okkur skuli ekki hafa verið gefnar nákvæmar og raunhæfar leiðbeiningar. Ég er Rússi og sonur Rússa. Ég hef aldrei ögrað manni til óhæfuverka og myndi aldrei geta gert það, þó að ég ætti lífið að leysa. Mér finnst það hræðilegt, að menn skuli gruna hvor annan um njósnir og ögranir ...“

Síðan bætti hann við, eins og honum hefði dottið snjallræði í hug: „Komið með mér og kynnist fjölskyldu minni. Það eru aðeins nokkrar húslengdir þangað, sem ég bý.“

Hugmynd hans var skynsamleg. Kynningin við foreldra hans og andrúmsloftið á þessu látlausa heimili fjarlægðu síðasta vafa minn um, að hann væri hreinskilinn, en styrktu aftur á móti það álit mitt, að hann væri veikgeðja og óreyndur. Faðir

hans var rosinn maður með gleraugu og lítið, oddmjótt hökuskegg. Móðir hans var veikluleg, lítil kona, gráhærð og vingjarnleg.

Bæði líktust þau fólki frá tímunum fyrir byltinguna og höfðu orðið fyrir einkennilega litlum áhrifum af ofbeldi þessara viðburðaríku ára. Þau virtust lifa í sérstakri veröld, þar sem bölið átti erfitt aðgöngu. Mér fannst það næstum því ótrúlegt, að Tsvetkov eldri skyldi hafa verið flokksmaður frá því fyrir 1917. Það var líka uppörvandi, að Rússi, sem var að öllu leyti „góður maður“ í fornri og hálfgleymdri merkingu þess orðs, skyldi hafa haldið áfram að vera í flokknum.

„En Serjozha,“ sagði frú Tsvetkov í kvörtunartón, „hvers vegna hefur þú ekki sagt mér, að þú eigir að fara út í sveitaþorpin? Mér eru sagðir svo hræðilegir hlutir um ástandið ...“

„Nei, nei, vina mín,“ tók maður hennar fram í, „orðrómurinn um hryðjuverk til að koma á samyrkjubúskap er ýktur. Það getur ekki verið eins slæmt og sagt er. Ég er sjálfur gamall flokksmaður, og ég samþykki, að samyrkjubúskapur sé eina vonin til að leysa búnaðarvanda okkar. Mikið er undir því komið, hvernig þeir menn eru, sem framkvæma fyrirskipanirnar. Ég vona, að hvorki þú, Sergej, né félagi Kravtsjenko sökkvið svo djúpt að beita ofbeldi. Ég er viss um, að það er ekki ósk flokksins.“

Þegar ég kom heim, sagði ég fjölskyldu minni, að senda ætti mig út í sveitirnar.

Þar eð fjölskyldunni var saga Kötju enn í fersku minni, voru þau öll bæði eftirvæntingarfull og áhyggjufull um, hvað biði mín. Þegar ég var háttaður um kvöldið, heyrði ég, að drepið var á dyr. Móðir mín kom inn.

„Afsakaðu, að ég ónáða þig, Vítja,“ sagði hún og settist á rúmstokkinn hjá mér, „en ég fæ ef til vill engan tíma til að tala við þig í fyrramálið, áður en þú leggur af stað. Ég veit, að sveitavandamálín hafa lagst þungt á þig, og þú ert ekki einn um það. Vertu umfram allt rólegur og hertu þig gegn því, sem þú ef til vill kannt að sjá. Mundu líka, að eitt hérað er engin sönnun. Mér þætti sárt, ef allt líf þitt sem kommúnisti eyðilegðist vegna einnar sorglegrar reynslu. Og ég veit, að þú munt gera hlutskipti hinna óhamingjusömu bænda eins léttbært og þér er frekast unnt.“

„Ég þakka þér, mamma, og vertu ekki áhyggjufull um mig. Ég hef þetta áreiðanlega af. Ég veit, að bylting er enginn leikur.“

Samræðurnar milli flokksdeildarfélaganna þriggja í lestinni til Podgorodnoje voru langt frá því að vera skemmtilegar. Mauser-skammyssa Arshínovs, sem hékk sjáanleg í fatli yfir axlir hans, gerði okkur öskuvonda. Arshínov gerði að sínu leyti enga tilraun til að leyna fyrirlitningu sinni á hinum ljóshærða, laglega unglingi, Tsvetkov. Við forðuðumst að tala um sameiginlegt ætlunarverk okkar.

„Víktor Andrejevítsj. Ég á að bera yður kveðju frá foreldrum mínum,“ sagði Tsvetkov.

„Ég þakka, Serjozha. Hvar vinnur annars faðir yðar?“

„Á járnbrautaskrifstofu. Hann er verkfræðingur, skal ég segja yður. Hann hefur unnið þar lengi, og hann var orðinn flokksmaður fyrir 1917.“

Það leit út fyrir, að Arshínov yrði forviða, þegar hann heyrði þetta. Hann hafði sýnilega búið við, að Tsvetkov væri sonur einhvers áhrifalauss menntamanns frá gamla tímanum. Úr því að hann var sonur gamals bolsévíka, myndi ef til vill verða erfitt fyrir hann að snúa honum eins og snældu.

„Er faðir yðar flokksbundinn?“ hrópaði Arshínov, og það var sýnilegt, að honum gramdist.

„Já, auðvitað, hvers vegna spyrjið þér?“

„Ekki vegna neins. Ég spurði aðeins.“

Við komum til ákvörðunarstaðar okkar undir sólarlag. Það var úðarigning, og vegurinn, sem lá til sveitaþorpsins, var forugur. Bændurnir, sem við mættum á leiðinni, veittu okkur ekki sérstaka athygli. Það eina, sem vakti eftirtekt, var skammbýssa Arshínovs, sem slóst við holdugar lendar hans, þegar hann gekk.

„Heyrið, félagi Arshínov,“ hvíslaði ég að honum, „hafið þér nokkuð á móti því að stinga skammbýssu yðar inn undir frakkann? Það er ástæðulaust að hræða fólk.“

„Ég um það.“

„Nei, félagi, þetta er ekki einkamál yðar. Við erum saman hérna. Þetta kemur okkur við, og það sem meira er, það skiptir máli fyrir flokkinn. Ég krefst þess, að þér gerið eins og ég segi, að öðrum kosti fer ég ekki inn í sveitaþorpið með yður.“

„Félagi Kravtsjenko hefur rétt fyrir sér,“ sagði Tsvetkov. „Hvers vegna á að vera að hræða menn að ástæðulausu? Ég hef líka skammbýssu, en ég ber hana undir frakkanum mínum.“

Arshínov lét nauðugur undan, en hann talaði ekki við okkur, það sem eftir var leiðarinnar til ráðhússins, sem reyndist vera stórt, ljótt timburhús í niðurníðslu. Þegar inn kom, lýsti steinolíulampi daufri birtu gegnum pappírshvolf. Herbergið var fullt af reykt og gólfið þakið vindlingaumbúðum. Um það bil tuttugu bændur sátu á hækjum sér á gólfinu, þögulir og sýnilega í illu skapi.

„Hvar er formaður ráðsins?“ spurði Arshínov hárrí röddu, sem átti að sýna vald hans.

„Parna, í skrifstofunni sinni,“ sögðu bændurnir og bentu á hurð, sem þar var.

„Og hvað eruð þið að gera hér? Hafið þið ekkert nauðsynlegra að gera en að sitja á rassinum?“

„Það er nóg að gera,“ sagði einn bændanna. „Við höfum verið boðaðir hingað. Þeir heimta brauð af mér, en ég verð sjálfur að betla brauð.“

Arshínov urraði að honum. „Ég sé, að ég mun fá nóg að starfa í þessu bæli.“

Við gengum með honum inn í skrifstofuna. Þreytulegur, ungur maður, toginn-leitur og dapur í bragði, sat bak við borð og talaði við gamlan bónda.

„Við erum flokksdeildin, og við erum komnir til að hefjast handa,“ sagði Arshínov.

„Komið þið sælir. Það gleður mig að sjá ykkur,“ sagði formaðurinn, um leið

og hann stóð upp og heilsaði okkur með handabandi. En andlitssvipur hans var í mótsögn við orðin. Hann var engan veginn glaður yfir komu okkar. „Ég ætla strax að sækja áætlunina, og síðan getum við byrjað á starfinu.“

„Hvers vegna bíða allir þessir menn þarna úti?“ spurði Arshínov.

„Ég hef skipað þeim að koma. Það er erfitt að eiga við þessa bændur. Þeir staðhæfa, að þeir hafi ekki neitt korn og með því sé málið útkljáð. Uppskeran í þessum héruðum hefur verið slæm, og allir kvíða komandi vetri. Það er ekki auðvelt að herja kornið út úr þeim, félagar. Og þeir vilja ekki ganga í samyrkjubúið. Þótt þeim sé hótad með lífláti, vilja þeir það ekki.“

„Því skulum við kippa í lag,“ sagði Arshínov og gretti sig. „En úr því að þér hafið boðað þá hingað, er réttast, að þér ljúkið við að tala við þá og að við hefjumst svo handa í fyrramálið.“

Formaðurinn kallaði á einn af aðstoðarmönnum sínum og hvíslaði að honum einhverjum fyrirskipunum. Aðstoðarmaðurinn fór með okkur út í þorpið. Á aðalgötunni ríkti dapurleg þögn, sem var aðeins rofin af hundgá við og við. Á stöku stað sáum við ljós í glugga og reykt úr reykhláf. Þegar við komum að stóru húsi, sem leit mun betur út en húsin í kringum það, nam leiðsögumaður okkar staðar.

„Hér eigið þér að búa, félagi Arshínov,“ sagði hann. „Ég vona, að yður falli það vel í geð.“

Síðan fór hann með okkur lengra niður eftir götunni að sterkbyggðu húsi með útbýggingu, litlum garði og brunni með vindu.

„Ykkur mun falla vel að búa hér,“ sagði hann. „Stúpenko-fólkið er nýgengið í samyrkjubúið. Húsið er hreinlegt og engin smábörn, aðeins rosíð fólk og,“ hann drap titlinga framan í Tsvetkov, „falleg dóttir“.

Við húsdyrnar tók á móti okkur hár maður á að giska um sextugt, nauðrakaður að öðru leyti en því, að hann var með langt lafandi yfirskegg, eins og tíðkaðist áður í Úkraínu. Hann heilsaði okkur fálega og með eðlilegum virðuleik, sem mér féll vel í geð, og fór með okkur inn í lítið, en snoturt og viðkunnanlegt herbergi.

„Gerid svo vel að koma inn til okkar,“ sagði hann, „þegar þið hafið snyrt ykkur. Ykkur er velkomið það, sem guð hefur gefið okkur, en það er ekki sérlega mikið.“

Fjölskyldan sat að snæðingi, þegar við komum. Dóttirin í húsinu, um það bil átján ára gömul, var vissulega indæl. Vingjarnlega, gamla konan, sem hafði mislitan klút bundinn undir hokuna, var með hrufóttar, vinnulúnar hendur sveitakonunnar. Þar var einnig átta ára gamall drengur. Við kynntum okkur og settumst við borðið hjá þeim. Rjúkandi úkraínski rauðrófusúpu, án kjöts, var hellt á diska okkar. Hinn rétturinn var bakaðar kartöflur og grænt súrs. Brauðið var skorið í mjög þunnar sneiðar, sem allir borðuðu eins gætilega og það væru oblátur.

Þar eð ég þekkti líf bænda og vissi, að venjulega er brauð í þykkum sneiðum aðal-fæðan, varð mér ljóst, að fjölskyldan átti við erfiðleika að búa. Við Serjozha báðumst afsökunar, gengum inn í herbergi okkar og komum aftur með matarböggla, sem við höfðum haft með okkur. Fjölskyldan starði á okkur, meðan við vorum að taka

upp bjúgu, margs konar fisk og jafnvel kaldan kjúkling. Við lögðum fast að þeim að borða með okkur, og brátt varð mönnum léttara í skapi.

„Þökk, kærar þakkir,“ endurtók gamla konan hvað eftir annað, „þið komið sannarlega með ánægju til okkar fátæklega heimilis.“

„Ég man varla, hvenær við sáum síðast bjúgu og munngæti,“ bætti maður hennar við. „Okkur líður betur en flestum hér, en þó er það fullerfitt. Það, sem við eigum af mat, getur ekki enst, þar til nýja uppskeran kemur. Ó, félagar, hvílíkt ástand er í okkar kæru Úkraínu! Ef einhver á brauð, borðar hann það í laumi, til þess að nágrannar hans sjái það ekki.“

„Hvað heitir litli sonur yðar?“ spurði ég. Ég hafði athugað drenginn, sem var óeðlilega þögull og þunglyndur. Jafnvel það munngæti, sem hann var að tryggja án hrifningar, gat ekki vakið áhuga hans.

„Vasja,“ svaraði drengurinn spurningu minni og flýtti sér síðan út úr stofunni. „Hann er ekki sonur okkar,“ útskýrði gestgjafinn. „Hann er — hvernig á ég að segja það? — einn af munaðarleysingjum samyrkjubúskaparins.“

„Hvað eigist þér við með því?“

„Hann er munaðarleysingi, það er allt og sumt. En spyrjið drenginn ekki neins. Hann er ennþá dofinn eftir áfallið. Á hverju kvöldi fer hann til hússins síns og reikar um í garðinum, svo að klukkustundum skiptir. Við höfum reynt að fá hann ofan af því. „Til hvers ertu að pynda sjálfan þig?“ segjum við við hann, en hann heldur áfram að fara þangað.“

„Segið okkur, hvað fyrir kom.“

„Ég veit ekki, hvort ég á að gera það. Þið eruð ókunnir menn og komið auk þess frá stjórninni.“

„Verið ekki hrædd við að segja okkur frá því. Við erum ekki komnir hingað til að gera neinum mein. Okkur þykir vænt um bændurna og erum fúsir á að hjálpa þeim.“

„Jæja, ég ætla að hætta á það. Þið lítið báðir góðmannlega út. Auk þess er ég of gamall til þess að vera hræddur. Það væri aðeins leitt, ef dóttir mín yrði fyrir einhverju.“

Hann sagði okkur söguna:

„Hér um bil tíu húsum neðar við götuna bjó Vorvans-fjölskyldan — maðurinn, konan og eitt barn, Vasja litli, sem þið sáuð hérna. Það var hamingjusöm fjölskylda. Þau lögðu hart að sér. Þau voru góðar manneskjur. Þau voru ekki kúlakkar. Þau áttu aðeins tvo hesta, eina kú, eitt svín og nokkra kjúklinga eins og allir aðrir. Það var sama, hvað mikið „þeir“ rökræddu við hann, hann vildi ekki verða þátttakandi í samyrkjubúinu. Allt það korn, sem hann átti eftir, var tekið frá honum. Þeir rökræddu við hann og ógnuðu honum á ný. En hann vildi ekki láta undan. „Þetta er mín jörð,“ sagði hann alltaf, „mínar skepnur, mitt hús, og ég vil ekki gefa stjórninni það.“ Síðan kom fólk úr borginni — menn, sem reka heiðarlega bændur frá heim-

ilum sínum. Þeir sömdu skrá yfir eignir hans og tóku allt með sér, jafnvel síðasta pottinn og klútinn, en áhöld og áhöfn var flutt til samyrkjubúsins.

Því var lýst yfir, að Vorvan væri kúlakki og erindreki kúlakka, og um kvöldið komu þeir til að handtaka hann. Konan hans og drengurinn fóru að gráta og hljóða, og maðurinn vildi ekki fara með þeim. Þá slógu þeir hann, þangað til hann var alblóðugur, og drógu hann út úr húsinu, gegnum forina og eftir götunni alla leið til ráðhússins. Kona hans hljóp á eftir honum, hljóðaði og kveinaði og ákallaði guð og menn að hjálpa sér. Við hlupum allir út, en enginn gat gert neitt móti vopnuðum vörðunum, þó að við vissum, að Vorvan væri ekki kúlakki, og okkur þætti öllum vænt um hann.

Vesalings konan hélt áfram að hrópa: „Hver á að annast okkur, Þjotr? Hvert fara þessar óguðlegu skepnur með þig?“ Einn af GPÚ-mönnunum ýtti harkalega við henni, svo að hún datt í forina, meðan þeir drógu Vorvan til gripavagnanna. Guð einn veit, hvar hann er nú. Við tókum konuna og fórum með hana heim til sín og reyndum að hugga hana. Að síðustu sofnaði hún, og við fórum allir heim.“

Konurnar tvær við borðið fóru að gráta, á meðan hann sagði söguna. Gestgjafinn saug fast heimatilbúinn, þefillan vindlinginn og hélt síðan áfram:

„Um morguninn kom ein af nágrannakonunum til að líta eftir vesalings konunni, en fann hana ekki. Hún hrópaði á hana, en fékk ekkert svar. Síðan gekk hún inn í tóma hlöðuna, og þar sá hún sýn, sem kom henni til að hrópa, eins og hún væri gengin af vitinu, og margir bændur, þar á meðal ég sjálfur, hlupu þangað. Konan hékk í reipi, sem bundið var um bjálka, og hún var önduð. Ég mun aldrei gleyma þeirri sjón, þó að ég verði hundrað ára gamall. Það er aðeins mánuður síðan þetta gerðist.

Við hjónin ákváðum að taka Vasja að okkur, þar eð við eigum engin lítil börn sjálf. Hann hefur nú ýmist verið þögull eða grátið í heilan mánuð. En eins og ég hef sagt ykkur, fer hann á hverju kvöldi til hins yfirgefna húss og reikar þar um. Síðan kemur hann heim og leggst til svefns uppi á ofninum, án þess að mæla orð frá munni.

Eftir að þetta hafði komið fyrir Vorvansfjölskylduna, ræddum við hjónin um málið og ákváðum að taka þátt í samyrkjubúskapnum ... af frjálsum og fúsum vilja.“

Við sátum lengi þögul. Örlög Vorvansfjölskyldunnar, eins og örlög Kötju litlu, höfðu annars konar áhrif á mig en skýrslur um útleið og aftökur.

„Ég þakka yður fyrir það traust, sem þér hafið sýnt okkur,“ sagði Tsvetkov að lokum. „Þér getið verið viss um, að við munum ekki bregðast yður. Þér megið trúa því, að kommúnistar eru ekki allir eins. Sumir okkar eru eins mótfallnir þessari framkomu og þér eruð, og flokkurinn er sjálfur á móti því.“

Þetta hljómaði eins og hann vildi afsaka sig, mig og flokkinn.

„Já, ég þakka fyrir gestrisni yðar og traust,“ sagði ég félaga mínum til stuðnings. „Við eigum að búa hjá ykkur í einn mánuð. Við óskum eftir að verða til eins lítilla

ópæginda fyrir ykkur og mögulegt er. Hér eru allir þeir peningar, sem við höfum meðferðis. Við krefjumst þess að fá að greiða fyrir okkur. Kaupið það, sem þið þarfnist, og breytið ekkert um líferni ykkar okkar vegna.“

„Mér hefur verið skipað að taka ekki við peningum frá ykkur.“

„Kærið yður ekki um það. Við höfum fengið peningana frá umdæmisnefndinni til þess að greiða fyrir dvöl okkar. Ég vona, að þér hjálpið okkur. Við viljum gera það, sem rétt er, og þér þekkið þorpið, en við ekki.“

Það leið langur tími þangað til ég gat sofnað, en ég lá kyrr til þess að vekja ekki Tsvetkov. Ég var mjög glaður yfir, að hann hafði reynst heiðvirður maður, en ekki kaldlyndur, kreddufullur kommúnisti.

„Sefur þú, Víktor?“ heyrði ég, að hann sagði.

„Nei, Serjozha, ég get ekki sofð. Hugsanirnar hringsnúast í höfðinu á mér.“

„Veistu, að ég blygðast mín fyrir að horfast í augu við þessa ágætu sveitamenn? Mér finnst eins og ég eigi sjálfur sök á því, sem þessir óþokkar gerðu, — að hugsa sér, að þeir gerðu þetta í nafni okkar ástkæra flokks.“

Ég hafði ákveðið að forðast að segja of margt við Tsvetkov. Það var greinilegt, að hann var ekki skapfastur maður. Sú hætta vofði alltaf yfir, að hann léti undan, ef fast væri gengið að honum, og endurtæki orð mín gegn vilja sínum. Því minna sem hann vissi, því betra bæði fyrir hann og mig.

„Við skulum fara að sofa,“ sagði ég. „Við verðum að vakna snemma á morgun.“

Þegar við komum til ráðhússins um morguninn, var Arshínov þegar kominn þangað og var í illu skapi. Hann var reiður vegna þess, að hann hafði verið látinn gista í húsi, þar sem ekki var nóg að borða og þar sem gestgjafar hans voru ekki verulega vingjarnlegir, þó að þeir væru kurteisir. Allan morguninn athuguðum við skýrslur, og formaðurinn sagði okkur frá, hvað gerst hefði undanfarið. Við skiptum þorpinu í hverfi og ákváðum, hvaða menn meðal samyrkjubændanna ættu að bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar hver í sínu hverfi.

Því næst fóru oddviti ráðsins, Arshínov og Serjozha í kynnisför út í þorpið, en formaður samyrkjubúsins og ég fórum til búsins.

Við stóra bæinn, sem áður hafði verið bæjarhús á stórbýli, sem var nú að hálfu leyti í rústum, stóðu stakkar af nýhirtu korni. Það gladdi mig, að korninu skyldi þó að minnsta kosti hafa verið ekið heim af ökrunum. Ef allir legðu sig fram, þá væri ef til vill hægt að ljúka við þreskinguna á 10–12 dögum. En það var líka það eina, sem var í sæmilegu lagi. Allt annað var í niðurníðslu og á ringulreið.

Mikill fjöldi véla og áhalda, sem eigendurnir höfðu áður eflaust varðveitt eins og dýrgrip, lá á víð og dreif undir berum himni, skítugt, ryðgað og úr lagi gengið. Magrar kýr og hestar, þakin klepraskanum, lötruðu um hlaðið. Hópar af kjúklingum, gæsnum og öndum rótuðu í óþresktu korninu. Við gengum inn í hest-húsið. Hestarnir stóðu upp í hné í saur og „lásu blöðin“, eins og haft er að orðtaki í sveitinni, þegar gripirnir standa í húsunum án þess að hafa nokkuð að éta. Ekki var betur ástatt um kýrnar.

Þetta var átakanleg sjón. Þetta var ástand, sem átti ekkert skylt við eðli úkraínskra bænda.

„Kallið þegar í stað saman stjórn samyrkjubúsins,“ sagði ég reiðilega við formanninn.

Hálfri klukkustund síðar voru þeir menn og konur, sem fræðilega séð báru ábyrgð á samyrkjubúinu, komin saman til fundar. Andlitssvipur þeirra var ekki uppörvandi. Það var eins og þau segðu: „Þetta er ein slettirekan ... og við neyðumst til að hlusta á hann.“

„Jæja, hvernig líður ykkur, samyrkjubændur?“ hóf ég mál mitt og lagði mig í líma við að vera vingjarnlegur.

„Svona og svona, ... enn lifandi, eins og þér sjáið,“ sagði einn þeirra fylulega. „Enginn ríkur, enginn fátækur, allir komnir á vonarvöl,“ bætti annar við.

Ég lét sem ég skildi ekki háðið. „Ég er kominn frá umdæmisnefnd flokksins til að hjálpa ykkur með þreskinguna, viðgerð á vélunum og til að koma almennt á reglu. Segið mér, samyrkjubændur, hver kaus formann þessa samyrkjubús?“

„Við, allir saman,“ svöruðu stjórnarnefndarmennirnir.

„Jæja, hvers vegna viljið þið þá koma honum í vandræði? Getið þið ekki séð, að hann verður gerður ábyrgur fyrir allri þessari ringulreið? Lítið í kringum ykkur. Blygðist þið ykkar ekki fyrir það, þið, sem eruð bændur? Skítugir gripir, óvarðir kornstakkar og dýrmæt verkfæri ryðga niður. Það væri vandalítið að koma formanni ykkar í fangelsi fyrir þetta og stjórnarnefndarmönnum líka. En það er ekki til þess, sem ég kom hingað. Fangelsi afla ekki brauðs. Hverjum vinnið þið tjón með þessari hræðilegu vanrækslu — mér eða ykkur sjálfum? Ég hef átt heima í sveit. Sumir af ættingjum mínum voru bændur. En ég hef aldrei séð neitt eins smánarlegt og þessi hesthús, þessi fjós og þennan bæ. Ég veit, hvernig tilfinningar sumra ykkar eru. En hvers vegna þarf að refsa kúnum og hestunum? Ég blygðast mín vegna ykkar. Ég veit, að þið eruð ennþá góðir bændur, og ég ætla að skjóta máli mínu til bændastolts ykkar.“

Einn úr hópnum hrópaði: „Heyr! Þessi félagi hefur rétt fyrir sér.“

„Þá skulum við hefjast handa. Félagi formaður, setjið fundinn. Kjósið þið menn, svo að sérhver viti nákvæmlega, hvers vænst er af honum. Við ætlum að skrifa upp nöfnin og dagsetningarnar og hvað hver einstakur eigi að taka sér fyrir hendur.“

Við ræddumst við í margar klukkustundir og gerðum áætlanir. Margir bændanna neituðu að takast á hendur nokkra ábyrgð, en að lokum samþykkti hver einstakur af stjórnarnefndarmönnum að takast á hendur ákveðnar skyldur: að sjá um þreskinguna, að hreinsa fjósin, að semja skrá um áhöldin og svo framvegis. Fundinum lauk í mestu vinsemd.

Við kvöldverðarborðið sagði gestgjafi minn mér, að hann hefði hitt nokkra stjórnarnefndarmennina eftir fundinn. „Þeir segja, að þér hafið tekið hlutina réttum tökum. Þeim líkar vel við yður, sérstaklega vegna þess, að þér hvorki bölvíð, hrópið né hótíð.“

„Segið mér, var það rétt af mér að heimta, að þeir kæmu öllu í lag þegar í stað á samyrkjubúinu?“

„Algjörlega rétt. Bændurnir vita vel sjálfir, að búskapurinn er öðruvísi en ætti að vera. Þeir eru aðeins beiskir með sjálfum sér vegna þess, að þeir hafa misst jörð sína, gripi og vélar. En þrátt fyrir allt verður að koma þessu í röð og reglu. Lífinu verður að lifa.“

Eftir kvöldmatinn var ég einn með Serjozha. Hann var dapur í bragði.

„Jæja, hvernig hefur þér gengið?“

„Ekki alls kostar vel. Ég vinn samkvæmt áætlunum Arshínovs. En árangurinn verður lítill. Ég kvaddi til mín þá, sem höfðu þrjóskað við að skila korninu. Það var alltaf sama sagan. Bóndinn tekur ofan og sést auðmjúkur niður.“

„Þér hafið ekki ennþá afhent kornið yðar,“ segi ég að fyrri bragði.

„Ef til vill, og ef til vill ekki.“

„Þér skuldið ríkinu 12 púd,“ segi ég. (1 púd er 16,38 kg.)

Bóndinn ypptir öxlum og segir: „Hvaðan á ég að fá svo mikið korn? Ég á það ekki.“

„Hversu mikið getið þér afhent í dag?“

„Ef til vill tvö púd, ef til vill þrjú.“

Svona tölum við fram og aftur. Ég held því fram, að stjórnin verði að fá kornið, og bóndinn svarar: „Stjórnin verður að fá það, en hvað verður um konu mína og börn? Hafa þau ef til vill enga þörf fyrir það? Þér vitið sjálfur, að uppskeran var léleg. Hver á að sjá okkur fyrir fæði allt árið, þegar þér eruð búinn að ræna korninu frá okkur?“

Ég fékk 52 púd í dag, en það er aðeins lítið brot af því, sem Arshínov bjóst við. Ég gat ekki gert betur. Þessir menn eru þreyttir, úrillir og dauðhræddir. Ef til vill hafa sumir þeirra meira korn en þeir vilja játa, en þeir vilja ekki láta það af hendi, þeir þora ekki að láta það af hendi, þegar langur vetur er framundan og margir munna að metta.“

Ég reyndi að róa hann og sagði: „Þú skalt ekki taka þér þetta svona nærri, Serjozha. Vinn verk þitt eins vel og þú getur. Það stoðar ekkert að vera hryggur.“

Næsta morgun fór ég til samyrkjubúsins með gestgjafa mínum. Það gladdi mig mjög að sjá, að unnið var í óða önn. Það var verið að hreinsa og smyrja áhöldin. Verið var að aka áburðinum út úr fjósum og hesthúsum. Verið var að undirbúa þreskinguna. Þessu var haldið áfram í marga daga, uns staðurinn var kominn í nærri því eðlilegt ástand. Og það sem meira var, samyrkjubændurnir voru sjálfir í betra skapi. Konurnar og ungu stúlkurnar sungu jafnvel úkraínska vinnusöngva eins og áður fyrr. Þetta óbrotna fólk elskaði í raun og veru starf sitt. Veðrið var gott, og það skildi ennþá betur en ég, hvers virði heiðskír dagur er.

Rúm vika leið. Viðgerðunum seinkaði vegna skorts á nöglum, vír, járn, timbri og öðrum nauðsynlegum hlutum. En hugvit bændanna bætti upp skortinn. En við gátum ekki gert upp reikninga okkar, af því að við höfðum engan pappír. Það

var þess vegna ákveðið að senda Serjozha í eins dags ferð til Dnepropetrovsk til að kaupa það, sem okkur vantaði.

Þegar ég kom heim um kvöldið, sá ég Serjozha með band í hendinni. Hann var að mæla Vasja litla og binda hnúta á bandið. Ég lét sem ég sæi það ekki.

Daginn eftir, meðan Serjozha var í ferðinni, fór ég til Arshínovs. Hann vissi, að starfi mínu miðaði vel áfram, og virtist öfundsjúkur yfir velgengni minni. Hann hellti sér yfir Tsvetkov, sem hann ásakaði um að vera blauðan vesaling og það sem verra væri, rotinn, frjálslýndan mannvinn.

„Í gær gerði ég húsleit í nokkrum húsum,“ sagði hann. „Það var hjá mönnum, sem þessi veikgeðja vinur okkar lét sleppa of vel. Alls staðar fann ég korn, sem ekki hafði verið talið fram. Ég gerði það allt upptækt umsvifalaust. Þeir ljúga að ráðstjórninni, þessir svívirðilegu kúlakkabastarðar! Ég skal kenna þeim lexíu, sem þeir skulu aldrei gleyma! Ég átti tal við héraðsnefndina í dag, og þeir lofuðu að veita mér stuðning. Á fimmtudaginn læt ég til skarar skriða.“

„Hvað gerist þá?“

„Ég um það.“

Við unnum að þreskingu allan sunnudaginn. Ég þurfti ekki að yta á bændurna til að gera það. Jafnvel þeir, sem guðræknastir voru, skildu, að tíminn var naumur. Þegar hallaði að kvöldi, kom Serjozha heim með stóra ferðatösku og nokkra pinkla. Hann kom með gjafir handa allri fjölskyldunni, bækur handa dótturinni, tvínna handa móðurinni, tóbak handa gamla Stupenko. En hámark þessarar gleðistundar var þegar Serjozha tók upp úr ferðatösku sinni síðar buxur, jakka, skó og nærföt handa Vasja.

Drengurinn var strax klæddur í nýju fötin, og allir dáðust að honum. Nokkrir nágrannanna komu til að sjá kraftaverkið — munaðarleysingjann Vasja í nýjum, fallegum fötum. Drengurinn sjálfur brosti í fyrsta skipti síðan við hittum hann. „Ég þakka, Serjozha frændi,“ sagði hann. Það komu tár í augun á honum, þegar hinn dásamlegi Serjozha gaf honum að auki vasabók, blýanta og öskju með lituðum brjóstsykri.

Það var komið fram yfir miðnætti, þegar fjölskyldan gekk til náða. Þegar við Tsvetkov vorum orðnir einir í herbergi okkar, spurði ég hann, hvernig honum lynti við Arshínov. „Hann er óþokki og sadisti, Víktor Andrejevítsj. Ég hef hikað við að segja þér það, en ég get ekki þagað lengur. Þessi óþokki dregur bændurna frá heimilum sínum um miðjar nætur, skammar þá og ógnar þeim með skammybyssunni sinni. Ég hef heyrt, að hann berji þá jafnvel af mikilli grimmd.“

„Hvers vegna í fjandanum hefur þú ekki sagt mér þetta fyrr? Klæddu þig, við skulum koma.“

Ég sá í gegnum tréhlerana, að það var ljós í ráðhúsinu. Þegar við komum inn, sátu nokkrir bændur þar á gólfinu. Við dyrnar var vopnaður varðmaður, og lögregluþjónn úr þorpinu, vopnaður skammybyssu, sat fyrir innan þær og var að reykja. Ég heyrði bónda hljóða og Arshínov bölvva bak við lokaðar skrifstofudyrnar. „Hvers vegna eru

allir þessir menn hér á þessum tíma nætur?“ spurði ég lögregluþjóninn, og rödd mín skalf af reiði.

Hann stökk á fætur og sagði: „Félagi Arshínov er eins og venjulega að ná korni af bændunum og rabba dálítið við þá, sem vilja ekki taka þátt í samyrkjubúinu.“

Allt í einu varð rödd Arshínovs að sefasjúkum glymjanda, eitthvað þungt skall niður í gólfid, og við heyrðum kveinstafi bónda, sem sagði: „Hvers vegna sláið þér mig? Þér hafið engan rétt til þess að slá mig ...“

Þá öskraði Arshínov: „Lögregluþjónn, hendið þessum ræfli niður í kælírómið. Ég skal kenna þér, kúlakkarottan þín!“ Lögregluþjónninn þaut í áttina til skrifstofunnar. Ég greip í handlegginn á honum. „Verið kyrr,“ sagði ég, „ég ætla að fara sjálfur þangað inn.“

Ég reif upp dyrnar. Arshínov brá við. Hann beit á vörina, hreyfði sig órólega í stól sínum og gerði sig líklegan til að taka skammybyssuna af borðinu. Bóndinn, sem lá á gólfinu, var gamall maður í tötrum, og blóð rann niður eftir andliti hans. Ég gaf honum merki um að fara.

Ég gekk til Arshínovs. Ég átti fullt í fangi með að stilla mig um að berja hann.

„Látið bændurna fara!“ hrópaði ég. „Og það hið bráðasta. Heyrið þér það?“

„Það er ég, sem ræð hér, félagi Kravtsjenko. Ég ætla að biðja yður um að vera ekki að hnýsast í það, sem ég á að gera.“

„Nei, þetta er mál flokksins. Sem kommúnisti læt ég það ekki líðast, að þér komið óorði á ráðstjórnina og hagið yður eins og sadisti og siðleysingi.“

„Félagi Tsvetkov,“ hrópaði ég fram í hitt herbergið, „gerðu svo vel að skrifa hjá þér nafnið á gamla bóndanum, sem verið var að berja, og einnig nafn lögregluþjónsins.“

Arshínov setti á sig frekjusvip, en það var augskýnilega fát á honum vegna reiði minnar. „Hvern fjandann eigið þér við?“ sagði hann. „Á þetta að vera ögrun? Eruð þér að reyna að svívirða sendimann umdæmisnefndarinnar í augum almenninga?“

„Hættið þessari hræsni! Það eru menn eins og þér, sem smána flokkinn og landið. Lögregluþjónn, látið alla fara! Félagar bændur, ef einhver ykkar verður barinn eftir þetta, þá látið mig undir öllum kringumstæðum vita það. Það er gagnstætt lögum.“

Tsvetkov kom inn í skrifstofuna. Hann var náfölnur. Hendur hans skulfu. Ég skipaði honum að fara heim og bíða mín. Síðan sneri ég mér að Arshínov:

„Segið þér mér, Arshínov, er yður ljóst, hvað þér eruð að gera? Er þetta að stofna samyrkjubú, eða eru þetta þorparabrogð, sem skammybssa er notuð til að koma í framkvæmd? Þér hafið rétt til að krefjast korns og gera húsleit, ef nauðsynlegt er. En þér hafið engan rétt til að beita ofbeldi og halda yfirheyrslur að næturlagi. Ef þér viljið ekki lenda í vandræðum hjá umdæmisnefndinni, þá verðið þér að hætta svona framferði. Annars mun ég koma upp um yður, hvað sem það kostar. Skiljið þér mig?“

Ég snerist á hæli og fór. Þegar ég kom heim, var Serjozha ekki kominn. Ég uggði um hann. Rúmri hálfri klukkustund síðar kom hann heim.

„Ég hef verið í hreysi bóndans, sem varð fyrir barsmíðinni,“ sagði hann. „Konan

hans er veik. Hann á fimm börn, en það er ekki til brauðbiti í húsinu. Hús hans daunar af fátækt og örvæntingu. Þennan mann kalla þeir kúlakka! Börnin hans ganga í tótrum. Þau líta öll út eins og vofur. Ég leit niður í pottinn á ofninum — þar voru nokkrar kartöflur í vatni. Það var kvöldmatur þeirra í kvöld.“

„Sjáðu, Víktor,“ — hann sýndi mér skítugan pappírsmiða — „gamli maðurinn hefur gefið mér yfirlýsingu um, að hann sé fús til að gerast samyrkjubóndi. Ég sárbað hann um að hætta þessari þrjósku og hugsa um fjölskyldu sína. Að lokum gerði hann það.“

„Farðu að háttá, Serjozha. Láttu þetta ekki á þig fá. Við munum finna upp einhver ráð.“ Ég svaraði fyrirfram spurningu þeirri, sem komin var fram á varir hans, og bætti við: „Ég skal segja þér frá viðræðum okkar Arshínovs á morgun. Haltu aðeins áfram að vinna með honum, eins og ekkert hafi í skorist. Og síðan þakka ég þér fyrir fötin, sem þú gafst Vasja.“

Ég kyssti hann á báðar kinnarnar.

„Þakka þér fyrir, Víktor. Þegar ég kom heim, sagði ég pabba og mömmu alla söguna. Pabbi fór út og gróf einhvers staðar þessa skó upp hjá vinum sínum. Mamma rótaði í ruslaskompunni og fann gömul föt af mér, frá því ég var í skóla. Hún sat og saumaði allan daginn, til þess að þau yrðu mátuleg á Vasja.“

„Já, í flokknum eru menn eins og faðir þinn — og menn eins og Arshínov,“ sagði ég.

Á samyrkjubúinu gekk allt vel, jafnvel betur en ég hafði þorað að gera mér vonir um. Menn voru önnur kafnir við þreskinguna. Gripirnir voru hirtir og næstum því búið að gera við öll áhöld og vélar búans.

Að undirlagi mínu ákvað stjórn samyrkjubúsins að halda veislu, þegar þreskingunni væri lokið. Hátíðina átti að halda næstkomandi miðvikudag, og allir samþykktu að vinna alla miðvikudagsnóttina, ef á þyrfti að halda, til þess að eiga skilið að taka þátt í veislunni. Svínur var slátrað. Löng borð voru sett upp á hlaðið. Matarlyktin og veislulöngunin settu hátíðarsvip á sveitaþorpið.

Á þriðjudagskvöldið gekk ég út á akrana, þar sem konurnar rökuðu saman síðasta korninu og hlóðu því upp á vagnana. Ég tók þátt í vinnunni — og söngvunum — og naut þess í nokkrar klukkustundir að reyna á líkamskrafta mína. Þó að ég hefði komið djarflega fram, var ég alls ekki viss um, að ég gæti unnið bug á Arshínov. Þessi vandi var mér sífellt í huga, en hér úti á ökrunum gat ég gleymt honum. Konurnar létu eins og þær hefðu gaman af vinnubrögðum mínum, en það var augljóst, að þeim fannst til um, að „stjórnin“ skyldi láta svo lítið að taka þátt í vinnu þeirra.

Það hallaði að kvöldi, þegar við ókum inn í þorpið. Við tókum strax eftir því, að eitthvað hafði komið fyrir. Alls staðar stóðu hópar af æstu fólki, og konurnar grétu. Ég þaut áleiðis til ráðhússins.

„Hvað er um að vera hér?“ spurði ég lögregluþjóninn.

„Það er aftur verið að handtaka kúlakka,“ svaraði hann. „Það lítur út fyrir, að því

óþverraverki ætli aldrei að verða lokið. Það komu menn frá GPÚ og héraðsnefndinni í morgun.“

Fjöldi manns hafði safnast saman fyrir utan húsið. Lögreglan reyndi að dreifa mannfjöldanum, en hann safnaðist saman aftur. Sumir hrópuðu bölbænar. Margar konur og börn grétu ofsalega og hrópuðu á menn sína og feður. Þetta var eins og vondur draumur.

Inni í húsinu var Arshínov að tala við embættismann frá GPÚ. Þeir brostu báðir og voru sýnilega að segja hvor öðrum kímnisögur. Í garðinum bak við húsið stóðu hér um bil tuttugu bændur, ungir og gamlir, með böggla á bakinu, og gættu þeirra GPÚ-hermenn, vopnaðir skammyssum. Sumir grétu, aðrir stóðu þungbúnir, daprir og með vonleysissvip.

Þetta var þá „útrýming kúllakkanna sem stéttar“. Hópur óbreyttra bænda, sem rifnir voru burt frá jörðum feðra sinna, sviptir öllum eignum og færðir til fjarlæggra þrælubúða í skógarhögg eða framræslu. Af einhverri ástæðu voru flestar fjölskyldurnar skildar eftir í þetta skiptið. Loftið kvað við af ópum og gráti. Þegar ég kom aftur út úr ráðhúsinu, sá ég tvo hermenn, sem fóru með miðaldra bónda. Það var auðséð, að honum hafði verið misþyrmt, — andlit hans var blásvart, og hann átti erfitt um gang. Föt hans voru í tætlum, og sást á þeim, að til átaka hafði komið.

Meðan ég stóð þarna ráðþrota af örvæntingu og hneisu, heyrði ég konu hljóða með ómennskri röddu. Allir litu í þá átt, sem hljóðin komu úr, og nokkrir GPÚ-menn hlupu til konunnar. Konan hélt á logandi kornbindi í höndunum. Áður en nokkur náði til hennar, hafði hún kastað brennandi bindinu í strápak húss síns, og kviknaði þegar í stað í því.

„Guðleysingjar! Mörðingjar!“ hrópaði hin sturlaða kona. „Við höfum stritað alla ævi fyrir heimili okkar, og þið skuluð ekki fá það. Það skal verða eldinum að bráð!“ Óp hennar breyttust skyndilega í trylltan hlátur.

Bændurnir hlupu inn í brennandi húsið og fóru að bera húsgögnin út úr því. Það var eitthvað hryllilegt, óraunhæft við allt þetta — eldinn, ópin, vitfirrtu konuna, bændurna, sem dregnir voru í gegnum forina og reknir saman í hóp til að flytja þá í útleið. En það óhugnanlegasta af öllu var að sjá Arshínov og GPÚ-manninn horfa rólega á þetta, eins og það væri algeng sjón og hið brennandi hreysi væri bál, sem kveikt hefði verið þeim til skemmtunar.

Ég stóð þarna í þvögunni skjálfandi, ráðalaus og var að missa stjórn á sjálfum mér. Mig langaði til að skjóta einhvern, sama hvern væri, til að létta á hinu ógurlega fargi, sem hvíldi á taugum mínum. Aldrei, hvorki fyrr né síðar, hef ég verið jafnnálægt því að missa vitið. Ég fálmaði undir frakkann minn eftir skammyssunni. En þá var gripið styrkri hendi í handlegg minn. Það var Stúpenko, gestgjafi minn. Ef til vill hefur hann getið sér til, um hvað ég var að hugsa.

„Þér megið ekki kvelja sjálfan yður, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann. „Ef þér gerið eitthvað heimskulegt, þá mun það aðeins verða yður til bölvunar án þess að koma að nokkru haldi. Trúið mér, ég er gamall og reyndur maður. Stílið yður. Þér

getið gert meira gagn með því að forðast vandræðin, þar sem þér hafið ekki valdið hér. Komið, við skulum fara heim. Þér eruð náföður. Að því er til mín tekur, er ég þessu vanur. Þetta er ekkert. Fjöldahandtökurnar í fyrra voru miklu verri.“

Þegar ég var kominn heim, gekk ég fram og aftur um litla herbergið mitt í upp-námi og örvæntingu. Ég hafði ráðgert að kæra Arshínov fyrir héraðsnefndinni. En hér voru erindrekar nefndarinnar ásamt GPÚ-mönnum, sem tóku þátt í þessu grimmdaræði. Hvaða von var um, að ég gæti fengið meiri stuðning hjá umdæmis-nefndinni?

Grunur um, að þetta ofbeldi væri ekki tilviljun, heldur væri framkvæmt samkvæmt áætlun og samþykkt af hinum æðstu yfirvöldum, hafði stungið sér niður í huga mér. Þessa nótt varð hann að vissu og svipti mig um stund allri von. Það hafði verið hægara að þola smánina af þessu, á meðan ég gat skellt skuldinni á Arshínov eða aðra einstaklinga.

Ég var svo dauðuppgefinn, að ég sofnaði án þess að fara úr fötunum. Þegar ég vaknaði nokkrum klukkustundum seinna, varð ég órólegur yfir að sjá, að Serjozha var ekki í rúmi sínu. Ég hljóp niður á hlaðið og þaðan inn í garðinn.

„Hver er þetta?“ Ég heyrði rödd Serjozha og sá glampa á skammbyssuna í hönd hans. Hann sat á bekk undir kirsuberjatrénu.

Í einu vetfangi þreif ég skammbyssuna úr hendi hans. Serjozha fól andlitið í höndum sér og skalf af gráti.

„Þú ert bjáni og bleyða,“ sagði ég. „Ég er alls ekki hreykinn af þér. Hverjum ætlar þú að gera gagn með því að skjóta þig? Það er heimska. Það er ekki rétta svarið, Serjozha. Við verðum að lifa og gera það, sem við getum, til þess að létta byrðar rússnesku þjóðarinnar. Ef við sviptum okkur lífi, verða ekki aðrir eftir en menn eins og Arshínov.“

Hann varð dálitlu rólegri og leit beint í augu mér.

„Víktor Andrejevítj, ég hef séð það allt, og ég skil það allt. Stjórnmálalega hef ég bætt höfði við hæð mína. Það er ekkert vit í, að við blekkjum sjálfa okkur. Það er flokkurinn sjálfur, sem á sök á þessu mannúðarleysi, ofbeldi og morðum. Hin föggu orð í ræðum okkar eru aðeins huliðshjálmur til að leyndu hinum hræðilegu staðreyndum. Er það þetta, sem minn ágæti faðir hefur unnið fyrir alla ævi? Er þetta það, sem ég hef trúað á, frá því ég gekk í flokkinn?“

Ég fékk hann til þess að háttu, en hvorugur okkar sofnaði. Við ræddum um það, sem við höfðum séð. Það kom svo vel heim við það, sem við höfðum heyrt, að við gátum ekki lengur efast um sannleika „þess orðróms, sem fjandsamlegur var flokknum“. Við vorum fegnir, þegar Stúpenko drap á dyrnar hjá okkur og sagði: „Það er kominn tími til að fara á fætur, félagar.“

Matarveislan fór fram þann dag, svo sem ákveðið hafði verið, en gleðin yfir henni var nú horfin. Endurminningarnar um „kúlakka“-handtökurnar lágu eins og farg á okkur öllum.

Skipti mín af Arshínov voru þau ein, sem starfið krafðist. Ég skrifaði langa,

sundurliðaða skýrslu um hegðun hans og sendi hana til umdæmisnefndarinnar. Eftir fjöldahandtökurnar gengu þeir fáu, sem eftir voru af harðjöxlunum, í samyrkjubúið „af frjálsum vilja“, öllu korni í þorpinu var líka skilað — einnig „af frjálsum vilja“. Fólkið hafði sýnilega ákveðið að svelta heldur heima en að láta flytja sig í útleð til óþekktra staða. Margir bændanna báðu um að fá að selja það, sem þeir áttu eftir af gripum, já, jafnvel húsgögn sín, til þess að geta keypt korn í borgunum til að fullnægja kröfum stjórnarinnar.

Kirkjan í þorpinu hafði verið gerð að kornhlöðu, og eftir því sem hækkaði í henni, varð sigurgleði Arshínovs meiri. Hann gortaði af „árangri“ sínum og notaði hvert tækifæri til að skensa Tsvetkov. „Takið eftir, hvernig ég haga mér, og lærið af því,“ sagði hann. „Gallinn er, að þér vitið ekki, hvað bolsévíkafesta er.“

Brottfarardagur okkar nálgadist nú óðum. Arshínov tilkynnti okkur, að hann ætlaði að dveljast fimm daga í viðbót til að framkvæma síðasta eftirlitið. Ég var í engum vafa um, að hann varð eftir til að safna „sönnunargögnum“ gegn okkur Tsvetkov. Ég notaði síðasta daginn á samyrkjubúinu til þess að ganga frá sundurliðaðri lokaskýrslu minni.

„Þar eð uppskerunni er nú lokið, geng ég að því vísu, að þið getið reiknað út, hvað þið eigið að fá fyrir vinnu ykkar,“ sagði ég við stjórnarnefndarmennina.

„Já, við höfum reiknað og reiknað,“ sagði formaðurinn og hristi sorgmæddur höfuðið. „Það verða hér um bil 1.200 grömm af korni handa hverjum samyrkjubónda fyrir dagsverkið. Við höfum aðeins unnið hluta af árinu, og þessi greiðsla verður að endast fyrir bóndann og fjölskyldu hans allt árið. En það, hvernig eigi að láta 1.200 grömm endast til að fæða heila fjölskyldu til næstu uppskeru, getur aðeins Guð — og ef til vill flokkurinn — reiknað út.“

„Ég held, að við deyjum allir úr hungri,“ bætti annar stjórnarnefndarmaður við með beiskju í röddinni.

Sennilega var honum ekki full alvara. Hvernig átti honum að geta dottið í hug, að næstum því allir íbúar þessa sveitaþorps yrðu hungursneyðinni að brád á næsta ári? Hvernig gat hann grunað, að yfirvöldin myndu jafnvel taka nokkurn hluta af því korni, sem bændurnir áttu rétt á að launum fyrir vinnu sína?

Við skildum við íbúa bæjarins í góðri vináttu. Þeir sýndu okkur Tsvetkov hina mestu alúð. Gestgjafar okkar voru líka innilega hryggir yfir því, að við vorum á förum. Þegar við borðuðum síðustu kvöldmáltíðina með þeim, kom Stúpenko gamli með stóra flösku af kirsuberjabrennivíni, sem hann hafði grafið upp úr garði sínum og var ennþá moldug.

„Guð veit, að ég hef geymt þessa flösku til þess að taka hana upp á miklum hátíðisdegi,“ sagði hann. „Ég hafði hugsað mér brúðkaupsdag dóttur minnar — eða ef til vill að fólk drykki sopa úr henni að mér látnum og talaði vel um mig. En ég hef komist að þeirri niðurstöðu, að þið eigið skilið það besta, sem ég hef að bjóða, áður en þið farið. Við skulum þess vegna skála fyrir hamingju ykkar og fyrir framtíð vesalings misþyrmda landsins okkar.“

Eftir kvöldverðinn sungum við gömul úkraínsk lög, og kona Stúpenkos, örvuð af sofa af sterku víninu, sagði þjóðlegar hetjusögur, sem hún hafði lært af ömmu sinni.

Þegar ég kom heim til Dnepropetrovsk, virtist umdæmisnefndin vera ánægð með starf mitt. En ég gat ekki vakið raunverulegan áhuga neins fyrir skýrslu minni um framkomu Arshínovs. „Já, hann hefur sína galla,“ var sagt við mig, „en höfum við ekki allir okkar galla? En það verður að segja honum til hróss — að hann nær árangri!“ Ég skrifaði bréf til *Pravda* í Moskvu um eitt dæmi um grimmdarlegt framferði, sem setti óorð á flokkinn í sveitaþorpunum. Bréfinu var aldrei svarað, og það var aldrei birt.

Vegna tímans, sem ég dvaldist í sveitaþorpinu, hafði ég dregist alvarlega aftur úr við nám mitt. Til að bæta það upp vann ég af meiri ákafa en nokkru sinni áður. Því dýpra sem ég gróf mig niður í tæknibókmenntir, því minni tíma hafði ég til sársaukafullra hugsana og efasemda. Vinnan varð að svefndrykk, sem ég drakk í djúpum teygum.

Á styrjaldartímum er greinilegur munur á þeim, sem hafa verið á vígstöðvunum, og mönnum heima fyrir. Þetta djúp er ekki hægt að brúa með aukinni fræðslu eða ríkri samúð. Það er munur, sem býr í taugunum, en ekki í huganum.

Þeir kommúnistar, sem höfðu tekið beinan þátt í ofbeldinu við að koma á samyrkjubúskap, voru eftir það auðkenndir menn. Örin voru á okkur. Við höfðum séð drauga. Það var næstum því hægt að þekkja okkur á því, hve þöglir við vorum og hvernig við hikuðum við að ræða um „bændafylkinguna“. Við gátum rætt okkar á milli um málið, eins og við Serjodzha gerðum, þegar við vorum komnir heim, en það virtist tilgangslaut að tala um það við menn, sem ekki höfðu kynnst þessu af eigin raun. Við áttum ekki orð til að lýsa þessari reynslu fyrir þeim, sem höfðu ekki tekið þátt í henni.

Þegar ég segi þetta, á ég auðvitað ekki við menn eins og Arshínov. Undir hvaða stjórnarfyrirkomulagi sem er eru til lögregluþjónar og böðlar. Ég á við kommúnista, sem ekki eru orðnir algjörlega tilfinningalausir ruddar. Hvernig sem við reyndum að reikna dæmi hryðjuverkanna, til dæmis með því að tala um, að þúsund væri fórn — að í dag til að tryggja hamingju ófæddra þúsunda í framtíðinni, vorum við engu nær lausn á dæminu. Við áttum erfitt með að réttlæta hryðjuverkin í sveitunum.

Á fundi miðstjórnar flokksins í janúar 1933 tilkynnti Stalín þjóðinni, að átökunum um samyrkjubúskapinn væri nú lokið með sigri og það komið á alls staðar í landinu. „Stjórnarfyrirkomulag samyrkjubúskaparins hefur útrýmt örbirgð og fátækt í sveitaþorpunum,“ sagði hann. „Tugir milljóna af fátækum bændum hafa skapað sér öryggi. ... Undir gamla stjórnarfyrirkomulaginu unnu bændurnir til hagsmuna fyrir stórjarðeigendurna, kúlakkana og spákaupmennina. ... Þeir unnu og lifðu við sult og seyr, meðan aðrir auðguðust af striti þeirra. Með samyrkjubúskap vinna bændurnir fyrir sjálfa sig og fyrir samyrkjubú sín.“

Eftir því sem blöðin hermdu, var skýrslu þessari tekið með miklum fögnuði. Fulltrúarnir hrópuðu „húrra fyrir hinum mikla og vitra föður og læriföður, félagasta Stalín!“

Þegar ég las um fund þennan, hugsaði ég um Podgorodnoje og hina kúguðu íbúa þorpsins, ... um Arshínov, sem lamdi bændurna, ... um geðveiku konuna, sem kveikti í húsi sínu, ... um töttrum klæddu vesalingana, sem reknir voru saman í hóp í bakgarðinum og senda átti í útlegð. Eins og allir aðrir Úkraínubúar vissi ég, að hungursneyð, eins ægileg og sú, sem ég hafði lifað af fyrir rúmum tíu árum, geisaði þegar í þessu landi fullkomins samyrkjubúskapar og hins „farsæla lífs“.

Nei, orð Stalíns megnuðu ekki að sefa okkur. Til þess að endurlífga trú okkar eða að minnsta kosti að láta ekki bugast af örvæntingu urðum við að beina sjónum okkar frá sveitaþorpunum og að öðru, til dæmis að árangrinum á iðnaðarsviðinu og „hinni vaxandi byltingaröldu í auðvaldslöndunum“.

„Þú veist, Víktor Andrejevítj,“ sagði Serjozha, „að ég hef hvað eftir annað lesið ræðu félaga Stalíns, sem hann hélt í janúar á fundi miðstjórnarinnar. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds, þegar ég las það, sem hann segir um sveitabörnin. Nú eru bændurnir „frjálsir“. ... „Fátæktinni er útskúfað úr sveitaþorpunum.“ ... Eftir það, sem við höfum séð!“

„En iðnaðurinn, Serjozha, þar gegnir öðru máli. Líttu á hinar mörgu nýju verksmiðjur, námur, málmsmiðjur, virkjanir og aflstöðvar! Það er dásamlegt að vita, hve hratt okkur miðar áfram. Við verðum ekki lengi eftirbátar annarra þjóða. Jafnvel í Ameríku selja duglegir verkfræðingar nú skóreimar og epli á götunum, á meðan þú og ég sækjum námið af kappi, vegna þess að land okkar þarfnast fleiri verkfræðinga. Þar er atvinnuleysi, hér eru ekki nægilega margar hendur til að vinna.“

„Það er alveg sama, Víktor Andrejevítj, ég get ekki gleymt hryðjuverkunum í Podgorodnoje. ...“

„Ég ekki heldur, Serjozha.“

Ræðu Stalíns var hamrað inn í okkur með fyrirlestrum í flokknum, á fundum leiðtoga flokksins og á umdæmisfundum. Þetta var dýru verði keypt, sögðu þeir, en lítið á nýju fyrirtækin, sem skýtur upp eins og gorkúlum. Magnítostroj. Dneprostroj. Dráttarvéilverksmiðjan í Stalínsgarði. Málmiðjuhringurinn í Níkolopol. Tugir annarra fyrirtækja. Á meðan auðvaldsveröldin fyrir utan landamærin stundi undir hverri kreppunni á fætur annarri, var hin sósíalíska veröld á framfarabraut. Kreppur okkar voru vaxtarkreppur, en ekki kreppur, sem leiddu til upplausnar.

Hrun auðvaldsins, endalok þess „stundarfyrirbrigðis“, var hin mikla huggun í hinum rússneska þrældómi. Hinar síminnkandi matarbirgðir voru skammtaðar naumt. Hungursneyðin geisaði í sveitaþorpunum. Fangelsi, útlegðarstöðvar og fangabúðir fylltust af „þjóðniðingum“. Þúsundum af menntamönnum okkar — verkfræðingum, embættismönnum, jafnvel alkunnum kommúnistum — varð að ryðja úr vegi sem skemmdarverkamönnum og „erindrekum erlendra stórvelda“. En hin alþjóðlega verkalyðsstétt var að því komin að gera byltingu! Stalín orðaði þetta

svo: „Hinn glæsilegi árangur fimm ára áætlunarinnar eflir byltingarmátt verkalýðsins í öllum löndum.“

Og síðan, nákvæmlega tuttugu og þrem dögum eftir ræðu Stalíns, kom Hitler til valda í Þýskalandi! Sápukúlan sprakk fyrir augunum á okkur.

Allur áróður ráðstjórnarinnar hafði í mörg ár bent á Þýskaland sem fyrsta stóra auðvaldsríkið, sem myndi feta í fótspor Rússlands. Daga og nætur var siðferðisþreki alls þorra flokksmanna okkar haldið við með því að benda á þessar horfur. Flokkur þýsku sósíaldemókratanna, þessara „skósveina burgeisanna“, var að fara í mola, en kommúnistaflokkurinn réð yfir milljónum atkvæða.

Það var því engin furða, þó að við yrðum sem þrumu lostnir. Dögum saman vissi enginn, hvað hann átti að hugsa. En síðan var áróðursvélin sett í gang og látin mala á fullri ferð. Hinum opinberu skýringum, sem ákveðnar voru á æðstu stöðum í Moskvu, var dælt út meðal fjöldans í flokknum. Æðstu embættismennirnir töluðu á umdæmisfundum, lægra settir embættismenn á héraðsfundum, og umferðar-áróðursmenn fluttu þetta til hinna minnstu flokksdeilda.

Það, sem okkur var sagt, var í aðalatriðunum, að sigur fasismans í Þýskalandi væri í raun og veru dulbúinn sigur heimsbyltingarinnar. Hann væri síðasta stig auðvaldsins, dauðastríð þess. Þingtrúðar sýndarlýðræðisins voru hættir að leika. Auðvaldið gat ekki lengur, jafnvel með aðstoð skósveina sinna í flokkum sósíaldemókrata og frjálslyndra, haldið hinum óánægða almenningi í skefjum og varð því að flýja á náðir fasismans með ógrímuklæddum ógnum hans.

„Þýski fasisminn er spjótsoddur auðvaldsins,“ sagði einn ræðumaðurinn í skólanum. „Auðvaldið hefur loksins kastað grímunni. Verkalýður veraldarinnar á nú ekki annars úrkostar en að velja á milli fasisma og kommúnisma. Getum við verið í vafa um, hvora stefnuna hann mun kjósa? Ráðstjórnarríkin standa ein sem varnarvígi gegn fasismanum, og öreigar allra landa eru með okkur. Félagar, Mussolini í Ítalíu og Hitler í Þýskalandi eru undanfarar byltingar okkar. Með því að afhjúpa hið sanna andlit auðvaldsfasisma nútímans neyða þeir fjöldann til að sjá sannleikann. Það er máttur í kjörorði okkar: því verra, því betra!“

Og þannig var ósigrinum í Þýskalandi breytt í eins konar sigur fimmáraáætlunarinnar. En á leynifundum, í herbergjum okkar sjálfra, vorum við langt frá því að vera vissir. Þegar öllu var á botninn hvolft, var sósíaldemókrötum og frjálslyndum, já, jafnvel hægfara verkalýðssinum rutt úr vegi í Þýskalandi ásamt kommúnistunum. Var einhvers staðar brestur í kenningum flokksins? Hafði það í raun og veru verið nauðsynlegt að eyða öllum kröftum okkar í það að berjast gegn sósíaldemókrötum og lýðræðissinum, ef við hefðum ef til vill sameinaðir getað komið í veg fyrir valdatöku nasistanna? Var það í raun og veru óhjákvæmilegt, að auðvaldslöndin, sérstaklega England, snerust í lið með Þýskalandi Hitlers gegn Rússlandi í komandi styrjöld?

Til þess að svara slíkum spurningum höfðum við aðeins þær takmörkuðu og ósamkvæmu upplýsingar, sem stjórnin lét frá sér fara. Erlend dagblöð og tímarit

voru bönnuð. Flokksmenn höfðu að vísu aðgang að meiri upplýsingum en almenn-
ingur vegna umburðarbréfa, sem þeim voru send, en andleg fæða okkar var valin
og „tilreidd“. Aðeins heimskingjar gátu verið í vafa um, að jafnvel þær fréttir, sem
okkur voru sendar í trúnaði, væru mjög takmarkaðar og að miklu leyti tilbúningur.

Þessari opinberu skýringu á sigri Hitlers var engan veginn vel tekið af öllum þorra
kommúnista. Þar eð hún kom á hættustund í lífi ráðstjórnarinnar, jók hún á hið
dappa hugarástand, sem breiddist út meðal hinna tryggðu flokksmanna. Leyniblöð
flokksins ræddu með óheillavænlegum orðum um „uppgjafarhug“, sem yrði að
uppræta. Það var verið að undirbúa jarðvegin undir stórkostlega „hreinsun“ í
flokknum til þess að losna við efasemdamennina, þá deigu og þá, sem höfðu fengið
meira en nóg af blóðbaði og þjáningum.

9. kafli: Uppskeyra í helvíti

FYRIR VIRKA KOMMÚNISTA voru heimsviðburðirnir og viðburðir þeir, sem gerðust heima, ekki almenn fyrirbrigði, sem snertu ekki þeirra eiginlegu tilveru. Mismunurinn á opinberum málefnum og einkamálum var varla til frá sjónarmiði okkar. Stjórn málaatburðir voru hluti af daglegu lífi okkar. Sigur Hitlers, tölurnar frá samyrkjubúunum, síðasta ritstjórnargreinin í *Pravda* — allt voru þetta atriði úr sjálfsævisögu minni.

Ókunnugum kann að finnast það ótrúlegt, en þó er það staðreynd, að slíka stjórn málaatburði ber hærra í endurminningum mínum um þetta tímabil og þeir eru ljósari fyrir sjónum mínum en hið stutta hjónaband okkar Zínu.

Ég hitti Zínu nokkrum mánuðum áður en ég var sendur til sveitaþorpisins. Fegurð hennar var blíðleg, eins og fegurð blómsins, og hana skorti hinar miklu ástríður, sem dregið höfðu mig að Júlíu. Hún var veikluleg, grönn og viðkvæm, með mjúka rödd. En á bak við þetta duldist harður kjarni af sjálfselsku. Flestar ráðstjórnarstúlkurnar okkar voru félagslyndar. Þær voru hreinar og beinar, kröftugar og, eins og við sögðum á flokksmáli, „þjóðfélagslega sinnaðar“. En áhugamál Zínu snerust öll um hana sjálfa.

Zína mat allt á mælikvarða tilfinninga sinna og smekks. Vinir mínir sögðu mér í viðvörunarskyni, að hún væri „burgeisastúlka“, og ást mín á henni var frá byrjun ekki laus við óþægilega sektartilfinningu. Jafnvel áður en við skrásettum hjónaband okkar, var hún óánægð yfir, hversu miklum tíma ég eyddi til flokksstarfa. „Og hvað um mig? Þú virðist aldrei hafa neinn tíma til að sinna mér,“ kvartaði hún. Ekki var óánægjan minni yfir því, hve þröngur fjárhagur minn var og að við urðum að búa hjá fjölskyldu minni. Fjölskylda hennar fór ekki í neina launkofa með vonbrigði sín yfir því, að hún skyldi ekki hafa fengið „gott gjafir“.

Við vorum því bæði fegin þeirri fyrirskipun, sem bauð mér að fara til samyrkjubúskaparsveitanna. Það var kærkomið hlé, og þessi aðskilnaður í nokkrar vikur var nægilegur til þess, að hjónaband okkar rak upp á sker. Þegar ég kom aftur frá sveitaþorpinu, miður mín og órói í skapi, var mér misboðið af áhugaleysi Zínu á því, sem ég hafði heyrt og séð. Í byrjun tók ég ekki eftir því, að hún var í nýjum silkikjól, já, jafnvel með nýja skrautgripi.

Á þessum tímum var ennþá mjög auðvelt og einfalt að skilja. Það þurfti að skrá skilnaðinn, og hinu hjónanna var svo tilkynnt það með póstkorti. Eftir að ég hafði slitið hjónabandi okkar, frétti ég, að Zína hefði eignast „skemmtilega, nýja vini“ í fjarveru minni. Meðfædd eigingirni hennar hafði beint henni á rétta braut. Meðal

Þessara vina var maður, sem var í góðri stöðu og hafði sambönd á æðstu stöðum og gat því fullnægt „burgeisasmekk“ hennar. Hún giftist honum skömmu eftir skilnað okkar.

Fegurð Zínu hafði reynst of mikill munaður fátækum nemanda — og ennþá meiri munaður alvarlega hugsandi kommúnista. Um margra ára skeið á eftir rakst ég á hana í leikhúsum og á hljómlaikum. Hún var alltaf vel klædd, hafin yfir almenning, ein af þeim, sem komust áfram í okkar nýja þjóðfélagi. Ég átti bágt með að trúa því, að ég hefði eitt sinn verið kvæntur henni.

Fyrsti árangur samyrkjubúskaparins var dauði. Þó að ekki væri minnst á það orði í blöðunum, var hungursneyð sú, sem geisaði í öllum suðurhluta Rússlands og Mið-Asíu, á allra manna vitorði. Við vísuðum á bug sem „orðrómi fjandsamlegum Ráðstjórnarríkjunum“ því, sem við vissum, að voru öruggar staðreyndir.

Þrátt fyrir strangar lögregluráðstafanir til að halda fórnardýrunum heima hjá sér fylltist Dnepropetrovsk af hungurðum bændum. Margir þeirra lágu í móki á járnbrautarstöðvunum, of veikburða til að betla. Börn þeirra voru ekki annað en beinagrind og uppþembdur kviður. Áður höfðu vinir og ættingjar í sveitunum sent matarböggla til borganna. Nú fóru sendingarnar í öfuga átt. En matarskammtar okkar voru svo litlir og ótryggir, að aðeins fáir þorðu að hætta á að láta af hendi af birgðum sínum.

Þar eð hungursneyðin geisaði samtímis því, að fyrsta fimmáraáætlunin hafði verið til lykta leidd á fjórum árum, voru blöðin full af gorti yfir „afrekum okkar“. En hinn háværi áróður gat þó ekki algjörlega yfirgnæft stunur hinna deyjandi manna. Sumum okkar fannst þessi hróp um hið nýja „sælulíf“ djöfullegt, hræðilegra en sjálf hungursneyðin.

Allt var komið undir hinni nýju uppskeru. Mundu hinir langsætnu sveitamenn hafa þrek og vilja til að skera upp og þreskja meðal milljónanna, sem voru að deyja?

Til að tryggja, að kornið yrði skorið upp, til að koma í veg fyrir, að samyrkjubændur í örvæntingu sinni legðu sér nýgræðinginn til munns, til að bjarga samyrkjubúunum frá því að fara í rústir vegna óstjórnar og til að berjast gegn andstæðingum samyrkjubúskaparins voru settar á stofn sérstakar stjórnmaladeildir í þorpunum, og voru í þeim tryggir kommúnistar: hermenn, embættismenn, sérfræðingar, menn frá NKVD og nemendur. Meira en hundrað þúsund manna her óbifanlegra flokksmanna, sem miðstjórnin hafði valið, var þannig dreift yfir héruð þau, sem samyrkjubúin voru í, og var það skylda þeirra að bjarga hinni nýju uppskeru. Ég var meðal þeirra, er boðið var út til þessa starfa.

Þrjú hundruð okkar frá hinum ýmsu flokksfélögum í borginni söfnuðumst saman í aðalstöð umdæmisnefndarinnar. Félagi Hatajevítsj, ritari nefndarinnar og einn af fremstu kommúnistum Úkraínu, hélt aðalræðuna. Hann dró ekki dul á þá erfiðleika, sem við mundum verða fyrir í sveitaþorpunum. Hvað eftir annað impraði hann á þeirri „flokksshreinsun“, sem ákveðin hefði verið seinna um árið. Þessi

bending var of greinileg til þess, að við gætum misskilið hana. Stjórn málaframi okkar í framtíðinni var komið undir árangri okkar eða mistökum í héruðunum, þar sem hungursneyðin geisaði.

„Trúmennska ykkar við flokkinn og félaga Stalín mun verða metin eftir starfi ykkar í sveitaþorpunum,“ sagði hann og fyllti okkur geig. „Það er ekkert rúm fyrir veikleika. Þetta er ekki starf fyrir heigla. Það krefst sterkra tauga og stálvilja. Flokkurinn tekur ekki gildar neinar afsakanir fyrir mistökum.“

Ég var sendur til Pjatíkhatskíj-sveitar með umboð frá umdæmisnefndinni í vasanum ásamt skólabróður mínum og vini, Júríj að nafni. Þegar við komum þangað, voru embættismennirnir orðnir mjög þreyttir á þeirri reynslu, sem þeir höfðu fengið. Við spurðum þá um nýju uppskeruna, en þeir gátu ekki um annað talað en dauðsoltinn almenning, taugaveikifaraldurinn og skýrslur, sem þeim höfðu borist um mannakjötsát.

Þeir játuðu, að það yrði að undirbúa uppskeruna og þreskingu hins nýja korns, en viljaprek þeirra var svo þorrið, að þeir vissu ekki, hvernig hefjast skyldi handa. Lögreglustöðvarnar og fangelsin voru troðfull af bændum úr nágrenninu, sem handteknir höfðu verið vegna þess, að þeir höfðu uppskorið korn ólöglega, — „skemmdarverk“ og „þjófnaður á rikiseignum“ var það nefnt í ákæruskjölunum.

Undir kvöld komum við að hinu stóra sveitaþorpi Petrovo. Þar ríkti óeðlileg þögn. „Það er búið að éta alla hundana, þess vegna er svona kyrrlátt hér,“ sagði bóndi, sem vísaði okkur leið til stjórnmaladeildarinnar. „Menn eru ekki mikið á ferli úti við, þeir hafa ekki orku til þess,“ bætti hann við. Þegar við höfðum talað við formann stjórnmaladeildarinnar, var okkur vísað til bóndakofa til gistingar um nóttina.

Kola með dauðu ljósi var eina lýsingin í húsinu. Gestgjafi okkar var ung bóndakona. Öll tilfinning, jafnvel sorg og ótti, virtist sogin úr horuðum andliti hennar. Andlit hennar var sem lifandi helgríma. Úti í horni, á mjóu rúmi, lágu tvö börn svo kyrr, að þau sýndust lífvana.

Aðeins augu þeirra voru með lífsmarki. Ég kipptist við, þegar augnaráð okkar mættist.

„Okkur þykir leiðinlegt að gera ónæði,“ sagði Júríj. „Þið skuluð ekki hafa neitt fyrir okkur, og snemma í fyrramálið förum við aftur.“ Hann talaði óvenjulega lágt, eins og hann væri í sjúkrastofu eða kirkjugarði.

„Þið eruð velkomnir,“ sagði unga konan. „Mér þykir aðeins leitt, að ég get ekki boðið ykkur neitt. Við höfum ekki átt brauðbita í húsinu í margar vikur. Ég á ennþá nokkrar kartöflur, en við þorum ekki að borða þær of fljótt.“ Hún grét hljóðlega. „Lýkur þessu nokkurn tíma, eða eiga börnin mín að deyja eins og hinir?“

„Hvar er maðurinn yðar?“ spurði ég.

„Það veit ég ekki. Hann var tekinn höndum og hefur sennilega verið rekinn í útleið. Faðir minn og bróðir voru líka reknir í útleið. Við höfum áreiðanlega verið skilin eftir hér til að deyja úr hungri.“

Júríj kvaðst ætla að fá sér að reykja og flýtti sér út. Ég vissi, að hann óttaðist að missa vald yfir sér og fara að gráta í viðurvist þessarar ókunnu konu.

„Látið ekki undan örvæntingunni,“ sagði ég við konuna. „Ég veit, að það er erfitt, en ef þér elskið börn yðar, þá gefist þér ekki upp í baráttunni. Komið með þau hingað að borðinu. Félagi minn og ég höfum dálítinn mat úr borginni, og þið skulið borða með okkur.“

Júríj kom aftur. Við lögðum allar matarbirgðir okkar á borðið og borðuðum aðeins lítið eitt sjálfir, svo að meira yrði handa hinum. Börnin horfðu undrandi á svínakjötsstykkið, þurrkaða fiskinn, teið og sykurinn. Þau borðuðu hratt og græðgislega, eins og þau óttuðust, að þetta hyrfi allt jafnskyndilega og það hafði birst. Þegar gestgjafi okkar hafði lagt börnin í rúmið, tók hún til máls.

„Ég ætla ekki að ræða við ykkur um dauðann,“ sagði hún. „Þið þekkið hann áreiðanlega. Að vera hálfdaður, allt að því daður, er ennþá verra. Það eru hundruð manna í Petrovo, sem eru uppþembdir af sulti. Ég veit ekki, hve margir deyja daglega. Margir eru svo máttvana, að þeir fara ekki lengur út fyrir dyr. Við og við ekur vagn um þorpið og safnar líkunum saman. Við höfum borðað allt, sem hönd á festi: ketti, hunda, hagamýs, fugla. Þegar birtir á morgun, getið þið séð, að búið er að flýsja börkinn af trjánum, því að hann hefur einnig verið étinn. Menn hafa líka lagt sér hrossatað til munns.“

Hún hlýtur að hafa séð á mér undrun og efa.

„Jú, hrossatað. Við berjumst um það. Stundum eru heil korn í því.“

Þetta var í fyrsta skipti, sem Júríj kom í sveitaþorp. Þar eð ég óttaðist, að þessi fyrstu kynni hans af skelfingunum legðust of þungt á hann, tók ég fram í fyrir konunni og stakk upp á því, að við öll færum að hátta. En hvorki Júríj né mér varð svefnsamt. Við vorum fegnir, þegar birti.

Þegar við komum í stjórnmaladeildina skömmu eftir sólarupprás, hittum við aðeins bústjórann frá ríkisbúinu þar. Það kom í ljós, að hann var gamall kunningi, nemandi frá landbúnaðarskólanum í Erastovka, og hann faðmaði mig hlýlega að sér. Ég spurði eftir samstarfsmanni hans, Jasha Gromov, sem hafði unnið með mér í verksmiðjunni fyrir nokkrum árum.

„Hann mun brátt koma hingað. Verður þú hér í Petrovo, eða heldur þú áfram?“

„Við eigum að fara dálitlu lengra,“ svaraði ég. „Við gistum hér aðeins í nótt til þess að kynna okkur ástandið. En mig langar til að biðja þig að gera mér greiða, félagi Bashmakov. Geturðu séð af dálitlu af mat?“

„Áttu við handa sjálfum þér?“

„Já, við skulum segja, að hann sé handa sjálfum mér. Auðvitað greiði ég þér hann.“

„Greiða mér! Hvaða máli skipta peningar? Komdu með heim. Ég á heima rétt hér hjá, og ég skal athuga, hvað ég get látið af hendi.“

Á leiðinni sagði hann: „Ég veit auðvitað, að þú ætlar matinn handa einhverjum fátækum vesalingum, og ég álasa þér ekki fyrir það. En félagi Kravtsjenko, þú munt

ekki gera neitt gagn, ef þú lætur meðaumkunina ná tökum á þér. Þú verður að læra að matast, þó að aðrir deyi úr sulti. Annars mun enginn verða til þess að koma uppskerunni í hús. Í hvert skipti, sem tilfinningar þínar ætla að sigrast á dómgreind þinni, verður þú að segja við sjálfan þig: „Eina ráðið til að binda endi á hungursneyðina er að bjarga nýju uppskerunni.“ Þú skalt ekki halda, að það hafi verið auðvelt fyrir mig að laga mig eftir aðstæðunum. Ég er engin skepna.“

Engu að síður gaf hann mér dálítið af svínakjöti, flösku með olíu, dálítið mjöl og lítinn poka af grjónum. Ég þakkaði honum og fór með böggulinn í hús það, sem við höfðum gist í. Unga konan varð of hrifin til þess að þakka mér fyrir þetta. Ég flýði þakklæti hennar, eins og í því fælist hræðileg ásökun.

Við Júrj gengum gegnum sveitaþorpið. Aftur vorum við daprir í bragði vegna hinnar óeðlilegu kyrrðar. Við komum brátt að auðu svæði, sem hafði áreiðanlega einhvern tíma verið torg. Júrj greip allt í einu svo fast í handlegginn á mér, að ég kenndi til. Á við og dreif á jörðinni lágu lík karla, kvenna og barna, og hafði verið breitt þunnt lag af skítugum hálmi yfir þau. Ég taldi seytján lík. Á meðan við stóðum þarna, kom vagn, og tveir menn hentu líkunum upp á vagninn, eins og þau væru eldiviður.

Á meðan Júrj fór til ríkisbúsins til að undirbúa brottför okkar, fór ég aftur til stjórnmaladeildarinnar til að tala við Gromov. Hann varð mjög glaður við að sjá mig. Sérhver gestur frá hinni einkennilegu veröld handan við hungursneyðarsvæðið var kærkomin áminning um, að enn væri sums staðar lifað eðlilegu lífi. Hann fór með mig til ríkisbúsins. Það var bú, sem var að öllu leyti rekið af stjórninni, og bændurnir unnu þar fyrir kaup, en á samyrkjubúunum ráku bændurnir hins vegar búskapinn í félagi.

„Jasha,“ sagði ég, á meðan við gengum yfir akra með hálfþroskuðu hveiti og byggi, „ég kom á torgið í morgun og ...“

„Já, ég veit það, Vítja. Hversu mörg voru þau í morgun? Aðeins seytján? Suma daga eru þau fleiri. Hvað getum við gert annað en að safna saman líkunum og grafa þau? Sjáðu til, stjórnin pínir allt kornið út úr þeim síðastliðið haust. Það litla, sem þeir fengu fyrir vinnu sína eða þeim tókst að leyna, er fyrir löngu þrotið. Allt er þetta sorglegt og hræðilegt. Komdu heim með mér, svo að við getum talað saman. Ég hef lengi orðið að vera einn með hugsanir mínar.“

Hungurdauðinn er tilbreytingarlítið umræðuefni. Tilbreytingarlítið og endurtekið í sífellu. Það er ömurlegt að nota almenn orð til að lýsa þessari djöfullegu staðreynd. Það, sem Jasha sagði mér, var, þegar öllu var á botninn hvolft, aðeins það, sem bóndakonan hafði sagt mér kvöldið áður, og það, sem ég hafði séð með eigin augum á torginu. Ég var þegar farinn að venjast þessu andrúmslofti skelfingarinnar. Ég var farinn að þroska með mér innri mótstöðu gegn staðreyndunum, sem höfðu lamað mig fyrir ekki lengri tíma en í gær.

Við töludum lengi saman. Gromov lýsti mönnunum, sem ég átti að starfa með í þeim sveitaþorpum, sem mér hafði verið skipað að starfa í, og lofaði að hjálpa mér

allt hvað hann gæti. Hann veifaði í kveðjuskyni til okkar Júríj, þegar við ókum burt í tvíhjóla vagni, sem ríkisbúið hafði lánað okkur.

Sólin var að setjast, og himinninn var blóðrauður. Gamli maðurinn, sem ók vagninum, talaði við hestana sína. „Áfram, litlu fálkarnir mínir! Við skulum mjakast úr sporunum, augasteinarnir mínir!“ Ég gaf honum vindling. Honum létti sýnilega við hið góða tóbak, því að hann þreifaði undir sætinu, kom fram með reyrflautu og fór að leika á hana dapurleg úkraínsk þjóðlög.

„Þér virðist una lífinu vel, gamli minn,“ sagði Júríj.

„Ójá, við lifum eins og greifar hér í sveitinni. Það eru til einar buxur handa hverjum tveimur, og allir lifa, þangað til þeir deyja. Enginn er fátækur, enginn er ríkur, allir eru betlarar. Jæja, fálkarnir mínir, mjakið ykkur nú upp þessa brekku! Sýnið borgarbúunum, hvað þið getið, litlu hestarnir mínir!“

„Og hver eruð þér, maður minn?“ spurði ég.

„Allir þekkja mig. Þegar ég bjó á óðalsjörð minni og hafði nóg að borða, var ég kallaður Kúzma Ívanóvtj. Nú, þegar ég er ekill, kalla þeir mig aðeins Kúska. Ég á ekki annað eftir en þessa flautu, og þess vegna spila ég á hana. Konan mín dó úr hungri síðastliðinn vetur. Dóttir mín er gift og vinnur í námunum. Tvo syni mína og fjölskyldur þeirra sendu félagarnir til Síberíu, ... erindreka kúlaðkanna. En þegar þeir sáu, að ég er gamall maður og meinlaus, veittu þeir mér ekilsstöðu á ríkisbúinu. Lengi vildu þeir ekki taka við mér, af því að þeir héldu, að ég myndi vinna eitthvert tjón á jörðinni. En hvers vegna ætti ég að eyðileggja eitthvað? Ég er þegar kominn með annan fótinn niður í gröfina.

Ég geri allt, sem þeir segja mér, og eina gleði mín í lífinu eru þessir hestar. Ég hirði þá vel. Auðvitað eru þeir eign ríkisins, en ég læt sem ég eigi þá. Þeir eru eina fjölskyldan, sem ég á eftir. Ég fódra þá og kembi þeim og tala við þá. Þeir skilja mig — hvert orð, sem ég segi. Gagnvart hestunum mínum er ég enn Kúzma Ívanóvtj, ekki aðeins Kúska. Nú óska ég þess eins að verða grafinn við hliðina á gömlu konunni minni, þegar röðin kemur að mér. Ég hef beðið góða menn að muna það, og þeir hafa lofað því. Þið getið þess vegna séð, að ég þarf ekki að hafa áhyggjur af neinu.“

Hann fór aftur að leika á flautuna.

Það var komið kvöld, þegar hann nam staðar við stjórnmaladeildina í því þorpi, sem var ákvörðunarstaður okkar. Hún var til húsa í ágættri byggingu, sem var við endann á malargötu með espitrjám á báða vegu. Inn í húsinu biðu nokkrir embættismenn eftir okkur. Þeir tóku vingjarnlega á móti okkur. Þegar við höfðum heilsast og kynnt okkur hver fyrir öðrum, fórum við með þeim í hús það, sem næstæðsti maðurinn bjó í. Húsið var þrífalegt, og kvöldmaturinn var góður og nægur, þó að hann væri óbrotinn.

Þegar við sátum umhverfis matborðið í hinni þægilegu birtu steinolíulampans, var erfitt að hugsa sér, að sulturinn og dauðinn ríktu í húsunum í kring. Ég virti

fyrir mér þessa menn, sem ég átti að vinna með, og það var auðséð, að þeir athuguðu mig einnig gaumgæfilega.

Yfirmaður stjórnmaladeildarinnar, Somanov, var undirofursti í stórskotaliðinu. Hann var maður lágur vexti, en þekinn, um fertugt, með rólegt og vingjarnlegt andlit. Mér féll hann strax vel í geð. Aðstoðarmaður hans, gestgjafi okkar, var stjórnandi málmvöruverksmiðju í Donetsk-dal. Hann var vel til fara, hávær, talaði í sífellu og kunni mikið af skemmtilegum sögum. Annar aðstoðarmaðurinn var ungur liðsforingi úr GPÚ, dökkhærður, laglegur piltur, sem talaði fátt, en hlustaði af athygli á aðra. Fjórti liðsmaður stjórnmaladeildarinnar var ritstjóri, ættaður úr fæðingarhéraði mínu.

Við athuguðum allir hver annan gaumgæfilega. Mér tókst að minnast eins og af tilviljun á áhrifaríka vini mína og gat jafnvel komið því að, að ég væri sjálfur kunnugur Ordzhoníkídze þjóðfulltrúa. Þegar ég nefndi nöfnin á kunningjum mínum í GPÚ í fæðingarborg minni, rétti hinn ungi liðsforingi í GPÚ ósjálfrátt úr sér og hlustaði af athygli. Hvað sem ég kynni að eiga í vændum, veitti mér ekki af öllu því stjórnmalááliti, sem ég gæti áunnið mér, til að komast óskaddaður út úr því.

Eftir kvöldmatinn héldum við reglubundinn viðræðufund. Okkur Júrj var sagt frá áætlunum, og við fengum bendingar um, hvernig hinir ýmsu embættismenn samyrkjubúanna, sem við áttum að bera ábyrgð á, væru. Sem betur fór virtist góð spretta í þessu héraði. Hlutverk okkar var að bjarga uppskerunni og sjá um, að stjórnin fengi hlut sinn óskertan. Uppskeran átti að hefjast í síðasta lagi 1. september. Þó að hver okkar um sig hefði umsjón með sérstöku svæði, kom sameiginleg ábyrgð okkur til að hafa nána samvinnu.

Morguninn eftir bauð félagi Somanov mér inn í einkaskrifstofu sína. „Þér hafið meiri reynslu í landbúnaði en flestir aðrir erindrekar yfirvaldanna, og það er gott,“ sagði hann. „En mig langar til að vara yður við. Þér munuð verða að horfa á geysilegar þjáningar, og þér verðið að taka ákvarðanir um starf yðar einn og óstuddur. Ég ætla mér ekki þá dul að segja yður, hvernig þér eigið að haga yður. En þetta langar mig til að segja yður: Látið ekki hugfallast, þér gerið hvorki sjálfum yður né öðrum gagn með því. Gerið það, sem þér teljið nauðsynlegt, og berjið niður alla afskiptasemi. Ef þér framkvæmið áætlunina á yðar svæði, mun allt verða yður fyrirgefið. Ef ekki, ... já, þá þekkjum við allir afleiðingarnar. Ég skal aðstoða yður eftir mætti. Formennirnir á samyrkjubúunum og oddviti ráðsins í sveitaþorpinu bíða komu yðar. Ég óska yður góðrar ferðar!“

Við Júrj vorum innan skamms komnir aftur á ferð. Sveitaþorp þau, sem hann átti að hafa umsjón með, voru hér um bil þrettán kílómetra frá mínum. Þegar við komum til Logína, sem átti að vera aðaladsetursstaður minn, fór ég út úr vagninum við ráðhúsið í þorpinu, en Júrj hélt einn áfram leiðar sinnar.

Aðalskrifstofur ráðsins voru litlar, en hreinlegar. Ráðið sat á fundi, þegar ég kom. Er ég hafði kynnt mig og sýnt umboðsskjal mitt sem fulltrúa stjórnmaladeildarinnar og umdæmisnefndarinnar, sagði ég ráðsmönnunum að halda áfram fundinum.

Oddviti ráðsins hét Belóúsov, og það var auðséð, að hann bar mikla lotningu fyrir flokksritaranum í þorpinu, félagi Kobzar. Yfirmaður dráttarvélastöðvarinnar, Karas, var líka þarna.

„Félagi Kravtsjenko, nú berið þér ábyrgðina. Gerið svo vel og takið að yður stjórn fundarins,“ sagði Kobzar.

„Nei, nei, haldið aðeins áfram, ég ætla aðeins að hlusta á, ef þið hafið ekkert á móti því. Frá þessari stundu, félagar, er ekki neitt, sem heitir „við“ eða „þið“. Við verðum að vinna saman. Þið þekkið verkefnin hér betur en ég, og ég verð að fá að njóta aðstoðar ykkar. En þar eð ég ber ábyrgðina, verð ég auðvitað að taka loka-ákvarðanirnar. Mig langar til þess að halda fyrsta fund minn með ykkur á morgun, og ég treysti því, að þið komið allir á hann og hafið þá með ykkur nauðsynlegar upplýsingar. Sérstaklega óska ég þess, að allir formenn samyrkjubúanna komi með vinnuáætlanir sínar. Haldið svo áfram með það, sem þið voruð að ræða um.“

Þeir héldu fundinum áfram. Formenn samyrkjubúanna töluðu hver á eftir öðrum. Þeir lögðu áherslu á, ef bændur þeirra fengju ekki mat, að þá myndu þeir ekki hafa orku til að skera upp kornið.

„Menn mínir eru að svelta í hel,“ sagði einn þeirra. „Þeir, sem uppþembdir eru, liggja í húsunum hér í kring. Við verðum að strika þá út sem vinnuafli. Margir munu heldast úr lestinni eða deyja, áður en til uppskerunnar kemur. Hvað eigum við að taka til bragðs?“

Belóúsov og Kobzar svöruðu með almennum orðum og vitnuðu til flokksfyrirskipana. Ég hafði á tilfinningunni, að þeir væru ruglaðir, að málin færu í handaskolum hjá þeim og þeir væru í raun og veru áhugalausir. Ég sagði við sjálfan mig: „Að því er virðist verð ég frekar að treysta á bændurna sjálfa en þessa embættismenn.“ Það var ljóst, að starfsmenn flokksins og ráðsins voru orðnir of vanir hungursneyðinni og sigrast yrði á tilfinningaleysi þeirra, ef hægt ætti að vera að bjarga uppskerunni.

„Komið heim með mér, og gistið hjá mér,“ sagði Belóúsov, þegar fundinum lauk. „Þér hljótið að vera þreyttur eftir ferðina. Ég held, að ég geti einhvers staðar grafið upp smátár til að hressa yður.“

„Það myndi gleðja mig, ef þér vilduð koma með mér,“ skaut einn af formönnum samyrkjubúanna inn í. „Ég heiti Tsjadaj. Ég hef fátt í heimili, og þér getið fengið herbergi til afnota fyrir yður einan.“

Ég ákvað strax að taka boði Tsjadajs. Mér fannst, að því nær sem ég væri samyrkjubúunum, því betra. Ég kvaddi þá alla með handabandi og fór með Tsjadaj, sem var látlaus, gáfaður, miðaldra maður og kom vel fyrir sjónir. Formaður annars samyrkjubús, Demtsjenko, varð okkur samferða.

„Já, félagar,“ sagði ég brosandí, þegar við komum til búsins, „við skulum líta á útihúsin fyrst. Það hefur mér verið kennt. Áður en þú ferð að háttu, var afi gamli í Aleksandrovs vanur að segja, gættu þá að, að hugsað hafi verið um kýrnar og hestana.“

„Þér eruð af bændakyni?“

„Ekki beinlínis það, félagi Demtsjenko, en ég hef verið lengi í sveit.“

Við ljósið frá ljóskerinu sá ég, að hestarnir stóðu við stallinn, en höfðu ekkert fóður. Auk þess var hesthúsið ekki sérlega þrífalegt.

„Óþokkinn sá arna,“ hrópaði Tsjadaj með uppgerðar vandlætingu, „nú hefur hann aftur svikist um að hreinsa til í hesthúsinu! Sá skal fá að kenna á því á morgun!“

„Ég veit ekki, hver á að vinna verkið,“ sagði ég. „En eftir minni skoðun ættuð þér heldur að láta sjálfan yður kenna á því. Þér eruð formaður, og ef eitthvað fer aflaga, er það yður að kenna. Við það er átt með orðinu stjórn.“

„Þér hafið áreiðanlega rétt fyrir yður,“ játaði Tsjadaj stillilega. „En það er nú ekki svo auðvelt. Þegar menn eru svangir, geta þeir ekki unnið. Þeir geta ekki haft hugann við verkið.“

„Nei,“ samþykkti Demtsjenko, „það er ekki svo auðvelt. Jæja, góða nótt, við sjáumst á morgun.“

Þegar ég kom inn í húsið, hitti ég konu Tsjadajs og börn. Þó að þau væru öll mögur og visin, var auðséð, að ástandið hjá þeim var ekki eins slæmt og hjá flestum bændunum.

„Félagi Tsjadaj, segið mér, ekki sem opinber embættismaður, heldur í trúnaði, hvernig fólkinu líður hér,“ sagði ég. „Hvaða áætlanir hafið þér gert um uppskeruna? Hvernig er ástand vélanna? Leynið engu. Verið hreinskilinn við mig, því að við höfum þarna sameiginlegra hagsmuna að gæta, þegar öllu er á botninn hvolft.“

„Ég veit ekki, hvar ég á að byrja, félagi Kravtsjenko. Sprettan er ekki slæm. Vélarnar eru í lagi, þó að skortur sé á sumum varahlutum. En án þeirra getum við ekkert gert.“

„Semjið skrá handa mér um það, sem vantar, og ég skal senda hana til stjórn-máladeildarinnar í Petrovo.“

„Ég þakka yður fyrir, það kemur sér vel. Annað, sem er illt í efni með, eru hestarnir. Við höfum ekkert fóður. Ef við aðeins gætum fengið dálítið af höfrum. ... Auðvitað gætum við slegið dálítið af nýja korninu, en það er stranglega bannað.“

„Ef þér álítið, að engin önnur úrræði séu til, þá gerum við það, hvort sem það er bannað eða ekki,“ sagði ég. „Ég tek á mig alla ábyrgðina. Það skal verða fyrsta verkið, sem við vinnum á morgun. Hvað getum við gert án hesta? Og ef við höfum enga hafra, munum við brátt ekki hafa neina hesta.“

„Ég er hræddur um, að Belóúsov og Kobzar samþykki það aldrei,“ sagði Tsjadaj í viðvörðunarskyni.

„Ég skal sjá um þá.“

„Síðast og ekki síst, félagi Kravtsjenko, er fólkið sjálft. Það deyr eins og flugur. Eða það er of máttvana og uppþembt til að geta hreyft sig. Hver á að skera upp kornið? Ég þrabað ráðið um að lána okkur dálítið af korni. Að lokum sendu þeir okkur þrettán púd. En ég er hvorki Móses eða Jesús, og ég get ekki mettað þúsundir manna með þrettán púd. Ég segi yður, félagi, að ég hef séð blóð og dauða, þegar ég

var hermaður, en aldrei neitt eins hræðilegt og það, sem er að gerast hér í þorpinu mínu.“

Því næst horfði hann beint í augu mér. Vonarneisti braust í gegnum dapurleika hans.

„Félagi fulltrúi, ef þér viljið fá kornið skorið upp, verðið þér fyrst að bjarga þessum mönnum frá hungurdauða. Auk þess afber ég ekki lengur að sjá alla þessa eynd. Ég get bókstaflega ekki þolað það lengur!“

„Ég get ekki lofað yður neinu, félagi Tsjadaj, öðru en að reyna. Á morgun skulum við fara snemma á fætur og ganga hús úr húsi. Ég vil sjá allt með eigin augum, áður en ég ákveð, hvað gera skuli.“

Það, sem ég sá þennan morgun, þegar ég gekk hús úr húsi með Tsjadaj, var svo hræðilegt, að ómögulegt er að lýsa því. Á vígvellinum deyja menn fljótt. Þeir berjast sjálfir, og ábyrgðartilfinningin og félagshneigðin styrkja þá. Hér sá ég menn deyja einmana, hægt og hægt, deyja ógeðslega, án þeirrar afsökunar, að þeir fórnðu sér fyrir málstað. Þeir höfðu verið veiddir í gildru og ofurseldir hungurdauðanum, hver á sínu heimili, með stjórnmálaákvörðun, sem tekin hafði verið í fjarlægri höfuðborg umhverfis fundarborð og veisluborð. Þeir höfðu ekki einu sinni þá huggun, sem felst í því óumflýjanlega, til að draga úr hörmungunum.

Hræðilegast var að sjá litlu börnin, með útlími eins og beinagrindur, sem hengu frá útblásnum kropp. Sulturinn hafði máð allan æskusvip af andlitum þeirra og breytt þeim í skelfilegar grímur. Aðeins í augum þeirra var ennþá svipur, sem minnti á, að þau væru börn. Alls staðar rákumst við á menn og konur, sem lágu með bólgin andlit, uppþembda kviði og algjörlega tjáningarlaus augu. Við drápum á dyr á húsi einu, en enginn svaraði. Við börðum aftur. Kvíðafullur hratt ég hurðinni upp, og við gengum í gegnum þröngt anddyrið inn í eina herbergið í húsinu. Hið fyrsta, sem ég kom auga á, var dýrtingalampi, sem hékk fyrir ofan breitt rúm, því næst sá ég lík miðaldra konu, sem lá þar á rúminu með krosslagða handleggji á brjóstinu, í hreinni, ísaumaðri, úkraínskri treyju. Við fótagaflinn stóð gömul kona og rétt hjá henni tvö börn, drengur um það bil ellefu ára gamall og stúlka hér um bil tíu ára. Börnin grétu hljóðlega og endurtóku í sífelli tilbreytingarlaus: „Mamma, elsku mamma.“ Ég leit í kringum mig og kom auga á hreyfingarlausan, uppþembdan líkama karlmanns, sem lá uppi á ofninum.

Það, sem gerði það að verkum, að þessi sýn minnti mig á martröð, var ekki líkið í rúminu, heldur ástand þess fólks, sem ennþá var lifandi. Fótleggir gömlu konunnar voru ótrúlega gildir vegna bjúgs, og maðurinn og börnin voru sýnilega alveg að dauða komin úr hungri. Ég hraðaði mér burt, og ég blygðaðist mín fyrir, hve mjög ég flýtti mér.

Í næsta húsi hittum við mann um fertugt, sem sat þar á bekk og var að gera við skó. Andlit hans var þrútið. Snotur drengsnáði, sem var ekki annað en skinnið og beinin, sat og las í bók, og skinhoruð kona var önnum kafin við ofninn.

„Hvað eruð þér að elda, Natalka?“ spurði Tsjadaj hana.

„Þér vitið, hvað ég er að elda,“ svaraði hún, og það var heiftarleg grimmd í rödd hennar.

Tsjadaj togaði í ermina á mér, og við gengum út.

„Hvers vegna varð hún svona reið?“ spurði ég.

„Vegna þess — ég fyrirverð mig fyrir að segja yður það, Víktor Andrejevítsj... Hún var að sjóða hrossatað og arfa.“

Mér datt fyrst í hug að snúa aftur til hússins og láta þetta ekki viðgangast, en Tsjadaj aftraði mér. „Ég bið yður að gera það ekki. Þér þekkið ekki tilfinningar manna, þegar þeir eru að deyja úr hungri. Hún gæti drepð yður í örvæntingu sinni, ef þér tækjuð af henni það, sem hún hafði í pottinum.“

Þegar við höfðum komið á tylft heimila, lét ég undan bón Tsjadajs og hætti eftirlitsförinni. „Það er alls staðar eins. Nú vitið þér nóg,“ sagði hann.

Mér var ljóst, hvað ég ætti að gera. Ástandið var allt of ömurlegt, til þess að nokkurt kák dygði. Ég ætlaði ekki að taka tillit til laga og fyrirskipana, hvaða afleiðingar sem það kynni að hafa fyrir sjálfan mig. Ef mér tækist ekki að koma þessum bændum til heilsu aftur, þá myndi allt vera glatað. Þegar ég kom aftur til heimilis Tsjadajs, skrifaði ég bréf til félaga Somanovs, yfirmanns stjórnmaladeildarinnar, og sendi það með sérstökum boðbera. Um kvöldið kom boðberinn aftur með svarið:

„Mér er alveg ljóst, hvernig ástandið er. Ég bið yður alvarlega um að hugsa málið betur og athuga allar aðstæður. Það, sem þér stingið upp á, er alvarlegt brot á ákveðnum fyrirskipunum okkar. En ef þér sjáið engin önnur úrræði, þá verðið þér að gera það, sem þér teljið nauðsynlegt. Ég skal reyna að hafa upp á einhverju korni handa yður, en ég hef litla von um, að það takist.“

Ég var ánægður með svarið. Hann neitaði að minnsta kosti ekki. Það, sem ég stakk upp á, var að skera upp dálítið af höfrum til að fõðra hestana og slá dálítið af byggi á jöðrum akranna handa íbúunum. Slík uppskera fyrir tímann var nefnd í *Ízvestíja*, sem lá fyrir framan mig, „þjófnaður ríkiseigna“ og „skemmdarverk kúlakka“. Bændur voru teknir höndum og reknir í útleð fyrir þess konar „glæpi“.

Á hinu samyrkjubúinu var ástandið að mestu leyti hið sama. Sumir bændanna áttu enn kýr, en skiluðu allri mjólkinni til ríkisrjómaþúsins. Jafnvel fólkið, sem enn var á ferli, var máttlítið, silalegt og örvæntingarfullt.

Ég bað Tsjadaj og Demtsjenko um að ná í kennarana tvo við þorpsskólann, lækninn, sem var kona, og nokkrar greindustu og duglegustu stúlkurnar frá samyrkjubúunum. Jafnframt gerði ég boð eftir Belóúsov, Kobzar og Karas. Þegar þau voru öll komin saman, sátu þau eftirvæntingarfull og veltu því fyrir sér, hvaða töfrabroð ég ætlaði að leika. Sum þeirra, einkanlega Kobzar, gátu ekki leynt vantrú sinni.

„Félagar, ég hef beðið ykkur um að koma hingað, einkanlega konurnar,“ hóf ég mál mitt, „af því að ég þarfnast ráða ykkar. Það gleður mig, að oddviti ráðsins, flokksritarinn og stjórnandi dráttarvélastöðvarinnar eru líka viðstaddir. Ég hef

gengið hús úr húsi og þekki ástandið. Það, sem mér þykir hræðilegast, er ástand barnanna. Hvernig er hægt að ætlast til þess, að fólk vinni, þegar börn þess eru að deyja úr hungri heima? Tsjadaj segir mér, að nokkur hús í þorpinu standi auð. Fyrirætlun mín er þessi: Ég ætla að biðja ykkur konurnar að taka til í þeim, þvo þau vandlega og gera þau íbúðarhæf. Við skulum byrja á börnunum. Þau eiga að dveljast í þessum húsum, þar til uppskerunni er lokið. Safnið þeim saman, klippið hár þeirra, baðið þau, og bólusetjið þau gegn taugaveiki. Ég veit, læknir, að þér hafið nauðsynleg lyf til þess. Setjið nokkur borð upp í görðum húsa þessara, og útvegið stóra katla til að sjóða mat í. Eruð þið fús til að rétta hjálparhönd?“

„Já, víst erum við það,“ hrópaði ein konan. „En hvaðan ætlið þér að fá mat?“

„Það ætla ég að segja ykkur seinna. Fyrst ætla ég að spyrja ykkur um, hvern þið álítið áreiðanlegastan til að hafa eftirlit með börnunum af ykkar hálfu.“

„Kononenko,“ hrópuðu nokkrir. „Ívan Petrovítsj ... kennarann.“

„Ívan Petrovítsj,“ ég sneri mér til gamla mannsins, þegar mér var vísað á hann, „þar sem fólk treystir yður, ætla ég líka að gera það. Þér takið að yður að stjórna málefnum barnanna. Fáíð yður aðstoð, og þér getið örugglega treyst á hjálp mína. Ef einhver reynir að skipta sér af málefnum yðar, þá segið mér frá því.“

„Ég er óðfús til starfa,“ sagði kennarinn, „og hví skyldi ég ekki vera það? Þetta er mitt fólk. Ef þér aðeins sjáið um mat, þá skal ég sjá um allt annað.“ Rödd hans var grátklökk.

„Þakka yður fyrir, Ívan Petrovítsj. Byrjið að starfa, og gerið ráð fyrir því, að maturinn komi. Ég lofa því hátíðlega.“

Ég lét alla fara nema embættismennina. Ég fór með þá inn í annað herbergi og lokaði dyrunum.

„Félagar, við skulum nú snúa okkur að málinu,“ sagði ég. „Verið ekki óttaslegnir af því, sem ég ætla að segja ykkur. Ég þekki fyrirskipanirnar eins vel og þið, ef til vill betur. Þrátt fyrir það ætla ég að leyfa samyrkjubændunum að skera hafra upp til að fódra hestana. Ég ætla einnig að leyfa þeim að slá strax dálítið af byggi á jöðrum akranna og á þeim stöðum, þar sem það er þegar orðið þroskað. Byrjið þreskinguna þegar í stað, og þreskið nægilega mikið til að afhenda hverri fjölskyldu eitt kíló af grjónum á dag. Og aukið skammtinn hægt, svo að fólkíð verði orðið nægilega hraust til að vinna, þegar uppskeran byrjar. Látið Ívan Petrovítsj fá svo mikið af hinu nýja byggi, að hann geti séð um börnin. Ég leyfi ykkur einnig að slátra nægilega miklu af svínum samyrkjubúanna til að geta látið börnin fá dálítið af kjöti og feiti með bygggrjónunum.“

Á meðan ég var að tala, kom efasemdarsvipur á andlit embættismannanna, sem fljótt breyttist í skelfingarsvip. Augu þeirra sögðu greinilegar en nokkur orð: Er maðurinn orðinn vitlaus? Ætla hann að láta skjóta okkur alla og sjálfan sig líka?

„En félagi Kravtsjenko, ...“ sagði Kobzar.

„Hér er ekkert til, sem heitir „en“. Gerið það, sem ég segi. Ég tek á mig alla ábyrgð.“

„Það er skylda mín að tilkynna stjórnmaladeildinni þetta,“ hrópaði Belóúsov og stóð upp.

„Nei, félagi Belóúsov,“ sagði yfirmaður dráttarvélastöðvarinnar mér til hjálpar. „Þetta er skakkt hjá yður. Ef hinn löggilti fulltrúi umdæmisnefndarinnar gefur einhverjar fyrirskipanir, veit hann, hvað hann gerir, og okkar er að þegja.“

„Ég banna ykkur ekki að tilkynna þetta hverjum sem þið viljið,“ sagði ég. „Þið hafið rétt til þess, en ef þið framkvæmið ekki fyrirskipanir mínar, þá læt ég ykkur sæta ábyrgð. Hvað yður viðvíkur, félagi Kobzar, þá skuluð þér gjalda það með flokksskírteini yðar, ef þér sjáið ekki um, að fyrirætlanir mínar verði framkvæmdar tafarlaust. Meira hef ég ekki að segja, félagar.“

Þegar við gengum út, hver í sínu lagi, fann ég, að tekið var í hönd mína í þakk-lætisskyni. Það var Tsjadaj.

Því næst kom Demtsjenko til mín. „Ég mun hjálpa yður, þó að það kosti mig lífið,“ hvíslaði hann hástri röddu. „En fyrst þér hafið nú tekið af skarið, hvernig væri þá að líta inn í birgðaskemmu samvinnubúðarinnar? Komið, ég skal kynna yður fyrir Makarenko, forstjórann.“

Verslunin var óhreín og vanhirt. Hillurnar voru tómar að öðru leyti en því, að í þeim voru gipslíkón af Stalín og hlaðar af steinprentuðum myndum af öðrum leiðtogum. Makarenko var þýlyndur, smáfaxinn maður, feiminn og ísmeygilegur. Ég sagði honum í stuttu máli frá ákvörðun minni um að sjá um mat handa börnunum og bað hann um að hjálpa mér.

„Ég veit, að þér hafið falið eitthvað af matvælum. Þér verðið að afhenda þau. Jafnskjótt og uppskeran er komin í hús, skuluð þér fá þau endurgreidd í korni, og enginn mun bíða neitt tjón við það.“

Litli maðurinn varð óttasleginn. Hann var á báðum áttum um það, hvort hann ætti heldur að hlýða fyrirskipunum yfirboðara sinna eða eiga það á hættu að móðga mig sem umboðsmann flokksins.

„Já, félagi, ég á eitthvað dálítið af salti, sykri, hér um bil tíu púd af grjónum, dálítið af reyktum fiski og lítils háttar af sápu. Ef forstjórar samyrkjubúanna undirskrifa loforð um að borga það með korni og heyi, þá samþykki ég að láta það af hendi. En fyrst verð ég að fá leyfi frá umdæmisskrifstofunni. Ég mun svara yður á morgun. En mig langar til að gefa yður gott ráð. Hvers vegna ekki að reyna að fá eitthvað frá rjómabúinu?“

„Hvað eigið þér við?“

„Hann á við staðinn, þar sem við afhendum alla mjólkina okkar,“ sagði Demtsjenko til skýringar. „Þeir framleiða þar smjör til útflutnings úr henni.“

„Til útflutnings?“

„Já, félagi Kravtsjenko — til útlanda. Það er sett í umbúðir með óskiljanlegum erlendum orðum á. Sjáið þér til, sulturinn hér heima og verslunin við útlönd eru sitt hvað.“

„Jæja, vísið mér leiðina.“

Rjómabúið lá fyrir utan þorpið. Stjórnandi þess var flokksmaður, vingjarnlegur, en mjög vansæll. Hann gekk með mér og sýndi mér bygginguna. Í einu herbergjanna var smjórið skorið í töflur og sett í umbúðir með enskri áletrun: USSR, BUTTER EXPORT.

„Ég veit, að bændurnir svelta,“ sagði rjómabússtjórinn. „Hugsunin um, að þetta smjör sé étið af vel öldum útlendingum, stingur mig eins og rýtingur. En hvað á ég að gera? Ég hef mínar fyrirskipanir. Ég er langt á eftir áætlun, og mér verður vafalaust refsað. Bændurnir stela mjólkinni, — þeir svelta. Og kýrnar mjólka lítið vegna þess, að þær fá ekki nægilegt fóður.“

„Þér verðið að hjálpa mér þrátt fyrir það,“ sagði ég. „Börnin verða að fá mat. Það hljóta að vera einhverjar aukaafurðir við smjörgerðina, sem við getum notað.“

„Það er hægara sagt en gert. En ég verð ekki aðeins eins og Makarenko að framkvæma áætlanir yfirmanna minna, heldur einnig að sjá embættismönnum í þorpinu fyrir mat. Þeir fá allir, Kobzar, Belóusov og hinir mörgu starfsmenn þeirra, mjólk og smjör frá mér.“

„En frá deginum í dag á að afhenda allar áfir til barnaheimilisins,“ sagði ég.

„Ég er fús á að gera það, að því áskildu, að yfirmenn mínir leyfi það.“ Hann þagnaði, eins og hann væri að safna saman öllu því hugrekki, sem hann átti til. „Nei, ég ætla ekki að spyrja neinn. Segið aðstoðarmönnum yðar að sækja áfirnar á morgun. Ég á líka börn.“

Reiðin sauð í mér, þegar ég sneri aftur til þorpsins. Að senda smjör til útlanda, meðan hungursneyðin geisadi! Ég sá í huganum menn í Lundúnum, Berlín og París vera að gæða sér á smjöri, stimpluðu með vörumerki Ráðstjórnarríkjanna. „Þeir hljóta að vera birgir, fyrst þeir geta flutt út smjör,“ heyrði ég þá segja. „Hérna er sönnunin fyrir því, hvernig sósíalisminn reynist.“ Þegar ég ók gegnum akrana, heyrði ég engan af hinum fallegu úkraínsku söngvum, sem mér þótti svo vænt um. Þetta fólk hafði gleymt að syngja. Ég heyrði aðeins stunur hinna deyjandi og kjams hinna feitu útlendinga, sem neyttu smjörsins okkar. ...

Þegar ég kom að ökrum samyrkjubúanna, sá ég, að verið var að slá hafra og bygg. Í sveitaþorpunum hafði mörg hundruð börnum verið safnað saman í garðana, og var þar verið að þvo þau og snyrta. Ívan gamli Petrovítsj stjórnaði verkinu og hafði um það bil tuttugu menn og konur sér til aðstoðar. Kona Tsjadajs, sem ég bjó hjá, var meðal kvennanna, sem voru önnur kafnar við að hvítþvo húsin. Beiskar hugsanir mínar viku fyrir ástinni á þessu óbrotna fólki. Ég hafði séð það sárgramt undir svipum og byssum. Nú sá ég það ákaft og fórnfúst vinna saman, án þess að nokkrar hótanir væru hafðar í frammi.

Á meðan við sátum við kvöldborðið, kom hestasveinn til þess að segja Tsjadaj, að einn af hestunum hefði verið að drepast. Tsjadaj skipaði honum að flá hestinn og aka hræinu langt út fyrir bæinn, hella steinolíu á það og þekja það með óleskjuðu kalki. Hann skýrði fyrir mér, að hann gerði þessar ráðstafanir til þess, að svangt fólk úr þorpinu legði ekki hið skemmda kjöt sér til munns. Seinna komu skólakennarinn

og lækknirinn og kváðu starf sitt ganga vel. Nýslegna byggið væri þurrkað á ofni, og á morgun myndu börnin fá fyrstu góðu máltíðina. Nokkrum svínum hafði verið slátrað.

„Við höfum heyrt um áfirnar,“ sagði Ívan Petrovítsj, „en það er ekki nóg. Sum börnin eru svo aðframkomin. Við verðum að fá dálítið af mjólk.“

Ég hugsaði mig um andartak. Ég var þegar sokkinn svo djúpt í brot á fyrirskipunum og „kúlakkaskemmdarverk“, að ég gat eins vel haldið áfram.

„Tsjadaj,“ sagði ég, „ég skipa yður hér með sem opinber starfsmaður í viðurvist þessara vitna að afhenda ekki meiri mjólk til þeirra embættismanna, sem til þessa hafa fengið hana, og að halda eftir þriðja hluta af allri framleiðslunni handa barnaheimilinu. Segið Demtsjenko, að sama regla gildi um samyrkjubú hans.“

Þegar ég var háttaður um kvöldið, hugsaði ég um þessa nýju sérréttindastétt í sveitaþorpinu, starfsmenn flokksins og ráðsins, sem fengu mjólk og smjör og aðra matvöru frá kaupfélagsbúðinni, á meðan allir í kringum þá sveltu. Þeir hlýddu í undirgefni öllum fyrirskipunum stjórnarinnar, án þess að láta sig nokkru varða þjáningar almennings. Það var hræðilegt að sjá, hvernig sérréttindin verkuðu á skapgerðina. Þessir menn, sem voru sjálfir fyrir fáum árum fátækir bændur, höfðu þegar glatað allri samúð með nágrönnum sínum. Þeir voru sérstök stétt, mynduðu sérstaka klíku til að styðja hver annan gegn heildinni.

Næsta morgun fór ég í eftirlitsferð til fólksins, sem vann að uppskerunni, þeirra, sem voru að þreskja, og þeirra, sem stjórnuðu kornhreinsunarvélunum. Varahlutir þeir, sem ég hafði pantað, voru komnir, og menn unnu að viðgerðum. Einn af stjórnarmönnum samyrkjubúsins var að segja mér frá áhyggjum sínum, þegar einn af bændunum fór til hans og hvíslaði einhverju að honum.

„Talaðu hátt, svo að fulltrúinn geti heyrt til þín!“ sagði stjórnarmaðurinn.

„Já, félagi fulltrúi. Það, sem ég var að segja, var, að í gær drapst hestur. Húðin var flegin af honum, og steinolíu og óleskjuðu kalki var hellt yfir hræið. En í morgun, þegar átti að fara að grafa það, var það horfið, öllu þessu sýkta og skemmda kjöti hefur verið stolið í nótt. Guð minn, hvað eigum við eftir að fá að reyna, félagi!“

Það leið að þeim tíma, þegar uppskeran skyldi hefjast. Andrúmsloftið í þorpinu var orðið gjörbreytt. Flestar fjölskyldur áttu eitt eða fleiri börn á barnaheimili Ívans Petrovítsj, og allir meðlimir samyrkjubúanna höfðu fengið nokkurn kornskammt. Morgun einn hélt ég ræðu á fjöldafundi samyrkjubænda. Eftir fundinn staldraði ég við til að tala við menn. Einn maður kom með balalajka, og einn bóndi lék á harmoniku. Aftur heyrði ég úkraínsku lögin okkar, og mér hlýnaði um hjartaræturnar.

Ungur maður kom til mín. Það var auðséð, að hann átti erfitt með að koma orðum að þeim skilaboðum, sem hann átti að færa mér, en að lokum sagði hann stamandi: „Félagi fulltrúi! Þess er óskað, að þér komið í ráðhúsið! Þar er einhver, sem vill tala við yður, frá ... frá ... GPÚ!“

Þeir, sem voru nógu nærri til að heyra, hvað hann sagði, hættu að syngja. Þessir

Þrír ógurlegu bókstafir voru eins og reiðarslag. Fréttin um, að mér væri stefnt á fund leynilögreglunnar, barst um allan hópinn. Það varð þögn. Það var, eins og mér var þegar kunnugt frá stjórnendum samyrkjubúanna, almennt álitíð í þorpinu, að mér myndi verða refsað fyrir að láta fólkið fá mat.

Í ráðhúsinu hitti ég laglega unga GPÚ-foringjann, sem ég hafði áður hitt í stjórnmaladeildinni. Kobzar og Belóúsov voru þar líka. Ég beindi orðum mínum að Kobzar: „Hvers vegna komuð þér ekki á fund samyrkjubændanna í dag? Ég hafði beðið yður um að koma.“

„Því miður hafði ég annað að gera,“ muldraði hann súr á svipinn.

„Mig langar til að tala einslega við yður, félagi Kravtsjenko,“ sagði GPÚ-foringinn.

„Gott. Komið þá með til skrifstofu minnar á samyrkjubúinu.“

Hann kom með mér. Á leiðinni og þegar við höfðum sest í skrifstofu minni töluðum við almennt um málefni þorpsins, útlitið með uppskeruna og þess háttar.

„Félagi Skopín,“ sagði ég að lokum, „við skulum snúa okkur að erindinu. Hvers vegna eruð þér í raun og veru kominn hingað?“

„Já, sjáið þér til, við höfum fengið ýmsar skýrslur og opinberar yfirlýsingar um framkomu yðar hérna,“ sagði hann. „Efni þeirra allra er, að þér brjótið lögin, farið ekkert eftir fyrirskipunum flokksins og takið ekkert tillit til valdsmannanna í þorpinu.“

„Hvað eigið þér við, þegar þér segið, að „við“ höfum fengið? Eigið þér við yfirmann stjórnmaladeildarinnar? Er það hann, sem hefur sent yður?“

„Það kemur málinu ekkert við.“

„Jú, það er höfuðatriðið. Hefur yður verið falið að yfirheyra mig?“

„Ég er kominn hingað til að tala vinsamlega við yður einan. Þetta er ekki nein yfirheyrsla.“

„Félagi Skopín! Ég geri það, sem ég álit rétt, og ég ræði ekki framkomu mína við yður. Aðeins yfirmaður stjórnmaladeildarinnar hefur rétt til að leggja spurningar fyrir mig. Ég er löggiltur fulltrúi umdæmisnefndarinnar og ber ábyrgð á gerðum mínum gagnvart henni. Yfirvöldin heima fyrir eru skyldug til að hjálpa mér. Í stað þess hafast embættismennirnir ekkert annað að en að troða í sig góðum mat, á meðan fólkið deyr úr hungri. Ég hef skrá urn hvern einstakan embættismann og hvað hann hefur fengið frá samyrkjubúunum og úr birgðaskemmum þorpsins til eigin afnota. Ég veit mjög vel, hverjir hafa skrifað kærur á hendur mér. En ég veit líka, að þeir halda drykkjuveislur. Ég hef komist að mörgu, síðan ég kom hingað.“

„Ef ég á að segja yður satt, félagi Kravtsjenko, kom ég hingað eingöngu af sjálfsdáðum. Yfirmaður minn veit ekkert um það. Ég ákvað að tala við yður, áður en ég legði skjólin fyrir hann. Mér var sagt, að þér hefðuð tekið varning frá rjómaúinu og af kaupfélagsbúðunum, að þér úthlutuðuð mjólk, sem ríkið ætti, og létuð skera kornið upp of snemma. Það eru alvarlegir hlutir.“

„Gerid svo vel að afhenda skýrslu yðar til stjórnmaladeildarinnar. Segið þeim, að

ég beri ábyrgð á öllum gerðum mínum. Ég skal koma þangað sjálfur í fyrramálið og leggja fram skýrslu. Jæja, langar yður til að sjá þorpið, félagi Skopín?“

„Nei, ég hef ekki tíma til þess. Jæja, verið þér sælir. Að mínu álitni hef ég aðeins gert það, sem skyldan bauð mér.“

„Verið þér sælir, félagi. Við sjáumst á morgun.“

Daginn eftir gaf ég féлага Somanov skýrslu.

„Það var alveg rétt hjá yður að neita að tala við Skopín án samþykkis míns,“ sagði hann við mig. „Þessir slæpingjar í þorpunum yðar skrifa kærur sem eins konar tryggingu, ... ef þér skylduð lenda í vandræðum. Ég veit, að þér hafið lagt hart að yður. Ég þekki áhættuna, sem þér hafið tekið, og auðvitað verð ég sjálfur látinn bera ábyrgð á því. Ef okkur tekst að bjarga uppskerunni og sjá um afhendingu kornsins til ríkisins í tæka tíð, þá er öllu bjargað. Ef það tekst ekki, verðum við báðir höfði styttri.“

„Ég hef verið algjörlega hreinskilinn við yður, félagi Somanov. Ég hef sagt yður frá öllum athöfnum mínum. En ég ætla sjálfur að bera ábyrgðina. Hér er bréfið, sem þér senduð mér, þar sem þér tókuð fram, að ég gæti að meira eða minna leyti gert það, sem mér sýndist. Takið við því.“

Hann tók við bréfinu, stakk því í vasa sinn og kallaði: „Félagi Skopín!“ GPÚ-foringinn kom inn. „Gerið svo vel að koma með allar skýrslur og yfirlýsingar um féлага Kravtsjenko.“ Skopín kom með þykkan böggul, sem Somanov tók við og rétti mér, og gekk síðan út. Somanov beið, meðan ég las skjölin. Ég skrifaði hjá mér nöfnin á njósnurum GPÚ, sem höfðu gefið skýrslu um mig, og embættismönnum þeim, sem höfðu kært mig. Somanov lofaði því næst að eyðileggja böggulinn og setti hann til bráðabirgða inn í einkapeningaskáp sinn.

„Ég kem á morgun til Logína og hitti yður. Sjáið um, að embættismennirnir þar verði viðlátir. Ég skal sýna þeim í tvo heimana, eins og þeir eiga skilið.“

Þegar ég var kominn heim, bar ég nöfn njósnaranna saman við manntalið. Ég uppgötvaði, að þeim var dreift vandlega um allt héraðið. Einn þeirra vann í kaupfélaginu, annar í rjómaúinu, þriðji í stjórn samyrkjubúsins, sá fjórði var bifreiðarstjóri á dráttarvélastöðinni. GPÚ hafði komið augum sínum og eyrum vandlega fyrir, svo að hún gæti séð og heyrt allt. Ég sá, að bak við þau yfirvöld, sem í orði kveðnu höfðu völdin með höndum, og hina fjármálalegu leiðtoga, var net af njósnurum frá leynilögreglunni og öðrum, sem unnu fyrir flokkinn, en vissu ekki hver um annan. Að baki hinnar sýnilegu stjórnar var hin raunverulega stjórn.

Seinna um daginn hitti ég Ívan Petrovítsj. Hann bókstaflega ljómaði af áhuga á starfi sínu.

„Það er dásamlegt að virða börnin fyrir sér,“ sagði hann, á meðan við gengum saman, „að sjá þau verða börn á ný. Okkur er öllum ljós sú áhætta, sem þér hafið tekið á yður. Ef ég á að tala hreinskilnislega við yður, er allt þorpið kvíðafullt út af því, að þér hafið verið boðaður til GPÚ.“

„Það er engin ástæða til kvíða,“ sagði ég og brosti. „Guðirnir eru mér hliðhollir

— að minnsta kosti til þessa. En það gleður mig, að bændunum er þetta ljóst. Nú er komið að þeim að gera eitthvað fyrir mig — og jafnframt fyrir sjálfa sig. Uppskeran byrjar bráðlega. Mig langar til, að þér látið það berast, ef slæpingja er einhvers staðar að finna, að ég óski ekki eftir neinu þakklæti. Ég krefst vinnu, mikillar vinnu, dag og nótt. Segið við þá: „Samyrkjubændur, ef þið viljið bjarga höfði félaga Kravtsjenkos, þá skerið kornið upp, þreskið það og skilið því samkvæmt áætlan.“ Það er ekki auðvelt fyrir mig að biðja fyrir sjálfan mig, en þér getið gert það.“

„Þér megið vera viss um, að ég mun gera það, sem þér segið. Þér eigið vini hérna. Þér megið treysta því, ef einhver ætlar að draga af sér við vinnuna, að þá getur hann heldur farið fjandans til, því að við munum sýna honum í tvo heimana.“

Somanov var þegar kominn, þegar ég kom til ráðhússins næsta dag. Ég heyrði drynjandi rödd hans áður en ég var kominn inn. Allir embættismennirnir heima fyrir voru þar saman komnir, þar með talinn birgðastjórinn.

„Félagi Kravtsjenko er stjórnandi hérna,“ lýsti formaður stjórnmaladeildarinnar yfir. „Fyrirskipanir hans eru lög. Tíminn er naumur, og við höfum enga orku aflögu til að hlusta á þvætting yðar. Hefjist handa, og hjálpið honum. Farið þið sjálfir út á akrana, það mun bæta heilsu ykkar. Og hér kemur hinn löggilti fulltrúi sjálfur.“

Hann heilsaði mér hjartanlega, eins og hann hefði ekki séð mig í mörg ár. Þetta var áberandi vináttumerki, sem átti að hafa áhrif á óvini mína. Við urðum samferða af fundinum og fórum til stjórnarbyggingar samyrkjubúsins.

„Víktor Andrejevítj,“ sagði hann, „ég er sjálfur af bændum kominn, og mig tekur sárt til þjáninga þjóðar minnar. Tár, blóð, dauði, útleðg. Hvers vegna? Jörðin er frjósöm, og fólkið leggur hart að sér við vinnu. Hvers vegna þurfum við að láta það svelta og deyja? Því meira sem ég hugsa um það, því ruglaðri verð ég. En ég mun senda yður dálítið meira mjöl eftir einn eða tvo daga. Einnig nokkuð meira af varahlutum í þreskingarvélarinnar. En það er ekki það, sem ég ætlaði í raun og veru að segja yður. Ég ætlaði að segja yður, hversu mikils ég met það, sem þér hafið gert, einkum fyrir börnin.“

Hann nam allt í einu staðar í ræðu sinni. „Víktor Andrejevítj, þér og ég erum kommúnistar, en við erum líka menn. Ég skal verja yður, eins og ég væri að verja sjálfan mig.“

Tveim dögum seinna var allt tilbúið. Í dögum ók ég út á akrana. Samyrkjufólkið, bæði menn og konur, var komið á undan mér. Það var að slá kornið og binda það í bindi. Skömmu síðar komu embættismennirnir og buðust til að hjálpa — þeim hafði sýnilega lærst eitthvað. Alls staðar voru menn önnum kafnir. Alveg eins og bifreiðarstjóri getur heyrt af suði vélarinnar, að hún er í lagi, fann ég þennan morgun, að allt var í lagi.

Kvöldið áður hafði mat og vatni verið ekið út á akrana. Það höfðu verið reist tjöld fyrir litlu börnin. Þetta sveitafolk átti nú, eins og á fyrri árum, að lifa undir berum himni, í burtu frá heimilum sínum, þangað til uppskerunni væri lokið. Með leyfi mínu hafði verið slátrað nauti og nokkrum svínum. Þó að það væru aðeins fáir

af þessum hundruðum karla og kvenna, sem höfðu borðað nægju sína, fáir, sem voru ekki máttlausir eða raunverulega veikir, sungu þau og gerðu að gamni sínu og unnu frá sólaruppkomu til sólarlags.

„Það er allt í lagi,“ hvíslaði Ívan Petrovítsj að mér, „Þau eru öll áköf í að bjarga lífi yðar.“ Við hlógum.

Daginn eftir dvaldist ég á samyrkjubúinu, sem Demtsjenko stjórnaði. Uppskeran var líka byrjuð þar og allir í góðu skapi. Nokkrum dögum seinna, á meðan ennþá var verið við slátt, byrjuðu aðrar vinnusveitir á þreskingunni. Kornid streymdi af hlöðnum vögnum inn í lyfturnar.

Dag nokkurn, þegar uppskeran stóð sem hæst, reið ég út á akra Demtsjenkos. Ég sá, að ein af uppskeruvélunum var ekki í notkun, og reið því þangað til að athuga, hver ástæðan væri. Ég sá, að stjórnandi hennar hafði örmagnast af þreytu. Nokkrar konur stóðu hjá honum og voru að reyna að lífga hann við. Ég fyrirskipaði að flytja hann til þorpsins og settist sjálfur upp á uppskeruvélina. Ég hafði ekki stjórnað þess háttar vél, frá því að ég var í Herklukkunni forðum, og það var hressandi að vinna líkamlega vinnu klukkustund eftir klukkustund.

Þegar hallaði að kvöldi og annar vélstjóri hafði tekið við af mér, uppgötvaði ég, að ég hafði orðið fyrir hræðilegu tjóni. Veskið mitt var horfið. Ég hafði engar áhyggjur út af því að tapa öllum þeim peningum, sem ég átti. En umboðsskjal mitt var horfið, og það sem verra var, flokksskírteini mitt líka. Um kvöldið og allan næsta dag leituðum við á akrinum, en fundum ekki veskið. Ég tilkynnti stjórn-máladeildinni og umdæmisnefndinni missinn. Þetta óhapp átti eftir að valda mér mörgum og miklum þjáningum í mörg ár.

Ég varð fyrir öðrum leiðindum vegna fyrirskipunar, sem kom fyrir milligöngu stjórn-máladeildarinnar: „Samkvæmt fyrirskipun frá framkvæmdanefnd umdæmis-ins á að tæma kirkjuna í sveitaþorpi yðar og nota hana til geymslu fyrir korn stjórn-arinnar. Þetta á að framkvæmast innan 48 klukkustunda og tilkynnist, þegar það hefur verið gert.“

Þessi fyrirskipun gerði mig órólegan, því að ég var ekki í vafa um tilfinningar bændanna. Þetta var heimskuleg ákvörðun, óþokkabragð, sem setti tvísýna uppskeru í ennþá meiri hættu. En Kobzar, Belóúsov og hinir hófust handa af ánægju. Þeir voru smátt og smátt og án þess að á bæri orðnir andstæðingar þorpsbúa, og það, sem öðrum íbúum sveitaþorpsins féll illa, gladdi þá — einmitt vegna þess, að íbú-unum var ekkert um þá. Æskulýðsfylkingarmennirnir í þorpinu unnu að því að ræna kirkjuna tjöldum sínum, dýrlingamyndum og dýrgrípum.

Fréttin breiddist eins og skógareldur um akrana. Tugir bænda köstuðu frá sér verkfærunum og skunduðu til þorpsins. Þeir bölvuðu, báðu og grétu, þegar þeir sáu hina helgu hluti borna út. Vanhelgunin var aðeins hluti af sársauka þeirra — þeir fundu, að allar þessar framkvæmdir voru bein móðgun við virðuleik þeirra sem mannlegra vera.

„Þeir hafa tekið allt frá okkur,“ heyrði ég gamlan bónda segja. „Nú taka þeir

síðustu huggun okkar. Hvar eigum við að skíra börn okkar og greftra hina látnu? Hvert eigum við að sækja huggun í sorgum okkar? Óþokkarnir! Guðleysingjarnir!“

Ég gat ekkert að gert. Við Ívan Petrovítsj tókum á öllu, sem við áttum til af atorku og mælsku, til að auka aftur vinnuhraðann. En einmitt þegar við héldum, að okkur hefði tekist það, eyðilagði nýtt atvik allt saman. Það var sunnudaginn næstan á eftir. Ritari æskulýðsfylkingarinnar í þorpinu, heimskur, ungur, bólu-grafinn maður, Tsjízh að nafni, sást skyndilega á götunni með stúlkuna sína sér við hlíð. Hann lék á balalajka og söng alkunnan vantrúarsöng. Slíkt var að vísu algengur viðburður, en það, sem eftirtekt vakti, var klæðnaður þeirra. Bæði Tsjízh og stúlkann voru í hárauðum silkitreyjum, sem bundnar voru saman um mittið með gullsnúrum og silkiskúfum. Íbúar sveitaþorpsins þekktu undireins að þetta voru kirkjuklæðin þeirra. Reiði þeirra blossaði upp að nýju, og þeir hótuðu að drepa piltinn og stúlkuna samstundis. Það eitt, að þessir tveir æskulýðsfylkingarmenn voru fljótari að hlaupa en bændurnir og leituðu hælis í kaupfélagsbúðinni, bjargaði þeim frá árásum hamstola fjöðans.

Þegar ég heyrdi sagt frá þessu atviki, gerði ég boð fyrir Tsjízh. „Hvers vegna stalst þú kirkjuklæðunum?“ sagði ég með þrumuraust.

„Ég stal þeim ekki. Ég tók þau, svo að allir sáu. Aðrir félagar hafa gert það sama.“

„Þú og félagar þínir eigið að skila aftur þegar í stað öllu, sem þið hafið stolið. Skilur þú það? Ef þið gerið það ekki, þá afhendi ég lögreglunni ykkur, ásamt hverjum þeim óþokka, sem reynir að verja ykkur. Og eitt í viðbót: Á meðan ég er í bænum, óska ég ekki eftir fleiri skrípalátum í því skyni að hætta trúarbrögðin á opinberum vettvangi. Þetta er fyrirskipun!“

Nokkrum dögum seinna var stóru nauti slátrað á samyrkjubúinu. Kjötið var saltað og geymt í ískjallara til síðari notkunar. Um kvöldið sagði Tsjadaj mér, að nokkru af kjötinu hefði verið stolið. Ég kallaði féлага Karas frá dráttarvélastöðinni til mín. Hann var fús á að hjálpa mér. Við biðum fram undir lágnættið. Tsjadaj og Karas höfðu með sér veiðibyssur. Ég hafði Browning-skammbyssuna. Við höfðum allir þrír ákveðinn grun um, hverjir myndu vera þjófarnir, og vorum ákveðnir í að taka þegar í stað í taumana.

„Við skulum stansa á leiðinni og ná í Kobzar flokksritara,“ sagði ég. „Hann á að vita, hvað gerist í umdæmi hans.“

Það var dimmt í húsi hans. Tsjadaj drap á dyr. Þegar enginn svaraði, opnaði hann dyrnar. Allt í einu heyrdum við mannamál. Ég gekk inn og kveikti á vasaljósi mínu. Kona hljóðaði. Ég beindi ljósinu að röddinni. Allsnakin stúlka reyndi að smeygja sér í kjól. Hún hljóp út úr húsinu hljóðandi af hræðslu. Ég kveikti á borðlampanum. Kom þá í ljós flaska af vodka, tvö glös og stórt fat með steiktu kjöti. Kobzar sat hálfnakinn í rúminu, úfinn og ruglaður. Í tréskál á stól var stórt nausthjarta.

„Hvar hafið þér fengið þetta kjöt?“ spurði ég.

„Ég keypti það ... í kaupfélagsversluninni. ... Þér getið sannreynt það.“

„Þér getið bólnað yður upp á, að ég mun gera það. Komið, félagar, við skulum lofa honum að ljúka við máltíðina, að ógleymdu nautshjartanu.“

Undir leiðsögn Tsjadajs gengum við upp brekkuna að húsi í útjaðri þorpsins. Það hafði illt orð á sér fyrir drykkjuveislur, sem þar voru haldnar og hneyksluðu bændurna. Við nálguðumst húsið varfærnislega og hljóðalaust. Í gegnum gat á hlera fyrir einum af gluggunum sá ég inn í stórt herbergi. Þar var borð þakið flöskum, kjöti, brauði og grænmeti. Umhverfis borðið voru þrír menn — stjórnandi vöruhússins, aðstoðarmaðurinn í kaupfélagsversluninni og malarinn — og þrjár konur, meira og minna naktar.

Karas tók sér varðstöðu við aðaldyrnar, Tsjadaj við bakdyrnar. Ég barði á gluggann.

„Hver er þarna?“ hrópaði hrædd rödd.

„Hinn löggilti fulltrúi. Opnið dyrnar tafarlaust, eða ég skýt.“

Dyrnar voru opnaðar. Skemmtunin hafði breyst í uppnám og ofsahræðslu. Konurnar grétu. „Ég kom aðeins af því, að ég var svöng,“ kveinaði ein þeirra. „Þeir neyddu mig til að koma,“ hrópaði önnur. Ég sagði konunum, að þær skyldu klæða sig og fara, og bað síðan féлага mína að gera húsleit. Þeir fundu eitt púd af kjöti, mikið af feiti, grjón, hunang og þó nokkra mjölsekk.

„Á meðan nágrannar ykkar deyja úr hungri, stelið þið, slæpingjarnir, matnum frá munni þeirra!“ hrópaði ég reiður. „Og þið kallið ykkur kommúnista! Takið þetta dót á bakið! Áfram til ráðhússins!“

Ég gekk fyrir aftan mennina þrjá, þar til við komum að ráðhúsi þorpsins. Um morguninn kom lögreglan, og var farið með þjófana þrjá til umdæmismíðstöðvarinnar í Pjatíkhatskíj til yfirheyrslu. Bændurnir urðu mjög hneykslaðir, þegar orðrómurinn um þetta breiddist út.

„Þér hefðuð ekki átt að draga þá fyrir dóm,“ sögðu margir þeirra við mig. „Við hefðum vitað betur en dómstólarnir, hvað hefði átt að gera við þá.“

Þegar byrjað var að skila hinu nýja korni í korngeymsluna rétt hjá járnbrautarstöðinni, gerði ég uppgötvun, sem kom mér til að skjálfa af skelfingu. Í húsinu, sem gert var úr múrsteinum, var hrúgað upp mörgum smálestum af korni frá fyrra ári. Það voru varabirgðir þær, sem stjórnin hafði fyrirskipað handa héraðinu, og höfðu embættismennirnir leynt þeim fyrir sveltandi íbúunum. Hundruð karla, kvenna og barna höfðu dáið úr sulti í þessu sveitaþorpi, þó að kornbirgðirnar væru rétt við dyr þeirra!

Bændurnir, sem voru með mér, þegar við fundum „varabirgðir ríkisins“, stöðu vantrúaðir á þetta og bölvuðu af reiði. Ég gat auðvitað ekki ásakað þá, en ég lét þá lofa því hátíðlega að segja ekki neitt um þetta, þar eð ég óttaðist, að fréttin eyðilegði siðferðisþrek fólksins. Seinna frétti ég, að stjórnin hefði átt stórkostlegar kornbirgðir í mörgum öðrum landshlutum, þó að fólkið í sömu héruðunum hefði dáið úr hungri. Stjórnmalanefnd Stalíns gat ein skýrt frá því, hvers vegna þetta átti sér stað, — en hún sagði ekki neitt.

Uppskerunni var í raun og veru lokið. Einn blíðviðrisdag ók ég í rökkkrinu út á akrana í léttivagni. Ég heyrði uppskerusöng í fjarlægð, fallegan blandaðan kór karla- og kvennaradda. Þau sungu aftur eftir allan dauðann og þjáningarnar! Þetta var hið blessaða látleysi og hin takmarkalausa góðvild hinnar úkraínsku þjóðar!

Ég sá brátt, að söngmennirnir komu á móti mér í skrúðgöngu, og var kennarinn Ívan Petrovítsj í fylkingarbroddi. Þetta var sjón, sem yljadi mér um hjartarætur. Menirnir voru í sparifötum sínum og konurnar í ísaumuðum sunnudagatrejum með sveiga úr akurbólum í hárinu, og gleðin ljómaði á andlitum þeirra. Ég stöðvaði hestinn og steig niður af vagninum. Skrúðgangann kom alveg að mér og nam staðar. Í henni voru um tvö hundruð sveitafólks, karlar og konur.

„Víktor Andrejevítj,“ sagði kennarinn með hárri röddu, svo að allir gátu heyrt til hans, „við höfum gert það, sem við lofuðum. Uppskeran er komin í hús — tíu dögum fyrir hinn ákveðna tíma. Þér hafið séð, hvernig við unnum. Þar eð við vorum flest, eins og yður er kunnugt, máttvana af sulti eftir hræðilegan vetur og skelfilegt vor, er þetta raunverulegt afreksverk.“

„Ég þakka yður, Ívan Petrovítsj,“ svaraði ég, „og ég þakka ykkur öllum, félagar.“

Skrúðgangann leystist upp. Leikið var á munnhörpu og unga fólkið dansaði. Tsjadaj og Demtsjenko komu til mín. Á árinu, sem liðið var frá síðustu uppskeru, hafði næstum því helmingur af íbúum sveitaparpsins dáið úr hungri og hungursóttum. Nú höfðu þeir, sem eftir voru, byrjað á lífinu að nýju. Ríkið mundi taka mestan hluta nýja kornsins, en uppskeran var góð, og það, sem eftir yrði, myndi verða næstum því nægilegt til að halda við lífinu eitt ár í viðbót.

Hátíð var haldin undir berum himni á ökrum Demtsjenkos, og þó að ég þyrfti að skrifa áriðandi bréf, gat ég ekki neitað beiðni hans um að taka þátt í henni. Hundruð sveitafólks höfðu safnast saman umhverfis borðin. Leiksviðið var uppljómað af ljóskerum og stórum bálkóstum. Eftir að menn höfðu tekist í hendur, óskað hver öðrum til hamingju og haldið ræður í margar klukkustundir, lauk miðdegisverðinum með hljómlist og dansi. Hérna virtust líka hafa lifnað vonir um nýtt líf.

Í herbergi mínu skrifaði ég þessa nótt lokaskýrslu mína til stjórnmáladeildarinnar og tilkynnti, að ég hefði lokið ætlunarverki mínu tíu dögum fyrir hinn ákveðna tíma. Ég tilkynnti einnig handtöku þjófanna og lagði til, að Kobzar, Tsjízh og ýmsum öðrum starfsmönnum yrði vikið frá störfum.

Þegar ég nokkrum dögum seinna var á eftirlitsferð á einum akrinum, heyrði ég allt í einu hljóðmerki bifreiðar. Ég varð forviða, er ég sá margar fallegar, stórar bifreiðar koma akandi niður veginn. Það var augljóst, að hér hlutu að vera göfugir gestir á ferð. Ég keyrði hestinn sporum, og hann brokkaði í áttina til bifreiðanna. Þær námu staðar, og hálf tylft manna steig út úr þeim. Einn þeirra kom til mín. Ég þekkti, að það var félagi Hatajevítj. Ég steig af baki og gekk til hans.

Við tókumst í hendur. Síðan sagði hann alvarlegum rómi:

„Félagi Kravtsjenko, hvenær lukuð þér uppskerunni?“

„Fyrir þrem dögum, en það var tíu dögum á undan áætlun í þessu héraði.“

„Ég hef frétt það, en ég hef frétt fleira. Hver veitir yður til dæmis leyfi til að slá hafra og bygg og úthluta mjólk stjórnarinnar? Hvers vegna hafið þér bannað að vinna gegn trúarbrögðunum? Erud þér agaður flokksmaður, eða erud þér einhvers konar stjórnleysingi?“

„Félagi Hatajevítsj,“ svaraði ég rólega. „Ég gat ekki hagað mér öðruvísi. Börnin voru að því komin að deyja úr hungri. Hestarnir voru að því komnir að drepast. Samyrkjubændurnir höfðu ekki næga orku til uppskerunnar. Ríkið hefur fengið korn sitt með röð og reglu og fyrir hinn ákveðna tíma. Það er rétt, að þetta hefur kostað nokkur hundruð púd af korni. En með því að nota þessi nokkur hundruð púd, hef ég bjargað mörgum þúsundum. Ef þetta er glæpur, þá er ég reiðubúinn að taka afleiðingunum af honum.“

Hatajevítsj tók í handlegg mér. Hann þrýsti hann vingjarnlega og sýndi með því, að kuldinn í röddinni var honum ekki eðlilegur. Hann var sýnilega að leika hlutverk, til þess „að það yrði fært til bókar“. Hann gekk það langt burt, að fylgdarmenn hans og varðmenn gátu ekki heyrt til hans.

„Mér er sagt, að þér séuð góður flokksmaður og eigið að verða verkfræðingur. En ég er ekki viss um, að þér skiljið, hvað hefur gerst. Það er háð miskunnarlaus barátta milli bændanna og stjórnarinnar. Það er barátta um líf og dauða. Þetta ár var reynsluár um styrkleika okkar og þrek þeirra. Það þurfti hungursneyð til að sýna þeim, hverjir eru húsbændur hérna. Það hefur kostað milljónir mannlífa, en samyrkjubúskapurinn skal halda velli. Við höfum unnið styrjöldina.

Ég er hræddur um, að manngæska yðar megi sín meira en skynsemi yðar, félagi Kravtsjenko. Ef allir væru jafnveikgeðja og þér, þá hefðum við ef til vill ekki unnið þessa baráttu. Skiljið mig rétt, ég er ekki að álasa yður. Ég sé, að þér hafið í raun og veru unnið ágætlega hér. Ég segi yður í trúnaði, að ég kenni líka í brjosti um vesalings bændurna. En ég óska, að þér munið gagnrýni mína, — og ef til einhverra vandræða kemur, þá gleymið því ekki, að ég hef reynt að aga yður.“

Það virtist svo sem jafnvel hinn valdamikli Hatajevítsj hefði áhyggjur út af vitnisburði sínum ... og hinni væntanlegu „hreinsun“.

Nokkrum mínútum seinna höfðu aðstoðarmenn hans og varðmenn aftur slegið hring um hann. Bifreiðarnar óku til næsta þorps, og rykskýin þyrlluðust upp umhverfis þær. Ég reið heim og velti því fyrir mér, hver myndi hafa kært mig fyrir Hatajevítsj. Ég var viss um, að Somanov hafði ekki gert sig sekan um slíkt vinátturof. Það hlaut að vera Skopín. Þó að Skopín væri, að því er séð var, undirmaður Somanovs, þurfti hann í raun og veru engum að hlýða nema GPÚ, hinu raunverulega valdi í landi okkar. Hann hafði vafalaust tekið eftirrit af ákærunum. Síðar, þegar að því kom að „hreinsa mig“, kom í ljós, að þessar ályktanir mínar voru réttar.

Ég undirbjó heimferð mína. Hrifningin yfir hinni happasælu uppskeru var dain út. Bændurnir voru þegar farnir að mögla yfir því, að hluti þeirra af uppskerunni væri lítill. Þegar ríkinu hafði verið greitt fyrir afnot vélanna, sæði tekið frá til næsta

árs og stjórninni skilað hinum ákveðna hundradshluta af sameiginlegri uppskeru, varð aðeins lítið eftir. Meðaltalið varð aðeins rúmlega 4% pund af korni fyrir einstakling hvern vinnudag. Það var ákaflega lítið, langt frá því að vera nægilegt handa fjölskyldu í eitt ár, hvað þá til þess að gera þá færa um að kaupa sér föt og aðra nauðsynlega hluti.

Að vísu fengu þeir að auki nokkuð af sólblómakjörnum, maís og grænmeti. En hvað gátu þeir keypt fyrir afrakstur vinnu sinnar? Ódýrustu skórnir kostuðu á þessum tímum 80 rúblur, ódýrustu bómullarfötin 100 rúblur. Með því opinbera verði, sem ríkið greiddi fyrir korn, fengu samyrkjubændurnir svo lítið fyrir vinnu sína, að næstum heils árs vinnu þurfti til þess að kaupa einn klæðnað eða eina skó! Þar eð það var sama stjórnin, sem keypti kornið og seldi skóna og ákvað verðið á hvoru tveggja eftir geðþótta sínum, var þetta í sannleika fyrirkomulag margfalds arðráns, en leynilögreglan og embættismenn flokksins voru látnir framkvæma þetta miskunnarleysi í fjármálum.

Sumir bændanna kunnu ef til vill ekki að skrifa, en þeir skildu allir allt of vel þetta hróplega ranglæti. „Sósíalismi,“ nöldruðu þeir. „Rán er meira réttnefni.“

Ég hafði hitt Júríj nokkrum sinnum þessa mánuði. Í eitt skipti hafði ég beðið honum vægðar hjá stjórnmaladeildinni. Hann hafði misst kjarkinn vegna þess, sem hann hafði séð, og var dapur í bragði, vegna þess að uppskeran hjá honum gekk miklu verr en hjá mér. Ég lét mér mjög annt um hann. Hvernig átti ég að hafa grun um, að hann myndi á komandi árum verða einn þeirra, sem ákærðu mig, þegar ég ætti í stjórn málaerfiðleikum? Ég gat ekki verið í neinum vafa um, að hann gerði það aðeins vegna þess, að lagt var svo hart að honum, að hann gat ekki staðið í móti því.

Næstum allir íbúar sveitaborsins komu til þess að kveðja mig. Tárin runnu niður kinnar hins gamla góða Ívans Petrovítsj. Tsjadaj og fjölskylda hans létu mig lofa, að ég skyldi skrifa þeim. Ég veifaði til þeirra allra í kveðjuskyni, þegar ekkillinn sló í hestana.

10. kafli: Fyrsta hreinsun mín

Það var ekki auðvelt fyrir mig að samlaga mig hversdagsleik hins venjulega lífs, eftir að ég kom aftur úr hungurhéruðunum. Nám mitt í skólanum, verksmiðjufundirnir, flokksfundirnir, já, jafnvel venjur heimilisins fundust mér hégómi í ljósi endurminninga minna. Ég var uppstökkur og ópolinmóður. Faðir minn reyndi nokkrum sinnum að fá mig til að gefa samfellda skýrslu um það, sem fyrir mig hafði borið, en gafst síðan upp við það. Með tímanum þroskast hjá kommúnistum eins konar ónæmi gagnvart orðaglamri stjórnmálanna í blöðunum, útvarpinu og á fundunum, en nú þreytti það mig næstum því eins og það væri líkamleg þjáning.

Þegar ég horfi um öxl, er mér nærri að halda, að innst með sjálfum mér hafi ég á þessum tíma byrjað að losna úr tengslum við flokkinn. Hryðjuverkin í sveitaþorpunum höfðu skilið eftir sár í sál minni, sem aldrei hefur læknað. En einmitt af þeirri ástæðu reyndi sá hluti huga míns, sem ég var mér meðvitandi um, að leita í örvæntingu eftir úrræðum, eftir sáttum við samvisku mína. Hvernig gat það öðruvísi verið, þegar eina ráðið til að halda lífinu var að sættast við veruleikann, sem ekki varð umflúinn?

Það er enginn hægðarleikur að segja sig úr flokknum. Það er ekki einu sinni hægt að draga úr störfum sínum eða sýna nokkurt vitni um þverrandi trú. Þegar maður hafði gengið í flokkinn, var hann veiddur fyrir fullt og allt. Það var hægt að reka hann úr flokknum, og það leiddi til ófara fyrir hann, en hann gat ekki gengið úr flokknum. Ef ég hefði látið í ljós tilfinningar mínar eins og þær voru í raun og veru, þá myndi það hafa falið í sér, að mér hefði verið vísað úr skóla, að ég hefði fallið í ónáð og orðið fyrir ofsóknum, ef til vill settur í fangabúðir, eða það sem verra var — tekinn af lífi.

Það var því knýjandi nauðsyn að kæfa þessar tilfinningar, að byrgja þær í undirvitundinni. Ég leitaðist við að endurnýja hollustu mína. Og þar sem hreinsunin stóð fyrir dyrum var það ennþá brýnni nauðsyn.

Það voru skipuð hundruð hreinsunarnefnda. Brátt myndu þær hefja opinber fundarhöld sín í verksmiðjum, skrifstofum, stofnunum og skólum. Hver einasti kommúnisti í öllu landinu átti að ganga svipugöngin gegnum opinberar skriftir og yfirheyrslur. Vitundin um hin ósýnilegu augu og eyru kvaldi okkur meira en nokkru sinni áður, vitundin um hin þykku hefti, sem einkalíf okkar og hugsanir var skrifað í, vitundin um sérstaka óvini okkar, sem gátu notað tækifærið til að koma upp um raunverulegar eða ímyndaðar syndir okkar.

Skyldi ég standast prófið? Þetta var spurningin, sem allar hugsanir mínar

snerust um, og eins var með alla aðra kommúnista. Þessa varð vart í öllu, sem við gerðum, og það var forsenda alls, sem við sögðum. Við hættum að gera áætlanir um framtíðina — engin framtíð myndi verða til, nema við slyppum yfir þessa tálmun.

Á hverri hæð í skólahúsinu voru settir upp sérstakir kassar, sem hægt var að leggja í undirritaðar eða nafnlausar „skýrslur“ um kommúnista. Sérdeildin vann dag og nótt bak við stáldyrnar að því að raða niður, greina í sundur og bera saman. Hreinsunartíminn var sú árstíð, er menn reyndu að ná sér niðri á mönnum, sem þeim var illa við. Það var hátíð hinna öfundsjúku, hinna beisku og dindilmennanna.

Í hreinsunarnefnd voru oftast formaður og þrír aðrir menn, allt flokksmenn með blettlausu hollustu. Nefndin var eins konar dómstóll, sem hafði á hendi bæði starf ákæranda og dómara. Maður, sem nefndur var félagi Galembo og síðar komst í háa stöðu í ráðuneyti járníðnaðarins, var formaður nefndarinnar í skólanum.

Ef eitthvað var athugavert við einhvern, þá var félagsskírteini hans tekið af honum. Hann myndi þá verða fyrrverandi flokksmaður, sem var allt annað en að vera utan flokksins. Fyrrverandi flokksmaður er borgari, sem hefur verið útskúfað. Hann er tortryggður þann tíma, sem hann á eftir ólifað, útilokaður frá frama, og á hættutímum er hann handtekinn sem „hugsanlegur þjóðníðingur“. Brottrekstur var verstu örlög, sem flokksmaður gat hlotið. Brottreksturinn gerði hann líkþráan í stjórnmálum. Fyrri vinir forðudust hann, og varkárir ættingjar afneituðu honum. Stjórnmalasmitun gat hlotist af samneyti við hann.

Það voru þess vegna nægar ástæður til þess ótta, sem læsti sig um allan skólann, þegar hreinsunin stóð fyrir dyrum í lok ársins 1933. Það var næstum því sefasjúkur ótti. Blöðin birtu lista um þá, sem hreinsa átti, og hvar það yrði gert. Hver sá, sem óskaði eftir að flekka eitthvert af fórnardýrum hreinsunarinnar, gat sent nefndinni ákæru, sem bættist við þau gögn, sem þegar voru til í flokksheitunum og möppum GPÚ. Á þennan hátt var hlúð að hinni allt of mannlegu löngun til að níða niður þann, sem hærra var settur eða naut meiri velgengni.

Fyrsta skilyrðið til að fá að vera áfram flokksfélagi var auðvitað hiklaus trú á almenna stefnu flokksins og umfram allt flekklaus tryggð við Stalín. Jafnvel ávæningur um „frávik“ var örlagaþrunginn, þótt afturkallaður hefði verið þrisvar. En nánasta einkalíf fórnardýrsins og hugsanir hans um hvað sem var var líka góður skotsþónn til opinberrar árásar. Rannsóknin var sambland af skriftum á ógeðslegasta sniði þeirra, þriðja stigs yfirheyrslu og því að siga hundum á björn, þar sem kommúnistinn lék hlutverk bjarnarins. Fyrir fórnardýrið voru þetta oft hræðilegir tímar, en fyrir áheyrendurna allt of oft fjölleikahúsasýning. Það var skylda allra flokksmanna að vera viðstaddir hreinsunarvikurnar, og almenningur, sem ekki var í flokknum, var einnig hvattur til að koma og hlusta.

Kommúnistanum var aldrei fyrirfram sagt frá ásökunum þeim, sem beint myndi verða gegn honum. Óvissan var óþægilegasta atriðið í þessum sorgarleik. Maður fálmaði sig áfram í myrkri og bjó sig undir eitthvað, sem kæmi óvænt. Maður

endurskoðaði fortíð sína hvað eftir annað og velti því fyrir sér, hvaðan hugsanlegt væri, að hættan kæmi.

Skylði ég ekki hafa talað of mikið kvöldið góða fyrir þrem árum, þegar ég taldi mig vera í góðum vinahóp? Ef til vill hefur einhver af hinum góðu félögum gefið skýrslu um ógætileg orð mín. ... Einn af frændum þínum hefur verið liðsforingi í þjónustu keisarans. Að visu hefur þú aldrei hitt hann. En hvað mun verða, ef einhver hefur grafið þennan draug upp og þú ert ákærður fyrir að hafa „leynt“ honum fyrir flokknum? Kona, sem hefur verið ástmær þín, hefur síðar verið handtekin sem íhaldssinnaður frávillingur. Ef nú þetta samband við stéttaróvin verður allt í einu notað gagnvart þér? Pavlov verður sennilega rekinn úr flokknum, — hvernig á ég að losna við hann, áður en hann dregur mig með sér niður í hyldýpið? Bjargaðu sjálfum þér einhvern veginn, sama á hvern hátt — því að það, sem við liggur, er sjálft lífið.

Hreinsunin í skólanum byrjaði opinberlega með langri og ákaflega leiðinlegri ræðu, sem formaðurinn Galembo hélt. Hann tilkynnti okkur, að í okkar elskaða flokki úði og grúði af mönnum, sem ættu þar ekki heima, óvinum í dulargervi, tækifærissinnum, grímuklæddum frávillingum og bókstaflegum stéttaróvinum. Hlutverk okkar væri því að leita þá uppi, svipta grímunni af þeim og koma upp um svik þeirra. Landið hefði nýlega fullkomnað samyrkjubúskapinn og útrýmingu kúlakka sem stéttar. Það hefði sigri hrósandi lokið við fyrstu fimmáraáætlunina og væri byrjað á nýrri. Þeir, sem efuðust um, að við værum komin langt áleiðis til fullkomins sósíalisma og hamingjusams lífs, væru óþokkar og erindrekar óvinarins. Þeim bæri að ryðja burt til hagsmuna fyrir flokkinn og hinn mikla leiðtoga hans og föður, elskaðan féлага Stalín!

Dynjandi lófatak, sem af ráðnum hug var látið vara í margar mínútur, kvað við í hvert sinn, sem nafn foringjans var nefnt.

Að lokum var byrjað á hreinsuninni. Aðferðin var svo sem hér segir: Nefndarmennirnir sátu við borð á palli. Borðið var þakið rauðu áklæði og pallurinn prýddur myndum af stjórnmalanefndarmönnum og ýmiss konar kjörorðum. En á virðulegasta staðnum var brjóstmynd af Stalín og umhverfis hana mikið blómaskraut. Kommúnisti sá, sem átti að yfirheyra, var kallaður upp á pallinn. Hann rétti formanninum flokksskírteini sitt og sagði ævisögu sína. Það var stjórnmalaleg og andleg afhjúpun. Hann sagði í stórum dráttum frá ætt sinni, starfsferli og áhugamálum, en aðalatriðið er viðurkenning synda, næstum-synða og yfirsjóna. Það er alltaf skynsamlegra að viðurkenna skyssur sínar, ef maður hefur grun um, að nefndin viti um þær. Það að „leyna“ einhverju fyrir flokknum gerir hina leyndu sök þyngri.

Eftir skriftirnar var sá, sem yfirheyrður var, spurður margs konar spurninga af nefndarmönnum og af mönnum meðal áheyrendanna. Hann var minntur á vanrækslusyndir sínar og reynt að flækja hann í mótsögnum. Félagar töluðu honum til stuðnings eða gegn honum. Þegar nefndin virtist honum vinsamleg, tók þetta

stuttan tíma og aðeins lagðar fyrir hann almennar spurningar. En ef áheyrendurnir urðu varir við, að sá yfirheyrdi var í ónád eða í bókstaflegri hættu, þá ruku þeir á hann og tróðu á honum miskunnarlaust. Sérstaklega voru óttaslegnir vinir hans og kunningjar fljótir til að taka þátt í árásinni á hann til að reyna að bjarga sjálfum sér. Eldraunin gat staðið yfir hálfa klukkustund eða heilt kvöld. Stundum varði fórnardýrið sig, rökræddi, bað, bauð að útvega sannanir fyrir sakleysi sínu og jafnvel grét. En stundum var þjarmað svo hart að honum, að hann var ruglaður og þögull í eynd sinni.

Þeir, sem björguðust gegnum hreinsunina, fengu aftur félagsskírteini sín. Vinir þeirra óskuðu þeim til hamingju, og þetta vakti hjá þeim vonir um, að þeir myndu sjálfir komast í gegnum hreinsunina. Stundum frestaði nefndin að kveða upp úrskurð til að leita frekari upplýsinga. Ef menn voru reknir úr flokknum, þá létu aðrir sem þeir sæju þá ekki og forðuðust þá. Þeir voru einir og yfirgefnir. Þeir gátu aðeins litið ringlaðir í kringum sig í heimi, sem hafði fallið í rústir, og læðst út úr salnum með þá tilfinningu, að þeir væru nú friðlausir og úrhök. Sjálfsvíg meðal þeirra, sem reknir voru úr flokknum, voru alls ekki óalgeng.

Alls staðar í hinum geysiviðlendu Ráðstjórnarríkjum, í stórborgunum og í héraðunum, voru haldnir sams konar hreinsunarfundir. Blöðin og útvarpið birtu útdrátt úr því, sem gerðist á hinum ýmsu fundum. Þetta var nefnt „flokkslýðræði“. Á meðan ég sat í áheyrendasal skólans, var ég mér þess einkennilega meðvitandi, að þeir atburðir, sem gerðust fyrir augum mínum, væru aðeins lítill þáttur af stórkostlegum sorgarleik, þar sem milljónir manna og kvenna væru leikararnir og sjötti hluti af yfirborði jarðar leiksviðið.

Ég beið órólegur og með vaxandi taugaóstyrk eftir því, að að mér kæmi að stíga upp á leiksviðið.

„Félagi Sanín, gerið þér svo vel,“ kallaði Galembo formaður. Ljóshærður maður, um það bil þrjátíu og fimm ára að aldri, gengur föstum skrefum upp á pallinn og afhendir félagsskírteini sitt. Hann er magur og óstyrkur, snotur maður í útliti, með gleraugu. Við þekkjum hann allir, og okkur er vel við hann. Hann er kennari í stærðfræði og vinsæll vegna þess, að hann er dálítið latur og ekki allt of strangur. Hann segir ævisögu sína. Hann er sonur bónda og byrjaði kommúnískan starfsferil sinn með því að ganga í æskulýðsfylkinguna. Starfsævi sína hóf hann sem nemandi í rennismiði í verksmiðju, því næst kom hann í skólann, vann rannsóknar- og vísindastörf og varð að lokum kennari.

Þetta virðist fyrirmyndar æviskeið. Áheyrendunum leiðist. En allt í einu er gripið fram í þessa flekklausu ævilýsingu af einum af nefndarmönnum.

„Félagi Sanín,“ segir hann rólega, „hafið þér nokkurn tíma, á meðan þér voruð við nám, undirskrifað ásamt öðrum stúdentum skjal, sem hafði að geyma trotskíj-sinnaða stefnuskrá?“

Það kom ókyrrð á áheyrendurna. Menn hvísluðust á og litu hver til annars.

„Já, ég hef gert það, en ég afneitaði henni fyrir löngu, og allir vita, að ég gerði það.“

„En þér undirskrifðuð hana þá,“ hélt nefndarmaðurinn áfram. „Þér neitið því ekki?“

„Auðvitað ekki. Ég hef aldrei farið dult með það. Allir samstarfsmenn mínir vita og flokkurinn líka, að ég gerði mig sekan í þeirri skyssu og ég hef síðar játað það.“

„Ef til vill, félagi Sanín. En ég er samt að velta því fyrir mér, hvort allt sé kunnugt. Ég er að velta því fyrir mér, hvort það sé vitað, að þér hafið enn skoðanir, sem fordæmdar eru af flokknum og ráðstjórnarþjóðinni?“

Eftirvæntingin í salnum eykst áberandi. Áheyrendurnir finna blóðlykt. Þeir, sem fyrir fáum mínútum voru vinir Saníns, gerast áhyggjufullir. Einn á fætur öðrum fara þeir að leggja fyrir hann spurningar í þeim augljósa tilgangi að „veiða“ hann og bjarga sjálfum sér. Því nánari sem vináttan hefur verið, því ákafari virðast þeir vera í að sakfella hann til að sýna réttláta vanþóknun sína á svívirðilegum „glæpum hans“. Þeir þekkja veikleika hans og nota sér það. Sanín verður ruglaður og segir ekki alltaf það, sem hann ætlaði sér að segja.

„Félagar í nefndinni,“ segir hann til sjálfsvarnar, „ég hef fyrir löngu afneitað villu minni. Ég hef aldrei í raun og veru veitt trotskistunum stuðning. Ég hef aldrei gengið í félagsskap þeirra. Ég var aðeins einu sinni á veikleikastundu tældur til að rita undir skjal, sem ég afneitaði skömmu síðar. Þessir menn, sem nú ásaka mig, vita allt þetta vel. Ég skil ekki, hvers vegna þeir segja það, sem gagnstætt er sannleikanum. ...“

Formaðurinn tekur fram í fyrir honum. Það er auðheyr, að hann byrstir sig. „Það skiptir engu máli, það skiptir engu máli,“ segir hann, „við vitum allir nákvæmlega, hvernig þið trotskistar, þið óvinir flokksins, skiptið um lit. Við höfum gögn, sem sanna, að þér hafið ekki skipt um skoðun, og það er ekki að ástæðulausu, að nánustu félagar yðar eru í vafa um yður.“ Hann sneri sér að áheyrendunum og bætti við: „Hver óskar að taka til máls?“

Það er lítill vafi á því, að örlög Saníns eru ráðin. Vinir hans flýta sér að veita honum aðkast, þegar hann er nú fallinn, og ýta honum af barminum niður í hyldýpið. Þeir biðja um orðið til þess að segja, að Sanín sé svikari, út á við hollur flokknum, en með sjálfum sér spilltur frávillingur. Enginn kemur fram með neinar ákveðnar upplýsingar, en hann er fordæmdur með hinum venjulegu flokksvígordum.

Allt í einu kemur það fyrir, sem enginn bjóst við. Áhorfendurnir eru eins og lostið hafi niður eldingu meðal þeirra. Verkfræðingur, sem allir í skólanum þekkja og bera virðingu fyrir, biður um orðið. „Ég hef hlustað með eftirtekt á allt, sem til þessa hefur verið sagt,“ hóf hann mál sitt, „en ég hef ekki heyrt neitt, sem raunverulega kemur málinu við. Félagar, við erum hér að ákveða örlög eins flokksfélaga, hvort hann á að lifa eða deyja stjórnmalalega. Hvar eru ákveðnar ákærur? Ég hef enga heyrt.“

Vörn hans hellir aðeins olíu á eldinn. Ástríðurnar hafa verið vaktar. Hvattir af

nefndinni, sem vafalaust hefur fyrirfram tekið ákvörðun sína, halda samverkamenn Saníns áfram að ákæra hann og hrúga upp ásökunum gegn honum. Hann er rekinn úr flokksnum.

Skömmu seinna heyrum við nemanda segja sögu sína, svarthærðan, með gyðinglegt útlit og mikið hár. Hann er ungur og starfsferill hans stuttur. Bráðlega er farið að yfirheyra hann.

„Segið mér, félagi Shúlman, hvaða þjóðfélagsstöðu höfðu foreldrar yðar fyrir byltinguna?“

„Faðir minn var klæðskeri, móðir mín venjuleg húsmóðir.“

„Shúlman lýgur!“ hrópaði einhver meðal áheyrendanna.

Æsingarbylgja rís. Þetta verður þá þrátt fyrir allt skemmtilegt. Shúlman er stirðlyndur lestrarhestur og á ekki marga vini.

„Hvernig getið þér sannað, að þessi flokksmaður blekki nefndina og flokkinn?“ spyr Galembo þann, sem hrópaði. Það er sýnilegt, að framtíkan hefur ekki komið nefndinni á óvart.

„Ég skal sanna það. Við Shúlman erum báðir frá bænum Tsjerkassíj. Ég er nýkominn í skólann, og þetta er í fyrsta skipti, sem ég sé Shúlman. En ég þekki fjölskyldu hans. Ég veit, að faðir hans rak klæðaverslun — og hafði nokkra starfsmenn í þjónustu sinni. Hann arðrændi verkalyðsstéttina. Klæðaverslunin var við Aleksandrovskej-götuna. Ég veit, hvað ég er að tala um. Þar sem Shúlman er sonur arðræningja, ber að reka hann úr okkar ástkæra flokki.“

Shúlman er orðinn náfölnur. Hann togar í fingurna á sér af taugaæsingu, svo að það brestur í liðunum. Áfallið hefur komið svo óvænt, að hann getur varla stunið upp orði.

„Eruð þér frá Tsjerkassíj?“ spyr formaðurinn kuldalega eftir að hafa barið í borðið til að koma aftur á þögn.

„Já, auðvitað. ... Ég er búinn að segja það.“

„Rak faðir yðar klæðaverslun á nefndum stað?“

„Já, auðvitað. En hann var enginn arðræningi. Hann var aðeins verkstjóri. Ég get svarið, félagar, að það var eins konar samvinnufélag. Auk þess hafði ég engin afskipti af því. Ég vann sjálfur í verksmiðju í annarri borg.“

„Var hann ekki faðir yðar?“

„Jú, auðvitað, hann var faðir minn.“

„Þá hafði þér leynt flokkinn því, að þér væruð kominn af arðræningjafjölskyldu?“

„Ég leyni ekki neinu. Það var hlutaskiptafélag, samvinnufélag. Ég vann í verksmiðju og hef gott orð á mér sem nemandi og flokksmaður.“ Fas hans bætir ekki um fyrir honum. Því æstari sem hann verður, því meira ber á gyðingaframburði hans. Hláturinn suðar um allan salinn. „Fleygið honum út!“ hrópa einhverjir. „Burt með hann, hann hefur sviðið flokkinn!“ Shúlman hnýtur, þegar hann gengur niður af pallinum. Tárin blinda hann. Okkur er öllum ljóst, að honum muni nú verða sparkað út úr skólanum, að framabraut hans er á enda.

Um næstu tvo mennina er ekkert að segja. Þeir fá flokksskírteini sín afhent eftir skamman tíma. Því næst kemur að félagi Tsarev. Þó að hann sé nálægt fertugu, er hann nemandi. Á enni hans og kinnnum eru djúpar hrukkur. Framkoma hans er ákveðin og hermannleg, og skriftir hans sýna fljótlega, að hann hefur verið hermaður í mörg ár og framgöngu hans í borgarastyrjöldinni hefur verið hrósað. Eftir það varð hann starfsmaður í verksmiðju og var tekinn inn í skólann fyrir tveimur árum. Hann er kvæntur og á tvö börn.

„Segið mér nú, félagi Tsarev,“ spyr formaðurinn, „hvernig litið þér á samyrkjustefnuna? Hver er raunveruleg skoðun yðar?“

„Ég vann í sveitaþorpunum, félagi, og aðstoðaði við að útrýma kúlökkunum sem stétt. Ég viðurkenni, að ég átti bágð með að setta mig við sumar aðferðirnar, en í meginatriðum var ég sammála.“

„Þér virðist ekki skilja spurningu mína, félagi Tsarev, eða ef til vill kjósið þér heldur að skilja hana ekki. Þér eruð ekki sá eini, sem álítur þetta stóra ætlunarverk ógeðfellt. Það, sem ég óska að vita, er, hvernig það orkaði á yður stjórnmálalega.“

„Ég hef aldrei verið á móti flokknum.“

„Það er því miður ekki satt.“ Nefndarmaðurinn veifar nokkrum leyndardómsfullum pappírsörkum, sem hann hefur í hendinni. „Við höfum sönnunargögn hér, sem sýna, að þér tókuð undir gagnrýni Búkharíns á stjórnmálastefnu félaga Stalíns, meðan verið var að útrýma kúlökkunum. Félagi Kasarík og félagi Somov, gerið svo vel að ganga fram og staðfesta yfirlýsingu ykkar til nefndarinnar.“

Margir okkar þekkja þessa tvo nemendur: þeir eru úr hópi þeirra, sem nema lítið, en tala mikið. Þeir standa upp og endurtaka yfirlýsingu sína þess efnis, að Tsarev hefði gagnrýnt samyrkjustefnuna, þegar þeir voru úti í sveitinni með honum. Þeir vitna í einstakar setningar, sem hann á að hafa sagt. Tsarev gerir árangurslaust tilraun til að taka fram í fyrir þeim. Það er auðsýnilegt, að mál hans er vonlaust.

Kaldur sviti brýst út á mér. Framkoma Tsarevs í sveitaþorpunum, og jafnvel orð hans, virðist vera bergmál af framkomu minni og orðum.

„Jæja, Tsarev,“ segir formaðurinn og snýr sér að honum, „neitið þér enn ágreiningsi yðar við flokkinn?“

„Já, ég geri það. Þeir ýkja. Auk þess þarf gagnrýni ekki að fela í sér vanþóknun. Ég er aðeins maður. Það voru svo miklar þjáningar umhverfis mig.“

Galembo grípur fram í fyrir honum af ótta við, að hann segi of mikið. „Hollir flokksfélagar treysta flokki sínum og elskuðum leiðtoga okkar, félagi Stalín.“

Áheyrendurnir taka undir með hrifningarópum. „Það er ekki rúm í flokknum fyrir menn, sem — eins og þér — eru svo frekir að neita yfirsjónum sínum.“ Enn hærri hrifningaróp. „Rekinn úr flokknum.“

„Ég mun áfrýja til miðstjórnarinnar,“ hrópar Tsarev. „Vitnisburður minn frá stýrjöldinni lýsir sér sjálfur, og það starf, sem mér var falið í sveitaþorpunum, heppnaðist. Ég hef úthellt blóði mínu fyrir byltinguna. Þér hafið engan rétt til að steypa mér í glötun!“

En nefndarmennirnir hlusta ekki á hann. Þeir hafa þegar tekið fram hefti næsta manns. Tsarev var einn af vinsælustu mönnunum í skólanum, en nú forðast allir hann, þegar hann gengur niður af pallinum. Hann getur varla trúað því, sem gerst hefur, — að hann skuli hafa orðið fyrir þessu!

Sá maður, sem nú er kominn upp á pallinn, er Dúkhovtsev. Hann hefur unnið erfiðisvinnu frá því að hann var átta ára gamall, gerðist verkstjóri og var einn af „þúsundunum“, sem voru valdar til að gerast verkfræðingar. Hann býður af sér ágætan þokka. Svör hans við stjórnmalaspurningum og „gildruspurningum“ um sögu flokksins eru lýtalaus.

„Félagi Dúkhovtsev, eruð þér kvæntur?“ spyr Galembo eins og af tilviljun.

„Já.“

„Hvenær kvæntust þér, og hver er kona yðar?“

„Ég kvæntist í fyrra. Kona mín er dóttir bókara og er nú hjúkrunarkona á spítala.“

„Segið mér, skrásettuð þér hjónaband yðar eða ekki? Með öðrum orðum, hvernig var hjónaband yðar staðfest?“

Dúkhovtsev roðnar. Hann hreyfir sig órólega í vandræðum. Allt í einu skilur hann, hvert verið er að fara. Áheyrendurnir verða eftirvæntingarfullir. Það heyrast ekki hljóð í salnum. Að lokum játar hann lágt hinn hræðilega sannleika.

„Ég kvæntist í kirkju,“ segir hann úrræðalaus.

Eftirvæntingunni er lokið. Áheyrendurnir hristast af hlátri.

„Ég veit, félagar, að þetta hljómar heimskulega,“ rödd Dúkhovtsevs skerst gegnum hláturinn. „Það er hlægilegt, og ég játa það. Ykkur er óhætt að trúa því, að kirkjuathöfn skiptir engu máli fyrir mig. Ég var ástfanginn af konu minni, og foreldrar hennar vildu bókstaflega ekki leyfa, að hún giftist mér, nema við samþykktum að taka þátt í þessum kirkjulega skrípaleik. Þau eru forn í skapi. Kona mín er ekki hleypidómafyllri en ég, en hún er einkadóttir og vildi ekki særa aldraða foreldra sína. Ég reifst við hana, bað hana og varaði hana við, að ekkert gott myndi af þessu leiða. En hún var óhagganleg, og ég gat ekki án hennar lifað. Þess vegna giftumst við að lokum í laumi í afskekktari sveitakirkju. Á leiðinni til baka faldi ég brúðarslæðuna og blómin í skjalatösku minni.“

Áheyrendurnir geta ekki haft stjórn á kæti sinni. Formaðurinn ber ákaft í borðið til að fyrirskipa þögn, en árangurslaust.

Dúkhovtsev, sem nú hefur misst stjórn á sér, hrópar sífellt hærra og hærra: „Ég fullvissa ykkur um, að við erum ekki trúuð. Konan mín vinnur. Ég er við nám. Við eigum eitt barn. Ég bið ykkur, félagar, fyrirgefið mér skyssu mína. Ég viðurkenni, að ég er sekur um að hafa leynt þessum glæp fyrir flokknum.“

Þó að nokkrir menn komi honum til hjálpar, er hann rekinn úr flokknum. Það er ekki eingöngu vegna hinnar kirkjulegu vígslu, heldur aðallega vegna þess, að hann hefur vanrækt að tilkynna yfirmönnum sínum jafnalvarlega yfirsjón. Það er hans raunverulegi glæpur.

Á þennan hátt heldur hreinsunin áfram, dag eftir dag. Fundirnir byrja strax að loknum kennslustundum, það er að segja klukkan fimm síðdegis, og standa langt fram á nótt. Í lok fyrstu vikunnar, þegar allt var orðið að ömurlegri kvörn, sem surgaði jafnt og þétt í návist tára, hláturs og fjarstæðna, hrukkum við allt í einu upp við það, að hrópað var nafn gáfaðs kennara og vísindamanns, féлага Péturs Jolkíns. Við vitum, að faðir hans var fyrrverandi prestur, og það gerir aðstöðu hans hættulega. Auðvitað hefur faðir hans afneitað kirkjunni og jafnvel gengið í guðleysingjafélagið til að þvo blettinn af mannorði barna sinna.

Án þessarar afneitunar myndi Pétur aldrei hafa verið tekinn inn í flokkinn þrátt fyrir ágæta hæfileika sína sem vísindamanns. Ást hans á vísindunum hefur verið afar óeigingjörn. Hann vann langan starfsdag sem ráðgjafi hjá ýmsum verksmiðjum, í tilraunastofum og í skólastofum. Það er eins og hann hafi með takmarkalausri iðni reynt að þurrka burt þetta „svívirðilega“ fjölskyldubaksvið.

Ég hitti hann af tilviljun á ganginum morguninn, sem ákveðið hafði verið að hann gengi undir hreinsunina.

„Jæja, Pétur, hvernig liggur á þér?“ spurði ég.

„Ekki sérlega vel, Vítja. „Og á ég að falla, rekinn í gegn af örinni, eða mun hún fljúga fram hjá mér?“

„Ef þú hefur þörf fyrir að vitna í Evgeníj Onegín, hlýtur þú að vera illa kominn,“ sagði ég hlajandi.

Nú stendur hann fyrir framan óvenjulega fjölmenna samkomu og segir ævisögu sína. Ef til vill er það vegna þess, að hann er kominn af prestaættum, að skriftirnar fara honum vel í munni. Hann kveðst aldrei hafa leynt háðung lífs síns og auk þess hafi faðir sinn afneitað kirkjunni opinberlega með auglýsingu í blöðunum. Hann kveður það ekki hafa verið auðvelt að uppræta hið gamla og láta það rýma fyrir hinu nýja. Það hafi verið langvinnt og erfitt verk að þurrka út sporin eftir hjátrú æskunnar, en honum hafi tekist þetta og nú eigi vísindin hug hans allan. Á þann hátt telur hann sig best geta þjónað flokknunum og félagi Stalín.

„Segið mér, félagi Jolkín,“ segir Galembo formaður, „hafið þér þekkt Sanín lengi?“

„Já, nokkuð lengi. Við vorum bekkjarbræður, tókum báðir próf úr skólanum á sama tíma og kennum nú báðir við skólann.“

„Vissuð þér, að Sanín hafði undirritað trotskíjsinnaða stefnuskrá?“

„Já, ekki síður en margir aðrir hér.“

„Ég er ekki að spyrja um hina, en um yður.“

„Já, ég neita því ekki, að ég vissi þetta um Sanín,“ játar Jolkín.

„Ef svo er,“ segir Galembo og brýnir raustina reiðilega, „hvers vegna hafið þér þá ekki tilkynnt hreinsunarnefndinni, að þér vissuð það?“

„Ég sá enga ástæðu til að koma með slíka yfirlýsingu. Þetta var svo alkunnugt, að mér datt það ekki í hug. Sanín hefur sjálfur opinberlega játað mistök sín, og það er svo langt síðan þetta gerðist.“

„Heyrið mig nú, Jolkín. Þér neitið ekki, að þér hafið haft nán kynni af Sanín. Þér eruð menntaður flokksmaður. Þér ættuð að vita, hvernig óvinir flokksins, bæði til hægri og vinstri, leyna sínu rétta andliti. Hafið þér sýnt nokkur merki um bolsévikaárvekni? Tilkynntuð þér það, sem þér vissuð að Sanín hefði sagt?“

„Hann hefur aldrei sagt neitt þess háttar í viðurvist minni. Ég hef ekkert að segja.“

„Jæja, og þekktuð þér Ponomerev?“ Það er annar nefndarmaður, sem skýtur þessu inn í.

„Já, ég þekkti hann. Hann undirskrifaði líka stefnuskrá trotskista.“

„Og tilkynntuð þér hreinsunarnefndinni um hann?“

„Nei, af sömu ástæðu og um Sanín.“

„Með öðrum orðum, þér áttuð ekki einungis vini, sem voru trotskistar, heldur leynduð líka óþokkalegu athæfi þeirra fyrir flokknum.“

„Í fyrsta lagi eru þessir kennarar ekki vinir mínir sérstaklega, heldur samstarfsmenn, hvorki meira né minna en fjöldi annarra samstarfsmanna úr kennarastéttinni. Í öðru lagi dró enginn þeirra neina dul á fortíð sína.“

„Félagi Jolkín, yður er augskýninga ekki ljóst, að flokkurinn berst gegn frávillingum. Þér leggið ekki mikið að yður í þeirri baráttu, er ekki svo? Þótt vinir yðar séu grímuklæddir trotskistar, hverju máli skiptir það? Yður kemur það ekki við. Hvernig getum við treyst yður?“

„Ég get ekki séð, um hvað ég hef gert mig sekan,“ segir Jolkín með ákveðinni röddu.

„Mér þykir það mjög leitt, yðar vegna,“ svaraði Galembo.

Yfirheyrslan er að snúast mjög á móti Jolkín. Ýmsir áheyrendur, sem sjá hvert stefnir, standa upp til þess að draga vísindamanninn alveg undir yfirborðið. Einum þeirra ofbýður allt í einu óþokkaskapurinn, nemur staðar í miðri setningu, stamar og segir síðan: „Nei, ég er að fara með þvætting. Félagi Jolkín er ágætis félagi og mikill maður.“

Það verður allt í einu þögn í fundarsalnum, eins og áheyrendurnir verði þrumu lostnir af þessari dirfsku. Nefndarmennirnir verða að beita mælsku sinni í fimm mínútur til þess að æsa sig upp í viðeigandi reiðiástand. Jolkín er sviptur félagsskírteini sínu, og furða næstum allir sig á því.

Ég heyrði síðar, að brottreksturinn hefði orðið þungt áfall fyrir fjölskyldu hans. Til þess að bæta gráu ofan á svart var systir hans, sem stundaði nám við aðra kennslustofnun, líka rekin úr flokknum, vegna þess eins, að bróðir hennar hafði fallið í ónáð. Faðir þeirra hafði því árangurslaust fórnað trú sinni, og endir var bundinn á frama tveggja dugandi einstaklinga. En eftir marga mánaða áfrýjanir, þar sem margir tignir félagar, sem voru sannfærðir um hæfileika Jolkíns, báðu honum líknar, var hann aftur tekinn í flokkinn. Við það fékk systir hans af sjálfu sér uppreist æru.

Fundurinn heldur áfram. Fjórir eða fimm félagar komast gegnum hreinsunina

vandræðalaust. Þá er ung námsstúlka, sem við þekkjum allir og dáumst að fyrir gáfur hennar og iðni, kölluð upp á pallinn. Það er dökkhærð stúlka með eldsnör augu og hljómfagra rödd, ein af þeim konum, sem eru heillandi án þess að vera fallegar. Hún skýrir frá því, að hún sé dóttir iðnaðarmanns, trésmiðs, að hún hafi byrjað að vinna í verksmiðju þrettán-fjórtán ára gömul, að hún hafi stundað nám á kvöldin og hafi að lokum verið valin til verkfræðináms í skólanum.

„Félagi Graník,“ spyr formaðurinn, „eruð þér gift?“

„Já.“

„Hve lengi hafið þér verið gift?“

„Í fimm ár.“

„Og hver er maður yðar?“

„Hann er fyrrverandi verkamaður. Ég hitti hann á vinnustaðnum. Síðar varð hann verkstjóri í málmsteypu.“

„Er hann flokksmaður?“

„Nei, ekki lengur, en hann hefur verið það.“

Nú finna áheyrendurnir aftur blóðlykt. Þeir, sem voru að fara út á ganginn til að reykja, snúa aftur í sæti sín. Menn teygja úr sér.

„Hvers vegna fór hann úr flokknum? Hefur hann ef til vill verið rekinn?“

„Maðurinn minn var rekinn,“ segir Graník með rólegri röddu, „vegna þess að hann hafði tekið þátt í móttöðuhreyfingu verkamanna.“

„Og skilduð þér við hann?“

„Nei.“

„Hvar er maður yðar nú?“

„Hann var tekinn höndum. Hann er í fangelsi hjá GPÚ.“

Nú eru áheyrendurnir eftirvæntingarfullir. Þetta er sannarlega harmleikur: Kona, sem er flokksfélagi, en er gift manni, sem er frávillingur, hefur iðulega verið tekin til meðferðar í leikritum í Ráðstjórnarríkjunum. En með aðstoð höfundarins kys hún ætíð flokkinn, þegar hún á valið á milli hans og ástar sinnar.

„Er það í fyrsta skipti, sem maður yðar hefur verið handtekinn?“

„Nei, í annað skipti.“

„Og þér hafið ekki enn skilið við hann?“

„Nei.“

„Hafið þér heimsótt hann í fangelsið?“

„Já, ég heimsæki hann í hverri viku.“

„Hvers vegna?“

„Hvers vegna? Ég fer með matarböggul til hans, hrein föt og vindlinga.“

„Gætu ekki einhverjir aðrir gert það?“

„Jú, því geri ég ráð fyrir — hann á móður og systur.“

„Segið okkur þá, hvers vegna þér farið í heimsókn til hans í fangelsið. Þér eruð flokksfélagi, er ekki svo? Og þó hikið þér ekki við að hjálpa manni, sem er óvinur flokksins.“

„Hann er maðurinn minn.“

„Svo! Hann er maðurinn yðar! Er öryggi flokksins ef til vill ekki mikilvægara en þröng einkasjónarmið?“

„Ég er ekki sammála honum í stjórnmálum. Ég reyni að rökræða við hann og sýna honum fram á, að hann hafi ekki rétt fyrir sér. Í hvert skipti sem við sjáumst, rökræðum við, þangað til við liggur að við rífumst.“

„Svo, þér farið þá í fangelsið í áróðursskyni?“

Háð Galembos dregur úr eftirvæntingunni. Hér og þar í salnum heyrast hlátur.

Einhverjir heyrast segja: „Nú er nóg komið! Rekið hana!“

„Afsakið mig, félagi formaður.“ Stúlkan hækkar röddina. „Er þetta flokks-hreinsun, eða er þetta sýning í fjölleikahúsi? Ég bið yður um að koma fram með stjórnmálaákæru á hendur mér, en gera ekki einkalíf mitt að hlátursefni hér í salnum.“

„Jæja, hvers vegna svarið þér þá ekki spurningunni og segið okkur þá raunverulegu ástæðu til þess, að þér í hverri viku heimsækið stéttarsvikara og flokksfrávilling?“

„Ég hef sagt yður það. Hann er ekki aðeins maðurinn minn, heldur mannleg vera. Það myndi vera niðingsverk og hugleysi að skilja við hann, þegar hann er staddur í neyð. Ég fordæmi sjónarmið hans. En við höfum unnið saman, við höfum stundað nám saman og við höfum lifað saman. Við höfum ákveðnar tilfinningar hvort gagnvart öðru. Já — við elskum hvort annað!“

Þessi játning vekur skellihlátur. Þarna er kona, sem heldur því fram, að hún sé kommúnisti, og er ástfangin af fanga hjá GPÚ!

„Í stuttu máli,“ lýkur Galembos málinu, „þér eruð flokksmaður og játið ekki einu sinni þá yfirsjón yðar að hafa samband við þjóðniðing. Ég álit, að niðurstaðan liggi í augum uppi. Kvenborgari Graník á ekki skilið að vera í röðum flokks okkar. Henni skal ekki lengur leyfast að leika sér að hagsmunum lands okkar.“

Þessu er tekið með lófataki. Það er hrópað: „Rétt! Burt með hana!“

En þó líður samúðarbylgja yfir fjöldann, þegar stúlkan gengur hnakkakert niður af pallinum og út úr salnum. Nemandi, sem situr við hliðina á mér, hvíslar að mér: „Ég er ekki að mæla með Graník, en þegar öllu er á botninn hvolft, er þetta einkamál og hefði ekki átt að taka það á þennan hátt.“ Ég svara ekki. Hvernig get ég vitað, hvort sessunautur minn er raunverulega hneykslaður eða hvort athugasemd hans er sprottin af öðrum hvötum, ef til vill til að tæla mig til að koma fram með hættulega skýringu?

Þegar nafn Serjozha Tsvekovs er hrópað upp, fæ ég hjartslátt. Í skriftamáli hans mun áreiðanlega verða minnst á reynslu okkar í sveitaþorpunum. Ef til vill dregst ég inn í umræðurnar. Ég veit, að hann er örgeðja, og óttast bæði um öryggi hans og öryggi mitt.

Þegar hann stendur á pallinum og allir horfa á hann, lítur hann allt of ungæðislega út og allt of hjálparvana. Ungæðisháttur hans sýnist næstum því vera móðgun í

Þessari kuldalegu samkundu. Hann er sýnilega taugaóstyrkur, en segir þó sögu sína í samhengi. Hann horfir sífellt til ysta hornsins í salnum. Ég lít í sömu átt og hann og sé föður hans brosa hvetjandi til hans. Einu sinni mætast augu okkar Serjozha.

Ég brosi til hans og gef honum merki til uppörvunar. Þegar hann byrjar að segja frá starfi sínu í sveitaþorpinu, tekur formaðurinn fram í fyrir honum.

„Félagi Tsvetkov, er faðir yðar flokksmaður?“

„Já, og hann hefur þegar staðist hreinsunina.“

„Segið okkur, hver er skoðun yðar á samyrkjunni í sveitaþorpunum?“

Ég sé, að Serjozha fölnar. Hann lítur í áttina til mín og segir: „Ég framkvæmdi það starf, sem umdæmisnefndin fékk mér í hendur, en ég játa, að mér var ekki um sumt það, sem gerðist í sveitaþorpunum.“

„Við höfum sannanir,“ heldur Galembo áfram, „fyrir því, að þér sýnduð ekki nægilega festu og að úrskurðir yðar voru margsinnis óákveðnir og ófullnægjandi. Hverju svarið þér?“

Ég finn, að Tsvetkov muni sökkva, ef ekki er komið honum til hjálpar. Það er brýn nauðsyn að veita honum tækifæri til að hugsa sig um. Ég stend upp í flýti og bið um að fá orðið.

„Hvers óskið þér?“ segir formaðurinn.

„Ég krefst þess, að þér segið nafn þess manns, sem hefur gefið óvinsamlega yfirlýsingu um þennan féлага.“

„Hann er frá skrifstofu ákærandans.“

„Það skiptir engu máli, félagi, nafn hans er mikilvægt. Ég var í sveitaþorpinu með féлага Tsvetkov, og mér er málið kunnugt.“

„Gott og vel,“ samsinnir formaðurinn, „hann heitir Arshínov.“

„Því bjóst ég við,“ segi ég sigri hrósandi, og er það markorð Serjozha. Þessi milliþáttur hefur sefað hann. Það eitt að heyra nafn Arshínovs endurvekur reiði hans og gefur honum aftur sjálfstraust.

„Arshínov!“ segir hann. „Ég fullvissa yður um, að yfirlýsing þess manns er röng og einskis verð. Hún er komin fram af sérstökum hvötum. Hann óttast svo mjög, að ég segi það, sem ég veit um hann, að hann er að tryggja sig með því að ákæra mig. Þetta var í fyrsta sinn, sem ég kom í sveitaþorp. Auðvitað hafði ég enga reynslu og hef ef til vill kákað eitthvað í starfinu. Aftur á móti notaði Arshínov svívirðilegar aðferðir — aðferðir, sem flokkurinn hefur síðar fordæmt og ráðið á. Þegar ég kom aftur, gaf ég skýrslu til umdæmisnefndarinnar um framkomu hans. Það er ekki ég, sem er sekur, heldur einmitt Arshínov.“

„En er það ekki rétt, að Arshínov sýndi frábær afrek við söfnun kornsins, skömmu eftir að yður hafði mistekist við hana?“

„Jú, það er rétt, við nokkur tækifæri. En af því leiðir ekki, að ég ætti að brjóta fyrirskipanir flokksins og haga mér eins og hann gerði.“

„Óskar nokkur að taka til máls?“

Ég stóð upp, og formaðurinn gaf mér bendingu um að tala.

„Ég starfaði með félagi Tsvetkov og félagi Arshínov í Podgorodnoje. Ég skal segja yður frá því nánar, þegar röðin kemur að mér. En nú vil ég aðeins segja, að félagi Tsvetkov reyndist mér heiðarlegur, samvinnuþýður og samviskusamur kommúnisti. Hann er ágætur félagi, þó að hann hafi ekki mikla reynslu. Hann má ekki verða fórnardýr aðferða Arshínovs — ef hann væri hér skyldi ég lumbra á honum. Ef þér leyfið, þá skal ég segja yður dálítið frá „árangri“ Arshínovs.“

„Lofið okkur að heyra! Haldið áfram!“ hrópa ýmsir, en formaðurinn er sýnilega órólegur. Hann óskar ekki eftir neinum lýsingum á hryðjuverkunum í sveitaþorpunum.

„Félagar, við erum að rannsaka frammistöðu Tsvetkovs, en ekki Arshínovs. Ræðumaðurinn getur gefið nefndinni upplýsingar sínar í einkaviðtali.“

Ég geng upp á pallinn og segi með lágrí röddu frá nokkrum af grimmdarverkum Arshínovs. Nefndarmennirnir skrifa upp hjá sér til minnis. Ég mun aldrei fá vitneskju um, hvort það er vegna áheyrðanna, sem þeir leika þennan leik, eða þeim er í raun og veru ókunnugt um staðreyndirnar. Ég hafði gefið nákvæma skýrslu um málið, en sá möguleiki var alltaf til, að Arshínov hafi átt vini, sem voru nægilega valdamiklir til að koma í veg fyrir, að skýrsla mín kæmist í hendur hreinsunar-nefndarinnar.

Vörn mín fyrir Serjozha herti upp huga annarra. Tveir karlar og tvær konur mæla með honum. Honum er afhent aftur flokksskírteini sitt. Hann gengur beina leið frá pallinum til mín. Hann tekur þakklátur í hönd mér, með tárin í augunum. Því næst gengur hann til föður síns, sem faðmar hann að sér.

Ég vonast eftir að verða kallaður til yfirheyrslu næst á eftir Tsvetkov. Ég get ef til vill notið góðs af þeim hagstæðu áhrifum, sem hann virðist hafa haft á menn. En sá, sem næstur er kallaður upp, er félagi Gríntsjenko, kennari í marxisma og lenínisma við skólann og þess vegna eins konar „andlegur“ og hugmyndafræðilegur stjórnandi skólans. Ef nokkur í skrá skólans væri af sjálfu sér hafinn yfir alla gagnrýni, þá hlýti það að vera þessi hávaxni, ófríði kennari. Okkur finnst hann heldur leiðinlegur sem kennari, en bókstaflega dásamlegur sem maður.

Gríntsjenko heldur fyrirlestra á úkraínsku, sem er móðurmál hans, þrátt fyrir það, að flokkurinn hefur ekki einungis fallið frá gömlu tungumálaöfgunum, heldur fordæmt þær sem „þjóðernisleg frávík“. Hann er ofstækisfullur kommúnisti, og nemendurnir segja sín í milli um hann: „Gríntsjenko — hann sængar með Marx á hverju kvöldi!“ Þar eð við erum ókunnugir ævisögu hans, hlustum við með sérstakri eftirtekt á skriftir hans.

Hann segist vera sonur fátæks bónda og hafi fram að byltingu unnið sem fjósadrengrur á stórbýli. Hann var nítján ára, þegar keisarinn féll, og gekk strax í lið með bolsévíkum. Hann varð sveitarhöfðingi í Rauða hernum og særðist hvað eftir annað. Eftir borgarastyrjöldina gekk hann í sérstakan skóla, þar sem kennd voru kommúnísk fræði, og er nú kennari í lenínisma við skólann. Þetta er sannarlega lýtalaus ráðstjórnarferill.

„En ég verð hér í viðurvist nefndarmanna og þeirra, sem hér eru saman komnir,“ lýkur hann máli sínu, „að viðurkenna villu mína um þjóðernisleg frávík. Ég var í flokki með Skrípník og fleirum, sem röskuðu almennum þróunarferli málsins. Það er hluti af dapurlegri fortíð minni, sem ég iðrast og hef algjörlega gleymt.“

„Skyldi allt vera gleymt?“ tekur formaðurinn fram í fyrir honum á hinn óheillavænlegasta hátt. Allir verða aftur gaumgæfnir. „En það eru ennþá nokkrir menn — til dæmis —“ og hann nefnir þrjú eða fjögur nöfn.

„Já, ég hef ef til vill hitt þá við og við. Það er erfitt að komast hjá því. Þeir voru úkraínskir þjóðernissinnar, og það er ekki nein vinátta með okkur.“

„Hafið þér nokkru sinni átt í bréfaskriftum við þá?“

„Nei.“

„Hafið þér haft samband við þessa menn, eftir að flokkurinn af göfuglyndi sínu fyrirgaf yður syndir yðar?“

„Nei. Þó er eins og mig minni, að ég hafi eitt sinn hitt kunningja þessara manna. Við ræddum ekki um stjórnmál.“

„Vitið þér, hvar þessir þjóðernissinnar eru nú?“

„Ég hef frétt, að sumir þeirra hafi verið handteknir. Ég veit ekki hverjir þeirra.“

„Hver sagði yður þessar fréttir?“

„Sameiginlegur kunningi, sem ég hitti af tilviljun.“

„Þér sögðuð rétt núna, að þér hefðuð ekki rætt stjórnmál við hann. Hvernig stóð þá á því, að hann færði yður fréttirnar um handtöku þeirra?“

„Ég notaði ef til vill skakkt orð. Það voru ekki fréttir — aðeins athugasemd, sem hann gerði af tilviljun.“

„Þér eruð barnalegur, félagi Gríntsjenko, ef þér álítið, að þér getið þyrlað ryki upp í augun á okkur. Við vitum til dæmis, að þér urðuð gramur, þegar yður var sagt frá handtöku þeirra.“

„Mér þykir það leitt, en einhver hlýtur að hafa logið því á mig.“

„Síður en svo. Við höfum úr mörgum áttum sannanir fyrir því, að þér séuð enn umfram allt Úkraínumaður og þar næst lenínisti. Við höfum kærur um það frá tveim nánustu félögum yðar —“ og hann nefnir aftur nöfn.

Gríntsjenko stendur þarna höggdofa. Okkur er ljóst, að mennirnir, sem nefndir voru, eru ekki lengur frjálssir ferða sinna.

„Ég get ekki skilið, hvers vegna þeir hafa sagt svona hluti um mig,“ stamar Gríntsjenko. „Já, þeir voru bestu vinir mínir.“

„Og ég geng að því vísu, Gríntsjenko,“ bætir annar nefndarmaður við, „að þér hafið ekki talað á móti samyrkjunni.“

„Nei. Ef til vill hef ég talað á móti ákveðnum öfgum, en aldrei móti flokkssamþykktum.“

„Þetta er nægilegt. Nú skulum við heyra, hvað félagarnir meðal áheyrendanna segja.“

Hver kennarinn í marxisma og lenínisma á eftir öðrum stendur nú upp til að

ráðast á samstarfsmann sinn. Þeir halda ræður um það ósamrýmanlega í því að vera þjóðernissinni og kommúnisti. Þeir brjóta heilann til að finna upp ákæru gegn manningnum á pallinum, og í raun og veru grafa þeir upp hálfgleymd brot af því, sem hann hefur sagt. Þeir nefna ekki neinar dagsetningar, svo að jafnvel þjóðernis-hrifning Gríntsjenkos frá þeim tímum, er það var skylda að vera þjóðernissinni, áður en hinni opinberu skoðun um málið var breytt, er notuð sem nagli í stjórnmálalega líkkistu hans.

Og þannig verður einnig Gríntsjenko, hinn ofstækisfulli, gáfaði lenínisti, einn á meðal þeirra, sem reknir eru úr flokknum í ónáð. Starfsferill hans er á enda.

Ég er ennþá að velta vöngum yfir því, hvað muni verða um hann, þegar ég heyri nafn mitt hrópað upp og hraða mér upp á pallinn. Ég segi frá æviferli mínum — í samvinnubúinu, í Donetz-námunum, verksmiðjunni, við persnesku landamærin, aftur í verksmiðjunni og að lokum í skólanum. Ég tek eftir því, á meðan ég er að tala, að þessi ævisaga hefur áhrif. Ég er af sómasamlegu öreigakyni, starf mitt hefur verið kommúnískt og sjálfu sér samkvæmt. Eins og af tilviljun minnst ég á eftirlitsferð mína til Níkopól og hina löngu heimsókn mína hjá Ordzhoníkídze. ... Að lokum gef ég yfirlit yfir tvær sendiferðir mínar í sveitirnar. Þar eð ég veit, að aðrir hafa gefið skýrslur um mig, leyni ég ekki því, að ég hafi tekið nokkrar djarflegar ákvarðanir, en held því fram, að aðstæðurnar hafi gert það nauðsynlegt.

„Hvernig voru atvikin að því, að þér töpuðuð flokksskírteini yðar? Er yður ljóst, að það er mjög alvarlegt brot á flokksaganum?“

„Ég veit það, og mér þykir það mjög leitt, félagar. Það átti sér stað, á meðan uppskeran stóð sem hæst. Ég tók við vinnu samyrkjubónda, sem allt í einu hafði liðið yfir, og tapaði veski mínu í önnunum. Hérna er vottorð um atvikið frá stjórnmáladeildinni í þorpinu.“

Nefndarmennirnir rannsökuðu skjalið, bættu því við hefti mitt og héldu áfram yfirheyrslu sinni.

„Við höfum sannanir fyrir því, að þér voruð andvígur hinum röggssamlegu starfsaðferðum við söfnun kornsins og að þér köstuðuð rýrð á löggiltan umboðsmann flokksins.“

„Öðru nær, félagar. Það var hann, sem kastaði rýrð á flokkinn. Ég geng að því vísu, að þér eigið hér við Arshínov. Ég hef þegar sagt yður frá starfsaðferðum hans.“

„Jæja, við skulum segja, að það hafi verið Arshínov.“

„Ef svo er, félagi formaður, þá er hér eftirrit af skýrslu minni til umdæmisnefndarinnar og til Pravda um hann. Þér munuð sjá, að hann var flokknum og kommúnistanafninu til skammar. Ég gerði allt, sem ég gat, til þess að verja sóma flokksins gegn starfsaðferðum hans, og það er ástæðan til þess, að hann reynir að koma óorði á mig. Hann notaði líkamlegar starfsaðferðir.“

„Hvers konar, líkamlegar starfsaðferðir?“ spurði einn meðal áheyrendanna.

„Fyrir nefndinni liggur málið nú alveg ljóst,“ flýtti formaðurinn sér að segja. Hann var ákafur í að skipta um umræðuefni. „Segið okkur heldur eitthvað um

starfsaðferðir yðar — við uppskeruna í Logína.“ Þetta var versta útreið, sem ég hef orðið fyrir. Ég hafði undirbúið frásögn mína í þaula. Í marga daga hafði ég vitað nákvæmlega, hvað ég hafði ætlað að segja. En á einn eða annan hátt höfðu hinar tilbúnu setningar flækst saman. Ég gat ekki greitt úr þeim. Ég játaði, að ég hefði látið slá hafr og bygg til að bjarga uppskerunni, að ég hefði skipulagt barnaheimili og notað „föst tök“ til að útvega mat handa börnunum, bjarga fólkinu og ráða fram úr vandræðunum.

„Félagi Hatajevítj þakkaði mér persónulega fyrir uppskeruna, sem var lokið tíu dögum á undan áætlun, og hér er skrifleg yfirlýsing frá stjórnmaladeildinni um, að ég hafi starfað vel.“ Ég rétti þeim skjalið. „Er óskað eftir frekari upplýsingum?“

Formaðurinn er í vandræðum. Ég hef gætt þess að koma vel undirbúinn að sönnunargögnum. Ef það hefur verið ætlun hans, að málið yrði mér mótdrægt, þá er nú hik á honum. Ennþá er ekki útilokað, að ég bjargist. Hann beinir spurningum sínum inn á nýjar brautir, og mér verður hughægra.

„Hvað starfar faðir yðar?“

„Hann vinnur í Petrovskíj-Lenín verksmiðjunni ásamt yngri bróður mínum, en eldri bróðir minn er bókarí í efnagerð.“

„Er faðir yðar flokksbundinn?“

„Nei.“

„Bræður yðar?“

„Nei.“

„Hvers vegna sat faðir yðar í fangelsi fyrir byltinguna?“

„Fyrir byltingarstarfsemi — í uppreisninni 1905 og einnig síðar.“

„Í hvaða flokki var hann?“

„Hann hefur aldrei verið í neinum flokki.“

„Eruð þér viss um það?“

„Alveg viss, félagi Galembó.“

„Gott, óskar nokkur að taka til máls?“

Þrír félagar biðja um orðið til þess að ráðast á mig. Þó nokkrir aðrir, þar á meðal Serjozha, hrósa mér. En engum flugeldum er skotið. Menn ganga út til að reykja og tala saman. Leiðinlegt mál. Mér er afhent skírteini mitt.

Áður en ég fer niður af pallinum, bið ég nefndarmennina um að segja mér, hver hafi ákært mig vegna dvalar minnar í Logína. Þeir leita í heftum sínum. Maðurinn hefur sýnilega ekki beðið um að halda nafni sínu leyndu.

„Það er flokksmaður, félagi Skopín,“ segja þeir mér.

„Það var einmitt það, sem ég bjóst við,“ sagði ég brosandí. GPÚ-maður stjórnmaladeildarinnar hafði þá ekki fyrirgefið mér, að ég neitaði að tala við hann!

Vinir mínir safnast utan um mig og taka í höndina á mér. Lífið liggur eins og bein braut fyrir framan okkur — við erum enn vel séðir flokksmenn.

Í byrjun ársins 1934 tilkynnti félagi Lazar Kaganovítj í Moskvu, að 182.500 menn hefðu verið reknir úr flokknum. Hann kvað hinar endanlegu tölur myndu

verða nokkru hærri, þar eð hreinsuninni væri ekki enn lokið í sumum héruðunum. Ferli yfir 200.000 flokksmanna var með því lokið. En það sannaði ekki, eins og Kaganovítsj benti á, að flokkurinn hefði verið „hreinsaður“ og að hann væri nú í raun og veru „samlitur“.

Ég var sjálfur sönnun hins gagnstæða. Þó að ég hefði staðist prófið, var ég vafalaust efagjarnari og órólegri í huga en þúsundir þeirra karla og kvenna, sem kastað hafði verið á sorphaug stjórnmálanna. Sama er áreiðanlega hægt að segja um tugþúsundir annarra manna. Flokksforingjarnir gátu ef til vill sjálfir haldið, að „síðustu leifar frávika og óánægju hefðu verið þurrkaðar út“. Við almennu flokksmennirnir vissum betur.

11. kafli: Leyndarmál Elínar

VIÐ HREINSUNINA HURFU ÚR kennara- og nemendahóp skólans margir þeir, sem áður hafði borið daglega fyrir augu. En þeir, sem eftir voru, störfuðu af meiri rósemi og áhuga, þegar ótinnn hætti að þrýsta heljargreipum sínum að barka þeirra. Þetta var síðasta námsárið mitt. Ég var þegar farinn að starfa mikinn hluta námstímans í verksmiðjunni til að æfa mig í raunhæfum verkfræðistörfum. Að loknu námi gat ég búist við að verða skipaður í ábyrgðarstöðu vegna hins sívaxandi málmiðnaðar.

Ég hitti Elínu skömmu eftir að hreinsuninni var lokið. Vegna töfrabragða ástarinnar varð píslarganga hennar óaðskiljanlegur hluti af lífi mínu. Hún er þáttur í ævisögu minni. Og það get ég sagt með sanni, að sjálfur hef ég reynt fátt, sem hefur haft jafndjúp áhrif á afstöðu mína til ráðstjórnarveldisins og það, sem kom fyrir Elínu.

Ég hef oft furðað mig á því hlutverki, sem tilviljunin leikur í örlögum mannanna. Þegar Elín fluttist til Dnepropetrovsk, tók hún á leigu íbúð í nágrenni við heimili mitt. Hún fór til starfs síns á morgnana um sama leyti og ég fór í skólann. Við lentum þess vegna stundum í sama strætisvagninum. Ég tók eftir henni í fyrsta sinn í hriðarbyl, þegar við ásamt fáeinum öðrum vorum að bíða eftir strætisvagni á viðkomustað hans.

Það var algjör tilviljun. Við hittumst líka af einskærri tilviljun á sama hátt í annað og þriðja skiptið. Eftir það fór ég að skyggjast eftir þessari háu og dökkhærðu stúlku, og að lokum fór ég að bíða eftir henni. Ég sleppti af mörgum strætisvögnum, sem óku framhjá, og mér varð gramt í geði, þegar mér fannst hún koma of seint. Þegar ég gaut til augunum og sá hana nálgast, granna og kvika á fæti, fékk ég hjartslátt. Ég hafði grun um, — og það kom síðar í ljós, að sá grunur var réttur, — að henni var ljóst, hvern hug ég bæri til hennar, og henni stæði ekki heldur á sama um mig. Síðar hlógum við oft að þessari þöglu kvonbæn á viðkomustað strætisvagnsins.

Þegar ég var að lokum kynntur fyrir henni, — og það gerðist einnig af tilviljun, — fannst okkur sem við hefðum þekkt lengi. Það var seint um kvöld. Ég var að fara heim af löngum fundi í umdæmisnefndinni. Fundarsalurinn hafði verið fullur af reykt og umræðurnar leiðinlegar. Það var hressandi að koma út og anda að sér svölu vetrarloftinu. Ég gekk rösklega og heyrði allt í einu, að einhver kallaði á mig. Ég hafði varla gefið gaum að tveim konum, sem ég var nýbúinn að ganga framhjá.

Ég sneri við og sá, að önnur þeirra var kvenlæknir, sem hafði stundað mig á spítalanum, eftir að ég gegndi herþjónustu við persnesku landamærin. Í fylgd með henni var fallega, ókunna stúlkan.

Kvenlæknirinn heilsaði mér innilega: „Víktor Andrejevítsj, hvar hafið þér verið? Það gleður mig sannarlega að sjá yður aftur. Ég hef lesið greinar yðar í blöðunum, og sameiginlegir vinir okkar hafa sagt mér frá frama yðar. En afsakið: Má ég kynna yður fyrir ungri vinkonu minni, Elínu Petrovnu.“

Hím varð dálítið hissa á því, hve hlýlega við Elín heilsuðum hvort öðru, og því fæti, sem kom á okkur, þegar við tókumst í hendur. Hana gat ekki órað fyrir því, að í næstum því mánuð höfðum við þráð slíkt mót, sem gat brúað gjána á milli okkar. Undrun hennar varð vafalaust ennþá meiri við það, að við fundum átyllu til að koma henni heim til sín með strætisvagni, en fara sjálf gangandi. Þetta var auðvelt vegna þess, að við áttum heima á sömu slóðum.

Það, sem í raun og veru gerði Elínu óvenjufallega, var yndisþokki hennar og glæsileiki. Hún var fríð sýnum. En engum málara myndi hafa komið til hugar að mála andlit hennar eitt sér. Hann myndi auðvitað mála af henni almynd. Þetta kvöld, þegar við hittumst í fyrsta sinn opinberlega, var hún klædd í svarta, aðskorna loðkápu og vítt pils eins og þau tíðkast í Kákasus. Hún sýndist hærri en hún var í raun og veru, vegna þess að hún var með barðalausan hatt úr hvítu loðskinni. Nokkur snjókorn glitruðu eins og demantar á augnabrúnum hennar.

Við gengum saman og leiddumst í næstum því klukkustund og töluðum um okkur sjálf og veröldina. Hún var líka að koma af innifundi og fannst frostið og ferskt loftið hressa sig. Hún sagði, að þetta væri í fyrsta sinn, sem hún dveldist í Dnepropetrovsk, að hún starfaði sem húsameistari í teiknistofu hins opinbera og myndi sennilega dveljast hér allengi. Hún kvaðst hafa fyrir fjórum árum lokið prófi við listaháskólann í Kharkov, þar sem hún lagði stund á byggingarlist sem aðalnámsgrein.

„Ég er svo glaður yfir að hafa hitt yður,“ sagði ég, þegar leið á samtalið. „Ég hef hugboð um, að við eigum eftir að verða verulega góðir vinir.“

„Það hef ég líka,“ svaraði hún brosandí, „en ef ég á að vera hreinskilin, óska ég yðar vegna, að svo verði ekki. Ef þér væruð skynsamur maður, Víktor Andrejevítsj, þá mynduð þér láta þetta fyrsta mót okkar verða einnig það síðasta.“

Þó að hún segði þetta brosandí og hlægi við, gerði þessi athugasemd hennar mig órólegan. Hjá mér vaknaði skyndilega grunur um, að bak við lægi meiri alvara en búast mátti við eftir framkomu hennar, að hún ætti við einhvern eigin harmleik. Það var ekki vottur af gleði í brosi hennar, og í augum hennar var einkennileg angurværð, sem gerði hvort tveggja í senn að draga úr fegurð hennar og auka á hana.

„Ég hætti á það,“ sagði ég.

„Munið eftir, að ég varaði yður við,“ svaraði hún.

„Ég skal áreiðanlega minnast þess. En þá verðið þér líka að segja mér eitthvað meira um sjálfa yður. Til dæmis ...“

„Spyrjið mig ekki,“ greip hún fram í. „Já, ég er gift. Maðurinn minn er góður maður, en óhamingjusamur. Við búum undir sama þaki, og mér þykir vænt um

hann eins og ég væri systir hans. En að öðru leyti erum við ekki hjón nema að nafninu til. Ég elska hann ekki ... á þann hátt, ... mér þykir vænt um að hafa hitt yður. Ég hef verið mjög einmana.“

„Einmana? Þér, sem eigið heimili, hafið ágæta framtíðarstöðu og eruð falleg ...“

„Ég þekki marga, ef til vill of marga. En þó öfunda ég yður, af því að þér eigið raunverulegt heimili, móður. Faðir minn er dáinn, og móðir mín á heima í Kænugarði. Að vissu leyti þykir mér vænt um það, því að nú á tímum gerist ýmislegt, sem ekki er einu sinni hægt að trúna móður sinni fyrir. Ég öfunda yður líka af tálvonum yðar, því að þér eruð sýnilega ákafur kommúnisti.“

„Það er hægt að vera ákafur kommúnisti, þó að eitthvað af tálvonunum hafi glatast,“ svaraði ég. „En við skulum fresta því að tala um stjórnmál. Segið mér eitthvað um manninn yðar. ...“

„Gerði það fyrir mig að spyrja mig ekki um hann. Ef yður langar til að hitta mig aftur, set ég það eina skilyrði, að þér látið eins og hann væri ekki til. Í vissum skilningi er hann það ekki. En ég verð að endurtaka viðvörun mína. Þér eruð gagntekinn af von og trú. Ég á hvorugt. Þér gangið fremst í fylkingunni, en ég haltra með þeim síðustu. Yður mun reynast gangan auðveldari án mín.“

„Ég hirði ekkert um viðvaranir yðar. Hvað sem það kann að kosta, er ég staðráðinn í því að hitta yður oft.“ Ég lét sem ég væri áhyggjulaus. „Þó að ég eigi eftir að lifa allar kvalir helvítis, mun ég aldrei sjá eftir að hafa kynnst yður.“

„Eruð þér að tala um kvalir helvítis?“ sagði hún og brosti dapurlega. „Ég þekki ekkert til kvala helvítis, en ég þekki meira en nóg til kvala þessa lífs. Þær eru verri, miklu verri, af því að þær koma niður á lifandi mönnum, en ekki dauðum.“

Ég kvaddi hana við útidyrnar heima hjá henni, og við komum okkur saman um að hittast í skemmtigarðinum næsta laugardagskvöld. Ég keypti aðgöngumiða að viðhafnarsöngskemmtun það kvöld, þar sem hinir frægu listamenn frá dansleikhúsinu í Moskvu, Víktorína Krieger og Golúbín, sýndu listir sínar. Það var sár kvöl að bíða eftir laugardeginum, og þó forðaðist ég að mæta henni á strætisvagnastöðinni. Ég hlakkaði til kvöldsins, því að hver nótt stytsti stundirnar til stefnumótsins.

Þegar við hittumst, fann ég á handtaki hennar og sá á roðanum, sem færðist í kinnar hennar, að hún hafði líka þráð þessa stund, og það gladdi mig innilega. Við gengum um stund okkur til skemmtunar og röbbuðum saman, og því næst fórum við í söngleikhúsið. Hún virtist jafnánægð og barn á helgidegi.

„Þegar ég er með yður, gleymi ég öllum áhyggjum,“ hvíslaði hún, meðan Golúbín var að leika hlutverk sitt í *Vikingnum*.

Þó að Krieger væri ekki lengur á léttasta skeiði, dansaði hún guðdómlega og naut addáunar um allt Rússland. Þetta kvöld dansaði hún nokkur atriði úr hinu fræga hlutverki sínu í *Svanavatninu* við mikinn fögnuð áhorfenda. Því næst hóf einn af söngvurunum aríuna:

Veittu mér, veittu mér frelsi.
Þá skal minnar smánar hiklaust hefnt.
Heiðri mínum skal þá borgið verða. ...

Á meðan á söngnum stóð, þrýsti Elín svo fast hönd mína, að ég fann til sársauka. „Hlustið á, Víktor Andrejevítsj! Þessi orð hafa alveg sérstaka merkingu fyrir mig og svo marga, marga aðra,“ sagði hún lágri, áhrifamikilli röddu.

Því næst söng digur kona aríu Lísu úr *Spaðadrottningunni*. Ég tók eftir, að gleði Elínar var horfin. Hún hreyfði sig eirðarlaus í sætinu og andvarpaði. Þegar söngkonan kom að orðunum:

Skyhnoðrinn kom, hleypti skruggunni af stað,
þá varð skerðing á gæfu og vonum, ...

stóð Elín skyndilega á fætur og dró mig með sér. „Við skulum fara, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hún. „Gerðu það fyrir mig. Ég get ekki hlustað á þetta lengur.“

Þegar við komum út í kuldann, varð hún rólegri. Ég spurði einskis. Ég hafði ákveðið með sjálfum mér að reyna ekki að komast að því sorglega leyndarmáli, sem varpaði skugga á líf hennar, hvað sem það kynni að vera.

„Við skulum fara í eitthvert veitingahús,“ sagði ég. „Ættum við ekki að hlusta á léttu hljómlist?“

„Það vil ég gjarnan — en aðeins með einu skilyrði, og það er, að ég fái sjálf að borga fyrir mig. Þér eruð námsmaður. Ég vinn fyrir kaupí. Ég sé enga ástæðu til þess, að þér borgið.“

Á næstu mánuðum hittumst við að minnsta kosti einu sinni í viku, venjulega oftast. Vor tók við af vetri. Ég kynnti Elínu fyrir móður minni — þær urðu strax hrifnar hvor af annarri. Eftir það hittust þær oft, einnig þegar ég var hvergi nærri.

„Hún er yndisleg stúlka,“ sagði mamma við mig, „og hún er mjög ástfangin af þér. Ég veit, hvernig tilfinningar þínar eru gagnvart henni. En það hefur eitthvað komið fyrir hana, sem hvílir á henni eins og farg.“

„Ég veit það, mamma, en ég veit ekki, hvaða ógæfa það er. Ég hef fundið, að spurningar mínar gera hana aðeins hrygga, og ég er hætture að spyrja.“

„Þú hefur rétt fyrir þér, Vítja. Hún er góð kona, og þú verður að treysta henni. Hvað sem kann að þjá hana, getur það ekki verið neitt henni til vansæmdar. Hún er ein af þeim, sem ekki geta sært neinn — nema þá sjálfa sig.“

Dag nokkurn snæddi Elín miðdegisverð á heimili okkar og stóð við til kvölds. Við vissum bæði, án þess að á það væri minnst einu orði, að hún ætlaði sér ekki heim til sín.

„Þetta er brúðkaupsnóttin okkar, Víktor. Ég elska þig af öllu mínu hjarta,“ sagði Elín. „Þú verður að trúá mér, þegar ég segi þér, að þú ert fyrsti og eini maðurinn, sem ég hef unnað, síðan ég hætti að elska manninn minn.“

Mánuðir liðu. Elín heimsótti okkur iðulega og var á allan hátt eins og ein í fjölskyldunni. Foreldrar mínir og bræður dáðust að henni. Það var eitthvað unaðslegt við hana, sem lýsti upp allt heimili okkar. Þó var það sjaldgæft, að ég kveldist ekki af vitneskjunni um það, að mikilvægur hluti af ævi hennar væri mér lokuð bók. Stundum fannst mér sem hún lifði í sífelldum kvíða, að tilvera hennar væri eins og hús, sem vegur geigvænlega salt á barmi hylðýpis.

Síðan rann sá dagur upp, er áhyggjur mínar fundu miðdepil til að snúast um. Þó að ég skýrði illan grun minn sem áhyggjur um farsæld hennar, var hann að miklu leyti afleiðing af venjulegri afbrýðisemi karlmannsins.

Síðla dags að loknum kennslustundum fór ég ásamt nokkrum bekkjarbræðrum mínum til þess að horfa á knattspyrnuleik á íþróttavelli borgarinnar. Á milli hálfleikjanna hröðuðum við okkur að veitingaborðinu til að fá okkur öl. Eins og venjulega var löng biðröð fyrir framan borðið, og við skipuðum okkur í röðina. Á meðan ég stóð þarna og leit af tilviljun inn gegnum dyrnar á veitingasal, sem var þar við hliðina, kom ég auga á Elínu, sem sat þar skrautklædd við hliðina á tveim mönnum, sem sýnilega voru útlendingar. Þau drukku öll vín og töluðu glaðlega saman, og mér fannst mennirnir horfa á hana af bírafni og með áfergju í augnaráði.

Ég var þarna, þar til leikurinn var á enda, en ég tók ekki eftir neinu, sem fram fór. Hvaða erindi átti Elín hingað í fylgd með útlendingum? Þegar leiknum var lokið, sá ég hana fara með þeim. Þau óku burt í stórrí erlendri bifreið. Ég ráfaði um í leiðslu allan daginn, og mér kom ekki dúr á auga um nóttina.

Næsta dag kom Elín samkvæmt umtali heim til mín til kvöldverðar. Ég gaf henni gætur allan tímann meðan á kvöldverðinum stóð, en sá ekki nein merki breytingar á henni. Gat þetta samneyti við útlendinga — sem gat verið hættulegt í landi okkar — verið svo venjulegur atburður fyrir hana, að hann hefði ekki haft nein áhrif á hana? Þegar við vorum orðin ein, minntist hún á það af tilviljun, að hún hefði daginn áður horft á knattspyrnuleik.

„Skrifstofustjórinn hjá okkur bað mig um að fara þangað með tveim gestum,“ sagði hún. „Þeir voru mjög leiðinlegir.“

Ég minntist ekki á, að ég hefði séð hana þar. Þegar hún gekk út úr herberginu mínu fram í eldhús, tók ég eftir því, að handtaska hennar var opin og að í henni voru einhver skjöl. Ég var enn gagntekinn af efasemdum og afbrýðisemi og leit því í flýti á skjölin. Annað þeirra var á þýsku. Þó að ég skildi ekki málið, sá ég, að efni þess var vélfræðilegt og fjallaði um mál og vélar. Hitt skjalið var á rússnesku. Upphaf þess var svona: „Ég sendi hér með gögn með hjálagðri skýrslu. Ég tek það fram ...“

Þegar hér var komið, heyrði ég fótatak Elínar og setti skjölin í snatri á sinn stað.

Ég var ekki í neinum vafa um, að þessi skjöl stóðu á einhvern hátt í sambandi við þessa tvo útlendinga og að þetta fól í sér lausnina á leyndardómi lífs hennar. Þegar við skildum seint um kvöldið, spurði ég, hvenær við ættum að hittast næst.

„Næsta föstudagskvöld,“ sagði hún.

„Því miður á ég að halda fyrirlestur á föstudaginn kemur. Getum við ekki hist á fimmtudaginn?“

„Mér þykir fyrir því, elskan mín, en á fimmtudaginn er ég önnur kafin við brýnt verkefni.“

Tortryggni mín hafði skerpt athygli mína, og tók ég því skyndilega eftir því, sem ég hafði ekki veitt athygli áður, að Elín hafði venjulega verið of önnur kafin til þess að hafa stefnumót við mig á fimmtudögum, allt frá því að við kynntumst. Ég ákvað að veita henni eftirför næsta fimmtudag og reyna að komast að leyndarmáli hennar, ef unnt væri.

Á fimmtudagskvöldið var alskýjað loft og rigning, og auðveldaði það njósnir mínar. Ég sá hana fara upp í strætisvagn og stökk sjálfur upp á afturpallinn. Hún fór út úr vagninum nálægt miðbænum, og ég veitti henni eftirför í nokkurri fjarlægð hinum megin götunnar. Ég sá hana ganga í áttina til húss, sem virtist vera stórt íbúðarhús. Hún hringdi dyrabjöllunni. Einkennisklæddur maður opnaði, hleypti henni inn, leit varfærnislega í kringum sig og lokaði því næst dyrunum.

Í næstum því tvær klukkustundir stóð ég á verði í húsasundi, þar sem ég sá vel til hússins. Ég sá fólk fara þangað inn og koma út aftur. Það var nægileg birta frá gluggum nágrennahúsanna og dyrunum, þegar þær voru opnaðar, til þess að ég gæti séð framan í það. Í hvert skipti sem einkennisklæddi maðurinn opnaði dyrnar, leit hann rannsakandi eftir götunni, eins og hann væri að ganga úr skugga um, hvort nokkrir áhorfendur væru nærstaddir. Meginþorri þeirra, sem um dyrnar gengu, var konur. Ég kannaðist við sumar. Ein þeirra var þekkt í öllum bænum fyrir fegurð sína og töfra sem gestgjafi. Hún var gift afburðalækni, prófessor í kvensjúkdómafræði, önnur var fræg söngkona frá söngleikhúsi borgarinnar. Þarna sá ég einnig kunnan verkfræðing, sem ég hafði oft séð á verkfræðingafundum. Sumar af konunum, sem ég þekkti á meðan þær stóðu og biðu þess, að dyrnar yrðu opnaðar, hafði ég oft séð í leikhúsinu og við íþróttamót — tískukonur Dnepropetrovsk.

Að lokum kom Elín út í fylgd með tveim mönnum klæddum venjulegum regnfrökkum. Þegar annar þeirra hneppti frakkanum frá sér til þess að ná í vindling úr innri vasa, sá ég, að hann var í einkennisbúningi. Það var enginn vafi á því, að það var einkennisbúningur GPÚ. Nú vissi ég allt, sem ég kærði mig um að vita. Mér varð nú ljóst, að Elín var ein úr þeim herskörungum njósnara, sem starfa hvarvetna í Ráðstjórnarríkjunum.

Hugur minn komst í skelfilegt uppnám. Ég bylti mér eirðarlaus í rúminu um nóttina og reyndi að ná valdi á hugsunum mínum. Fræðilega séð gat ég sem kommúnisti varla fordæmt njósnarstarfsemi GPÚ, sem gagnsýrði allt. Mér var það engin nýjung, að þúsundir manna, sem virtust sinna öðrum störfum, væru í raun og veru njósnarar. En þó varð ég skelfingu lostinn við að uppgötva, að konan, sem ég elskaði, væri án alls efa erindreki GPÚ. Einhver eðlisgróin andúð á njósnum hleypti hrolli um mig allan.

Þó að við kommúnistar hefðum sökkt þess háttar vitneskju niður í djúp undir-

vitundar okkar, var okkur vel kunnugt um, að fjöldi saklausra karla og kvenna var læstur inni í fangelsum og þrælkunarbúðum. Við afsökuðum það með sjálfum okkur sem „varnarráðstafanir“ — eða sniðgengum siðferðishlið þessa máls með því að neita að horfast í augu við það. Var það mögulegt, að Elín, sem var mér svo dýrmæt, ætti sök á þjáningum og dauða saklausra manna? Því meira sem ég braut heilann um þessa hræðilegu uppgötvun, því vonlausari fannst mér aðstaða mín vera, þar sem ástin og skelfingin togudust á um mig.

Um morguninn skrifaði ég bréf til Elínar. Ég sagði henni, að ég yrði að vera fjarvistum úr bænum í viku tíma. Ég flutti til eins vinar míns af ótta við, að hún kynni að koma heim og sjá mig eða ég kynni að rekast á hana á götu í nágrenninu. Næsta fimmtudag stóð ég aftur í felustað mínum í húsasundinu og horfði á hið dularfulla íbúðarhús handan við götuna. Ég sá Elínu koma þangað aftur og nokkra aðra, mestmegnis konur. Mér fannst málið liggja í augum uppi. Þær áttu allar — og meðal þeirra voru eiginkonur háttsettra embættismanna — að gefa skýrslu um starf sitt síðustu viku og sennilega taka á móti fyrirskipunum um tilhögun starfsins næstu viku. Starfsemin varð öruggari og auðveldari, ef hún var rekin frá íbúðarhúsi, en ef þær hefðu þurft að koma í aðalstöð GPÚ.

Ég flutti aftur heim til mín þetta kvöld. Ég skrifaði Elínu, að af ástæðum, sem mér væri ómögulegt að skýra henni frá, gæti ég ekki litið hana augum framár. Ég sagði, að öllu sambandi milli okkar væri slitið og ég væri henni þakklátur, ef hún færi að vilja mínum í þessu efni og gerði enga tilraun til að endurnýja þau kynni, sem væru orðin mér óbærileg.

Þessi ákvörðun fékk svo mikið á mig, að ég gat hvorki starfað né hugsað skýrt. Ég skrópaði úr skólanum og ráfaði klukkustundum saman um göturnar í árangurslausri tilraun til þess að flýja þessar tærandi þrautir. Á bak við allt leyndist heit ósk mín um að sjá Elínu aftur og kvalafullur efi um, hvort ég hefði látið hana njóta réttlætis.

Nokkrum dögum seinna, þegar ég kom heim úr skólanum, rétti móðir mín mér bréf. „Elín skildi það eftir,“ sagði hún. „Hún lítur út fyrir að vera mjög óhamingjusöm. Augu hennar voru þrútin af gráti. Ég vil ekki skipta mér af þínum einkamálum, Vítja, en ég vona, að þú vitir, hvað þú ert að gera. Þau sár, sem okkur eru veitt af þeim, sem við elskum, sviða mest.“

Bréf Elínar var stutt:

„Elsku Vítja! Ég bið þig um að gera mér síðasta greiðann. Hittu mig á morgun klukkan sex á járnbrautarstöðinni. Ég grátbið þig um að gera þessa síðustu bón mína, áður en við skiljumst fyrir fullt og allt.“

Ég stóð og beidd hennar, þegar hún kom. Hún var með litla ferðatösku í hendinni. Þjáningin, sem birtist í fögru andliti hennar, stakk mig í hjartað eins og rýtingur.

„Við förum til Samara-fljótsins,“ sagði hún. „Við skulum snæða og tala saman undir berum himni. Ég hef keypt farseðlana.“ Í lestinni töluðum við um daginn

og veginn, um undirbúning minn undir lokaprófið og um teikningu að húsi, sem hún var að vinna að.

Þegar við komum til litlu brautarstöðvarinnar, gengum við eftir akurstíg, þar til við komum að fljótinu. Um stund forðuðumst við bæði að tala um alvarleg málefni, eins og við bönduðum viljandi frá okkur því máli, sem hafði leitt til þess, að við vorum komin hingað. Himinninn var alskýjaður, og þórdunur heyrðust í fjarska.

„Eigum við ekki að synda dálítið, áður en það fer að rigna?“ sagði ég.

Við klæddum okkur úr fötunum og stungum okkur í fljótið. Eftir hressandi sund klæddum við okkur aftur, og hún breiddi borðdúk á jörðina og lagði nesti sitt á hann. Hún hafði með sér eina flösku af Napareúlú-víni frá Georgíu.

„Einu sinni, fyrir löngu, skáluðum við fyrir því, að við höfðum kynnst, og nú skulum við skála fyrir skilnaði okkar,“ sagði Elín. Augu hennar voru full af tárur. „Mundu, að ég sagði við þig þá, að það væri best, að við hittumst ekki aftur. Nú á ég að missa þig. Nú verð ég aftur einmana.“

Hvorugt okkar bragðaði á matnum, en við drukkum vínið.

„Segðu mér nú, Vítja, hvað hefur gerst svona allt í einu? Hvers vegna ertu hættur að elska mig?“

„Ég hef aldrei unnað þér heitar en nú. Þess vegna er ég kominn hingað. Ég er kominn hingað, Elín, af því að ég treysti á heiðarleika þinn. Viltu segja mér leyndarmál þitt? Ég vil ekki láta halda áfram að draga mig á eyrunum eins og grunnhygginn dreng.“

„Hvað er það, sem þú óskar að vita? Er það um manninn minn?“

„Nei, það er um þig sjálfa. Ég veit, hvers vegna þú ferð á skemmtistaði með út-lendingum. Ég veit um ferðir þínar í húsið í Y-götu á fimmtudögum. Á ég að segja meira?“

„Ó, Guð minn góður,“ sagði hún og kjökraði. „Hvað á ég að gera? Hvað á ég að gera?“

Eldingu sló niður. Fyrstu þungu regndroparnir féllu til jarðar.

Við leituðum skjóls í mannlausum veiðimannakofa í nágreenninu. Á meðan myrkrið færðist yfir og við sátum á hrúgu af angandi, nýslegnu heyi, sagði Elín mér sögu sína.

„Ég elska þig of mikið til þess að geta verið án þín,“ sagði hún. „Reyndu, elskan mín, að hlusta á mig hleypidómalaust. Ég ætla að segja þér það, sem ég hef ekki sagt nokkrum lifandi manni öðrum, ekki einu sinni móður minni og alls ekki vesalings mannum mínum. Þegar þú hefur heyrt alla söguna, getur þú ákveðið, hvað þú gerir.“

Hér kemur saga Elínar með hennar eigin orðum, eftir því sem ég best man:

„Við áttum heima í Kænugarði. Móðir mín hafði verið kennslukona. Faðir minn var þekktur prófessor í verkfræði. Hann starfaði við samsteypu verksmiðja þar í

borginni og hafði góð laun. Ég var einkadóttir þeirra og átti hamingjuríka bernsku. Ég fór ekki á mis við neitt. Ég lærði að leika á hljóðfæri og erlend mál og var alin upp í allsnægtum og áhyggjuleysi. Mesta yndi mitt var að teikna.

Nágrannar okkar áttu son, Sergej að nafni, sem stundaði nám við verkfræðiskólann í Kharkov. Hann var vanur að koma heim í sumarleyfum. Við urðum vinir. Þegar ég þroskaðist, breyttist vináttan í ást. Ég var ekki nema rúmlega seytján ára gömul, þegar hann bað mín. Ég játaðist honum, og við fluttum til Kharkov. Þar gat ég látið eftir löngun minni og tók inntökupróf í Listaskólann. Ég útskrifaðist þaðan árið 1930.

Þú manst auðvitað eftir því, að það var árið, sem margir verkfræðingar og sérfræðingar voru ákærðir fyrir skemmdarverk. Síðan vildi til, að ég var í heim-sókn hjá foreldrum mínum í Kænugarði, þegar GPÚ-mennirnir komu til að hand-taka föður minn. Þeir rannsökuðu allt húsið, þeir skáru jafnvel í sundur dýrlinga-myndirnar, legubekki og undirdýnur, en fundu auðvitað ekkert. Hugsunin ein um, að hinn mildi og lærði faðir minn væri skemmdarverkamaður, var fjarri allri skyn-semi. Hún var svo fjarstæð, að við mamma hugguðum okkur við, að hann myndi brátt verða látinn laus.

Auðvitað varð ég kyrr í Kænugarði til þess að léttu raunir móður minnar. Lífs-hamingju okkar var lokið. Við höfðum ekki hugmynd um, fyrir hvað þeir ætluðu að ákæra föður minn, og okkur var ekki leyft að heimsækja hann í fangelsið. Á hverju kvöldi, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, fór ég til fangelsisins með matarböggul handa honum. Ég stóð í biðröð klukkustundum saman ásamt mörg hundruð öðrum óhamingjusömum konum. Ég fór einnig til þeirra skrifstofa GPÚ, sem opnar voru almenningi, í þeirri von að geta hjálpað föður mínum.

Dag nokkurn, þegar ég kom á fund GPÚ, var mér boðið inn í skrifstofu yfir-mannsins. Ég furðaði mig á, hvers vegna hann hefði gert boð fyrir mig. Ég hitti fyrir mér miðaldra, kurteisan mann, sem bar það með sér, að hann var áhrifamikill. Hann hlustaði á mig, meðan ég var að verja föður minn. Að því búnu sagði hann: „Nú skuluð þér hlusta á, hvað ég hef að segja, Elín Petrovna. Þér eruð gedug kona, í raun og veru mjög falleg kona. Og það sem meira er, þér eruð menntuð kona með prúðmannlega framgöngu. Það eru hæfileikar, sem geta komið landi okkar að miklum notum — ekki aðeins yður til hags, heldur líka föður yðar. Við getum hjálpað yður með því skilyrði, að þér hjálpið okkur. Ég þarf ekki að orðlengja þetta öllu meira, því að ég sé, að þér eruð ekki einungis lagleg, heldur líka skynsöm. Setjið nú ekki upp fýlusvip, og hopið ekki á hæl. Það, sem ég sting upp á, er ekki eins ógeðslegt og lífið sjálft. Ég krefst þess ekki, að þér sængið saman með neinum. Við höfum nægilega margar konur til þess, og sumar þeirra njóta mikillar virðingar hér í borginni.

Við munum hafa meira gagn af yður sem hinni hreinu konu, sem ekki er hægt að komast yfir. Við munum sjá um, að þér kynnist hinu rétta fólki, þar sem þér heyríð fjöldamargt, sem stjórn okkar þarf að fá vitneskju um. Auðvitað munum

við borga yður vel og vernda ekki einungis yður, heldur einnig þá, sem yður þykir vænt um.“

Hann bauð mér vindling, en ég hafnaði henni. Þá dró hann kassa með sælgæti upp úr skúffu sinni og bauð mér. Ég horfði tortryggin á hann.

„Það, sem þér óskið að ég geri,“ sagði ég að lokum, „er með öðrum orðum, að ég framselji yður nokkra menn, ef til vill vini og kunningja föður míns, til að hjálpa yður til að koma af stað fleiri málum, sem vekja athygli? Ef ég geri það, þá ætlið þér að leysa föður minn úr fangelsinu. Hef ég skilið yður rétt? Og síðan á ég að fá dálítið af sælgæti í kaupbæti?“

Hann hló og sagði: „Þér gerið málið einfaldara en það er.“

„Mér þykir fyrir því, en ég get ekki orðið við bón yðar.“

„Þér skuluð ekki taka ákvörðun of fljótt, Elín Petrovna. Við höfum nægan tíma. Hugsid um þetta, og komið síðan aftur. En ef þér segið nokkrum manni nokkuð af því, sem okkur hefur farið hér á milli, þá munum við setja litla fuglinn í búr í langan, langan tíma. Gerið svo vel að undirrita þetta skjal.“

Það var yfirlýsing þess efnis, að sá, er undirritaði hana, skuldbatt sig til að nefna ekki viðræðurnar á nafn við neinn, og taldar upp harðar refsingar, ef út af var brugðið.

Þetta voru hræðilegir sorgartímar, Vítja. Þar eð mér hafði verið gefið tækifæri til þess að kaupa frelsi föður míns með því að gerast erindreki GPÚ, fannst mér næstum því, að það væri mín sök, að honum var haldið áfram í fangelsinu. Sem betur fór vissi ég, að hann myndi síst af öllum álasa mér fyrir framkomu mína, ef hann hefði vitað um þetta. Ég var örmagna á sál og líkama. Síðan kom að því, að mér var aftur fyrirskipað að koma inn í skrifstofu yfirmannsins. Nú var hann ekki lengur kurteis. Hann bauð mér hvorki vindling né sælgæti í þetta skipti.

Þegar ég kom inn, fór hann að rýna í skjöl sín og lét sem hann sæi mig ekki. Á meðan ég stóð þarna uppburðarlaus, heyrði ég hræðileg óp einhvers staðar niðri í ganginum. Ég hljóðaði ósjálfrátt af skelfingu. Hann leit upp.

„Æ, eruð þér komin aftur?“ sagði hann. „Veldur þessi óviðfelldni hávaði þarna frammi yður óþægindum? Þér hafið rétt fyrir yður, það er verið að hressa upp á minni einhvers. ... Já, starf okkar er erfitt. Til þess þarf stáltaugar. Jæja, ætlið þér að ganga að tilboði mínu?“

„Nei, ég ætla ekki að ganga að tilboði yðar — ég get það ekki.“

„Er þetta endanleg ákvörðun yðar?“

„Já.“

„Mig tekur það sárt vegna yðar — og föður yðar. En ég held enn, að þér munuð skipta um skoðun. Verið þér sælur.“

Hann grúfði sig aftur niður í skjölin. Ég fór.

Þegar að mér kom um kvöldið að rétta böggul til föður míns inn milli rimlanna við fangelsishliðið, endurtók vörðurinn nafn föður míns:

„Ladynín? Nei, ég get ekki veitt þessum böggli viðtöku.“

Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds.

„Hvað hefur komið fyrir?“ hrópaði ég. „Það er faðir minn. Er hann dáinn? Hefur hann verið sendur burt?“

„Um það veit ég ekkert. Áfram. Næsti!“

„En hann er gamall maður. Hann er saklaus. Ég verð að fá að vita, hvað orðið er um hann.“

„Hypjið yður burt, eða ég lét draga yður burt með valdi. Þér stöðvið biðröðina.“

Ég gekk að öðrum glugga með árituninni Upplýsingar. Ég sagði verðinum, að ég óskaði upplýsinga um föður minn, og nafngreindi hann. Hann lokaði glugganum, og ég heyrði hann tala í síma. Ég reyndi að heyra, hvað hann sagði, en greindi aðeins eitt orð — sjúkrahús. Hann opnaði gluggann og tilkynnti: „Því miður engar upplýsingar.“

Ég sneri mér við til að fara, þó að ég gæti varla hreyft mig. Til að auka ekki á kvíða móður minnar gaf ég beiningamanni matarböggulinn. Næsta dag reyndi ég að komast í samband við einhvern lækni, sem starfaði við fangelsissjúkrahúsið, í þeirri veiku von að afla mér upplýsinga um föður minn. Ég talaði við ýmsa lækna, sem voru í vinfengi við fjölskyldu mína. Þeir sendu mig hver til annars. Eftir að ég hafði gengið á milli lækna í margar klukkustundir, gaf einn þeirra mér heimilisfang læknis, sem hann hélt að hefði samband við fangelsið. Ég fór þangað. Læknirinn bauð mér inn í þeirri trú, að ég væri sjúklingur. En jafnskjótt og hann hafði lokað dyrunum að baki okkar, féll ég á kné fyrir framan hann og sagði honum grátandi, hverra erinda ég væri komin. Hann var góður maður, en við frásögn mína varð hann miður sín af ótta. Hann sárbað mig um að fara. Hann sagði, að starf sitt við fangelsissjúkrahúsið væri leynilegt og hann gæti ekki sagt mér neitt.

„Þér verðið að muna eftir því, góða mín,“ sagði hann, „að ég á konu og börn. Ég get ekki hætt á neitt. Mér þykir það mjög leiðinlegt, en ég get ekkert gert, alls ekkert. Góða, farið þér, og þó að þér elskið fjölskyldu yðar, þá megið þér ekki steypa minni fjölskyldu í ógæfu.“

En ég neitaði að fara. Ég grét og talaði, þangað til hann lét undan. Hann lofaði að finna föður minn, ef hann væri í raun og veru í sjúkrahúsi fangelsisins. Ég átti að síma til hans eftir þrjá daga úr almenningssímklefa.

Móðir mín hélt áfram að útbúa matarböggla, sem ég gaf beiningamönnum. Ég beið hins ákveðna dags og náði þá símasambandi við lækinn.

„Verið þér róleg,“ áminnti hann mig. „Ég hef slæmar fréttir að færa. Faðir yðar er í sjúkrahúsinu. Ég er hræddur um, að engin von sé um bata. Hann hefur lungnabólgu. ... Auk þess“ — hann hikaði dálítið — „er hann mikið lemstraður. Jæja, verið þér sælar. Mér þykir þetta mjög leitt.“

Ég fór nauðug til aðalstöðva GPU og óskaði viðtals við yfirmanninn. Mér var vísað inn til hans eftir örstutta stund. Hann kom á móti mér fram í dyrnar og brosti kumpánlega.

„Jæja, hvað er í fréttum? Hafið þér nú tekið ákvörðun?“

„Nei,“ svaraði ég. „Áður en ég tek ákvörðun, verð ég að fá að sjá föður minn.“

„Það verður erfitt að koma því í kring. Ég vil ógjarnan hræða yður, en faðir yðar er í sjúkrahúsinu — og hann er ekki beinlínis í sýningarhæfa ástandi.“

„Ég bið yður að lofa mér að heimsækja hann. Þér eruð þó mennskur maður ...“

„Hér eru engir mennskir menn, Elín Petrovna, aðeins auðmjúkir verðir byltingarinnar. Hér er ekkert rúm fyrir tilfinningar. Þau tæki, sem við notum gegn fjandmönnum ríkisins, eru pyndingar og dauði. Því fyrr sem yður verður þetta ljóst, því betra. Ég ætla að lofa yður að sjá föður yðar, en aðeins vegna þess, að ég þarfnast aðstoðar yðar. Farið til fangelsisins. Þegar þér eruð komin þangað, mun ég hafa gert mínar ráðstafanir. Og hugsið enn einu sinni um tilboð mitt á leiðinni til fangelsisins. Hagið yður ekki eins og heimskingi.“

Mér var vísað inn í sjúkrastofu. Faðir minn hafði vegna heimsóknar minnar verið fluttur í eins manns stofu. Hann lá í járn Rúmi eins kyrr og væri hann látinn. Honum hafði vaxið grátt alskegg á þeim mánuðum, sem liðnir voru frá því, að ég sá hann síðast. Hann var aðeins skinn og bein. Ljótir, bláir blettir voru á enni hans og innsögnum kinnunum. Hendur hans og handleggir voru reifaðir. Ég gekk að Rúmi hans. Hann var of máttfarinn til að geta brosað við mér, þegar hann kom auga á mig. Þegar hann byrjaði að tala, sá ég mér til mikillar skelfingar, að framtennurnar höfðu verið brotnar úr honum.

„Gráttu ekki, Jolotsjka,“ sagði hann veikri röddu. Það var gælunafn hans á mér, þegar ég var lítil.

Mér hafði verið skipað að tala aðeins um fjölskyldumálefni og forðast að minnast á stjórnsmál. En lögregluvörðurinn komst við af því, sem hann sá. Hann sneri bakið að okkur til merkis um, að hann hlustaði ekki á okkur. Faðir minn gaf mér merki um að lúta yfir Rúmið og hvíslaði að mér: „Þú sérð, hvernig ég er útleikinn, Jolotsjka. Þeir hafa barið mig dag eftir dag. Pyndingar eru aðalstarf þeirra. Í kjallara þessa fangelsis eru hundruð manna, sem eru lamdir með blautum tuskum og haldið vakandi, svo að vikum skiptir eða lokaðir inni í ísköldum klefum. Þeir hafa lamið mig miskunnarlaust til þess að fá mig til að segja sér nöfnin á „samsærisfélögum“ mínum. Hvernig ætti ég að geta það, þegar ekki var um neitt samsæri að ræða? Það er aðeins til í útblásinni ímyndun þeirra. Þeir sjá alls staðar drauga. Ég óska þess stundum, að ég hefði eitthvað að játa. Ég mundi eftir skyssum, sem alltaf koma fyrir, og játaði, að þær væru skemmdarverk. Ég samdi sögur um eyðileggingar. En þeir börðu mig aðeins ennþá meira, því að lygar mínar voru barnalegri en svo, að hægt væri að leggja trúnað á þær. En hvers vegna ætti ég að vera að segja þér meira? Ég hafði heyrt sagt frá mörgu um GPÚ og starfsaðferðir þeirra, en það versta, sem ég hafði látið mér til hugar koma, var hégómi einn í samanburði við veruleikann. Þetta eru ekki mennskir menn, heldur ófreskjur. Ó, Jolotsjka, barnið mitt. Það, sem þessir menn aðhafast ...“

„Þú munt ná þér aftur, pabbi, og ég skal koma þér út úr þessu helvíti. Ég lofa þér ...“

„Nei, það er vonlaust, barnið mitt. Læknarnir hafa verið hreinskilnir við mig. Það er ef til vill hægt að lækna sárin eftir pyndingarnar. En ég fékk lungnabólgu af „kuldameðferðinni“. Þegar lítið er á aldur minn og ástand, getur mér ekki batnað. Eftir nokkra daga er ég dáinn. Reyndu að gleyma þessu öllu, og ræktu starf þitt eins og ekkert hafi í skorist. Vertu góð við móður þína og Sergej.“

„Kvenborgari, fimra mínúturnar eru liðnar. Þér verðið að fara.“

Faðir minn dó nokkrum dögum seinna. Ég fór heim til mannsins míns í Kharkov.

Ég greip fram í fyrir Elínu í frásögn hennar. „Þú þarft ekki að segja meira, elskan mín. Ég er innilega hryggur þín vegna og sneypur vegna sjálfs mín. Fyrirgefðu mér heimskulega framkomu mína.“

„Nei, nei. Nú er ég byrjuð, og nú verður þú að hlusta á sögu mína til enda,“ sagði hún. „Ég vil, að þú vitir allt og skiljir allt. Þetta er aðeins upphaf hörmunganna.“ Og hún hélt áfram dapurlegri frásögn sinni: „Árið 1931 leið og mestur hluti ársins 1932. Maðurinn minn hafði þá lokið prófi og vann í stórri verksmiðju. Eins og aðrir verkfræðingar á þeim tímum lifði hann í sífelldum ótta við að verða handtekinn. Hann hafði ekkert á samviskunni, og þó kvaldist hann af þessum óskiljanlega og sífellda ótta, af því að hann sá, að kunningjar hans voru dregnir burt, hver á fætur öðrum. Þó gat ég varla trúað því, þegar að því kom, að hann var handtekinn. Ég þekkti alla vini hans, allar hugsanir hans og gerðir. Hann var algjörlega saklaus, jafnvel um óvinsamlegar hugsanir. Á ný stóð ég í hinum dapurlegu biðröðum í rigningu og snjó ásamt þúsundum annarra kvenna til að færa fanganum matarböggla.“

Mér var sagt upp starfi mínu, og einhver heimskulegur hégómi var hafður að yfirvarpi. Það var bersýnilegt, að yfirmenn mínir vildu ekki hafa konu fangelsaðs verkfræðings í námunda við sig. Smám saman seldi ég allt, sem ég gat við mig losað, til að kaupa mat handa sjálfri mér og manninum mínum í fangelsinu. Ég kenndi á hljóðfæri í einkatímum. Einstaka vinir hjálpuðu mér um peninga, en alltaf gegn lofordi um, að ég segði ekki frá því, að ég hefði hitt þá eða að þeir hefðu komið vingjarnlega fram við mig. Þar eð ég var gift „þjóðniðingi“, var ég útskúfuð, úrhak.

Nokkrum mánuðum eftir að Sergej hafði verið handtekinn, var neitað að veita viðtöku böggli til hans við hlið fangelsisins. Þetta var eins og gömul hryllileg kvikmynd, sem farið var að sýna aftur. Ég fór að öðrum glugga og óskaði þess að fá að tala við yfirmanninn. Eftir hér um bil tveggja klukkustunda bið var farið með mig inn í skrifstofu félaga T-s, eins af aðstoðarmönnum yfirmanns GPU í Kharkov. Hann var hár, laglegur, sællegur, ljóshærður maður. Góðgirninn skein út úr honum.

„Jahá. Ég hugsaði með mér, að ég gæti búist við heimsókn,“ sagði hann, um leið og hann rétti mér höndina og bauð mér stimamjúkur sæti. „Ég hef ánægju af því, að fagar konur heimsæki mig. Auk þess hef ég nákvæma skýrslu um yður, sem mér hefur verið send frá aðalskrifstofu okkar í Kænugarði. Það er sannarlega leiðinlegt,

að við skulum hittast undir svona — ef ég má nefna það opinberum — kringumstæðum. En þrátt fyrir það er ég þakklátur fyrir tækifærið.“

„Þér eigist við, að þér hafið sjálfur búið til tækifærið með því að láta neita að taka á móti matarbögglinum til mannsins míns,“ sagði ég.

„Hvað segið þér, vildu þeir ekki veita bögglinum yðar viðtöku? Árans heimskingjarnir! Ég skal þegar í stað leiðrétta það.“

Hann studdi á hnapp, og snyrtilegur lögregluþjónn kom inn. Hann skipaði svo fyrir, að tekið yrði við bögglinum til mannsins míns. Lögregluþjónninn fór.

„Ég vona, að þér trúist því, Elín Petrovna, að mér þykir fyrir þeim þjáningum, sem þér hafið orðið að þola. En þegar á allt er litið, hafið þér kosið þær sjálf. Tilboðið frá Kænugarði, sem gefið var fyrir tveim árum, er ennþá í gildi. Við lögreglu-mennirnir erum orðhældnir.“

„Hvers vegna látið þér maðinn minn sitja í fangelsi?“ spurði ég. „Þér vitið það alveg eins vel og ég, að hann er saklaus. Ef þér hafið nokkurn tíma átt móður eða systur, þá mynduð þér hafa meðaumkun með mér. Ég get ekki orðið njósniari ykkar. Ég er ekki þannig gerð. Ég vildi heldur láta lífið. En allt annað er ég fús til að gera til að bjarga manninum mínum. Ég get bókstaflega ekki afborið hugsunina um þjáningar hans.“

Ég talaði og talaði og tuggði upp aftur það, sem ég hafði áður sagt, og bað hann og ásakaði á víxl. Hann hlustaði þolinmóður á mig. Þegar ég var orðin alveg uppefin, kom hann til mín og klappaði á öxlina á mér með næstum því föðurlegri umhyggju.

„Lífið er grimmúðugt, Elín Petrovna,“ sagði hann. „Þess vegna verður maður að vera hagsýnn. Þér ættuð að hugsa fyrst um sjálfa yður. Hvers vegna eruð þér svona þrá? Hvers vegna gangið þér ekki í líð með okkur?“

„Ég skal segja yður hvers vegna. Morðið á saklausum föður mínum er ein ástæðan. Morð þúsunda annarra saklausra manna eru þúsundir ástæðna til viðbótar. Ég vil ekki hafa tár og blóð annarra eiginkvenna og mæðra á samvisku minni, jafnvel þó að ég gæti bjargað lífi mannsins míns á þann hátt. Þetta eru ástæðurnar.“

„Ég skil viðbjóð yðar á tárum og blóði,“ sagði hann. „En verið nú skynsöm, ef yður er það unnt. Við ætlum ekki að láta yður fara með hlutverk, sem krefjast blóðs og tára. Við höfum þörf fyrir yður til að starfa meðal útlendinga. Land okkar er umkringgt af auðvaldshýenum, sem ýlfra eftir blóði byltingarinnar. Ég ætla ekki að leggja fast að yður núna. En ef þér skiptið einhvern tíma um skoðun, þá er yður velkomið að snúa yður til mín. Faðir yðar er dáiinn. Því verður ekki um breytt. En þér getið ennþá bjargað eiginmanni yðar. Það er ekki komið undir mér, heldur yður.“

Hann lofaði mér þó, að Sergej skyldi fá böggla frá mér — þangað til kveðinn hefði verið upp yfir honum dómur og hann sendur í útlegð. Nokkrum vikum seinna fékk ég tilkynningu um, að hann hefði verið dæmdur í tíu ára þrælkunarvinnu og sendur til fangabúða í Úral.

Í langan tíma barðist ég við freistinguna að taka að mér starf hjá GPÚ. Eg

saknaði Sergejs. Ég var þreytt á baráttunni. Hvers vegna átti ég að haga mér eins og flón á tímum, þegar ranglæti og fals var haft í hávegum? Ég ákvað hvað eftir annað að stíga hið örlagaþrungna spor. En í hvert skipti vaknaði á síðustu stundu einhver rödd í mér, sem lá dýpra en svo, að ég gæti skýrt hana eða gert mér skynsamlega grein fyrir henni, og sagði: „Nei, gerðu það ekki.“ Mér hraus hugur við því að njósna, að látast vera vinur einhvers manns, en vera þó að leiða hann til slátrunar. Hugsun þessi olli mér bókstaflega líkamlegum sjúkleika.

Í hér um bil eitt ár skrifaði ég að staðaldri bænarbréf til hinna ýmsu stjórnardeilda og sárbað þær um að láta taka upp aftur málið gegn manninum mínum. Auðvitað var mér ekki svarað. Þá gerðist eitt. Ég fór ásamt vini mínum frá Listaskólanum á sýningu, þar sem málverk frá Úkraínu voru sýnd. Allt í einu sá ég féлага T. meðal hinna mörgu áhorfenda. Hann var þar með ljómandi fallettri konu. Framkoma hans gagnvart henni bar þess ljóst vitni, að hann var á valdi hennar, en ekki öfugt. Ég virti þau nákvæmlega fyrir mér. Hún var duttlungafull, en hann stimamjúkur og hlýðinn eins og ástfanginn skólalitur.

Þessi samviskulausi leynilögregluforingi, sem réð örlögum þúsunda manna, hagaði sér eins og kjáni í návist glæsilegrar konu! Ég held, að það hafi verið það fjarstæðukennda við þessa sjón, sem skapaði hugmynd mína. Þó að hún virtist fráleit í fljótu bragði, ákvað ég þó að reyna hana.

Það var ekki erfitt að komast að því, hver vinkona féлага T-s var. Því næst gróf ég upp heimilisfang hennar. Ég beið hennar við útidyrnar á nýja leiguhúsinu, þar sem hún átti heima. Ég gekk á eftir henni upp stigann. Á meðan hún tók upp lykil sinn, gekk ég djarfmannlega til hennar og hóf mál mitt.

„Frú! Í guðanna bænum lofið mér að tala við yður aðeins nokkur augnablik,“ sagði ég.

Í fyrstu varð hún óttaslegin, en þegar hún hafði virt mig fyrir sér, varð henni augskýrlega ljóst, að ég ætlaði ekki að gera henni neitt mein.

„Ég skil þetta ekki. Hvers óskið þér? En komið inn fyrir. Við getum ekki staðið hér á stigapallinum.“

Við gengum inn í dagstofuna. Húsgögnunum var þar mjög smekklega fyrir komið. Stór flygill stóð þar úti í einu horninu. Ég hlýt að hafa litið þreytulega og vesallega út eftir að hafa beðið á götunni í margar klukkustundir.

„Farið úr kápunni, barn, og setjist niður,“ sagði konan. „Ég ætla að hita kaffisopa. Þér litið út fyrir að vera nær dauða en lífi.“

Ég greip í hönd hennar og fékk hana til þess að hlusta á raunatölur mínar. Ég sagði henni frá dauða föður míns, þjáningum móður minnar og útleð mannsins míns. Ég sagðist þarfnast aðstoðar hennar. Fyrir milligöngu vinar síns í GPÚ yrði hún að útvega mér leyfi til að heimsækja manninn minn. Það væri það eina, sem ég gæti nú orðið gert fyrir hann. Sálarkvalir mínar voru svo miklar, að þær smituðu hana, og hún fór sjálf að gráta.

Hún spurði mig margs. Því næst gekk hún hugsí fram og aftur um gólfið með

fallegu ábreiðunum. Hún settist jafnvel annars hugar við flygilinn og lék nokkra samhljóma.

„Elín Petrovna,“ sagði hún að lokum. „Mér þykir fyrir því að geta ekki lofað yður neinu öðru en að reyna. Yður er auðvitað ljóst, að þér megið ekki undir neinum kringumstæðum minnast á þessa heimsókn, ekki heldur þegar þér talið við mig í síma.“

Hún kyssti mig svo blíðlega, að mér kom það á óvart. Sá grunur vaknaði hjá mér, að hún væri ekki hamingjusöm og ekki jafnveraldleg og hún leit út fyrir að vera. Það kvöld fór ég í kirkju og lá lengi á bæn. Ég er ekki trúuð, Vítja, en á örlagastundum hverf ég aftur til þess, sem ég vandist í bernsku. Hvað sem því líður, það ég eins innilega og nokkur trúmaður getur gert. Því næst hringdi ég til vinkonu T-s og komst að raun um, að ég hefði verið bænheyrð. Hún bað mig um að koma tafarlaust til sín.

Þegar ég kom heim til hennar, grét ég af gleði og kyssti hendur hennar. Hún sagði mér að skrifa enn eina umsókn um leyfi til þess að fá að heimsækja manninn minn og fullvissaði mig um, að í þetta skipti myndi hún verða tekin til greina. Um sjálfa sig gaf hún mér aðeins lítilfjörlega bendingu.

„Lífið er eins og það er, Elín Petrovna. Sú var tíðin, að ég lifði ekki jafnbægilega og nú, en þá var ég miklu hamingjusamari. Það mun veita mér að minnsta kosti stundargleði að vita, að ég hef getað orðið yður og mannum yðar til nokkurrar huggunar í raunum ykkar. Það er hressandi að gera einstaka sinnum eitthvað gott. Gleysmið nú, að við höfum nokkurn tíma sést. Þér megið aldrei oftast síma til mín eða láta í það skína, að þér kannist við mig, ef þér sjáið mig.“

Nokkrum vikum seinna var ég stödd í járnbrautarlest á leið til Úrals. Ég hafði nokkra stóra böggla meðferðis. Ég hafði eytt hverjum skildingi, sem ég átti, í það að kaupa hlý nærföt, stígvél og tóbak. Ég setti mér fyrir hugskotssjónir gleði Sergejs, þegar við hittumst, ljómandi andlit hans, og hlakkaði til nokkurra hamingjustunda. Þegar við vorum komin framhjá Sverdlovsk, fór ég úr lestinni við litla járnbrautarstöð. Haustgríningin streymdi niður, og allt umhverfið var grátt og þakið djúpri leðju. Fangabúðirnar voru í margra kílómetra fjarlægð frá járnbrautarstöðinni, og mér ætlaði ekki að takast að fá bónda nokkurn til þess að aka mér þangað. Við vorum lengi á leiðinni. Umhverfis okkur voru þéttir skógar og hrikalegir klettar. Loksins komum við að eins konar hásléttu, víðáttumiklu opnu svæði, sem girt var með hárrí gaddavírgirðingu.

Fyrir innan girðinguna sást löng röð af bröggum með litlum gluggum, sem járngrindur voru fyrir. Verðir gengu um, og grimmir hundar voru í för með sumum þeirra. Á meðan ég stóð í rigningunni við hliðið og beið eftir því, að mér yrði hleypt inn, kom fylking um það bil þrjú hundruð fanga heim frá skóginum. Þeir 191 gengu í fjórföldum röðum. Aldrei á ævi minni hef ég séð menn jafnniðurlægða og úttaugaða. Þeir voru í raun og veru ekki menn, heldur ferlegir skuggar af mönnum, viðbjóðslegar skrípamyndir af mannlegum verum, í druslum og tötrum. Þeir voru

allir skeggjaðir og horaðir og drógu eftir sér fætuna gegnum aurinn, að því komnir að detta niður af þreytu. Ég á bókstaflega ekki orð, Vítja, sem geta skýrt fyrir þér, hve aumlegir þeir voru ásýndum.

Ég sýndi skjöl mín í varðstöðinni. Leynilögreglumaður kom þar að og spurði mig fjölda spurninga. Síðan lét hann kvenlögregluþjón leita á mér. Hún rannsakaði ekki aðeins fót mín, heldur líka líkama minn. Blýantar og pappír voru teknir af mér, jafnvel lítil naglaskæri, sem voru í handtösku minni. Síðan sögðu þeir, að ég mætti ekki fara með böggla inn í fangabúðirnar, og leyfðu mér aðeins að taka með mér tóbak, vindlinga og sápu umbúðalaust.

„Þetta er ekki neitt sumargistihús eða hressingarhæli, kvenborgari,“ öskraði lögreglumaðurinn í eyru mér. „Matur sá og klæði, sem við látum þeim í té, nægir handa þeim. Þeir eru fjanmenn ríkisins.“

Ég settist niður í litla, skítuga klefanum til að bíða eftir Sergej. Á veggjunum voru myndir af Stalín, Dzherzhínskij og Jagoda, og sá varla í þær fyrir flugum. Þar hékk einnig ræma úr grófu líni, sem á var letrað: „Uppreist vegna vinnu!“ Ég horfði í sífellu út um gluggann. Þegar nokkur stund var liðin, sá ég grindhórðan, gamlan mann koma gangandi í áttina til hússins. Í fylgd með honum var lögreglumaður með skammbyssu í hendi. Skeggflókin á manninum var grár, hár hans hvítt. Hann var kinnfiskasoginn og hræðilegur ásýndum. Skítug þjatlta var bundin yfir annað augað á honum, og í fáum orðum sagt leit hann út eins og hann væri nýsloppinn út úr einhvers konar hreinsunareldi. Ég komst við af meðaumkun með þessari hryggðarmynd og sneri mér að verðinum.

„Félagi,“ sagði ég, „sjáid þér öldunginn þarna? Viljið þér ekki gera svo vel að gefa honum þennan vindlingapakka?“

Ég gat ekki vottað manninum meðaumkun mína á neinn annan hátt. Vörðurinn fór að skellihlæja og sló á lærin af ánægju. „Nú er mér nóg boðið! Eruð þér að gera gys að mér, eða þekkið þér raunverulega ekki eiginmann yðar?“

Ég stirðnaði af skelfingu. Dyrnar opnuðust, og gamli maðurinn kom inn. Þegar hann kom alveg að mér, sá ég, að þetta var að vísu Sergej — en farinn að heilsu, ellihrumur og varla lengur líkur mennskum manni. Þetta var óskiljanlegt. Ég gekk til hans, faðmaði hann að mér og hvíslaði: „Serjozha, elskan mín, vesalings Serjozha.“

Hann leit ringlaður á mig. Afskræmt andlit hans titraði af klökkva. Allt í einu féll hann á kné, fór að snökta og kyssti kjólfald minn, kné mín og hendur. Ég sefaði hann og fékk hann til að setjast á bekkinn við hliðina á mér. Mér hafði verið leyft að tala við hann í aðeins tíu mínútur eftir ferðalag yfir hálf Rússland, og okkur hafði verið skipað að tala aðeins um einkamálefni. Við vorum varla sest til að tala saman, þegar við heyrðum vörðinn segja: „Tíminn er liðinn. Ein mínúta er eftir til að kveðjast.“

„Elsku Elín mín!“ hvíslaði vesalings Sergej, „bjargaðu mér, ef þér er það með nokkru móti mögulegt. Lífið hér er hræðilega en nokkur utan fangabúðanna getur

gert sér í hugarlund, verra en mig hefur nokkru sinni órað fyrir, að það gæti verið. Það er farið með okkur eins og skepnur, ekki eins og menn. Á hverjum degi deýja fangarnir eins og flugur. Við erum sveltir og barðir. Elín, Elín, frelsaðu mig. Ég get ekki lifað ár í viðbót í þessu helvíti.“

„Haltu kjafti, óþokkinn þinn,“ öskraði lögreglumaðurinn.

Ég lofaði Sergej að gera það, sem ég gæti. Skelfileg sýn þess úrhrafs, sem áður hafði verið maðurinn minn, stóð mér enn lifandi fyrir hugskotssjónum, þegar ég kom aftur til Kharkov. Allt hik var orðið að engu. Ég gat ekki látið hann vera þarna áfram til þess eins að bjarga stolti mínu og siðferðislegum hreinleika. Ég fór til félaga T-s, og við gengum frá kaupunum. Ég gerðist þræll hjá GPÚ og fékk í stað þess frelsi Sergejs.

„Ég legg heiður minn að veði fyrir því, Elín Petrovna, að yður skal aldrei verða falið starf, sem gæti haft í för með sér „blóð og tár“, eins og þér orðuðuð það einu sinni. En á hinn bóginn mun það kosta yður lífið, ef þér nokkru sinni gefið eitt-hvað í skyn um samband yðar við okkur.“

„Hafið ávallt hugfast,“ svaraði ég, „að ég ætla ekki að bjarga lífi mannsins míns með því að verða þess valdandi, að eiginmenn, feður eða bræður annarra kvenna verði ofurseldir svipuðum örlögum. Þér vitið mætavel, að Sergej er saklaus og að flestir hinna í þessu helvíti eru líka saklausir. Ég vil heldur láta yður taka mig af lífi en að gerast aðili að slíku ranglæti. Ég áskil mér líka rétt til að hætta starfinu, og ég þarf að fá skriflega yfirlýsingu um það.“

„Ég hef þegar lofað yður því að viðlögðum drengskap mínum, en ég get ekki staðfest neitt skriflega. Þér verðið að treysta mér. En þér skuluð hafa rétt til að segja upp starfinu. Við skulum staðfesta þessi kaup skriflega. Útfyllið þetta umsóknar-eyðublað.“

Það var eyðublað með spurningum, tíu blaðsíður að stærð. Ekki hafði gleymst að spyrja um neitt varðandi æviferil minn og skoðanir né heldur æviferil og skoðanir vina minna og vandamanna. Ég var langan tíma að svara þessum spurningum og undirritaði skjalið að lokum. Félagi T. las það yfir, gerði nokkrar athugasemdir á spássiurnar og læsti það síðan inni í peningaskáp. Því næst fór hann í venjulegan yfirfrakka, setti á sig hatt, og við gengum saman út úr lögreglustöðinni. Við ókum í bifreið, þar til við vorum komin rétt að Ferðamannagistihúsinu. Þar fórum við út úr bifreiðinni.

„Ég geng einn á undan,“ sagði hann, „og þér komið á eftir mér eftir nákvæmlega þrjár mínútur. Farið með lyftunni upp á fimmtu hæð í gistihúsinu.“ Hann sagði mér númerið á herberginu. „Ég bið yðar. Látið ekki sjá nein hræðslumerki á yður. Í svipinn er ég lögreglumaður, en ekki karlmaður, svo að þér þurfið ekkert að óttast.“

Eftir nokkrar mínútur sátum við saman í herberginu. Þegar þjónn barði að dyr-um til þess að færa okkur mat og vín, faldi ég mig í herbergi við hliðina.

„Skynsöm stúlka,“ sagði yfirmaður minn við mig, þegar þjónninn var farinn.

„En hér er ekki þörf sérstakrar varúðar. Allir í ferðamannagistihúsunum, frá gisti-
hússtjóranum til þvottakvennanna, starfa á vegum GPÚ.“

Á meðan við snæddum saman miðdegisverð, gaf hann mér fyrstu leiðbeiningarnar,
eins konar stutt yfirlitsnámskeið um starfsaðferðir GPÚ.

„Því miður eigið þér ekki að starfa undir minni stjórn fyrst um sinn,“ sagði
hann. „En einhvern tíma í framtíðinni, þegar þér komið aftur til Kharkov, munum
við í sameiningu gera kraftaverk.“

„Hvert á ég að fara fyrst?“

„Þér eigið að dveljast í Kharkov nokkra mánuði. Það er margt, sem þér þurfið
að læra. Síðan höfum við ákveðið, að þér farið til Dnepropetrovsk. Það er fögur
borg. Vegna hinnar miklu stíflu, verksmiðjanna og annarra stórvirkja, sem verið
er að vinna að þar, hefur safnast þar saman fjöldi útlandinga — verkfræðingar frá
Ameríku, þýskir sérfræðingar og svo framvegis. Þar er mikið starf framundan. Það,
sem þér verðið að skilja, er, að ég hef sjálfur mælt með yður, en það merkir, að ég
ber ábyrgð á yður. Ef þér gerið yður seka í einhverjum svikum, þá verður sökinni
skellt á mig. Þér haldið ef til vill, að þér séuð á valdi mínu, en það er alveg öfugt.
Ég er á yðar valdi. Ef þér gerið einhvern tíma heiðarlega skyssu, mun yður verða
fyrirgefið. En guð hjálpi yður, ef þér gerið tilraun til að svíkja okkur eða „vinna með
vinstri hendinni“, eins og það er nefnt. Já, ég er á valdi yðar, og það er ástæðan til,
að ég áleit, að það væri skynsamlegt, að við töluðum þegar í stað saman í einlægni.“

„Ég hlusta,“ svaraði ég.

„Fyrsta ráðlegging mín er, Elín Petrovna, að þér þjálfíð minni yðar, einkum
sjónminnið. Skrifíð aldrei neitt yður til minnis. Leggið allt á minnið, og geymið
það þar. Það er hæfileiki, sem kemur með æfingunni. Pappír og minnisgreinar eru
hættulegar. Leggið á minnið það, sem þér þurfið — nöfn, heimilisföng, símanúmer,
staðreyndir. Minnið er besta tæki yðar.

Aukið tungumálaþekkingu yðar. Hún er líka mikilsvert tæki. Sama gildir um
fegurð yðar. Þér eruð ein af þeim konum í þjónustu okkar, sem er hvað þokkafyllst,
og hluti af verkefni yðar er að auka þennan þokka. Verið ekki sparar á fót og snyrti-
vöru — slíkt eru réttmæt útgjöld.

Þér munuð annað veifið hitta aðra starfsmenn okkar. Trúið þeim aldrei fyrir neinu.
Minnist aldrei á viðfangsefni það, sem yður hefur verið falið, hversu lítilfjörlegt og
sjálfsagt sem yður kann að virðast það. Ef þér eigið að starfa að einhverju verkefni
með öðrum starfsmönnum GPÚ, þá skuluð þér fylgja leiðbeiningum þeim, sem
þér hafið fengið, út í ystu ásar, jafnvel þótt yður sjálfri finnist þær heimskulegar.
Það er það eina, sem þér berið ábyrgð á.

Og nú ætla ég að gefa yður aðra mikilvæga ráðleggingu, mín kæra frú. Bragðið
aldrei áfengi, nema þér hafið sjálfar séð því hellt í glasið og sá, sem býður yður, súpi
fyrst á sínu glasi. Og stofnið aldrei til vináttu við mann í þjónustu okkar án ótví-
ræðs samþykkis yfirmanns yðar. Gefið skýrslu um öll ný kynningarsambönd yðar,
hversu hversdagsleg og tilviljunarkennd sem yður kann að virðast þau. Yður mun

verða veittur aðgangur að sérsverslunum okkar og afhentir heimildarseðlar til kaupa á betri fatnaði og mat en almenningur á kost á. Þá menn, sem gæta öryggis landsins, má ekki skorta neitt, og þér eruð nú ein af okkur.“

„Mig langar aðeins til að spyrja yður einnar spurningar enn,“ greip ég fram í fyrir honum. „Hvenær kemur maðurinn minn heim?“

„Verið ekki óróleg. Við stöndum við loforð okkar. Hann skal fá góða stöðu í Dnepropetrovsk, og þér eigið að starfa sem húsameistari.“

Sergej kom heim eftir tvo mánuði. Hann er skynsamur maður og góður drengur. Hann skildi, að ég hafði aðeins meðaumkun með honum og að ekki gat lengur verið að ræða um nána ást, eins og forðum. Þann þátt sambands okkar hafði ráðstjórnin klippt sundur með stjórnarháttum sínum. Hann hefur aldrei spurt mig, hvernig mér hafi tekist að losa hann úr fangabúðunum — ef til vill er grunur hans enn ægilegri en raunveruleikinn.

Það var hryllileg ákvörðun, sem ég varð að taka. En ef þú hefðir séð fangabúðirnar og þá hræðilegu breytingu, sem orðin var á Sergej, myndir þú skilja, hvers vegna ég varð að lokum að láta undan eftir margra ára móttstöðu. Ég er aðeins ein af mörgum þúsundum, sem á þennan hátt eru neyddar til að gera það, sem GPÚ skipar. Okkur er haldið aðgreindum. Í húsinu, þar sem þú sást mig, hittir aldrei neinn, sem þangað kemur, hina. Hverjum okkar er vísað til sérstaks herbergis, og við sjáum aldrei hvert annað, ekki einu sinni af tilviljun. Ég hef þó hitt sumt af þessu fólki í starfi mínu.

Meðal þeirra eru konur, sem giftar eru háttsettum embættismönnum og öðrum þekktum mönnum. Stundum eru þær staðnar að einhverju smáglappaskoti eða óvarkárni og ógnað til að taka þátt í starfinu. Stundum tæla erindrekar GPÚ af ásettu ráði giftar konur til lags við sig og neyða þær síðan til starfa með hótunum um að ljóstra upp um þær við eiginmenn þeirra. Ég held, að konur séu oft ákærðar fyrir glæpi, sem þær hafa ekki drýgt, en sönnunarkenning er svo gallalaus, að enginn eiginmaður myndi trú á sakleysi þeirra. Og þá láta þær stundum undan. Það eru hundruð, þúsundir svívirðilegra bragða, sem notuð eru við myndun nýsnarhersins. Það eru ekki margir, sem ganga í hann aðeins vegna peninganna og valdsins. Oftast ganga þeir í hann vegna óþolandi fargs. Þetta er allt svo grimmúðlegt og viðurstygglegt.“

„Það var þá þess vegna, að þú komst til Dnepropetrovsk, Elín?“

„Já, Vítja. Og það var þess vegna, að ég hitti þig hér um bil mánuði eftir að ég fór frá Kharkov. Ég gaf skýrslu um kynningu okkar — ég gat ekki annað. En ég hef ekki minnst á neitt annað, elsku Vítja.“

„Sögðu yfirmenn þínir þér nokkuð um mig?“

„Já, auðvitað. En ekkert hættulegt. Það lítur út fyrir, að blaðsíður þínar í bókum GPÚ séu hreinar. Ertu ennþá forviða og skelkaður yfir, að ég skuli vera erindreki GPÚ?“

„Ef ég á að segja satt, þá er ég það. Ég þarf dálítinn tíma til að jafna mig.“

„En þú ert þó kommúnisti, Vítja. Það er skylda þín sem kommúnista að skýra frá öllu, sem getur gert flokknum ógagn, hvort sem þér líkar það betur eða verr. Er þá, þegar öllu er á botninn hvolft, svo mikill munur á þeim milljónum skýrslugjafa, sem fúslega hafa tekist það á hendur, og hinum, sem neyddir hafa verið til þess? Höfum við ekki bæði verið veidd í sama skitna netið?“

„Það er nokkuð til í því, sem þú segir, þó að samlíkingin sé — hvernig á ég að orða það? — frumstæð. Nauðug eða viljug verjum við að vísu bæði stjórnaðfyrirkomulagið.“

„Ég hef nú, elskan mín, tekið það örlagaþrungna spor að gera þig að trúnaðarmanni mínum, og líf mitt er á þínu valdi. Það er skylda þín sem góðs kommúnista að koma upp um mig, en auðvitað veit ég vel, að þú munt ekki gera það. Ég væri fús til að fara á heimsenda til að losna úr klóm GPÚ, en þær ná langt. Það er ekkert undanfæri nema dauðinn, og mér dettur oft í hug að stytta mér aldur. Elsku Vítja, vertu varkár! Við lifum í landi, þar sem allir menn ganga með grímur. Trúðu engum, engum, fyrir því, sem þú hugsar. Ég á ekki við dyraverði og menn, sem kíkja gegnum skráargötin, heldur þá menn í borginni, sem njóta mestrar virðingar. Það eina örugga er að gera ráð fyrir, að allir undantekningarlaust segi frá, segi frá, gefi skýrslu. ... Ó, Vítja! Ég er svo þreytt og örvæntingarfull. Ég elska þig svo innilega, jafnvel þó að þú hrindir mér frá þér.“

„Elín, talaðu ekki svona heimskulega,“ sagði ég, gagntekinn af ást til þessarar stúlku, sem veidd hafði verið í gildru. „Ég er aðeins óhamingjusamur vegna þess, að ég get ekki hjálpað þér. Karlmaður verður frávita af reiði, þegar hann getur ekki hjálpað þeirri stúlku, sem hann elskar.“

„Við skulum synda,“ sagði Elín. „Mér finnst ég kámug, þegar ég hugsa um allt það, sem ég hef reynt.“

Vatnið var volgt. Við syntum í myrkrinu og rigningunni, meðan þrumurnar drundu og eldingarnar leiftruðu umhverfis okkur. Það var heimskulegt og ógætilegt, en einhvern veginn virtist það skola burt skelfingunni við sögu hennar. Ég bar hana upp úr vatninu og inn í veiðimannakofann, og ég þerraði hana eins og hún væri barn. Því næst lagði ég hana í hvílu af ilmandi heyi. Hún sofnaði á svipstundu, örmagna af geðshræringum þessa furðulega dags.

Um morguninn ókum við aftur með lestinni til borgarinnar.

„Þú skilur það, Vítja,“ hvíslaði hún að mér, „að mér líður miklu betur og mér finnst ég vera hreinni nú, þegar þessi hræðilegi leyndardómur er ekki lengur eins og gjá á milli okkar. Ef þú aðeins heldur áfram að elska mig, mun ég verða hamingjusamari en nokkru sinni áður.“

Nokkrum vikum seinna ferðaðist Elín til Kænugarðs til að heimsækja móður sína, og ég fór með henni. Einn sólskinsdag fórum við út í kirkjugarðinn. Ég reytti af gróf föður hennar og skreytti hana með afskornum blómum. Ég hafði kornið með málningu með mér og málaði rimlagirðinguna umhverfis gröfina og járn-

krossinn við höfðagaflinn. Elín grét ekki. En á meðan ég var að mála, sagði hún mér frá föður sínum og sælli bernsku sinni.

„Ef GPÚ-mennirnir vissu, að þú hefðir skreytt gröfina, þá myndu þeir handtaka þig, Vítja,“ sagði hún á leið heim til borgarinnar. „Jafnvel nú, eftir að hann er látinn, er hættulegt að sýna vesalings saklausum föður mínum vináttu. En mér ertu enn kærari fyrir þetta kærleiksverk.“

„Ef svo er, þá var það vert áhættunnar.“

„Og það þjakar ekki samvisku þína sem góðs kommúnista?“

„Ekki vitund. Ef til vill er ég ekki góður kommúnisti í þeim skilningi.“

Við gengum inn í skemmtigarðinn í Kænugarði. Hljómsveit spilaði á stað, sem áður var nefndur Keisaragarðurinn. Lagið, sem var leikið, var við heimskulegt kvæði, sem þá var á hvers manns vörum og fól í sér lofgjörð um hið „sæla og gláðværa líf“ borgaranna í Ráðstjórnarríkjunum. Við Elín horfðumst í augu. Við þörfnuðumst engra orða til að skilja hugsanir hvort annars.

12. kafli: Verkfræðingur í Níkopól

ÁRGANGUR SÁ, SEM TAKA ÁTTI lokapróf í skólanum, bjó sig af kappi undir það. Það var skilyrði til að standast prófið og fá prófskírteini, að nemandinn leysti úr sjálfstæðu tæknilegu viðfangsefni, sem stjórnskipuð nefnd hefði tekið gilt, og lagði ég mig allan fram til að ljúka við mitt viðfangsefni. Auk þess fór mikill tími í raunhæft nám, sem við stunduðum sem eins konar aðstoðarmenn í hinum ýmsu málmvöruverksmiðjum. Það, sem við þörfnuðumst mest, var andlegt næði, lausn frá stjórnmálunum. En örlögin voru ekki hliðholl í því efni, því að einmitt þessir síðustu mánuðir urðu óráðskenndir vegna stjórnmálaharmleiks.

Þegar best lét, höfðum við harla lítið næði til náms í skólanum. Utan skólans fór mikill hluti starfsorku okkar á að sinna stjórnmálaverkefnum og í flokkshreinsanirnar. Stundum var eins og námið væri aðeins aukastarf. Nú var það litla næði, sem við höfðum haft, rofið: skammbyssuskot í hinum fjarlæga Lenínsgarði 1. desember 1934 hafði engu minni áhrif á líf okkar í Dnepropetrovsk en þó að jarðskjálfti hefði orðið þar á staðnum.

Skotinu var hleypt af í anddyri byggingar þeirrar, sem Smolnítj-menntastofnunin hafði áður haft aðsetur í, en nú var aðalstöð flokksins í Lenínsgarði. Sá, sem hélt á byssunni, var ungur kommúnisti, Níkolajev að nafni. Sergej Kírov, sem sat í stjórnmálanefndinni og var í raun og veru einræðisherra Norður-Rússlands, féll örendur við fætur Níkolajevs. Bergmálið af skoti þessu átti fyrir sér að hljóma í mörg ár. Áður en það þagnaði, höfðu mörg hundruð þúsundir mannlífa verið lögð í rústir eða slökkt með öllu. Sjálfur varð ég að bæta fyrir ofbeldisverk þessa óþekkta unga manns með margra ára þjáningum.

Stalín og Voroshílov skunduðu þegar í stað til Lenínsgarðs. Eftir því sem altað var milli flokksmanna, stjórnaði Stalín sjálfur yfirheyrslunum yfir Níkolajev. Auðvitað gat enginn, sem ekki var viðstaddur, vitað, hvaða upplýsingar Stalín fékk, en af því, hvernig hann hagaði sér síðar, er hægt að álykta, að hann hafi orðið skelfingu lostinn.

Mörg hundruð manna í Lenínsgarði, sem grunur lék á, voru handteknir og skotnir án yfirheyrslu. Aðrir, og þeir skiptu líka hundruðum, voru dregnir út úr fangelsunum, sem þeir höfðu setið í, svo að árum skipti, og teknir af lífi. Þetta var opinber hefnd á fjandmönnum flokksins. Fangelsi borgarinnar voru troðfyllt. Flutningalestir fluttu þúsundir „stjórnmálalegra aðskotadýra“ út úr borginni til fjarlægra útlegðarstaða. Frá Lenínsgarði breiddist þessi nýja ógnarstjórn til Moskvu, Kænugarðs, Kharkov og að lokum um allt landið.

Í fyrstu frásögnunum um dauða Kírovs var sagt, að morðinginn hefði verið flugumaður huglausra útlendinga — eistneskra, pólskra, þýskra og að lokum enskra. Því næst kom runa af opinberum skýrslum, sem gáfu óljóst í skyn, að samband væri á milli Níkolajevs og núverandi og fyrrverandi áhangenda Trotskíjs, Zínovjovs, Kamenevs og annarra gamalla frávillinga bolsévíka. Næstum því á klukkustundarfresti stækkaði hópur þeirra manna, sem grunur lék á að væru annaðhvort beinlínis eða siðferðislega bendlaðir við morðið, þangað til hann beindist að hverjum einasta manni, sem hafði látið í ljós efa um stjórnmalastefnu Stalíns.

Áróðursvélin var sett á fulla ferð. Leiðtogarnir og blöð þeirra, sem gleymdu, að þeir höfðu daginn áður gortað af óviðjafnanlegri einingu hins einlita flokks, æptu nú af fullkominni sefasýki, að í flokknum úði og grúði af landráðamönnum og frávillingum, grímuklæddum svikurum og skemmdarverkamönnum. Einnig var óljóst gefið í skyn, að um væri að ræða samsæri með þöglu samþykki auðvaldsríkjanna, sem væru að undirbúa styrjöld á hendur föðurlandi sósíalismans. Þeir okkar, sem höfðu nasasjón af stjórnmalum, vissu, að stórkostlegar blóðsúthellingar stóðu fyrir dyrum. Og við höfðum rétt fyrir okkur: Næstu ár ríkti mesta og hræðilegasta ógnarstjórn, sem nokkru sinni hefur átt sér stað í sögu Rússlands.

Meðal flokksmanna breiddist sá orðrómur út, að morð Níkolajevs hefði alls ekki verið af stjórnmalarótum runnið — hann hefði skotið Kírov í afbryðisemikasti, vegna þess að Kírov hefði átt vingott við hina fögru konu hans. Þess háttar óstaðfestar fregnir og hinn stefnufasti áróður gerðu í sameiningu morð þetta að leyndardómi, sem til þessa dags hefur ekki fengist lausn á. Nokkru seinna sendi miðstjórn flokksins út eins konar opinbert „lokað bréf“, sem að viðlögðu þagnarloforði var lesið upp á sérstökum fundum virkustu flokksfélaganna um allt landið. Í þessu bréfi var morðinu á Kírov lýst sem tákni viðtækrar baráttu fjandmanna byltingarinnar gegn leiðtogum flokksins og stjórnmalastefnu þeirra.

En hvaða beina ástæða eða dýpri hvatir, sem kunna að hafa valdið morðinu á Kírov, virtist hinum hugsandi kommúnistum það vera tákni örvæntingarinnar undir yfirborðinu á lífi þjóðarinnar, sem stjórnað var af lögregluvaldi. Sérhver okkar kannaðist við beiskjuna og örvæntinguna af eigin reynslu. Stundum hættum við á að láta efasemdir okkar í ljós, þegar við vorum saman tveir eða þrír. Það þurfti að myrða nánasta samstarfsmann Stalíns, til þess að okkur yrði það skiljanlegt, að áhyggjur okkar sjálfra voru hluti af hinu mikla neðanjarðarfljóti af óánægju, sem streymdi gegnum hjarta geysifölmennrar þjóðar.

Út á við var allt rólegt. Gagnrýnin frá hægri og vinstri hafði verið barin niður, og sól okkar, Stalín, skein mildilega yfir einhuga flokk. Bændurnir höfðu verið neyddir til uppgjafar með hungursneyð og aftökusveitum. Ekki heyrðist lengur vottur af mótmælum gegn manndrápshraða iðnþróunarinnar, matvöruskortinum, ördugleikunum og fjöldahandtökunum. En hið innra sauð reiðin í mörgum flokksfélögum og þjóðinni. Undir deyfð afskiptaleysisins, undir skorpu þögullar örvæntingar sauð hið heita hraunflóð frumstæðrar reiði.

Almennt réttlæti gagnvart rússnesku þjóðinni krefst þess, að veröldinni sé gert þetta ljóst. Hún var magnlaus í þjáningum sínum, veikluð af tuttugu ára ófriði, byltingu, sulti og skipulögðum ofsóknum; ringluð af kjörorðum, afvegaleidd af lygum og án alls sambands við umheiminn. En þrátt fyrir þetta samþykkti hún aldrei grimmdarverk drottara sinna. Beiskjan var mest innan sjálfs flokksins, því að þar blandaðist hún sektartilfinningu og hinni bitru vitund um vanmáttinn gagnvart stjórnendunum og valdi þeirra.

Það er engin tilviljun, að Níkolajev og þeir, sem ákærðir voru um beina hlutdeild í glæp hans, voru allir ungir menn, afsprengi ráðstjórnartímabilsins, flestir stúdentar. Frá fornu fari hafa æðri skólar Rússlands verið klakstöðvar byltingarhugsjóna. Nú var þessi hugsjónastefna kölluð gagnbyltingarkennd, en hún var enn í samræmi við erfðavenjuna.

Þó að aldrei væri minnst á það einu orði í blöðunum, var það alkunnugt meðal kommúnista, að þúsundir stúdenta höfðu verið handteknir eftir morðið á Kírov og hundruð þeirra teknir af lífi. Það var nóg til að vekja grun GPÚ, ef hópur stúdenta kom saman um kvöld á einhverju heimili til þess að dansa og skemmta sér.

Það var ekki óvenjulegur viðburður, að nemendur hyrfu skyndilega úr skólanum. Við spurðum einskis. Við létum sem við tækjum ekki eftir því. En við höfðum alltaf samúð með þeim nemendum, sem handteknir höfðu verið, aldrei með lögreglunni. Við ákváðum með sjálfum okkur að gæta betur tungu okkar, því að það að tala hreinskilnislega var að tala sem andkommúnisti.

Vonbrigði mín voru þegar orðin meiri en ég þorði að viðurkenna með sjálfum mér, hvað þá fyrir öðrum. Einmitt af þeirri ástæðu forðaðist ég að taka þátt í umræðum um stjórnmal. En þar sem ég var aðeins maður og auk þess Rússi, lét ég við og við eitthvað ofmælt, þegar ég var í hópi vana, sem ég bar fullt traust til. Á eftir leið mér illa í margar vikur af kvíða um, að einhver þeirra ljóstraði upp um mig. Morðið í Lenínsgarði kom af stað bylgju af rómantískum vonum meðal stúdenta. Var þetta ofbeldisverk merki um raunverulega þjóðarhreyfingu? Var hugsanlegt, að GPÚ hefði ekki, þrátt fyrir vald sitt, tekist að útrýma hinni leynilegu mótstöðuhreyfingu? Þegar á allt var litið, töldumst við til þjóðar, sem var alin upp við minningarnar um leynilega byltingarflokka, stjórnmalasamsæri og sprengjuárásir í nafni frelsisins.

En morðið olli líka því, að kalt vatn rann okkur milli skinns og hörunds af ótta. Nýjar hreinsanir voru óhjákvæmilegar. Fyrsti fyrirboðinn um áætlanir stjórnmalanefndarinnar kom líka skjótt, og var það tilkynning um, að kalla ætti inn og endurnýja öll flokksskírteini. Án þess að það væri beinlínis nefnt hreinsun, átti að yfirheyra okkur, þó að ekki væri liðið ár frá flokkshreinsun, sem náði til allrar þjóðarinnar.

M. bekkjarbróðir minn var einn af þeim fáu kommúnistum, sem ég lét stundum uppi við hreinskilnislegar athugasemdir um stjórnmal. Við vorum fremur skaplíkir, og það gerði okkur djarfari, þegar við vorum saman. Skömmu eftir andlát Kírovs

bauð M. mér að koma í heimsókn ásamt nokkrum kunningjum til Andrejs S., nemanda, sem ég hafði haft frekar lítil kynni af. „Við ætlum að fá okkur tesopa og spjalla saman,“ sagði hann. Ég hikaði við að fara þangað — tilviljunarheimurinn í rödd hans var dálítið uppgerðarlegur. En að lokum sigraði forvitni mín og óró, og ég fór.

Andrej var hár, fólur maður um þrítugt, með hreinskilnislegan andlitssvip og blá, djúpsett augu. Hann var viðlesinn og gat jafnvel verið mælskur um jafnandlaust umræðuefni og aðferðir við stálframleiðslu. Hann var hvers manns hugljúfi og naut mikillar virðingar.

Þegar ég kom í litla herbergið hans um kvöldið, var M. þar fyrir og tveir aðrir nemendur, báðir frá annarri menntastofnun. Við sátum umhverfis glóðheitan samovarinn í skímunni frá einni lítilli ljósperu og töluðum um daginn og veginn, en forðuðumst að minnast á þau málefni, sem voru efst í huga okkar allra, eins og við værum að þreifa fyrir okkur um hugarfar hver annars. Ég veitti þeirri ein-kennilegu staðreynd athygli, að hinir ávörpuðu hver annan með dularnöfnum. Það eitt var nóg til þess að setja samsærissvip á þetta mót. Var það bæði uggvænlegt og heillandi. Mörgum Rússum er girnileg íþrótt að leika sér að eldinum.

Ég var nýliði í þessum áhættusömu viðræðum um stjórnmálaviðhorf, en hinir virtust vera að halda áfram leik, sem þeir höfðu tamið sér. Eftir nokkra stund var varúðinni varpað fyrir róða. Við lentum í heitum umræðum um morð Kírovs. Raddirnar urðu háværar, og eldur brann úr augum okkar. Æstir af orðum sjálfra okkar fórum við brátt að tala um „harðstjórnann í Kreml“ og meðaumkun okkar með „hinni kúguðu rússnesku þjóð“. Þetta minnti einhvern veginn á bernskuminningar mínar, þegar faðir minn og nokkrir byltingarsinnaðir vinir hans áttu í heitum umræðum um kúgun keisarastjórnarinnar í dagstofunni okkar við Púshkín-torg.

„Við álitum,“ sagði Andrej, „að hvatamaður hafi staðið á bak við skot Níkolajevs.“ Orðið „við“ hafði geigvænlegan hljóm, ég hafði ekki minnstu hugmynd um, hvað hann átti við. „Já, hvatamaður! Það var óþarft og skaðlegt. Stalín verður að skapa sér góða aðstöðu til að geta hafið upprætingarbaráttu gegn þeim hluta flokksins, sem er honum ósammála, og nú hefur honum tekist það. Nú skiptir Níkolajev ekki lengur máli. Hann og vinir hans hafa fengið sinn dóm. Aðalatriðið er, að glæpamannaklíkan í Kreml hefur nú fengið ágætt yfirvarp til þess að ryðja úr vegi öllum mótstöðumönnum sínum og gagnrýnendum. Takið eftir orðum mínum, félagar. Þúsundir, ef til vill milljónir manna munu eiga eftir að gjalda fyrir skot Níkolajevs. Ef við höfum getað til þessa látið okkur dreyma um frelsi og lýðræði innan flokksins, þá er þeim draumi nú lokið — ég segi lokið. Síðasta vonin er að engu orðin. Rússlandi mun bráðlega blæða út!“

Hann gekk um gölf, og ofsi hans óx jafnt og þétt. Ástríða hans og angurværð greip okkur alla. Okkur fannst við vera eins og skipshöfn á skipi, sem komið er að því að sökkva, svo að hún stendur í hringiðu hafsins upp að höku. Andrej þagnaði andartak, reikaði eins og drukinn maður, og hélt því næst áfram: „Stalín og Voroshílov voru

viðstaddir, þegar Níkolajev var pyndaður. Ég veit það, félagar. Þeir kröfðust, að hann skýrði frá nöfnum, nöfnum og enn fleiri nöfnum, ... skotmörkum handa aftökusveitunum. En það skiptir engu máli, hvað lögreglumennirnir hafa togað upp úr Níkolajev. Þeir munu skrifa þá játningu, sem Stalín þarfnast, og síðan mun slátrunin halda áfram mótstöðulaust og verða réttlætt frá fræðilegu sjónarmiði.“

Sá yngsti í hópnum var lágvaxinn, fólleitur nemandi. Hann var einkennilega fallegur álitum, þrátt fyrir veiklulegt útlit, þegar hann stóð skyndilega upp og hafði yfir „Credo“, trúarjátningu, eftir byltingarskáldið Rylejev:

Ég veit, að dauðinn bíður þess,
sem fyrstur rís upp
móti harðstjóra þjóðarinnar.
Mín bíður dómurinn þegar. ...
Ég vil deyja fyrir mitt elskaða land.
Ég finn það, og ég veit það.

Magurt andlit hans virtist gjörbreytt, meðan hann sagði fram orðin. Hann leit út eins og söguhetja úr hinum miklu byltingarfrásögnum Dostojevskíjs og Gorkíjs, komin ljóslifandi fram á sjónarsviðið. Þó að þetta væri töfrandi fagurt, var ég ákaflega leiður yfir að hafa tekið þátt í þessum fundi. Þetta var allt saman svo skelfilega barnalegt, óraunhæft og tilgangslaust. Jafnvel tilgangurinn með fundinum var mér ráðgáta. Lesinn var upp bannaður fjölritaður ritlingur eftir einn af leiðtogum andstöðunnar, Slepkov að nafni, þar sem ráðist var harkalega á alræðismanninn í Kreml og klíku hans. Það voru einu merkilegu nýjungarnar, sem ég heyrdi á þessum einkennilega fundi. Mér var óskiljanlegt, hvernig Andrej hafði komist yfir þetta hættulega plagg.

Það eitt að lesa slíkan ritling myndi hafa nægt til að senda mig í útlegð til Síberíu, ef GPÚ hefði komist að því.

Það var farið að birta af degi, þegar við skildumst. Það var fyrst þegar ég þrammaði heim gegnum snjóinn í grárri morgunskímunni, að það rann upp fyrir mér, hve dæmalaust heimskulega ég hefði hagað mér. Ég hafði tekið þátt í fundi með samsærismönnum, sams konar fundi og þúsundir stúdenta um allt Rússland höfðu goldið með frelsi sínu og lífi að hafa tekið þátt í. Ef yfirvöldin fengju veður af þessu, þá væri úti um mig. Þrátt fyrir þetta leitaði ég Andrej uppi í skólanum um morguninn. Ég laðaðist að honum, ekki þrátt fyrir hættuna, heldur vegna hennar. Mig langaði til að fá upplýsingar um, hverjir væru þessir „við“, sem hann vitnaði í hvað eftir annað í ræðu sinni.

Klukkan eitt lágu fyrir mér boð um að koma í skrifstofu flokksins. Ég hitti aðra flokksbræður mína þar, meðal annarra vin minn M. Ritari flokksins var mjög hátíðlegur, þegar hann læsti dyrunum og ávarpaði okkur. Ég bjóst við öllu illu.

„Félagar,“ sagði hann, „ég hef slæmar fréttir að færa. Ég áleit réttast að segja

ykkur frá þeim þegar í stað. Einn af bestu félögum okkar hefur styttn sér aldur í herbergi sínu í morgun. Sennilega er það út af ástámálum eða einhverjum einkavandræðum.“

„Hver er það?“ spurði ég.

„Andrej S. Hann var góður nemandi og góður félagi. Þetta er sorglegt. ...“

Þegar við gengum út, greip M. í höndina á mér og þrýsti hana fast. Tár runnu niður eftir kinnunum á honum. Ástríðuþrungin angurværð Andrejs hafði sýnilega ekki verið uppgerð: „Síðasta vonin er að engu orðin! Rússlandi mun bráðlega blæða út!“ Orð hans bergmáluðu í huga mér í marga mánuði. Það vildi okkur hinum til happs, að næturfundurinn, þegar við heyrðum „Credo“ lesið upp, var samfellt leyndarmál þau hreinsunarár, sem nú fóru í hönd.

Þó að enginn vissi með vissu, hvers vegna Andrej hefði styttn sér aldur, kvisuðust æsikenndar grunsemdir um allan skólann. Allir höfðu á tilfinningunni, að dauði hans stæði á einhvern dularfullan hátt í sambandi við morðið í Lenínsgarði og þann skelfilega ótta, sem hafði þegar gagntekið allan flokkinn og embættismenn ráðstjórnarinnar.

Innköllun flokksskírteinanna var ekki opinber, eins og hreinsunin hafði verið. Hún var í eðli sínu yfirheyrsla í stjórnámálum. Við vorum kvaddir til yfirheyrslu og yfirheyrðir einn og einn í einu. Þegar að mér kom, var ég svo hræddur, að köldum svita sló út um mig. Hvað myndi verða um mig, ef upp kæmist um fundinn í herbergi Andrejs nokkrum klukkustundum áður en hann skaut sig? Þessi spurning var heimskuleg, — ef GPÚ hefði haft nokkra vitneskju um hann, þá hefði ég fyrir löngu verið tekinn höndum. En mikill ótti gerir menn jafnórökvisá og mikil ást.

„Fáið yður sæti, félagi Kravtsjenko,“ sagði maðurinn bak við skrifborðið. „Af-hendið mér flokksskírteini yðar.“

Ég þekkti manninn og vissi, að hann var einn af athafnasömustu kommúnistunum í Dnepropetrovsk. Tveir menn aðrir voru þarna viðstaddir. Annan þekkti ég ekki, en auðséð var, að hinn var háttsettur í GPÚ. Hann var auglýsinga dómariinn þarna, þótt hinir önnuðust yfirheyrsluna. Hann hafði fyrir framan sig skjöl, sem voru heft saman — sennilega upplýsingar um mig — leit annað veiðið í þau og rétti við og við eitt af þeim til mannsins við skrifborðið.

Yfirheyrsla þessi fór fram eftir hinum venjulegu reglum — fyrst var farið yfir æviferillsskýrslu mína, þá skrá um vini mína og ættingja og loks starfsemi mína fyrir flokkinn. En jafnvel leiðindin við endurtekninguna voru róandi. Þeir óskuðu sérstaklega upplýsinga um, hverjir hefðu verið ábyrgðarmenn mínir, þegar ég var tekinn inn í flokkinn. Ég skýrði frá nöfnum þeirra.

„Eru þeir enn í flokknum?“

„Ekki veit ég betur,“ svaraði ég.

„Hefur nokkur þeirra einhvern tíma tekið þátt í andstöðuhreyfingu?“

„Ef svo hefur verið, þá hefur mér ekki verið kunnugt um það.“

„Félagi Kravtsjenko, er það ekki einkennilegt, að þér skuluð vera eini maðurinn

í fjölskyldu yðar, sem er flokksbundinn? Hvers vegna eru bræður yðar og faðir utan við fylkingar okkar?“

„Hvers vegna er þetta einkennilegt? Samkvæmt síðustu tölum eru færri menn hér á landi í flokknum en þeir, sem eru utan hans.“

„Faðir hans,“ skaut GPÚ-maðurinn inn í, „var virkur í stjórnmálum fyrir bylt-inguna, en honum er sýnilega ekki gefið um bolsévika.“

„Ég bið yður afsökunar, félagi,“ sagði ég, „en það er ekki sanngjarnt að láta uppi slíkar grunsemdir vegna þess eins, að menn hafa ekki gengið í flokkinn.“

„Það var ekki verið að ráðast á föður yðar. Ég benti aðeins á staðreyndirnar,“ sagði GPÚ-maðurinn með hæðnisbrosi.

Yfirheyrslan hélt áfram í hér um bil klukkustund. Eftir því sem á hana leið, varð ég aftur rólegri. Blöðin í upplýsingabókinni um mig voru sýnilega enn hrein. Mér var aftur borgið. Að lokum var mér afhent flokksskírteini mitt. En öll málsmeðferðin hafði skilið eftir óbragð í munnum á mér. Fræðilega séð vorum það við, kommúnistarnir, sem stjórnunum landinu, „kjarni þjóðarinnar“, sem var að skapa nýja veröld. Í rauninni vorum við það í því tafla, sem lögreglustjórnin tefldi eftir reglum, sem hún hafði sjálf sett.

Þúsundir kommúnista í borg okkar voru reknir úr flokknum. Sama átti sér stað í öllum öðrum borgum landsins. Og á þessum tímum var brottrekstur úr flokknum oft sama sem tafarlaus fangelsun.

Prófverkefni mitt — lýsing og teikning af nýrri pípugetðarvél, sem ég hafði sjálfur fundið upp — hlaut ekki einungis ágætiseinkunn, heldur var það einnig heiðrað með stjórnareinkaleyfi. Þó að vélin yrði aldrei smíðuð, skipaði þetta mér, að minnsta kosti fræðilega séð, í flokk hugvitsmanna í vélfræði.

Þegar ég hafði lokið skriflega prófinu, stóðst ég munnlega prófið frammi fyrir nefnd ríkisskipaðra prófdómenda. Námsferli mínum lauk með hófi. Við átum eins og við gátum í okkur látið, drukkum, sungum og héldum ræður, þar sem úði og grúði af upptuggum um föðurlandsást þegna Ráðstjórnarríkjanna. Hver ræðumaðurinn á fætur öðrum lagði áherslu á það, að við hefðum verið menntaðir á kostnað ríkisins og yrðum nú að endurgjalda það hundraðfalt með því að starfa að framgangi fimmáraáætlunarinnar flokknum til heiðurs.

Og nú var ég loksins orðinn verkfræðingur. Fyrir fjórum árum hafði það takmark staðið fyrir sjónum mínum umvafið geislaljóma. Geislarnir voru horfnir. Þeir höfðu myrkvast af hryðjuverkunum í sveitabörpunum og hinni miklu hungursneyð, flokkshreinsununum og ruddaskapnum, sem var alls staðar umhverfis mig. Síðustu geislana hafði frásögn Elínar og sjálfsmorð Andrejs slökkt.

Fyrir öreigafjölskyldu eins og mína var ástæða til að miklast af því að hafa fullfæran verkfræðing innan vébanda sinna. Ég gerði mér upp gleði, sem ég fann ekki til. Móðir mín sá vafalaust, að hér var um uppgerð að ræða, en lét sem hún samgleddist mér. Föður mínum var fullljóst, að á vegi verkfræðings í Ráðstjórnarríkjunum voru

ótal stjórnmálalegar leynigrafir. Hann var fámáll, jafnvel þunglyndur. Í augum bræðra minna, sem létu stjórnmál afskiptalaus, hafði heiðursskjalið ekki annað gildi en það að vera tæki til að bæta fjárhagsafkomu mína.

Hreykni Elínar var blönduð angurværð. Blíða hennar og samúð hjálpuðu mikið til að sefa úfið skap mitt. Hún bjóst við að verða látin flytja til Kharkov, og allar líkur voru til þess, að ég fengi stöðu í einhverri fjarlægri málmiðnaðarmiðstöð. Hvorugt okkar var frjálst. Samband okkar, sem sveiflaðist hratt milli ástríðu og sorgar, varð fyrir margri sárri reynslu. Hversu mjög sem ég reyndi til að gleyma því, var vitundin um, að hún væri leynilegur lögreglunjósvari, sá draugur, sem alltaf skaut upp höfðinu við ástarleiki okkar.

Ég sendi Ordzhoníkídze þjóðfulltrúa afrit af prófverkefni mínu og fékk ástúðlegt bréf frá honum. Ég hafði haldið við sambandi mínu við hann á námsárunum. Hið opinbera samband hafði smám saman breyst í vináttu.

Einhvern tíma á árinu 1933 bar ég fram þá tillögu, að haldin yrði samfelld sýning á iðnaðarvörum Ráðstjórnarríkjanna, í líkingu við sýningarnar í Þýskalandi. Ég bar fram tillöguna í blaðagreinum, sem blöðin birtu ásamt mynd af mér og hrósi ritstjórnanna fyrir svona „bólsévika-frumkvæði“. Því næst samdi ég nákvæmar áætlanir með viðeigandi teikningum til stuðnings hugmyndinni og sendi þær til Ordzhoníkídzes. Tillagan var aldrei framkvæmd, en verndari minn í Kreml var henni meðmæltur og skýrði mér frá ánægju sinni á þelhlýjan hátt. Síðar kom ég fram með svipaða tillögu um landbúnaðarsýningu, sem betur rættist úr. Landbúnaðarsýning var nokkru seinna haldin, en frumkvæðis míns var hvergi getið.

Ég hefði getað snúið mér beint til Ordzhoníkídzes sem þjóðfulltrúa iðnaðarmála Ráðstjórnarríkjanna með umsókn um stöðu, en ég ákvað að nota mér ekki vináttu hans. Í stað þess var mér ráðstafað til Trúbostals, stálvöruhingsins, sem framleiddi allar stálpípur og ýmsa aðra stálvöru fyrir allt landið. Yfirmaður hans var Jakob Ívantsjenko, sem hafði um skeið verið framkvæmdastjóri Petrovskij-Lenín verksmiðjunnar og þekkti mig því vel. Á fundi í skrifstofu hans var ákveðið, að ég skyldi starfa við hina nýju málmiðnaðarsamsteypu í Níkopol, sem samkvæmt áætlun átti að hefja starfsemi sína í aprílmánuði.

Ég hafði ekki gleymt sóðaskapnum, ringulreiðinni og beiskjunni, sem ég hafði séð í Níkopol, þegar ég kom þangað sem eftirlitsmaður flokksins, og endurminningin um þetta var ekki uppörvandi. Mér fannst ótrúlegt, að verksmiðjurnar ættu nú að hefja framleiðslu þrátt fyrir allar þær þjáningar og alla þá orku, sem það hafði kostað að reisa þær. Ég áleit Níkopol tákna allrar viðleitinnar til að breyta Rússlandi í iðnaðarland — sem var eyðslusöm að því er tók til mannlífa og efnis, hrottaleg í ódugnaði sínum, en miðaði þó einhvern veginn í framfaraátt.

Móðir mín og Elín veifuðu til mín frá bryggjunni, þar til fljótabáturinn, sem ég fór með til Níkopol, hvarf fyrir bugðu á Dnepr. Ég vissi vel af því, að nú hófust ný þáttaskipti í lífi mínu. Ég var nú tuttugu og níu ára að aldri, fullgamall til að byrja á ævistarfi sem verkfræðingur, en ég byrjaði nálægt tindinum — sem einn

af yfirmönnunum við stórt iðnfyrirtæki. Ég hafði nú skyndilega breyst í einn af úrvalsmönnum ráðstjórnarþjóðfélagsins, einn af um það bil milljón æðstu flokksstarfsmönnum, iðnaðarleitðtogunum og yfirmönnum lögreglunnar, sem í sameiningu mynduðu hina nýju yfirstétt Rússlands.

Níköpol er gömul borg við Dnepr, lyktar eins og fljótið, og er umkringd hávöxnum skógum og frjósömum hveitiökrum. Hún er á svæði, sem er frægt um allan heim fyrir það, hve mikið mangan er þar í jörðu, en mangan er málmur, sem er mikilvægur við stálframleiðslu. Í nágrenni hennar eru líka miklar járn námur, sem gera hana að eðlilegri miðstöð fyrir málmiðnaðinn. Göturnar og húsín í Níköpol vöktu hjá mér angurblíðar endurminningar um bernskuárin hjá afa mínum í nágrannabænum Aleksandrovska, sem nú hefur verið gefið nafnið Zaparozhe.

Því miður voru verksmiðjurnar sjálfar langt frá bænum, á ömurlegri auðn. Hinum fimm þúsund verkamönnum var enn að mestu hrúgað saman í ómálaða bragga, að vísu skárrí bragga en þá, sem höfðu fyllt mig skelfingu, þegar ég kom þangað fyrst, en þó hæfari bústaði skepnum en mönnum. Almennir verkamenn mötuðust í geysistöfum, óhollum og daunillum matsal, þar sem þeir afgreiddu sig sjálfir. Snyrtilegra matsöluhús með betri og meiri mat var til afnota fyrir æðstu verkstjórana og verkfræðingana. Þriðja veitingahúsið var ætlað nokkrum æðstu embættismönnum, og var það nýttu veitingahús. Þeir fengu jafnframt til heimilisnota gnægðir af þeim afurðum, sem ræktaðar voru á landi verksmiðjanna. Þessi mikli stéttamunur var í slíku samræmi við rússneskar erfðavenjur, að það voru aðeins útlendingar, sem töldu hann fjarstæðu í landi „öreiganna“.

Mér var fengið til afnota þægilegt fimm herbergja hús í hér um bil tveggja kílómetra fjarlægð frá verksmiðjunum. Það var eitt af átta sams konar húsum, sem reist höfðu verið til afnota fyrir æðstu embættismennina. Umhverfis húsið voru raðir af háum trjám, og því fylgdi yndislegur, vel hirtur blómagarður og lítill ávaxtagarður að húsabaki. Í því var baðherbergi, útvarpstæki og meira að segja stór kælskápur. Í bílageymslunni stóð bifreið. Auk þess hafði ég nokkra gæðinga út af fyrir mig. Auðvitað átti verksmiðjan þá, en enginn annar hafði umráð yfir þeim en ég, meðan ég gegndi stöðunni, svo að það jafngilti því, að ég ætti þá sjálfur. Húsinu fylgdi bifreiðarstjóri, hestasveinn og hraust sveitakona, sem sá um ræstingu og matreiðslu. Þjónustustúlkunni varð ég sjálfur að greiða kaup, en piltarnir voru á launalista verksmiðjunnar.

Tekjur mínar voru milli 1.500 og 1.800 rúblur á mánuði, en oft fékk ég upp-bætur, sem hækkuðu þær upp í 2.000 rúblur og jafnvel meira. Hvaða gildi þetta hefur í Ráðstjórnarríkjunum sést best á því, að verkstjórar og sérmenntaðir verkamenn, sem voru undir stjórn minni, fengu sjaldan herra kaup á mánuði en 400 rúblur, en óiðnlærðir verkamenn og konur unnu sér aðeins inn 120–175 rúblur á mánuði. Þó að Ráðstjórnarríkjunum væri í orði kveðnu stjórnað í þágu öreiganna, nutu þeir engra þeirra forréttinda, sem áskilin voru mér og ef til vill tíu öðrum mönnum í allri verksmiðjusamsteypunni.

Ég vann eins og þræll og alltaf undir hræðilegu fargi. Ef ég var einhvern dag skemur en tólf stundir í verksmiðjunni, fannst mér það næstum því frídagur. Stundum kom fyrir, að ég var við vinnu í tvo og jafnvel þrjá sólarhringa og kastaði mér aðeins niður á legubekkinn í skrifstofu minni til að láta renna mér í brjóst. En stundum, þegar ég var einn í veglega húsinu mínu og hin gilda og rjóða Pasha var að matreiða ágæta máltíð í eldhúsinu, ríkisgarðyrkjumaðurinn að vökva garðinn minn og kæliskápurinn minn fullur af nýju grænmeti, melónum, styrjuhrognum og súrum rjóma, fylltist ég sektarkennd.

Ég hugsaði þá um mennina í bröggunum, um börn þeirra og dapurlega tilveru þeirra. Hvernig gat ég álasað þeim, þó að þeir, eins og ég hugði, væru mér reiðir, já, hötuðu mig sem einn af nýju húsbændunum þeirra? Hvernig átti ég að skýra fyrir þeim, að hinn mikli munur á eynd þeirra og sállífi mínu væri ekki í samræmi við óskir mínar, að ég væri líka, eins og þeir, ekki annað en ósjálfstætt tannhjól í geysistórri vél, að velmegun mín væri gjöf frá ríkinu og að hægt væri að taka hana aftur fyrirvaralaust, án þess að ég gæti nokkru um það ráðið?

Ég óskaði innilega að koma á vinsamlegu, hreinskilnu sambandi milli verkamannanna og mín. Ég skildi þá. Ég þekkti þarfir þeirra og vonir. En ef verkfræðingur í minni stöðu óskaði eftir að umgangast almenna verkamenn, þá gat það sært stolt þeirra. Það var eins og að taka þá undir vernd. Auk þess myndu hinir embættismennirnir vera á móti slíkri umgengni og álíta hana skaðlega fyrir agann. Fræðilega séð vorum við fulltrúar „valds verkalýðsins“, en í reynd vorum við sérstök stétt. Það var djúp gjá milli kjörorðanna og veruleikans.

Félagi Bratsjko, sem hafði verið yfirmaður við smíði verksmiðjunnar, var nú aðalframkvæmdastjóri hennar. Tíminn hafði dregið nokkuð úr ákafa hans og gert hann að mjög viðkunnailegum embættisbróður. Aðeins Bratsjko og yfirverkfræðingurinn, Víshnev, voru hærra settir en ég í tæknilegri stjórn verksmiðjunnar. Á stjórnmálasviðinu voru Aleksej Kozlov, yfirmaður flokksnefndar verksmiðjunnar, og félagi Starostín, formaður verkalýðsfélagsins, æðstu mennirnir.

Kozlov var roskinn, góðgjarn maður og brann af áhuga á velfarnaði verkamannanna. En Starostín var hreinræktaður uppskafningur og auk þess heimskur. Útlit hans var jafngrófgert og grómtakið og hann var sjálfur í raun og veru. Sem betur fór fylgdi stöðu hans meiri upphæfð en vald. Stjórnendur verkalýðsfélaganna máttu ekki opna munninn, hvað þá taka ákvarðanir án leyfis flokksins, og máttu þeir sín því venjulega lítils.

Allt fyrirkomulag verkalýðsfélaganna virtist, þegar á það er litið, að þetta var í einræðisríki, einkennilegar leifar frá fjarlægri fortíð. Það var ekki einu sinni skemmtilegt, því að enginn tók mark á hjalinu um fundi og fundarsamþykktir, síst af öllu verkamennirnir sjálfir. En eitt í þessum félagsskap var þó veruleiki fyrir félagana, og það voru félagsgjöldin, sem þeir urðu að greiða af hinu lága kaupi sínu. Áhrif Starostíns voru svo lítil, að enginn starfsmaður í hárrí stöðu þurfti að taka tillit til hans, en öll orð, sem Kozlov mælti, voru lög.

Við yfirmennirnir höfðum auðvitað talsvert saman að selda og komumst ekki hjá því að kynnast duttlungum og annmörkum hver annars. Ritari flokksstjórnarinnar í Níkopol, Brodskíj, hár maður og digur, sem ég hafði kynnst í Dnepropetrovsk, fylgdist gaumgæfilega með verksmiðjunum. Um yfirmann leynilögreglunnar í Níkopol, Dorogan að nafni, var það að segja, að hann hafði ekki aðeins vakandi auga með okkur, heldur störfuðu leynilega fyrir milligöngu „sérdeildarinnar“ í verksmiðjunni heilar hersveitir af njósnurum í hverju einasta verkstæði, skrifstofu og deild, ýmist af fúsum vilja eða af nauðung.

Dorogan var ruddalegur, uppstökkur maður með bolabítsandlit. Það var eins og hann væri höggvinn úr granít af skapara sínum og til þess gerður að vera lögreglu- maður undir hvaða stjórnarfyrríkomulagi sem var. Ég kannaðist við þessa mann- tegund frá bernsku minni, þegar leynilögregla keisarastjórnarinnar var á hælunum á föður mínum.

GPÚ hafði nýlega breytt um nafn. Hún var ekki lengur ein af stjórnardeildum ríkisins (GPÚ eða OGPÚ), heldur ráðuneyti um innanríkismál, skammstafað NKVD. Upphaflega var hún nefnd Tsjeka, síðan GPÚ og nú NKVD. En nafnið breytti ekki þeim starfsaðferðum, sem þetta „reidda sverð byltingarinnar“ viðhafði, eða því hræðilega óorði, sem af því fór. Menn, sem störfuðu í sambandi við eða á vegum þessa hræðilega kerfis, voru enn nefndir „tsjekistar“ eftir fyrsta nafninu, og Rússar héldu áfram að tala um GPÚ mörgum árum eftir að nafninu var breytt í NKVD.

Samband okkar við NKVD var ekki aðallega við Dorogan, heldur hinn ötula aðstoðarmann hans, Gershgorín, sem var forstöðumaður fjármáladeildar NKVD í Níkopol-borg og nágrenni hennar. Þessi Gershgorín, sem er einhver sá mesti nið- ingur, sem ég hef komist í kynni við, var feitur maður, með lítil flóttaleg augu í spikuðu, nauðrökuðu andlitinu. Hann var sköllóttur og höfuð hans í laginu eins og sykurtindur. Hann var ýmist ísmeygilegur í framkomu eða ósvífinn, eftir því við hvern hann talaði. Hafi í honum verið nokkur snefill af mannlegri siðsemi, varð ég ekki var við það þau ár, sem hin ógeðfelldu kynni okkar stóðu yfir.

Fyrstu mánuðirnir, sem ég vann við verksmiðjuna, fóru aðallega í útvegum véla og annan undirbúning til að geta hafið framleiðsluna. Innan verksmiðjusamsteypunnar voru tvær pípuverksmiðjur, og í hvorri þeirra um sig voru um það bil fimmtán hundruð starfsmenn af báðum kynjum. Eftir nokkurn tíma varð ég forstjóri ann- arrar verksmiðjunnar. Framleiðslan hófst seint í júnímánuði. Mér féll vel að vera í ábyrgðarstöðu þrátt fyrir þá áhættu, sem því var samfara, og gaf mér varla tíma til að sofa af áhuga á að geta látið verksmiðjuna starfa í þremur vökum, allan sólar- hringinn.

Stundum, þegar ég gekk um verksmiðjuna og varð þess var, að allt gekk vel, var ég hamingjusamari en orð fá lýst. Á slíkum stundum fann ég glögggt til þess, hvað átt var við með orðinu „starfsgeði“. Ef aðeins hefðu verið færri njósnarar, minni

tortryggni og minna af hinum hræðilega ótta, sem lamaði hugann og lá eins og farg á skapi manna!

Mér var fullljóst, að sérhverju skrefi mínu, ekki aðeins við stjórnina á verksmiðjunni, heldur einnig í einkalífi mínu, var veitt athygli og allt var skrásett. Ég þóttist viss um, að einkaritari minn, miðaldra kona, sem hét Tívína, fúllynd en dugleg, gæfi skýrslu um framferði mitt. Sama var að segja um ráðskonu mína og bílstjóran og að minnsta kosti einn, ef til vill fleiri, af aðstoðarmönnum mínum. Ég sökksti þessari vitneskju neðst niður í vitund mína, en þar sat hún alltaf eins og kláði og truflaði starf mitt og hugsanir.

Ég komst hvað eftir annað að raun um, að hvert orð, sem sagt var á venjulegum umræðufundum, sem ég boðaði til að fjalla um framleiðsluna, var borið í Hantovítsj, yfirmann sérdeildarinnar. Og hann gaf auðvitað skýrslu um þau til Gershgoríns með flóttalegu augun. Það var ekkert dularfullt eða merkilegt við þessa umræðufundi. Ég hefði fúslega skrifað orðréttar skýrslur, sem allir hefðu mátt sjá, um allt, sem fram fór á þeim. Það var sjálft njósnaerfið, sem ég hafði megnustu óbeit á. Mér fundust þessar njósnir svo mikil móðgun, að nálgadist ósvífni, einmitt af því, að ég hefði aldrei getað hugsað mér að verða skemmdarverkamaður.

Ekkert iðnfyrirtæki er algjörlega fullkomið í rekstri. Vélar bíla, glappaskot eru gerð, þreyttir menn verða hirðulausir, framleiðsluáætlanir standast ekki. Þetta á auðvitað sérstaklega við um spánnýja verksmiðju, sem notar erlendar vélar, hefur að mestu leyti óreyndum starfsmönnum á að skipa og verkamönnum, sem nýkomnir eru úr sveitaborpunum. En þrátt fyrir þetta komu NKVD-mennirnir hlaupandi á hardaspretti, ef svo vildi til, að eitthvað bjátaði á, og reyndu kappsamlega að þefa uppi „eyðileggingu“ og „skemmdarverk“. Því næst hófust opinberar yfirheyrslur í skrifstofu sérdeildarinnar og oft leynilegar næturyfirheyrslur og hótanir í aðalstöð NKVD í borginni.

Ég hafði gefið fyrirskipun um, að ég yrði látinn vita, ef eitthvert óhapp vildi til, hversu lítilfjörlegt sem það væri og hvort heldur það kæmi fyrir að nóttu eða degi. En það var alveg sama, hve fljótt ég kom á vettvang, alltaf voru NKVD-mennirnir komnir á undan mér með hranalega tortryggni og hæðnislegar ákærur.

Þannig var andrúmsloftið, sem við unnum í fyrir ríkið. Hinir eldri verkfræðingar og stjórnendur skoðuðu það sem eðlilegt loftslag ráðstjórnariðnaðarins og sögðu sín í milli gamanyrði um „rithöfundana“, sem alltaf væru nálægir. Ég gat aldrei vanið mig fullkomlega við það. Og ástandið varð verra með hverjum mánuði sem leið, eftir því sem hin mikla hreinsun, sem leiddi af dauða Kírovs, breiddist út og færðist í aukana. Að ári liðnu virtist Níkopol frekar vera veiðisvæði lögreglumanna og leynilegra uppljóstrunarmanna en iðnfyrirtæki.

Móðir mín kom í heimsókn. Henni fannst mikið til um þrýðileg húsakynni mín, skrautlegu húsgögnin, hin margvíslegu þægindi, en einkum að ég skyldi hafa fimm herbergi til einkaafnota. Næstelsti sonur hennar hafði „sannarlega komist áfram í lífinu“! Eldhúsið með rúmgóða kæliskápnum og miklum matarbirgðum

dró hana að sér eins og segull. Þegar ég bauð nokkrum samstarfsmönnum mínum til kvöldverðar henni til heiðurs, krafðist hún að fá sjálf að elda matinn. Pasha horfði með aðdáun á móður húsbonða síns matreiða þá rétti, sem honum höfðu þótt gómsætir í bernsku.

Eftir kvöldverðinn slæddust aðrir gestir inn, meðal þeirra verkstjóri og nokkrir verkamenn úr verksmiðjunni. Allir komu þeir mjög kurteislega fram við gömlu konuna. Einu sinni hvíslaði hún að mér: „Samstarfsmönnum þínum fellur vel við þig, Vítja. Ég sé það af framkomu þeirra. Það er gott, ágætt!“

Þegar ég kvaddi móður mína næsta morgun, bað ég hana að láta sér ekki leiðast, þó að ég kæmi seint heim. Ég hafði enga hugmynd um, að hún hafði sjálf gert áætlanir um, hvernig hún ætlaði að verja deginum. Fyrstu bendinguna um það fékk ég síðdegis þá um daginn. Einn af verkfræðingunum sagði mér, að hann hefði séð móður mína í veitingahúsinu. Hún hefði þar verið að tala við matreiðslumennina og þjónana. Ég hugsaði með mér, að einhver hefði sennilega gefið henni leiðarbréf og kvenleg forvitni hefði strax rekið hana beint í eldhúsið.

Ég kom svo seint heim þetta kvöld, að móðir mín var gengin til náða. Næsta dag var minnst á það við mig, að hún hefði sést á lóð verksmiðjunnar „að snuðra með vasabók í hendi“, eins og heimildarmaður minn komst að orði. Ég frétti, að hún hefði komið í braggana, samvinnuverslanirnar og vöggustofurnar. Ég var mjög önnum kafinn þennan dag og gaf mér því ekki tíma til að skipta mér af „snuðri“ móður minnar.

Þegar ég kom heim um kvöldið, sat móðir mín við skrifborðið mitt með stálspangagleraugu langt niðri á litla nefinu og var að skrifa í pappírshæfti alvarleg á svip eins og kaupskýslumaður. Ég spurði hana einskis, en beið dálítið órólegur eftir, að hún segði eitthvað að fyrra bragði. Þegar kvöldverðinum var lokið og Pasha hafði borið fram af borðinu, sagði mamma: „Og nú, Vítja, langar mig til að tala alvarlega við þig.“

„Ágætt. Hvað liggur þér á hjarta, mamma?“

Eins og fulltrúi, sem er að gefa yfirmanni sínum skýrslu, skýrði hún mér nú frá, að hún hefði farið eftirlitsferð um verksmiðjuhverfið og athugað bústaði verkamannanna, vöggustofurnar, félagsheimilin, baðherbergin og þau þægindi, sem verkamennirnir ættu við að búa. Það var hörð ásökun í rödd hennar. „Mig hryllir við því, sem ég hef séð,“ sagði hún. „Er þér ljóst, hvaða meðferð verkamennirnir þínir sæta? Þegar um er að ræða framkvæmdastjóra og háttsetta starfsmenn, eru gnægðir af öllu, en þegar almennir verkamenn eiga í hlut, er allt í vanhirðu og óhreinindum. Eldhúsin eru viðbjóðsleg. Miðdegisverðurinn er fábreyttur. Síðan eru braggarnir. Segðu mér eitt, Vítja, álitur þú þá í raun og veru hæfa verkamönnum Ráðstjórnarríkjanna?“

„Hvers vegna kennir þú mér um þetta? Ég geri allt, sem ég get, til að lagfæra það. Það er ekki ég, sem ber ábyrgð á því.“

„Þú ert einn af þeim, sem stjórna hér, Vítja, og þú ættir að finna til ábyrgðar

þinnar. Hugsaðu um, hvernig fer um sjálfan þig, — ásakar samviskan þig aldrei út af þessum algjörlega andstæðu lífsskilyrðum?“

„Ég er hræddur um, að þú skiljir ekki ástandið hér, mamma. Yfirmennirnir hér eru ekki húsbændur í þeirri merkingu, sem orðið hafði áður. Fyrirskipanirnar koma frá miðstjórninni, og við erum bundin á höndum og fótum. Ég hef komið því til leiðar, að matsöluhúsið, sem menn afgreiða sig sjálfir í, hefur verið málað, og að gólfíð þar er þvegið þrisvar á sólarhring, eftir að hver vinnuflokkur hefur matast. Að undanteknum slíkum smámunum er ég valdalaus. Allt tengt kaupgreiðslum, byggingum, fjárhagsáætlunum og verði á fatnaði og matvöru er ákveðið í Moskvu. Ég hef nóg að starfa við að framleiða pípur.“

„En þú ættir þó að minnsta kosti að þekkja ástandið! Ég hef samið skrár um það helsta, sem ábótavant er, og hér eru þær. Veistu, að konurnar verða að aka eða ganga sex kílómetra til borgarinnar til að kaupa nauðsynjar? Hvers vegna er ekki torg hérna rétt hjá, þar sem samyrkjubændurnir geta selt vörur sínar? Ég sé, að þú hefur yndislegt hvítmálað baðherbergi handa þér einum. En verkamennirnir, og þeir skipta þúsundum, hafa aðeins aðgang að lélegum og óhreinum klefa, sem á ekki skilið að nefnast baðherbergi. Og auk þess eru baðtækin í ólagi. Verksmiðjurnar hér hafa kostað margar milljónir rúblna, — hvers vegna hafa ekki verið útbúnir snotrir baðklefar handa konum og körlum? Og hér er annað dæmi, Vítja, vöggustofurnar. Þar er ekki nóg af lérefti, ekki nóg af meðulum og ekki nóg af neinu.“

„Þú málar myndina dekkri en hún er,“ sagði ég dauflaga. Ég var í engum vafa um, að móðir mín hafði rétt fyrir sér.

„Ég ásaka þig ekki, sonur minn. En ef til vill yrði eitthvað gert til úrbóta, ef þú og hinir stjórnendurnir vissuð, hvernig ástandið er.“ Þegar hér var komið, var svipur kaupsýslumannsins horfinn af andliti móður minnar. Hann var uppgerð og gat því ekki haldist lengi. Augu hennar voru full af tárur. Hún hafði komist við af því, sem hún hafði séð, einmitt vegna þess, hvað það stakk í stúf við þær þægilegu aðstæður, sem sonur hennar lifði við.

Nokkrum dögum eftir að móðir mín var farin aftur til Dnepropetrovsk, kvaddi félagi Kozlov iðnfræðingana, flokksstarfsmennina og starfsmenn verkálýðsfélaganna saman til fundar. Skrifstofa flokksins var orðin þéttskipuð, þegar ég kom. Félagi Kozlov sagði, að aðeins eitt mál væri á dagskrá, og það væri lífskjör verkamannanna við verksmiðjurnar. Ég varð forviða. Mér gafst vonum fyrr tækifæri til að leggja fyrir verksmiðjustjórnina þær staðreyndir, sem móðir mín hafði skýrt mér frá. En sú heppilega tilviljun, hugsaði ég.

Margir ræðumenn tóku til máls og töluðu almennt um málefnið. Auðvitað voru aðstæðurnar slæmar, en hvað var hægt að gera? Þegar að mér kom, gat ég talað um einstök atriði. Fyrirlestur móður minnar var mér í fersku minni, og í raun og veru endurtók ég orð hennar.

Ræða mín fól ekki einungis í sér endursögn af skýrslu hennar, heldur líka

reiði hennar, sorg og ásakanir. Flestum af áheyrendum mínum varð sýnilega eins innanbrjósts og mér hafði verið nokkrum kvöldum áður.

Ég sagði, að það væri margt, sem við gætum gert til úrbóta, jafnvel með þeim takmörkuðu úrræðum, sem væru á okkar valdi, ef við værum ekki of önnum kafnir við að hugsa um „málefni sjálfra okkar“. Ég stakk upp á því, að við byrjuðum á að líta á hversdagsleg málefni verkamannanna sem „málefni sjálfra okkar“.

„Hvar hefur Kravtsjenko fengið allar þessar upplýsingar?“ spurði einhver.

„Þær hefur hann frá móður sinni,“ sagði Starostín, formaður verkalýðsfélagsins, og það var háðshreimur í rödd hans. „Vitið þið það ekki? Hún er sjálfskipað njósna-stórfylki, sem skoðar allt og snuðrar í öllu eins og hefðarfrú á óðalssetri sínu. ... Þessi „hefðarfrú“ álitur, að hún eigi Níkopol, af því að sonur hennar er einn af ráðamönnum verksmiðjanna. ... Hún er að safna stjórnmálalegri innstæðu handa syninum!“

Það varð almenn óró. Menn töluðu hver í kapp við annan. Blóðið steig mér til höfuðs, og ég varð mállaus af reiði. Kozlov tók fast í handlegg minn til að halda aftur af mér.

„Rólegir, félagar!“ Hann barði í skrifborð sitt. „Félagi Starostín talar eins og heimskingi. Móðir Kravtsjenkos er engin hefðarfrú, það er honum vel kunnugt um. Hún er gift gömlum verkamanni, gömlum byltingarmanni frá 1905, sem setið hefur árum saman í fangelsi fyrir byltingarstarfsemi. Þér ættuð að fyrirverða yður fyrir að ráðast á hana. Ef til vill er það til þess gert að breiða yfir leti yðar og afskiptaleysi af högum verkamannanna?“

Hlátrasköllin kváðu við. Formaður verkalýðsfélagsins sætti svo almennri fyrir-litningu, að ekki mátti sleppa tækifæri til að hafa hann að athlægi, þegar hægt var að gera það með blessun flokksritarans.

„Ég veit af hendingu, að gamla konan reyndi að ná tali af yður, félagi Starostín, en þér vilduð ekki veita henni áheyrn,“ hélt Kozlov áfram. „Þér kærðuð yður vafa-laust ekki um að vera ónáðaður með öðru eins rugli og veggjalús í bröggunum og skítugum reifum í vöggustofunum. En ég átti tal við hana. Hún sýndi það „bolsé-víkafrumkvæði“, sem kemst langt áleiðis.“

Móðir mín hafði þá ekki látið sér nægja að rannsaka allt, heldur hafði hún líka kunnbert leiðtogunum það, sem hún hafði orðið áskynja! Frá því hafði hún ekki sagt mér. Og þessi fundur var ekki nein tilviljun, heldur bein afleiðing af „snuðri“ hennar. En hve hún var góð og hugprúð! Þrátt fyrir þau vandræði, sem hún hafði komið mér í, sló hjarta mitt örara af ást og aðdán á henni.

Næstu mánuði varð nokkur árangur af barnalegri meðalgöngu móður minnar. Settur var á stofn markaður samyrkjubúa rétt hjá verksmiðjunum. Barnaheimilin voru gerð hrein og látin fá meira af líni. Áætlanir voru gerðar um ný baðhús og minni háttar endurbætur framkvæmdar. Sagan um baráttu frú Kravtsjenkos í þágu verkamannanna barst út meðal þeirra, og sonur hennar naut góðs af „frægðinni“.

Inni í borginni kom ég kvöld eitt auga á skrifara minn, hina teprulegu Tívínu, þegar hún var að koma út úr aðalstöð NKVD. Ég hafði aldrei verið í vafa um, að hún gæfi lögreglunni skýrslur um mig. Njósnið um yfirmennina eru mikilvægasta starf skrifaranna í Ráðstjórnarríkjunum. En það er sitt hvað að vita eitthvað og að detta niður á sönnun fyrir því. Næsta dag gaf ég ráðningardeildinni fyrirskipun um að láta þessa konu fara úr skrifstofu minni og mæla með einhverjum öðrum skrifara, helst karlmanni.

Nokkrum dögum seinna kom til mín maður á að giska þrjátíu og tveggja ára að aldri með bréf frá yfirmanni ráðningardeildarinnar. Útlit hans var eftirtektarvert. Fyrsta orðið, sem mér datt í hug, þegar ég leit upp, var „fluglahræða“. Hann leit út eins og beinagrind, sem töttrar höfðu verið hengdir á. Skór hans voru götóttir, buxur hans stagbættar. Jakki hans var illa sniðinn úr pokastriga. Hann var áberandi dæmi um eynd og volæði, jafnvel þó að miðað væri við ástandið í Ráðstjórnarríkjunum. En magurt andlit hans undir rauðleitu hári, sem var orðið grátt í vöngum, var sviphreint, jafnvel viðfelldið.

„Ég veit, hvornig ég lít út, félagi Kravtsjenko,“ sagði hann, „en ég bið yður að láta mig ekki gjalda þess. Ég er nýkominn heim úr fangabúðum, þar sem ég hef verið í fjögur ár. Ráðningardeildin veit það. Ef þér viljið gefa mér tækifæri, þá er ég viss um, að þér munuð verða ánægður með starf mitt.“

Hann talaði eins og menntaður maður. Upprunaleg andúð mín breyttist í meðaumkun. Vesalings maðurinn hafði sýnilega þolað ægilegar raunir. Ég hringdi eftir tei og smurðu brauði. Hann reyndi að sitja á sér og borða hægt og kæruleysislega, en það var auðsætt, að hann var glórhungraður. Á meðan við ræddum saman, hringdi síminn. Það var Romanov, háttsettur, geðfelldur starfsmaður úr annarri starfsdeild. Þó að hann væri ekki flokksmaður, naut hann trausts allrar verksmiðjustjórnarinnar, frá Kozlov og niður úr.

„Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann. „Ég mun skoða það sem sérstakan greiða, ef þér ráðið sem skrifara yðar Groman borgara, sem nú er í skrifstofu yðar. Þrátt fyrir ólán sitt er hann áreiðanlegur maður.“

„Hafið þér þekkt hann lengi?“

„Nei, en ég get ábyrgst hann.“

„Þakka yður fyrir. Það var vingjarnlegt að láta mig vita það.“

Á meðan Groman beið í framherberginu, símaði ég til NKVD og fékk samband við Gersghorín. Það var skylda mín að skýra honum frá ráðningunni, þar sem skrifari minn hafði aðgang að mikilvægum opinberum skjölum. Þegar ég sagði honum söguna, bað hann mig að biða í símanum örstutta stund. Eftir stutta bið kom hann aftur í símann og fullvissaði mig um, að hann hefði ekkert á móti, að ég réði manninn, ef ég álti hann hæfan til starfans.

Þegar ég sagði þessum illa leikna fyrrverandi fanga, að hann gæti komið til vinnu eftir einn eða tvo daga, brosti hann í fyrsta sinn. Hann var svo þakklátur, að það olli mér óþægindum. Ég lét hann fá dálitla fyrirframgreiðslu og gaf birgðaskemmu

verksmiðjanna fyrirskipun um að láta hann fá nauðsynleg föt. Aðstoðarmaður minn hjálpaði honum til að fá íbúðarhæft herbergi í einu af leiguhúsum verksmiðjanna.

Það kom fljótt í ljós, að Groman var bæði greindur vel og duglegur. Hann lét af mér ýmsum minni háttar störfum. Þegar hann var orðinn betur klæddur, farinn að safna holdum og augu hans voru orðin fjörlegri, var hann eins og hann hefði endurfæðst. Hann kom oft á heimili mitt til að vinna, og stundum ók ég honum heim til sín að loknu verki. Samband okkar var ánægjulegt og vinsamlegt. Ég þakkaði Romanov fyrir að hafa mælt með þessum fyrsta flokks skrifara.

Margar vikur liðu. Morgun einn kom Groman ekki til starfa. Ég gerði ráð fyrir, að hann væri veikur. Þegar hann kom ekki heldur næsta dag, varð ég órólegur og ákvað að senda einhvern heim til hans eftir vinnutíma til að athuga, hvað væri að. Hann hafði engan síma. Þegar ég var að líta á nokkur skjöl, sem lágu í hlaða á skrifborði mínu, rakst ég á nokkur handskrifuð blöð, sem voru fest saman með klemmu. Ég sá, að á þeim var rithönd Gromans. Ég forðaðist ósjálfrátt að snerta á blöðunum, meðan ég las fyrstu orðin:

„Kæri Víktor Andrejevítsj, þegar þér lesið þessi orð, verð ég ekki í Níkopol. Ég ætla að reyna að sleppa út úr þessu skelfinganna landi. Jafnvel dauðinn er betri en að lifa sem þræll. ...“

Svita sló út um mig, og ég læsti dyrnum. Síðan setti ég upp glófa og tók upp bréfið. Það var óvenjulegt plagg. Þó að ég muni það ekki orðrétt, eru mér þó minnisstæð höfuðatriðin úr því:

„Ég þakka yður af heilu rússnesku hjarta innilega fyrir allt, sem þér hafið gert fyrir mig. Vinsemd yðar hefur vakið í mér mannlegar tilfinningar, sem ég hélt að væru að eilífu dauðar. Það er raunar ástæðan til, að ég ákvað að flýja. Ef Guð lofar, fer ég yfir landamærin. Ef ég verð tekinn fastur, þá verð ég auðvitað skotinn.“

Ég hata ráðstjórnina og lögreglu hennar geipilega. Þó að ég hafi ekki drýgt neinn glæp — nema frelsisást sé glæpur — hef ég verið í pyndingarklefum þeirra og einangruðu fangaklefunum. Þegar mér var sleppt út, var mér ljóst, að frelsi mitt myndi vara stutt og ég gæti ekki einu sinni fengið atvinnu, nema ég gengi í þjónustu böðla minna.

Kvöldið áður en þér hittuð mig var ég nýkominn til Níkopol frá fangabúðunum, eins og mér hafði verið fyrirskipað. Ég fór til NKVD og var vísað inn til Gershgoríns. Þannig atvikaðist það, að ég kom til yðar. Allt, sem gerðist — þar á meðal meðmæli Romanovs — var þáttur í ógeðslegum skrípaleik, sem bitnaði á yður.

Ég hafði ekkert á móti því að starfa sem njósnari. Þar eð ég hataði alla kommúnista, virtist mér þarna gefast tækifæri til þess að hefna mín og koma einhverjum þeirra í vanda, því meiri því betra. Ég leit á yður sem fyrsta fórnardýr mitt. En ég fór fljótt að bera virðingu fyrir yður og fékk viðbjóð á sjálfum mér við hugsunina um það, sem ég hafði ætlað mér að gera yður.

Ég vil, að þér vitið það, að eftir nokkurn tíma varð ég aðalslefberinn um yður. NKVD ber traust til þeirra manna, sem hafa gengið í gegnum hreinsunareld þeirra.

Þessir djöflar vita, að óttinn gerir hlýðna þá menn, sem eru verkfæri þeirra. Daglega fékk ég upplýsingar frá hinum slefberunum, sem úir og grúir af í skrifstofum yðar og verkstæðum. Um það bil einu sinni í viku safnaði ég þessum upplýsingum saman, vann úr þeim og sendi lögreglunni skýrslu um störf yðar, orð þau, sem þér töluðuð, vini yðar, jafnvel um svipbrigði yðar, ásamt skyssum þeim, sem gerðar voru í verksmiðjunni.

Þó að njósnararnir þekktu ekki hver annan, þekkti ég þá alla. Sá minnsti þakk-lætisvottur, sem ég get sýnt yður fyrir vinsemd yðar, er að láta yður vita um nöfn þeirra.“

Með bréfinu fylgdi listi. Á honum var meðal annarra Romanov, — þessi vingjarn-legi Romanov, sem öllum geðjaðist að og allir báru traust til vegna mildilegrar og föðurlegrar framkomu. Á honum voru einnig ýmsir af nánustu samverkamönnum mínum, verkstjórar, venjulegir verkamenn og starfsmenn verksmiðjustjórnarinnar. Þessi njósnavefur breiddist um öll verkstæðin og skrifstofurnar og náði til allra stiga hinnar tæknilegu framleiðslu.

„Varið yður á þessum mönnum. Víktor Andrejevítssj! Þeir bera enga virðingu fyrir sannleikanum. Frami þeirra er undir því kominn, að þeir uppgötvu samsæri, og það er freistandi fyrir þá að búa til samsæri til að ljóstra upp um. Þér verðið að gera yður ljóst, að menn, sem ríkislögreglan hefur lamað líkamlega og spillt and-lega, eru reiðubúnir að gera hvað sem er, játa hvað sem er og ákæra hvern sem er. Það eru þó nokkrir þess háttar menn umhverfis yður“ — hann nefndi þá með nöfnum — „því að ég er ekki sá eini. Ég geri ráð fyrir, að yður muni gruna, að bréf þetta sé gildra. Ég get ekki láð yður það. Ég get aðeins svarið við nafn Guðs og móður minnar sálugu, að ég er að segja satt og ég er að reyna að friðþægja fyrir þær vikur, sem ég var að njósna um mann, sem var mér góður og nærgætinn við mig sem mann. Eðlishvöt yðar verður að ráða því, hvort þér trúið mér.

Ef þér afhendið Gersghorín bréf þetta, þá mun hann segja, að ég sé lygari, og hann mun þegar í stað ríða nýtt net af njósnurum. En ef þér getið fengið yður til að trúá mér, þá skuluð þér eyðileggja bréfið. Látið sem þér séuð reiður út af dularfullum flóttu mínum, og þá mun aldrei gruna, að ég hafi ljóstrað upp um þá.

Hvaða ákvörðun sem þér takið, grátbæni ég yður við allt, sem yður er heilagt, um að fresta um einn dag að tilkynna hvarf mitt. Þessi eini dagur getur ef til vill ráðið úrslitum um það, hvort ég kemst lífs af eða ekki. Ég sárþæni yður um það á knjám mínum, kæri Víktor Andrejevítssj.

Ég þakka yður fyrir allt, sem þér hafið gert fyrir mig. Ég þakka yður fyrir að hafa hjálpað mér að vekja aftur til lífsins heiðarlegan mann, sem pyndingarnar höfðu næstum því gert út af við. Ef ég kemst lífs af, þá skal ég ávallt minnast yðar í bænum mínum.“

Innri rödd hvatti mig til að trúá flóttamanninum. Ef til vill var ég farinn að trúá á innri mann hans, sem skotið hafði upp af tilviljun í samræðum við mig undanfarnar vikur. Þrátt fyrir þessa innri sannfæringu fannst mér ég leggja líf mitt

í hættu, er ég var að afrita nafnalistann, sem hann hafði sent mér. Því næst brenndi ég bréfið og gætti þess vel, að engin merki sækjust um öskuna.

Þegar leið að kvöldi, sendi ég mann heim til hans til að spyrjast fyrir um hann. Næsta morgun skýrði maðurinn frá því, að fjölskylda sú, sem Groman bjó hjá, hefði sagt, að hann hefði ekki komið heim í tvo daga. Því næst símaði ég til ráðningardeildarinnar og spurði með uppgerðarreði, hvers vegna þeir hefðu ekki útvegað mér áreiðanlegan ritara, og kvartaði undan því, að þetta væri þriðji dagurinn, sem hann kæmi ekki í skrifstofuna án þess að gera nokkra grein fyrir fjarveru sinni.

Áður en klukkustund var liðin, kom Gershgorín í mjög æstu skapi, og var ein-kennisklæddur lögregluþjónn í fylgd með honum. Þeir spurðu mig spjörunum úr, rannsókuðu skrifborð Gromans og fóru síðan. Ég komst aldrei að raun um, hvort flóttamaðurinn komst undan. Líkurnar fyrir, að hægt sé að flýja yfir landamæri Ráðstjórnarríkjanna, eru afar litlar. Þó hefur hundruðum manna tekist að vinna það þrekvirki.

Upplýsingarnar um njósnaðana í kringum mig komu mér að góðu gagni. Þær gerðu mér mögulegt að gæta mín og stundum að hjálpa öðrum. Ef ég óskaði, að eitthvað kæmist til eyrna lögreglunnar, þá þurfti ég ekki annað en að drepa á það í áheyrn slefberans við bræðsluofnana, samstarfsmanns hans í verkfæradeildinni, yfirmanns fágunardeildarinnar, Makarovs verkfræðings, Júdavíns verkstjóra eða Ívanovs, starfsmanns verkalýðsfélaganna, sem var aðstoðarmaður Starostíns. Það var allt annað en geðfellt að þurfa að starfa daglega með Romanov eftir þetta, en ég gat ekki sniðgengið hann, án þess að það vekti grunsemdir.

Eftirmaður Gromans var ung, lagleg og harðdugleg stúlka úr æskulýðsfyllkingunni. Vafalaust tók hún við því starfi hins óhamingjusama Gromans að safna saman njósnaþráðunum.

Nafn bifreiðarstjóra míns hafði staðið á lista Gromans, og furðaði ég mig ekkert á því. Hann sendi skýrslur sínar beint til upplýsingadeildar NKVD, en ekki til fjármáladeildar Gershgoríns. Pasha, ráðskona mín, var ekki á listanum. En seinna komst ég að raun um, að það stafaði af gleymsku eða þá aðeins af því, að Groman hefur ekki verið kunnugt um njósnaðarstarfsemi hennar.

Dag nokkurn, þegar Pasha hafði verið hjá mér í næstum eitt ár, kom ég heim úr ferðalagi til Moskvu. Hún hjálpaði mér til að taka upp úr töskum mínum. Ég hafði keypt nokkrar smágjafir handa henni — höfuðklút með skærum litum, nokkur bómullarsokkapör og inniskó. Mér fannst hún fara öll hjá sér, þegar hún tók við gjöfunum.

„Eruð þér ekki ánægð með þær, Pasha?“ spurði ég.

„Jú, það er ég, og ég þakka kærlega, Víktor Andrejevítj.“

En sama kvöldið, að loknum kvöldmat, kom Pasha inn í borðstofuna með gjafirnar í fanginu. Hún var hágrátandi eins og sveitakonum er títt. Ég horfði á hana hissa og spyryndi.

„Ég get ekki tekið við þessu, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hún snöktandi. „Ég bið yður að taka við því aftur.“

„Eins og yður þóknast, en segið mér ástæðuna. Hvað er að?“

„Guð fyrirgefi mér,“ sagði hún og signdi sig, „en ég get ekki sagt það. Þér megið ekki krefjast, að ég taki við þessum gjöfum.“

Eftir þrábeiðni mína og hátíðlegt þagnarloforð sagði hún mér það samt. Hún kvaðst ekki geta tekið við gjöfum frá góðum manni, jafnframt því sem hún njósnaði um hann.

„Frá því að þér komuð hingað hef ég gefið skýrslu til NKVD einu sinni í viku,“ sagði hún. „Ég kom úr sveitinni og fékk stöðuna. En ég var ekki fyrr komin í húsið en mér var skipað að koma í skrifstofu NKVD, og þar var mér sagt, hvað ég ætti að gera. Ég neitaði því grátandi og sagði, að það bryti í bága við guðstrú mína, en maðurinn í einkennisbúningnum sagði: „Pasha, hættu þessum heimskulátum. Þig langar til, að faðir þinn komi aftur úr útlegðinni, er ekki svo? Jæja, ef þú rækir erindi okkar af trúmennsku, skulum við sjá til, hvað við getum gert.“

Einu sinni í viku fer ég í ákveðið íbúðarhús í Níkopol og skýri frá öllu, sem ég veit, einkum hverjir koma hingað og hvað þeir segja. „Og bölvuðu þeir stjórninni?“ spyrja þeir mig, en þá signi ég mig alltaf og segi: „Nei, það er nú eitthvað annað.“ Þeir hlæja, þegar ég signi mig, guðleysingjarnir!“

Ég fullvissaði vesalings Pöshu um, að ég fyrirgæfi henni. Ég sagði henni, að ég myndi aldrei minnast á, hvað hún hefði sagt mér, með því skilyrði, að hún þegði sjálf um það. Ég sannfærði hana meira að segja um, að hún gæti vel tekið við gjöfum mínum, þar eð hún hefði nú gert mig að trúnaðarmanni sínum.

Pasha hélt áfram njósnum sínum um mig, meðan ég dvaldist í húsinu. Við minntumst aldrei á grátlökku játninguna hennar. En oft lagði hún fyrir mig spurningar, sem ég er sannfærður um, að hún bar fram í þeim tilgangi að fullvissa sig um, hvort það væri æskilegt, að hún skýrði frá vissum atvikum. Ég gerði henni ljóst, að ég hefði engu að leyna. Ef hún sleppti að minnast á eitthvað, þá myndu aðrir gera það.

Oftast nær voru nokkrir útlendir verkfræðingar, bandarískir eða þýskir, í Níkopol til að setja upp nýjar erlendar vélar og vinna að því að auka afköst þeirra. Hjá Rússum, jafnt æðri sem lægri, vöktu þeir bæði addáun og ótta. Að umgangast þá — hafa „samband við stéttarfjendur“ — var hættulegt, en einmitt þessi hætta gerði útlendingana hrifandi. Vandaður klæðnaður þeirra og frjálrsæði í fasi og tali vakti þá hugsun, að þarna væru á ferð verur frá annarri veröld. Það, sem mest bar á hjá þeim, var, hvernig þeir unnu, töluðu saman og jafnvel fundu að í algeru óttaleysi — eins og NKVD, Gershgorín og njósnaðarnir væru alls ekki til.

Þegar félagi Bratsjko stakk upp á því, að ég léti tvo bandaríska verkfræðinga búa hjá mér, varð ég sannarlega smeykur. Menn þessir komu frá borg í Ameríku, sem hét Youngstown. Vegna starfs síns urðu þeir að dveljast í Níkopol í marga mánuði.

Gistihúsið í bænum var lélegt. Þar eð ég var einhleypur og hafði heilt hús til afnota, gat ég ekki neitað að hýsa þá. En ég óttaðist þær flækjur, sem leiða kynni af þessu óhjákvæmilega „sambandi við erlenda stéttarþjendur“.

Larry og Joe voru háir, ljóshærðir, góðlyndir menn, sem voru utan við sig vegna hins dapurlega umhverfis og þjáðust augljóslega af heimþrá. Á þeim mánuðum, sem þeir voru gestir mínir, urðum við góðir vinir þrátt fyrir vandkvæðin á að gera okkur skiljanlega hvorir við aðra vegna málanna. Hvorugur þeirra minntist nokkru sinni á stjórnmál. Fyrir borgara Ráðstjórnarríkjanna, þar sem stjórnmál voru næstum því það sama og lífið sjálft, var þetta afskiptaleyzi af stjórnmálum ekki aðeins ótrúlegt, heldur einnig óeðlilegt. Hugsanir þessara Vesturheimsmanna snerust einkum um starf þeirra. Þegar þeir höfðu rætt um málefni þau, sem við komu starfinu, sögðu þeir sögur, spiluðu á spil eða leituðust eftir „samkvæmum“. Þar eð þeir voru félagslyndir og mjög frjálsmannlegir í umgengni við aðra, var þeim óskiljanlegt, hve sjaldan þeim var boðið heim til þeirra manna, sem þeir unnu með í verksmiðjunni.

Þegar Larry og Joe höfðu búið hjá mér í nokkrar vikur, hringdi Gershgorín eitt sinn til mín snemma morguns.

„Bandaríkjamennirnir yðar ætla að fara á veiðar í dag,“ tilkynnti hann mér.

„Já, svo hef ég frétt. Og hvað um það?“

„Ég óska, að þér símið til mín, jafnskjótt og þeir eru farnir. Segið þjónustustúlku yðar, að hún þurfi ekki að vinna í dag og skuli ekki koma heim fyrir klukkan fimm!“

Bandaríkjamennirnir fóru í veiðiförina að loknum morgunverði, glaðir í bragði. Þeir slógu á öxlina á mér af einskærri kátínu og kváðust ætla að gefa mér alla veiðina. Ég gat ekki annað gert en að hringja til NKVD. Klukkan hér um bil ellefu kom Gershgorín við annan mann. Þeir fóru inn í hús mitt eins og þeir ættu það sjálfir og gengu um það eins og þeir þekktu hvern krók og kima. Óþægileg hugsun flaug mér í hug: Þeir hafa sennilega margsinnis gert hér húsleit, þegar ég hef verið fjarstaddur.

Lögreglumennirnir rannsökuðu nákvæmlega herbergi þau, sem gestir mínir bjuggu í. Þeir leituðu í vösum, mittisólum, handstúkum, frakkakrögum, skósólum og öllu, sem þeir álitu að hægt væri að nota sem felustað. Þeir rannsökuðu vandlega allar bækur, tímarit, vasabækur og bréf. Sumt ljósmynduðu þeir. Öll staðarnöfn og símanúmer voru vandlega skrifuð á lista. Gershgorín virtist athuga bandarísku rakvélarnar alveg sérstaklega vandlega. Hann þrýsti á og hristi handarhöldin á rakvélunum, rannsakaði rakburstana og þuklaði á hylkjunum með rakkreminu, sennilega í þeirri trú, að þetta væru líklegustu geymslustaðir bandarískra leyndarmála. Samverkamaður Gershgoríns var ekki frá Níkolpol; hann var auðsýnilega vel að sér í ensku.

Klukkan fjögur höfðu þeir lokið húsleitinni. Þeir höfðu sýnilega ekkert fundið, því að engin uppgötvunargleði sást á svip þeirra.

„Þér skiljið auðvitað, félagi Kravtsjenko, að það má aldrei minnast á þetta einu

orði,“ sagði Gershgorín. „Ef eitthvað berst út um þetta, berið þér ábyrgð á því gagnvart NKVD. Skrifðið undir þessa yfirlýsingu.“

Það var yfirlýsing, sem allir könnuðust við, sem höfðu haft nokkuð saman við leynilögregluna að selda, loforð um að þegja, undirritað „af frjálsum og fúsum vilja“. Þegar lögreglumennirnir voru farnir, gekk ég um húsið dapur í huga, gestur á heimili mínu. Ég blygðaðist mín fyrir að líta framan í gesti mína, þegar þeir kæmu heim, og fann upp tylliástæðu til að þurfa ekki að vera heima um kvöldið.

Ég er viss um, að hvorugur þessara manna hafði nokkurn grun um, að farangur þeirra hafði verið rannsakaður, að þeir voru undir samfelldu eftirliti hvert andartak, meðan þeir dvöldust í Rússlandi, og að skýrslur voru samdar um hvert fótmál þeirra. Einu sinni, löngu eftir að þeir fóru frá Níkopol, þegar Gershgorín var í sérstaklega góðu skapi, leyfði hann mér að líta á skýrslurnar um þá. Þar voru meðal annars ljósmyndir, sem sýndu þá í hneykslanlegum stellingum með stúlkum í gistihúsherbergi í Moskvu. Þeim hefur áreiðanlega ekki dottið í hug, að í gistihúsherbergjunum leyndust ljósmyndarar, sem tækju myndir af skammvinnum ævintýrum þeirra. Gershgorín smellti ánægjulega saman feitum vörunum, meðan hann var að sýna mér myndirnar hverja eftir aðra.

„Að hvaða gagni koma þessar myndir?“ spurði ég. „Mennirnir eru fyrir löngu komnir aftur heim til Ameríku.“

„Já, þeir eru heima í Ameríku. En þér getið bölvað yður upp á, að þeir munu ekki skrifa neinar árásgreinar á Ráðstjórnarríkin, eins og sumir bandarískir bastardar gera, eftir að þeir hafa hirt okkar góða gull og étíð besta matinn okkar.“

Ég man eftir öðrum erlendum verkfræðingi, Lentz að nafni, sem var dálítið slysin í ástarævintýrum sínum í Níkopol. Hann var Þjóðverji, þunglamalegur í vexti, með nautssvíra, sem var í þremur aðgreindum fellingum. Hann kom til þess að setja upp nokkrar erlendar vélar. Þó að honum hefðu verið fengnir tveir túlkar til aðstoðar, kaus ég heldur að tala við hann með aðstoð eins af starfsmönnum verksmiðjunnar, sem hét Júrev og kunni dálítið í þýsku.

Annar túlkur Lentz var kona úr leynilögregluliði Dnepropetrovsk, sem hafði í því skyni verið send til Níkopol. Hún var á fertugsaldri, fjörug og ekki ósnotur og átti þess vegna auðvelt með að gegna hlutverki sínu. Það varð brátt opinbert leyndarmál, að Aleksandra héldi við Lentz. Hún gekk í silkisokkum, var með útlendar handtöskur og aðrar gjafir, sem töluðu sínu máli. En NKVD hlýtur að hafa álitíð, að ein kona nægði ekki, og bætti því Natöshu litlu við fylgdarliðið.

Natasha var dóttir prests í Níkopol, sem rekinn hafði verið í útleigð fyrir mörgum árum. Hún var þess vegna vel kunnug í borginni. Hún var innan við tvítugt. Hún var lagleg og blíðleg stúlka. Fyrir milligöngu Júrevs komst ég að því, að hún hefði verið neydd til að gerast túlkur Lentz með ógnunum gagnvart föður hennar og loforðum um, að hann myndi fá leyfi til að skrifast á við hana.

Einn sólbjartan sunnudag fóru Þjóðverjinn, túlkarnir hans tveir og „vélstjóri“, sem þóttist vera vinur þeirra, í skemmtiferð með vélbát eftir Dnepr-fljóti. Þau

höfðu gnægðir góðs matar, vins og vodka með sér í ferðina og — til þess að gera allt rómantískara — grammófón með bæði rússneskum og þýskum plötum. Eftir að þau höfðu matast á svölum og yndislegum stað á fljótsbakkanum, ákváðu „vélstjórinn“ og eldri stúlkan að ganga svolítinn spöl sér til hressingar. Lentz, sem nú var búinn að hita upp með hæfilega miklu af vífum, víni og þýskum söng, varð eftir ásamt hinni girnilegu Natöshu.

Eins og við var að búast gerðist hann ástleitinn. Stúlkan veitti viðnám, feimin og eggjandi í senn. Lentz verkfræðingur varð ástleitnari. Einmitt þegar Þjóðverjinn reif treyju stúlkunnar í sundur og afhjúpaði ungu brjóstin á henni, virtist honum hann heyra þrusk í kjarrinu þar rétt hjá. Hann sleppti bráð sinni og stökk inn í kjarrið, og kom þar að „vélstjóranum“, sem var að búa sig undir að taka aðra ljósmynd af þeim.

Við þessa sýn rann víman af Lentz. Hann þreif myndavélina af „vélstjóranum“, mölbraut hana og kastaði henni út í fljótið. Hann sagði „vélstjóra“ NKVD að fara til fjandans og hélt heim á leið. Næsta dag kærði hann þetta tiltæki fyrir verksmiðjustjórninni og hótaði að senda skýrslu um það til þýska sendiráðsins. Hann var fullvissaður um, að þetta hefði aðeins verið gamansemi eins og gengur og gerist á ferðalagi og ætti ekkert skylt við stjórnmál.

En Lentz var enginn heimskingi. „Ég er betri ljósmyndari en lögreglan ykkar,“ sagði hann gortandi og veltist nú um af hlátri. „Lítið á þetta safn.“ Og hann sýndi þeim myndir af sér og Aleksöndru í hinum margvíslegustu ástaratlotum.

„Ef stjórn ykkar hefði beðið mig um leyfi til að taka myndir af mér og hinni fögru Natöshu, hefði ekki staðið á mér að leika mitt hlutverk,“ sagði hann. „Þið hefðuð ekki þurft að eyða fé í vélbát og skógarferð. Ég er sjálfur ástríðufullur ljósmyndasafnari.“

Lentz var brátt skipað að fara burt úr Rússlandi. Ég hef grun um, að loforð hans um að kæra þetta ekki fyrir þýsku sendisveitinni hafi verið vel launað í þýskri mynt. Aleksandra fór aftur til Dnepropetrovsk, þar sem hún hafði ótakmarkað leiksvið til að leika listir sínar með hinum fjölmörgu erlendu iðnfræðingum, sem störfuðu þar í borginni. Hvort Natasha hefur nokkurn tíma fengið að skrifast á við föður sinn, veit ég ekki. Júrev var handtekinn ári seinna og meðal annars ákærður fyrir „að hafa leitað sambands við þýska nasista“. Ákæran hvíldi á því einu, að hann hafði einstaka sinnum verið túlkur fyrir Lentz.

13. kafli: Hraðar! Hraðar!

Í SEPTEMBERMÁNUÐI 1935 gerðist „kraftaverk“ við kolanámurnar í Donetz-dal. Verkamaður einn, Stakhanov að nafni, braut 102 smálestir af kolum á einum degi — fjórtánföld meðalafköst kolanámuverkamanns! Það eru aðeins fáir atburðir í nútímasögunni, sem hlotið hafa jafnlangvarandi, móðursjúkt og tilgerðarlegt lof. Þetta var að vísu algjörlega jarðneskt kraftaverk og ekki með öllu óflekkað. Fyrir reyndan verkfræðing var ákaflega auðvelt að sjá í gegnum þau blekkingaratriði, sem stóðu í sambandi við það. Það var greinilegt, að séð hafði verið um, að aðstæður væru sérstakar, svo og að sérstök verkfæri og aðstoð væru tiltæk til að gera Stakhanov mögulegt að ná þessum afköstum. Þetta var kraftaverk, sem gert var samkvæmt pöntun, svo að Kremlverjar gætu stofnað til nýrra trúarbragða — trúarinnar á hraðann.

Það, sem Stakhanov hafði gert, hlutu allir námuverkamenn að geta gert! Það, sem námuverkamenn gátu gert, hlutu allir iðnverkamenn að geta gert! Þetta var inntak hinna nýju trúarbragða. Efasemdamennirnir voru fordæmdir og þurftu ekki að bíða annars lífs til þess að komast í helvíti. Iðnfræðingar, sem töldu tormerki á þessu frá raunhæfu sjónarmiði, voru brennimerktir sem niðurrifsmenn og fjandmenn stakhanovismans! Verkamenn þeir, sem ekki náðu því marki, sem Stakhanov hafði sett, voru taldir slæpingjar!

Í Moskvu voru hin nýju Stakhanov-kjörorð prentuð með stærsta fyrirsagnaletrinu. Símskeyti tóku að streyma til Níkopol frá aðalstöðvunum í Kharkov og Moskvu. Sérhver fyrirskipun var dulbúin hótun. Okkur var fyrirskipað að mynda tafarlaust Stakhanov-deildir til að knýja áfram silakeppina. Okkur var gert ljóst, að verkfræðingar eða stjórnendur, sem hreyfðu andmælum gegn þessu, yrðu taldir skemmdarverkamenn og farið með þá í samræmi við það.

Það voru tæpir sex mánuðir síðan verksmiðjur okkar hófu framleiðslu. Unnið var í þrískiptum vökum, og við ýmsa byrjunarörðugleika var að stríða. Hvorki magn né gæði stáls og annarra hráefna var viðhlítandi. Verkamennina skorti flesta nauðsynlega æfingu, og annað starfslið var að mestu óreynt. Vegna næringarskorts og lélegra húsakynna var starfsþol fólksins lítið. Það, sem við þörfnuðumst mest, var, að gangur framleiðslunnar yrði jafnari. Það var ekki hægt að velja óheppilegri tíma til að ofbjóða bæði mönnum og vélum. Til að koma á reglubundinni framleiðslu þurfti frekar að koma á samræmdum hraða í daglega vinnu starfsflokka en að sækjast eftir að ná miklum afköstum í lotum. Þar sem yfir fimmtán hundruð manns vinna að sameiginlegu verki og einn hluti verksins grípur inn í annan, getur

hver einstakur starfshópur ekki aukið hraðann eftir geðþótta, án þess að allt lendi í ringulreið.

En fyrirskipanir eru fyrirskipanir. Kozlov, formaður flokksins, og Bratsjko framkvæmdastjóri kvöddu verkfræðingana og deildarstjórana saman á fund. Brodskíj sat fundinn af hálfu borgarnefndarinnar. Brodskíj og Kozlov hafa sem leikmenn ef til vill getað gert sér einhverjar tálvonir um nothæfni stakhanovismans í verksmiðjunum, en Bratsjko, sem hafði reynslu í iðnaðarmálum, sá fjarstæðuna í þessu alveg eins ljóst og ég. En hvorugum okkar var annað fært en að skipuleggja Stakhanov-deildir til að auka hraðann, hversu dýrkeypt sem það kynni að reynast með tilliti til reglusemi og afkasta.

„Má ég spyrrja félaga Bratsjko einnar spurningar?“ spurði einn af verkfræðingunum.

„Geríð svo vel, félagi Petrovítsj.“

„Ég er yfirmaður 180 manna vinnuflokks. Ef einhver þeirra vinnur hraðar en hinir, lendir allt í flækju. Geríð svo vel að segja mér nákvæmlega, hvernig ég á að framkvæma stakhanovismann?“

Auðvitað gat Bratsjko ekki sagt honum það. Hann gat aðeins endurtekið víg-orðin, sem yfirmenn hans í Moskvu höfðu öskrað í eyru hans, og flækt sig í einskis-verðu stjórnmalalegu orðaskvaldri. Ég kenndi í brjósti um hann. Hann var engu síður en við fórnardýr ofskipulagningar stjórnarinnar.

Að lokum neyddist ég til að grípa til óeðlilegrar hraðaukningar í verksmiðju þeirri, sem ég stjórnaði, þó að ég í hjarta mínu áliti hana glæpsamlega bæði gagnvart vélunum og starfsmönnunum. Samkvæmt beinni fyrirskipun frá flokksstjórninni gerði ég þá breytingu á starfsliði mínu, að ég safnaði duglegustu verkamönnunum, verkstjórunum og verkfræðingunum saman í einn vinnuflokk. Því næst völdum við bestu verkfærin og hráefnin handa þessum flokki. Er við höfðum stokkað spilin þannig, var gefið merki um, að þessi sérkennilega spilamennska gæti byrjað.

Klukkan ellefu að kvöldi hóf þessi Stakhanov-flokkur starf sitt í viðurvist blaðamanna og ljósmyndara. Eins og við var að búast, jókst framleiðslan um átta af hundraði fram yfir meðalafköst. Þetta var birt í blöðum með margra dálka fyrirsögnum. Yfirvöld stærstu borganna sendu heillaóskaskeyti, öllum varð hughægra — við höfðum leitt frá okkur eldinguna, og mikill hluti heiðursins féll mér í skaut, þar eð ég var ábyrgur tæknilegur forstjóri verksmiðjunnar.

En þessi „sigur“ á iðnaðarsviðinu gerði mig aðeins hugsjúkan. Hann var unninn með svikum og hlaut að hafa afturkipp í för með sér. Hjá hinum vinnuflokkunum, sem höfðu verið sviptir bestu mönnum sínum og bestu verkfærunum, minnkuðu afköstin meira en úrvalsliðið hafði unnið á. Við samanburð leit svo út sem þeir væru slakir til vinnu, ef ekki beinlínis „latir“. Þeir reiddust auðvitað yfir að hafa verið gerðir að sektarlömbum. Þeir bölvuðu úrvalsliðinu og yfirmönnunum.

Þessi hreyfing um að auka hraðann breiddist um allt Rússland og breyttist í hamstola baráttu, sem átti sér stað í hinu vel þekkta andrúmslofti ótta og nauðungar. Þúsundir yfirmanna voru reknir frá starfi sínu og margir þeirra handteknir fyrir

„skemmdarverk“ á hinni nýju „sósíalísku framleiðslu“ og fyrir „að hafa látið hjá líða að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir stakhanovismann“. Verkfræðingunum og iðnfræðingunum var gefinn að sök sérhver afturkippur, sem varð í framleiðslunni. Þeirri hugsun var lætt inn hjá almenningi, að verkamennirnir brynnu í skinninu eftir að auka framleiðsluna, en haldið væri aftur af þeim af ráðnum hug af undirförlum yfirmönnum. Á þennan hátt var rekinn fleygur milli verkamannanna og iðnlærðra yfirmanna þeirra.

Jafnvel hinum einföldustu verksmiðjustarfsmönnum og námuverkaraönnum var ljóst, að hin nýju afkastamet, sem sett höfðu verið með þvingaðri hraðaaukningu, myndu brátt verða tekin upp sem „mark“, sem allir yrðu að ná.

Þegar hreyfingin náði hámarki sínu, í nóvembermánuði, héldu leiðtogar stakhanovismans frá öllum héruðum Rússlands mót í Moskvu. Stalín hélt ræðu á mótinu, hrósaði þeim á hvert reipi og gerði samanburð á kappi þeirra og áhugaleysi annarra verkamanna. Frá þeirri stundu urðu Stakhanovarnir í raun og veru úrvalsverkamenn, sem fengu margfalt kaup á við starfsbræður sína og nutu alls konar forréttinda, — einkum í mat og fatnaði, — sem verkalýðurinn sem heild gat ekki notið.

Á þennan hátt ráku Kremlverjar einnig fleygá milli hinna ýmsu verkamannaflokka. Forna kænskubragðið að skipta mönnum í hópa til að geta drottnað yfir þeim var þarna notað gagnvart heilli þjóð undir því yfirskeyni, að verið væri að „koma á sósíalisma“.

Ekki leið á löngu, þar til grunur þeirra, sem svartsýnastir voru, rættist. Það bárust óafturkallanlegar fyrirskeypanir um að breyta „framleiðslumarkinu“, sem kaupið var miðað við, og hækka það um tíu til tuttugu af hundraði. Þetta var ekkert annað en óbein fyrirskeypun um að krefjast tíu til tuttugu hundraðshluta aukinna vinnuafkasta af verkamönnunum fyrir sömu laun. Í verksmiðju þeirri, sem ég stjórnaði, voru ef til vill 200 menn af 1.500 þess megnugir að vera stakhanovar eða hraðvinnumenn. Fyrir hina fól breytingin aðeins í sér alvarlega rýrnun á tekjuöflunarmöguleikum þeirra. Gremja verkamannanna var almenn, þöglul, innibyrð, en augljós.

Til þess að bæta gráu ofan á svart, áttu „verkamennirnir sjálfir“ að stinga upp á þessu nýja afkastaálagi og samþykkja það, ekki aðeins af „fúsum vilja“, heldur í hrifningu. Til undirbúnings þessum skrípaleik voru haldnir margir fundir. Fyrst var haldinn sameiginlegur fundur forystumanna flokksins, verkfræðinganna, stjórna verkalýðsfélaganna og hinna „virku“ félaga í öllum verksmiðjunum. Á þeim hvíldi sú ábyrgð að ala verkalýðinn upp til að „skilja“ og samþykkja þessar nýju vinnureglur.

Allt var æft og undirbúið fyrirfram. Lofræða Stalíns um stakhanovismann var lesin upp. Starostín, sem talaði fyrir hönd verkalýðsfélaganna, Kozlov, sem mælti fyrir hönd flokksins, og aðrir, sem töluðu fyrir iðnfræðingana, báru höfuðið hátt, er þeir skýrðu frá því, að þær lágmarksreglur, sem nú væru í gildi, væru móðgun við flokkinn, sósíalískan áhuga og afkastamöguleika verksmiðjanna. Metorðagjarnir

kommúnistar, sem þráðu viðurkenningu og upphefð, notuðu tækifærið til að sýna dálæti sitt á Stalín með ræðum, sem voru bergmál úr útvarpinu og forystugreinum blaðanna.

Að lokum var borin upp tillaga, sem ráðgerði verulega hækkun á afkastamarkinu, og samþykkt „í einu hljóði“ sem ályktun fundarins.

Því næst voru haldnir sérstakir fundir í hinum ýmsu verksmiðjum, þar sem allir starfsmenn þeirra voru saman komnir. Tæknilegir og stjórnmálalegir leiðtogar, með aðstoð „virkra“ flokksmanna úr hópi verkamannanna, þrumuðu hin utanað-lærðu vígorð og tillögur. Á fundinum í verksmiðju þeirri, sem ég stjórnaði, sátu verkamennirnir þungbúnir, þöglir og áhugalitlir. Í hvert sinn sem nafn Stalíns var nefnt, tóku þeir ósjálfrátt undir það með lófataki. Flokksmennirnir, sem dreift hafði verið meðal fundarmannanna til að stjórna fagnaðarlátunum, gátu ekki framleitt æskilegan eldmód, þó að svitinn bogaði af þeim. Flestir verkamennirnir og verka-konurnar höfðu komið á fundinn að lokinni átta stunda erfiðri vinnu. Þau voru þreytt og úrill og óskuðu þess eins, að þessum leikaraskap lyki sem fyrst, svo að þau gætu komist heim til sín. Lesin var upp skýrsla um hinn glæsilega árangur stak-hanovismans, og því næst voru gerðar kunnar hinar nýju vinnureglur, sem stungið var upp á. Að því búnu tóku nokkrir óbreyttir félagar verkalyðsfélaganna, sem áður höfðu verið æfðir í hlutverki sínu, til máls og kröfðust þess, að hinar nýju reglur yrðu samþykktar. Atkvæðagreiðslan hófst. ...

„Félagar! Ég legg til, að við samþykkjum ályktunina í einu hljóði,“ hrópaði formaður verkalyðsfélagsins, eins og honum hafði verið fyrirskipað.

Hverjir gjalda tillögunni jákvæði? Fjöldi af tregum höndum á lofti. Er nokkur á móti? Þögn. Allt í einu gall við kvenmannsrödd: „Félagi formaður! Kírjúshkín, sem hérna situr, greiddi ekki atkvæði.“

Nú fyrst hljóp fjör í fundinn. Uppreisnarmaður var meðal okkar. Ljón innan um lömbin! Einhver auvirðilegur Kírjúshkín hafði dirfst að rétta ekki upp höndina, og samstundis hafði komist upp um glæp hans gegn sósíalismanum! Uppreisn annars vegar, árvekni hins vegar, og þjóðinni bjargað í tæka tíð. ...

„Félagi Kírjúshkín, greiðið þér ekki atkvæði?“ spurði formaðurinn öflugur.

Hæglátur, horaður maður stóð upp. Andlit hans, sem var kámuft af olíu, var rólegt, og hann talaði virðulega.

„Hvers vegna ætti ég að greiða atkvæði?“ Hann yppti öxlum til áherslu orðum sínum. „Reglurnar verða samþykktar, hvort sem ég greiði atkvæði eða ekki. Hlutverk mitt er að vinna, og það geri ég. Hvers annars getið þér krafist af mér? Ætti ég að lyfta upp hendinni? Gott og vel, hér er hönd mín.“ Hann lyfti sinasterkri verkamannshönd yfir höfuðið. „Kona mín og börn vonast eftir, að ég vinni mér inn dálitlu meira fé, en þetta felur í sér, að ég fæ enn minna kaup. ...“

Nokkrir hlógu, en allur þorri áheyrendanna sat kyrr undir áhrifunum af orðum og framkomu mannsins.

„Félagar! Kírjúshkín er til háðungar fyrir fundinn og saurgar hina stórkostlegu Stakhanov-hreyfingu!“ öskraði einn fundarmannanna. „Hann er ekki stéttvís.“

„Stéttvís?“ Kírjúshkín, sem enn stóð, yppti aftur öxlum. „Ég veit ekki, hvað þér eigist við. Ég veit það eitt, að ég vinn mér aðeins inn 140 rúblur á mánuði og hef konu og þrjú börn á framfæri mínu.“

„Hættið nú þessum gamanleik! Við skulum samþykkja ályktunina,“ tók formaðurinn fram í. En hinn hægláti verkamaður virtist ekki hafa vald á dirfsku sinni. Hann sat við sinn keip.

„Við hvað eigist þér með orðinu gamanleikur?“ hrópaði hann óvænt. „Lítið á mig! Þessi vinnuföt eru einu fötin, sem ég á. Þau munu brátt detta í tætlur. Með 140 rúblna mánaðarlaun sveltur fjölskylda mín. Ef þetta er gamanleikur, hvað er þá sorgarleikur?“

Hann settist. Aðeins fáir hlógu.

Mér hafði verið falið að útskýra það fyrir fundinum, að frá verkfræðilega sjónarmiði væri hið nýja afkastamark ekki aðeins mögulegt, heldur sanngjarnt. Ég hafði ekkert undanfæri. Á meðan ég var að tala, sannfærði ég næstum því sjálfan mig, ef ekki áheyrendur mína, um, að nýtt og betra líf biði okkar allra, þegar við hefðum lært að vinna af kappi og koma framleiðslunni í fullkomið horf. Ég sagði, að við yrðum á stuttum mannsaldri að bæta upp aldagamalt afturhald og leti. Ég kenndi í brjósti um sjálfan mig og hina örþreyttu starfsmenn mína, karla og konur. En hvort sem okkur félli það betur eða verr, værum við sú kynslóð, sem veraldarsagan hefði brennimerkt til fórna og þjáninga.

Á meðan ég talaði mig æstan um þetta efni, hljómaði þessi setning sífellt í huga mér: Ég verð að hjálpa Kírjúshkín. ...

Fundinum lauk með dreifðu lófataki, og menn héldu heim. Næsta dag lýstu blöðin og útvarpið í Níkopol fundinum með hræsnisfullum ýkjum stjórnmálalegs ároðurs: „Með þrumandi hrifningu kröfðust öreigarnir í málverksmiðjúsamsteypunni í Níkopol í gær, að breytt yrði hinum úreltu vinnureglum. Þeir samþykktu í einu hljóði ...“ Á Kírjúshkín var ekki minnst einu orði.

Ég gerði Kírjúshkín boð um að koma til mín í skrifstofuna að loknum vinnudegi. Þegar vinnuflokkur hans hafði lokið störfum sínum, heyrði ég hávaða frammi í biðstofu minni.

„Hvert ætlið þér? Félagi Kravtsjenko er önnum kafinn!“ heyrði ég skrifarann minn segja.

„Þér skuluð ekki halda, að ég hafi nokkra löngun til að hitta hann. Hann gerði boð eftir mér.“

„Hvert er erindi yðar við hann?“

„Hvaða erindi ég á við framkvæmdastjórnann? Hann hefur gert boð eftir mér, og ég kem.“

Ég hringdi á ritara minn og sagði henni að láta félagann koma inn. Kírjúshkín kom inn með hattinn í hendinni.

„Fáið yður sæti,“ sagði ég.

„Ég þakka. Ég get vel staðið.“

„En hvers vegna að standa? Gerið svo vel að setjast.“

Hann settist hinum megin við skrifborðið mitt. Ég spurði hann, hvernig honum félli vinnan.

„Eins og öðrum,“ svaraði hann. „Ég vinn eins og kraftar leyfa.“ Hann sagði mér, að hann hefði byrjað að vinna í verksmiðjunni fyrir tveim árum. Hann hefði farið úr sveitinni, eftir að jörð hans hafði verið gerð að samyrkjubúi. Áður hafði hann verið hermaður í Rauða hernum. Hann hafði komið með nokkra muni með sér, en orðið að selja þá, vegna þess að hann hafði ekki ofan í sig.

„Konan mín þvær gólf í íbúðum nokkurra starfsmanna og auk þess þvær hún þvotta. Það bætir dálítið úr. En við eigum þrjú lítil börn. Þetta er ekki auðvelt líf. En hvers vegna er ég að kvarta? Það eru ekki margir verkamenn, sem eiga við betri kjör að búa en ég.“

Hann talaði hægt, hafði gát á orðum sínum og horfði beint í augu mér. Það var hvorki ósvifni né ótti í framkomu hans — aðeins hyldjúp, úrræðalaus hryggð.

„Já, Víktor Andrejevítj, til hvers er að ræða um þetta? Þér — þér eruð einn af húsbændunum. Yður líður vel. Þér lifið í yðar veröld, ég í minni. Þér munuð aldrei skilja hlutskipti mitt og minna líka.“

„Það skuluð þér ekki vera viss um, félagi Kírjúshkín. Ef til vill skil ég það betur en þér haldið. En segið mér, hefðuð þér löngun til að vinna við skurðarvélina? Þar getið þér unnið yður inn 220 rúblur eða meira á mánuði og átt rétt á sérstökum fötum — stígvélum og einum nýjum fötum.“

„Með ánægju. Maður verður að lifa.“

Ég gaf fyrirskipun um, að hann yrði látinn skipta um vinnu. Hann þakkaði mér og fór. Ég var innst inni ánægður yfir, að hann skyldi hafa haldið virðuleika sínum allan tímann, ekki sýnt vott af hrænisauðmýkt. Ég talaði við Starostín og kom því til leiðar, að hann gat fengið dálítið bráðabirgðalán úr sameiginlegum hjálparsjóði okkar. Auk þess gaf ég fyrirskipun um að afhenda honum ein vinnuföt og stígvél.

Hinn þjóðfélagslegi munur á verkamanni eins og Kírjúshkín og „yfirstéttarverkamanni“ úr Stakhanov-liðinu var langtum tilfinnanlegri fyrir verkamanninn en munurinn á þjóðfélagslegri aðstöðu hans og einhvers úr verksmiðjustjórninni, vegna þess að almennu verkamennirnir og „yfirstéttarverkamennirnir“ unnu jafnan saman að daglegri vinnu. Hin opinbera stjórnmalastefna virtist miða markvisst að því að auka þetta djúp og skapa aðrar andstæður, sem væru til þess fallnar að koma af stað óánægju og grunsemdum, þar sem það var unnt.

Verkfræðinga- og forstöðumannastéttirnar voru dag eftir dag ákærðar um „íhaldssemi“, um að halda aftur af þeim, sem vildu auka vinnuhraðann. Starfsmenn flokksins tóku þátt í þessari sérstöku tegund ofsókna til að forðast að verða sjálfir fyrir ákærum. Vald okkar yfirmannanna varð rýrara með degi hverjum. Stundum

tóku nokkrir verkfræðingar, verkstjórar og verkamenn sig saman, þegar þeim var orðið ljóst, að þeim var það óhætt, og juku vinnuhraða sinn og þá um leið ákvæðisvinnuþóknun sína stórlega af handahófi, oft til verulegs tjóns fyrir framleiðsluna í heild.

Sú stefna að auka framleiðsluna sigldi hraðbyri. Kommúnistar og lögreglumenn höfðu oft úrskurðarvald gegn tillögum verkfræðinga og forstjóra, jafnvel um algjör tæknileg atriði. Í iðnaðinum runnu nú upp tímar stjórnleysis og borgarastyrjaldar. Ég var jafnan í klípu milli fyrirskipana frá Moskvu og grunsemda verkamannanna, milli vandasamra verkefna og síminnkandi aga. Taugaóstyrkur og þreyta var næstum því orðið eðlilegt ástand mitt.

Nótt eina vaknaði ég við, að síminn hringdi. Ein af aðalvélunum hafði skyndilega bilað, og varð næstum því helmingur starfsmanna minna vinnulaus við það. „Meiri heilabrot,“ muldraði ég með sjálfum mér, meðan ég var að fara í fötin. Þegar ég kom í verksmiðjuna, var hún orðin full af embættismönnum. Jafnvel Dorogan, yfirmaður NKVD í Níkolpol, var kominn þangað ásamt Gershgorín og öðrum aðstoðarmönnum sínum. Kozlov, Starostín og ýmsir verkfræðingar snuðruðu um, en lögreglumenn sátu inni í skrifstofu minni og yfirheyrðu þá, sem þeir grunuðu um skemmdarverk, og skrifuðu skýrslur.

Mér varð þegar í stað ljóst, hvað gerst hafði. Nokkrir af stakhanovistunum og einn verkfræðingur höfðu af ráðríki ákveðið að auka snúningshraða einnar pípu-gerðarvélarinnar. Þar eð vélarásinn var ekki gagntekinn af trú á Stalín, sprakk stórt stykki úr honum, þar sem síst skyldi, svo að vélin varð ónothæf. Þetta var alvarlegt mál. Vélin var þýsk að uppruna, og ekki var hægt að gera við hana eða fá varahlut í hana í langan tíma.

En þessi urmull af embættismönnum, sem langaði til að leika lögreglu, hafði minni áhuga á því, að hægt væri að byrja aftur að vinna, en að hafa upp á söku-dólgunum. Sporhundarnir þutu fram og aftur um verksmiðjuna og snuðruðu alls staðar. Margar leynilegar yfirheyrslur voru haldnar í aðalstöðvum NKVD, og skorti þar ekki á hótanir og bölbænir. Mér var mörgum sinnum stefnt þangað til yfirheyrslu, og eftir næturyfirheyrslurnar var ég ekki til mikils gagns í verksmiðjunni næsta dag. Einfaldar og sennilegar skýringar höfðu engin áhrif á ónóga handahófsþekkingu Gershgoríns. Hann hrópaði og bölvaði á víxl og krafðist „sannana“ gegn hinum eða þessum. Í hvert sinn sem hann nefndi nafn einhvers, var komið með æviferilsskýrslu hans. ... Ekki aðeins yfirmennirnir, heldur einnig almennir verkamenn voru undir nákvæmu eftirliti.

„Kravtsjenko, þér hafið enga samvinnu við okkur,“ öskraði Gershgorín. „Þetta mun verða yður dýrkeypt, það skuluð þér vera viss um! Yðar sjálfs vegna ættuð þér að hjálpa okkur til að hafa upp á skemmdarverkamönnum.“

Einn af þessum óróadögum kom Dúbínskij, sem var nýtur vélfræðingur, ásamt aðstoðarmanni sínum, Shpatsjínskij að nafni, og óskaði viðtals við mig. Á meðan aðrir höfðu ætt um og leitað eftir skemmdarvörgum, höfðu þessir tveir gömlu vél-

fræðingar gert tilraunir með málma, mælt hitastig og gert teikningar. Þeir álitu, að þeir gætu smíðað eftirmyndir af þeim vélarhlutum, sem brotnað höfðu, en vildu tryggja sér að verða ekki sakaðir um að eyða tíma og efni til einskis, ef tilraun þeirra misheppnaðist.

Er ég hafði athugað teikningar þeirra og útreikninga, ákvað ég, að tilraunin skyldi gerð. Til þess að tryggja sjálfan mig og vélfræðingana tilkynnti ég Bratsjko, Kozlov og Brodskij ákvörðun mína. Ég samdi líka nákvæma skýrslu um þetta til Trúbostals í Kharkov. Því næst fékk ég þeim til umráða nægilegt efni og starfslið og gaf merki um, að verkið skyldi hafið.

Þrátt fyrir allar þessar stjórn málalegu öryggisráðstafanir var ég mjög áhyggjufullur. Af spurningum NKVD gat ég ráðið, að á opinberum stöðum væri Dúbínskij öðrum fremur álitinn grunsamlegur maður. Hann var hæglátur, virðulegur, harðduglegur, roskinn maður, sem allir dáðust að. Hann var sjálfmenntaður maður og víðlesinn, virðulegur fulltrúi menntamannanna, eins og þeir voru áður en byltingin hófst, þeirrar manntegundar, sem nú á þessum tímum var einmitt álitin sérstaklega hættuleg vegna villutrúar í stjórn málum. Dúbínskij hafði verið í mensévíka-armi jafnaðarmannaflokksins á dögum keisarans, og átján ára fórnfúst starf hjá Ráðstjórnarríkjunum hafði ekki nægt til að þurrka þann ægilega blett af mannorði hans.

Þegar á allt var litið, var Dúbínskij tilvalið fórnardýr fyrir þá, sem taka vildu þátt í stjórn málaofsóknum, hvort heldur það stafaði af hræðslu, til að leiða athygli frá sjálfum sér eða til að vekja athygli á sér sem dugandi og tryggum flokksmönnum eða þá beinlínis af því, að þeir þóttust sjá skemmdarverkamenn á hverju strái, líkt og átti sér stað um ofsækjendur galdramanna fyrr á öldum. Það lá því sérstök kaldhæðni örlaganna í því, að hann skyldi vera eini maðurinn, sem setti fram raunhæfar tillögur til þess að koma framleiðslunni aftur af stað. Ég óttaðist, ef tilraun hans misheppnaðist, að þá myndi það einmitt skapa Gershgorín og bófaflokki hans það tækifæri, sem þeir höfðu beðið eftir. Þeir gátu þá ákært hinn fyrrverandi mensévíka fyrir að tefja framleiðsluna af ráðnum hug.

Ég dvaldist í verksmiðjunni ásamt Dúbínskij og Shpatsjínskij í næstum því fjóra sólarhringa samfleytt. Njósningar NKVD höfðu gát á okkur úr öllum krókum og kimum, reiðubúnir til að ákæra okkur, ef tilraunin misheppnaðist. Að lokum settum við hina nýsmíðuðu hluti í vélina og biðum þess í ofvæni, hvort hún færi af stað. Tilraunin heppnaðist! Framleiðslan hófst á ný.

Samt sem áður var yfirheyrslunum haldið áfram í margar vikur. Þegar lögreglumennirnir gátu ekki grafið upp neinn til að skella skuldinni á, urðu þeir úrillir og vonsviknir, eins og þeir hefðu verið sviptir réttmætu herfangi sínu. Vináttan milli mín og þeirra hafði ekki verið innileg, og ekki batnaði hún við það, að ég fór ekkert dult með þá skoðun mína, að skemmdirnar stöfuðu af slysi og óþarfi hefði verið af lögreglunni að gera annað eins veður út af þessu og gert var.

Samband mitt við foringja verkalýðsfélaganna og „virka“ starfsmenn flokksins

batnaði ekki heldur, eftir því sem stundir liðu fram. Varla leið svo vika, að ekki yrðu árekstrar milli stjórnmálaákafa þeirra og framleiðslugætni minnar. Af tugum dæma um þetta nefni ég hér nokkur, sem ég af tilviljun man eftir.

Morgun einn varð ég var við einkennilega óró í verksmiðjunni. Verkamennirnir voru æstir og úrillir. Loftið virtist hlaðið rafmagni. Ég fékk fljótt skýringu á þessu. Í horni einu, sem blasti við öllum, sem unnu í verksmiðjunni, hafði verið hlaðið upp fjölda af pípum. Ofan á þær var fest stór auglýsing, svo hljóðandi: „Verkamennirnir og verkfræðingarnir í þessari verksmiðjudeild eiga rétt á að vita, hverjir leggja tálmanir í veg fyrir Stakhanov-hreyfinguna.“ Fyrir neðan var löng nafnaskrá. Það kom í ljós, að framleiðsla á allmiklu af pípum hafði reynst gölluð, og sá vinnuflokkur, sem bar ábyrgð á því, var auðmýktur opinberlega á þennan hátt. Ég þekkti menn þá, sem nefndir voru á skránni, og vissi, að þeir voru heiðarlegir verkamenn, í meðallagi duglegir. Gallarnir voru sennilega að kenna óhreinindum í stálinu, og var ekki hægt að kenna verkamönnunum um þá án frekari rannsóknar.

Ég skipaði að taka auglýsingaspjaldið niður. Starostín varð fókreiður. Hann ásakaði mig um að skipta mér af „stjórnmálauppeldi“ félaga verkalýðsfélaganna og gaf óbeinlínis í skyn, að hann myndi kvarta undan þessu „á réttum stöðum“.

Skömmu síðar tók ég eftir, að roskinn og gráhærður rennismiður, Makajev að nafni, sem var góður verkmaður, grét þöglum gráti, meðan hann var við vinnu sína. Ég spurði hann, hvað amaði að honum, og bentu hann þá á vegginn beint á móti sér. Þar hafði verið fest upp skopmynd af honum, og undir hana var ritað: „Fjandmaður stakhanovismans“.

„Víktor Andrejevítj, forðið mér frá þessari vanvirðu,“ bað hann. „Ég játa, að ég kann að hafa gert skyssur. Sannleikurinn er sá, að konan mín er veik og mér hefur ekki komið dúr á auga í nokkra sólarhringa. Ég er aðeins mennskur maður, og mér hefur ef til vill yfirsést. Er það ekki nægilegt, að það sé dregið af kaupum mínu, ef ég geri skyssur? Á auk þess að gera mig hlægilegan?“

Ég kallaði á verkstjóran.

„Hver hefur fest upp þessa mynd?“

„Verkalýðsformaður deildar okkar.“

„Takið hana þegar í stað niður, og sendið hana í skrifstofu mína.“

„Það get ég ekki gert, félagi Kravtsjenko. Ég kemst í klandur fyrir það.“

„Segið formanninum, að ég hafi skipað yður að gera það og að það sé gert á mína ábyrgð.“

Þessi móðgandi mynd var tekin niður. En ekki voru liðnar nema nokkrar mínútur, þegar hópur af starfsmönnum verkalýðsfélagsins og flokksofstækismönnum réðst að mér. Þeir töluðu hver í kapp við annan. Þeir sögðu mig leggja tálmanir í veg fyrir „stjórnmálauppeldi“ verkamannanna og hvetja þá til slæpingsháttar. Ég græfi undan „valdi og álitu flokksins og verkalýðsfélaganna“. Þeir kváðust mundu kvarta undan mér við yfirstjórnina í Kharkov, já, jafnvel til Moskvu.

„Eins og ykkur þóknast, félagar,“ sagði ég. „Kvartið eins mikið undan mér og

ykkur lystir. Að minni skoðun eruð það þið, sem leggið tálmanir í veginn með því að móðga starfslíð mitt og grafa undan starfslönguninni. Ég er yfirmaður hér, og það er skylda ykkar að hafa samvinnu við mig í stað þess að ráðast aftan að mér. Annars ættu sumir ykkar að vera við vinnu sína nú í stað þess að standa hér og malda í móinn.“

Seinna um daginn gerði Kozlov boð fyrir mig. Kvartanir undan þessu „mikils-verða“ málefni höfðu borist til hans. Ég skýrði málið fyrir honum frá mínu sjónarmiði, og það gladdi mig að heyra, að hann leit á málið eins og ég og lofaði mér fullum stuðningi sínum, ef þetta heimskulega mál yrði kært á æðri stöðum. Orðrómurinn um, að ég hefði snúið á sveif með verkamönnunum gegn ofstækis-mönnunum, breiddist út og jók á vinsældir mínar hjá verkamönnunum. En mikill fjöldi embættismanna og áhrifamanna innan flokksins móðgaðist af þessu.

Margra vikna starfsorka fór einnig forgörðum eitt sinn við það, að þýsk vél bilaði. Þar eð aðallegan hafði brotnað, var erfitt að gera við vélina, og loka varð einu af verkstæðum mínum í nokkra daga. Aftur streymdu lögregluþjónar og hrottaleg „yfirvöld“ inn í verksmiðju mína.

Rannsókn mín sannfærði mig fljótt um, hvað gerst hafði. Ljóstíð í salnum var dauft, og einhver hafði af tilviljun tekið skakka tegund af stáli. Vélin var stillt fyrir stál, sem aðeins lítið af kolefni var í. Þegar stál, sem blandað var með 18–20% af krómi og 2% af nikkeli, var sett í hana, brotnaði legan. Þetta var allur leyndardómurinn.

Fjármáladeildin, sem var óánægð með skýringu mína og alltaf á hnotskóg eftir einhverjum skemmdarverkum, lét sjálfefnagreina stálið, yfirheyrði tugi verkamanna, fékk sérfræðinga úr öðrum verksmiðjum sér til aðstoðar og aflaði sér álitsgerðar frá prófessor í málmosteypufræði við háskólann í Dnepropetrovsk. Lögreglunni fannst það „einkennilegt“, að öllu þessu skyldi bera saman. Hverrar stjórnmálaskoðunar var þessi prófessor, sem var sammála Kravtsjenko? Voru þeir ef til vill kunningjar? Aftur var ég yfirheyrður í margar nætur hjá lögreglunni og varði skoðun mína, og mér var það fullljóst, að eitt ógætlegt orð gæti steipt verkamönnum og verkfræðingum, að ég ekki tali um sjálfan mig, í ógæfu. Gershgorín lagði í þetta skipti eins og áður mikið kapp á að beina ásökunum að Dúbínskíj. Ég varði hann við hverja nýja árás.

Einu sinni fékk ég fyrirvaralaust pöntun á ryðfríum pípum, sem Ordzhoníkídze hafði undirritað. Verksmiðja okkar var ekki gerð fyrir þess konar verkefni. Við höfðum enga reynslu í þeim efnum og tókum ekki að okkur að framleiða pípurarnar, fyrr en við höfðum skrifað yfirvöldunum um þetta og bent þeim á, að þau mættu ekki gera sér of háar vonir. Okkur var send frá Moskvu sérstök „hjálparsveit“ manna, sem höfðu reynslu í að framleiða þess konar pípur, og sérfræðingar komu frá efnagerðum, sem pípurarnar voru ætlaðar. Meðal þessara manna var málmblöndunarsérfræðingur, sem hét Tímoshenko — holdgrannur, ungur maður, sem notaði gleraugu. Hár hans var þegar farið að grána, og mér virtist hann lifa í samfelldum

ótta. Ég komst að því, að hann var sonur hins fræga prófessors Tímoshenkos, sem þá átti heima og hélt fyrirlestra í Bandaríkjunum.

Eins og vænti mátti var seinagangur á verkinu í byrjun. Aðeins 10% af fyrstu pípunum, sem framleiddar voru, voru nothæfar, og fyrir komu þeir dagar, að öll framleiðslan misheppnaðist. Sérfræðingar frá ýmsum verksmiðjuhringum komu til að gefa okkur ráðleggingar. Við höldum langa umræðufundi um hitastig, framleiðslu-hraða, stáltegundir og málmblöndur. Við höfðum allir fullan hug á að afgreiða pöntunina og vorum leiðir yfir drættinum. Hvaða stjórnmalaskoðanir sem við kunnum að hafa haft með sjálfum okkur, var okkur öllum ljóst, að einræðisherrar eins og Stalín koma og hverfa, en Rússland er eilíft og framtíð þess sem iðnaðarlands væri undir því komin, að tilraunin heppnaðist.

En í augum lögreglunjósnaranna, sem alltaf fjölgaði, var aðeins hægt að skýra dráttinn á einn hátt — sem skemmdarstarfsemi.

Að lokum tókst okkur að finna lausn á þessum tæknilega vanda. Ryðfríu pípunar voru framleiddar á réttum tíma og afhentar efnaverksmiðjuhringnum í Kem-erovo. Allir, sem að þessu unnu, fengu ríflega aukabókun. En Gershgorín og aðstoðarmenn hans héldu sig hafa náð tangarhaldi á einhverju og vildu ekki sleppa því. Þetta „eithvað“ var auðvitað hinn ungi Tímoshenko og nokkrir aðrir verkfræðingar, sem verksmiðjuhringurinn í Kharkov hafði sent til okkar. Á háværum næturfundi safnaði Gershgorín glóðum elds að þreyttu höfði mínu. Hvers vegna „hélt ég verndarhendi“ yfir syni andstyggilegs útflytjanda? Var mér ekki kunnugt um, að Tímoshenko hafði samband við föður sinn, sem hafði „selt sig auðvaldinu“?

„Ég get aðeins sagt, að ungi maðurinn er duglegur, lagði hart að sér við vinnuna og gerði að öllu leyti skyldu sína,“ sagði ég. „Við áttum við mikla erfiðleika að stríða, en ég get fullvissað yður um, að hann átti ekki sök á neinum þeirra.“

„Þér leikið yður að eldinum, Kravtsjenko! Gætið þess, að þetta snertir efnaiðnaðinn! Þetta snertir hervarnir ríkisins! Og samt sem áður hreyfið þér hvorki hönd né fót til þess að hjálpa okkur til að útrýma skemmdarverkamönnunum!“

Það var ekki fyrr en ég í örvæntingu minni hótaði að síma til Ordzhoníkídzes og skýra honum frá, að lögreglan væri alltaf að skipta sér af starfi mínu, að Gershgorín dró úr ofsóknum sínum. Sú staðreynd, að ég átti valdamikinn verndara, var það eina, sem kom mér að gagni við aðstæður, sem leitt myndu hafa til þess, að verkfræðingur án bakhjarls hefði fyrir löngu verið settur í fangelsi eða fangabúðir.

Í byrjun ársins 1936 kvaddi Ordzhoníkídze mig til fundar við sig í Moskvu. Mér fannst sem verndarengill minn væri hér að grípa fram í rás viðburðanna. Afstaða mín til NKVD var orðin með öllu ópolandi. Neitun mín um að ákæra saklausa menn eða að loka augunum samkvæmt fyrirskipunum lögreglunnar gerði dvöl mína í Níkopol óbærilega. Ég hafði verið að safna kjarki til að skýra þetta allt fyrir þjóðfulltrúanum, og nú kom tækifærið.

Eftir að Ordzhoníkídze hafði heilsað mér hjartanlega, sagði hann mér, hvers vegna hann hefði boðið mér að koma á sinn fund. Það var mjög mikil þörf á sérstaklega

útbúnum pípum handa olíuðnaðinum í Baku. Öll olíuframleiðsluáætlunin var komin undir því, hve fljótt væri hægt að framleiða ákveðna mergð af þessum sérstöku pípum.

„Ég sný mér til yðar, vinur minn,“ sagði hann, „af því að ég veit, að ég get treyst yður. Þér skuluð fá allar þær vélar, efni og aukamenn, sem þér hafið þörf fyrir. Ef allt gengur vel, skuluð þér fá bifreið og heiðursmerki að launum og launauppbót handa öllum starfsmönnum.“

„Ég skal auðvitað gera allt, sem í mínu valdi stendur, og mér þykir vænt um, að yður er ljóst, að okkur vantar ýmsar vélar. En, Grígoríj Konstantínóvítsj! Ég verð að segja yður, að NKVD er alltaf að hafa afskipti af störfum mínum og er að gera mér lífið óbærilegt. Ég er alveg að verða sturlaður.“

„Hvað eigið þér við?“

Ég gaf honum nákvæma skýrslu um hinar hótfyndnu eftirgrennslanir, hinar brjálæðiskenndu ofsóknir og uppljóstrunarstarfsemina, sem breytti verksmiðju minni — og öllum öðrum fyrirtækjum í Níkopol — í helvíti. Ég sagði honum frá, hvílíkt kapp Dorogan og Gershgorín legðu á að finna ímynduð skemmdarverk í óhöppum, sem alltaf geta viljað til, og hvernig þeir gerðu tilraunir til að þröngva mér til að ákæra saklausa menn eins og Tímoshenko og Dúbínskij.

„Ég vil ógjarnan ræða um þessa hluti,“ sagði ég að lokum, „en ég get ekki þagað lengur. Er það ráðuneyti þungaiðnaðarins, sem stjórnar málmvöruiðnaðinum, eða er það NKVD? Hvernig eigum við að kanna nýjar leiðir, hvernig eigum við að afgreiða pantanir, sem þarfnast tilrauna, hvernig eigum við að koma á umbótum, ef hver slysi og hver skökk byrjun er talin vera skemmdarverk? Hvernig getur maður almennt starfað, ef hann er undir sífelldu eftirliti lögreglunjósnara, flokksnefnda, verkalyðsfélagadeilda, Stakhanova og ýmissa annarra?“

Hvers vegna getum við ekki bundið endi á þennan ótta við njósnara og lofað mönnum að vinna í friði? Gamla kynslóðin af verkfræðingum og sérfræðingum er að mestu leyti dái út eða henni hefur verið rutt úr vegi. Við erum ráðstjórnarmenn og flestir okkar aldri upp af floknum. Ef ekki er hægt að treysta því, að við störfum heiðarlega, hvaða vonir eru þá um framfarir í landi okkar? Ég get að minnsta kosti ekki starfað lengur við þessar aðstæður. Þessir óþokkar snúa mér í hring eins og skopparakringlu. Hvernig getur maður komið nokkru í framkvæmd, þegar hann þjáist af sífelldum svima?“

Ordzhonikídze var alvarlegur á svip. Hann beit á vörina. Hann hafði elst á þessum tveim árum, síðan ég sá hann síðast. Hann brosti ekki eins oft og áður og fuðraði ekki upp af sjálfstrausti og starfsorku eins og áður fyrr. Hverjar sem tilfinningar hans kunna að hafa verið, gat hann varla stöðu sinnar vegna talað opinskátt við lægra settan stjórnanda iðnfyrirtækis. Hann sat í stjórnmalanefndinni, einn af þeim tug manna, sem næstir stóðu Stalín.

„Stíllið yður, vinur minn,“ sagði hann rólega. „Ég álasa yður ekki fyrir að tala eins og þér gerið. Það er margt, sem þér komið ekki auga á frá yðar sjónarhól. Ég vil ekki

leyna því fyrir yður, að hundruð verkfræðinga og flokksmanna í ábyrgðarstöðum hafa borið fram sömu umkvartanirnar og þér einmitt í þessari skrifstofu. ... Um yður sjálfan er það að segja, að ég lofa því, á meðan ég lifi og þér haldið áfram að starfa heiðarlega, að ekki skal verða snert við yður. Yður er óhætt að treysta því.“

Á meðan ég sat þarna, átti hann símtal við félag Hatajevítsj, ritara umdæmisnefndar Dnepropetrovsk, sem Níkolpol heyrði undir. Að mér áheyrandi gaf hann Hatajevítsj stranga áminningu og fyrirskipaði, að NKVD í Níkolpol skyldi hætta að skaprauna félag Kravtsjenko, að öðrum kosti skyldi hann sjálfur hafa verra af. „Jæja, eruð þér nú ánægður?“ sagði hann brosandi, þegar hann lagði heyrnartækið á sinn stað.

„Ég þakka yður kærlega. En það leysir varla þann vanda, sem meiri er. Þetta hræðilega kerfi helst áfram.“

Frá þessum degi og til hins svíplega fráfalls Ordzhoníkídzes var ég aldrei kvaddur fyrir NKVD eða yfirheyrður af henni. Njósnaarnir í kringum mig — Makarov, Romanov, Júdavín og hundruð annarra — störfuðu af sömu kostgæfni og áður. En ég var ósnertanlegur. Allar þær grunsemdir og öll sú reiði, sem leynilögreglan kann að hafa fundið til gagnvart mér, voru byrgðar inni um stundarsakir af verndara mínum í Moskvu. Sá dagur átti eftir að renna upp, er flóðgáttin var opnuð og þær beljuðu yfir mig eins og ægilegt flóð.

Þegar ég kom aftur til Níkolpol, kvaddi ég helstu mennina úr tæknistjórn verksmiðjanna og stjórnendur hennar saman til fundar og skýrði fyrir þeim það viðfangsefni, sem Ordzhoníkídze hafði trúað mér fyrir. Ég valdi menn til hinna ýmsu starfa. Hráefnin og vélarnar komu eins og þjóðfulltrúinn hafði lofað, og brátt hófst vinnan. Næstu vikur svaf ég oft í skrifstofu minni en heima. Bakú-pípurnar voru tilbúnar á ákveðnum tíma. Aftur streymdu opinberar heillaóskir til verksmiðjunnar frá Kharkov og Moskvu, myndir af mér birtust í dagblöðunum, og Ívantsjenko kom flugleiðis frá Kharkov til að færa mér sérstakar hamingjuóskir.

Það var sannarlega skemmtilegt að sigrast á erfiðleikunum við vandasamt iðnverkefni. Vitundin um að hafa komist framhjá fjöldamörgum tálmunum gladdi mig og samstarfsmenn mína meira en hin opinbera viðurkenning og ríflegar fjáruppbætur.

Meðan Ívantsjenko dvaldist í Níkolpol, bauð hann mér til miðdegisverðar. Við höfðum þekkt í mörg ár, og ég bar fullt traust til hans. Ég hafði nú verið við verksmiðjuna í meira en eitt ár. Vegna afskipta þjóðfulltrúans var aðstaða mín nú stórum betri. En þó engdist ég í njósnetinu. Ég benti Ívantsjenko á hvert dæmið af öðru um það, hvernig afskipti lögreglunnar og óttinn við skemmdarstarfsemi lömuðu framtakið og drægju úr framleiðslunni.

„Ég skil tilfinningar yðar, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann dapurlega. „En þér skuluð ekki halda, að það sé betra á hærri stöðum. Lítið á mig. Ég er yfirmaður eins af stærstu verksmiðjuhringunum, einn í stjórninni, gamall kommúnisti, og ég tók þátt í áhlaupinu á Vetrarhöll keisarans í októberbyltingunni. Haldið þér, að þeir

treysti mér? Nei! Þessir maurar hafa tímgastr svo ört, að mig hryllir við þeim — ég, sem aldrei var hræddur við að leggja lífið í hættu í orrustu. Þeir hafa gert mig svo hringavitlausan með yfirheyrslum sínum og grunsemdum, að ég veit ekki, hvernig ég á að standa eða ganga. Til hvers góðs á þetta allt að leiða? Það veit sennilega leiðtogiinn einn. ...“

Þessi stundarléttir undan fargi lögreglunnar skapaði hjá mér skammæja blekkingu um eigið frelsi. Hann kom mér einnig til þess að líta björtum augum hina nýju stjórnarskrá Stalíns, sem fyrir skömmu hafði verið birt. Sú staðreynd, að allt vald skyldi halda áfram að vera í höndum eins flokks, virtist skipta minna máli, þegar lítið var á hinar skýlausu tryggingar fyrir borgaralegum réttindum, sem berum orðum voru teknar fram í stjórnarskránni, og umfram allt á þau ákvæði hennar, sem takmörkuðu rétt lögreglunnar til að handtaka menn og halda þeim í varðhaldi. Ef þetta nýja plagg fól í sér skoðanir hinna æðstu valdhafa, þá var enginn vafi á því, að verstu ógnirnar voru liðnar hjá.

Vonir eru manninum engu minni lífsnauðsyn en andrúmsloftið. Eins og milljónir annarra manna hélt ég dauðahaldi í fyrirheitið um meiri mannréttindi fyrir almenna borgara Ráðstjórnarríkjanna. Við gripum í hálmstrá vonarinnar til að bjarga okkur frá að sökkuva niður í hyldýpi örvæntingarinnar. Að undanskildum fáeinum harðbrjósta hundingjum, sem litu á stjórnarskrána sem enn eitt ginningarplaggið, höfðu einkum kommúnistarnir fullan vilja á að taka hana trúanlega.

Endurvakning vona okkar var næstum því skilyrði til þess, að við gætum lifað. Við þurftum að geta sökkt okkur niður í brennandi trú, við þurftum að geta leikið á skilning okkar og blekkt skynsemina. Við börðumst kvíðafullir við efasemdir okkar, fundum upp afsakanir og hvöttum hver annan með bjartsýnum vonum, sem við trúðum varla á, þegar við vorum einir. „Lýðræðislegasta stjórnarskráin í veröld“ skapaði hillingar í stjórnmálalegri eyðimörk okkar.

Var það mögulegt, að dauði Kírovs hefði vakið svo mikla óró hjá drottnum okkar, að þeir losuðu um járnklömburnar? Evrópa virtist ramba á barmi styrjaldar. Í kjölfar ráns Ítalíu á Eþíópíu sigldi borgarastyrjöldin á Spáni. Hitler hvessti nasistasverðið. Ef til vill höfðu húsbændur okkar ákveðið að sameina almenning í Rússlandi að baki sér með því að veita honum af mildi sinni nokkra mola af frelsi? Það voru slíkar hugsanir, sem endurnærðu von okkar og dreifðu efasemdunum. Það var ekki auðvelt að halda trúnni eldheiti þann tíma, er stormar handahófs hryðjuverka geisluðu naprar en nokkru sinni fyrr. Menn verða næstum því bókstaflega að loka augunum til að bjarga síðasta vonarneistanum.

Það átti að auka við verksmiðjurnar í Níkopól. Hjarðir af aðfluttum byggingarverkamönnum gerðu vandræðin við öflun fæðis og húsnæðis erfiðara en nokkru sinni áður. Dag nokkurn, einmitt á þeim tíma, er von mín um breytingu til batnaðar hafði vaknað aftur, sá ég sveit af vopnuðu lögregluliði á verði umhverfis hið

nýja byggingarsvæði. Það var aðeins hægt að skýra það á einn veg: að nota ætti nauðungarverkamenn til vinnunnar.

Ég lagði leið mína þangað. Grunur minn reyndist réttur. Fjögur eða fimm hundruð horaðir karlar og konur voru að vinna þarna undir vopnuðu eftirliti. Það var sorgleg sjón. Pungbúin þögn þeirra var ennþá hræðilegri en megurð þeirra, óhreinindi og líkamleg hrörnun. Þeir stunduðu vinnu sína eins og útskúfaðir menn, allt of sinnulausir til að horfa á umhverfi sitt eða tala við frjálstu verkamennina, sem einnig unnu þar.

Þegar vinnudeginum var lokið, voru fangarnir látnir skipa sér í raðir og ganga í fylkingu til sérstakra fangabragga í nokkurra kílómetra fjarlægð. Ég spurðist varlega fyrir um þá og komst að því, að byggingaryfirvöldin höfðu gert bókstaflegan „viðskiptasamning“ við NKVD um þessa verkamenn. NKVD var greidd fyrir hvern fanga ákveðin upphæð, sem svaraði nokkurn veginn til launa frjáls verkamanns. Auk þess sem NKVD notaði sjálf milljónir af stjórnmálaföngum — í saltog kolanámum, við járnbrautarlagningu, skógarhögg, framræslu og hafnargerðir — leigði hún þá þræla, sem hún þurfti ekki sjálf að nota, til annarra ráðstjórnarfyrirtækja.

Um eina helgi þetta sama sumar sigldi ég í vélbát ásamt vini mínum niður Dnepr-fljótið. Við höfðum með okkur gnægðir matar og eina flösku af víni og borðuðum á svölum stað á fljótsbakkanum í þéttvöxnum skógi. Þegar við höfðum matast, gengum við langa göngu okkur til skemmtunar eftir vegi meðfram fljótinu. Allt í einu heyrðum við hávaða fyrir framan okkur. Við beygju á veginum komum við að flötu mýrarflæmi, þar sem nokkur hundruð karla og kvenna voru að vinna undir eftirliti hermanna.

Mér varð svipað innanbrjóstis og ég hefði komið að óvörum inn, þar sem verið væri að fremja eitthvert ósiðsamlegt athæfi. Mér datt fyrst í hug að láta eins og ég hefði ekki orðið var við þetta. En það var eitthvað, sem dró mig þangað. Tötrum klæddir verkamennirnir, sem stóðu í vatni og for upp að hnjám, litu varla út eins og mennskir menn. Ský af moskítóflugum flögruðu umhverfis þá. Varðmennirnir höfðu kveikt bál til að flæma skorkvikindin frá sér, en fangarnir virtust vera hertir gegn þessum ófögnuði. Ég virti fyrir mér unga konu með andlitsdrætti eins og á líki. Hendur hennar og andlit var svart af moskítóflugum, en hún handlék skóflu sína eins og hún tæki ekki eftir, að verið var að éta hana lifandi.

Liðsforingi kom til okkar.

„Hvað eruð þið að skipta ykkur af þessu, borgarar?“ spurði hann. „Hér er engin sýning.“

„Ég er flokksmaður og framkvæmdastjóri verksmiðju,“ sagði ég. „Ég er að at-huga þetta frá tæknilegu sjónarmiði. Hvað eru þeir að vinna?“

„Við erum að ræsa fram flóann.“

„Er það NKVD, sem lætur framkvæma þetta?“ spurði ég.

„Nei, ráðið í Níköpol hefur á hendi framkvæmdirnar og „leigir“ til þess starfsorku frá NKVD.“

Við gengum þöglir aftur að vélbátnum og sigldum heim. Okkur fannst ekki eiga við að halda ferðinni áfram eftir það, sem við höfðum séð. Við höfðum rætt um stjórnskrána allan morguninn og möguleikana á því, að bókstafur hennar yrði að veruleika. Við tókum ekki upp aftur samræðurnar.

Á milli föður míns og mín hafði skapast eins konar óeinlægni þau ár, sem liðin voru síðan ég gekk í flokkinn. Af einhverri ástæðu fann ég hjá mér hvöt til þess að fegra og afsaka þá sömu stjórnmalastefnu í viðurvist hans, sem ég með sjálfum mér fordæmdi og hafði ímugust á. Hinar háleitu siðferðishugmyndir hans, manngæska hans og skortur á hæfileika til að slá af skoðunum sínum vöktu hjá mér gremju. Þegar ég lít aftur til þess tíma, veit ég með vissu það, sem ég þá hafði aðeins grun um, að faðir minn var orðinn mér hin holdi klædda samviska. Ósamkvæmnin var ekki aðallega við hann, heldur við sjálfan mig. Þegar ég kæmist í sátt við samvisku mína, myndi ég einnig komast í sátt við hann.

Þegar ég kom í heimsóknir til foreldra minna, sagði faðir minn mér stundum frá handtökum og „hvarfi“ manna, sem við höfðum báðir þekkt í mörg ár í Dnepropetrovsk-verksmiðjunum. Mér fannst eins og hann gerði mig sem flokksmann sérstaklega ábyrgan fyrir sérhverju ranglæti, sem framið var. Ég minntist ekkert á sams konar handtökur í Níkopól, nauðungarvinnuna þar eða þær njósnir, sem beint var gegn mér.

Þessi óskiljanlega hvöt til að leyna föður minn frekar öllum öðrum því, sem mér var mótstæðast, gerði mér gramt í geði og vakti hjá mér reiði og sneypu. Það var eins og ég væri að leyna einhverju fyrir sjálfum mér. ...

Mér var ekkert umhugað um, að hann kæmi og heimsækta mig í Níkopól. Af einhverri ástæðu óskaði ég ekki að sjá þá dýrð, sem ég lifði í, með augum föður míns. Ég hélt þó áfram að hvetja hann til að koma og heimsækja mig, og að lokum samþykkti hann að gera það. Á meðan hann gekk um stóra húsið mitt, blómagarðinn, ávaxtagarðinn og bílskúrinn, varð ég sífelld órólegri og vandræðalegri.

„Þú lifir alveg eins og greifi,“ var allt, sem faðir minn sagði.

Þegar hann bað mig um vegabréf um verksmiðjuhverfið, varð ég alteinn þessari sömu heimskulegu ráðleysistilfinningu. Mig langaði ekki til, að ástandið þar væri metið af hlutlausri réttisýni föður míns. Ég skrifaði þó af skyldurækni undir nokkur vegabréf. Næstu tvo eða þrjá daga varð ég lítið var við hann. Hann eignaðist vini um allt hverfið. Hann kunni vel við sig meðal verkamannanna, þessi vingjarnlegi, aldraði maður með fallega, magra, skarpleita andlitið og alvarlegu, unglegu augun. Þeir tóku honum tafarlaust sem jafningja sínum og vini. Í marga mánuði eftir heimsóknina spurði fólkið í verksmiðjunum um líðan hans af hreinskilnum, ástúðlegum áhuga.

„Félagi Kravtsjenko, faðir yðar er ágætismaður, ágætismaður,“ sagði gamli Dúbínskíj við mig daginn, sem þeir hittust. „Hann gerir mann hreykinn af því að vera

handiðnaðarmaður. Og ég get sagt yður, að hann veit meira um vélar en flestir verkfræðingarnir okkar.“

„Já,“ sagði ég dálítið vandræðalegur, „hann var fyrsti kennari minn í iðnfræði.“

Að kvöldi þessa sama dags, þegar ég sat í skrifstofunni og var að athuga teikningu með nokkrum samstarfsmönnum mínum, heyrði ég hávaða í biðstofunni. Skrifarinn minn var hávær.

„Ég spyr yður, borgari, hvaða erindi þér eigið við félaga Kravtsjenko.“

„Kemur yður það við?“ Rödd föður míns yfirgnæfði rödd hennar. „Er hann skrifinnur eða félagi, úr því að maður þarf að biðja um leyfi til að tala við hann? Það er bráðum ekki hægt að þverfóta fyrir vegabréfum og leyfum.“

„Þá fáið þér ekki að fara inn, borgari. Reglur eru reglur.“

„Mér er fjandans sama um reglur yðar,“ hrópaði hann og hratt upp dyrunum að skrifstofu minni.

Hann varð vandræðalegur, þegar hann sá ókunnuga menn þar inni, en gat þó ekki haft stjórn á reiði sinni.

„Hvaða reglur eru þetta, Vítja? Jafnvel á tímum keisaranna gat maður komið inn og talað við vinnuveitanda sinn. ... En afsakaðu, ég hélt, að þú værir einn.“

Ég kynnti föður minn fyrir hinum mönnunum og lét þá fara. Faðir minn baðst afsökunar.

„Ég var dálítið ruddalegur. Fyrirgefðu mér. En alla þessa skriffinnsku, allt þetta djúp á milli almennings og embættismannanna á ég bágð með að þola.“

Þegar ég hafði sefað hann, bað hann mig að gera sér greiða. Vildi ég lofa honum að sjá vinnubækur verksmiðjunnar? Hann hefði horft á vinnuna í marga daga og nú langaði hann til að vita, hvað lásasmíðirnir, rennismíðirnir, pípusmíðirnir, rafvirkjarnir og menn í öðrum starfsgreinum hefðu í kaup. Hann langaði líka til að vita, hve margir þeirra hefðu verið á hvíldarheimilum stjórnarinnar eða notið annarra hlunninda síðastliðið ár. Þar eð engum af þessum upplýsingum var haldið leyndum, hringdi ég til aðalbókarans og gaf honum fyrirskipun um að lofa föður mínum að líta í bækurnar.

Ég dvaldist enn í verksmiðjunni í nokkrar klukkustundir. Þegar ég kom heim, var faðir minn þar fyrir. Hann var dálítið annars hugar við kvöldverðarboðið. Við röbbuðum saman um daginn og veginn. Mér skildist, að hann væri að geyma púðrið til „alvarlegrar“ viðræðu síðar. Þegar hann stakk upp á því, að ég gæfi Pasha frí um kvöldið, fékk ég vissu fyrir því, að tilgáta mín var rétt. „Hér er engin þörf fyrir ókunnug eyru,“ sagði faðir minn.

Ég settist á legubekkin í lesstofu minni, kveikti í sígarettu og bjó mig undir að hlusta.

„Jæja, pabbi. Hvað liggur þér á hjarta?“

„Mig hefur lengi langað til að tala hreinskilnislega við þig, sonur minn. Mér þykir mjög vænt um þig, ekki aðeins sem son minn, heldur líka sem mann, sem ég hef séð þroskast á þrjátíu árum. Samt sem áður verður, eftir því sem tíminn líður,

erfiðara fyrir okkur að vera hreinskilnir hvor við annan. Það er sorglegt. Það eru einkenni þess ótta, sem við lifum við nú um stundir. Ég viðurkenni það, Vítja, að þú veist miklu meira en ég um stjórnmál nútímans. Þú ert virkur flokksmaður og embættismaður í hárrí stöðu. Þú hefur fimmtán hundruð verkamenn undir stjórn þinni, og þú átt þinn þátt í að framleiða vörur fyrir marga tugi milljóna rúblna. Samt sem áður held ég, að ég viti meira um líf almennings, verkamannanna og bændanna en þú. Maður liður burt. Maður fer að sjá fjöldann gegnum öfugan kíkin. Þú hefur gnægðir fjár, þægindi, bifreiðar, þjóna. ...“

„Pabbi! Ég held, að ég eigi ekki skilið ásanir þínar. Ég hef engu stolið, eða hvað? Stjórnin hefur veitt mér þessa hluti, og í stað þess þræla ég meira en nokkur bóndi.“

„Það var ekki ætlun mín að ásaka þig um neitt. Reyndu ekki að misskilja mig. Ég get aðeins ekki stillt mig um að velta því fyrir mér, hvort þú hafir misst samúðina með almúganum, hvort þú — ef ég má vera svo grófur — sért jafnánægður og hinir skriffinnarnir með að vera einn af húsbændum hinnar óhamingjusömu rússnesku þjóðar.“

„Mér er ekki alveg ljóst, hvað þú óskar að ég geri. Ég er aðeins lítil tönn í stórri vél. Sannleikurinn er sá, pabbi, að ég þræla svo mikið, að ég hef ekki tíma né orku til að brjóta heilann um hin eiginlegu stefnuatriði. Ég er niðursokkinn í starf mitt.“

„Í stuttu máli, þú ert á góðum vegi með að breytast í strút. Þú grefur höfuðið niður í sandinn, og allur vandi hverfur. Þú segir: „Það er ekki mér að kenna, ekki á ég að gæta bróður míns“, og svo er allt í lagi. Já, það voru líka til þess háttar menn áður fyrr. Þjáningar þjóðar þinnar snerta ekki lengur strengi í hjarta þínu.“

„Hlustaðu nú á, pabbi. Þú mátt ekki halda, að ég viti ekki, hvað gerist, eða að ég hafi látið skipulagið buga mig. Þegar á allt er litið, veist þú ekki, hvernig mér og milljónum annarra kommúnista er innanbrjóst. En hvað á ég að gera? Á ég að fara út á götu og hrópa: „Hjálp! Morð!“? Auk þess eru jákvæðu hliðarnar. Nýjar verksmiðjur, nýjar námur, járnbrautir. ...“

„Auðvitað, Vítja, auðvitað. En það er ekki stofnað til byltingar vegna járnbrauta og verksmiðja. Til byltingar er stofnað vegna manna. Kjarni málsins eru réttindi einstaklinga og frjálsræði. Án þeirra, án mannlegs virðuleika eru mennirnir þrælur, alveg án tillits til þess, hversu miklum vélum fangelsi þeirra eru búin. Þið kommúnistar gortið af nýjum verksmiðjum, og af því á að leiða, án þess að á það sé minnst, að fólkið lifi hamingjusamara lífi. Segðu mér, lifa menn hamingjusömu lífi í þessu landi?“

„Í samanburði við eymdarástandið á keisaratímanum geri ég ráð fyrir að svo sé.“

„Vítja, hvers vegna ertu að ljúga að sjálfum þér? Manstu eftir, hvernig þér leið hjá afa þínum og heima hjá þér, þegar þú varst lítill? Við vorum ekki efnuð, en okkur skorti aldrei brauð og mjólk og venjulegan klæðnað. Þú og bræður þínir höfðuð meira að segja barnfóstru.

Við lifðum sæmilegu lífi. Þegar ég horfi um öxl, lifðum við næstum því í óhófi,

miðað við líf skjör verkamanna fjölskyldu núna. Hversu margir verkamenn nú á dögum eiga annað eins heimili og við áttum þá? Aðeins örlítið brot þeirra lifði þá öðru eins vonleysis-sultarlífi og allur fjöldinn lifir nú.

Það var ekki að ástæðulausu, að ég óskaði upplýsinga um tölur í verksmiðjunni þinni í dag. Ég man vel sams konar tölur frá árunum fyrir byltinguna. Lásasmiðir í Níkopól fá nú milli 145 og 200 rúblna kaup á mánuði. Fyrir árið 1917 fengu þeir aðeins 35–50 rúblur. Sérmenntaður pípusmiður vann sér þá inn milli 45 og 85 rúblur. Í dag vinnur hann sér inn 200–350. Ef rennismiðir, steypumenn og lyftumenn eru taldir með, verða meðallaunin í dag 240 rúblur, en fyrir byltinguna voru þau 55 rúblur.

Þetta hljómar vel. En hvernig var rúblan þá, og hvernig er hún nú? Fyrir byltinguna kostaði kílóíð af brauði 5 kópeka. Hvað kostar það nú? Frá 1 rúblu og 20 kópekum upp í 2 rúblur. Kíló af kjöti kostaði 15 eða 20 kópeka. Ef á annað borð er hægt að fá það nú, þá kostar það kringum 12 rúblur — hefur með öðrum orðum sextugfaldast! Hvað hefur þú borgað fyrir fötin, sem þú ert í?“

„Átta hundruð rúblur.“

„Átta hundruð rúblur. — Þriggja til fjögurra mánaða kaup sérmenntaðs steypumanns! Veistu, hvað þau myndu hafa kostað fyrir byltinguna? Kringum 15 rúblur, í hæsta lagi 20 rúblur. Þarna geturðu séð: Peningalaunin hafa þre- til fimmfaldast, og því er fagnað sem stórkostlegri fjárhagslegri framför. En framfærslukostnaðurinn hefur ekki aðeins fimmfaldast, heldur fimmtánfaldast, fertugfaldast og fimmtugfaldast. Lásasmiðurinn, sem forðum vann sér inn 50 rúblur á mánuði, var þá vel stæður iðnaðarmaður. Í dag vinnur hann sér inn 200 rúblur og er aumkunarverður fátæklingur.“

„En þú gleymir öllum hlunnindunum, sem hann hefur nú — orlofi, ókeypis læknishjálpi, vöggustofunum ...“

„Gott og vel. Við skulum líta á þessi hlunnindi. Þú telur þau „ókeypis“, en þú veist vel, að það er tekinn talsverður slatti af launum verkamannanna til þess að standa straum af þeim. Að meðtöldum gjöldum til verkalýðsfélaganna, skyldulán- um og hvað það nú allt er nefnt er 20–25% af kaupum verkamannanna haldið eftir. Með 20–25% af launum sínum hefði verkamaður fyrir byltinguna getað greitt þá læknishjálpi og það orlofsfé, sem hann þarfnadist, án þess að eiga stjórninni nokkuð að þakka. Hvers vegna þurfum við vöggustofur? Af því að fáar konur hafa efni á að vera heima og gæta barna sinna. Fyrir 50 rúblur á mánuði gat maður framfært fjölskyldu sómasamlega. Nú verður verkamaður, sem hefur 200 rúblna kaup á mánuði, að láta konu sína og uppkomin börn vinna til að komast af. Hvað viðvíkur ókeypis læknishjálpinni, fer best á því að minnast sem minnst á hana. Ef þú veikist, Vítja, ferðu þá á lækningastofu ríkisins?“

„Nei, ég sendi eftir Gorkíjn lækni.“

„Auðvitað. Það gera allir, sem hafa efni á því. Þú veist nefnilega alveg eins vel og ég, að eina ráðið til að sæta góðri lækni meðferð er að greiða fyrir hana. Læknis-

hjálpinni er eins og öllu öðru spillt með skriffinnsku og sinnuleysi. Þú hefur 1.500 verkamenn í verksmiðju þinni. Þú veist ef til vill, hve margir þeirra dvöldust í hvíldarheimilum síðastliðið ár?“

„Nei, en ég geri ráð fyrir, að þeir hafi verið nokkur hundruð.“

„Þetta er skakkt hjá þér. Ég leit á tölurnar í dag. Aðeins 57 í allri verksmiðjunni. 1.500 manns greiddu fyrir þessi hlunnindi, en aðeins 57 nutu þeirra. Hvíldarheimilin eru auðvitað alltaf troðfull — full af framkvæmdastjórum, embættismönnum flokksins, Stakhanovum og öðrum eftirlætisgoðum ríkisstjórnarinnar. Ég er auðvitað meðmæltur ríkisbyggingum, læknishjálpi og öðrum hlunnindum, ef þau eru látin fólkinu í té af hagnaði þeim, sem ríkið fær sem eigandi og rekandi verksmiðjanna — þeim hagnaði, sem auðmennirnir fengu áður, en ekki af kaupi verkamannanna sjálfra. Það var aðalatriði byltingarinnar.

En hvar er hagnaður ykkar? Iðnaður ykkar og öll fjárstjórnin er rekin með tapi. Og við, borgararnir, erum neyddir til að greiða þetta tap. Það, sem særir mig, sonur, er, að þú bendir á hundaþúfur og gortar af þeim eins og þær væru fjöll. Hinar fjárhagslegu framfarir eru því miður litlar, samanborið við það fjármagn og þær fórnir, sem þær hafa kostað. Aðeins fávísir útlendingar og ungir menn, sem ekki hafa reynslu af liðna tímanum, trúa þeim ævintýrum, sem þeim eru sögð. Fyrir mínum sjónum eru efnalegu staðreyndirnar ekki eins mikilsverðar og þær stjórnmálalegu og andlegu. En í áróðri ykkar leggið þið aðeins áherslu á efnahagsleg afrek. Ég mæli með ykkar eigin mælikvarða.“

„Já, en fyrst allt var svona ágætt, pabbi, hvers vegna sast þú þá í fangelsi og tókst þátt í því að stofna til byltingar?“

„Vertu ekki að bulla. Þú veist vel, að ég sé ekki eftir því og myndi gera það á ný. Við börðumst á móti meinsemdum. Við lögðum lífið í hættu til að steypa af stóli harðstjórn og fjárhagslegri kúgun. Það felur ekki í sér, að við séum hreyknir af sömu meinsemdunum, ef þeim eru gefin önnur nöfn. Sú venja að afsaka núverandi ranglæti með því að vísa til fyrrverandi meinsemda er lítilmótlegt lýðskrum.“

„En nú á þjóðin allt. Nú eru engir auðkýfingar til, engir arðræningjar.“

Eftir því sem leið á samræðuna, óx gremja mín, einmitt vegna þess, að innst inni var ég sammála föður mínum um svo margt.

„Láttu ekki eins og kjáni. Verkamaður, sem sveltur þrátt fyrir það, að hann og oft aðrir af fjölskyldu hans hafa atvinnu, lætur sig það litlu skipta, hvort hann er arðrændur af einstaklingi eða ríkinu. Þegar hann er dreginn í fangelsi eða rekinn í útlegð, er það lítil huggun fyrir hann, að það er gert í nafni hans sjálfs. En auk þess: Ef atvinnurekandi undir auðvaldsskipulaginu greiddi mér ekki nóg fyrir vinnu mína eða veitti mér ekki viðunandi vinnuskilyrði, gat ég fengið mér vinnu annars staðar. Ég gat hafið áróður við vinnufélaga mína, boðað til mótmælafunda, hafið verkföll, gengið í hvaða stjórnmálaflokk sem ég óskaði og gefið út rit, sem voru andstæð stjórninni. Reyndu að gera eitthvað af þessu í dag, og þú munt lenda í fangabúðum eða farið verður verr með þig. Þér er óhætt að trúa mér, að við áttum fleiri kosta vöð,

þegar við stóðum andspænis hundrað þúsund auðvalds-atvinnurekendum en nú, þegar atvinnurekandinn er aðeins einn, ríkið. Og hvers vegna er það? Vegna þess, að ríkið hefur her, leynilögreglu og ótakmarkað vald. Ég hef alla ævi barist á móti auðvaldinu, og ég er enn fjandmaður þess. En það merkir ekki, að ég ætli að hrópa húrra fyrir lögreglu-sósíalísmannum.“

Ég þagði. Ég gat aðeins verið þungbúinn á svip.

„Við gátum að minnsta kosti hugsað eins og við vildum. Það var fjöldi stjórnmálaflokka, hópa og skoðana. Þó að einveldið væri miskunnarlítið, virðist það hafa verið frjálst í samanburði við það, sem nú er. Lögregla keisarans var að vísu von að berja og stundum að skjóta á verkfallsmenn og skaut oft byltingarmenn eða rak þá í útlegð. En mælikvarðinn var allur annar. Við töldum stjórnmálafangana þá í þúsundum, ekki milljónum eins og nú. Og sérhver rangsleitni kom af stað mótmælum, kröfugöngum og fjöldafundum. Í dag ríkir aðeins grafarþögn.“

Við skulum nefna verkalyðsfélögin. Hvað eru þau annað en ennþá eitt tæki til að þröngva fram ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og þvinga meiri vinnu af hendi okkar? Sú var tíðin, að samtök verkamannanna stóðu fyrir máli þeirra. Þau voru stjórnmálaskólar, þar sem við lærðum að krefjast réttinda okkar og berjast fyrir þeim. Hver þorir í dag að mótmæla einhverju? Blöðin, sem láta sem þau séu málþipur almenningssálitsins, eru nú eign ríkisins og flokksins. Þau bergmála skoðanir þeirra.

Síðan er eitt enn, sonur minn! Þú veist, að ég hef aldrei verið trúmaður. En ég hef alltaf haldið því fram, að menn ættu að hafa rétt til að þjóna Guði eftir því, sem þeir hefðu löngun til. Hve mikið er eftir af þessum rétti? Hvaða möguleika myndir þú hafa til að halda stöðu þinni eða hækka í tigninni, ef þú vendir komur þínar í kirkju? Alls enga! Jafnvel á verstu dögum keisaradæmisins gátu menn ferðast úr landi. Nú erum við allir læstir inni, og þeir, sem gera tilraun til að komast yfir landamærin, eru skotnir eins og hundar. En þar við er ekki látið sitja, heldur er fjölskyldum þeirra líka refsað. Gefst mönnum færi á að fara úr landi? Nei, þið hlekkid verkamennina við vélar þeirra og bændurna við jarðirnar, eins og þeir væru allir þrælur.“

„Hvers vegna talar þú alltaf eins og þetta sé mér að kenna?“

„Afsakaðu, Vítja, en sem kommúnisti getur þú ekki hlaupist frá þínum hluta af ábyrgðinni.“

„Er ég NKVD eða stjórnmálanefndin? Þú ert raunsær á allt annað, pabbi, en svo er að sjá, að þú hafir ekki skilið það, að jafnvel ábyrgir kommúnistar, ekki aðeins þeir óbreyttu, eru jafnvaldalausir og aðrir íbúar landsins. Ef til vill ennþá valdaminni.“

„Ég vil ógjarnan vera ósanngjarn, Vítja. Ég veit vel, hve lítið hver einstaklingur megnar að gera. Ég óska ekki eftir, að þú hlaupir um og hrópir: „Hjálp! Mord!“ En ég hefði óskað að verða þess að minnsta kosti var, að uppeldi mitt á þér hafi ekki mistekist með öllu — að þú getir að minnsta kosti kannast við sannleikann.“

„Ég kannast við hann. Ef til vill skýrar en þú hefur grun um. Að því leyti getur

þú verið alveg rólegur. En ég held enn dauðahaldi í vonarneista. Ég vil ekki vera kaldrifjaður. Við höfum til dæmis nýju stjórnarskrána. Ef til vill fáum við meira frelsi. ...“

„Ég vildi óska, að ég gæti verið sömu trúar og þú. En hvers virði eru prentuð orð, á meðan leynilögregla stjórnar öllu eftir geðþótta sínum, á meðan aðeins er til einn flokkur, sem ræður yfir öllum blöðunum, leyfir aðeins einn guddóm, Stalín, hefur eigin dómstóla og allar aðrar skoðanir eru álitnar glæpur? Ég er orðinn of gamall til að lifa á tálvonum. Ef ég sé nokkurn vott um, að slakað sé á harðstjórninni — um morgunroða raunverulegs frelsis — þá skal ég verða fyrstur manna til að fagna því af einlægni. En enn sé ég ekkert merki þess. Þegar ég les skrum ykkar og nýju stjórnarskrána, Víktor, get ég ekki komist hjá að minnast orða Voltaire:

Ei getur aðra slíka milda mund
að miðla sápuvísum alla stund.

Þú skalt ekki halda, að það sé auðvelt fyrir mig að tala svona. Ég er ekki ánægður yfir, að einn sona minna skuli vera meðal hinna nýju arðræningja, þó að hann eigi ekki sjálfur sök á því. ... Ef til vill rennur sá dagur upp, að við skiljum hvor annan betur. ...“

Sá dagur rann upp fyrr en okkur grunaði.

14. kafli: Hreinsunin mikla

EFTIR FUND Í BORGARNEFNDINNÍ Ók ég heim með góðum vini mínum úr verksmiðju-stjórninni. Hann hafði komið um morguninn frá Moskvu, þar sem hann hafði góð sambönd, og bjóst ég því við, að hann hefði einhverjar fréttir að færa. Blöðin höfðu minnst á handtökur og væntanlegar yfirheyrslur Zínovjevs, Kamenevs og annarra gamalla bolsévíka, og ég beið þess vegna eins og allir aðrir í öfvæni eftir einhverjum fréttum af þessu. Starfsfélagar Leníns og samverkamenn hans í „herforingjaráði byltingarinnar“ í fangelsi og hótað aftöku! Þessi hugsun var óeðlileg, ótrúleg!

Almenningur — ég miðaði við verkamennina í Níkopol — tók að jafnaði fréttunum með afskiptaleysi. Frá sjónarmiði hans var þetta fjölskyldurifridi meðal hinna nýju húsbænda. Hin sorglegu örlög baráttufélaga Leníns vöktu enga sérstaka samúð.

En flokksmennirnir, embættismennirnir utan flokksins, menn hins ráðandi úrvalsliðs, voru almennt skelfingu lostnir. Til þessa hafði hið gamla lífvarðalið Leníns verið álitid heilagt og friðhelgt. Það var hægt að áminna liðsmenn þess, ásaka þá fyrir óhæfuverk, en líf þeirra var álitid friðheilagt. Jafnvel Lev Trotskíj var, eftir að hann missti öll völd, aðeins látinn fara í útlegð til Alma Ata í Mið-Asíu og síðar rekinn úr landi. En nú átti að leiða Gregoríj Zínovjev, manninn, sem eitt sinn var yfirmaður Alþjóðasambands kommúnista, höfund bréfsins (sem auk þess var ef til vill falsað), sem hafði nægt til að breyta kosningaúrslitum í Englandi, fyrir „rétt“ og yfirheyra hann opinberlega vegna ákæru fyrir glæp, sem dauðarefsing lá við! Þetta var áreiðanlega enginn stormur á takmörkuðu svæði, heldur hvirfilbylur, sem myndi geisa um allan flokkinn, alla skriffinnskuna, allt landið og skilja eftir sig hræðilegar ógnir dauða og tortímingar.

„Víktor,“ sagði vinur minn lágt, til að bílstjórinn skyldi ekki heyra það, „hefur þú sterkan háls?“

„Hvað áttu við?“

„Ég á við, að mörg höfuð munu brátt fjúka af búkum sínum.“

„En hvað ætti að koma fyrir höfuðið á mér? Ég er ekki stjórnarandstæðingur og hef aldrei verið það. Ég hugsa aðeins um starf mitt og skipti mér ekki af stjórn-málum.“

„Sælir eru þeir, sem trúu. Lifðu og lærðu.“

Orð hans voru gamansöm, en það var djúp alvara í rödd hans.

„Við skulum ganga þennan spöl, sem eftir er. Það er svo indælt tunglskin í kvöld,“ sagði ég og gaf honum olnbogaskot. Við létum bifreiðina fara leiðar sinnar.

Í landi, þar sem allt of margir veggir hafa talvélaeyru og flestir bílstjórar eru starfsmenn leynilögreglunnar, er öruggast að tala saman á gangi úti við.

„Hvað er á seyði? Segðu það umbúðalaust,“ sagði ég.

„Í Moskvu er allt á ringulreið, og sagt er, að eins sé í Lenínsgarði. Þúsundir manna hafa verið handteknar. Það er ekki framar reynt að leyna neinu. Bæði kommúnistar og menn utan flokksins eru sóttir í skrifstofur sínar um hábjartan daginn. Hálf tyllt af mestu áhrifamönnum flokksins, sem ég er vanur að heimsækja, þegar ég kem til Moskvu, var horfin á dularfullan hátt. NKVD hefur teygt hrammana alla leið upp að tindinum og dregur stórmenninn niður, þjóðfulltrúa, yfirmenn verksmiðjuhringa og jafnvel menn innan veggja Kremlar. Allir eru daprir og dauðhræddir, allir lamaðir. Sumir eru sannfærðir um að Zínovjev og Kamenev verði teknir af lífi og að aðrir, fjöldi annarra, muni koma á eftir. Það er varla hægt að trúa þessu. Það er ekkert vit í því. En svona er það! Það verður farið með okkur eins og kúlakkana eða hvítliðana.“

„Hverjir verða næstir?“

„Það getur enginn giskað á. En það er ekki sennilegt, að neinum okkar verði þyrmt. Ég á við, að það að vera óþekktur mun ekki út af fyrir sig vera nægilegt til að bjarga þér og mér. Tveir af verkfræðingum okkar“ — hann nefndi nöfn þeirra — „voru sóttir síðastliðna nótt. Það er talið vera mikið launungarmál. Bratsjko framkvæmdastjóri fékk fyrirskipun um að senda þá til Moskvu með ákveðinni járnbrautarlest. Á Zaparozhe-járnbrautarstöðinni tóku þá menn frá NKVD og óku burt með þá í lokaðri bifreið. Einn af kunningjum mínum var af tilviljun staddur á járnbrautarstöðinni og sá þetta. Nú mun verða hafður hraði á. Gættu þín!“

Það var hafður hraði á. Ég var ekki fyrr kominn í verksmiðjuna næsta morgun en einn af aðstoðarmönnum mínum trúði mér fyrir fréttunum um handtöku verkfræðinganna. Eins og svo mörg önnur „leyndarmál“ ráðstjórnarinnar hafði fregnin borist út um allar verksmiðjurnar. Fyrir hádegi fékk ég boð frá Lenskíj aðstoðarritara flokksstjórnar verksmiðjunnar um að koma strax og tala við hann.

Þó að Lenskíj væri blíður og talaði vingjarnlega og liti út eins og kennari í sveitaþorpi, fór það orð af honum, að hann væri óbilgjarn.

„Félagi Kravtsjenko. Mig langaði til að ráðgast við yður um mjög viðkvæmt málefni,“ hóf hann mál sitt. „Það er um Arkadíj Límanskíj. Þér hafið kynnst starfi hans. Hann hefur komið á heimili yðar og þér til hans. Hefur hann nokkurn tíma rætt við yður um stjórnsmál, til dæmis stjórnsmálafortíð sína í Lenínsgarði?“

„Nei, við ræddumst sjaldan við um annað en starf okkar. Verksmiðja hans og verksmiðja mín vinna saman á ýmsum sviðum, og þess vegna verðum við að hafa samband hvor við annan. En ég minnst þess ekki, að við höfum nokkurn tíma rætt um stjórnsmál.“ Þetta var í höfuðatriðum satt. Í Ráðstjórnarríkjunum verða fáir menn, þótt þeir vinni saman, svo einlægir hver við annan, að þeir ræði um „viðkvæm“ málefni. Við Límanskíj höfðum ekki komist á það stig vináttu. Lenskíj varð fyrir vonbrigðum, og ég er í engum vafa um, að hann taldi með sjálfum sér, að

ég væri að „hylma yfir“ með grunuðum manni. Hann tilkynnti mér, að halda ætti fund um kvöldið í flokksskrifstofunni um „Límanskj-málið“. Til þess tíma mætti ég ekki minnst á, að rétt hefði verið við mig um málið.

Límanskj kom á fundinn um kvöldið í ágætu skapi. Hann hafði ekki minnsta grun um, að þessi mikilvægi fundur hefði verið boðaður til að ræða um hann. Hann var holdugur maður, hér um bil hálfertugur og gekk snyrtilega til fara. Hann hafði eitt sinn verið í opinberri verslunarnefnd, sem fór til Þýskalands, og þóttist því vera talsverður heimsborgari. Var ekki trútt um, að hann liti niður á Níkopól, sem hann taldi vera með hálfgerðum sveitarbrag.

Fundarsalurinn var blár af tóbaksreyk. Lenskj stjórnaði fundinum. Við hliðina á honum sat ókunnur maður, — akfeitur með nauðrakað andlit, höfuðið kringlótt eins og kúla og augnaráðið flóttalegt. Þó að hann væri ekki í einkennisbúningi, sýndi áleitni hans í látbragði, að hér var á ferð reyndur leynilögreglumaður. Af því, hvernig hann hélt á skjalatösku sinni í kjöltunni, var hægt að sjá, að innihald hennar var illt viti fyrir einhverja menn.

„Félagar, fundur flokksstjórnarinnar er settur,“ sagði Lenskj. „Á dagskrá er aðeins eitt mál: Verksmiðjustjórinn og flokksmaðurinn Arkadíj Vasiljevítsj Límanskj.“

„Ég?“ hrópaði Límanskj og stökk á fætur. Hann brosti kindarlega. Höggið hafði verið reitt svo skyndilega, að hann áttaði sig ekki strax á því.

„Já, þér. Setjist þér, þangað til kallað verður á yður.“

Límanskj settist hægt niður á stól sinn. Sérhver blóðdropi virtist horfinn úr andliti hans. Hann þurrkaði sér um ennið með vasaklútnum.

„Félagar, hafa nokkrir ykkar fram að færa nokkrar athugasemdir um það mál, sem nú er hér til rannsóknar?“

Enginn svaraði.

„Jæja, standið þá upp, Límanskj, og segið okkur í stuttu máli frá starfsemi yðar, einkum í Lenínsgarði.“

Vesalings Límanskj skalf nú eins og hann hefði mikinn hita. Hann sem annars var svo mælskur og öruggur með sjálfum sér, gat nú varla talað í samhengi. Hann talaði stamandi fram og aftur um æviferil sinn, endurtók sum atriði og talaði um ýmislegt, sem ekki skipti máli, minntist meðal annars á hjónaband sitt. Ókunni maðurinn gerðist óþolinmóður.

„Við höfum engan áhuga á einkalífi yðar,“ sagði hann. „Okkur langar að heyra eitthvað um stjórn málaforðið yðar.“

„Já, félagar, hún er ekkert launungarmál. ... Ég hef skýrt frá henni hundrað sinnum. ... Ég á við um Lenínsgarð. Ég var þá dálítið reikull í ráði. ... Ég var á báðum áttum og komst í tæri við nokkra af áhangendum Trotskíjs. Það er ekkert launungarmál, og flokkurinn fyrirgef mér af göfuglyndi sínu. Já, hann treysti mér, og það fer gott orð af mér. Spyrjið alla, sem hér eru viðstaddir. Auk þess er svo langt um liðið, félagar ...“

„Langt um liðið,“ urraði Lenskj. „Óþrifaverk Zínovjevs, Trotskíjs og hinna

hundanna voru unnin fyrir löngu. Sú afsökun skal ekki bjarga þjóðníðingunum. Segið mér, Límanskíj, hafið þér nokkurn tíma talað á móti miðstjórninni og okkar elskaða foringja, félaga Stalín?“

„Nei, auðvitað ekki.“

Lenskíj gaf merki sessunaut sínum, sem nú þrumaði:

„Límanskíj borgari! Þér ljúgið upp í opið geðið á flokknum. Létuð þér ekki eitthvað fjúka á fundi virkra flokksmanna í N. ... hverfinu í ágústmánuði. ...“

Ávarpið „borgari“ í stað „félagi“ hljómaði óheillavænlega.

„Jú, nú fer það að renna upp fyrir mér,“ muldraði Límanskíj. Hann studdi sig við stól til þess að detta ekki.

„Það er best, að þér rifjið dálítið meira upp fyrir yður. Hverja þekktuð þér í Lenínsgarði, sem líka voru dálítið ‚reikulir í ráði‘ og ‚á báðum áttum‘?“

„Það er erfitt að muna það ... eftir svona mörg ár. En við skulum sjá ...“

Hann nefndi sex eða sjö nöfn.

„Og hvar eru þessir sómamenn nú?“

„Það hef ég ekki hugmynd um. ... Þeir eru sennilega við vinnu sína.“

„Ég get sagt yður það. Þeir hafa allir verið teknir fastir! Hafið þér annars undirritað nokkurt andstöðuskjal ásamt þeim?“

„Ó-nei. ... Það er að segja, ég held, að svo hafi ekki verið.“

„Leyfið mér þá að hressa upp á minni yðar. Hér er ljósmynd. Komið hingað og lítið á hana. Þér þekkið ef til vill þessa undirskrift? Undirskrift yðar?“

Límanskíj leit á myndina og gekk síðan aftur til sætis síns. Hann drap við fótum eins og hann væri blindur.

„En því munduð þér ekki eftir, hvað? Voruð of önnum kafinn við að muna eftir brúðkaupsdegi yðar og ferð yðar til Berlínar, hvað?“

„Það var einkaskjal, alls ekki stjórnmálalegs eðlis, og fyrir mörgum árum. ...“

Yfirheyrslan stóð yfir í hér um bil hálfu klukkustund. Límanskíj var nú orðinn algjörlega kjarklaus. Hann neitaði að nauðsynjalaus úmsu, sem engu máli skipti, og játaði það síðan á eftir, þegar sannanirnar voru lagðar fyrir hann. Engin af ásökununum var í sjálfu sér mikilsverð, en þegar þær komu saman og eftir að leynilögreglumaðurinn og Lenskíj höfðu sett á þær óheillavænlegan blæ, urðu þær hættulegar. Nú hófust óþægilegar umræður af hálfu áheyrendanna. Fáeinir töluðu honum til stuðnings, en miklu fleiri fordæmdu hann. Að lokum samþykkti fundurinn í einu hljóði að gera hann flokksrækan og skoraði á borgarnefndina að staðfesta ákvörðunina. Þegar við yfirlögum fundarherbergið, gengum við hljóðir út og forðumst að líta hver framan í annan.

Þegar ég var á leiðinni heim skömmu seinna, sá ég ljós í skrifstofu Límanskíjs og datt allt í einu í hug að ganga inn til hans án þess að drepa á dyr. Hann sat við skrifborð sitt, fól andlitið í höndum sér, og breiðar axlir hans skulfu af ekka. Fyrir aðeins rúmri klukkustund hafði hann verið þrekmikill, þóttafullur embættismaður, ekki laus við skriffinnsskuhroka. Nú var hann allt í einu orðinn vesall, skjálfaði garmur.

„Víktor Andrejevítsj!“ Hann leit forviða upp. „Þakka yður fyrir, að þér lituð inn til mín. Þetta eru endalokin. Fyrst brottrekstur úr flokknum, því næst handtaka, og hvað síðan? Konan mín ... Ó, guð! Ég ætti víst heldur að skjóta mig.“

Hann lét ekki huggast, og því miður gat hann sér rétt til. Borgarnefndin lét ekki standa á því að staðfesta brottreksturinn. Límanskíj var fluttur í óæðri stöðu við hringinn í Kharkov. Skömmu síðar var hann handtekinn. Eftir það vissi enginn í Níkopol, hvað um hann varð.

Einni eða tveimur vikum síðar þurfti ég að hafa einhver viðskipti við aðstoðarmann Bratsjkos, flokksmann að nafni Aleksej Súkhín. Ég gekk hratt inn í biðstofuna og ætlaði að ganga inn í skrifstofu hans, en skrifari hans stöðvaði mig.

„Gerid svo vel að bíða, félagi Kravtsjenko. Félagi Súkhín er önnum kafinn.“

„Það er ég líka,“ svaraði ég úrillur og rauk inn í skrifstofuna.

Ég nam skyndilega staðar í dyrunum. Súkhín sat við skrifborð sitt, og við hliðina á honum sat hinn feiti og sveitti Gershgorín með háðsbrosið, sem honum var eiginlegt, á slapandi vörunum. Meðfram veggjunum til hægri og vinstri handar sátu tíu eða tólf verkfræðingar og iðnfræðingar, sumir þeirra flokksmenn. Af einskæru fátí heilsaði ég hverjum einstökum þeirra. Súkhín var sá eini, sem tók kveðju minni. Þá tók ég eftir því, að fjórir einkennisklæddir NKVD-menn gættu verkfræðinganna.

Ég hörfaði ruglaður aftur á bak og flýtti mér til skrifstofu Bratsjkos.

„Hvað er að, Þjotr Petrovítsj?“ spurði ég.

„Ég skil ekki lengur neitt í neinu. Tólf menn á einum degi! Átta í gær! Ef þetta heldur áfram. ... En það hringsnýst allt fyrir mér, Víktor Andrejevítsj.“ Bratsjko var allt í einu orðinn eins og öldungur í útliti. Augu hans voru óeðlilega stór og syfjuleg.

Frá skrifstofu hans gekk ég inn í bókhaldsherbergið til að líta á nokkrar tölur, sem ég þurfti að nota. Ég dvaldist þar í hér um bil tíu mínútur. Allt í einu hrópaði einn af skrifstofumönnum, sem sat við gluggann, skelfingu lostinn: „Almáttugur! Horfið á!“ Við þustum allir út að gluggunum. Fyrir framan húsið stóð ein af hinum óhugnanlegu, gluggalausum bifreiðum NKVD, sem almenningur nefndi svörtu hrafnana. Verkfræðingarnir og iðnfræðingarnir, sem safnað hafði verið saman í skrifstofu Súkhíns, komu nú í halarófu út úr dyrunum. Hver á fætur öðrum voru þeir reknir upp í vagninn af lögregluþjónum með skammbyssur á lofti.

Á meðan við vorum að horfa á þetta, heyrðum við sefasýkisóp og hrukkum við — síðan varð aftur þögn. Kona eins hinna handteknu manna, sem einnig vann í verksmiðjunni, hafði af tilviljun horft út um glugga, einmitt þegar verið var að reka manninn hennar inn í svarta hrafninn. Hún rak upp hljóð og féll því næst í öngvit.

Þegar öllum verkfræðingunum og iðnfræðingunum hafði verið troðið inn í vagninn, var honum skellt harkalega aftur og ekið burt. Gershgorín og félagar hans stigu upp í skrautlega bifreið, sem ók á eftir vagninum. Menn stóðu tugum saman við skrifstofugluggana og stöðu sem steini lostnir á hjólför bifreiðanna í snjónum.

Meðal verkamannanna í verksmiðju minni var þýskur gyðingur, kommúnisti,

sem hafði leitað hælis í Rússlandi eftir valdatöku Hitlers. Hann var lágvaxinn maður, magur í andliti og gulgrár. Hann hét Zelman. Af einhverri ástæðu hafði skrifstofa Alþjóðasambands kommúnista í Moskvu tekið af honum flokksskríteinu hans. Erlendir kommúnistar nutu sjaldan trausts í föðurlandi kommúnismans. Hollustu þeirra við Stalín var aldrei treyst. Zelman var kyrrlátur maður og lét fara lítið fyrir sér, eins og hann væri síhræddur. Hann hafði kvænst rússneskri stúlku og virtist vera ánægður með lífskjör sín í Níkopol. Ég bar mikið traust til hans sem sérstaklega duglegs verkstjóra, sem fær væri um að kenna nýjum verkamönnum störf þeirra.

Zelman var dag nokkurn kvaddur til viðtals í skrifstofu NKVD. Þegar hann kom aftur eftir nokkrar klukkustundir, var hann náfölnur og skjálfaði. Venjulegur ótti hans hafði breyst í lamandi skelfingu. Hann sagði mér á bjagaðri rússnesku, að sér hefði verið skipað að fara tafarlaust úr landi — aftur til Þýskalands!

„Hjálp þú mér, félagi Kravtsjenko. Til Þýskalands! Skiljið þér, hvað það felur í sér? Ég er ekki einungis kommúnisti, heldur líka gyðingur, ekki einungis gyðingur, heldur líka kommúnisti. Þeir mega senda mig til Síberíu eða setja mig í fangelsi, en ekki til Þýskalands, ekki til Þýskalands!“

Eftir þann dag kom Zelman ekki framar til vinnu. Ég spurðist varfærnislega fyrir um hann. Enginn vissi neitt með vissu, nema að flóttamaðurinn og kona hans hefðu verið send burt frá Níkopol.

Það hvílir mara á minni mínu, þegar ég hugsa aftur til þessara síðustu mánaða ársins 1936, áður en búið var að herða okkur gegn þessum sviptibyljum valdbeitingarinnar. Ég get aðeins sagt frá nokkrum atburðum, sem ég dreg af handahófi fram úr þessum glundroða: reköldum frá veröld, sem gengið hafði úr skorðum og virtist vera að gjöreyðast fyrir framan óttaslegin augu okkar.

Af einhverri ástæðu man ég greinilega eftir Stetsevísj verkfræðingi, og ég get ekki hugsað til hans án þess að minnast samtímis blíðu, gömlu, pasturslitlu konunnar, móður hans. Þau voru pólskrar ættar, og sama er að segja um fallettu konuna hans. Þar sem þessi verkfræðingur var ekki flokksmaður og stóð auk þess verr að vígi vegna þess, að hann var Pólverji, forðaðist hann stjórnmál, vann störf sín af áhuga og kappi og hafði lítil afskipti af samverkamönnum sínum.

Mér varð ljóst, að Stetsevísj var í hættu staddur, þegar einn af mönnum Gershgoríns kom til að spyrjast fyrir um starf hans. Ég gat með góðri samvisku mælt með honum sem starfsmanni — eitt svart merki til í bók minni í skjalasafni NKVD. — Neitun mín um „samvinnu“ við NKVD í baráttunni gegn „skemmdarverkamönnunum“ átti síðar eftir að verða aðalákæran á hendur mér. — Skömmu síðar var Pólverjinn handtekinn. Kona hans og móðir voru reknar út úr íbúð þeirri, sem þau höfðu búið í.

Kvöld nokkurt ok ég til Níkopol í bifreið minni. Hér um bil þrjá kílómetra frá borginni sá ég á veginum fyrir framan okkur bogna, gamla konu, sem skjögnaði hægt áfram með böggul í hendinni. Þegar ég kom á hlið við hana, þekkti ég, að

Þetta var móðir Stetsevítsj. Ég lét bifreiðina nema staðar og bauð henni að sitja í. Ég vissi, hve hættulegt það var að sýna þeim, sem útskúfaðir voru, vináttuvott, ekki síst móður manns, sem „rutt hafði verið úr vegi“ og auk þess hafði verið ákærður um njósnir fyrir Pólland, en í þetta skipti hirti ég ekki um það. Ég hefði látið hana kom upp í bifreiðina, þó að ég hefði þurft að leggja lífið í sölurnar fyrir.

„Þakka yður fyrir, þakka yður kærlega fyrir, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hún. „Guð gefi, að móðir yðar þurfi aldrei að þjást eins og ég, að þér verðið aldrei að þola það, sem vesalings drengurinn minn verður að þola. Ég er á leiðinni til NKVD. Ég ætla að standa þar og bíða. Ef til vill lofa þeir mér að senda honum þennan böggul. Hinar konurnar segja, að hann sé meðal þeirra, sem sigla á með til Dnepropetrovsk í dag.“

Þegar við komum að borginni, heimtaði hún að fá að fara út úr bifreiðinni til að stofna mér ekki í hættu. Bifreiðarstjórinn minn sneri sér að mér og sagði: „Félagi framkvæmdastjóri! Ég er ef til vill óþokki, sem neyðist til að gefa skýrslu um allt, sem hann sér og heyrir. Hvort sem þér trúist mér eða ekki, sver ég það við nafn móður minnar, að ég mun ekki gefa skýrslu um það, sem gerðist nú. Móðir mín er ekki annað en óbreytt kona, ekki fín frú eins og þessi. En ég elska hana. Og hvað sem öðru líður, þá þakka ég yður fyrir þetta, eins og Rússi þakkar öðrum Rússa.“

Á reynsluárum mínum var ekki minnst á þetta atvik, þó að mér væru bornir á brýn margir smávægilegri „glæpir“. Bifreiðarstjórinn hafði staðið við loforð sitt.

Andrúmsloftið í Níköpol-verksmiðjuhverfinu þyngdist með hverjum deginum sem leið. Kozlov flokksritari var „fluttur“ til borgarinnar Krívoj Rog, og skömmu síðar fréttum við, að hann hefði verið handtekinn. Hver starfsmaður verksmiðjustjórnarinnar á fætur öðrum kom ekki til starfs síns, og sjúkdómar þeir, sem taldir voru orsakir þess, reyndust ólæknandi.

Verkamennirnir litu í fyrstu svo á, að þessir einkennilegu atburðir kæmu þeim ekki við. En nú fóru karlar og konur, sem voru þeim nákomnari, verkstæðisfélagar, verkamenn eins og þeir sjálfir, að hverfa. Kvíðinn gagnsýrði svo allt, að framleiðslan minnkaði stórum. Siðferðisþrek starfsmanna verksmiðjanna í heild hafði lamast.

Þegar virkir starfsmenn flokksins í Níköpol voru kallaðir saman til aukafundar, fórum við þangað með hálfum huga. Við dyrnar voru skilríki okkar rannsókuð nákvæmlega, þó að við þekktum hver annan vel. Gamla vináttutilfinningin, sem greip okkur áður á slíkum fundum, var horfin. Nokkrum mánuðum áður myndu hafa heyrst glaðlegar kveðjur, eins og „Sæll, félagi Kravtsjenko!“ eða „Ert þú líka kominn, gamli bardagajálkur?“ Við myndum hafa sagt hver öðrum bæjarslúður, gamansögur, talað um viðskiptamál og flokksmál. Nú var allt með fátkenndu hátíðabragði. Við gengum inn hver í sínu lagi, eins og við óttuðumst hættulega smitun. Bjargaðu sjálfum þér, bjargaðu sjálfum þér! Forðastu nágranna þína! Það var næstum því hægt að heyra þessi ósögðu orð.

Félagi Brodskíj, ritari borgarnefndarinnar, sem venjulega var svo ákveðinn og

tápmikill, leit nú út eins og honum hefði ekki komið dúr á auga í margar nætur. Augu hans voru bólgin og hendurnar skulfu. Rödd hans var draugsleg, eins og hann talaði gegnum gjallarhorn. Það voru ekki nema fáir okkar, sem höfðu grun um, að þetta væri í síðasta skiptið, sem hann kæmi opinberlega fram; að hinn valdamikli, uppstökki Brodskíj myndi innan skamms verða lokaður inni í einum af klefum NKVD, ásamt flestum þeim, sem nú sátu með honum á valdastólum.

„Okkur hefur verið stefnt saman,“ sagði Brodskíj, „til þess að heyra lesið upp trúnaðarbréf frá miðstjórninni í Moskvu.“ Hann las það upp, hægt og af tilfinningu, ákafur í að láta í ljós óskorað samþykki sitt, auðmjúkt samþykki sitt. Þetta var nokkrum dögum áður en dauðadómurinn var kveðinn upp yfir Zínovjev, Kamenev og félögum þeirra og þeir teknir af lífi. Bréfið frá Moskvu átti auðsýnilega að búa flokkinn undir reiðarslagið og koma inn ótta hjá efasemdamönnum.

Nú, þegar það „hefur verið sannað“, stóð í bréfinu, að mannhrök þau, sem fylgja Trotskíj og Zínovjev að málum, hafa í baráttu sinni gegn Ráðstjórnarríkjunum gert samsæri við erlenda njósnara, hvatamenn til glæpa, kúlakka, skemmdarverkamenn, hvítlíða og erindreka auðvaldsins, verða allir flokksmenn að skilja, að það er þörf á sérstakri árvekni. ... Sönnunin fyrir því, að maður sé dyggur bolséviki, er frá þessari stundu dagnaður hans við að hafa upp á þeim fjandmönnum þjóðarinnar, sem leynast bak við flokksskírteinin, og framselja þá miskunnarlaust. ... Það er ekkert rúm fyrir „rotið frjálslendi“ og „borgaralega tilfinningasemi“.

Efni bréfsins var skýrt og greinilegt. Það fór hrollur um áheyrendurna. Eins og við höfðum áður leitað að „óvinum“ meðal almennings, áttum við nú sérstaklega að leita þeirra í röðum okkar sjálfra! Framvegis fóru verðleikar okkar eftir tölu uppljóstrana um þá flokksfélaga, sem voru okkur nánastir. Kveifarnar, hinir ístöðulitlu, sem mátu vináttuna meira en hagsmuni flokksins, myndu eiga eftir að kenna á „tvöfeldni“ sinni.

Brodskíj hélt langa ræðu um mikilvægi þessa trúnaðarbréfs. Eins og líf hans væri komið undir fjölda lýsingarorða þeirra, sem hann notaði, og hástigum þeirra, lofaði hann snillinginn Stalín, sól okkar sósíalíska föðurlands, hinn vitra og óseikula leiðtoga. Ég boraði nöglunum inn í lófa mína, þar til blæddi úr þeim.

Aðrir kvöddu sér hljóðs til að ámæla sjálfum sér og flokknum í Níkopol fyrir „skort á árvekni“ og „afskiptaleysi gagnvart hættunni“. Það varð beinlínis felmtur meðal félaga, sem óskuðu nú að koma fram með yfirlýsingar, að auðmýkja sig, að bjarga sér. Á meðan þessi gruggugi mælskustraumur rann um eyru manna, heyrðist hávaði við dyrnar. Við litum allir þangað.

Ritari umdæmisnefndarinnar, miðstjórnarmaðurinn, félagi Hatajevítsj, kom inn. Hann þrammaði eftir miðganginum að ræðupallinum, umkringdur af varðmönnum úr leynilögreglunni. Þetta var nýtt áfall, ef til vill það hræðilegasta af öllu: Lögregluvörður og skammbýssur á fundi virkra kommúnista til þess að vernda foringjana gegn „kjarnanum úr kjarna“ þjóðarinnar.

Hatajevítsj var þreytulegur. Andlit hans var fölgrátt með djúpum hrukkum, og

rödd hans virtist koma úr fjarska. Ræða hans studdist við höfuðatriðin í bréfinu frá Moskvu. Hann gat ekki leynt vesaldómi sínum. Á meðan ég hlustaði á hann, minntist ég atburðanna á hveitiökrunum forðum, þegar verið var að koma á fót samyrkjubúunum og þessi sami Hatajevítj þakkaði mér fyrir að hafa lokið við uppskeruna fyrir tilsettan tíma — og hvatti mig til að láta mér skiljast, að „kröftug“ stjórnmálastefna væri nauðsyn. Einnig minntist ég þegar fundum okkar bar saman í umdæmisnefndinni. Hann hafði verið svo þrekmikill, svo sjálfsöruggur. ...

Frá þessari stundu var það „drenskaparmál“ að koma upp um „grímubúna óvini“ í flokknum. Menn hikuðu við að tala við nánustu vini sína. Menn sögðu skilið við vini, ættingja og samstarfsmenn. Menn óttuðust, að þeir væru smitaðir af þeim stjórnmálafaraldri, sem geisaði um landið. Menn gleymdu, að einu sinni hafði eitthvað verið til, sem nefnt var réttlæti, tryggt og vinátta.

Fall einhvers yfirmanns eða embættismanns táknaði það, að „hreinsunin“ náði til allra undirmanna hans og vina. Eftir handtöku Brodskíjs var komið með svörtu hrafna og aðrar bifreiðar NKVD og ekið burt með aðstoðarmenn hans, vini hans og þá karla og konur, sem hann hafði útvegað atvinnu í Níkopol. Höfuðsmaðurinn yfir setuliði Níkopol-borgar lenti í gildrunni, á eftir honum opinberi ákærandinn og allt starfslið hans og að lokum sjálfur formaður ráðsins í Níkopol. Bankinn í borginni, ritstjórn dagblaðsins og öll verslunarfyrirtækin voru „hreinsuð“. Alls staðar tóku nýir menn við völdunum, en voru síðan oft sjálfir „tíndir burt“ eftir viku eða mánuð.

Menn ræddu í hálfum hljóðum um handtöku ráðsformannsins, æðsta borgaralegs embættismanns borgarinnar. Hann var fyrrverandi námuverkamaður, sem getið hafði sér orð í borgarastyrjöldinni. Hann var vakinn um miðja nótt. Kona hans og börn grétu svo hátt, að nággrannarnir vögnuðu.

„Ég er fulltrúi ráðstjórnarvaldsins í Níkopol,“ hrópaði formaðurinn til hinna einkennisklæddu lögregluþjóna. „Þið hafið enga heimild til að handtaka mig! Sýnið mér handtökuheimild ykkar!“

„Af stað með þig, bölvður hundurinn þinn! Við skulum sýna þér, hvorum megin rétturinn er,“ rumdi í liðsforingjanum, sem hratt honum út úr dyrunum.

Þegar formanninum hafði verið komið fyrir kattarnef, voru flestir háttsettir ráðamenn borgarinnar handteknir, meðal þeirra formaður bæjarstjórnarinnar, brunamálastjórinn, formaður sparisjóðsins og jafnvel yfirmaður heilbrigðismálanna. Sumir voru sóttir á heimili sín að næturlagi, aðrir í skrifstofur sínar um hábjartan dag.

Nýr maður, sem var ókunnugur í verksmiðjunni, fékk stöðu Kozlovs. Hann hét Los. Hann var heimskur, ofstækisfullur náungi, eins sterkur og „hrár“ og heima-bruggað vodka. Síðustu droparnir af vináttutilfinningu gufuðu upp í hitanum af hinum ákafa eltingaleik hans eftir sökudólgum. Þegar við iðnfræðingarnir og flokksstarfsmennirnir hittumst í sölum verksmiðjunnar eða göngum, litum við hissa hver á annan. „Hvað er þetta? Eruð þér enn á lífi?“ sagði augnaráð okkar.

Aðalstöð NKVD við eina af aðalgötum borgarinnar var öll uppljómuð næturlangt á hverri nóttu. Sú stofnun starfaði 24 klukkustundir á sólarhring. Ekki þurfti að kvarta um atvinnuleysi þar. Dorogan, Gershgorín og aðstoðarmenn þeirra voru vel haldnir; þreyttir en hrokafullir — herfóringjar í orrustu, sem gekk ágætlega. Þeim, sem handteknir voru, var ekki haldið lengi í Níkolpol, sem aðeins var útbú frá aðalstofnuninni. Þeir voru sendir til Dnepropetrovsk, þaðan til Kharkov og annarra staða til að rýma fyrir nýjum og aftur nýjum fögum. Og Níkolpol var aðeins lítil sneið af hinum sístækkandi skara, sem sleginn var við hreinsunina. Svo margir embættismenn voru handteknir, að fyrimæli frá verksmiðjuhring okkar, Trúbostal, og frá ráðuneytinu í Moskvu voru í síauknum mæli undirrituð ókunnum nöfnum. Hatajevítj og hópur af samverkamönnum hans í umdæmisnefndinni voru handteknir. Hatajevítj var nægilega áhrifamikill maður til þess, að prentuð væri hálf dálks niðgrein um hann í borgarblöðunum. Alls staðar var sama sagan. Það var ekki hægt að fylgjast með þessu flóði af stórfréttum, harmleikjum og óvæntum sorgarlitum. Snilldarlegasti uppspuni komst ekki í hálfkvisti við veruleikann.

Veröldin fyrir utan Rússland gaf gætur að málaferlunum í Moskvu. Hún skildi ekki þá og skilur ekki enn, að þau voru aðeins ytra borð, sýningargluggi, sem hinar raunverulegu ógnir hrúguðust upp á bak við eins og fjöll. Hin opinberu málaferli tóku til nokkurra tuga fórnardýra, sem höfðu verið vandlega valin og æfð. Hreinsunin náði til hundraða þúsunda, að lokum til hér um bil tíu milljóna, sem í flýti voru valdar úr og skipt niður: þessir í fangelsi, þessir í útlegð, þessir í nauðungarvinnudeildirnar, þessir á aftökustaðina.

Sægur af konum og börnum reikaði umhverfis aðsetur NKVD í Níkolpol á öllum tímum sólarhringsins þrátt fyrir hörkufrost. NKVD-mennirnir ráku þau burt, en þau komu brátt aftur grátandi, veinandi og kallandi á eiginmenn sína, feður og bræður. Margir af þessum vesalingum áttu heima í Níkolpol, en fjöldinn allur hafði komið frá sveitaþorpunum í nágrenninu, þar sem brytjaðir voru niður í blóðbaðinu ráðsformenn, flokksritarar, æskulýðsleiðtogar og stjórnendur samyrkjubúa. Ég mun aldrei geta máð þessa atburði fyrir utan aðsetur NKVD úr minni mér. Stórkostlegum leikstjórnaarsnilling, sem vildi setja á svið múgörvæntingu, sára og takmarkalaus sorg, hefði ekki getað hugkvæmst neitt hræðilegra.

Og á meðan óveðrið stóð sem hæst, í nóvembermánuði 1936, barst gegnum óp fórnardýranna og kveinstafi hinna þjáðu sá boðskapur í blöðum og útvarpi, að „lýðræðislegasta stjórnarskrá veraldarinnar“ hefði hlotið fullnaðarsamþykki.

Sefasýkin var komin á það stig, að taugaveiklaðir flokksmenn lögðust til hvílu í fötunum „til að vera við öllu búnir“. Eins og hér um bil allir aðrir hafði ég hjá mér litla handtösku, sem í voru þeir hlutir, sem mest þörf er fyrir í fangelsi: nærföt, sokkar, vasaklútar og ábreiða.

„Eruð þér að fara í ferðalag?“ spurði Pasha grunlaus, þegar hún fann ferðatöskuna undir rúmi mínu.

„Ef til vill, Pasha, ef til vill,“ andvarpaði ég.

Félagi Bratsjko, sem hafði verið á ferðalagi í Dnepropetrovsk í viðskiptaerindum, flutti með sér hræðilegar fréttir, er hann kom heim. Í fæðingarborg minni hafði eyðingin verið enn stórkostlegri en í Níkopol, og var þá langt til jafnað. Hann hafði heyrt, að þegar hefðu rösklega fimm hundruð manns verið handteknir í gömlu verksmiðjunni minni — og enn voru svörtu hrafarnir soltnir. Margir af bekkjarbræðrum mínum úr skólanum — Beretskoj, Ratz, Richter; mér virtist nafnaskráin endalaus — höfðu verið teknir úr verkfræðingaskrifstofum sínum. Á hverjum degi óku gripavagnar, sem voru læstir og innsiglaðir að utan, fullu hlassi af mönnum út úr bænum. Fyrir fjórum árum hafði þessi dapurlegi farmur verið bændur; nú voru „gæðin“ meiri: kommúnistar, sveitarstjórar, hermenn, iðnfræðingar, óflokksbundnir embættismenn. „Hvað ætlast Stalín og stjórnmálanefndin fyrir? Þetta virðist algjör vitfirring,“ sagði Bratsjko, og síðan sá ég á óttanum í augnaráði hans, að hann sá eftir að hafa sagt þetta.

Hvað ætlast Stalín og stjórnmálanefndin fyrir? Þetta var einmitt spurningin, sem sífellt kvað við í huga mér. Og síðan gerði ég mig sekan um heimskulega og árangurslausa athöfn. Þar eð ég var sjálfur kunnugur manni í stjórnmálanefndinni, ákvað ég að spyrja hann um, hver ætlunin væri með þessu öllu. Í mörg kvöld vann ég að því langt fram á nótt að skrifa bréf til Ordzhoníkídzes þjóðfulltrúa.

Eins rólega og mér var unnt — eins og ég væri að semja tæknilega skýrslu — sagði ég honum, hvað væri að gerast í Níkopol, Dnepropetrovsk og öðrum stöðum í héraði okkar. Ég nefndi nöfn. Ég varði grandvarleik mannanna, sem teknir voru frá starfi sínu.

Ég varaði við því, ef þetta héldi áfram, að þá myndi brátt að því reka, að enginn dugandi maður yrði eftir, sem gæti stjórnað iðnaði í héraði okkar. Þegar væri komið ólag á framleiðsluna, enginn þyrði að fitja upp á nýjungum í starfseminni, enginn þyrði að taka ákvarðanir.

Ég sendi bréfið eftir einkaleiðum og veit með vissu, að það komst í hendur þjóðfulltrúans. En ég fékk aldrei svar. Þegar ég varð sjálfur fyrir bardinu á hreinsuninni, var ég aldrei spurður um þetta bréf, og af því fékk ég vissu um það, sem ég er þakklátur fyrir, að Ordzhoníkídze hafði ekki afhent lögreglunni bréf mitt. Hver einasta málsgrein í þessu langa bréfi hefði nægt til þess að tryggja mér skjóta aftöku.

Í nóvembermánuði 1936 kom röðin að mér.

Hún kom jafnskyndilega og að Límanskíj, en ég var að því leyti betur settur, að ég hafði búist við reiðarslaginu og hafði hlustað á margar yfirheyrslur, þegar aðrir félagar mínir voru í eldinum. Það, sem mestu máli skiptir, sagði ég við sjálfan mig, er að missa ekki stjórn á geði mínu. Á endalausum andvökunóttum hafði ég reynt að gera mér í hugarlund, fyrir hvað ég gæti orðið ákærður. Hver myndi „glæpur minn“ verða? Myndi það verða eitthvað, sem ég hefði sagt eða gert fyrir einu ári eða fimm árum? Myndi það snerta starf mitt í verksmiðjunni? Að undanteknum efasemdum mínum og miklum áhyggjum vissi ég ekki til þess að hafa drýgt neinar

syndir gegn ráðstjórnarríkinu. Þegar ákærurnar á hendur mér voru að lokum birtar, áttu þær ekkert skylt við það, sem ég hafði getið mér til fyrirfram.

Við höldum flokksfund í leikhússal verksmiðjukulúbbsins. Það var hráslagalegt kvöld með slyddubyl. Gólfíð var forugt og hált af snjónum, sem barst inn með stígvélum okkar. Blá móða af vindlingareyk grúfði í loftinu. Ég mun til hinstu stundar minnast salarins, kvöldsins og forarinnar. Þau urðu hluti af síendurtekinni martröð. Þau bjuggu hug minn undir það, sem á eftir fór, eins og forleikur eftir Wagner boðar hugblæ þess leiks, sem á eftir kemur.

Allmargir flokksmenn höfðu verið ákærðir. Kommúnistadeildirnar sýndu nú „frumkvæði“ sitt og „bolsévikaárvekni“ með því að skerast í leikinn sjálfar gegn flokksmönnum sínum, áður en lögreglan hófst handa. Þær voru könnunarsveitir fyrir NKVD. Fundurinn hafði mælt með brottrekstri þriggja flokksmanna. Nú virtist vera komið að fundarslitum.

En allt í einu stóð Los upp og fór að halda ræðu. Ég var að hugsa um eitthvað víðs fjarri þessum ógeðslega fundi, þegar efni ræðu hans skall allt í einu á mér og fór í gegnum mig eins og rafmagnsstraumur. Nú var stundin komin.

„Félagar,“ hóf Los mál sitt, „ég legg til, að við tökum til umræðu mál framkvæmdastjóra pípuverksmiðjunnar, kommúnistaflokksmannsins Víktors Andrejevítj Kravtsjenkos. Við höfum í förum okkar skýrslur, sem í eru mjög alvarlegar ákærur um athafnir þessa félaga, bæði fyrr og síðar.“

„Gefið ákærendunum orðið!“ hrópaði einhver aftan til í salnum.

„Þér hafið rétt fyrir yður,“ sagði Los. „Gregoríj Makarov verkfræðingur tekur til máls.“

Þegar Makarov gekk upp á pallinn, stóð sá félagi, sem sat við hægri hlið mér, upp og muldraði eitthvað um að „fara út og fá sér vindling“. Maðurinn, sem sat til vinstri handar mér, fór líka. Ég hafði breyst í líkþráan mann með auðn á alla vegu.

Ég þekkti Makarov frá skóladögum. Hann var einn af þeim duglausu, úr-ræðalausum mönnum, sem lifa á samúð annarra. Ég hafði útvegað honum stöðu í Níkopol, útvegað honum húsnæði og hafði alltaf í einfeldni minni talið sjálfsagt, að hann væri mér þakklátur.

„Ég hef þekkt Kravtsjenko í mörg ár,“ sagði hann nú. „Hann sat í ráði flokksnefndarinnar í málfræðiskólanum. Flestir samstarfsmenn hans í þeirri nefnd hafa verið handteknir, svo sem Beretskoj, sem var vinur hans, og Ratz. Mér þætti gaman að vita, hvort þetta er tilviljun, félagar. Þessi Kravtsjenko á marga vini og „viðskiptamenn“ í Moskvu og kom í skólann samkvæmt meðmælum frá sjálfum félaganum Ordzhoníkídze. Ég vil geta þess lauslega, að sumir „viðskiptavinir“ hans í Moskvu hafa verið afhjúpaðir sem þjóðníðingar.“

En þetta eru allt saman smámunir, félagar. Það, sem ég ætlaði mér að upplýsa hér, er, að Kravtsjenko hefur sem flokksmaður í öll þessi ár logið að flokknum. Hann hefur leynt ákaflega mikilvægi staðreynd fyrir flokknum — stjórn mála fortíð föður síns! Hvers vegna hefur hann ekki játað fyrir flokknum, að faðir hans var virkur

mensévíki fyrir byltinguna og hefur iðulega síðan æst óflokksbundnu verkamennina móti okkar elskaða foringja?“

„Ræðið um Kravtsjenko, en ekki um föður hans,“ greip einhver fram í.

„Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni,“ hrópaði félagi Los til andsvars. „Áfram, félagi Makarov.“

„Það er rétt,“ hélt Makarov áfram. „Eplið fellursjaldan langt frá eikinni. Kravtsjenko er ekki föðurbetrungur. Hann hefur raðað í kringum sig „utanveltumönnum“. Haldið þið ef til vill, að það sé tilviljun, hve mörgum utanflokksmönnum hann hefur safnað að sér í verksmiðjudeild sína? Hverjir eru aðstoðarmenn hans? Hverjir eru verkstjórar hjá honum? Hvar er Dúbínskíj mensévíki, sem nú hefur verið handtekinn? Hvað er þýski nasistinn Zelman, sem líka hefur verið handtekinn? Ég gæti nefnt marga aðra. Allir eru þeir utanflokksmenn eða raunverulegir fjandmenn, sem NKVD hefur afhjúpað sem skemmdarverkamenn.“

Mitt í óláni mínu hugsaði ég: Það er þá það, sem angrar hann, að ég skuli ekki hafa gert hann að föstum aðstoðarmanni mínum!

„Félagar, Zelman er gyðingur og þýskur kommúnisti. Hvernig getið þér kallað hann nasista?“ Það var verkamaður, sem greip fram í fyrir ræðumanninum.

„Jæja, þér segið, að hann sé gyðingur og kommúnisti,“ svaraði Makarov. „Hefur Hitler ef til vill ekki sent hingað þúsundir manna til að vekja sundurlyndi og njósna? Er til betri grímubúningur en að látast vera gyðingur og kommúnisti? Var hægt að fá betri vernd fyrir slíkan óþokka en undir væng Kravtsjenkos og hans ágætu viðskiptavina?“

„Félagi Los,“ sagði Bratsjko framkvæmdastjóri nú hátt. „Ég mælist til þess, að ræðumaðurinn haldi sér að staðreyndum og hætti að rótast um í óþverra og þvætt- ingi.“

„Ég skal benda yður á staðreyndir, félagi Bratsjko, fjölda staðreynda. Minnst þeirra tíma, þegar nýju afkastareglurnar voru samþykktar í samræmi við hina frægu Stakhanov-hreyfingu. Var okkur ekki öllum ljóst, að Kravtsjenko var á móti breytingunni? Aðeins einn verkamaður var svo vanþakklátur að mæla gegn reglunum, maður að nafni Kírjúshkín. Hvað gerði Kravtsjenko, þessi einlægi mannvínur? Jú, hann verðlaunaði Kírjúshkín með betri stöðu! Já, ég ákæri hann fyrir að vernda alla ráðstjórnarandstæðinga meðal okkar, og ég ákæri hann umfram allt fyrir að svíkja okkar ágæta flokk með því að leyna mensévisma föður síns.“

Þegar háan gekk niður af pallinum, var hrópað: „Rétt! Vel gert!“

En einnig heyrðust orðin: „Lygi, haugalygi! Þvaður.“

„Flokksmaður Shajkevítj verkfræðingur tekur til máls,“ tilkynnti Los. Shajkevítj var lágur maður vexti, smáleitur, með hrukkur á enni og lítil, grimmileg augu.

„Félagar! Ég hef líka sent flokksstjórninni kæru á hendur féлага Kravtsjenko,“ sagði hann með hárri, skrækri röddu. „Ég hef um langan tíma gefið honum gætur úr skömmu færi. Satt er það, að blöðin og útvarpið hafa hafið hann upp til skjý- anna. Blöðin hafa hvað eftir annað birt myndir af honum. En hvað segið þið, ef öll

þjónusta hans í þágu ríkisins hefur aðeins verið reykský, sem þessi hugblauði maður hefur sent frá sér til þess að hylja neðanjarðarstarfsemi sína?“

„Staðreyndir, ekki mælskubrellur!“ hrópaði Bratsjko.

„Kravtsjenko er efasemdamaður!“ Rödd ræðumannsins, sem fyrstist við, að tekið var fram í fyrir honum, varð gjallandi og enn skrækari. „Í skólanum gagnrýndi hann samyrkjustefnuna. Það er alkunna. Og eins hefur það verið í verksmiðjunni — alltaf hefur hann verið súr á svipinn, ekkert hefur verið í samræmi við hina hárfínu smekkvísi hans! Jafnvel móðir hans kom og snuðraði um allt í verksmiðjunni og bar fram umkvartanir. Hvers vegna hefur hann komist í svo ábyrgðarmikla trúnaðarstöðu? Af því að hann á vini í Moskvu og Kharkov! Ekki vegna dugnaðar, heldur kunningssskapar!“

„Þetta er lygi, félagar!“ hrópaði Bratsjko aftur. „Kravtsjenko var skipaður í stöðuna af félagi Ívantjsenko í samráði við mig. Hann er einn af bestu verkfræðingunum í Trúbostal, og þjóðfulltrúinn hefur sjálfur oft falið honum sérstök mikilvæg verkefni.“

„En þér getið ekki neitað því, félagi Bratsjko, að hann er sonur andstæðings ráðstjórnarinnar og hefur leynt okkur því!“ hrópaði Shajkevítj sigri hrósandi, skrækri röddu. „Hann neitaði öllum þeim kommúnistum, sem hollastir og einlægastir voru Stalín, um frama í verksmiðju sinni. ...“

Nú mundi ég eftir því. Ég hafði kennt í brjósti um hinn vesala og óhamingjusama Shajkevítj og reynt að leyna skyssum hans. En að lokum hafði ég, eftir að hafa rætt málið við Bratsjko, flutt hann í starfsdeild, þar sem minni kröfur þurfti að gera til takmarkaðrar þekkingar hans.

Þegar Shajkevítj hafði lokið máli sínu, tók Júdavín til máls til að fullkomna ákæruna. Hann var rödd NKVD. Þar eð mér var kunnugt um, að Júdavín var erindreki lögreglunnar, hafði ég sniðgengið hann. Nú var hann þess albúinn að endurgreiða mér það með vöxtum.

„Félagar!“ sagði hann. „Ég styð ekki aðeins þær niðurstöður, sem hinir ræðumennirnir hafa komist að, heldur ætla ég að minnst á alvarlegasta atriðið. Kravtsjenko er skemmdarverkamaður!“

Þetta hræðilega orð kom eins og fallbyssuskot. Nú ríkti ísköld þögn meðal áheyrendanna. Til þessa hafði ég getað verið rólegur. Nú svitnaði ég. Hjarta mitt sló svo hátt og títt, að mér fannst það yfirgnæfa rödd Júdavíns. Hvað í ósköpunum gat hann átt við? Hvaða fjörráð voru þessi dulbúni lögreglumaður og Gershgorín húsbóndi hans að brugga mér?

„Já, skemmdarverkamaður! Þessi Kravtsjenko hefur af ráðnum hug fryst inni verðmæti, sem nema milljón rússneskum rúblum og ótakmarkaðri upphæð í erlendum gjaldeyri. Hvernig hefur hann gert það? Með einföldu bragði, allt of einföldu bragði! Hann hefur krafist að fá alls konar dýrmæt efni og hrúgað þeim upp í verksmiðju sinni. Verksmiðjudeild hans er troðfull af verðmætum vélahlutum, sem hafa ekki verið notaðir. Sumir þeirra hafa ekki einu sinni verið teknir

úr umbúðunum! Ég staðhæfi, að þetta hefur verið gert af ráðnum hug og í því skyni að vinna stjórninni og landinu tjón!“

Nú, er ég hafði kynnst ákærinni, varð mér hughæggra. Hún var of langsótt og gat ef til vill þess vegna ekki staðist. Þar eð Los, eins og allir aðrir, óskaði, að fundinum lyki sem fyrst, svo að hann gæti farið heim, komst ég hjá fleiri árásum. Hann hvatti mig til að svara. Ég herti upp hugann og gekk upp á pallinn.

„Félagar, flokksmenn!“ sagði ég. „Ég ætla að tala hreinskilnislega við ykkur, hverjar svo sem afleiðingarnar verða. Ég hef verið flokksbundinn í átta ár. Vitnisburðabók mín talar sínu máli. Ég hef mína mannlegu galla, og mér hefur missést. Ef til vill hef ég hækkað menn í stöðu, sem áttu það ekki skilið, eða sagt öðrum upp starfi, sem hefðu átt að vera áfram í því. Maður í ábyrgðarstöðu verður að taka ákvarðanir, og þar eð hann er aðeins maður, hljóta sumar þessar ákvarðanir að vera rangar. Þið vitið allir, að Makarov og Shajkevitsj er persónulega illa við mig. Það er ástæðulaust að rekja orsakirnar til þess. Öllum, sem þekkja til verksmiðjunnar, er þetta ljóst.

Ég staðhæfi, að ég hef ekki gert mig sekan um neitt! Og það sem meira er, ég óttast ekki neitt! Ég bið aðeins einnar bónar. Gefið mér tíma til að færa sannanir fyrir því, að þessar ákærur eru illgirnislegur uppspuni. Kjósið nefnd til að rannsaka ákærurnar. Ef ég get ekki sannfært nefndina, þá er ég reiðubúinn að taka afleiðingunum.

Öllum þessum ósköpum var hrundið af stað af því, að faðir minn er, að því er sagt er, mensévíki. Ég afneita ekki föður mínum. Það vil ég að öllum sé ljóst. Ég elska hann og dáist að honum. Það var hann, sem innrætti mér þær hugsjónir öreiganna, sem leiddu til þess, að ég gekk fyrst í æskulýðshreyfinguna og síðar í flokkinn. Hann er ekki flokksmaður, en starf hans fyrir verkalyðinn er alkunnugt. Hann nýtur mikillar virðingar þeirra verkamanna, sem þekkja hann best, verkamannanna í Dnepropetrovsk. Hinn einfaldi sannleikur er, að hann hefur aldrei verið mensévíki eða félagi nokkurs annars flokks. Hann var aðeins góður byltingarmaður, sem barðist gegn keisaranum og auðkýfingunum, en bar ekkert flokksmerki á sér. Hann notaði byssu sína bak við götuvirkin árið 1905. Hann vann með mensévíkum — en líka með bolsévíkum — og var í fangaklefum með öllum tegundum byltingarmanna. Allt þetta get ég sannað, ef þið veitið mér nauðsynlegan frest til þess.

Um blaðrið um skemmdarverk er það að segja, að það er í raun og veru allt of heimskulegt. Ég hef að vísu miklar birgðir af verkfærum í verksmiðju minni. En ráðuneytið veit um hvern kópeka, sem notaður hefur verið til að afla þeirra. Ég hef sent reglulegar skýrslur um þau og boðið þau fram til ráðstöfunar fyrir hringinn, sem hefði getað notað af birgðunum hvenær sem var. Birgðirnar voru undantekningarlaust pantaðar vegna raunverulegrar vöntunar.

Hvernig getur staðið á því, að ég hef svona mikið af dýrmætum verkfærum og vélahlutum, sem aðeins lítið hefur verið notað af? Svarið er, að mér var oft falið að afgreiða sérstakar pantanir, sem kröfðust sérstakra tækja. Til dæmis kom skyndilega

pöntun á pípum til olíusvæðanna í Baku, eins og þið munið allir. Síðan gerðist það, að dregið var úr þeirri pöntun, sem upprunalega hafði verið gerð. Stundum var pöntun, sem við höfðum búið okkur undir að afgangi, afturkölluð vegna þess, að breyting var gerð á áætlunum. Á þennan hátt hrúguðust verkfærin og hið dýrmæta efni upp. Við geymdum það af því, að við bjuggumst við, að síðar kynnu fyrirvara-laust að koma nýjar pantanir og þá yrðu not fyrir það. En allt þetta hefur gerst fyrir opnum tjöldum, en ekki í laumi, eins og ákærendur mínir halda fram. Það stafar allt af ákvörðunum, sem teknar hafa verið í Moskvu, en ekki af mér.

Það er of hlægilegt að túlka þetta sem skemmdarverk, félagar. Ég get sannað með skjölum, hvenær, hvernig og einkum til hvers hver einstök vél og allt efni hefur verið fengið. Allt annað, sem sagt hefur verið hér, skiptir engu máli. Ég ætla ekki að reyna á þolinmæði ykkar með því að svara því. Ég bið ykkur um að veita mér tækifæri til að sanna sakleysi mitt innan þessara veggja — ekki einhvers staðar. En hvað sem fyrir kann að koma, þá minnst þess, að ég hef ekki unnið neitt til saka.“

Þegar ég gekk aftur til sætis míns, heyrðist uppburðarlítið og niðurbælt samsinni á við og dreif um salinn. En það heyrðust líka hróp eins og „Rekið hann! — Menséviki! — Skemmdarverkamaður! — Hann treystir á „kunningsskap“ sinn!“

Verkamaður á sjötugsaldri, félagi Sílnín, sem ég þekkti aðeins lítils háttar, stóð upp og tók til máls.

„Á meðan félagi Kravtsjenko er framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, væri rangt að grípa fram í störf hans. Það virðast vera mörg vafaatriði í þessu máli, og hvers vegna eigum við þá að flana að einhverju eða taka ákvarðanir í fljótræði? Það er nægur tími, félagar, til brottrekstrar og annarra úrræða. Tillaga Kravtsjenkos sjálfs er góð. Ég legg til, að við biðjum borgarnefndina um að skipa nefnd til að rannsaka málið og félaginn leggi sönnunargögn sín fyrir þessa nefnd.“

Tillagan var samþykkt, þó að Júdavín, Shajkevít sj, Makarov og nokkrir aðrir greiddu atkvæði á móti henni. Aðeins Bratsjko og Sílnín gamli þorðu að koma til mín, þegar við gengum út úr fundarsalnum. Frá þeirri stundu þar til skírslu minni var lokið, meira en átján mánuðum síðar, var ég „ósnertanlegur“, jafneinangraður og ég hefði verið settur í sóttkví vegna þess, að ég væri haldinn af drepsótt.

15. kafli: Raunir mínar hefjast

Þegar ég leit í dagblöðin í Níkopól næsta morgun, sá ég, að ég var óþokki. Það var eins og blöðin í borginni vildu nú láta það hól, sem þau höfðu áður birt um mig, gleymast með öllu, því að þau rifu mig nú í sig og svívirtu mig eins og ekki væri til ærleg taug í mér. Helstu meiðyrðin frá kvöldinu áður voru bragðbætt með illgirnislefum aðdróttunum og ráðstjórnarníði. „Samkvæmt áreiðanlegum vitnaframburði,“ stóð í einu blaðanna, „hefur þessum Kravtsjenko tekist að leyna í öll þessi ár, að faðir hans var óðalseigandi og stórkostlegur arðræningi.“ Annað dagblað sagði, að ég væri hvítliði, sem lengi hefði heppnast að vera þjónn þjóðníðinganna, að ég hefði verndað og dregið taum þeirra manna, sem voru fjandsamlegir flokknum, og að ég hefði tekið þátt í skemmdarverkum.

Af slíku kæruleysi um staðreyndir, slíku hófleysi í ásökunum þóttist ég skilja, hvað um væri að vera.

Eftirmaður Brodskíjs í borgarnefndinni var maður að nafni Fíllíne. Mér til undrunar hringdi hann til mín í síma, á meðan ég var að gleypa í mig morgunmatinn.

„Við höfum fengið nákvæma skýrslu um fundinn í gær og höfum lesið morgunblöðin,“ sagði hann. „Þér skuluð ekki vera áhyggjufullur, félagi Kravtsjenko. Haldið áfram starfi yðar, og sjáið um, að framleiðsluáætlunum sé framfylgt. Í svip mun éginn snerta við yður.“

Mér létti mikið, og ég þakkaði honum. Ég var öruggur, að minnsta kosti um stundarsakir. Fíllíne myndi ekki hafa þorað að hughreysta mig, nema hann og samnefndarmenn hans hefðu álitnið málið gegn mér á litlum rökum reist.

Þegar ég kom til verksmiðjunnar, var rannsóknarnefnd sú, sem Fíllíne hafði skipað, þegar tekin til starfa. Í henni var meðal annars Los, og var það ekki uppörvandi. En Bratsjko var líka í nefndinni, og varð mér hughægra við það. Ennfremur var Víshnev yfirverkfræðingur í henni. Þeir voru allir í birgðaskemmunni að athuga verkfæri þau, sem ég átti að hafa „hamstrað“.

„Góðan daginn,“ sagði Los kuldalega. Hann hafði sett upp svip opinbers ákæranda. „Við skulum snúa okkur að málefninu. Eruð það þér, sem pantið verkfæri hér?“

„Já.“

„Þér neitið þá ekki að hafa pantað öll þau verkfæri og það efni, sem hrúgað hefur verið saman hér?“

„Auðvitað ekki.“

„Og hver hér í verksmiðjunni gaf yður heimild til þess? Hver undirritaði pantanirnar?“

„Félagi Víshnev vegna stöðu sinnar sem yfirverkfræðingur.“

Víshnev varð sýnilega bilt við. „Aha, nei, ég minnst ekki að hafa gert það,“ sagði hann órólegur. „En hafi ég gert það, þá hlýtur það að hafa verið eftir fyrirskipun frá Moskvu.“

„Hver samdi frumdrög að skránni um þau áhöld, sem átti að panta?“

„Kíznamenko iðnfræðingur, með samþykki félaga Víshnevs.“

Víshnev, sem nú var orðinn enn kvíðafyllri en ég, kom fram með fumkenndar neitanir og hélt því fram, að hann myndi ekki eftir þessu.

„Jæja,“ sagði Bratsjko, „við munum geta fengið réttar upplýsingar í skjalasafninu.“

„Ég skal reyna að finna skjölin,“ sagði ég. „Ég vona, að eftirritin séu á sínum stað eða að ég geti fengið aðgang að frumritunum í Kharkov eða Moskvu.“

Leit að skjölum þessum átti eftir að verða aðalstarf mitt í margar vikur. Skjöl þessi urðu að draugum, sem sóttu að mér, en létu mig aldrei ná tökum á sér. Ef ég gæti nokkurn tíma haft uppi á þeim, þá gat ég sannað, að verkfærin — einkum stór verkfærasending frá Ameríku, sem hafði aldrei verið notuð — hefðu verið álitin nauðsynleg til þess að sinna sérstökum pöntunum frá Moskvu og að magn þeirra var reiknað nákvæmlega út í samræmi við það magn af pípum, sem átti að framleiða.

Ég komst aldrei að því, hvort eftirritin, sem áttu að vera í skrifstofunni, höfðu glatast af tilviljun eða verið eyðilögð viljandi. Ég fór af stað sama dag með leyfi Bratsjkos og Fíllínes til Kharkov og ef á þyrfti að halda til Moskvu, til að afla sönnunargagna fyrir því, að kaup ýmissa verðmætra verkfæra hefðu ekki verið djöfulleg skemmdarstarfsemi.

Þetta var skringileg ákæra og skringilegt erindi — en þegar litið var á þetta í spéspegli þessa hitasóttarkennda tímabils, var samkvæmni í fjarstæðunum. Úr því að Trotskíj hafði verið „þýskur njósnari“, á meðan hann var að skipuleggja Rauða herinn, úr því að hetjurnar, sem komu af stað byltingunni ásamt Lenín, höfðu í raun réttir verið „óðir hundar“ á málá hjá erlendum afturhaldsklíkum, hvers vegna gat þá Kravtsjenko í Níkopól ekki reynt að steypa ráðstjórninni af stóli með því að kaupa óþörf verkfæri til pípugerðar fyrir eina milljón rúblna? Aðeins þjóðniðingar myndu taka vettlingatökum á slíki grunsemd!

Vinsemd Fíllínes var eina uppörvunin, sem féll mér í skaut í neyð minni. Ég sagði honum, áður en ég fór í ferðalagið, að ég myndi einnig koma við í Dnepropetrovsk til að afla sönnunargagna fyrir því, að faðir minn hefði aldrei verið mensévíki.

Í þetta sinn leyndi ég ekki fjölskyldu mína neinu. Þeir andlegu fáleikar, sem verið höfðu með mér og föður mínum, voru nú loks úr sögunni. Bilið milli okkar hafði nú einhvern veginn verið brúað. Það var mér huggun í raunum mínum, að þessu langvinna ósamlyndi var nú næstum því lokið. Ég fann skyndilega til þess, að

ég var eins nákominn foreldrum mínum og þegar ég var lítill drengur. Ég var ekki lengur „óbifanlegur bolsévíki“.

Fréttir þær, er ég flutti frá Níkopól, svöruðu til þeirra atburða, sem gerst höfðu í fæðingarborg minni. Þrjár fjölskyldur í nágrenni okkar höfðu misst fyrirvinnu sína á einni nóttu í hreinsunarbrjálæðinu. Þær voru allar óflokksbundnar. Það var fólk, sem við höfðum þekkt í fjölda ára, fólk, sem faðir minn, bræður og ég höfðum starfað með á ýmsum tímum.

Sá fyrsti í röðinni var Zarvín, verkstjóri í verksmiðju. Einn af sonum hans var skurðlæknir, annar verkfræðingur. Hvorki þeir né móðir þeirra höfðu hugmynd um, hvers vegna gamli maðurinn hafði verið handtekinn. „Flýttu þér, lúsin þín!“ hrópaði NKVD-maðurinn, þegar hann rak Zarvín hálfklæddan og dauðsyfjaðan inn í svarta hrafinn. Þessi orð voru eina handtökuheimildin, eina ákæran og eina skýringin, sem fjölskylda Zarvíns fékk nokkru sinni.

Annar í röðinni var Pólverji, Kashelski að nafni. Hann var umgengnisgóður og duglegur maður, sem naut vinsælda hjá nágörðnum sínum. Sonur hans var í æskulýðshreyfingunni. Ég rakst af tilviljun á hann, á meðan ég dvaldist þar. „Félagi Kravtsjenko,“ sagði hann í átakanlegu úrræðaleysi. „Hvernig hefði faðir minn getað verið „pólskur njósniari“? Hann, sem var svo hreinn og beinn og opinskár. Það nær ekki neinni átt. Við erum mjög samrýndir. Ef eitthvað hefði verið grunsamlegt í fari hans, hvernig hefði ég þá átt að komast hjá að taka eftir því?“

Þriðji nágranni okkar, sem varð fórnardýr næturveiða NKVD, hét Blínov. Hann hafði unnið í sama verkstæði og ég, meðan ég vann í Petrovskij-Lenín verksmiðjunni. Hann var hár, laglegur og mjög nýtur maður, sem naut almennrar virðingar hjá samverkamönnum sínum. Hann og kona hans voru barnlaus, en höfðu tekið sér í dóttur stað munaðarlausu telpu á tímum hungursneyðarinnar og létu sér mjög annst um hana.

Þegar lögregluþjónarnir drógu hann út úr húsinu að næturlagi, vöknudu nágrannarnir við hljóð konu hans. Berfætt og í náttkjól einum klædda hljóp hún hljóðandi í snjónum eftir hinni ömurlegu bifreið, uns bifreiðin hvarf. Þá sneri konan aftur til herbergis síns og hengdi sig. Þannig varð kjördóttirin, sem orðið hafði munaðarlaus af hungursneyð, sem stofnað var til af mönnum, aftur munaðarlaus vegna sviptibyls, sem líka var af manna völdum.

Fjölskylda mín, sem bjó á vettvangi slíkra harmleikja, sem hundraðfölduðust með hverri nóttu sem leið, var auðvitað svartstýn vegna þeirrar klípu, sem ég var nú kominn í. Faðir minn var hættur að vinna. Hann lifði nú á eftirlaunum, sem þeir, sem unnið höfðu ákveðið árábil, áttu rétt til. En hann stóð ennþá í vinsamlegu sambandi við fyrrverandi verkstæðisfélaga sína, og honum var því kunnugt um, hvernig ógnarstjórnin hjó daglega skörð í starfslíð verksmiðjunnar, bæði í hóp stjórnenda og flokk óbreyttra iðnaðarmanna. Hann vissi, að það eitt að verða fyrir ákæru jafngildi í 99 dæmum af 100 sönnun um sök. Samt sem áður héldum við í

örvæntingu okkar dauðahaldi í það hálmstrá vonarinnar, að ég nyti þeirrar gæfu að verða þessi eini af hundraði, undantekningin.

Framan af nóttu svaf ég óvært, og ömurlegir draumar sóttu að mér. Ég vaknaði af martröð og sá þá, að ljós logaði í herbergi móður minnar. Ég læddist þangað til að athuga, hvort nokkuð væri að. Ég sá móður mína á knjám fyrir framan dýrlingsmyndina. Hún hallaði höfðinu aftur á bak og baðst fyrir með lokuð augun. Þó að tár rynnu niður kinnar hennar, var andlit hennar rólegt og ljómaði af innra ljósi. Ég heyrði hana hvísla nafn mitt og sofnaði værum svefni, í fyrsta sinn í marga mánuði.

Um morguninn átti ég langt samtál við föður minn. Reiðin sauð niðri í honum.

„Ef ég hef gert eitthvað rangt, hvers vegna handtaka þeir mig þá ekki?“ endurtók hann hvað eftir annað. „Hvers vegna láta þeir það bitna á syni mínum? Ber sonur ábyrgð á föður sínum? Þetta er heimska og skepnuskapur! Þegar ég barðist í götu-virkjunum og lögreglan handtók mig, var það ég einn, sem var látinn gjalda þess. Lögreglu keisarans datt ekki í hug að pynda föður minn, bræður mína eða fjölskyldu. En nú eru feður, synir og eiginkonur látin bera ábyrgð hvert á öðru. Það er ósæmlegt! Þér er óhætt að trúá mér, þegar ég segi, að leynilögregla keisarans var líknarfélag miðað við NKVD.“

„Reiði dugir ekki, pabbi. Það, sem við verðum að gera, er að afla sannana fyrir því, að þú hafir ekki verið mensévíki.“

„Eins og það sé glæpur að vera það,“ sagði hann. „Sumir af traustustu byltingarmönnum voru mensévíkar.“

Um daginn fór faðir minn til ýmissa þekktra kommúnista í borginni, sem voru á aldur við hann og mundu eftir byltingarstarfsemi hans. Þeir gáfu allir yfirlýsingar, sem staðfestar voru opinberlega, og í þeim var tekið fram allt, sem þeir vissu um Kravtsjenko eldri, og því lýst yfir, að hann hefði ekki verið í neinum stjórn-málaflokki.

Á eftir fór ég með honum til ekkju dr. Karavajevs. Hún var há, mögur, gráhærð, gáfuleg, gömul kona. Maður hennar hafði verið fulltrúi á þjóðþinginu fyrir bylt-inguna og samið frumvarpið um bættu búnaðarhætti. Hann var myrtur á heimili sínu af leynilegum erindrekum keisaralögreglunnar. Ekkjan lifði á eftirlaunum frá ráðstjórninni og átti marga af áhrifamestu bolsévíkunum að vinum. Hún hafði þekkt föður minn í meira en þrjátíu ár og tók honum með innilegri gleði. Allir byltingarmenn, sem höfðu umgengist hinn fræga mann hennar, voru í hennar augum umvafðir sérstökum ljóma, skapaðir úr guddómlegri mold.

„En hvað það er ánægjulegt að sjá yður aftur,“ hrópaði hún, faðmaði hann að sér og kyssti hann á báðar kinnarnar. „En hvað það er ánægjulegt! Og þetta er Vítja litli — orðinn fullorðinn maður og verkfræðingur!“

Þótt hún ætti vini, sem máttu sín mikils, átti hún heima í veröld, sem var að hverfa. Hún virtist einangruð frá veruleikanum. Í fyrstu ætlaði hún bókstaflega ekki að trúá því, að við þörfnuðumst „sönnunar“ fyrir því, að faðir minn hefði ekki verið mensévíki.

„Það er bókstaflega hlægilegt,“ sagði hún. „Á þeim dögum þurfti kjark til að vera mensévíki. Þeir voru í lífshættu dag hvern. Ég held, að ég sé að verða of gömul til að skilja, hvað fólk hugsar nú á tímum. Ég verð að tala um það við Krúpskaju næst þegar ég fer til Moskvu!“

En hún settist niður og skrifaði langt bréf til borgarnefndar Níkolpol. Í bréfi þessu skýrði hún nefndinni frá byltingarstarfsemi föður míns og hreysti hans og bar vitni um það, að hann hefði alltaf verið „utan flokka“ og neitað að gangast undir aga nokkurs flokks.

Á meðan á þessu stóð dvaldist móðir mín í margar klukkustundir í skjalasafni flokksins í Dnepropetrovsk. Hún þrábað skjalaverðina um að leita að skýrslum keisaralögreglunnar um handtökur og fangelsisdvalir manns síns. Auðvitað myndi sjást í þeim, að hann hefði ekki verið í neinum sérstökum stjórnmálaflokki. Skjalaverðirnir þorðu ekki að leita að skjölunum án leyfis flokksstjórnarinnar. Ég varð að tala í síma við Fíllíne, sem síðan talaði aftur við flokksstjórnina í Dnepropetrovsk, áður en þeir samþykktu að leita að þessum mikilvægu skýrslum.

„Lögregla keisarans á þá að aðstoða son minn gegn hinum „sósíalísku“ lögreglumönnum,“ sagði faðir minn og gretti sig. Það var sannarlega kaldhæðni í þeirri hugsun.

Tíminn, sem ég dvaldist í fæðingarborg minni, jók á þá skelfingartilfinningu — að lifa í öfgafullri og kvalafullri draumaveröld — sem sleppti ekki tókum af mér í mörg ár. Ég kom við í gömlu verksmiðjunni minni og sá þá, að margir af samstarfsmönnum mínum voru horfnir.

Af því, hvernig menn forðuðust að svara ótvírætt spurningum mínum um þá, gat ég ráðið með vissu, hvað orðið hafði um þá.

Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, Stepan Birman, var ekki handtekinn. Þegar lögregluþjónarnir komu til að sækja hann, fundu þeir hann liggjandi í blóði sínu. Hann hafði leikið á NKVD með því að skera á slagæð. Birman var Ungverji og hafði verið ráðherra í hinni skammæju kommúnistastjórn Bela Kuns í Ungverjalandi. Hann var fríður sýnum, gáfaður og tryggur og hafði gegnt mörgum ábyrgðarmiklum stjórnar- og iðnaðarembættum í hinu nýja föðurlandi sínu: glæsileg framabraut, sem skref fyrir skref leiddi hann til sjálfsmorðs.

Fyrir dauða sinn skrifaði Birman miðstjórninni bréf, þar sem hann réðst hörðum orðum á hrottaskap og siðleysi Stalíns. Það voru skrifaðar þúsundir, tugir þúsunda slíkra bréfa. Fáein þeirra bárust manna á meðal í laumi og voru handleikin skjálfaði höndum, eins og þau væru sprengiefni, sem komið væri að því að springa. En ekkert þeirra var á almannavitordi.

Meðal þeirra, sem lögreglan sótti, var Jósef Manajenkov. Hann lét mikið til sín taka í ráðstjórn Úkraínu og var elskaður af verkamönnum vegna viðleitni sinnar til að bæta líf skjör þeirra. Kona hans var auk þess virkur kommúnisti. Aðeins nokkrum mánuðum áður höfðu borist til Dnepropetrovsk endurómar af virðingu þeirri og heiðri, sem hún hafði notið: Það hafði verið tekin ljósmynd af henni í

Kreml, þar sem hún stóð við hlið Stalíns! Hún var líka handtekin. Söm voru örlög Zhdanovs yfirverkfræðings, þó að hann hefði nýlega verið sæmdur heiðursmerki fyrir þátttöku í framkvæmd fimmáraáætlunarinnar.

Sömu sögu er að segja í öllum öðrum verksmiðjum í borginni. Felenkovskíj, Kínzhalov, Sotsjan, Pústovojtzev — hundruð nafna, sem skiptu ekki máli fyrir ókunnuga. En þar eð ég hafði unnið með þessum mönnum, stundað nám með þeim og setið á flokksfundum með þeim, víkkaði og dýpkaði „útrýming“ þeirra tómið umhverfis mig. Enginn valdamaður í fjármálum, iðnaði eða stjórnmálum Dnepropetrovsk, sem ég þekkti sjálfur, hafði sloppið. Auðvitað voru margir þeirra ekki flokksbundnir.

Móðir mín fylgdi mér til járnbrautarstöðvarinnar, þegar ég fór til Kharkov. Ég vonaði, að hún veitti tárur sínum útrás, því að ég vissi, að hún hafði ekki gott af að byrgja þau inni.

„Gættu þess, Vítja,“ sagði hún, „að stilla skap þitt. Slakaðu til, þar sem þú getur slakað til. Þeir eru þó menn, er ekki svo? Þeir hljóta að geta skilið ...“

Í aðalstöð Trúbostals í Kharkov var greinileg ringulreið og skelfing. Menn virtust vera dofnir af ótta. Enginn vissi með vissu, hvort þetta væri síðasti dagur hans í skrifstofunni eða ekki, síðasti dagurinn, sem hann væri fjáls maður. Ýmsir starfsmenn, sem höfðu fylgst með starfi mínu árum saman, reyndu af heilum hug að hjálpa mér, en ekki tókst að finna skjölin, sem ég þurfti á að halda. Þeir töluðu símleidis langa vegu til annarra skrifstofa, en allt var árangurslaust. Einn þeirra hringdi til Moskvu, en fékk þá þær fréttir, að eini maðurinn, sem hefði getað hjálpað mér, Ordzhoníkídze þjóðfulltrúi, væri of veikur til að geta talað við nokkurn mann. Í örvæntingu minni hringdi ég til Bratsjkos í Níkopol.

„Pjotr Petrovítsj. Ég hef ekki haft upp á neinum skjölum,“ sagði ég. „Hinn venjulegi glundroði hefur stórum aukist vegna hreinsunarinnar. Á ég að halda áfram ferðinni og freista gæfunnar í Moskvu?“

„Nei, nei! Komið heim undireins,“ svaraði hann.

„En hvers vegna? Hvað hefur komið fyrir?“

„Ég get ekki talað um það í síma. Komið heim eins fljótt og yður er unnt. Það er áriðandi.“

Næsta morgun var ég kominn aftur í verksmiðjuna.

Viðvörðun félaga Bratsjkos var réttmæt. Ofstækismennirnir, valdafíknu smámenningin og sérstakir óvinir mínir höfðu notað sér fjarveru mína. Í fyrstu hafði NKVD hreinsað til í starfsliði mínu og handtekið Dúbínskíj, Shpatsjínskíj, Bako verkfræðing og rúman tug annarra manna að auki. Verkamennirnir vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Auk þess hafði skrifarinn í flokksdeild minni, Jasenev, auðvitað eftir skipun frá hærri stöðum, lagt fast að ýmsum verkamönnum að ákæra mig. Aðgerðir hans voru í fegrunarskyni nefndar „að safna gögnum“.

Nokkrir menn, gamlir verkamenn í verksmiðjunni, komu til mín einn og einn í einu og játuðu með blygðun og hryggð, að þeir hefðu undirritað yfirlýsingar gegn mér,

yfirlýsingar, sem settar voru saman úr lygum og ágiskunum. Undantekningarlaust höfðu þeir gert það vegna hótana um, að það myndi hafa „slæmar afleiðingar“ fyrir þá að skrifa ekki undir. Auk þess heyrði ég, að hinn óþreytandi Los hefði sent menn til Dnepropetrovsk til að safna saman hneykslissögum um mig og föður minn. Hann lagði sérstaka áherslu á að sýna fram á, að nánin vinátta hefði verið með mér og Ratz, Beretskoj, Perlín, Richter, Borísov og fleiri námsfélögum mínum frá verkfræðingaskólanum, sem nú voru í klóm NKVD og þar af leiðandi þjóðniðingar.

Los rak ofsóknina með geysilegum hraða. Hann varð að ljúka Kravtsjenko-málinu án frekari tafa. Fall mitt átti að vera sá snagi, sem hann gæti hengt á ákærur gegn fjölda manna, sem á einn eða annan hátt höfðu haft samband við mig. Los og vinir hans óskuðu að „gera út af við mig“ tafarlaust. Þeim var það metnaðarmál, auk þess sem það var stjórnmálalega hagkvæmt. Að nokkrum dögum liðnum boðuðu þeir flokksnefnd verksmiðjunnar á sérstakan fund fyrir luktum dyrum til að taka mál mitt til nánari athugunar. Mér fannst ég vera eins og dýr, sem umkringt er af gjammandi hundum. Hringurinn varð þrengri og þrengri, gjammið færðist nær og nær.

Þessi fundur var líka haldinn í leikhússal verksmiðjunnar. Sú hugmynd, að leik-sýning — sýning á leikriti með siðalærdómum ráðstjórnarinnar — væri í þann veginn að hefjast, fékk byr undir báða vængi við það, að embættismennirnir voru látnir sitja í röðum á leiksviðinu undir rauðum fánum og myndum af flokksforingjunum og að kveikt var á lömpunum framan á leiksviðinu. Andrúmsloftið var napurt. Þrátt fyrir allar ákvarðanir mínar um að koma rólega og virðulega fram var hrollur í mér og ég skalf frá hvirfli til ilja. Menn, sem skriðið höfðu fyrir mér fyrir nokkrum vikum, létu nú sem þeir sæju mig ekki.

Ég heilsaði engum sökum ótta við, að kveðju minni yrði ekki tekið, og settist í örvæntingu einstæðingsins aftast í salinn.

Aðeins tveir af kunningjum mínum áræddu að koma til mín. Það voru Sílínín og Gúshtsjín, báðir almennir verkamenn og báðir rosknir. Aldur þeirra hafði sýnilega verndað þá gegn of mikilli þjálfun í „bolsévíkafestu“.

„Óttist ekki, félagi Kravtsjenko,“ sagði Gúshtsjín og tók fast í höndina á mér. „Ef þér tapið málinu hér, þá mun borgarnefndin veita yður uppreist, eða umdæmisnefndin, svo framarlega sem ...“ það kom hik á hann.

„Svo framarlega sem hvað?“ spurði ég, þó að mér væri svarið ljóst.

„Svo framarlega sem þér hafið ekki verið handtekinn áður en málið kemur til þeirra.“

Í þetta skipti hafði Los haft viðbúnað til að koma í veg fyrir að verða truflaður í þeirri ofstækisfullu ákvörðun sinni að svæla enn einn „skemmdarverkamann“ út úr flokksnum. Allir, sem koma áttu fram á leiksviðið, höfðu lært setningarnar, sem þeir áttu að segja, og sett á sig merkiorðin, sem sögðu til um, hvenær átti að segja þær. Framreiðsluborð með vínföngum hafði verið sett upp í ganginum, og margir aðalleikaranna höfðu þegar drukkið í sig kjark. Hlutverk þeirra myndu því verða

leikin af meiri ákafa. Við Bratsjko horfðumst í augu. Hann brosti uppörvandi til mín og gaf mér bendingu, sem átti að merkja: „Látið ekki koma fát á yður. Enn er of snemmt að örvænta.“

Los sagði fram forleikinn. Ræða hans var snilldarverk af dylgjum og skírskotunum til lágra hvata. Hann kvað sök mína vera „að miklu leyti“ sannaða. Það væri „vafalaust“, að faðir minn væri „andstæður ráðstjórninni“ og virkur mensévíki. Einstök atriði skemmdarstarfsemi minnar myndu verða upplýst „á annan hátt“ og „annars staðar“. En væri það ekki einkennileg tilviljun, að jafnmargir af samstarfsmönnum mínum og vinum í verksmiðju minni, frá skólaárunum og í verksmiðjuhringnum sem raun væri á hefðu verið brytjaðir niður af reiddu sverði byltingarinnar, NKVD?

„Við höfum ekki enn í höndum sundurliðaðar staðreyndir, sem sanna, að Kravtsjenko sé samsekur þeim,“ sagði hann. Raddblærinn gaf í skyn, að enginn vafi væri þó á, að svo væri, en það þyrfti aðeins tíma til að sanna það. „Okkur hafa borist þó nokkrar skýrslur, og er aðalefni þeirra það, að Kravtsjenko sé kænlega grímuklæddur þjóðniðingur, sem bolar burt kommúnistum og safnar að sér stéttaróvinum. Óskar nokkur að taka til máls?“

Margir réttu upp hendurnar. Í þetta skipti voru frásagnir Makarovs, Shajkevítssj og Júdavíns betur undirbúnar. Jasenev bættist í hóp þeirra. Sama var að segja um fulltrúa verkalýðsfélaganna í verksmiðju minni, Balabín. Hann hafði aldrei fyrirgefið mér „skemmdarstarfsemi“ mína gegn „stjórn málauppeldi“ hans á verkamönnunum og lýsti nú átakanlega, hvernig ég hefði rífið spjöld af veggjunum í verksmiðjunni til að vernda fjandmenn stakhanovismans. Til stuðnings þessum ræðum var æfður talkór meðal áheyrendanna, sem hrópaði: „Þetta er rétt! Losum okkur við hann! Kastið honum út!“

„Jæja. Er nokkur staddur hér, sem óskar að taka málstað Kravtsjenkos?“ spurði Los. Hann þurfti ekki að bæta við: „Þið gerið það á eigin ábyrgð.“ Það heyrðist greinilega á rödd hans.

„Ég óska þess,“ sagði Gúshtsjín og stóð upp. Augu allra beindust að honum í furðu, reiði og aðdáun. „Ég óska þess,“ sagði hann, „vegna þess að öll ákæran á hendur þessum unga og duglega félagar er hugarfóstur ofhitaðs heila. Kravtsjenko er sonur verkamanns og gamals byltingarmanns. Allt annað, sem sagt hefur verið um föður hans, er lygi og þvættingur. Auk þess er hann fullorðinn maður og ber sjálfur ábyrgð á sér. En það er annað, sem mig langar til að segja ykkur, félagar. Jasenev boðaði mig inn í skrifstofu sína og krafðist þess, að ég undirritaði ákæru á hendur Kravtsjenko. Þegar ég neitaði því, bölvaði hann og hafði í hótunum við mig. Af þessu getið þið ráðið, hvers virði hinar ýmsu ákæru eru!“

„Það er lygi,“ öskraði Jasenev.

„Lygi! En sú frekja!“ heyrðist eins og bergmál frá Makarov og klíku hans.

„Nei, það er sannleikur, félagar. Þið vitið, að ég er orðinn of gamall maður og hef verið of lengi bolsévíki til þess að ljúga upp svona hlutum. Ég er verkamaður, og

ég er ákveðinn flokksmaður. En þessi ofsókn gegn einum af bestu og heiðarlegustu framkvæmdastjórunum okkar er hneyksli.“

Nú komst allt í uppnám. Karlar og konur hrópuðu hvert í kapp við annað. Innihald flaskanna á framreiðsluborðinu sagði til sín. Myndirnar á veggjunum af Stalín, Molotov og Kalínín, sem blettaðar voru af flugnadrit, horfðu mállausar niður á leiksviðið. Siðalærdómurinn hafði truflast við það, að þverúðarfullur áheyrandi hafði ruðst upp á leiksviðið!

Þegar komið hafði verið kyrrð á aftur, kvaddi Bratsjko sér hljóðs. Hann varði mig gegn ásökununum um skemmdarstarfsemi. Hann sagði, að öll þau verkfæri, sem starfsdeild mín hefði óskað eftir, hefðu verið nauðsynleg, þó að sum þeirra hefðu ekki verið notuð vegna breytinga á framleiðsluáætluninni, sem ég ætti enga sök á.

„Leggið fyrir okkur sannanirnar! Hvar eru þessi frægu skjöl?“ greip Los fram í.

„Ég hef skjölin að vísu ekki með mér, en ég held, að við munum finna þau. Ef Kravtsjenko er sekur, þá er ég sekur sem yfirmaður hans, þá er Víshnev sekur sem yfirverkfræðingur, þá eru Trúbostal í Kharkov og ráðuneytið í Moskvu sek, því að það eru stofnanirnar, sem hafa ákvörðunarréttinn yfir starfsemi okkar. Félagar! Ég blygðast mín, þegar ég horfi á ykkur. Er þetta flokksfundur eða hópur blóðþyrsts skríls? Erum við lærisveinar Leníns eða hópur kvalaþyrstra manna? Og hver hefur leyft að selja áfengi hér, á meðan flokksfundur stendur yfir? Ég bið ykkur, félagar, um að nota skynsemi ykkar. Þetta er ekki skopleikur, sem litlu máli skiptir. Hér er um að ræða líf eða dauða eins af félögum okkar!“

Þegar hér var komið heyrðist til þrumandi raddar aftast í salnum. Hún yfirgnæfði ástríðuþrungna hvatningu Bratsjkos og hávaðann í salnum. Allir sneru sér við til að sjá, hver kominn væri. Í dyrunum stóð Dorogan, yfirmaður NKVD í Níkopol. Hann var stór og gildvaxinn, með stórskorið og grófgert andlitsfall og kuldaleg og sviplaus augu. Hann stóð þarna eins og skopmynd af gleiðglenntum risa og vó salt á tánum. Hann vaggði eins og dufl í öldugangi. Í vinstri hendinni hélt hann á Mauser-skammybyssu, en vindling í þeirri hægri. Dorogan brosti gleðilausu brosi. Hann var háðslegur á svip.

„Viðkvæmni, félagi Bratsjko!“ sagði hann hátt. „Þetta er þá vel valin stund fyrir svona slefu!“

Hann horfði hægt í kringum sig á áheyrendasvæðinu. Bratsjko flýtti sér að ljúka máli sínu, sem var dálítið endasleppt. Los fór nú að auka hraðann í leiknum. Eins og flestir aðrir í salnum gerði hann ráð fyrir, að Dorogan væri kominn til að handtaka mig, þegar „skopleikurinn“ væri á enda.

„Nú er nóg komið. Við skulum binda endi á þennan leik og reka þennan fjandmann úr flokknum!“ hrópaði einhver. Mér heyrðist það vera Makarov.

„Nei, félagar,“ svaraði Los, „Kravtsjenko á rétt á að segja síðasta orðið, ef hann óskar þess. Hann hefur fimm mínútur til umráða.“

Ég gekk upp á ræðupallinn. Ég hafði búið mig undir þessa stund, en mér hafði

ekki dottið í hug, að mér yrði veittur svo stuttur ræðutími. Þar eð ég varð að þjappa saman röksemdafærslu minni, hlaut ég að veikja hana. Ég fann, að ég hafði ekki full not af tækifærinu. Á meðan ég var að tala, gat ég ekki haft augun af Dorogan, sem enn stóð og vaggaði sér háðslega í dyragættinni. Ég vissi, að allir áheyrendur mínir, að allir á pallinum veittu þessu akfeita tákni lögregluríkisins meiri athygli en orðum mínum.

„Ég blygðast mín ekki fyrir föður minn, ég er hreykinn af honum,“ sagði ég að lokum. „Ég ber ekki fram neinar afsakanir vegna verkfæra þeirra, sem talið er að ég hafi „hamstrað“. Ef til vill geta þau sannað ódugnað — minn eða annarra — en ekki skemmdarstarfsemi. Ef ég er sekur, þá er allur verksmiðjuhringurinn sekur, allt ráðuneytið. Það eru þeir, sem ákveða, hve mikið skuli framleitt. Að lokum vil ég segja þetta: Hér er ekki aðeins um mig að ræða. Mergur málsins er, að þið ætlið að eyðileggja saklausan mann. Ég lýsi því yfir, að ég er saklaus. Veitið mér aðeins tíu daga frest til að safna saman fleiri sönnunargögnum.“

Ég var að ganga niður miðganginn og horfði framan í Dorogan, þegar atkvæðagreiðslan hófst. Viðurvist hans ein var nægileg til þess að vekja ótta hjá mönnum.

Aðeins sex greiddu atkvæði á móti brottrekstrinum. Los tók ekkert tillit til þeirra. „Þessi fundur mælir einróma með því, að borgarnefndin reki Víktor Andrejevítsj Kravtsjenko úr flokknum,“ tilkynnti hann.

„Jæja. Ætlið þér að áfrýja?“ spurði Dorogan mig, þegar ég kom að honum.

„Já, auðvitað,“ svaraði ég. „Ég ætla að senda félaga Ordzhoníkídze símskeyti og mótmæli til Kharkov og Moskvu. Og á morgun ætla ég að áfrýja til borgarnefndarinnar.“

„Kravtsjenko,“ hann saug vindling sinn og blés reyknunum hægt út úr munnum áður en hann lauk við setninguna, „ég segi yður það alveg satt, að það er illa gert að ónáða svo marga menn ...“

Ég gekk út í myrkrið. Nóttin var nístandi köld, en ég hneppti ekki einu sinni yfirhöfninni að mér. Ég virtist hafa misst hæfileikann til að finna til. Ég leit í kringum mig fullviss um að sjá bifreið frá NKVD bíða eftir mér. Nokkrir aðrir menn höfðu hlaupið út til þess að horfa á, þegar ég yrði handtekinn. Þeir urðu ruglaðir, næstum því vonsviknir, þegar ekkert gerðist. Ég gekk heim á leið. Allt í einu kom ég auga á tvo menn, sem stóðu hjá götuljósi. Ég sá andlit þeirra ekki greinilega. Ef til vill átti þrátt fyrir allt að handtaka mig. Ég nam staðar.

„Víktor Andrejevítsj, það erum við, vinir yðar,“ sagði annar maðurinn.

Það voru Gúshtsjín og Sílínín.

„Ég er ykkur innilega þakklátur. Þið eruð sannarlega vinir mínir, að þið skuluð bíða eftir mér á þessari stundu.“

Þeir fylgdu mér spölkorn á leið, létu í ljós samúð sína með mér og reyndu að sefa mig. Þegar ég kom heim, gekk ég herbergi úr herbergi, eins og ég væri að leita huggunar. Ég skrifaði símskeyti til Ordzhoníkídzes, en reif það síðan í sundur. Ég var aðeins einn af milljónum. Að hvaða leyti var óhamingja mín frábrugðin ógæfu

hinna? Hvað gat ég sagt stjórnmálanefndarmanni Stalíns, sem honum var ekki kunnugt um? Því næst leitaði ég enn einu sinni í skrifborði mínu, eins og ég hafði gert hundrað sinnum, í von um að finna eitthvert pappírsglaði, sem ég gæti notað sem „sönnunargagn“. Sönnunargagn um hvað? Ég gat varla svarað því.

Að lokum kastaði ég mér örmagna á rúmið í öllum fötunum. Til hvers var að klæða sig úr fötunum, ef ég þyrfti ef til vill bráðlega að klæða mig í þau aftur og ganga á undan lögregluþjóni á vald örlaga minna? Ég sofnaði ekki, eða réttara sagt, líkami minn svaf, en hugur minn hélt áfram að vera vakandi og athugaði eins og í sótthita eina hugsun frá öllum hliðum. Hugur minn lék sér næstum því blíðlega að henni, og ég varð gagntekinn af eins konar móðursjúkum fögnuði. Það var hugsunin um að skjóta kúlu gegnum höfuðið á mér. Ég trúir því enn í dag, ef líkami minn hefði ekki verið lamaður af þessu ástandi milli svefns og vöku, ef hann hefði ekki haft sjálfstæðan vilja, að þá myndi ég hafa skotið mig.

Þessi einkennilega klofning líkama og anda, þar sem hvor um sig hafði sjálfstæðan vilja og átti í harðri baráttu um yfirráðin, var mér ókunn áður. Síðar átti ég eftir að kynna henni vel. Ég átti eftir að athuga hana nærri því eins og „ég“ væri hlutlaus áhorfandi, sem stæði á sama um leikslokin. Á meðan ég lá þarna alklaðdur á rúminu, lék andi minn sér að þessari freistandi hugsun. Þú tekur í gikkinn, og öllu er lokið, örlið hreyfing, og Dorogan, NKVD og stjórnmálanefnd Stalíns eru öll úr leik. Þau verða máttlaus. Hroki þeirra verður gerður hlægilegur af vísifingri hægri handar, sem gælir lítills háttar við agnarsmátt málmstykki. ...

Í gegnum þessa sætbeisku draumóra heyrði ég að barið var á gluggann hjá mér. Það var ekki barið fast, en ég heyrði það samt þegar í stað, af því að ég hafði alltaf búist við því. Líkami minn brást við því eins og hann hefði borið ofurliði anda minn og náð undirtökunum í þessari hörkulegu baráttu um yfirráðin. Þeir eru þá komnir til að sækja mig. Það er úti um ...

Glaðvakandi, meira að segja einbeittur, gekk ég að dyrunum og hratt þeim upp. Fyrir framan mig stóð ekki einkennisklaði lögregluþjónninn, sem ég hafði búist við, heldur verkamaðurinn Kírjúshkín! Hinn fámáli fyrirverandi bóndi og hermaður úr Rauða hernum, sem hafði haft kjark til að rétta ekki upp höndina, þegar greidd voru atkvæði um nýju „starfsreglurnar“.

„Gerid svo vel að koma inn, félagi Kírjúshkín,“ hrópaði ég glaður. „Hvers vegna komið þér hingað um miðja nótt?“

„Ég held það sé best, að ég fari ekki inn,“ sagði hann. „Ég óhreinka gólfábreiðuna. Ég kem gangandi frá vinnunni, eins og þér sjáið. Veðrið er viðbjóðslegt.“

„Hirðið ekki um gólfábreiðuna. Komið inn. Réttið mér yfirhöfnina yðar. Hvað segið þér um glas af tei? Hvernig funduð þér hús mitt?“

„Það er ekki erfitt að hafa upp á yður, Víktor Andrejevítj. Það er ekki eins og ef þér ætlðuð að leita að mér í bröggnum. Já, þá kem ég inn.“

„Talið ekki svona. Þegar ég vann í námunum forðum, bjó ég í bröggum, sem

voru verri en yðar. Auk þess mun ég sennilega innan skamms flytja í skrautlegan fangaklefa.“

„Það er ástæðan til þess að ég kom, Víktor Andrejevítj. Orðrómurinn um ólán yðar barst til okkar í næturvinnuflokknum. Verkamennirnir eru allir leiðir yfir því. Þeir virða yður og kenna í brjósti um yður. Sjálfum finnst mér — hvernig á ég að koma orðum að því? — þér eruð mér mikils virði. Þér skuluð ekki halda, að það sé vegna þess, að þér létuð mig fá betri starfa, þó að ég komist dálitlu betur af nú. Það er af því, að þér vöktuð hjá mér mannlegar tilfinningar á döprustu stundum ævi minnar. Ég er ekki menntaður maður, Víktor Andrejevítj, en ég skil hitt og þetta. Ég er hugsandi maður. Stundum hugsa ég um byltinguna og ræðurnar og allt hitt, og hræsni lífsins gerir mér gramt í geði. Þá hugsa ég um, hvernig þér komuð fram við mig, og mér líður betur. Ég segi við sjálfan mig, að ekki sé allt hismi, það leynist hveiti innan um.“

Ég hitaði te og bar það fram með sykri og sítrónu. Kírjúshkín dreypti hægt á því.

„Vitið þér,“ sagði hann, „að þetta er í fyrsta sinn í fjögur ár, sem ég bragða te með sítrónu. ... En til hvers kom ég? Ég er maður frá gamla tímanum og of lítill-fjörlegur til þess að vekja athygli. Þar sem ég hef engu að tapa, hef ég fátt að óttast. Hvernig er það, sem þið kommúnistarnir orðið það? Engu að tapa nema hlekkjunum. Stundum getur mús gert það, sem ljón getur ekki framkvæmt. Hvað sem öðru líður, Víktor Andrejevítj, nú er komin röðin að mér að hjálpa yður eftir bestu getu, og hér er ég.“

Ég hugsaði með sjálfum mér: Nú hefur hann áreiðanlega þörf fyrir tryggan vin. Ég er engin hetja, en ég er reiðubúinn til að taka á mig áhættu, ef nauðsyn krefur. Ef til vill þurfið þér að leyna einhverju eða senda einhverjum skjöl eða hættuleg skilaboð. Ég þekki ekki kenningar stjórnmálanna, en ég þekki hvernig þau eru í reyndinni, og ég er reiðubúinn að liðsinna yður. Þér getið treyst mér. ...“

Þrátt fyrir áhyggjur mínar gat ég ekki varist hlátri. Hvílik manngæska og hvílikar tilfinningar leyndust í þessum óbrotna, hógværa verkamanni! Með sínum einfalda hugsunarhætti bjóst hann við, að ég hefði ef til vill í raun og veru einhverju að leyna, að ég þarfnadist ef til vill vitorðsmanns.

„Hlustið nú á mig, Kírjúshkín, og trúið því, sem ég segi. Ég er ekki skemmdarverkamaður. Ég hef engu að leyna. Látum lögregluþjónana aðeins koma. Það er ekkert tortryggilegt á heimili mínu, og samviska mín er góð.“

„Ég hef ekki sagt, að þér væruð skemmdarverkamaður. En ef ...“

„Ég vil að þér skiljið það, Kírjúshkín, að þér hafið þegar gert mikið fyrir mig. Ég mun minnast yðar alla ævi. Heimsókn yðar nú verður dýrmætasta endurminningin, sem ég tek með mér frá Níkopoi.“

Hann ætlaði að fara, en ég hélt í hann, og við töluðum um ævi hans og vinnufélaga hans í meira en klukkustund. Síminn hringdi hvað eftir annað. Menn frá verksmiðjunni langaði til að vita, hvort ég væri ennþá heima og hvernig mér líði, án þess að segja til nafns síns. Ég spurði þá ekki nafns. Þetta var venjulega aðferðin

til að fá fréttir um, hvort einhver, sem þeim var vel við, hefði verið handtekinn eða ekki. Þegar Kírjúshkín var farinn, hugsaði ég lengi um hann. Það eru margar milljónir slíkra manna í því Rússlandi, sem ég elska, hugsaði ég. Þeim er ekki betur en mér við menn eins og Dorogan og Gershgorín og húsbændurnar í Moskvu. Þeir bíða eftir tækifæri til að ná þeim réttindum, sem þeim ber. Þeir láta ekki leika á sig, áreiðanlega ekki.

Hið langa viðtal við Kírjúshkín og einkennilegt tilboð hans um að leggja sig í einhverja dularfulla hættu vegna mín höfðu hresst mig við. Ég ákvað að leita enn einu sinni hátt og lágt í húsinu, í síðasta sinn. Eins og mér væri stjórnað af nýjum innblæstri, gekk ég að skáp, þar sem hrúgað var upp ýmsum munum, sem lagðir höfðu verið til hliðar. Efst á hrúgunni lá skjalataska. Ég hafði síðast notað hana fyrir mörgum mánuðum, á ferð minni til Moskvu, og þegar ég kom heim hafði ég tæmt hana og lagt hana til hliðar. Nú opnaði ég hana af tilviljun og aðeins til að leita af mér allan grun. Hún var tóm. Ég lokaði henni og ætlaði að fara að henda henni aftur inn í skápinn.

En þá hikaði ég — ég veit ekki af hvaða ástæðu — og opnaði hana aftur. Í þetta skipti athugaði ég hliðarhólfid og þar — segið að kraftaverk gerist ekki! — lágu uppköstin að og eftirritin af verkfærapöntunum, sem ég hafði verið að leita að. Ég starði vantrúaður á þvæld og óhrein blöðin. Nú þekkti ég tilfinningar þeirra, sem vinna hæsta vinning í happdrætti.

Meðal skjalanna voru eftirrit af útreikningum, sem aðalframkvæmdastjóri Olíuhringsins hafði gert í samræmi við þær áætlanir, sem síðar hafði verið dregið úr. Þeir hlutu að sanna hverjum manni með heilbrigða skynsemi, að magn varahluta þeirra og verkfæra, sem pöntuð höfðu verið, var fullkomlega réttmætt og í samræmi við upphaflegu áætlanirnar. Hinar raunverulegu pantanir voru undirritaðar af Víshnev, eins og ég hafði gert ráð fyrir. Öll hin heimskulega ákæra á hendur mér virtist nú fallin um sjálfa sig.

Ég gat ekki sofnað af áhuga á að geta sagt Bratsjko þessar góðu fréttir, en þó einkum Víshnev, því að örlög okkar hefðu sennilega orðið þau sömu. Ég fór fyrst inn í skrifstofu Bratsjkos. Með uppgerðar kæruleysi henti ég skjölunum á skrifborð hans.

„Hérna eru þau, Pjotr Petrovítsj,“ sagði ég.

„Hvað? Skjölin?“

„Já, bannsett skjölin.“

Aðalframkvæmdastjórinn var lengi að lesa þau. Smátt og smátt birti yfir andliti hans, og að lokum brosti hann glæðlega.

„Víktor Andrejevítssj, þér eruð allra manna heppnastur! Þér hljótið að vera fæddur undir hamingjustjörnu. Vesalings Víshnev verður strax að fá að vita þetta. Hann er nærri því búinn að missa vitið. Ég er glaður yðar vegna, hans vegna og vegna mín sjálfs.“

Þegar ég kom inn í verkstæðin, störfu verkamennirnir undrandi á mig. Orð-

rómur um handtöku mína hafði breiðst út um borgina um nóttina eins og eldur í sinu. Margir þeirra brostu uppörvandi til mín. Nokkrir þeirra fundu átyllu til að segja við mig nokkur vingjarnleg orð, um leið og ég gekk framhjá þeira.

Ég lét taka ljósmyndir af þessum dýrmætu skjölum og sendi Bratsjko eina samstæðu og Víshnev aðra. Þá þriðju sendi ég nánnum vini mínum ásamt mjög nákvæmri greinargerð fyrir ákærunum á hendur mér og hvernig þessi skjöl afsönnuðu þær. Ef ég yrði handtekinn, þá átti hann að senda miðstjórninni í Moskvu þessar sannanir um sakleysi mitt.

Ég skrifaði Ordzhoníkídze og skýrði honum frá raunum mínum. Ég skýrði einnig Ívantsjenko, aðalframkvæmdastjóra Trúbostals, frá hinum upplögnum ákærum á hendur mér. Því næst skrifaði ég hina reglubundnu áfrýjun til borgarnefndarinnar um að fella úr gildi úrskurð verksmiðjunefndarinnar. Fíllíne kallaði strax saman framkvæmdastjórn borgarnefndarinnar.

Kravtsjenko-málið hafði þegar hér var komið vakið allmikla eftirtekt og umtal í Níkopol. Staða mín sem framkvæmdastjóra einnar af stærstu pípuverksmiðjum landsins var aðeins að nokkru leyti ástæða til þess. Það, sem meiru réð í því efni, var, með hve óvenjulegum kjarki og einbeitni ég hafði varið mig.

Mér er nær að halda, að frægt sú, sem ég hlaut af þessu, hafi bjargað mér á síðustu stundu. Þar eð ofsóknin gegn mér hafði verið hafin opinberlega, var óþægilegt fyrir lögregluna og flokkinn að ljúka henni leynilega. Yfirvöldin höfðu — á þeim röngu forsendum, að þau hefðu staðið mig að því að hafa dulið mensévíka-faðerni mitt, leynt verðmætum vélahlutum og verkfærum og haldið um mig hirð af „þjóðniðingum“ — ákveðið að eyðileggja mig opinberlega og „löglega“. Það var herstjórnskýssa, sem Dorogan, Los og fylgifiskar þeirra sögðu mér brátt, að þeir iðruðust sárlega að hafa gert sig seka um.

Öll framkvæmdastjórn borgarnefndarinnar var viðstödd í flokkshöllinni við aðalgötu Níkopol, þegar mál mitt var tekið fyrir. Að undanteknum Dorogan og Bratsjko voru aðeins í henni nýir menn. Á tæpum tveim mánuðum hafði hreinsunin sópað burt æðstu flokksstjórninni í mikilvægu verksmiðjuhverfi.

Los reifaði málið gegn mér og byrjaði auðvitað á mensévíka-faðerni mínu. Fíllíne hlustaði á mál hans til enda og las því næst upp þau bréf og vottorð, sem faðir minn hafði aflað sér.

„Þetta eru yfirlýsingar frá góðum kommúnistum, sem eru ósamþykkir Kravtsjenko eldri í stjórnmálum,“ sagði hann. „Það veitir vætti þeirra meira gildi. En ég hef líka fengið með póstinum í dag nokkur merkileg skjöl, eftirrit af skýrslum leynilögreglu keisarans og fangelsisskýrslum um byltingarstarfsemi föður þessa félaga. Hér eru þau, ef einhvern langar til að athuga þau. Ég hef lesið þau vandlega. Það er alveg augljóst mál, að hann hefur verið óflokksbundin byltingarhetja og ekki mensévíki.“

Dorogan hleypti brúnum og reykti í ákafa. Hvað var hann að hugsa og gera áætlunum? Sú hugsun kvaldi mig allan fundartímann. Málið gegn mér hafði

áreiðanlega ekki verið tilbúið án þátttöku NKVD. Myndi Dorogan sleppa fórnardýri sínu?

Los sneri sér að aðalákærunni. „Bæði Bratsjko og Kravtsjenko töluðu um skjöl, sem afsönnuðu staðhæfinguna um skemmdarverk,“ sagði hann, „en þeir geta aðeins skrafað.“

„Nei, félagi Los,“ tók Bratsjko fram í fyrir honum. „Við höfum sannanirnar á reiðum höndum. Hér eru þær!“

Dorogan varð svo hissa, að hann stökk á fætur, en hikaði við og settist aftur. Los stóð kyrr með opinn munninn, en kom engu orði upp. Bratsjko lagði skjölin á borðið og sýndi fram á í stuttu máli, hversu gjörsamlega þau gerðu að engu ákæruna á hendur mér og þar af leiðandi sams konar ákæru á hendur Víshnev.

Fillíne dró ekki dul á ánægju sína.

„Mér virðist það augljóst, að þetta hreinsar Kravtsjenko algjörlega,“ sagði hann.

Fundurinn stóð enn í margar klukkustundir. Los þuldi upp nöfn á verkfræðingum, iðnfræðingum og starfsmönnum, sem handteknir höfðu verið og hann staðhæfði að verið hefðu vinir mínir. Ákafi hans í að fá mig úrskurðaðan sekan var svo augljós og magnaður, að Dorogan, sem fannst hann ganga nærri embættisheiddri sínum, muldraði: „Los, þér ætlið að gera mig atvinnulausan. ...“ Allir hlógu, nema Los, sem varð eins og rauðrófa í framan. Það tiltæki, sem hann í metnaðargirni sinni hafði haldið að myndi bera ljóst vitni um einstaka árvekni hans, virtist hafa borið upp á sker, og það var skiljanlegt, að hann væri óglaður. Ef það hefur verið tilgangur hans að auka álit sitt hjá flokknum og NKVD með því að veiða stóran fisk í gruggugu vatni hreinsunarinnar, þá hafði það mistekist hrapallega.

Þegar búið var að leggja fram „sannanirnar“, létu ýmsir úr framkvæmdastjórninni álit sitt í ljós. Flestir þeirra voru því meðmæltir, að mér væri veitt „uppreist æru“. En það er sorglegur sannleikur, að sannanirnar, sem lagðar voru fram, og annmarkarnir á ákærunni höfðu ekki haft eins mikil áhrif á þá og viðhorf og festa Fillínes. Hann hafði ákveðið stefnuna, og hinir fetuðu varlega í fótspor hans. Að lokum var mér heimilað að segja nokkur orð.

„Ég hef aðeins litlu við að bæta, félagar,“ sagði ég. „Það er satt, að margir, sem hafa starfað með mér, hafa verið handteknir. En auðvitað ræð ég menn og segi þeim upp eftir því, hve hæfir þeir eru til starfans. Það er ekki mitt verkefni að meta stjórnmalafortíð þeirra. Ég treysti því, að hinn rétti aðili, félagi Dorogan, geri það, sem nauðsyn krefur í öðrum efnum en þeim, sem snerta vinnu mannanna.“

En mig langar til að benda á, hvað við getum lært af þessu máli gegn mér. Hvað myndi hafa orðið, ef skjölin hefðu ekki fundist? Hvað, ef skjalasöfn keisarátímabilsins hefðu eyðilagst? Þá myndi mér hafa verið refsað saklausum. Ég leyfi mér að láta á ljós von um, að við verðum í framtíðinni varkárari við að varpa fram alvarlegum ásökunum á hendur félögum okkar.“

Dorogan gretti sig af vanþóknun.

Bratsjko flutti tillögu um, að tilmælum verksmiðjunefndarinnar um brottrekstur

væri hafnað. Tillaga hans var samþykkt, en Los og Dorogan greiddu ekki atkvæði. Þá bar einhver fram aðra tillögu — að Kravtsjenko yrði víttur. Hann rökstuddi tillöguna með því, að ég hefði komið dónalega fram við starfsmenn flokksins og verkálýðsfélagsins, þótt ég hefði verið sýknaður af aðalákærunum, og ætti skilið að „setja lítils háttar ofan“. Þetta áttu augsýnilega að vera smyrsl á sjálfsvirðingu Dorogans.

Mér til mikillar undrunar greiddi jafnvel Fíllíne atkvæði með áminningunni. Ég gat ekki skýrt það með öðru en hinni sívaxandi ygglibrún á stórskorinu andliti Dorogans. Enda þótt Fíllíne hefði til þessa reynst mér hliðhollur, kom hann nú fram sem hinn reyndi kommúnisti til að láta NKVD fá sárabætur. Ég mótmælti áminningunni, en árangurslaust.

Við Bratsjko urðum samferða heim. Við vorum vel ánægðir með endalokin, þó að áminningin angraði mig. Hún var blettur á mannorði mínu, sem ekki var auðvelt að þurrka burt.

„Í guðanna bænum, Víktor, kærið yður kollóttan um hana,“ sagði Bratsjko mér til hughreystingar. „Þér hafið bjargað lífinu, og það er aðalatriðið. Guði sé lof, að þér eruð ennþá lifandi og frjáls ferða yðar.“

Langt fram á nótt sat ég við að skrifa bréf til vina minna, fjölskyldu minnar og yfirmanna í Kharkov og Moskvu og skýra þeim frá „láni“ mínu. En ég var alls ekki fullkomlega öruggur. Það var til of mikils mælst, að NKVD léti mig í friði.

Sú hagstæða stefnubreyting, sem orðið hafði á máli mínu, var undantekning. Um allt Rússland varð hreinsunin enn æðisgengnari en áður. Í Moskvu var nú verið að halda sýningaryfirheyrslurnar yfir Radek, Sokolníkov, Pjatakov og öðrum gömlum bolsévíkum. Í heila viku voru margar síður í dagblöðunum fullar af hinum hræðilegu „játningum“ þessara manna. Síðar kom að hinu óhjákvæmilega dómsorði og aftökum.

Í verksmiðju okkar, eins og í öllum öðrum fyrirtækjum í landinu, voru kvaddir saman fjöldafundir til að fagna útrýmingu þessara skemmdarverkamanna, njósnara og „óðu hunda“. Los las upp hina fyrirfram sömdu fundarályktun. Hún hljóðaði þannig: „Við verkamenn, starfsmenn og verkfræðingar við málmvöruverksmiðju Níkolpol fögnum dómum ráðstjórnardómstólsins yfir þjóðníðingunum. Árvekni flokksins og stjórnarinnar hefur útrýmt njósnurum þeim og auðvaldserindrekum, sem ógnuðu farsælu lifi þjóðar okkar undir Stalín-stjórnarskránni. Lengi lifi ástsæll foringi okkar og lærifaðir, félagi Stalín!“

Þær þúsundir karla og kvenna, sem þarna voru samankomnar, réttu upp hendurnar í auðmýkt. Hljómsveitin lék Internationalinn. Rauð spjöld, sem fest voru upp um allan salinn, dásömuðu hið „farsæla líf“ fyrir þessum vinnulúna, vanmetta og sinnulausa fjölda. Sumir geispuðu, einstaka sofnaði, meðan ræðumennirnir þuldu forystugreinar morgunblaðanna, sem voru hins vegar upptugga úr forystugreinum Moskvublaðanna. Að lokum var forskriftunum fullnægt og menn héldu aftur til

heimila sinna eða vinnustaða. Þeir höfðu ekki sannfærst, og þeim var þetta ekki heldur sérlega hugleikið.

Ef nokkur maður í Rússlandi hefur í einlægni trúað þessum fjarstæðu „járn-ingum“, þá hefur hann að minnsta kosti ekki orðið á vegi mínum. Það var fyrst þegar ég kom til útlanda, mörgum árum seinna, að ég varð þess áskynja, að margir útlendingar, einkum „frjálslyndir“ Vesturheimsmenn, höfðu gleypst þessa lostætu beitu með öngli, færi og flotholti og að kvikmyndafélag í auðvaldsríki hafði í raun og veru gert heimskulega og fávíslega kvikmynd, þar sem gengið var að því vísu, að þjóðsögur NKVD væru sannleikur!

Afsakborningunum í síðustu sakamálaferlunum í Moskvu var Pjatakov sá maður, sem ég þekkti best, þar eð hann hafði verið helsti aðstoðarmaður Ordzhoníkídzes. Ég hafði oft heimsótt hann í viðskiptaerindum, og ég hafði tekið þátt í ráðstefnum, sem hann stjórnaði. Hann var hávaxinn, virðulegur maður, með mikið, strítt skegg og hátt, hvelft og gáfulegt enni. Ákvarðanir hans voru öruggar og heiðarlegar, hvort sem var í einkaviðtölum eða á ráðstefnum. Þar eð hann lét sér aldrei nægja mat annarra á tæknilegum atriðum, tók hann jafnan fram reikningskvarða og reiknaði út og sannprófaði allt af mestu nákvæmni, áður en hann tók ákvarðanir um framkvæmdir og útgjöld.

Sá Pjatakov, sem ég þekkti, líktist ekki að neinu leyti þeim „glæpamanni“, sem speglaðist í yfirheyrslunum eða í þeim þvættingi, sem ég mér til mikillar undrunar las seinna í kynlegum bandarískum reyfara, sem nefndur var *Sendiför til Moskvu* (Mission to Moscow). Vegna starfs míns og verkfræðilegra viðskipta hitti ég bókstaflega hundruð manna, sem höfðu náin kynni af þeim iðngreinum og sérstöku verksmiðjum, þar sem „skemmdarstarfsemi“ Pjatakovs átti sér stað, að því er sagt var. Auðvitað trúði ekki einn einasti þeirra orði af ákærunum, þó að margir þeirra gerðust verjendur málaferlanna af stjórnmálalegum ástæðum.

„Skemmdarstarfsemi“ sú, sem Pjatakov sjálfur játaði, átti sér aðallega stað í byggingariðnaðinum. Sá embættismaður, sem bar ábyrgð á allri byggingarvinnu gagnvart Pjatakov, nefndist C. Z. Gínsbúrg og var yfirmaður stjórnar byggingarmála þungaiðnaðarins. Sérhvert smáatriði um slíkar byggingar fór um hendur hans. Það er allsendis óhugsandi, að skemmdarverk í jafnríkum mæli og ákærandinn Vyshínskíj skýrði frá hafi getað verið framkvæmd ár eftir ár án vitundar eða samþykkis Gínsbúrgs.

Samt var Gínsbúrg ekki handtekinn. Þess var vandlega gætt að nefna ekki nafn hans í réttarhöldunum, þó að byggingarstörf, sem hann hafði séð um sjálfur, væru rædd út í ystu æsar. Og eftir málaferlin gerði Stalín hann að þjóðfulltrúa yfir byggingariðnaðinum. Þegar ég sá Gínsbúrg síðast, var brjóst hans þakið heiðurspeningum, stjörnum og orðum. Við, sem fengumst við iðnaðarmál, gengum að því vísu, að Gínsbúrg hafi verið aðalákærandinn og að framleiðsla sönnunargagnanna við hina miklu yfirheyrslu hafi verið árangurinn af hinni frábæru byggingarstarfsemi hans. Hann var leiðbeinandi Vyshínskíjs ákærandi.

Annar maður, sem hafður var til sýnis í réttarhöldunum og ég hafði sjálfur þekkt í mörg ár, var Níkolaj Golúbenko. Hann var tekinn af lífi í Kharkov án opinberrar réttarrannsóknar. Honum hafði verið falið það skáldlega hlutverk að vera yfirmaður „ofbeldismiðstöðvar“, sem hafði það markmið að myrða þá, sem sátu í stjórnmálanefndinni, og það var talið, að hann hefði játað fyrirætlanir um að myrða Kosíor stjórnmálanefndarmann og Postyshev, ritara kommúnistaflokks Úkraínu. Skömmu eftir að Golúbenko hafði verið tekinn af lífi fyrir þennan „glæp“, handtók NKVD bæði Kosíor og Postyshev. Ringlaðir flokksmenn hlutu að halda, að þessir tveir nánú samverkamenn Stalíns hefðu myndað samsæri með Golúbenko um að undirbúa tortímingu sjálfra sín.

Golúbenko hafði um stund verið framkvæmdastjóri Petrovskíj-Lenín verksmiðjuhringsins í Dnepropetrovsk. Ég hafði oft séð hann og átt tal við hann. Hann var einarður og hugaður maður, og hinn raunverulegi glæpur hans var, að hann mótmælti hinum sífelldu blóðsúthellingum. Þegar ég hitti hann síðast — hann var þá formaður ráðsins í Dnepropetrovsk — vissi hann, að örlög hans voru ráðin, að hann var lifandi lík. Það eitt getur skýrt, hve hreinskilnislega hann talaði við mig.

Hann sagði, að blóðbaðið í kommúnistaflokknum væri aðeins síðasta skrefið til að ryðja úr vegi allri sjálfstæðri hugsun, jafnvel sjálfstæðum tilfinningum í landi okkar. Hann kvað Stalín vera af ráðnum hug að framkvæma gagnbyltingu: þeim leifum af valdi, sem miðstjórn flokksins hefði ennþá, og þeim eftirstöðvum af áleti og áhrifum, sem sú kynslóð, sem framkvæmdi byltinguna, nyti enn, ætti að svipta frá þeim og afhenda stjórnmálanefndinni — það er að segja Stalín — sem einvöldum einræðisherra.

Golúbenko var ekki yfirmaður neinnar „ofbeldisklíku“. Ef slík klíka hefði verið til, myndi hún hafa framkvæmt að minnsta kosti eitt ofbeldisverk. En hann var andstæður gagnbyltingunni og fyrirleit einræðisherrann. Hið opinbera morð hans var því hvorki tilefnislaust né óskynsamlegt. Það var eitt af herbrögðum Stalíns í síðustu blóðugu baráttu hans fyrir ótakmörkuðu valdi.

Golúbenko, Pjatakov og ef til vill Kosíor og Postyshev voru aðeins „sekir“ í þeim skilningi, að þeir vildu ekki auðmjúklega samþykkja einræði Stalíns. Hinar ónafngreindu milljónir kommúnista og utanflokksmanna, sem var „rutt úr vegi“ í hreinsuninni miklu, voru ekki einu sinni sekar um þennan „glæp“. Mörgum árum seinna heyrði ég mér til skelfingar, að nokkrir óþokkar og heimskingjar erlendis nefndu fórnardýrin „fimmtu herdeild“. Það er furðuleg fjarstæða að nefna níu til tíu milljónir manna „fimmtu herdeild“, þar á meðal 60–80% af æðstu leiðtogum flokksins, æskulýðsfylkingarinnar, hersins, ríkisstjórnarinnar, iðnaðarins, landbúnaðarins og þjóðmenningarinnar.

Við málaferlin gegn Pjatakov var maður að nafni Shestov sakaður um að hafa ætlað að myrða R. Eikhe, ritara flokksins í Síberíu. Shestov var tekinn af lífi — og skömmu seinna var Eikhe, sem átti að hafa verið fyrirhugað fórnardýr hans, handtekinn. Matúlevítsj, hinn ötuli aðstoðarmaður Vyshínskíjs ákæranda, bardíst

af samviskuleysi og lævísí fyrir því, að sakborningarnir yrðu skotnir. Skömmu eftir málaferlin var Matúlevítsj sjálfum rutt úr vegi. Öll málaferlin voru undirbúin af Genríkh Jagoda, hinum miskunnarlausu yfirmanni NKVD, en Jagoda og helstu aðstoðarmenn hans voru skömmu síðar sjálfir handteknir og skotnir. Flestir þeirra manna, sem höfðu mótað Stalín-stjórnarskrána, voru nú dauðir eða læstir inni í fangelsum. Brátt kom að því, að æðstu foringjar Rauða hersins, þar á meðal hinn heimsfrægi hershöfðingi Tjúkhatsjevskíj, voru leiddir fyrir rétt, „yfirheyrðir“ fyrir luktum dyrum og skotnir. Ekki leið á löngu þar til næstum allir „dómarar“ þeirra voru líka skotnir. „Fimmta herdeildin“ náði sýnilega til allra, að undanteknum Stalín, Molotov og Davies, sendiherra Bandaríkjanna.

Þó að ég hefði komist klakklaust frá ofsóknunum gegn mér, að undantekinni áminningunni, leið mér afar illa vegna skelfinganna umhverfis mig, hinna endalaus handtaka og mannhvarfanna í verkstæðum mínum og skrifstofum. Ég sökkti mér niður í vinnuna, stundum fjórtán, átján, tuttugu klukkustundir samfleytt á sólarhring, til þess að forða mér frá að hugsa, til þess að bjarga viti mínu. Ég átti ekkert einkalíf, enga starfsgleði, enga von um bjarta framtíð fyrir sjálfan mig eða þjóð mína.

Þannig rann upp hinn hörmulegi dagur í febrúar 1937. Ég sat við skrifborð mitt og var að skrifa framleiðsluskýrslur til Ívantsjenkos í Kharkov og Ordzhoníkídzes í Moskvu, þegar einn af aðstoðarmönnum mínum ruddist grátandi inn til mín.

„Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann með ekka, „Sergo Ordzhoníkídze er dáinn! Hvílík ógæfa!“

Ég sat lamaður án þess að geta hreyft mig eða komið upp orði. Tár runnu niður vanga mína. Ég átti á bak að sjá vini og verndara.

Næsta dag hringdi Gershgorín til mín í síma. „Hvílík sorg,“ sagði hann, „verndari yðar í Moskvu er látinn. Það er ef til vill best, að við hittumst bráðlega og röbbum dálítið saman um hitt og þetta.“ Flóðgarðurinn hafði brostið. Brimlöðrið ólgaði umhverfis mig.

16. kafli: Í leit að réttlæti

ÉG HAFÐI VERIÐ BEÐINN um að halda ræðu á fjöldafundi þeim, sem haldinn var í verksmiðjunni til minningar um Ordzhoníkídze. Í þetta skipti gat ég talað af heilum hug á fundi í Ráðstjórnarríkjunum. Það voru liðin sjö ár síðan Ordzhoníkídze hafði bent á mig til að menntast sem einn af „iðnfræðilegu menntamönnunum okkar“. Á þessum árum hafði hann uppörvað mig og verndað af nærri því föðurlegri umhyggju, og mér var kunnugt um, að ég var einn af þúsundum, sem hann hafði hlúð þannig að og látið starfa í þágu þjóðarinnar.

Saknaðartilfinning mín hlýtur að hafa smitað áheyrendurna, því að tugir þeirra grétu í augsyn allra. Múgurinn, sem af sljóleika, jafnvel gremju, lét í ljós fyrirskipað samþykki með blóðugum réttarhöldum og málamynda stjórnarskrá, átti til hreinar tilfinningar. Enn höfðu ekki verið þurrkaðar uppsprettur hinna fornu, rússnesku tilfinninga.

Í blöðunum voru birt löng, lofsamleg eftirmæli, undirrituð af Stalín og nítján öðrum æðstu foringjunum. Stjórnmálanefndin skipaði sjö afburða iðnaðar- og embættismenn til þess að sjá um útförina, sem fór fram á vegum ríkisins. Fjórir frægir læknar vottuðu, að hinn látni hefði dáið úr „hjartalömun“. Þessar tölur festust í minni mínu sem tákn hinna óhugnanlegu stjórnmalalegu reikningsskila þessa tímabils. Áður en árið var liðið, voru aðeins níu af þeim, sem undirrituðu eftirmælin, á lífi og frjálsir ferða sinna. Hinir höfðu verið skotnir, höfðu stytst aldur eða rotnuðu í fangelsum. Af þeim sjö mönnum, sem voru í útfararnefndinni, voru aðeins tveir á lífi og frjálsir, þrír höfðu verið teknir af lífi, einn stytsti aldur og annar var grafinn lifandi í fanganýlendu. Af læknum fjórum var aðeins einn á lífi, og hann lifði í sífelldum ótta um, að honum myndi verða „útrýmt“.

Hvers vegna var nauðsynlegt að birta svo nákvæmt vottorð um dauða þjóðfulltrúans? Vegna þess, að rússneska þjóðin, en einkum flokksmennirnir, var hætt að trúá því, að valdamenn dæju eðlilegum dauðdaga. Margir voru orðnir kaldhæðnir út af þessum einkennilegu atburðum. Atvik, sem stuðlaði að þessu, var andlát Nadezhdu Allelújevu, hinnar ungu eiginkonu Stalíns, nokkrum árum áður.

Mikið kapp var þá lagt á að leyna atvikunum að hinum skyndilega dauða hennar. Þó urðu mörg þeirra kunn og leynileg umræðuefni, að minnsta kosti á „hæstu stöðum“.

Allelújeva var dóttir byltingarmanns frá tímunum fyrir 1917 og hafði sýnilega erfitt eitthvað af úreltum mannúðarhleypidómum hans gegn fjöldaofsóknum. Hún gat ekki sætt sig við hinar hrottalegu aðferðir við að koma á samyrkjunni, þótt

hvatamaður þeirra væri faðir barna hennar tveggja. Hún lét sér ekki nægja að láta í ljós andstyggð sína á þessu innan veggja heimilisins, heldur réðst hvað eftir annað á stjórnmalastefnu manns síns á flokksfundum og í háskólanum, en þar tók hún þátt í námskeiði í iðnfræði.

Hver sá, sem minntist á þessi atvik, átti á hættu að vera varpað í fangelsi, og þó síaðist orðrómurinn um þau út meðal æðstu skriffönnanna, þar sem hneykslissögur og undirferli blómguðust ekki síður en við hirð keisaranna forðum. Þegar andlát Allelújevu var tilkynnt mitt í þessari einkauppreisn hennar, voru menn í efa um það eitt, hvort hún hefði stýtt sér aldur eða henni verið byrjað eitruð fyrir Stalín.

Á sama hátt voru menn í vafa um, hvernig andlát Ordzhoníkídzes hefði borið að, þrátt fyrir yfirlýsingu hinna fjögurra lækna. Ég veit af hendingu um nokkur hinna sönnu atvika í sambandi við andlát hans. Sá tími er enn ekki kominn, að ég geti birt nöfn heimildarmanna minna, því að það myndi hafa í för með sér pyndingar og dauða þeirra. En þar sem síðustu æviár Þjóðfulltrúans voru svo samtvinnuð lífi mínu, tel ég það skyldu mína að skýra frá atvikunum í stuttu máli.

Ordzhoníkídze hafði lengi þjáðst af ákafri andarteppu, og annað nýra hans var lamað. Hann gerði oft gaman að lasleika sínum. Oftar en einu sinni sá ég hann svo uppgefinn eftir langan starfsdag, þrátt fyrir miklar þrautir, að hann var kominn að niðurlotum. Þegar hin mikla hreinsun hófst árið 1936 og sópaði burt þúsundum af nánustu vinum hans og samstarfsmönnum í flokknum og þungaiðnaðinum, mótmælti hann þessu við Stalín, hélt þrumandi ræður á fundum stjórnmalanefndarinnar og barðist eins og ljón gegn NKVD. Sjúkdómur hans elnaði við þetta. Við áfall það, sem hann varð fyrir, er nánasti samverkamaður hans, Pjatakof, var handtekinn, varð hann fátækur.

Einn af vinum mínum var staddur í skrifstofu Ordzhoníkídzes, þegar honum barst fréttin um handtöku afburða verkfræðings, sem var framkvæmdastjóri eins hinna stóru verksmiðjuhringa undir yfirstjórn hans. Þjóðfulltrúinn varð blóðrauður af reiði, augun ætluðu að springa út úr augnatóttunum. Hann bölvaði og formælti eins og bráðlyndum Georgíumönnum einum er lagið. Þegar þetta gerðist, hafði Jagoda, yfirmaður NKVD og aðalleikstjóri við fyrstu málaferli hreinsunarinnar miklu, verið skotin, og hinn nýi yfirmaður rannsóknarréttar ráðstjórnarinnar var hinn illa þokkaði Jezhov. Ordzhoníkídze hringdi nú til Jezhovs og krafðist þess með hispurslausum orðum að fá að vita, hvers vegna verkfræðingurinn hefði verið handtekinn, án þess að hann hefði samþykkt það.

„Helvítis strákhvolpurinn þinn, bölvað dindilmennið,“ heyrði vinur minn Þjóðfulltrúann öskra inn í heyrnartólið, „hvernig dirfist þú að gera þetta! Ég krefst þess, að þú sendir mér öll málsskjölin og það þegar í stað!“

Því næst hringdi hann til Stalíns í einkasíma, sem stóð í beinu sambandi við skrifstofu hans. Aðalforingjarnir hafa þess háttar beint samband sín á milli. Þegar hér var komið, skulfu hendur hans, augu hans voru blóðhlaupin, og hann þrýsti annarri hendinni á þann stað á bakinu, sem verkinn leiddi að frá sjúka nýranu.

„Koba,“ heyrði vinur minn hann hrópa í símann — en Koba er gælunafn það, sem nánustu vinir Stalíns ávarpa hann með — „hvers vegna lætur þú NKVD handtaka mína menn án þess að segja mér frá því?“

Það varð löng þögn, meðan Stalín talaði við hinn enda símalínunnar. Því næst tók Ordzhoníkídze fram í fyrir honum. „Ég heimta, að hætt verði þessum einræðis-aðferðum! Ég sit enn í stjórnmálanefndinni! Ég ætla að gera helvíska gauragang, Koba, þó að það verði það síðasta, sem ég geri áður en ég dey!“

Ordzhoníkídze skellti heyrnartólinu á símtækið. Hann sat við skrifborðið og starði fram fyrir sig í aflvana reiði.

Slíkar sennur áttu sér stað nær daglega. Þær drógu úr lífsorku þjóffulltrúans. Hann framkvæmdi hótun sína og vakti hneyksli á fundum stjórnmalanefndarinnar. Kosíor, Rúdzútak, Tsjúbar og Antípov studdu hann venjulega — þeir voru síðar handteknir allir fjórir og hurfu við hreinsunina. Eftir nokkurn tíma var hann orðinn of veikur til að geta komið á fundina. En jafnvel frá sjúkrahósti sinni hélt hann hinum mörgu símalínum sínum glóandi af eldheitum kröfum um líf og frelsi fyrir þá embættismenn, sem starfað höfðu undir stjórn hans og hann bar traust til.

Í síðustu sjúkdómslegu Ordzhoníkídzes fékk kona hans, Zínaída, sem hann elskaði innilega, ekki leyfi til að heimsækja hann. Varðmenn frá NKVD, sem að sögn áttu að vernda hann, meinuðu vinum hans og vandamönnum að koma til hans. Einu mennirnir, sem fengu leyfi til að koma í heimsókn til hans, voru Míkojan og Voroshílov, sem báðir sátu í stjórnmalanefndinni. Þeir reyndu hvað eftir annað að telja sjúklinginn á að semja frið við Stalín með því að játa, að hreinsunin mikla hefði verið nauðsynleg. Heimsóknir þeirra enduðu þó ávallt með háværri rifrildi.

Þótt hann væri of veikur til að klæðast, var hann þó á engan hátt dauðvona maður. Hann hefði getað lifað sem sjúklingur í mörg ár til viðbótar. Úr sjúkrarúmi sínu las hann fyrir bréf til miðstjórnarinnar og stjórnmalanefndarinnar. Í þeim fordæmdi hann Stalín og krafðist þess, að miðstjórnin væri kölluð saman á fund til þess að ræða ástandið í landinu og stöðva þá flóðbylgju morða og eyðilegginga, sem gekk yfir landið. Bréf hans voru rituð af ástríðuþrunginni sannfæringu. Ef þau eru enn til, þá munu sagnfræðingar framtíðarinnar sjá þar rækilega ákæru gegn gagnbyltingu Stalíns frá munni þess manns, sem framkvæmdi fyrstu fimmáraáætlunina.

Tveim dögum seinna dó Ordzhoníkídze, og kom andlát hans fjölskyldu hans og læknum þeira, sem gættu hans, mjög á óvart. Ýmsir halda, að hann hafi tekið inn eitur í örvæntingu sinni. Aðrir hyggja, að dr. Levín hafi byrjað honum eitur — sami læknir og síðar játaði að hafa byrjað Maksím Gorkíj eitur. Heimildarmenn mínir eru í engum vafa um, að hann hafi dáið „svíplega“, en ekki „eðlilegum“ dauða.

Ef þeir hafa rétt fyrir sér, þá var hin tilkomumikla útför og lofræður þær, sem endurómuðu um allt landið, aðeins liður í ógeðslegum sköpleik. Á myndunum í blöðunum stóð ekkjan — sem hafði ekki verið leyft að heimsækja mann sinn — við hliðina á Stalín við gröfina. Á næstu árum varð sífellt hljóðara um nafn Ordzhoníkídzes, og eftir nokkurn tíma var sjaldan minnst á hann. Borgir, götur

og verksmiðjur, sem borið höfðu nafn hans, voru smám saman skírðar öðrum nöfnum. Nú er svo komið, að ungir kommúnistar vita sjaldnast, hver hann var.

Eftirmaður Ordzhoníkídes í Þjóðfulltrúasæti var Valeríj Mezhlauk. Ég varð hissa, þegar ég fékk símskeyti frá honum sjálfum, sem boðaði mig á fund hans í Moskvu. Það var augljóst, að Mezhlauk var nú, eftir að hann var orðinn yfirmaður þungaiðnaðarins, að taka á manntal verkfræðinga þá og iðnfræðinga, sem hann hafði yfir að ráða, en þeim hafði fækkað stórlega við hreinsunina.

Hann var fallegur maður, mikill að vallarsýn og hafði átt heima erlendis. Hann líktist Vesturlandamanni í útliti og framgöngu. Þó að hann væri dugandi skipuleggjandi, hafði hann næsta lítill stjórnmálaáhrif eða völd. Stalín vildi sýnilega ekki hætta á að fá að nýju „sjálfstæðan“ Þjóðfulltrúa í þessa ábyrgðarstöðu.

„Ég hef hugsað mér að skipa yður forstjóra einnar af stærstu verksmiðjum okkar, félagi Kravtsjenko,“ sagði hann. „Starf yðar í Níkolpol réttlætir það. Hvað segið þér um það?“

„Leyfist mér að spyrja, félagi Þjóðfulltrúi, hver hafi mælt með mér til starfsins?“

„Hvers vegna óskið þér að vita það?“

„Ástæðan er sú, að ég hef lent í ýmsum stjórnmálaerfiðleikum í Níkolpol. Ég hef verið ákærður fyrir skemmdarverk og ýmsar yfirsjónir. Ég áleit, að rétt væri, að þér vissuð það, áður en þér skipuðuð mig í ábyrgðarmeiri stöðu.“

Ég sagði honum nákvæmlega frá vandræðum þeim, sem ég hafði nýlega ratað í.

„Það er mjög einkennilegt, að mér skuli ekki hafa verið skýrt frá þessu,“ sagði Mezhlauk og yppit öxlum. „Mér er kunnugt um, að Ordzhoníkídze þótti mikið til yðar koma. En ef til vill hafið þér rétt fyrir yður. Við skulum fresta málinu fyrst um sinn.“

Síðar hafði ég ástæðu til að þakka hamingjustjörnu minni þetta. Mezhlauk var brátt handtekinn og hvarf eins og hann hefði sokkið í jörðu. Og Ívan bróðir hans hlaut skömmu síðar sömu örlög. Ef hann hefði skipað mig í ábyrgðarmikið embætti, þá hefði ég vafalaust orðið að greiða heiðurinn dýru verði.

Í byrjun marsmánaðar hélt Stalín langa ræðu á fundi miðstjórnarinnar. Hún var birt orði til orðs. Eins og venjulega jórtruðu hjarðir flokksleiðtoga efni hennar á óteljandi opinberum fundum og flokksfundum. Blöðin og útvarpið vitnuðu til hennar og dáðust að henni dag eftir dag. En hávaðinn gat ekki leynt kjarnanum í boðskap hans: Hreinsun sú, sem til þessa hafði átt sér stað, jafnógurleg og hún hafði verið, var aðeins byrjunin. Meiri og hræðilegri atburðir voru í vændum.

„Skemmdarverkin og athafnir óvina vorra,“ sagði Stalín, „hafa að meira eða minna leyti náð til allra fyrirtækja okkar.“ Hann ásakaði flokkinn um að hafa „gleymt, að ráðstjórnarfyrirkomulagið hefði aðeins lagt undir sig sjötta hluta jarðarinnar og fimm sjöttu hlutar hennar lytu ríkjum með auðvaldsskipulagi. ... Á meðan við erum umluktir af auðvaldsríkjum, munum við alltaf hafa meðal okkar skemmdarverkamenn, fjandmenn og njósnara. ...“

Þetta var stríðsyfirlýsing Stalíns á hendur öllum fyrirtækjum landsins, á hendur

öllum, sem nú eða í framtíðinni risu gegn einræði hans, sögð með berum orðum. Hann varaði við því, að vel unnin störf, jafnvel glæsilegan árangur mætti ekki skoða sem afsökun, ef á trúnaðinn skorti. Hinn raunverulegi skemmdarverkamaður yrði við og við að sýna góðan árangur, því að það væri eina leiðin til þess, að hann héldi starfinu og gæti haldið skemmdarverkunum áfram. ... „Við verðum að útrýma þessum mönnum, mylja þá án afláts, án þess að þreytast, því að þeir eru fjandmenn verkalýðsins, svikarar við föðurland okkar!“

Þeim, sem haldnir voru kvalaþorsta, og æstum blóðhundum um land allt var gefið merki. Miskunnarleysinu var rudd bein braut. Við fundum strax árangurinn í héraði okkar. Nokkrum dögum eftir að ræða Stalíns hafði verið birt, var framkvæmdastjóri stórrar verksmiðju, sem framleiddi landbúnaðarvélar, handtekinn ásamt öllum þeim, sem voru honum nákomnastir. Mikill hluti af skrifstofumönnum og iðnfræðingum mangannámanna og allra annarra fyrirtækja í héraðinu hlaut sömu örlög.

Morgun einn, er ég kom í verksmiðjuna, hitti ég Bratsjko, sem beið mín. Hann var í æstu skapi og áhyggjufullur.

„Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann, „Fíllíne, ritari borgarnefndarinnar, var handtekinn í nótt.“

Seinna um daginn hringdi Los til mín. Hann gat varla leynt sigurhrósi sínu.

„Við ætlum að leggja mál yðar aftur fyrir borgarnefndina,“ sagði hann glaðlega. „Síðast bjargaði Fíllíne yður — einn af þjóðníðingunum. Nú megið þér vera viss um, að við tökum yður til bæna!“

Raunir mínar, sem ég hélt að væri lokið, voru nú fyrst að hefjast.

Gershgorín hafði lofað mér því, að hann skyldi „rabba“ dálítið við mig, og hann lét ekki standa á að efna það loford. Ég fékk skipun um að koma kl. 11 um kvöldið til aðalstöðva NKVD. Ég var þar á tilskildum tíma, en hann var þó ekki kominn. Á meðan ég beið hans í troðfullu biðherberginu, braut ég heilann um hinar fjarstæðustu tilgátur. Hvaða djöfullega gildru myndi hann nú reyna að veiða mig í? Myndi ég nokkurn tíma sleppa aftur út úr þessu húsi skelfinganna?

Klukkan var nærri því orðin eitt, þegar Gershgorín að lokum kom. Feitar kinnar hans voru nýrakaðar og „púðraðar“, og það gljáði á uppmjóan, hvítan skallann. Hann var óþreyttur, fjörlegur og vel fyrirkallaður til „starfsins“. Ég fór með honum inn í stóra, auða skrifstofuna, sem ég var búinn að hafa meiri en nóg kynni af.

„Jæja, Kravtsjenko,“ hóf hann mál sitt með uppgerðarkæti. „Ég er viss um, að við munum bráðlega komast að samkomulagi. Til þessa hefur yður tekist að smeygja yður út úr öllu gagnvart flokknum með heimskulegum pappírsbleðlum. En þær hundakúnstir koma ekki að gagni gagnvart NKVD. Við skulum rýna ofan í kjölinn á verkfæramálinu, mensévisma föður yðar og skiptum yðar við alræmda þjóðníðinga.“

Þessa nótt, hina fyrstu af mörgum, rakti Gershgorín mörg af þeim gögnum, sem

þegar höfðu verið opinberlega rannsökuð. Með tilvísun til „skjalamöppu“ minnar, sem var full af skýrslum frá njósnurum hans, rifjaði hann upp þau óhöpp, sem komið höfðu fyrir í verksmiðjunni, og gat þess, er við höfðum ekki getað afgreitt pantanir. Hann grunaði, að um skemmdarverk hefði verið að ræða hverju sinni, sérstaklega ef einhver, sem starfað hafði hjá mér, þegar óhöppin vildu til, hafði síðar verið handtekinn, og reyndi á lævíslegan hátt að koma mér til að jata á mig sök eða verða tvísaga.

Yfirheyrslan stóð til klukkan fjögur um morguninn. Hún snerist að miklu leyti um aðra menn í málmvöruviðnaðinum. Tilgangur NKVD var að styrkja með framburði mínum aðstöðu sína gegn öðrum starfsmönnum, sem höfðu verið handteknir, eins og þeir vafalaust voru yfirheyrðir um atriði, sem verða mættu mér til miska.

Ef einhver af þessum ólánssömu mönnum hefði í raun og veru framið skemmdarverk, þá hlýti ég að hafa orðið var við einhver merki þess. Áætlanir þeirra, framleiðsla, misgrip þeirra og góður árangur endurspegluðust í verksmiðju minni. En ég hafði ekki orðið var við nein merki um skemmdarverk. Það hafði ekki skort á ódugnað, ringulreið og drátt, en það voru byrjunarerfiðleikar, sem eru sameiginlegir öllum nýjum fyrirtækjum. Mér var þrátt fyrir allt ekki unnt að rangsnúa staðreyndunum í sannanir fyrir skemmdarverkum, sem unnin hefðu verið af ásetningi.

Gershgorín var óánægður með „þrjósku“ mína. Eftir því sem leið á nóttina, varð hann óþolinmóðari og styggari. Uppgerðarkurteisi hans breyttist smátt og smátt í frekju, sem krydduð var kröftugum rússneskum blótsyrðum. Hann tók það sem móðgun við sjálfan sig, að ég skyldi dirfast að mótmæla aðdróttunum hans og sýna fram á veilurnar í fjarstæðum hans. Hann lét í raun og veru sem það væri ég, sem væri að hrella hann með þverúðarfullri neitun minni um „samvinnu“ við hann.

Nýr dagur var að renna upp, þegar ég gekk út úr húsi NKVD. Yfirborð Dnepr var eins og mjúkt, gárað silki. Það var hægt að kasta sér í fljótið og fela sig á vald hinni eilífu gleymsku. Ég gat aldrei yfirgefið þetta viðbjóðslega hús án þess að hugsa um frið grafarinnar. Hvers vegna láta þeir mig ekki í friði? Ég óska ekki neins annars en að starfa, að leggja mig allan fram. Hvers vegna láta þeir mig ekki í friði? Hvers vegna? Hugsanir mínar voru reikular eins og líkami minn. Þær gátu ekki farið beina braut. Þeir fáu menn, sem sáu mig á götunni þennan hráslagalega þokumorgun, hljóta að hafa haldið, að ég væri drukkinn. ...

Ég fór til verksmiðjunnar í leiðslu eftir stuttan svefn. Ég hafði sáran höfuðverk og þráði hvíld næturinnar. En síðdegis þann dag var hringt til mín frá skrifstofu Gershgoríns og ég boðaður þangað klukkan ellefu um kvöldið til að halda áfram „rabbi“ okkar. Ég kom þangað eins og mér hafði verið skipað, þreyttur, taugaóstyrkur og beiskur í skapi. Þessar yfirheyrslur héldu áfram á nær hverri nóttu í nærri því mánuð. Þessar nætur voru upphafið að svefnleysisþjáningum, sem ég býst ekki við að neinn geti gert sér í hugarlund, nema sá, sem kynnist þeim af eigin raun.

Úlfar Níkol-porgar — Dorogan, Gershgorín, Los og hinir — ýlfrðu af þorsta eftir blóði mínu. Þeir þráðu að rífa mig í sundur lim fyrir lim. Það var

næstum því hægt að sjá slefuna drjúpa úr munnvikjum þeirra við tilhugsunina um veisluna. Hvers vegna? Hvaða sök áttu þeir á hendur mér, sem hafði aldrei gert neitt á hluta þeirra?

Við þessum spurningum var til rökrétt svar: Þar sem hafði verið „rutt úr vegi“ í verksmiðju okkar og annars staðar tugum manna, sem starfað höfðu í nánú sambandi við mig, var samkvæmni í því að sækjast einnig eftir höfði mínu. Á meðan ég fór frjáls ferða minna, var eyða í myndinni af hreinsuninni í umdæmi þeirra. Uns fyllt hefði verið í þessa eyðu, gat „almenningur“ verið í vafa og haldið áfram að efast um sekt hinna. Við þetta bættist, að þar eð þeir höfðu auglýst og rekið málið gegn mér opinberlega, myndi það vera skaðlegt frá stjórnmalasjónarmiði að láta mér takast að smeygja mér út úr því. Það myndi „grafa undan virðingu þeirra“, eins og eitt af ráðstjórnarglamuryrðunum hljóðaði.

En rökræn svör eru aðeins yfirborðssvör. Raunverulegu ástæðnanna til þessara — að því er virðist með ráði gerðu — ofsókna gegn mér verður að leita í slímugum dreggjum mannlegrar spillingar. Þetta var orðinn æsilegur eltingaleikur, og veiðimennirnir vildu ekki missa af bráð sinni. Vafalaust höfðu þeir í upphafi ekki haft neinar sérstakar tilfinningar gagnvart mér, hvorki með mér né á móti. En í hita eltingarleiksins, á tímum vonbrigðanna, fóru þeir að hata mig. Þeir vildu sigra til þess að geta bætt höfuðleðri mínu við hina blóðugu hlaða af sigurmerkjum sínum.

En jafnframt — og það bar líka vott um spillingu — var svo að sjá, að veiðimennirnir ætluðu sér að fara eftir veiðireglum. Ef þeir létu aðeins handtaka mig og skjóta í einhverjum af hinum ógeðslegu kjöllumur þeirra, myndu þeir verða hlægilegir í augum almennings í Níkopól. Mál mitt var orðið eitt þeirra mála, þar sem vígið verður að gerast fyrir opnum tjöldum, að undangengnum uppljóstrunum og játningu.

Á þessum vikum, á meðan mér var haldið svefnvana, ég hrjáður og móðgaður við hinar leynilegu yfirheyrslur, var sá hluti máls míns, sem fór fram fyrir opnum tjöldum, tekinn upp að nýju. Málafærslan frá því áður, þegar átti að gera mig flokksrækan, var endurtekin. Aftur tóku rannsóknarnefndir til starfa, langar ræður voru haldnar á flokksfundum, og niðgreinar voru á ný birtar í blöðunum. Á meðan á öllu þessu stóð, sótti að mér áköf löngun eftir svefni og hvíld. Stundum fannst mér líkami minn þungur sem blý, stundum léttur sem fis. Ýmist þjáðist ég af hita eða um mig fór kuldahröllur.

Nýjum ákærum var bætt við þær gömlu. Skemmdarverkasagan var aukin á ýmsa vegu, þar sem hin gamla ákæra á hendur mér þótti helst til úrelt. Í hinni endurskoðuðu ákæru var minni áhersla lögð á eigin athafnir, en aðaláherslan á samsekt mína með þeim mönnum, sem í röð og reglu höfðu verið dæmdir sem skemmdarverkamenn. Og jafnvel þó að ég væri ekki samsekur þeim, hefði ég þó að minnsta kosti gert mig sekan í glæpsamlegri hlífð við þá og skorti á árvekni. Því óljósari sem ákæurnar urðu, því erfiðara varð auðvitað að afsanna þær.

Eftir því sem ofsóknunum var haldið áfram, gleymdi ég í raun og veru, hvers vegna

ég var ofsóttur. Ég var aðeins þreyttur, óhamingjusamur, ringlaður og ruglaður. Í örvæntingu minni, aðeins til þess að rjúfa hið örþreytandi tilbreytingarleysi ofsóknanna og til þess að forðast næturfirheyslur Gershgoríns um stund, ákvað ég að leita réttar míns annars staðar. Ég skýrði Bratsjko framkvæmdastjóra frá þessari fyrirætlun minni.

„Pjotr Petrovítsj,“ sagði ég. „Ég er dauðþreyttur. Ég er ringlaður, og taugar mínar eru að því komnar að láta undan. Ég get hvorki unnið, matast né sofið. Einhvers staðar hlýtur að vera eftir einhver snefill af réttlæti, og ég ætla að leita að honum. Ég ætla að snúa mér til umdæmisnefndarinnar, miðstjórnarinnar og einstakra flokksfélaga. Ég ætla að segja sorgarsögu mína hverjum þeim, sem hlusta vill á hana. Ef til vill er einhvers staðar einhver, sem getur gefið mér ráð og aðstoðað mig. Ég hef, eins og þér vitið, ekki framið neinn glæp. Hvers vegna á að elta mig eins og ég væri afbrotamaður? Hvers vegna þarf ég, sem hef verið sýknaður einu sinni, að lifa upp aftur skelfingarnar, og svo ef til vill enn einu sinni? Ég fer að leita svars.“

Bratsjko var órólegur yfir ástandi mínu og fyrirætlunum. Hann hafði enga hugmynd um næturfirheyslurnar — ég hafði orðið að undirrita strangt þagnarloforð um þær. En hann grunaði, að það lægju dýpri rök að örvæntingu minni en hægt væri að sjá í fljótu bragði.

„Það er heimskuleg og tilgangslaus leit,“ fullyrti hann. „Og þar við bætist, að það er varla skynsamlegt af yður að fara frá Níkolpol eins og sakir standa. Þeir munu nota sér fjarveru yðar. Aftur á móti er ekki sjón að sjá yður, og ef til vill ættuð þér að komast eitthvað burt um stund. Ef þér eruð ákveðinn í því, þá skal ég sjá um, að þér verðið sendur eitthvað í viðskiptaerindum.“

Ég lagði af stað í örvæntingarfulla leit að réttlæti. Það átti fyrir mér að liggja að heimsækja tugi manna og stofnana, án þess að nokkur árangur yrði. Ég byrjaði í fæðingarborg minni, Dnepropetrovsk. Einn af fyrrverandi bekkjarbræðrum mínum, Soshníkov, var nú aðstoðarritari umdæmisnefndarinnar og hafði því nokkur stjórn málaáhrif. Tveir aðrir skólabræður mínir unnu í skrifstofu hans. Annar þeirra var Súvorov. Hann hafði á skólaárum sínum verið mjög fátækur, og ég hafði oft farið með hann heim til mín, til þess að móðir mín gæti gefið honum að borða og bætt rifna tötra hans. Hinn hét Úlasevítsj. Hann var fram úr hófi tornæmur, og hafði ég ásamt öðrum vinum hans margsinnis sagt honum til svo klukkustundum skipti til að hjálpa honum við námið.

Nú sátu þeir allir þrír í flokkshúsinu og miðluðu speki til „múgsins“. Vottorð frá jafnháttsettri þrenningu, sem gæfi mér góð flokksmeðmæli, gat verið nytsamlegt.

Soshníkov var orðinn feitur og búlduleitur frá því að ég sá hann síðast. Hann sat bak við stórt skrifborð í skrautlegri skrifstofu með gólfábreiðum, undir stórri ljósmynd af brosandi foringjanum. Í rúma mínútu leit hann ekki upp úr skjölunum, sem lágu fyrir framan hann. Þetta var algengur siður embættismanna til þess að sýna, hve mikilvægir þeir væru. Að lokum leit hann upp og sagði kuldalega: „Fáið yður sæti, félagi Kravtsjenko. Hvað get ég gert fyrir yður?“ Hann þéraði mig.

„Hvenær hættir þú að þúa gamla skólabræður? Hvern fjandann ert þú að tala eins og smurður af drottni?“

Soshnikov varð vandræðalegur og afsakaði sig með ofreynslu og mikilli ábyrgð.

Ég ákvað að ganga hreint til verks.

„Ég er í vandræðum,“ sagði ég.

„Já, ég hef heyrt það. ...“

„Segðu mér ærlega: Varðst þú var við, þau ár sem við vorum á háskólanum, að ég gerði mig sekan um nokkra skemmdarstarfsemi?“

„Nei, auðvitað ekki. Hvílíkt rugl!“

„Þá ætla ég að biðja þig um að gefa mér vottorð um það til nefndarinnar í Níko-pol — þig, Súvorov og Úlasevítsj.“

Hann engdist, setti aftur upp valdsmannssvip, þurrkaði af sér svitann og reyndi að skipta um umræðuefni. Að lokum hringdi hann á hina tvo. Þeir höfðu sýnilega líka heyrt eitthvað, þeir heilsuðu mér vingjarnlega, en voru varkárir, mjög varkárir. Ég fann til einhvers konar beiskjukenndrar nautnar við að athuga vöflurnar á þessari þrenningu. Eftir dálítið rifrildi komust þeir að þeirri niðurstöðu, að ég ætti að snúa mér til einhverra, sem væru herra settir í flokknum en þeir. Það væri ekki viðeigandi af jafnlítilsigldum mönnum og þeim að hafa afskipti af mikilvægum málum, sem vörðuðu líf og öryggi þjóðarinnar.

„Ég þakka ykkur fyrir ráðleggingarnar. Ég er viss um, að ykkur er það sjálfum ljóst, hve hugdeig skítmenni þið eruð,“ sagði ég og fór út án þess að kveðja.

Þessi þrenning kunni auðsjáanlega fótum sínum forráð. Nokkru seinna varð Soshnikov yfirmaður NKVD í Tsjeljabínsk-héraðinu, Úlasevítsj varð ritari borgar-nefndar í Vestur-Úkraínu, og Súvorov var líka hækkaður í tigninni.

Á meðan ég gekk um ganginn í húsinu og var að leita að skrifstofu hins nýja aðalritara flokksins, félaga Margolíns, heyrði ég allt í einu, að einhver kallaði á mig.

„Halló, Víktor Andrejevítsj, halló! Hvernig líður þér? En hvað það er gaman að sjá þig aftur!“

Ég sneri mér við og kom auga á Ívan Zolkín, sem ég hafði unnið með í Petrovskij-Lenín verksmiðjunni. Það var huggunarríkt að hitta einhvern frá hinum léttbæru æskuárum, áður en ég varð verkfræðingur og komst í ábyrgðarmikla stöðu. Það virtist gleðja hann að rekast þarna á mig.

„Hvernig líður þér, Vítja?“ spurði hann. „Þú ert svo föður og horaður. Hefur þú verið veikur, eða hvað?“

„Að vissu leyti,“ sagði ég brosandi. „Af hinni þjóðlegu landfarsótt ... Ákærður fyrir skemmdarverk og Guð veit hvað.“

„Ó, kæri Vítja! En hvað það er hræðilegt. ... Hvílík ógæfa! Jæja. Vertu sæll. ... Ég verð að hraða mér á fund. Afsakaðu ...“

Hann rauk af stað. Ég hitti hann nákvæmlega þremur árum síðar í Kreml og furðaði mig ekkert á því. Þetta stutta viðtal á ganginum í Dnepropetrovsk hafði sannfært mig um, að Ívan Zolkín myndi komast langt í okkar blessaða landi. Síðast

þegar ég heyrði hans getið, var hann yfirmaður mikilvægrar deildar hjá miðstjórninni, og sennilega er hann enn í því embætti.

Rúmgóðrar biðstofu Margolíns flokksritara var gætt af lögreglumönnum, sem voru sumir einkennisklæddir, en aðrir ekki. Þeir athuguðu alla, sem komu og fóru. Þeir spurðu mig, hvort ég væri vopnaður, áður en þeir hleyptu mér inn, og rannsökuðu með þjálfuðum augum sérhverja bingu á fötum mínum. Embættismanna ráðstjórnarinnar er vandlega gætt, að minnsta kosti þangað til þeir hafa verið handteknir. NKVD hefur einkarétt á því að drepa embættismenn Ráðstjórnarríkjanna, og NKVD þolir enga samkeppni.

A meðan ég beið þarna í biðstofu þeirri, sem Hatajevítsj hafði áður haft, minntist ég þess, að hans hafði líka verið gætt á áhrifaríkan hátt, þegar ég sá hann síðast á flokksfund í Níkolpol. Hvar var hann nú? Mér var kunnugt um, að hann hafði verið handtekinn, en var hann ennþá á lífi? Ég hafði þekkt flesta af aðstoðarmönnum hans í skrifstofunni, en enginn þeirra var hér nú. Þeir höfðu vafalaust sætt sömu örlögum og yfirmaður þeirra.

Ég þekkti ekkert til eftirmanns Hatajevítsj. Ég hafði aldrei séð hann. Eftir hin mörgu afsör var ég hertur gagnvart nýjum. En mér til mikillar furðu reyndist Margolín hafa mannlegar tilfinningar. Hann hlustaði ekki aðeins á mál mitt, heldur hikaði ekki við að sýna mér innilega samúð.

„Ég þarfnast hjálpar yðar, félagi Margolín,“ sagði ég við hann. „Hvers vegna þurfti að taka upp aftur mál mitt, þó að Fíllíne væri handtekinn? Hvað kemur það mínu máli við? Ég var sýknaður vegna hinna framlögðu skjala.“

„Verið þolinmóður, félagi,“ sagði Margolín lágróma. „Hafið hugfast, að það, sem er að gerast hjá yður, er frekar meinlítið. Við lifum á hættulegu tímabili bylt-ingarinnar. Það er skylda okkar að hjálpa flokknum, að gagnrýna ekki. Samt sem áður skal ég senda borgarnefndinni einhverjar leiðbeiningar í máli yðar.“

„Ég þakka. Ef þér haldið loford yðar, þá mun ég verða yður mjög þakklátur.“

„Þakkið mér ekki, félagi. Enginn okkar ræður sínum næturstað.“

Síðustu orðin virtust sögð í gamni, en ég horfði í augu honum og sá engan vott af gamansemi í þeim. Þegar ég kom aftur til Níkolpol, frétti ég, að Margolín hefði staðið við loford sitt. Hann hafði skrifað borgarnefndinni og krafist þess, að ég væri látinn njóta réttlætis og sanngirni. En þá hafði hann verið handtekinn. Meðalganga hans varð mér því til raunar í langan tíma. Hún var álitin enn ein „sönnunin“ um trúnaðarsamband mitt við „stéttarfsendur“.

Næsti áfanginn í leit minni að réttlæti var Kharkov. Ég hafði treyst mjög á aðstoð Ívantsjenkos. Hann var einn af um það bil tólf fremstu iðnaðarleiðtogum landsins. Hann var einbeittur maður og strangur, ósveigjanlegur í kröfum sínum um dugnað við störf og refsingu fyrir leti og fávisku. En þó var hann viðkvæmur og góðgjarn maður. Mér var kunnugt um þá eiginleika hans. Ég var viss um, að hann myndi ekki hika við að verja undirmenn sína, þegar þeir væru beittir órétti.

En þegar ég kom í skrifstofu Trúbostals, var allt þar á ringulreið og í uppnámi.

Ívantsjenko, byltingarhetjan, sem sæmdur hafði verið öllum heiðurstitlum og orðum, sem áánlegar voru í Kreml, hafði verið kallaður til Moskvu undir því yfirskini, að ræða þyrfti við hann um viðskiptamál. Þegar hann kom þangað, beið hans móttökunefnd NKVD-manna, sem fóru með hann beina leið í fangelsi. Handtakan fór fram í Moskvu, af því að hann var sérstaklega vinsæll af alþýðu í Kharkov. Samtímis voru handteknir allir helstu samstarfsmenn hans í Trúbostal: Shpeltíj, Strepetov, Spríng og fleiri, allt óflokksbundnir menn.

Ég hitti fáa, sem ég gat talað við. Í flestum skrifstofunum sátu nýir menn með flóttalegt augnaráð. En ég sagði sögu mína geðfelldum verkfræðingi. Hann hlustaði á frásögnina, hristi svo ásakandi höfuðið og sagði: „Hlustið þér nú á, Kravtsjenko. Þér teljið yður hafa orðið fyrir mótlæti! Hafði þér heyrt, hvað komið hefur fyrir Shpeltíj? Eða Spríng gamla?“

Shpeltíj og Spríng voru frægir verkfræðingar. Ég hafði lesið og lært rit þeirra. Í eyrum ungra ráðstjórnarverkfræðinga höfðu nöfn þeirra töfrahljóm. Nú heyrði ég sagt greinilega frá handtöku þeirra, hvernig þeir hefðu verið dregnir úr rúmum sínum, svírvirtir af ruddalegum, vopnuðum lögreglumönnum og þeim troðið inn í vagna fulla af nýjum fongum. Ég fór út úr Trúbostal-höllinni eins og maður gengur út úr kirkjugarði ... kirkjugarði, þar sem sum líkin voru ennþá á ferli og létu sem þau væru lifandi.

Á leiðinni til aðalstöðva héraðsnefndarinnar fór ég framhjá Risanum, þessu býflugnabúi nemendasvefnherbergja, þar sem ég hafði eitt sinn haft svo mikilvægum störfum að gegna. Ég ákvað að líta þar inn. Ég gekk gegnum anddyrið og leit inn í herbergið, sem ég hafði búið í. Lítið var eftir af því hreinlæti og reglusemi, sem ég hafði unnið að og beitt mér fyrir. Enn úði og grúði af nemendum í húsinu, ekki mjög ólíkum þeim, sem dvöldust þar fyrir sjö árum: sömu horuðu, tötralegu, en kappsömu piltunum og stúlkunum, og ljómaði trú og framavon í augum þeirra.

Í fyrsta sinn í mörg ár hugsaði ég til Júlíu, þessarar indælu og gáfuðu konu, sem verið hafði ástmær mín. Hvar var hún? Var hún á lífi? Ætli hún minnst nokkurn tíma unga kommúnistans frá Risanum?

Þegar ég kom að aðalstöðvum héraðsnefndarinnar, heyrði ég rödd, sem ég kannaðist við.

„Vítja, Vítja! Stansaðu! Hvert ert þú að fara?“

Það var Senja Volgín, sá Senja, sem fyrir mörgum árum hafði rifist við föður minn eftir heimsókn Rakovskíjs í verksmiðjuna, sá Senja, sem hafði ásamt mér verið ritstjóri verksmiðjublaðsins okkar og ég hafði eitt sinn skammað í blaðinu, af því að hann stóð að drykkjuhófi í Risanum.

„Senja! En hvað mér þykir gaman að sjá þig aftur eftir öll þessi ár!“

„Ég er himinlifandi, kæri Vítja! Lofaðu mér að kyssa þig!“ Hann faðmaði mig að sér.

„Gættu þín, Senja! Þú kannt að sjá eftir þessum kossi. Þú getur smitast. Það er báglega ástatt um mig. ...“

„Hvaða bull! Þú verður að segja mér allt af léttu. Ég er ekki einn þeirra manna, sem yfirgefa gamla vini. Manstu, hvað faðir þinn kallaði mig? „Kjúkling, nýskriðinn út úr egginu“, sem gæti ekki kennt gamalli hænu eins og honum pólitík! Það veit sá, sem allt veit, að hann hafði rétt fyrir sér!“

Við sátum á bekk í lystigarði, sem til skamms tíma hafði verið kenndur við Postyshev. En nú var búið að handtaka Postyshev, og garðurinn var nafnlaus. Senja var í hermannsbúningi og hélt á gríðarstórri skjalatösku. Hár hans var farið að grána í vöngum. En einkennisbúningurinn fór honum ekki vel. Hann var enn lítill, látaus og laus við allan hroka. Við sögðum hvor öðrum í stuttu máli frá lífi okkar þau ár, sem við höfðum ekki sést. Senja var nú í ábyrgðarmikilli stöðu hjá héraðsnefndinni.

„Já, Vítja! Þú situr hér hjá afburða öreigaleiðtoga, ... 100% stalinista. Hefur þú nokkurn tíma séð dauða skrokka hanga í kjötbúðum? Á lærin á þeim er stimplað: „Skóðað — ætt“. Ég er einn af þeim, Vítja, skóðaður og ætur. En hvort og hvenær leynilögregludrengirnir koma til að éta mig, veit ég ekki.“

„Senja,“ sagði ég. „Þetta er ekki hlægilegt, þetta er grátlegt.“

„Ég hef grátið meira en mér sæmir. Ég á ekki fleiri tár til. Í dag er einn vina minna handsamaður, á morgun annar. ... Það hlýtur því brátt að koma að mér. ... En ég stend betur að vígi en þú. Ég á örugga huggunaruppsprettu. Hún er á flöskum. Já, það er satt. Ég er farinn að skvettu talsverðu í mig, og þér er óhætt að trúá því, að á svona tímum kenni ég í brjósti um ykkur þessa algjöru bindindismenn.“

Við skiptumst á fréttum um sameiginlega kunningja. Flestir þeirra höfðu verið handteknir.

„Já, hvað eigum við að gera, Vítja? Gráta? Nei, það kemur ekki að neinu haldi. Minnstu ljóðsins: „Lífið aldrei líður aftur, líkt og sumar snýr ei aftur. ...“ Grísha rauðhærði var vanur að syngja það. Manstu eftir því? Hann þvoði sjálfur nærfötin sín, þegar við vorum í samyrkjubúinu, og hvað gat hann gert annað en sungið, á meðan hann beið eftir, að þau þornuðu? Hann var vanur að fara í yfirhöfnina sína, setjast á skemil, stilla gítarinn sinn og syngja. Vesalings Grísha var handtekinn fyrir nokkrum vikum. Við biðum báðir, og þess vegna skulum við vera skynsamir og syngja.“

Við skildumst og lofuðum hvor öðrum hátíðlega að hittast aftur. En úr því átti ekki að verða. NKVD handtók Senja hér um bil tveim mánuðum síðar. Aðstandendur hans sögðu mér, að hann hefði verið dauðadrukinn, þegar NKVD-mennirnir komu, og hefði sungið hástöfum um miðja nótt. Ég spurði, hvað hann hefði verið að syngja. Gamalt eftirlætislag: „Lífið aldrei líður aftur,“ sögðu þau.

Lestin til Moskvu fór ekki fyrr en seint um kvöldið. Ég hafði keypt farmiða. Mér datt í hug að athuga, hvort Elín væri enn í borginni. Ég hringdi í síma heim til hennar. Hún svaraði sjálf. Mér til mikillar undrunar varð ég ekki var við þær

tilfinningar, sem ég hafði búist við, er ég heyrði rödd hennar. Þjáningar mínar og örvæntingarfullt hugarástand mitt virtust hafa drepði í mér allar blíðar tilfinningar.

Elín kom til mín í gistihúsið. Hún var enn falleg, með þann einkennilega samræmda yndisþokka, sem áður fyrr smaug í gegnum mig eins og hnífstunga. En hún hafði elst. Hryggðarsvipurinn í augum hennar var dýpri en nokkru sinni áður. Hún kvað mann sinn hafa verið handtekinn að nýju og sendan í fangabúðir. Nú bjó hún með móður sinni. Hún hafði lítilfjörlega stöðu í húsateiknistofu. Ég spurði hana ekki, hvort hún starfaði enn fyrir NKVD.

„Ó, Vítja, allt hefur versnað, en ekkert batnað,“ sagði hún með andvarpi. „Ég hef heyrt um raunir þínar. Þegar ég kera til Dnepropetrovsk, sem er ekki oft, reyni ég að heimsækja sameiginlega vini okkar. Þú hefur gleymt mér, en þeir ekki. Það er yndislegt að hitta menn, sem hafa haldist hreinir og ósnortnir öll þessi saurugu ár. Það er kraftaverk.“

Þegar hún kvaddi mig á járnbrautarstöðinni, lofuðum við hvort öðru að hittast aftur. Við vissum bæði vel, að það loford myndi ekki verða efnt.

Mér var farið að þykja vænt um Moskvu. Það er ekki glæsileg eða fögur borg. Þrátt fyrir alla skýjakljúfana og breiðu strætin er hún og verður stærsta sveitaþorp Rússlands. Moskvufljótið, sem bugðast gegnum hana, virðist hafa sett duttlungafull einkenni sín á alla borgina með hin löngu, bugðóttu trjáögöng, sveitalegu torg og hinn sviplega, austræna blæ. Nei, hún er ekki fögur á að líta, nema horft sé á hana með rússnesku hjartalagi.

Það, sem hreif mig, það, sem hrífur sérhvern Rússa í Moskvu, er hin einkennilega tilfinning um aldur hennar, eilífið hennar. Hún var til áður en Romanov-ættin kom til valda og var til eftir að hún var horfin. Hún var til áður en kommúnistarnir settust í valdasæti og mun verða til lengi, lengi eftir að þeir eru úr sögunni. Hún hefur eiginleika, sem stjórnmál hafa engin áhrif á, ekki einu sinni nýskipulagning samkvæmt áætlun. Á einhvern hátt hörfa einkaáhyggjur manns, minnka og verða nærri því einskisverðar í nálægð þessarar eilífu borgar.

Ég ákvað að láta ekki skrá mig í gistihúsi. Það myndi hafa verið sama og að stökkva niður í veiðitjörn NKVD. Í stað þess það ég féлага Mísha og konu hans um að hýsa mig nokkra sólarhringa.

Mísha var frægur, gamall byltingarmaður og var nú virkur í félagi fyrrverandi stjórnmálafanga frá tímum keisarans. Stjórnin lét honum í té snotra íbúð og eftirlaun, sem voru nægileg handa gömlu hjónunum til að lifa á. Hann hafði barist í götuvirkjunum við hlið föður míns. Hann hafði verið meira en tíu ár í hlekkjum í fangelsinu í Aleksandrovsk, þar til hann var leystur úr haldi í byltingunni. Mísha og kona hans höfðu alltaf verið mér sem væri ég sonur þeirra og voru nú himinlifandi yfir, að ég skyldi heimsækja þau, þó að þau væru skelfingu lostin yfir því, hve fölur ég var og tekinn í útliti.

„Og hvernig líður mínum kæra Andrej? Er hann enn í fullu fjöri?“

„Jú, þabba líður vel og hefur aldrei verið reiðari yfir lífinu og ástandinu.“

„Okkar kynslóð er endingargóð. Ég hefði gaman af að sjá hann og rabba við hann um liðna daga.“

Á meðan við snæddum miðdegisverð, sagði ég honum frá því, hvers vegna ég væri kominn til Moskvu. Ég dró ekkert undan. Félagi Mísha hafði verið vinur Leníns, Búkharíns og annarra byltingarhetja. Hann þúaði núverandi leiðtoga frá Stalín og niður eftir. Krúpskaja, ekkja Leníns, kom oft í heimsókn til hans. Hinir nýju stjórnendur litu til hans sem eins úr sínum hópi — að minnsta kosti þar til hreinsunin mikla fór fram.

Þegar ég sagði honum sögu mína, einkum frá ákærinni á hendur föður mínum, gamla félagi hans úr götuvirkjunum, varð hann öskuvondur. Hann hratt í reiði stól sínum aftur á bak, gekk að skáp, sem þar var, og tók út úr honum þunga, ryðgaða hlekk. Hann lyfti hlekkjunum, sem glamraði í, með báðum höndum upp yfir grátt höfuð sitt og hristi þá í óstjórnlegri reiði.

„Ég var hlekkjaður með þessum hlekkjum í tíu ár, af því að ég trúði á sannleikann, réttlætið og betra lífi“ hrópaði hann. „Og nú pynda ópökkarnir, sem kalla sig bylt-ingarmenn, börn okkar! Bölvaðir séu þeir! Bölvaðir séu þeir blóðhundar, sem eru að láta Rússlandi blæða út!“

Mísha var hár, magur og veiklulegur maður. En þegar hann stóð þarna og hélt á ryðguðu hlekkjunum yfir höfði sér, var hann ægilegur ásýndum. Kona hans reyndi að sefa hann.

„Það, sem ég skil ekki, Mísha,“ sagði ég seinna, „er hvers vegna allt þetta er nauð-synlegt. Það getur ekki verið vegna þess, að við séum allir njósnarar og skemmdar-verkamenn — að öll þjóðin, nema stjórnmalanefndin, sé njósnarar og skemmdar-verkamenn ...“

„Bull! Það eru engar undantekningar. Margir úr sjálfri stjórnmalanefndinni hafa verið handteknir, og meira en þrem fjórðu hlutum miðstjórnarinnar hefur verið „útrýmt“. Kosíor, Rúdzútak, Tsjúbá, Postyshev hafa verið handteknir. Margir af nánustu samstarfsmönnum stjórnmalanefndarinnar — Antípo, Mezhlauk, Búb-nov og fjöldi, fjöldi annarra — eru horfnir. Jakovlev, Stetskíj, nærri því allir bestu mennirnir í miðstjórninni líka. ... Blóðbaðið er engu yfirgripsminna meðal ráða-mannanna en á lægri sviðunum.“

Stalín og klíka hans þurfa flokk, sem hugsar ekki, miðstjórn, sem hlýðir fyrir-skipunum í blindni, og stjórnmalanefnd, sem alltaf er þeim algjörlega sammála. Og Stalín mun takast að fá það. Hann leysir vandamálin á sama hátt og Pétur mikli gerði — með því að hálshöggva.“

Um kvöldið ræddum við um, til hverra við ættum að snúa okkur, sem gætu hjálpað mér til að ná rétti mínum. Krúpskaja kom ekki til mála. Það eina, sem bjargaði henni frá handtöku, var, að hún var ekkja Leníns. Hatur hennar á Stalín og aðferðum hans var alkunnugt, og ef hún tæki málstað einhvers, þá myndi það koma honum í koll. Aðrir nánir vinir félaga Mísha voru sjálfir í hættu. En allt í einu datt honum snjallræði í hug:

„Jaroslavskíj!“ hrópaði hann. „Já, ef Emíljan er ekki orðinn gjörspilltur, hlýtur hann að hlusta á okkur!“

Jaroslavskíj var einn af þeim fáu bolsévíkum frá gamla tímanum, sem enn höfðu nokkur völd. Hann var álitinn hinn opinberi kennimaður flokksins, sérlegur æðsti prestur Stalíns. Hann var formaður félags guðleysingjanna og skrifaði langar greinar, sem skýrðu og vörðu allt ofbeldi Stalíns. Ég gerði mér þess vegna litlar vonir um hjálp hans, en félagi Mísha æsti sig upp í bjartsýnar vonir. Hafði Jaroslavskíj ekki þekkt hann í fjöldamörg ár? Höfðu þeir ekki barist saman móti keisaranum og setið saman í fangelsi?

Næsta morgun hringdi Mísha til hans í síma og fékk loforð um viðtal. Það eitt út af fyrir sig var afrek. Leiðarbréfin biðu okkar, þegar við komum til aðseturs miðstjórnarinnar. Jaroslavskíj var klæddur rússneskri treyju. Hann faðmaði og kyssti féлага Mísha og tók innilega í hönd mér. Andartak vaknaði hjá mér von. Hér var félagi „af gamla skólanum“, maður gæddur hugsjónum kynslóðar föður míns.

En jafnskjótt og félagi Mísha fór að skýra frá tilganginum með heimsókn okkar, varð andlitssvipur Jaroslavskíjs kuldalegur og áhyggjufullur. Hann tuggði í vaxandi óró broddana á tóbakslituðu efrivararskeggi sínu.

„Já, Emíljan, nú er öll sagan sögð,“ lauk Mísha gamli máli sínu. „Ef þú hjálpar okkur, skal ég elska þig eins og bróður. Ef þú gerir það ekki, veit ég, að þú, jafnvel þú Emíljan, ert glataður. ...“

„Afsakaðu mig, Mísha.“ Raddhreimur Jaroslavskíjs var nú orðinn embættismannslegur. „Að koma til mín sem gamals vinar er eitt. Að koma til mín sem ábyrgs yfirmanns flokkseftirlitsins er annað. Það er skylda mín að vernda flokkinn og leiðtoga hans gegn öllum óvinum. Þar er ekkert rúm fyrir vináttu né ívilnanir. Við höfum ekki efni á því að vera veikgeðja. Skilur þú mig?“

„Já, ég skil. En hvaða þörf er á allri þessari mælsku? Ég er ekki neinn fjöldafundur, sem þú ert að ávarpa, eða blaðsíða í Bezbozhnik, sem þú ert að skrifa í. Viltu hjálpa okkur, eða viltu ekki hjálpa okkur? Segðu það umbúðalaust.“

„Vertu ekki æstur, gamli vinur. Félagi Kravtsjenko, viljið þér ganga út fyrir andartak, til þess að ég geti talað frjálsglegar?“

„Nei, hann verður hér, Emíljan,“ hrópaði félagi Mísha. „Ég vil ekki taka neinn þátt í því launungarmakki og þeim undirferlum, sem nú er verið að leiða í lög hér á landi. Erum við félagar, eða erum við það ekki?“

„Jæja, eins og þér þóknast,“ sagði Jaroslavskíj og yppti öxlum.

Við fórum úr skrifstofu hans daprir í bragði og úrræðalausir. Augu Mísha voru blinduð af tárum. Hann þurfti að styðja sig við handlegg minn.

„Þá er jafnvel Emíljan dauður — ég á við þann hreinskilna og hughrausta Emíljan, sem eitt sinn var félagi minn. Það gleður mig, Vítja, að ég skuli vera orðinn gamall. Ég þarf ekki lengi enn að horfa á þennan viðbjóð.“

Sá einasti vináttuvottur, sem Jaroslavskíj sýndi okkur, var að segja mér nöfn og símanúmer nokkurra áhrifamikilla embættismanna í miðstjórninni og leyfa

mér að nefna nafn sitt til þess að fá áheyrn hjá þeim. Næstu daga heimsótti ég menn þessa. Af háttfastri framkomu þeirra — þeir voru vingjarnlegir, brosandir, en mjög háttfastir — dró ég þá ályktun, að Jaroslavskíj hefði gefið þeim bendingu um að koma vingjarnlega fram við mig, en gera ekki neitt fyrir mig. Jafnvel menn, sem voru nákomnir Stalín, gátu sýnilega ekki leyft sér að aðstoða og hughreysta „skemmdarverkamenn“.

Ég leit yfir skrá mína um heimilisföng manna í Moskvu. Ætti ég að snúa mér til einhvers þeirra? Á meðan ég las nöfnin, strikaði ég mörg þeirra út. Einn var dainn, annar hafði stytst sér aldur, hinir höfðu verið handteknir. Að lokum kom ég að nafni, sem ég nam staðar við.

„Lazarev!“ sagði ég við sjálfan mig. „Ég ætla að snúa mér til hans. Að vissu leyti var það hann, sem sendi mig í þá ferð, sem leitt hefur til þessa öngþveitis. Voru það ef til vill ekki áhrif hans, þegar ég vann í kolanámunum í Donetz-dal, sem leiddu til þess, að ég gekk í æskulýðsfylkinguna?“

Þegar ég hringdi dyrabjöllunni hjá honum, komu tvær aldraðar konur til dyra. Þær horfðu óttaslegnar á mig, þegar ég óskaði eftir að tala við Lazarev, og önnur þeirra fór að gráta.

„Vesalings drengurinn minn er farinn. ... Það er nærri því ár síðan. ... Vissuð þér það ekki? Þeir sögðu, að hann væri þjóðníðingur. Guðleysingjarnir þeir arna! Böðlarnir þeir arna!“

Og þannig varð mér kunnugt um, að fyrsti kennarinn minn, sem skýrði fyrir mér kommúnistahreyfinguna, væri meðal hinna útskúfuðu. Hann var að gjalda fyrir þann þátt eðlis síns, sem kom í ljós þegar hann hengdi myndina af Tolstoj við hliðina á myndunum af Marx og Lenín.

Ég var orðinn þreyttur á vonbrigðum og áhyggjum þessara daga og ákvað því að heimsækja fjölskyldu A-s. Það var alltaf hægt að ganga að því vísu, að maður skemmti sér hjá gömlu frú A. og hinni hrífandi dóttur hennar, Tönju. Þrátt fyrir mikið mótlæti hafði þeim tekist að varðveita nokkuð af eðlilegri lífsgleði sinni. Félagi A. hafði flúið til Ameríku eftir uppreisnina 1905 ásamt konu sinni og syni þeirra, sem þá var barn að aldri, til þess að komast undan lögreglu keisarans. Í Vesturheimi höfðu þau eignast dreng og tvær stúlkur, sem voru alin upp eins og bandarísk börn.

Eftir byltinguna kom fjölskyldan aftur til Rússlands. Lenín sjálfur bauð hana velkomna. A. tók þátt í borgarastyrjöldinni af mikilli hreysti. Hann var foringi rauðra skæruliða og átti í höggi við hvítliða og Japana í Austur-Asíu. Þeir tóku hann til fanga, brytjuðu líkama hans í sundur og brenndu hann í auglýsningu hinna fanganna. Þegar borgarastyrjöldinni var lokið, fluttist fjölskylda hans til Moskvu. Lenín lét hana fá íbúð þar og veitti henni eftirlaun í viðurkenningarskyni fyrir dádír A-s. Eldri sonurinn varð verkfræðingur, og fyrir meðalgöngu hans kynntist ég fjölskyldunni. Hann var sendur í fangabúðir í fyrstu hreinsuninni. Konurnar urðu einar eftir.

Nú kom ég, án þess að við mér væri búist, til heimilis þeirra í gömlu, hrörlegu húsi. Dyrnar voru læstar og innsiglaðar. Á innsiglinu voru hinir hræðilegu bókstafir NKVD. Nágrannakona stakk höfðinu út um dyrnar til þess að sjá, hver kominn væri. „Guð hjálpi okkur, ungi maður. Þeir hafa handtekið borgarafrú A. og dóttur hennar og rekið þær í útlegð!“

Hún flýtti sér að loka dyrunum og var auðsýnilega hrædd um að hafa sagt of mikið. Það fór hrollur um mig, og ég flýtti mér burt. Ég hafði ekki gengið mörg skref, þegar ég varð þess var, að mér var veitt eftirför. Ég þurfti ekki að líta nema snöggvast á stígvél mannsins til að ganga úr skugga um, að hann var frá NKVD, þó að hann væri ekki einkennisklæddur. Það vantaði auðvitað ekki annað til að fullkomna ógæfu mína en skýrslu um, að ég hefði ætlað að heimsækja fjölskyldu, sem rutt hafði verið úr vegi!

Sem betur fór kom fornfáleg leigubifreið akandi framhjá í þessum svifum. Ég stökk inn í hana og bað bifreiðarstjórann um að aka mér eins fljótt og hann gæti til endastöðvar járnbrautarinnar, ég væri að missa af lestinni. Við endastöðina greiddi ég honum fargjaldið og náði í aðra bifreið, sem ók mér í nágrenni við heimili Mísha. Þegar ég sagði gestgjöfum mínum, hvað fyrir mig hefði komið, varð Mísha frændi aftur öskuvondur.

„Bölvaðir óþokkarnir! Þeir eru engu betri en á tímum keisarans!“ hrópaði hann og stikaði æstur fram og aftur um herbergið. „Nei, verri — þúsund sinnum verri. Þá voru mál manna rannsökuð, þeim var skipaður verjandi, gefið tækifæri til að verja sig. Þegar við vorum í hættu vegna stjórnmalaskoðana okkar, forðuðust vinirnir okkur ekki. Öðru nær. Þeir heimsóttu okkur og höfðu sig í frammi vegna okkar. Mótmælafundir voru haldnir, áskoranir til stjórnarinnar og blaðanna samþykktar og ræður haldnar í ráðgjafarþinginu. Nú ríkir aðeins hræðileg þögn, ótti og hugleysi alls staðar. Og síðan er annað, Vítja. Á þeim dögum virtist allur heimurinn vera með okkur. Lýðræðissinnaðir og frjálslyndir menn í Englandi, Frakklandi og Ameríku töluðu á móti harðstjórninni og veittu okkur siðferðislegan stuðning. Nú erum við lokaðir inni í fangelsi. Síðan virðist sem aðrar þjóðir viti ekki, hvað er að gerast hér. Einmitt þeir menn, sem ættu að vera með okkur, styðja margir harðstjórana og þá, sem kvelja okkur, og það grátbrotslega við þetta allt er, að þeir nefna sig ‚vini Ráðstjórnarríkjanna‘.“

„Vinir harðstjórnarinnar væri meira réttnefni á þessum heimskingjum,“ sagði ég. „Vítja, í hinum sérstöku bókasöfnum, sem ætluð eru okkur einum, sé ég stundum ensk og frönsk dagblöð. Auðvitað eru það aðeins örfá blöð, sem flytja má til landsins. Getur þú hugsað þér, að þar er skrifað um „lýðræðið“ og hin „aðdáunarverðu nýju lífskjör“ í Rússlandi! Ég er ekki að gera að gamni mínu. Ég sá einu sinni bandaríska bók um land okkar. Ég las nokkrar blaðsíður og trúði ekki mínum eigin augum. Höfundurinn — þetta fífl — hafði komið til Rússlands, en ekkert séð og ekkert skilið. Hann lýsti blóði drifnu föðurlandi okkar eins og það væri eins konar himnaríki. Heimskingjarnir þeir arna! Vindbelgirnir þeir arna!“

„En það er ómögulegt, Mísha frændi, að allur heimurinn geti verið fávís um, hvað er í raun og veru að gerast hér. Það er ómögulegt, að allur heimurinn sé genginn af göflunum.“

„Vissulega er erfitt að skilja það. En ef einhverjir erlendis vita, hvað hér er að gerast, þá hef ég að minnsta kosti ekki rekið mig á neinar sannanir fyrir því. Ég hef verið í fjölda opinberra móttökunefnda, sem tekið hafa móti sendinefndum erlendra verkamanna, kennara og stúdenta. Af hrifningu þeirra og barnalegum spurningum er auðsætt, að þeir hafa ekki neina hugmynd um þær ógnir og skelfingar, sem rússneska þjóðin á við að búa. Þeir vita ekkert um það afturhald, sem nú situr að völdum, Vítja, og það er hræðilegt. ...“

Hann settist, sneri sér frá mér og fór að kjökra.

Það síðasta, sem ég gerði í árangurlausri leit minni að réttlæti, var að snúa mér til ráðuneytis þungaíðnaðarins. Allir starfsmennirnir þar voru alteknir tilfinningu um takmarkalausa eynd, sem enginn gerði minnstu tilraun til þess að dylja. Þar voru fáir eftir af þeim mönnum, sem ég hafði þekkt. Það átti varla við af mér að minnast á vandræði mín við embættismenn, sem sýnilega töldu líf sitt hanga á bláþræði, á stað, sem var fullur af sveimandi öndum manna, sem „þurkkaðir höfðu verið út“, háttsettra embættismanna, venjulegra starfsmanna, kommúnista og utanflokksmanna.

Af viðtali við þá fáu starfsmenn, sem enn þorðu að tala við mig, fékk ég nánari fregnir af því, hve viðtæk árás NKVD á iðnaðinn hafði verið. Maður sá, sem átti að sjá um aukningu olúiðnaðar Ráðstjórnarríkjanna, M. Barínov, hafði verið „þurkkaður út“ ásamt aðstoðarmönnum sínum og starfslíði. Sama var að segja um Alperóvitsj, yfirmann verkfæraiðnaðarins, aðstoðarmann hans Stepanov og fjölda annarra. Nærri því allir helstu samstarfsmenn Ordzhoníkídzes — til dæmis Aleksandr Góúrevitsj, Rúkhímovitsj, Pavlínovskj — höfðu verið handteknir. Góúrevitsj hafði verið yfirmaður alls málmvöruiðnaðar landsins. Síðar frétti ég, að hann hefði orðið blindur í fangelsinu og andast þar. Aðstoðarmaður hans, Anton Totsjínskj, sem álitinn var einn af nýtustu verkfræðingum landsins, hafði einnig verið handtekinn. Aðeins mjög fáir háttsettir framkvæmdastjórar, yfirmenn ráðuneytis-skrifstofa, forstjórar verksmiðjuhringa og stofnana höfðu komist hjá sviptibyljum ógnarstjórnarinnar.

Til þess að gefa dálitla hugmynd um víðfedmi manndrápanna ætla ég að telja upp nokkra hinna myrtu, sem ég þekkti sjálfur. Nöfn þeirra hafa ef til vill enga merkingu í augum ókunnugra, en í augum þeirra, sem þekktu til rússnesks iðnaðar, voru þetta afburðamennirnir á því sviði:

L. Bondarenko, forstjóri vélaverksmiðjunnar í Kharkov; Konstantín Bútenko, yfirmaður verksmiðjuhringsins í Kúznetsk; Ganshín, yfirmaður olúiðnaðarins í Asíu; Gvakharía, yfirmaður Makajev-verksmiðjunnar í Donetsk-héraðinu; Osípov-Schmidt, yfirmaður verksmiðjuhringsins, sem framleiðir gervigúm; Míkháilov, aðstoðarframkvæmdastjóri við hina frægu Dneprostroy-stíflu; S. Makar, hinn

frægi byggingameistari Magnítrosts; æðsti maður þakhelluiðnaðarins, gamalbolsévíkin S. Schwartz; Gúgel, framkvæmdastjóri Azov-stálhringsins í Maríúpol; Í. Kosíor, um stund yfirmaður alls iðnaðar Ráðstjórnarríkjanna í Asíu, bróðir Kosíors þess, sem sat í stjórnmalanefndinni og var líflátinn; M. Vlasov, yfirmaður járnbræðsluverksmiðjanna í Tsjeljabínsk; G. Krzhemínskíj, yfirmaður mangan-hringsins í Níkopol; Níkolaj Radín, framkvæmdastjóri stórrar verksmiðju í Maríupol; Fjodor Logíjko, framkvæmdastjóri Nízhní-Dneprovskíj verksmiðjunnar; Zvaísne, framkvæmdastjóri Lysva-verksmiðjunnar í Úral; Ísak Rogotsjevskíj, framkvæmdastjóri stálverksmiðjunnar í Zaparozhe; Níkolaj Don-skov, framkvæmdastjóri málmvöruverksmiðjunnar í Tsjúsovaja; Khazanov, yfir-maður alls málmíðnaðar í Úral; Trachter, yfirmaður málmhringsins í Krívoj-Rog.

Ég vel nöfn þessi nærri því af handahófi og gæti aukið listann eftir minni, svo að hann næði yfir margar blaðsíður. Og ég vel aðeins nöfn úr allra efstu röðunum.

Í lestinni frá Moskvu hitti ég vin minn Jakob Vesník, sem þá var framkvæmdastjóri málmsteypuhringsins í Krívoj-Rog. Ég veitti ekki orðum hans þá athygli sem skyldi, en ég man þau þó, og þau hafa orðið þyngri á metunum og mikilvægari eftir því sem stundir hafa liðið fram. Vesník var ákafur byltingarmaður og mikill framkvæmdamaður, bolsévíki frá gamla tímanum, sem hafði ekki beygt sig fyrir hinum nýju einræðisskoðunum. Hann hafði verið sæmdur æðstu heiðursmerkjum Rauða hersins og var, eftir að hann sneri sér að iðnaðinum, náninn samstarfsmaður Ordzhoníkídzes, Molotovs og annarra leiðtoga í Kreml. Hann hafði oft verið sendur til annarra ríkja í mikilvægum fjármálaerindum.

Hann var glaður yfir, að við skyldum hittast þarna. Það kom í ljós, að hann hafði einnig farið til Moskvu til að reyna að koma í veg fyrir að verða handtekinn. Hin geðþekka kona hans, Eugenía, sem var afburðakona á sínu sviði, hafði nýlega verið ljósmynduð í Kreml ásamt Stalín. Birting þessarar ljósmyndar virtist fela í sér tryggingu fyrir því, að ekki yrði blakað við manni hennar. En Vesník gerði sér engar tálvonir í þeim efnum.

„Ég geri ráð fyrir að verða handtekinn, þegar ég kem heim til Krívoj-Rog,“ sagði hann. „Ég hef líka orðið þess áskynja, að ekki er neinnar hjálpar að vænta frá Moskvu. Þetta stafar allt frá sjálfum tindinum. Við úr gamla liðinu, sem börðumst undir stjórn Leníns, erum rægðir sem frumkvöðlar að fjarstæðum alþjóðafyrirætlunum, við erum brennimerktir sem svikarar og þjóðníðingar. Minnst þess, að þessi rógur á að hylja eitthvað annað. Stalín og flokkurinn geta ekki sagt almenningi sannleikann: að það séu deilur innan sjálfs flokksins, því að þá myndi almenningur taka afstöðu, og Stalín óttast, að meiri hlutinn kynni að sigra.“

Við töludum lengi saman og minntumst meðal annars á hinar mörgu ferðir hans til útlanda. Hann horfði beint framan í mig og sagði: „Ef þér fáið nokkurn tíma tækifæri til þess að segja mönnum erlendis frá skelfingunum hér, Víktor Andrejevítsj, þá er skylda yðar að gera það. Eins og ástandið er nú, getur Rússi, sem elskar

land sitt og þjóð, ekki gert henni meiri greiða. Baráttunni fyrir frelsi Rússlands má ekki hætta.“

Það fór eins og hann bjóst við, að hann var tekinn höndum. Kona hans var einnig handtekin þrátt fyrir þann skammvinna heiður að vera ljósmynduð með foringjanum. Eftir því sem tímar liðu fram, hljómuðu orð vinar míns sem spádómsorð í eyrum mínum.

Ég kom til Níkopol að kvöldlagi eftir árangurslausa ferð. Ég var dapur í huga og vonlaus. Þegar ég nálgadist hús mitt, furðaði ég mig á því, að þar var dimmt. Hvar var Pasha? Ég hafði skrifað henni, hvenær ég kæmi, og hún átti að vera þar. Ég tók í snerilinn. Dyrnar voru læstar. Ég barði að dyrum, fastar, enn fastar. Ekkert svar. Allt í einu þrýstu fingur óttans að barka mínum.

Ég varð svo andstuttur, að rödd mín bilaði og ég gat varla gert mig skiljanlegan, þegar ég kom að næsta húsi. Nágranni minn, einn af starfsmönnum verksmiðjunnar, horfði undrandi á mig, eins og hann sæi afturgöngu.

„Víktor Andrejevítsj!“ hvíslaði hann. „Er þetta í raun og veru þér? Og lifandi? Ekki handtekinn? Guði sé lof!“

„Hvað hefur komið fyrir? Hvar er Pasha? Ég hef verið í Moskvu í viðskipta-erindum.“

„Vitið þér ekkert, Víktor Andrejevítsj? Það er búið að víkja yður úr stöðu yðar og bera yður út úr húsinu. Ég veit ekki, hvar húsgögn yðar eru. Þau voru flutt héðan í vagni. ...“

Ég bað hann um að lofa mér að tala við Bratsjko í síma.

„Það gleður mig að heyra, að þér eruð kominn heim aftur, Víktor,“ sagði framkvæmdastjórinn.

„En Þjotr Petrovítsj! Hvað hefur gerst? Hvers vegna er hús mitt læst?“

„Látið það ekki á yður fá. Stillið skap yðar. Eftir fyrirskipun borgarnefndarinnar varð ég að víkja yður úr stöðu yðar. Ég ætla að setja yður yfir tæknideildina. Ég vona, að þér skiljið, að ég átti einiskis annars úrkosta og að mér fellur þetta mjög illa.“

„Auðvitað skil ég það, Þjotr Petrovítsj. Hvar á ég að vera í nótt?“

„Ég hef tryggt yður herbergi í gistihúsi verksmiðjunnar í Níkopol. Það er að vísu lítið herbergi, en það var það eina, sem ég gat fengið.“

Ég ók aftur til bæjarins. Forstjóri gistihússins bjóst við mér. Hann var fullur samúðar. Hann skildi, hvílík umskipti þetta voru fyrir mig, eftir að hafa búið í fína húsinu með bifreiðaskúr þess og blómagarði, og baðst því afsökunar, þegar hann sýndi mér herbergið. Þetta svefnherbergi, sem réttara væri að nefna klefa, með rifna veggfóðrinu átti eftir að vera heimili mitt þann tíma, sem ég dvaldist í Níkopol. Bókum mínum og öðrum eignum hafði verið kastað í hrúgu úti í hornum herbergisins. Auk rúmsins var þar inni lítið borð, skápur og lítill spegill á veggnum,

að ógleymdri upplitaðri mynd af Stalín, sem hékk á veggnum. Ekki fylgdi því neitt baðherbergi, ekki einu sinni þvottaskál.

En ég var þreyttur, of þreyttur til þess að hugsa eða finna til. Ég svaf langt fram á næsta dag.

17. kafli: Pyndingar eftir miðnætti

MÉR FÉLLST HUGUR, þegar ég þekkti rödd Gershgoríns í símanum.

„Jæja, litli fuglinn er þá kominn heim aftur úr langferðinni. ... Ég vona, að yður falli nýi bústaðurinn. ... Komið og rabbið við mig klukkan tólf á miðnætti.“

Eins og venjulega varð ég að bíða eftir honum. Þetta var fyrsti dagurinn í hinni nýju stöðu minni við stjórn tæknideildar verksmiðjunnar. Ég hafði unnið langt fram á kvöld og varla sest niður allan daginn. Andlega áfallið, að hafa verið settur í lægri stöðu og borinn út úr húsi mínu, sveið mér enn sárar en líkamlega þreytan. Ég var uppgefinn, örvæntingarfullur og með svima, þegar Gershgorín loksins þóknaðist að hleypa mér inn í skrifstofu sína.

„Jæja, Kravtsjenko,“ sagði hann með súru brosi, „ég vona, að þér hafið haft gagn af ferð yðar. Okkur er ekki gefið um, að yfirheyrslum okkar sé skotið á frest með þess háttar tiltækjum.“

„Ég hafði nauðsynleg ferðaleyfi,“ svaraði ég.

„Það veit ég vel. Það veit ég vel. Og ég þykist þess fullviss, að þér hafið farið til að leita verndar hjá mönnum eins og Ívantsjenko og Margolín, er ekki svo? Því miður hafa báðir þessir þjóðníðingar verið handteknir!“

„Það er rétt, félagi Gershgorín, að ég leitaði aðstoðar hjá Ívantsjenko. Hvers vegna skyldi ég ekki gera það? Hann hefur verið yfirmaður minn í mörg ár og er í stjórninni. Um Margolín er það að segja, að hann var ritari umdæmisnefndar flokksins um þetta leyti. Það var ekki ég, sem skipaði þá í þessi embætti.“

„Auðvitað ekki. En það er einkennileg tilviljun, að allir vinir yðar og verndarar skuli reynast svikarar! Fíllíne, Margolín, Ívantsjenko og margir aðrir. Segið mér, hvernig stóð á því, að Margolín skrifaði lofbréf um yður til borgarnefndarinnar? Hann hlýtur að vera gamall vinur yðar.“

„Ég hef aðeins séð hann einu sinni á ævinni, daginn sem ég hitti hann í skrifstofu hans.“

„Það er ég nú ekki viss um. ... En við skulum sleppa því í svip. Ég hef meiri áhuga fyrir Ívantsjenko, þessum svírðilega skemmdarverkamanni. Þér hafið þekkt þann svikara lengi ...“

„Já, en ég vissi ekki, að hann var svikari.“

„Hafið þér aldrei tekið eftir neinum eyðileggingar- eða skemmdarverkum af hans hálfu, úr því að samstarf ykkar var svona náðið og þið svo góðir vinir?“

„Nei, aldrei.“

„Hvað getið þér sagt mér um starf hans við pípuíðnaðinn?“

Ég sagði frá öllu, sem ég vissi og allir vissu. Hið feita, gljáandi andlit Gershgoríns var nú með reiðisvip. Hann drap á skrifborðið með digrum fingrunum, sem minntu á bjúgu, en voru vandlega snyrtir.

„Kravtsjenko! Gerið enga tilraun til þess að vera skemmtilegur. Þér vitið vel, að það eru ekki þess háttar upplýsingar, sem ég er að óska eftir.“

„Þetta eru einu upplýsingarnar, sem ég get gefið.“

„Ég held, að við getum hresst upp á minni yðar, áður en við höfum lokið við að þjálfu yður. Við höfum áður þurft að fást við jafnþráa viðskiptavinum og yður. Hvað vitið þér um samband Ívantsjenkos og Kabakovs?“

„Kabakov var, þangað til hann var handtekinn, ritari flokksins í Úral og sat í miðstjórn flokksins. Auðvitað hlaut Ívantsjenko að hafa ýmislegt saman við hann að selda. En ég veit ekki um neitt sérstakt eða óvenjulegt, sem þeim fór á milli.“

„Þér viljið með öðrum orðum ekki segja neitt.“

„Ég vildi fúslega geta sagt eitthvað, en ég geri ráð fyrir, að þér óskið ekki eftir, að ég skrökvi upp upplýsingunum.“

Í gegnum gluggann sást rofa fyrir nýjum degi, en Gershgorín, sem varð háværingi og ósvífari, eftir því sem hann varð þreyttari, hélt áfram að þjarma að mér.

„Segið mér, Kravtsjenko,“ sagði hann allt í einu, áður en hann hafði lokið annarri spurningu, „hvers vegna eruð þér svona hræddur um að verða handtekinn? Hvers vegna eruð þér alltaf að leita eftir hjálp — jafnvel hjá félaga Jaroslavskíj? Er það ef til vill vegna þess, að þér finnið með sjálfum yður, að þér eruð sekur?“

„Afsakið. En klukkan er nú orðin fimm, og klukkan átta á ég að koma til vinnu. Ef ég er enn frjáls ferða minna, þá er þetta ekki viðeigandi tími til að hefja heimspökilegar umræður.“

„Það er rétt ... alveg rétt. Við munum eiga fyrir okkur margar nætur til þess að ræða það mál. Ég hef mína sérstöku aðferð við að nema sálarfræði. Þér prófið sem verkfræðingur mótstöðuafl málma, sveigjanleik þeirra og sérstaka eiginleika, er ekki svo? Ég prófa sem góður leynilögreglumadur mótstöðuafl manna, sveigjanleik hugsanaferils þeirra um stjórnmál og svo framvegis. Jæja, verið sælir, við sjáumst aftur.“

Ég stóð upp. Ég var svo þreyttur, að ég riðaði á fótunum. Ég studdi mig við brúnina á skrifborðinu og spurði þreytulega:

„Segið mér eitt, Gershgorín. Ég hef þekkt yður í mörg ár og þér mig. Haldið þér í raun og veru og í hreinskilni sagt, að ég sé skemmdarverkamaður? Gerið svo vel að svara mér.“

„Já, ég skal svara yður. Við lögreglumenn byrjum með því að trúa á ákærurnar. Annars yði okkur ekkert ágengt. Hvað mér viðvíkur, álit ég sérhvern mann sekan, þar til hann hefur sannað sakleysi sitt. Þetta er nóg í nótt. Þér getið farið!“

Undir kvöld þennan sama dag sat ég við skrifborðið í nýju skrifstofunni minni. Ég var sljór af svefnleysi, með verk í öllum líkamanum, og mig sveið í augun, en reyndi þó af megni að einbeita huganum að tæknilegum skýrslum, sem lágu fyrir

framan mig. Síminn hringdi. Það var Bratsjko, en rödd hans bar vott um slíkt úr-ræðaleysi, að ég kannaðist varla við hana.

„Víktor Andrejevítsj! Nú er röðin komin að mér — verksmiðjunefndin var að ljúka fundi sínum. Ég hef verið rekinn úr flokknum. Rekinn — eftir meira en tuttugu ár!“

„Pjotr Petrovítsj, þetta getur ekki verið satt, ...“

„Jú, og í kvöld verður málið afgreitt á lokuðum fundi flokksdeildarinnar í verk-smiðjunni. Mig langaði til að biðja yður — hvernig á ég að koma orðum að því? En ég er viss um, að þér munuð skilja mig. Ég ætla að biðja yður um að taka ekki minn málstað. Það mun aðeins gera illt verra.“ Hann hringdi af.

Eftir óværan svefn í eina eða tvær klukkustundir fór ég á fundinn. Nýi ritari borgarnefndarinnar, Kondrashín, hafði verið verkfræðingur í minni deild. Hann var slóttugur, varkár maður. Hann hafði sérstaka hæfileika til að koma sér undan ábyrgð, en slíkt var ómetanlega mikils virði undir ráðstjórnarfyriřkomulaginu. Hann lét félaga Los, unga manninn, valdaþyrsta, flytja málið gegn Bratsjko.

Í langri, ástríðuþrunginni og algjörlega sundurlausri ræðu sakaði Los Bratsjko um allar þær syndir, sem taldar voru upp í hreinsunarskránni. Hin lélegu húsakynni, hin háa úrgangshundraðstala, lága kaupið, hinar fjölmörgu handtökur í öllum deildum verksmiðjunnar — allt var þetta eftir hinni útblásnu rökfræði Los Bratsjko að kenna. Og allt var það sönnun djöfullegra skemmdarverka, sem unnin voru af ráðnum hug.

„Burt með hann,“ hrópuðu nokkrir, og í kór var endurtekið: „Það er kominn tími til þess! Niður með skemmdarverkamennina!“ Meðal hinna háværustu voru allmargir verkamenn úr bröggunum. Auðvitað gátu þeir ekki vítað neitt um lyndis-einkunnir eða starf framkvæmdastjórans í stórum verksmiðjuhring, þar sem þeir voru aðeins auvirðileg peð. Þeir voru aðeins að láta í ljós eigin óánægju og notuðu tækifærið til þess að láta hana bitna á æðsta embættismanni verksmiðjunnar. Þeir gættu þess ekki, að kaupið var ákveðið af yfirvöldunum í Moskvu, á sama hátt og þar var ákveðið, hve miklu fé skyldi varið til verkamannabústaða og hverjir skyldu öðlast rétt til að búa í þeim.

„Óskar nokkur að taka til máls?“ spurði Los.

Hver flokksmaðurinn á fætur öðrum krafðist brottrekstrar. Allir bættu þeir ásökunum við þau ógrynni af fjarstæðum, sem þegar höfðu verið borin fram. Því næst kvaddi verkakona nokkur sér hljóðs. Ekki var hægt að efast um, að hún áleit sig fara með rétt mál.

„Félagar,“ sagði hún. „Ég starfa hjá verksmiðjuhringnum. Nú er það loks runnið upp fyrir mér, hvers vegna við lifum svona fátæklega, hvers vegna ekki eru til hús handa okkur verkafólkinu og hvers vegna við verðum að ganga svona illa til fara. Þessir Bratsjkoar lifa í allsnægtum, neyð öreiganna snertir þá ekki. Burt með skemmdarverkamennina! Þeir hafa nægilega lengi haft okkur að spotti!“

Ákafa hennar var tekið með miklum fagnaðarlátum.

Að lokum tók Bratsjko til máls. Honum var ljóst, að mál hans var vonlaust og að orð hans myndu ekki hafa nein áhrif á þessa æstu samkundu. Mennina þyrsti í hefnd, þeir þörfuðust sektarlambs til þess að láta óánægju sína bitna á. Bratsjko hóf mál sitt á því að segja frá, að hann hefði verið tryggur kommúnisti í tvo áratugi. Hann skýrði frá því, hvernig hann hefði fyrir byltinguna sem liðsforingi á vígstöðvunum og leynilegur bolsévíki unnið hermennina til fylgis við málstað verkamannanna. Það var gripið fram í fyrir honum með hæðnisrðum og dónalegum skammaryrðum.

„Vertu ekki að leika neinn alþýðuforingja! Nú er nóg komið af þessum óþverra! Hendið honum út!“

Tárin runnu niður innsagnar kinnar Bratsjkos, en skammaryrðin vöktu aftur baráttuhug hans, og hann brýndi röddina, svo að hún yfirgnæfði þá, sem voru að grípa fram í fyrir honum. Allt í einu ríkti þögn, þögn uppburðarleysis og sektar-meðvitundar, í þessum stóra sal. Hann lyfti krepptum hnefanum upp yfir höfuð sér.

„Með þessum tveim höndum gerði ég, Bratsjko, áhlaup á Vetrarhöll keisarans. Ég barðist við hvítliðana og hjálparsveitirnar. Ég ber enn örin eftir tvo tugi sára, sem ég særðist vegna byltingarinnar. Frá því að henni lauk hef ég unnið í fimmtán ár að því að byggja, byggja, byggja, þrátt fyrir hræðilegar tálmanir.

Og nú stend ég fyrir framan ykkur, sem eruð reiðubúin að rífa mig í ykkur. Hvers vegna? Það, sem ég byggði, viljið þið rífa niður. Þið kennið mér þá ágalla, sem ég barðist á móti af öllum mætti. Ég bið ykkur ekki neins. Ég vænti ekki neins af ykkur. Haldið áfram, og ljúkið þessu ógeðslega verki ykkar. Ég veit, að það er úti um mig, hvaða ákvörðun sem þið kunnið að taka. En ég óska, að þið hugsið um, hvað þið eruð að gera. Ég fel örlög mín samvisku ykkar. Engar ræður ykkar, engin háðsyrði ykkar breyta þeirri staðreynd, að ég er algjörlega saklaus.

Þið ráðið, hvort þið trúið mér eða ekki, félagar. Ég elska land mitt og þjóð mína. Ég hef þúsund sinnum lagt líf mitt í hættu vegna þeirra. Og ef þið nú launið mér með því að svipta mig lífi, tek ég því eins og hermaður. Meira hef ég ekki að segja.“

Brottreksturinn var samþykktur nærri því í einu hljóði. Ég fór af fundinum og ók heim til Bratsjkos. Vinnukonan hleypti mér inn. Eftir nokkra stund kom Bratsjko, kyrrlátlega eins og skuggi, axlir hans skulfu af tárlausum ekka. „Ég vissi, að þér mynduð biða eftir mér, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann. „Ég þakka yður fyrir það af hrærðum huga. Gleymið því ekki, ef þér fáið nokkru sinni tækifæri til þess — ef þessi vitfirring hættir nokkru sinni — að segja þeim, sem vilja hlusta, að það, sem þeir sögðu um mig, er sjúklegur uppspuni.“

Hann vildi ekki, að ég dveldist þar nema nokkrar mínútur. Ef leynilögreglu-mennirnir hittu okkur saman, myndi það verða okkur báðum til tjóns. Hann dró ekki í efa, að hann myndi verða handtekinn. NKVD hafði óskað að tryggja sér fyrirfram samþykki almennings í þessu máli. Það myndi létta starf hennar í Níkopól.

Bratsjko kom ekki í verksmiðjuna næsta morgun. Mér var sagt, að hann hefði ákveðið að ferðast til Dnepropetrovsk til að áfrýja máli sínu til umdæmisnefndarinnar. En hann komst aðeins til Zaporozhe. Þar var hann tekinn úr lestinni. Ég sá hann aldrei aftur og veit ekki enn í dag, hver hafa orðið örlög hans. Tveim dögum seinna voru kona hans, mágkona og einkaritari handteknar. Eftir voru aðeins gömul móðir hans og sex ára gömul frænka. Þær voru bornar út úr íbúðinni. Gamla konan varð sturluð út af þessum hörmungum. Hún gekk um götur Níköpol í marga mánuði og spurði menn, hvort þeir hefðu ekki sér „litla Pjotr“, sem „hefði týnst“. Síðan hvarf hún líka.

Í sömu viku var Kravtsjenko-málið tekið upp aftur í borgarnefndinni. Almennt var álitnið, að nú væri röðin komin að mér. En hamingjustjarna mín hafði ekki misst mátt sinn. Ég minntist þess, að það var Bratsjko, sem fyrstur gat um þessa dularfullu stjörnu, þegar ég fann skjölin, sem höfðu glatast. Sama daginn birtist löng grein á fyrstu síðu Níköpol-blaðanna, sem sakaði hóp af verkfræðingum í verksmiðjunni okkar um ýmsar stjórn málasýndir, einkum hörku gagnvart verkamönnum. Meðal helstu glæpamannanna voru samkvæmt greininni Makarov og Shajkevítsj — aðalkærendur mínir!

Því höggi, sem reitt hafði verið gegn mér, var þannig afstýrt á yfirnáttúrlegan hátt. Los áleit vafalaust, að það væri óheppilegt að halda til streitu hinum velktu ákærum á hendur mér, þegar aðalvitni hans áttu sjálf í vök að verjast. Nefndin gaf sig nú að hinum nýju ákærum, sem vakið höfðu mikla athygli. Makarov og Shajkevítsj voru báðir reknir úr flokknum. Síðar frétti ég, að birting árásargreinanna og tími sá, sem valinn var til þess, hefði ekki verið nein tilviljun. Síslínín gamli og aðrir vinir mínir höfðu verið þarna að verki.

Handtaka Bratsjkos kom af stað nýjum straumum ótta og skelfingar í verksmiðjunni. Margir þeirra, sem haft höfðu nána samvinnu við hann og verið vinir hans, hlutu óhjákvæmilega að verða fyrir barði lögreglunnar. Víshnev yfirverkfræðingi var mjög þungt í skapi. Ég þurfti að tala við hann um einhver mál í minni deild. Er ég hafði talað við hann nokkur orð, varð mér ljóst, að hann var ekki með réttu ráði.

Hann sat við skrifborð sitt í sparifötunum, með Lenín-orðuna í hnappagatinu, og grét með ekkasogum eins og barn. „Sjáið þér til, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann. „Þegar þeir koma til að handtaka mig, verða þeir einnig að handtaka Lenín. Enginn talar lengur við mig. Þeir álíta mig ekki yfirverkfræðing lengur. Lenín einn talar við mig.“

Tveim árum seinna sagði einn vinur minn mér, að Víshnev hefði alveg gengið af vitinu við pyndingar lögreglunnar. Leynilögreglan hélt, að geggjun hans væri „bragð“ til að komast hjá „játningu“, og hélt pyndingunum áfram, þar til hún sannfærðist um, að svo var ekki.

Nótt eina, nokkrum vikum seinna, var ég vakinn. Mér var sagt, að óskað væri

viðtals við mig í síma, en símataekið var niðri í anddyrinu. Ég klæddi mig og gekk niður. Það var Gershgorín. Hann skipaði mér að koma þegar í stað til aðalstöðva NKVD.

Aftur var ég kominn í skrifstofu Gershgoríns. Ég öfundaði hann af rjóðu kinnunum og hraustlega útlitinu. Ef ég hefði aðeins verið jafnhraustur og ég var áður ... En sífellt svefnleysi, áhyggjur og hin gífurlega ringulreið í verksmiðjunni drógu svo úr þrótti mínum, að ég var orðinn máttlítill og mér var óglatt.

„Við skulum halda áfram rabbi okkar,“ sagði Gershgorín og ljómaði af hreysti og starfsorku. „Ég vona, að þér verðið sanngjarnari, samvinnuþýðari, í þetta sinn.“

„Hvað óskið þér að vita?“

Gershgorín barði í borðið og skók krepptan hnefann framan í mig.

„Hér erum það við, sem berum fram spurningar!“ öskraði hann. „Yðar hlutverk er aðeins að svara. Skiljið þér það?“

„Ég skil. ... En ég hef ekki enn verið handtekinn. Ég er enn í flokknum og í sterkri aðstöðu. ...“

„Það skiptir okkur ekki máli. Í okkar augum eruð þér skemmdarverkamaður. Ég spyr yður aftur: Hvað vitið þér um skemmdarstarfsemi Ívantsjenkos? Þér hafið haft nægan tíma til að hugsa um málið.“

„Ég veit ekki neitt.“

„Heyrið mig nú, Kravtsjenko! Það myndi koma sér betur fyrir yður og spara mér mikla fyrirhöfn, ef þér vilduð byrja að leysa frá skjóðunni. Við höfum tæki til þess að fá menn til að tala. Við gerum þá eins mjúka og silki og meyra sem smjör. Skiljið þér það?“ Það var lostasamur, allt að því ástleitinn hreimur í röddinni. „Ef yður þykir vænt um andlitsfall yðar — þér eruð ekki ósnotur — þá ættuð þér að vera hjálpfúsari. ...“

„Ég tala í hreinskilni. Ég get ekki sagt yður frá því, sem mér er ókunnugt um eða er ekki satt.“

„Þér viljið þá ekki segja neitt?“

Síminn hringdi. Gershgorín sagði, að Dorogan vildi tala við sig. Ég ætti að bíða úti á ganginum. Við gengum saman út úr skrifstofunni, og hann afhenti mig ein-kennisklæddum lögreglumanni.

„Látið þennan borgara bíða eftir mér,“ sagði hann. Þarna í ganginum stóðu fjórir eða fimm menn. Þeir sneru andliti að veggnum og héldu höndum fyrir aftan bak.

„Gakktu þarna yfir, borgari, og settu þig í sömu stellingar og þeir,“ sagði lögreglumaðurinn og ýtti mér í áttina til þeirra.

„En ég hef ekki verið handtekinn. Ég er hér aðeins samkvæmt ósk félaga Gershgoríns.“

„Haltu kjafti! Gerðu eins og þér er sagt! Andlitið upp að veggnum, hendurnar fyrir aftan bak, og vogaðu þér ekki að líta við. Þú mátt ekki heldur styðja höfuðið við vegginn.“

Ég setti mig í sömu stellingar og hinir mennirnir. Við gátum ekki séð hver annan

í hálförökkrinu á ganginum og ekki heldur, hvað gerðist að baki okkar. Á þeim fjór-um klukkustundum, sem ég stóð þarna, bættust nýir menn í hópinn, sem látnir voru standa í sömu stellingum. Ég hafði heyrt getið þessarar pyndingaraðferðar, einnar hinnar mildustu í skrá NKVD, en nú kynntist ég henni af eigin raun.

Það er ekki hægt að gera neinum, sem hefur ekki neyðst til að standa í sömu stellingum án nokkurs til þess að styðja sig við, klukkustund eftir klukkustund, skiljanlegt, hvernig það er. Hendur, handleggir og fætur verða þyngri með hverri mínútu sem líður. Maður fer að finna til hvers einstaks hluta af líkamanum, hvers fingurs, hvers fingurliðs sem sérstaks þunga, ... smálestar á smálest ofan af kremj-andi þunga. Maður veit, að þetta er óþolandi, en gefst þó ekki upp. ...

Ég heyrði nístandi angistarvein frá herbergjunum meðfram ganginum, öskur og formælingar, hljóðin af höggum og hið þunga fall líkama, sem duttu á gólfid. Menn voru yfirheyrðir, þeir barðir og þeim ógnað. Ég veit ekki, hve lengi ég hafði staðið þarna, þegar ég heyrði fótatak og mannamál í hinum enda gangsins. Einhver fór að syngja:

Þrungið grósku, yndi, angan
eplatréð í blóma stóð. ...

„Lokaðu kjaftinum!“ hrópaði einn lögreglumaðurinn. „Ég skal gera þig blómlegan, ef þú heldur ekki kjafti.“

„Það er ekki til neins að skamma hann, hann er bandvitlaus,“ sagði annar, meðan hópurinn gekk áfram, ekki veit ég hvert.

Ég var stamur af svita. Án þess að ég gæti við ráðið, runnu auðmýkingartár niður kinnar mínar. Mig klæjaði óbærilega um allan líkamann. Þegar ég losaði hendurnar á mér til þess að klóra mér, skipaði vörðurinn mér að setja þær á ný aftur fyrir bak, að öðrum kosti myndi hann kljúfa á mér hauskúpuna. Eins og verið væri að taka undir þessa hótun, heyrðist óeðlilegt, varla mennskt óp einhvers staðar fyrir aftan mig. ... Dagsbirtan tók að seytle inn eftir ganginum, ég sá hana endurkastast á gráan vegginn.

„Jæja, komið þér, Kravtsjenko. Mér þykir leitt, að þér skuluð hafa orðið að bíða svona lengi. En ég er svo önnum kafinn, önnum kafinn.“

Það var Gershgorín, sem sagði þetta með hressilegri, glaðlegri röddu. Ég sneri mér við og sundlaði svo, að ég var nærri dottinn. Ég gekk á eftir honum inn í skrifstofu hans. Mér létti ekkert, þegar ég var sestur þar inni. Það var eins og ég stæði ennþá undir ógurlegu þreytufargi. Gershgorín lagði fyrir mig spurningar, en ég skildi aðeins einstaka orð. Ég gat ekki gert mér grein fyrir, við hvað hann átti með þeim.

„Allt í lagi. Farið heim, og leggið yður stundarkorn. Yður mun ekki veita af því. Ég sendi eftir yður aftur ... bráðlega. Annars kemur þetta rabb okkar engum við

nema okkur tveimur. Smávegis sameiginlegt leyndarmál. Ef þér segið einhverjum frá því, þá mun yður iðra þess.“

Þegar ég kom heim til gistihússins, þvoði ég mér úr ísköldu vatni og lá síðan andvaka á óumbúnu rúminu, þar til tími var kominn til að fara til vinnu. Þegar ég kom til verksmiðjunnar, lágu fyrir mér skilaboð frá NKVD, þess efnis, að ég ætti að koma aftur um kvöldið klukkan tólf.

Þá nótt var Gershgorín í byrjun hátíðlega kurteis, næstum því vingjarnlegur. Hann bauð mér jafnvel te og kökur, sem ég þáði ekki. Hann sagði, að ég væri sannarlega ekki vingjarnlegur eða nærgætinn við sig. Ég neyddi hann til þess að haga sér eins og skepnu — til dæmis með því að láta mig biða eftir sér í ganginum — þó að hann væri í raun og veru alls engin skepna. Héldi ég ef til vill, að starf hans væri ánægjulegt? Héldi ég ef til vill, að hann hefði gaman af því? En hvað gæti sá maður gert, sem rík skyldurækni væri í blóð borin?

„Í nótt getið þér gert mér dálitinn greiða, Kravtsjenko,“ sagði hann. „NKVD mun meta það við yður og flokkurinn ekki síður. Það er ekki mikið, sem við krefjumst af yður.“

„Hvaða greiði er það?“

„Aðeins undirskrift yðar, heiðarleg undirskrift yðar, rituð af fúsum vilja, sem framkvæmdastjóra í Ráðstjórnarríkjunum, verkfræðings og tryggs flokksmanns. Sjáið þér til. Hér er að ræða um alvarlegt mál, mál, sem snertir landvarnirnar. Verksmiðja yðar hefur afgreitt til efnafræðideildar landvarnaráðuneytisins pípur, sem óhreinindi voru í. Það er auðvitað ekki yður að kenna. Þér hafið ekki brætt málm-inn í þær. Það er alveg augljóslega kerfisbundin skemmdarstarfsemi, sem á upptök sín á æðstu stöðum, í Moskvu, og hefur breiðst þaðan út til Kharkov og þaðan til Zaparozhe, þar sem framkvæmdastjórinn, Rogotsjevskíj, var þjóðníðingur, sem hefur nú verið handtekinn, en þar var stálið í pípunnar frá ykkur brætt.“

Ég sá þegar í stað, að ákæran var viðbjóðslegur stjórnmálauppaspuni. Stálið, sem við fengum, var oft lélegt. Ég hafði hvað eftir annað gefið skýrslu um það og kvartað undan því. Bratsjko og Víshnev höfðu stundum verið mjög áhyggjufullir út af því. En gallarnir stöfuðu af einföldum, tæknilegum ástæðum, sem Ordzhonikídze, Pjatakov og Ívantsjenko var vel kunnugt um, ástæðum, sem stöfuðu af óviljandi mistökum og reynsluskorti á bræðslustaðnum.

„Í fyrsta lagi, félagi Gershgorín, er ég alls ekki viss um, að óhreinindin og hin rýru gæði stálsins stafi af skemmdarverkum,“ sagði ég. „Og í annan stað óska ég eftir að fá að lesa það skjal, sem þér eruð að biðja mig að undirrita.“

„Að sjálfsgöðu. Hér er það.“ Hann rétti mér hefti, hér um bil tuttugu þétt vélritaðar blaðsíður.

Ég las hægt, í nærri því klukkustund. Mér hitnaði og kólnaði á víxl, meðan ég var að lesa. Skjalið var einkennilegt sambland af hálfum sannleika og hreinni lygi, vandlega og lævislega blandað saman, þannig að það myndaði fyrirfram ákveðna, áhrifamikla heild. Í skjalinu var nefndur fjöldi nafna, nöfn í tugatali, og kannaðist ég

við nokkur þeirra. Það var einkennilegt „samsull“ af kunnunum og óþekktum mönnum: þjóðfrægum verkfræðingum í efnaiðnaðinum og stáliðnaðinum, yfirmönnum verksmiðja, verkstjórum. Ívantsjenko og Bratsjko voru nefndir þar, embættismenn frá hálfri tylft ráðuneyta, Pjatakov og svo framvegis.

Það var nokkur rökvísi, nokkurt samræmi í frásögninni, ef menn gengu hiklaust út frá þeim forsendum, að allir, sem við sögu komu, frá æðstu embættismönnum í stjórnardeildunum í Moskvu til bræðslumannanna í Zaparozhe og verkstjóranna í Níkopol, hefðu verið hlýðnir, djarfir og fjandanum lævisari samsærisfélagar.

„Ég get ekki undirritað þetta skjal,“ sagði ég, þegar ég hafði lokið við lestur þess. „Ég bjó til pípur úr þeim málm, sem mér var fenginn í hendur. Stundum voru óhreinindi í stálinu. Annað veit ég ekki og get ekki undirritað.“

„Jæja. Hvers vegna hafa þá sumir af frægustu prófessorum og iðnaðarforkólfulum okkar undirritað það? Teljið þér yður enn meiri sérfræðing en þá alla?“

Skjalið var í raun og veru undirritað af afburða vísindamönnum Ráðstjórnarríkjanna og kunnunum verkfræðingum. Sameiginlegur dómur þeirra var „skemmdarverk“. Ég gat vel gert mér í hugarlund, hvernig þeir hefðu verið neyddir til að undirskrifa skjalið. En ég gat aðeins endurtekið, að ég vildi ekki staðfesta neitt, sem mér væri ekki kunnugt um af eigin reynslu.

„Ef þér óskið þess,“ sagði ég, „skal ég staðfesta, að það voru óhreinindi í málm-inum.“

„Eruð þér að gera gys að mér, Kravtsjenko? Hafði þér gleymt, hvar þér eruð staddur? Óhreinindi! Ég þarfnast ekki vottorðs yðar um það. Það, sem ég þarfnast, er, að þér staðfestið, að um skemmdarverk hafi verið að ræða. Þér stjórnðuð pípuframleiðslunni.“

Ég þagði. Gersghorín rökræddi við mig og skammaði mig til dögunar. Hann las kafla úr skjalinu upphátt og benti á, hve „augljóslega“ skemmdarverkaáformin kæmu í ljós. Það eina, sem mér var ljóst — þrátt fyrir þreytu mína, — var, að NKVD í Níkopol hafði fengið fyrirskipun um að ná álitu frá mér, sem í raun og veru væri óbein játning mín um þátttöku í skemmdarverkum. Hún var hlekkurinn, sem vantaði í keðju þessara fjarstæðu tilgátna. Þegar ég væri búinn að láta þeim þann hlekk í té, myndi ég verða hengdur í sömu keðjunni. Það var enginn hetjuskapur, að ég neitaði að undirrita skjalið. Mér var öldungis ljóst, að undirskrift mín væri sama og undirritun eigin dauðadóms. Að lokum var ég sendur heim með miklum formælingum og alvarlegri áminningu um að athuga málið nánar.

Nótt eftir nótt í marga mánuði var mér stefnt til aðalstöðvanna og ég yfirheyrður þar með hótunum eða smjadyrðum. Það var talið víst, að svefnleysið bryti niður mótstöðu mína. Ég vann allan daginn. Ég gat ekki unnað mér neinnar hvíldar í hinni nýju stöðu minni, því að sérhver vanræksla eða skyssa myndi verða álitin „sönnun“ fyrir skemmdarverkum. Og mestan hluta nætur var ég pyndaður.

Á meðan á þessu stóð, hélt mylna flokksréttlætisins áfram að mala. Ný rann-sóknarnefnd lýsti nauðug yfir því, að hinar upprunalegu ákærur á hendur mér hefðu

verið afsannaðar með skjölum. Sú ákvörðun í máli mínu, sem tekin hafði verið undir forystu Fíllínes, var látin haldast, eftir að Kondrashín tók við af honum. Þó að hinn nýi flokksritari væri hentistefnumaður og heigull, var hann ekki óánægður með úrslitin, og hann tók í höndina á mér í samfagnaðarskyni, þegar enginn sá til. Ég var áfram flokksmaður, fræðilega séð einn hinna „bestu meðal hinna bestu“, einn hinna útvöldu, sem stjórnuðu landinu.

En næturpyndingarnar héldu sífellt áfram. Á hverri nóttu var nýjum ásökunum beint gegn mér. Hvert var samband mitt við hina „óðu hunda“: Margolín, Bratsjko, Víshnev, Ívantsjenko, Fíllíne, Rosengolts? Var það ekki rétt, að ég hefði haft mök við „mensévikanjósnaðinn“ Dúbínskíj? Hafði ég ekki aðstoðað og stutt „nasista-njósnaðinn“ Zelman? Sérhver nýtt nafn og umræðuefni var Gershgorín efniviður í margra klukkustunda yfirheyrslur og hótanir. Ég var sljór og ringlaður. Mig verkjaði í hverja taug og vöðva.

Hermenn á vígvelli þekkja langvarandi svefnleysi. Ég var eins og sundmaður, sem útfirir ber langt burt frá ströndinni, buslar enn ofansjávar af veikum mætti, en finnur þrótt sinn fjara út við hver sársaukafull sundtök.

Nótt eina, er ég hafði staðið á ganginum með andlitið upp að veggnum í fjórar eða fimm klukkustundir, sendi Gershgorín mig heim án þess að yfirheyrja mig. Hann sagðist því miður ekki hafa tíma til að „rabba“ við mig lengur. En næstu nótt kom hann þó fram með spánnýja ákæru.

„Kraivsjenko, það hafa tveir Vesturheimsmenn búið hjá yður, er ekki svo?“

„Jú, þeir aðstoðuðu okkur við að koma upp nokkrum bandarískum vélum.“

„Hvers vegna kom svikarinn Bratsjko þeim fyrir hjá yður, en ekki einhverjum öðrum?“

„Ég geri ráð fyrir, að það hafi verið vegna þess, að ég var einhleypur og hafði stórt hús til umráða.“

„Segið mér, hafið þér nokkurn tíma kvartað undan stjórn Ráðstjórnarríkjanna við þessa Vesturheimsmenn?“

„Nei, auðvitað ekki. Þeir eru enn í Ráðstjórnarríkjunum. Þér getið sannprófað þetta.“

„Þér skuluð ekki segja mér, hvað ég á að gera. Ég er að verða þreyttur á ósýfni yðar. Hvernig var stjórnmalasamband yðar við þessa Vesturheimsmenn?“

„Alls ekkert. Ég kom vingjarnlega fram við þá, eins og mér bar skylda til.“

„En það var Ívantsjenko, sem pantaði þessar vélar frá Ameríku?“

„Já.“

„Það er þá hugsanlegt, að Ívantsjenko og þetta bandaríska firma hafi átt í ráðagerðum um skemmdarverk?“

„Það er ég ekki fær til að dæma um.“

„Ekki það, vesalings litla, saklausa lambið. En“ — nú talaði hann hægt og geigvænlega, eins og hann kæmi fram með gjöreyðandi uppljóstrun — „þér heimsóttuð þessa menn í Kharkov, er ekki svo?“

„Jú, ég rakst á annan þeirra á götu. Hann lagði að mér að koma með sér til Krasnaja-gistihússins, og það var ekki auðvelt fyrir mig að neita því.“

„Og þér heimsóttuð þá aftur á gistihúsi í Moskvu?“

„Nei. Ég bjó á Metropole og sat þar einn og borðaði. Vesturheimsmennirnir sátu við annað borð og voru að drekka þar með stúlkum. Þeir kölluðu á mig yfir þveran salinn. Ég komst ekki hjá því að ganga yfir til þeirra og drekka glas af víni með þeim. Ég sat aðeins fimm mínútur hjá þeim og fór síðan leiðar minnar.“

„Og hvers vegna fór annar Vesturheimsmaðurinn yðar skyndilega með flugvél til Stokkhólms? Og hvers vegna gaf hann yður gjöf, þegar hann kom aftur?“

„Eftir því sem ég veit best, fór hann þangað í einkaerindum. Það var engin ástæða fyrir hann til að segja mér frá þeim. Um gjöfina er það að segja, að hún var bútur af sérstaklega gerðu stáli og nokkur tæki til hitamælinga, sem við gátum ekki smíðað hér heima. Það var aðeins vinsemd gagnvart mér og verksmiðjunni okkar.“

„En hann kom líka með fyrirskipanir til Ívantsjenkos frá gagnbyltingarmiðstöðvum í Stokkhólmi, sem fjandsamlegar voru Ráðstjórnarríkjunum, er ekki svo?“

„Það hef ég enga hugmynd um.“

Yfirheyrslan um Vesturheimsmennina stóð yfir í margar klukkustundir. Allt í einu opnuðust dyrnar og inn þrammaði hinn klunnalegi Dorogan, öskuvondur. Þykkar varir hans teygðust fram í ógeðslega grettu. Gershgorín stóð upp í virðingarskygni.

„Gershgorín! Hversu lengi ætlið þér að láta þennan skemmdarverkamann vefja yður um fingur sér? Eruð þér lögreglumaður eða ræfill? Það var skömm, að við skyldum ekki handtaka hann fyrir ári í stað þess að láta borgarnefndina vera að káka við mál hans.“

Gershgorín virtist verða hræddur. Hann skalf sýnilega í návist yfirmanns síns.

„Félagi húsbóndi! Ég hef gert allt, sem ég hef getað. Ég hef meðhöndlað hann á hverri nóttu í heilan mánuð. Ef þér óskið, að ég noti kröftugri aðferðir við hann. ...“

Dorogan lét sem hann heyrði ekki. Hann reigði sig öskuvondur yfir mig.

„Gætið yðar, Kravtsjenko, eða það mun fara illa fyrir yður!“

Hann rauk út og skellti hurðinni á eftir sér. Þegar Gershgorín sleppti mér, hér um bil klukkustund síðar, ákvað ég að tala við Dorogan. Ég vildi binda endi á þessar raunir mínar á einhvern hátt. Fyrir utan skrifstofu hans sagði ég verðinum nafn mitt og óskaði viðtals. Mér var hleypt inn.

„Hvern fjandann viljið þér?“ öskraði Dorogan.

„Ég ætlaði að spyrja um, hvað það sé, sem þér viljið að ég geri. Ég hef verið pyndaður svo lengi. ... Á hverri nóttu eru samdar nýjar ákæru. Félagi Dorogan! Þér sitjið í framkvæmdaráði borgarnefndarinnar. Þér vitið, að ég hef tvisvar sinnum verið sýknaður. Ég spyr yður sem kommúnisti. ...“

„Sem kommúnisti!“ öskraði hann og rauk á mig eins og mannýgt naut. Hann sló mig með flötum lófa, fyrst á aðra kinn, síðan á hina. Hann greip um kverkar

mér, herti að og hristi mig ofsalega til beggja hliða. Hann var sterkur maður með járngreipar, sem klemmdust fastar og fastar saman. Mér sortnaði fyrir augum. ...

„Burt með yður, áður en ég drep yður!“ heyrði ég, að hann öskraði, um leið og hann hratt mér út úr dyrunum.

Ég reikaði að veggnum og hallaði mér upp að honum í nokkrar mínútur, meðan losaðist um járnhringinn um hálsinn á mér. Ég veit varla, hvernig ég fór að því að komast heim í gistihúsið. Ég skreið með erfiðismunum upp stigann, kastaði mér niður á rúmið og sofnaði værum svefni.

Dag nokkurn, klukkan um eitt, opnuðust dyrnar að skrifstofu minni og Gershgorín kom inn. Hann hristi snjóinn af einkennisyfirhöfn sinni. Nú er hann kominn til þess að sækja mig, hugsaði ég með mér.

„Halló, Kravtsjenko.“ Þetta „halló“ gerði mig rórri. „Hvar er Valentín Bítsjkov verkfræðingur, yfirmaður efnarannsóknarstofu yðar?“

„Hann er í steypudeildinni. Þeir eru að vinna við rafmagnsbræðsluofn.“

„Sendið strax eftir honum, en segið honum ekki, hvers vegna hann eigi að koma.“

Ég talaði við Bítsjkov í síma og bað hann um að koma og tala við mig. Hann svaraði, að hann gæti ekki farið frá bræðslunni, og spurði, hvort hann mætti ekki ljúka henni af.

„Það er því miður ekki hægt. Komið strax. Það er áriðandi.“ Ég hringdi af.

„Viljið þér segja mér erindi yðar við Bítsjkov? Hann er starfsmaður minn,“ spurði ég.

„Nei, heyrið þér mig nú, Kravtsjenko. Var viðvörðun sú, sem Dorogan gaf yður um nóttina, ekki nægileg? Það er sannarlega erfitt að temja yður. En meðan ég man eftir því, komið til mín í kvöld klukkan ellefu.“

„Má ég ekki sofa í friði eina einustu nótt?“

„Þér þurfið aðeins að undirrita það, sem undirrita þarf, hafa dálitla samvinnu við okkur, og síðan getið þér sofnið eins mikið og yður þóknast.“

Bitsjkov kom algjörlega grunlaus. Hann var í samfestingi, sveittur og sótugur.

„Góðan daginn, Víktor Andrejevítj,“ sagði hann. Og þegar hann sá gest minn, bætti hann við enn grunlaus: „Góðan daginn, félagi Gershgorín.“

Hann rétti höndina að Gershgorín, en Gershgorín tók ekki í hana.

„Kallið mig ekki féлага, óþokkinn yðar!“

„Hvað er að, félagi Gershgorín? Þekkið þér mig ekki?“

„Ég þekki yður nægilega mikið. Hvert er nafn yðar?“

„Bítsjkov.“

„Skírnarnafn og föðurnafn?“

„Valentín Ívanovítj.“

„Þér eruð handtekinn fyrir skemmdarverk. Komið!“

„En hvað hefur komið fyrir? Ég skil þetta ekki.“

„Af stað! Gakk!“ Gershgorín hafði tekið fram skammybyssuna sína og miðaði henni á fanga sinn.

Hinn furðu lostni ungi verkfræðingur gekk út og NKVD-maðurinn á eftir honum.

Ég læsti dyrunum að skrifstofu minni. Kraftar mínir voru þrotnir. Ef til vill ætti ég heldur að undirskrifa eitthvað, hvað sem væri. Hvaða gildi hafði þessi mótstaða mín? Hvaða möguleika hafði ég í baráttunni við þessa sadista, sem völdin höfðu stigið til höfuðs?

Klukkustund seinna kom unga konan hans Bítsjkovs til að tala við mig. Hún var með tveggja ára gamla dóttur þeirra með sér. Frú Bítsjkov var snotur kona og grét mikið. Barnið grét líka. Ég reyndi að hugga þær, hughreysta þær. ... Og um nóttina, þegar ég var dauðuppgjefinn vegna atburða dagsins og áhyggna minna, varð ég enn að þola langa yfirheyrslu, sem tók á taugar mínar meir og meir. ...

Eftir þrjá eða fjóra daga kom frú Bítsjkov aftur. Myndavél, skeiðklukka og nokkrir aðrir hlutir, sem verksmiðjan átti og verið höfðu í skrifstofu manns hennar, höfðu horfið. Áður en þeim væri skilað aftur, vildi deild sú, sem annaðist launa-greiðslur, ekki borga henni það kaup, sem maður hennar átti inni. Ég kallaði á aðstoðarmann Bítsjkovs. Hann sór og sárt við lagði, að hann hefði ekki hugmynd um, hvar hlutirnir væru. En ég hafði sterkan grun um, að hann hefði stolið þeim.

Óhamingja konunnar og barnsins neyddu mig til að snúa mér til Gershgoríns. „Gerið svo vel að spyrja Bítsjkov, hvar hann hafi geymt ljósmyndavélina, skeiðklukkuna og hina hlutina,“ sagði ég við hann bænarrómi.

„Þér getið sjálfur spurt hann að því,“ svaraði Gershgorín. „Komið hingað strax, og ég skal leyfa yður að tala við hann.“

Ég furðaði mig á, hvers vegna hann væri svo ákafur í, að ég hitti hinn handtekna verkfræðing. Áður en klukkustund var liðin, var ég kominn í aðalstöð NKVD. Gershgorín hringdi á varðmann og fyrirskipaði honum að koma með fangann „úr kjallaranum“. Skömmu seinna komu tveir lögreglumenn með Bítsjkov á milli sín.

Ég þekkti hann varla aftur. Það fór hrollur um mig, þegar ég sá hann. Andlit hans var lemstrað og bólgið. Annað auga hans var sokkið. Samfestingurinn hans — sem hann var í, þegar hann var handtekinn — var allur rifinn og blóðugur. Á höndum hans voru storknaðir blóðblettir, ógeðslegan daun, lykt fangelsis og sjúkdóma, lagði af honum. Það var erfitt að trúa því, að þessi illa leikni vesalingur væri laglegi, ungi verkfræðingurinn, sem fyrir nokkrum dögum hafði komið inn í skrifstofu mína.

Og nú rann það upp fyrir mér, hvers vegna Gershgorín hafði hvatt mig til að koma. Hann vildi bregða upp fyrir mér svipmynd af því, hvað yrði um þá menn, sem væru ekki nægilega „samvinnuþýðir“ við hann.

„Valentín Ívanovítsj,“ sagði ég og leit undan til þess að forðast þessa hörmulegu sýn, „hvar hafið þér geymt skeiðklukkuna, myndavélina og aðra muni verksmiðjunnar?“

„Aðstoðarmaður minn geymir alla þessa muni, Víktor Andrejevítsj,“ svaraði hann með skjálíandi röddu, eins og maður, sem er að dauða kominn, „hann notaði þá í rannsóknarstofunni.“

„Þökk. Ég hef ekki þörf fyrir frekari upplýsingar.“

„Víktor Andrejevítsj, ... kona mín og dóttir. ... Vesalings Marjusa mín. ...“ Hann fór að hágráta.

„Nú er nóg komið, Bítsjkov.“ Gershgorín sló í borðið með loðnum, krepptum hnefanum. „Hættið þessum leikaraskap, annars munuð þér verða tekinn til meðferðar að nýju. Þér grétuð ekki, á meðan þér voruð að eitra fyrir verkamennina í starfsdeild yðar, eða hvað? Út með yður!“

Þetta var þá ákæran á hendur Bítsjkov! Við höfðum fyrir skömmu unnið að því að framleiða ryðfríar stálpípur. Þær þurfti að æta í saltþéturssýru í trékerjum, sem smíðuð voru í skyndi. Bítsjkov hafði frætt verkamennina um aðferðina samkvæmt opinberum fyrirmælum, sem giltu um allar verksmiðjur. Fjórir menn, sem höfðu ekki farið eftir settum reglum, höfðu sýkst af sýrugufunum, svo að flytja þurfti þá í sjúkrahús. Nú var Bítsjkov sýnilega ákærður fyrir að hafa af ráðnum hug „byrjað“ verkamönnunum „eitur“. Þetta var ákæra samkvæmt nýjustu tísku, því að hún var gerð í því skyni að æsa verkamennina upp gegn verkfræðingunum. Ákæran var ekki einungis langsótt, heldur fjarri allri skynsemi.

Þegar ég kom aftur til verksmiðjunnar, kallaði ég á aðstoðarmann Bítsjkovs, sem var flokksbundinn, en það var Bítsjkov ekki. Ég hótaði að kæra hann fyrir NKVD um þjófnað, ef munirnir, sem saknað var, væru ekki komnir á skrifborð mitt innan tíu mínútna. Þeir voru komnir þangað áður en tvær mínútur voru liðnar. Þegar frú Bítsjkov kom, sagði ég henni, að ég hefði átt tal við mann hennar.

„Valentín líður vel og virtist vera hress,“ laug ég. „Auðvitað saknar hann yðar, en hann bað mig að segja yður að þér þyrftuð ekki að vera áhyggjufull. Hann biður kærlega að heilsa yður og barninu.“ Hvað annað gat ég sagt við þessa ógæfusömu konu? Hún þakkaði mér og fór. Ég sá hana aldrei framar og veit ekki heldur neitt um, hvað orðið hefur um mann hennar.

Mestan hluta haustsins var ég aðeins yfirheyrður við og við að næturlagi af NKVD, en í lok ársins 1937 voru sífelldar yfirheyrslur teknar upp að nýju. Það var enginn hörgull á málefnum til að „rabba um“ — hver ný hrina af „óþurrrkunum“ innan iðnaðarins leiddi af sér nýjar flækjur, sem talið var nauðsynlegt að ég léti í ljós álit mitt á. Þá var það, að ég tók ákvörðun, sem ég hafði lengi hikað við af ótta við að móðga þá, sem yfirheyrðu mig.

Ég skrifaði eftirlitsnefnd miðstjórnarinnar í aðalstöðvum hennar í Dnepropetrovsk og kvartaði undan, að ég væri ofsóttur með óréttmætum ákærum um skemmdarverk. Ég minntist ekki á NKVD, þar eð margoft hafði verið lagt ríkt á við mig, að yfirheyrslur mínar að næturlagi væru launungarmál, jafnvel gagnvart sjálfum flokknum. Eftirlitsnefndin átti, að minnsta kosti í orði kveðnu, að hafa vakandi auga með réttindum og sæmd flokksmannanna. Reglum samkvæmt rökstuddi ég

kröfu mína með áminningu þeirri, sem enn var í gildi. Ég bað nefndina um að afmá þennan smánarblett.

Nokkrum dögum seinna kom rannsakari. Hann spurði mig, undan hverju ég hefði að kvarta, úr því að borgarnefndin hefði sýknað mig.

„Áminning sú, er mér var veitt, er enn í gildi,“ sagði ég. „Hana þarf að fella úr gildi. Ég óska þess, að eftirlitsnefndin stöðvi ákærurnar á hendur mér.“ Ég sagði í stórum dráttum frá mikilvægustu ásökununum, sem nótt eftir nótt hafði verið beint að mér.

Rannsakarinn dvaldist þarna í marga daga, ræddi við ýmsa menn úr flokksstjórninni og verksmiðjunni og fór síðan aftur. Næturyfirheyrslurnar yfir mér héldu áfram nærri því látlaust. Ég hafði lést. Augu mín voru nú stöðugt þrútin. Vinir mínir, sem höfðu ekki séð mig nýlega, þekktu mig varla aftur.

Um þetta leyti var límdur upp í Níkopól fjöldi spjalda með áletrunum um hinar fyrstu „lýðræðislegu kosningar“ í Rússlandi samkvæmt nýju stjórnarskránni. Hinn 12. desember 1937 áttu þjóðflokkar Rússlands að neyta hins mikilsverða réttar síns til að kjósa menn í Æðsta ráðið með „leynilegri atkvæðagreiðslu“. Auglýsinga-súlurnar, blöðin, útvarpið og hátalararnir á götum Níkopól og í verksmiðjunum fluttu hástöfum þessar gleðifréttir.

„Fylkið yður um flokkinn! Greiðið atkvæði með hinu farsæla lífi sósíalista! Enginn má láta hjá líða að nota atkvæðisrétt sinn við hina leynilegu atkvæðagreiðslu! Lýðræðissinnaðasta stjórnarskráin í veröldinni! Lengi lifi okkar elskaði foringi og lærifaðir, félagi Stalín!“

Allt þetta virtist háð gagnvart þjáningum mínum og þjáningum milljóna annarra manna. Auðvitað tók enginn kosningarnar alvarlega.

Á sama hátt og fjöldafundirnir og ályktanirnar voru þær viðhafnarathöfn, sem mennirnir tóku þátt í af ótta og án þess að leyna því, að þeim leiddist það, en áróðursmennirnir og hátalararnir hrópuðu kjörorðin. Um þetta leyti fóru nýjar handtökur fram í verksmiðjuhring okkar. B., yfirmaður fjármáladeildar okkar; Romantsjenko, yfirmaður rafmagnsdeildarinnar, og fleiri.

Hinn 12. desember stóð ég í langri biðröð inni í bænum, og að lokum var mér réttur atkvæðaseðillinn. Á honum var aðeins ein röð af nöfnum, sem flokkurinn hafði kjörið. Það var ekki einu sinni á honum rúm til að skrifa „já“ eða „nei“ eða til að skrifa önnur nöfn. Okkur hafði verið sagt, að við mætum strika út nöfn á listanum, ef við hefðum eitthvað við mennina að athuga. Ég braut pappírsmiðann saman inni í klefanum og kastaði honum niður í atkvæðakassann. Meðal hinna fimm þúsund kjósenda í verksmiðju okkar hefur sennilega enginn þorað að strika neitt nafn út á kjörseðlinum. Blöðin gortuðu af þessari einróma viðurkenningu um hið „farsæla líf“.

Kjördagurinn var hátíðisdagur, dagur funda og skemmtana. Gershgorín hélt daginn hátíðlegan með því að láta mig standa á ganginum í margar klukkustundir og með því að vera óvenjulega hrottalegur við yfirheyrsluna. Af spurningum hans

dró ég þá ályktun, að Ívantsjenko hefði verið ákærður fyrir skemmdarstarfsemi í pípuíðnaðinum og það væri mikilvægt til þess að fullkomna mynd þá, er NKVD hafði gert sér af henni, að ég „játaði“ sekt mína sem samverkamaður hans.

„Ég get ekki með góðri samvisku sagt meira en ég veit,“ endurtók ég í sífellu.

„Fjandinn hafi samvisku yðar. Það, sem ég þarfnast, eru staðreyndir, en ekki þessi bölvuð samviska yðar. Það var afleitt, að við skyldum ekki stinga yður inn, meðan tími var til. Þá mynduð þér nú vera silkimjúkur og þægur.“

Mótstöðuafl mitt var að þrotum komið. Ég brann af þrá eftir að hinum langvarandi pyndingum yrði lokið, nærri því hvað sem það kostaði. Stundum stóð ég sjálfan mig að því að dreyma drungalega dagdrauma: Ég undirritaði nafn mitt með stórum, djarflegum bókstöfum. ... Hljómsveitin lék Alþjóðasöng verkalyðsins, Internationalinn. ... Í stórrí skrudfýlkingu var ég borinn í stóra, mjúka hvílu, og móðir mín og Natasha amma mín breiddu sæng ofan á mig. ... Hvort sem kvalarar mínir vissu það eða ekki, var mér ljóst, að ég var að því kominn að gefast upp. Ein eða tvær vikur til viðbótar af þessum látlausu yfirheyrslum, barsmíðar einu sinni eða tvisvar í viðbót myndu valda því, að ég léti undan og tæki afleiðingunum af því. Ég var því miður ekki skapadur úr stáli.

Það var á þessari örlagastund, að Sílínín gamli kom og heimsótti mig í gistihúsið. Hafði hann rennt grun í það, að mótstöðuaflí mínu væri að verða lokið og ég væri um það bil að gefast upp? Hafði hann fylgst með mér í fjarlægð, skilið, hvað um væri að vera, og vitað, að ég þarfnadist siðferðislegs stuðnings?

„Hvers vegna eruð þér svona vesaldarlegur?“ hóf gamli maðurinn mál sitt. „Segið mér allt. Mig grunar hvort sem er það versta. Yður er óhætt að treysta mér.“

Ég þurfti ekki frekari uppörvanir. Löngunin eftir að gera einhvern að trúnaðarmanni mínum, að létta á þjáðu hjarta mínu, lagðist yfir mig eins og brennandi þorsti. Ég sagði honum allt: hvernig mér hefði verið varnað svefnis í marga mánuði, hversu mörg og ólík ákæruskjöl hefðu verið lögð fyrir mig til undirskriftar og svo framvegis.

„Ég sárbið yður, félagi, um að skrifa ekki undir,“ sagði Sílínín. „Þér hafið hingað til ekki gefist upp, og þér verðið að standast þar til yfir lýkur. Undirskrift mun ekki bjarga yður. Hún mun aðeins loka gildrunni, og eftir það er úti um yður.“

„En hve lengi getur mannlegt hold og taugar þolað þessar pyndingar?“

„Ég veit það, ég veit það, kæri vinur. Ég hef séð margt á ævi minni, og ég veit, hvað er að þjáast. En ég held, að hreinsunin sé að fjara út. Það eru ekki margir eftir, sem hægt er að hreinsa — hér um bil 40% af öllum kommúnistum á Níkopól-svæðinu hafa verið gerðir flokksrækir eða verið handteknir, og með hverjum flokksmanni, sem hreinsaður hefur verið burt, hafa að minnsta kosti átta utanflokksmenn verið handteknir. Einn úr borgarnefndinni hefur sagt mér — þó að ég geti ekki ábyrgst, að það sé rétt — að það séu komnar nýjar fyrirskipanir um að handtaka ekki fleiri kommúnista án samþykkis flokksins. Í guðanna bænum gefist ekki upp næstu daga. Dorogan hefur vakið máls á því í borgarnefndinni að minnsta kosti fimm

sinnum að handtaka yður. Hann er hamslaus. Ef þér látið undan þessum óþokkum nú, munuð þér valda okkur öllum sárum vonbrigðum.“

Ég lofaði þessu. Það var traust hans á mér, frekar en ráð hans og bjartsýni, sem stöðvaði mig, þegar ég var kominn að því að gefast upp. „Og nú,“ sagði Sílínín, „skulum við drekka skál nýja ársins.“

Fram að þessu hafði ég ekki athugað, að nú var gamlárskvöld. Þessa nótt stóð ég frá klukkan ellefu að kvöldi til klukkan þrjú að morgni í hálfðimma ganginum hjá NKVD, horfði á upplitaðan vegginn og hlustaði á óp fórnardýranna og ragn böðla þeirra. Hvorki Gershgorín né Dorogan komu til að yfirheyra mig — þeir voru vafalaust að fagna komu ársins 1938 með fjölskyldum sínum og vinum.

Nokkra næstu daga fjölgaði handtökunum í verksmiðjunni. Í hvert sinn sem draga virtist úr ofsóknunum, kom í ljós, að hléið var aðeins forleikur nýs áhlaups. Það hafði verið slakað algjörlega á hemlunum eftir dauða Ordzhoníkídzes. Eftirmaður hans, Kaganóvtsj, var gjörsamlega samviskulaus. Hann var „samvinnuþýður“, og handtökum þeirra manna, sem störfuðu að iðnaði, fjölgaði stórlega.

Í fyrstu viku janúarmánaðar lagði Gershgorín nýtt skjal fyrir mig. Það var „vitnisburður gefinn af fúsum vilja“, en í raun og veru játning. Það var löng og flókin yfirlýsing, full af tvíræðum og dulbúnum játningum. „Glæpum“ vina minna, yfirmanna og undirmanna var nákvæmlega lýst, en lauslega drepð á ábyrgð mína, nærri því eins og af tilviljun. Hún var undirskilin, en ekki beint minnst á hana. Tilgangurinn var að auðvelda uppgjöf mína, freista mín.

„Gerðið svo vel að gera yður ljóst,“ sagði Gershgorín, á meðan ég las hverja blaðsíðuna af annarri í þessari iðnfræðilegu lygasögu, „að þetta er það alminnst, sem NKVD væntir af yður. Við getum ekki þjarkað um þetta. Ef þér samþykkið það ekki, þá segið þér NKVD stríð á hendur, og það stríð vinnið þér ekki. Ég er alveg eins þreyttur á þessari langvinnu rannsókn og þér, notið þess vegna skynsemi yðar. Viljið þér skrifa undir með penna eða blýanti?“

„Með hvorugu. Það í þessum staðhæfingum, sem ég þekki til, er ekki rétt með farið. ... Hitt veit ég ekkert um. Ég hef ekki komið fram með þær játningar, sem þér leggið mér í munn í þessu skjali.“

„Og ég segi, að þér skuluð skrifa undir, skemmdarverkamaður! Eins og Bítsjkov skrifaði undir, eins og Ívantsjenko skrifaði undir!“

„Gerðið eins og yður sýnist. Ég jata ekki á mig glæpi, sem ég hef ekki drýgt.“

Gershgorín stökk á fætur í skyndilegri ofsareiði, rauk að mér og hrópaði: „Skemmdarverkamaður! Niðurrifsmaður! Óþokki! Hafið þetta — og þetta!“

Gríðarhnefar hans hittu andlit mitt eins og bullur, sem látið hafa af stjórni. Blóðið streymdi úr nefinu á mér. Volgt, salt blóð fyllti munn minn og gerði mér óglatt.

„Viljið þér nú skrifa undir?“ Aftur dundu á mér högg og spörk. Úr sári á höfði mér rann blóð niður í augun og blindaði mig.

Ég heyrði frekar en sá Dorogan þramma inn í herbergið. Taugar mínar voru farnar að kannast við þunglamalegt fótatak hans. Hann fór líka að berja mig með

krepptum hnefunum. Ég datt á gólfíð og hnipraði mig saman í kút, eins og ég vildi skríða lengra inn í belg minn, meðan fjórir þungir, miskunnarlausir, stígvélaðir fætur tröðkuðu á mér og spörkuðu í mig.

Ég stundi af sársauka. Gershgorín hlýtur að hafa hringt á varðmennina, sem reistu mig við.

„Farið burt með þennan óþokka! Kastið honum út!“ öskraði Dorogan.

Á meðan verið var að draga mig út um dyrnar, fann ég enn einu sinni, að krepptur hnefi hans hitti mig í hnakkann. Varðmennirnir fóru með mig inn í lítið herbergi og skildu mig þar einan eftir til að sleikja sár mín. Ég sat þar heila klukkustund, ef til vill tvær klukkustundir. Tíminn var óendanleg kvöl. Ég gat ekki hugsað skýrt.

Ég var ekki einu sinni reiður.

Síðan kom Gershgorín inn til mín.

„Jæja. Hafið þér hugsað yður um, eða þarf að ganga meira eftir yður? Við höfum enn áhrifameiri röksemdir en þær, sem þér hafið kynnst í nótt.“

„Nei, ég ætla ekki að skrifa undir. Þér getið drepíð mig, en ég skrifa ekki undir.“

„Ég veiti yður þriggja daga frest til að hugsa um það. Út með yður!“

Og síðan fór ég — en ég hafði enn flokksskirteini mitt í vasanum. ...

Úti á götunni skjögraði ég í gegnum nístandi hríðarveður. Stormurinn barði sært andlit mitt með þúsund svipum. Ég skreið til gistihússins. Í anddyrinu las ég ósjálfrátt orðin á stóru spjaldi, sem hékk þar enn frá því á kjördaginn: „Fylkið yður um Stalín og hið farsæla líf, sósíalistar!“

Ég lagðist á rúmið án þess að fara úr fötunum. Það var sama hvernig ég sneri mér, alls staðar sá ég myndina af Stalín á rifnu veggfóðrinu. Ég hugsaði ekki um líkamlega sársaukann, heldur auðmýkinguna. „Nú þekkjum við hvor annan fullkomlega, félagi Stalín,“ sagði ég við myndina. „Við eigum ekki neitt vantalað. Allt liggur ljóst fyrir. Vertu sæll, félagi Stalín.“

Ég var gagntekinn djúpri hryggð, ópersónulegri hryggð. Ég þjáðist, ég hef verið auðmýktur fyrir allt mannkynið. Ég þjáist fyrir þjóð mína og föðurland ... fyrir mitt vesala, „sósíalíska Rússland“.

Sársaukinn virtist fjara út. Meðaumkunin læknaði líkama minn, meðaumkunin, sem flæddi yfir sál mína og var ekki sjálfsmeðaumkun, heldur allsherjar samúð. Gershgorín, og þér líka, Dorogan, og „Führer“ ykkar í Kreml, þið getið ekki lengur gert mér neitt mein. Þið getið ekki skilið, að ég mun aldrei skrifa undir ... af því að enn er von, á meðan ég gefst ekki upp. Þið skiljið ekki, að örlög lands míns, ef til vill örlög mannkynsins, velta á mótstöðuþreki mínu. ... Ég er ekki silkimjúkur og þægur. Ég er stælt stál. Það er hægt að beygja mig, en ekki brjóta. Ég get endurgoldið högg, og ég mun slá aftur. ...

Ég mókti stundarkorn og var fluttur burt á stóru, mjúku skýi. Síðan vaknaði ég aftur og sársaukinn streymdi inn í sárþjáðan líkama minn. Ég horfði inn í kuldaleg augu Stalíns á veggnum og hataði hann og stjórn hans meira en ég hafði áður hatað

nokkurn eða nokkuð. Nú greip að nýju hug minn og erti líkama minn hin gamla, sætbeiska hugsun, sem alltaf skaut upp annað veifið, hugsunin um að skjóta mig.

En líkami minn vildi ekki hreyfa sig. Ég var of þreyttur til að ganga að töskunni minni, taka skammbýssuna og draga gikkinn. Í huganum gerði ég þetta allt, en líkaminn lá hreyfingarlaus á blóðblettuðu rúminu.

Ég var að sofna undir vakandi augum Stalíns, en nokkur hluti heila míns hlustaði glaðvakandi eftir fótatöki niðri í anddyrinu. Í nótt myndu þeir koma og sækja mig.

Þarna komu þeir! Vissi ég það ekki! Ég heyrði fótatökið gegnum svefninn. Það var drepið á dyrnar. Ég opnaði augun, stóð upp með erfiðismunum og skjögraði að dyrunum. Ég hélt um snerilinn nokkur augnablik, síðustu augnablikin, sem ég var frjáls ferða minna. ... Síðan opnaði ég dyrnar.

Úti í rökkrunu stóð gráherð, gömul kona. Vetrarkápan hennar var þakin snjó. Hún hélt á ferðatösku í hendinni. Í fyrstu skildi ég ekki neitt í neinu. Ég hélt, að hún væri þáttur í vökudraumum mínum. Síðan rann ljós upp fyrir mér.

„Mamma, elsku mamma!“ hrópaði ég og féll í faðm hennar.

Móðir mín þvoði sár mín og batt um þau. Hún grét ekki. Hún spurði ekki neins. Í stað þess talaði hún um sjálfa sig. Ósjálfrátt beindi hún meðaumkun minni frá vandræðum mínum að sínum vandræðum. Hún var viljasterk kona.

„Þú verður að afsaka, að ég kom svona án þess að láta þig vita um það fyrirfram, Vítja,“ sagði hún. „Ég hafði hugboð um, að eitthvað væri ekki eins og það ætti að vera. Ég býst við, að móðurhjartað hafi sagt til sín. Ég hef gengið sex kílómetra frá járnbrautarstöðinni í þessum hræðilega stormi. Ég gat ekki fengið neina bifreið, ekki einu sinni bændakerru. Það óku margar bifreiðar framhá mér, en mér var ekki ansað, þegar ég kallaði til þeirra. Sex kílómetrar eru löng leið í roki, þegar maður verður að burðast með ferðatösku. Þú hefur víst ekki trúað því, Vítja, að móðir þín gamla gæti þetta?“

Hún hafði meðferðis ullarsokka, ábreiðu og nokkrar hlýjar skyrtur, ... það, sem menn þarfnast mest í fangelsi eða fangabúðum. Ég hafði ekki sagt fjölskyldu minni frá raunum mínum. En móðir mín vissi samt um þær. Hún þurfti ekki að spyrja neins. ... Bráðlega endurkastaðist birta nýs dags inn um gluggann frá fönninni úti á gluggasýllunni.

„Já, Vítja, ég hef æfinguna,“ sagði mamma og andvarpaði, meðan hún tók upp úr töskunni. „Ég var vön að láta niður sömu hlutina handa föður þínum, þegar hann var settur í fangelsi.... Árin líða, en fangelsin hverfa ekki. Hér eru vettlingar, föðraðir með loðskinni. Guð veri okkur líknsamur.“

Nú fyrst runnu tár niður kinnar hennar.

Í geðshræringunni við komu móður minnar hafði ég gleymt Stalín. En þarna var hann ennþá á veggnum og horfði niður á mig. Ég varð allt í einu gripinn ofsareiði. Þegar móðir mín gekk stundarkorn út úr herberginu, tók ég hægt og gætilega myndina af Stalín niður af veggnum, eins og ég væri að framkvæma erfiða, en

ákaflega mikilvæga helgiathöfn. Með hátíðlegri alvöru, ekki í gleði, heldur í sorg, reif ég hana í smásnepla. Síðan bar ég varfærnislega hina litlu pappírssnepla, eins og þeir væru ákaflega dýrmætir, niður í vatnssalarnið í anddyrinu, fleygði þeim í skálina og tók í snúruna.

Ég hlustaði á nið vatnsins, sem skolaði sneplunum niður með sér, og fann, að tilfinningar mínar gagnvart flokknum, foringjanum og málefnum myndu aldrei verða þær sömu og þær voru. Naflastrengur sá, sem þrátt fyrir allt hafði svo lengi tengt mig við þessar hugsjónir og tákni, hafði verið endanlega skorinn í sundur. Ég ætlaði að halda áfram að starfa fyrir stjórnina. Ég ætlaði að takast á hendur mikilvæg flokksstörf, ég ætlaði að halda ræður. En það myndi allt verða leikaraskapur, herbragð, meðan ég biði þolinmóður eftir tækifæri til þess að komast burt. Komast burt! Ég hugsaði um það, ekki sem lok baráttunnar, heldur sem tækifæri til þess að hefja baráttuna af alvöru.

Í verksmiðjunni vatt ég mér undan umhyggjusamlegum fyrirspurnum um glóðar-augun og lemstranirnar með því að tala um slys, en ég sá það á augnaráði manna, að þeir voru ekki sannfærðir. Þar lágu skilaboð til mín frá Dnepropetrovsk, á þá leið, að eftirlitsnefndin ætlaði að taka mál mitt til meðferðar eftir tvo daga og bæði mig um að vera þar viðstaddan. Hinn nýi framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, félagi Shajakhov, neitaði mér um ferðaleyfi, en ég ákvað með sjálfum mér að fara án leyfis hans.

Um kvöldið kvaddi ég móður mína á járnbrautarstöðinni, sefaði hana eftir því sem ég gat og sagði henni, að ég myndi koma í heimsókn til hennar eftir tvo daga.

Ég fór af stað til Dnepropetrovsk án þess að segja nokkrum frá hinni fyrirhuguðu rannsókn eftirlitsnefndarinnar. Þá um nóttina var þriggja sólarhringa fresturinn liðinn, og Gershgorín varð að bíða árangurslaust eftir mér. Ég hafði sofið vel tvær nætur og fengið við það nýjan þrótt, og með þróttinum komu nýjar vonir.

Í biðstofu eftirlitsnefndarinnar í aðalstöðvum umdæmisnefndarinnar stóð lög-reglumaður á verði. Það fór hrollur um mig, þegar ég hugsaði til þess, að bak við stóru vængjahurðina myndu ókunnir menn ákveða örlög mín. Átta til tíu menn sátu á bólstruðum bekkjum meðfram veggjum biðstofunnar. Af döprum svip þeirra dró ég þá ályktun, að þeir ættu allir í svipuðum vandræðum og ég. Flokksrannsakarinn, sem verið hafði í Níkolpol, kom út úr fundarherberginu. Hann þekkti mig aftur.

„Það gleður mig, að þér skuluð vera kominn, félagi Kravtsjenko,“ sagði hann og brosti á þann hátt, að ég sefaðist dálítið.

Síðan kom annar starfsmaður út og kallaði nafn manns. Hár, tígulegur, skeggjaður maður um fertugt, ljóshærður, stóð snarlega upp. Starfsmaðurinn vísaði honum inn í innra herbergið. Hér um bil fimmtíu mínútum seinna kom hann aftur náfölnur og þurrkaði svitann af enninu, auðsýnilega miður sín. Hann settist aftur á bekkinn.

Allt í einu komu tveir einkennisklæddir NKVD-menn inn í biðherbergið með skammbyssu á lofti. Annar þeirra nefndi nafnið, sem við höfðum heyrt rétt áður.

Maðurinn stóð upp ringlaður.

„Þér eruð tekinn höndum,“ sagði annar NKVD-maðurinn. „Komið með okkur.“

„Það er ómögulegt. ... Þetta hlýtur að vera misskilningur. ... Nefndin er að rannsaka mál mitt. ...“

„Komið fljótt, eða eigum við að bera yður út?“

Lögreglumennirnir fóru með fanga sinn. Við, sem eftir vorum, sátum þöglir og þorðum ekki að líta hver á annan.

Loksins var ég kallaður inn til nefndarinnar. Ég kom inn í stórt, bjart herbergi. Þar sátu fimm menn bak við langt borð með rauðu áklæði. Ég var of utan við mig til þess að skynja allt þegar í stað. Mér fannst aðeins, að enginn brosti, að hér fyndist ekkert nema miskunnarlaus harka.

„Góðan daginn, félagi Kravtsjenko,“ sagði einn mannanna, sem sýnilega var formaðurinn. „Setjist niður. Svarið stutt og skýrt, og verið ekki órólegur.“

Á meðan ég settist, horfði ég nánar á þessi fimm andlit. Og allt í einu sá ég, að eitt þeirra brosti og kinkaði kolli til mín. Guði sé lof. ... Gregorjev ... Gregorjev var bolsévíki frá því fyrir byltinguna. Hann hafði þekkt mig frá því að ég var drengur. Hann hafði unnið með föður mínum í Petrovskíj-Lenín verksmiðjunni (sem nú var aðeins nefnd Lenín-verksmiðjan, Petrovskíj var horfinn). Mér varð miklu hughægra. Þarna var að minnsta kosti einn maður, sem skildi og vissi, að ég var ekki einn þeirra manna, sem vinna skemmdarverk, sem vissi, að faðir minn hafði aldrei verið mensévíki. Þetta veitti hug mínum og hjarta mínu stuðning. Ég gat talað djarflegar og skýrar.

Ég svaraði spurningum í meira en klukkustund. Einn af rannsókurunum, dökk-leitur Georgíumaður, virtist vera mér fjandsamlegur. Formaðurinn og Gregorjev virtust hafa samúð með mér. Ég svaraði spurningum um föður minn, um verkfærin, sem hafði verið „hamstrað“, og um samband mitt við langa röð af nöfnum „þjóðníaðinga“. Þar eð ég hafði ekki neinu að leyna, svaraði ég hiklaust og alltaf skýrt.

Einu sinni lét Gregorjev reglufestuna veg allrar veraldar og sagði allt í einu: „Félagi Kravtsjenko, ég hef þekkt yður og fjölskyldu yðar í mörg ár. Segið okkur hreinskilnislega álit yðar á ástandinu eins og það nú er.“

„Ef ég á að tala hreinskilnislega, félagar,“ sagði ég, „álít ég, að það sé andstyggilegt. Ég hef verið pyndaður í meira en ár. Pyndaður, skiljið þið það, félagar?“ Ósjálfrátt strauk ég með hendinni um lemstrað andlit mitt. „Þið skuluð vita, að ég kom hingað í leyfisleysi og veit ekki, hvað bíður mín, þegar ég kem aftur til Níkopól.“

„Og hver er það, sem pyndar yður?“ spurði dökki Georgíumaðurinn hrjúfri röddu.

„Það get ég ekki sagt. ...“

„Það skiptir ekki máli, það skiptir engu máli,“ greip formaðurinn fram í í flýti, „við skulum halda áfram með rannsóknina.“

Rétt á eftir sat ég aftur í biðstofunni, þar sem maðurinn, sem var handtekinn, hafði setið. Ég fór að reykja. Í hvert sinn sem útidyrnar opnuðust, taldi ég víst, að þar kæmu NKVD-menn til þess að sækja mig. Eftir hér um bil stundarfjórðungs kvalafulla bið var ég kallaður aftur inn til nefndarinnar.

„Félagi Kravtsjenko,“ sagði formaðurinn og brosti nú út að eyrum, „nefndin hefur ákveðið að staðfesta úrskurð borgarnefndarinnar í Níkopol og fella auk þess áminninguna úr gildi. Þér getið farið aftur til vinnu yðar. Enginn mun framar gera yður ónæði. En ég legg til, að þér skiptið um vinnustað. Byrjið að nýju annars staðar, skiljið þér. Treystið flokki okkar og leiðtoga. Verið þér sælir, félagi, og ég óska yður til hamingju.“

Á þessari stundu gat hann auðvitað ekki vitað, að tveim mánuðum síðar yrðu bæði hann og Gregorjev handteknir sem „þjóðníðingar“!

Mennirnir fimm kvöddu mig með handabandi. Ég fór út, en ég var ekki eins himinlifandi feginn og ég hafði verið eftir fyrstu hreinsunina í skólanum. Ég var frjáls og óhultur, en trúna hafði ég misst. Bjargfast hatur var komið í hennar stað.

Ég svaf djúpum, draumlausum svefni um nóttina heima hjá foreldrum mínum. Næsta morgun hringdi ég til eins yfirmanns míns í Glavtrúbostal í Moskvu. Ég skýrði honum frá því, að ég hefði verið algjörlega sýknaður af eftirlitsnefndinni og óskaði samkvæmt ráðleggingu hennar að verða fluttur til annarrar borgar. Hann skildi afstöðu mína og lofaði að hringja til verksmiðjustjórnarinnar í Níkopol og tilkynna henni, að þeir þyrftu strax á mér að halda til viðræðna í Moskvu.

Ég skrápp til Níkopol. Gershgorín kvaddi mig ekki framar á sinn fund. Shalakhov forstjóri gerði ekkert veður út af brottför minni í leyfisleysi; skilaboðin frá Moskvu gerðu hann smeykan. Að loknum nokkrum nauðsynlegum störfum í deild minni í verksmiðjunni hélt ég áleiðis til höfuðborgarinnar.

Lazar Kaganóvitsj, sem sat í stjórnmálanefndinni og var að sögn einn af þeim fáu, sem Stalín treysti, hafði nú tekið við embætti Ordzhoníkídzes. Glavtrúbostal hafði tryggt mér viðtal við hann. Seint um kvöld, eftir venjulega margra klukkustunda bið í troðfullu biðherbergi, var mér vísað inn til þjóðfulltrúans.

Ég hafði oft áður séð Kaganóvitsj. Hann hafði þá verið með stutt, dökkt alskegg og litid út eins og menntamaður. Maðurinn, sem nú bar fyrir sjónir mínar, hafði breyst furðulega. Vangaskeggið hafði hann rakað af sér og hafði nú efrivararskegg, klippið eins og skeggið á Stalín. Andlitid var orðið þunglamalegt og grimmdarlegt. Þetta var ekki aðeins líkamleg breyting, menntamaðurinn hafði breyst í skrifinn.

Á meðan við ræddum saman, fitlaði Kaganóvitsj taugaóstyrkur við raffesti. Þessar festar voru komnar í tísku hjá háttsettum embættismönnum, eins konar talnabönd bolsévíka.

Ég sagði honum í stuttu máli frá vandræðum mínum í Níkopol, sem nú væri sýnilega lokið.

„Flokkurinn og þjóðin eru að losa sig við óvini,“ sagði Kaganovítsj valdsmannlega. „Það er óhjákvæmilegt, að högginn lendi stundum á röngum stöðum. Þegar skógurinn er höggvinn, hrökkva spærnir víða.“

„Það gerir mér ekki hægara fyrir, Lazar Moísejevítsj.“

„Bolsévíki verður að vera harður, hraustur og ósveigjanlegur og fús að fórna sér fyrir flokkinn. Já, fús að fórna ekki aðeins lífinu, heldur einnig sjálfsvirðingu sinni og tilfinningum. Munið, að við erum umkringdir af auðvalds-hákörllum. Við verðum að kanna lið okkar við og við og hreinsa úr því erindreka auðvaldsins — ef nauðsyn krefur með báli og brandi.“ Ég gerði engar athugasemdir við þetta. Ordzhoníkídze myndi hafa skilið þjáningar mínar og sagt einhver afsökunar- eða samúðarorð, en ekki þessi maður, með köldu stálaugun og innantómu orðtökin. En hvað ég var orðinn þreyttur á þessu orðagjálfri, þessum frómu áköllunum, þessu loðmullulega þvadari, sem átti að hylja grimmdina!

Þjóðfulltrúinn stakk fyrst upp á því, að ég yrði aðalverkfræðingur við verksmiðju-hringinn í Níkopol, en ég sannfærði hann að lokum um, að ég gæti ekki unnið af fremsta megni á stað, sem svo margar beiskar endurminningar væru tengdar við. Þá sagðist hann láta Glavtrúbostal um þetta. Þegar ég kvaddi, minntist ég setningarinnar, sem Kaganovítsj hafði gert víðfræga síðustu tvö ár. „Við munum kljúfa hauskúpur þeirra,“ sagði hann eitt sinn, er hann talaði um stéttaróvini og skemmd-arverkamenn.

Áður en ég fór frá Moskvu hafði ég fengið stöðu við málmvöruverksmiðju í Taganrog.

Þegar ég kom aftur til Níkopol, fór ég í skrifstofu borgarnefndarinnar til að fá flokkskráningu mína opinberlega yfirfærða til Taganrog. Kondrashín flokksritari var vingjarnlegur á sinn fleðulega hátt. Hann sagði mér hvislandi frá því, að hann hefði staðið hraustlega gegn kröfu Dorogans um að handtaka mig. Hann vildi koma sér vel við mig. Hver vissi nema þessi raunamæddi Kravtsjenko kæmist einhvern tíma í aðstöðu til þess að geta bjargað honum? Í Rússlandi hinu nýja brynja menn sig góðvild til afnota á rigningardögum stjórnmálanna.

Fyrir utan aðalstöðvar nefndarinnar hitti ég Dorogan.

„Jæja, svo að þér eruð að hlaupast á brott til Taganrog,“ urraði hann. „Þér skuluð ekki hælást um! Þér komist aldrei svo langt, að við getum ekki náð til yðar. Sá staður er ekki til á jörðinni, að við getum ekki náð til yðar, ef við þurfum þess!“

„Þér um það,“ svaraði ég.

„Það er skömm að því, að við skyldum ekki stinga yður beina leið inn í fangelsið, í stað þess að leyfa þessum fíflum að stofna til opinberrar rannsóknar. ...“

„Segið mér, Dorogan, hvers vegna hatið þér mig svona? Ég hef aldrei gert á hluta yðar.“

„Ég um það,“ tautaði hann og þaut burt í reiði.

Ég kvaddi verkamenn mína í verksmiðjunni. Innileg og óblandin vinátta þeirra gerði mig mjög hræðan. Þó að þeir vissu ekki út í æsar, hvað ég hafði orðið að þola,

vissu þeir, að það var ekki lítið, og þeir sýndu mér samúð sína. Sílínín var mjög hræður, er hann faðmaði mig að sér. Sama er að segja um Gúshtsjín. Þá kom ég auga á Kírjúshkín, sem var að þurrka hendurnar á svuntu sinni, og gekk til hans. Ég tók í hönd hans og þrýsti hana hjartanlega.

„Verið þér sælir, Víktor Andrejevítj,“ sagði hann. „Guð varðveiti yður. Munið eftir því, hvað sem fyrir kann að koma, að milljónir af okkur Kírjúshkínnum eru á yðar bandi, alltaf á yðar bandi, ... jafnvel þótt við getum ekki við neitt ráðið.“

Ég kom til Níkopol í byrjun ársins 1935 vongóður og ákafur í að leggja hart að mér sem verkfræðingur og iðnaðarleiðtogi í þágu lands míns og þjóðar. Ég fór úr borginni hér um bil þrem árum seinna, sviptur allri von, laus við alla metnaðargirni og særður inn að hjartarótum. Ég hefði fúslega viljað skipta á háum tekjum mínum og hinum svonefndu forréttindum og því að mega vera óþekktur í hinni gráu, töttrum klæddu hjörð stritandi manna.

Ög hver var síðan árangur þessara þriggja ára, þegar ég gerði endanleg reikningsskil? Aðeins þessi: að ég var enn lifandi og frjáls, meðan milljónir annarra manna, sem voru jafnsaklausir og ég, höfðu verið sviptar lífi, gerðar að þrælum miskunnarlausss ríkis eða hraktar frá atvinnu sinni.

Sú var tíðin, að breyting landsins í iðnaðarland hrópaði á hina ungu starfsorku mína og hugrekki. Ég unni verkfræðistörfum mínum. Hljómfall framleiðslunnar gagntók mig. Það var ákaft, reglubundið og djarflegt — hráefnin komu inn um annan endann, en fullgerðar vörur streymdu út um hinn. En sköpunarhneigðin hafði verið barin úr mér. Djarflegar tæknilegar sýnir véku fyrir hræðslu, varkárni og tortryggni. Sérmenntun mín og tæknilegir hæfileikar virtust vera hræðileg gildra. Ég hafði gengið endanlega í hana, dæmdur til að bera ábyrgð, sem aðeins fól í sér hættur, en enga gleði.

18. kafli: Vinna frjálsra manna og þræla

TAGANROG Í ROSTOV-FYLKI stendur við Azov-haf. Áður var þetta hreinleg og skemmtileg borg með víðáttumiklum görðum og ávaxtaekrum, en nú ofhlaðin fólki vegna fimmáraáætlunarinnar. Hún var nú orðin borg sóts og reykjarsvælu, angandi af fisklykt frá hinum nýju niðursuðuverksmiðjum, borg, sem breiddist yfir margra kílómetra svæði með nýjum húsum og bröggum umhverfis flugvéla-, bifhjóla-, málmvöru- og skóverksmiðjur.

Andrejev-verksmiðjan, sem heitin var í höfuðið á manni úr stjórnmalanefndinni, framleiddi hjól á járnbrautarvagna, stálplötur, pípur og aðrar stálvörur. Auðvitað átti stjórn pípudeildarinnar að vera starf mitt. Mér var fengin þægileg íbúð í verksmiðjustjórnarhverfinu, þar sem „hinir útvöldu“ áttu heima.

Ég efast um, að þeir, sem skipulögðu stækkun borgarinnar, hafi verið ákveðnir í því að gera eins skarpan greinarmun og hægt var milli æðri og lægri stétta Ráðstjórnarríkjanna. En munurinn var svo greinilegur, að hann hrópaði á mann og gerði manni ómótt. Fögur, skuggasæl tré leyndu verksmiðjubýggingunum og bröggunum. Malbornir stígar, bryddir sýrenurunnum, lágu að snyrtilegri baðströnd, sem embættismennirnir einir höfðu aðgang að. Þar voru líka tennis- og golfvöllir, knattborðsherbergi og sérstaklega skrautlegur bordsalur.

Hið eina, sem á skorti í allri þessari dýrð, var broshýr andlit eða gleðihreimur. Mesta hreinsunaræðið var um garð gengið, en endurminningarnar um það voru enn skýrar. Nær helmingi opinberra starfsmanna, flokksmanna og utanflokksmanna, hafði verið sópað burt, og þeir, sem eftir voru, voru taugaóstyrkir og flóttalegir og allt að því blygðuðust sín fyrir að hafa til þessa verið þyrmt. Nýr flokksritari, Dvínskíj að nafni, sem áður hafði starfað í skrifstofu sjálfs Stalíns, hafði verið sendur beint frá Moskvu til að stjórna fylkisnefndinni í Rostov, og nýr framkvæmdastjóri, Semjon Resníkov, stjórnaði verksmiðju okkar. En svipir forystumannanna, sem „rutt hafði verið úr vegi“, voru alls staðar á sveimi.

Þegar Ordzhoníkídze gaf verkfræðingunum heilræði, var hann vanur að segja: „Lærið tæknilega menntun og hreinlæti af Borís Kolesníkov.“ Málmvöruverksmiðjan í Taganrog, sem Kolesníkov var í mörg ár framkvæmdastjóri fyrir, var sú fyrirmýndarverksmiðja, sem hann lét sýna, þegar mikilvæga gesti bar að garði. Kolesníkov hafði dvalist í Ameríku og lagði allt kapp á að koma á bandarískri reglusemi og afköstum. Hann gekk svo langt í þessu, að samstarfsmönnum hans þótti hann erfiður viðureignar. Nú höfðu Kolesníkov og kona hans verið handtekin, og sagt var,

að þau hefðu bæði verið skotin, en börn þeirra sett í sérstakt ungmennafangelsi í Kharkov.

Þó að aðeins væru liðnir nokkrir mánuðir frá því að Kolesníkov og mestum hluta aðstoðarmanna hans var „rutt úr vegi“, þegar ég kom, sáust lítil merki um ákafa viðleitni hans til að koma bandarísku sniði á reksturinn. Starf það, sem hann hafði hlotið hrós og heiðurspeninga fyrir, lá í rústum. Alls staðar var deyfð og ringulreið. Framleiðslan hafði dregist saman. Við Resníkov framkvæmdastjóri urðum skelfingu lostnir, er við sáum, hvaða starf við áttum fyrir höndum.

Þegar ég hitti flokksstarfsmenn borgarnefndarinnar og umdæmisnefndarinnar, varð ég þess var, að orðrómur um mig hafði borist á undan mér. Borgarnefndin í Níkopól og Dorogan höfðu sent öll „gögn“ um mig til Taganrog, og var mér því fyrirunað að hefja starf mitt með óskertu mannorði. Flokksstjórnin í borginni gerði mér strax skiljanlegt, að ég starfaði til reynslu fyrir náð hennar. Þeir leituðu oft grimmilega að snöggum blettum í skapgerð minni og hugsunarhætti og reyndu að setja fyrir mig gildirur, þegar ég gætti mín ekki.

Þetta var ekki örvandi byrjun. Skap mitt batnaði ekki heldur við það, að hér var notað miklu meira af nauðungarverkamönnum en gert hafði verið í Níkopól. Stór hópur af NKVD-þrælum vann flest erfiðustu verkin við að taka á móti og afhenda vöru í birgðaskemmunum, og enn fleiri unnu að því að reisa Súlínskj-málmvöruverksmiðjuna í nágrenninu. Ég rakst sífellt á þessa hópa af þrælum á akveginum milli Taganrog og Rostov.

Sérhver hrifningarneisti í brjósti mínu slokknaði, er ég sá þessar horuðu, naumast mannlegu verur í óhreinum tötrum. Vitneskjan um milljónir þræla, sem strituðu og þjástust og dóu eins og flugur alls staðar í Rússlandi, var svo sár, að ég hélt áfram að bæla hana niður í vitund minni. Ég varð þess vegna fyrir nýju áfalli í hvert sinn sem ég stóð augliti til auglitis við þessar grimmilegu staðreyndir. Það, sem gerði þessa sýn ennþá kvalafyllri, var vitundin um, að það var aðeins tilviljun, sem réð því, að ég var ekki einn meðal þessara útskúfuðu manna, og að ég myndi ef til vill bráðlega lenda í þeirra hóp.

Hér um bil hálfum mánuði eftir komu mína, áður en ég hafði gert mér fulla grein fyrir starfi mínu, var mér seint um kvöld stefnt til aðalstöðva NKVD í Taganrog. Fulltrúi við fjármáladeildina, sem ég man ekki lengur hvað hét, tók á móti mér. Framkoma hans við mig var kurteisleg, en varfærin. Ég sá strax, að á skrifborðinu fyrir framan hann voru „gögn“ þau, sem starfsbræður hans í Níkopól höfðu safnað.

„Mér hefur sérstaklega verið falið að hafa gát á pípugerðardeild yðar,“ sagði hann, „og áleit því, að það væri rétt, að við kynntumst.“

Hann hallaði sér aftur á bak í stólnum eins og barn, sem bíður eftir, að því sé sögð saga áður en það háttar. „Segið mér dálítið um yður sjálfan.“

„Ég veit ekki, hvað ég á að segja yður. Mig grunar, að þér vitið allt nú þegar.“

„Nei, nei, kæri Kravtsjenko, maður veit aldrei allt. Segið mér til dæmis, hve lengi þér hafið þekkt Níkolaj M. verkfræðing og hvernig þér kynnist honum?“

„M. var aðstoðar-yfirverkfræðingur í verksmiðjunni. Við höfðum starfað saman öðru hverju, og ég áleit hann mjög duglegan mann.“

„Hvaða afskipti hafði hann af því, að þér fenguð það starf, sem þér eruð nú í?“

„Alls engin. Ég vissi ekki einu sinni, að hann starfaði hér.“

„Hvers vegna talaði M. þá um yður við Resníkov og haldi yður í þokkabót?“

„Það hef ég ekki neina hugmynd um. Hann þekkti mig og hefur eðlilega sagt frá því.“

„Okkur í NKVD finnst það ekki eðlilegt. Öðru nær. Við álitum það mjög einkennilegt, að yður, sem eruð flokksmaður, skuli vera haldið fram af manni, sem er ekki kommúnisti og — okkar á milli sagt — er efast um að sé grandvar.“

Eftir þetta vék hann tali sínu að Kolesníkov, fyrrverandi framkvæmdastjóra.

„Heyrið mig nú, félagi,“ sagði ég æfur. „Ég hef svarað þessum sömu spurningum hundrað sinnum í næstum hálft annað ár, á meðan á hreinsunarmálinu gegn mér stóð. Ég svaraði þeim við yfirheyrslur hjá NKVD, borgarnefndinni og eftirlitsnefndinni, þangað til ég var orðinn dauðleiður á þeim. Ég var sendur hingað frá Moskvu til að starfa. Ég hef verið sýknaður. Getið þér ekki látið mig í friði?“

„Stillið yður, félagi Kravtsjenko.“ Hann horfði hissa á mig, eins og ég væri eitthvert ógæðslegt náttúrufyrirbrigði í glasi. „Gerið svo vel að minnst þess, að það kemur fyrir, að maður sé algjörlega sýknaður — og síðan er hann allt í einu handtekinn vegna nýrra sönnunargagna.“

Ég fór að bendingu hans. Þreytulega endurtók ég hina margtuggnu skýrslu og þær alkunnu neitanir, sem ég hafði verið neyddur til að koma fram með síðastliðið ár. Þessi lögreglufulltrúi lék sér með mig langa stund eins og hrekkjótt barn leikur sér að skorkvikindi — og að því er virtist að jafnástæðulausu. Hann hætti við margar spurningar í miðjum klíðum og sneri sér síðan skyndilega aftur að þeim, en það var bragð, sem ég hafði helst til oft orðið fyrir áður.

Það eina, sem ég gat leitt af spurningum hans, var, að hér — eins og í Níkopól — væru allir verkfræðingar og framkvæmdastjórar umkringdir af njósnurum, bæði í starfi sínu og á heimilunum. Mér varð það ljóst, að NKVD var að útbúa mál á hendur M. Ég gerði ráð fyrir, að vesalings maðurinn, þó að hann væri ennþá frjál, væri látinn „æfa“ sig á sama hátt á næturnar og ég hafði verið látinn gera í Níkopól.

Eftir aðeins tveggja til þriggja klukkustunda svefn var ég kominn til vinnu minnar næsta morgun og átti að taka ákvarðanir um framleiðslu, sem var milljóna rúblna virði. Þetta var naprasta háð!

Dvöl mín á ströndum Azov-hafsins átti fyrir sér að verða mjög skammvinn. Án nokkurra skýringa fékk ég fyrirskipun frá Glavtrúbostal um að koma til Moskvu. Merkúlov, yfirmaður stofnunarinnar, tilkynnti mér í viðurvist aðstoðarmanns síns, Kozhevníkovs, að Kaganovítsj þjóðfulltrúi og flokkurinn ætluðu að sýna mér mikinn sóma.

„Novo-Trúbni (Nýja pípu-) verksmiðjan í Úral,“ sagði hann, „er orðin gróðrar-

stía eyðilegginga og skemmdarverka. Flestir óþökkarnir hafa verið hreinsaðir burt, og hinir munu bráðlega verða teknir til meðferðar. Við erum að styrkja verksmiðju-stjórnina með duglegum mönnum og áreiðanlegum í stjórnámálum.“

„Þá kem ég ekki til greina,“ sagði ég brosandí. „Ég er syndugur maður, félagi Merkúlov. Ég hef að vísu verið sýknaður í hreinsunarmáli, en ég er ataður frá hvirfli til ilja af andstyggilegum ásökunum.“

„Þetta vitum við allt, en við treystum yður.“

„Verið þér skynsamur, Víktor Andrejevítj,“ bætti Kozhevnikov við. „Verið ekki lengur móðgaður yfir því, sem liðið er.“

„Hvað sem öðru líður,“ hélt Merkúlov áfram, „höfum við skipað yður yfirmann stærstu pípuverksmiðju í landi okkar og ekki aðeins þar, heldur í allri Evrópu.“

„En ég kæri mig ekki um að fara til Úrals. Ég er þreyttur. Hvers vegna ætti ég að óska að taka að mér þessa óþægilegu stöðu?“ Novo-Trúbni verksmiðjan í Pervóúral-sk, hér um bil 65 kílómetra frá Sverdlovsk, var alræmd í iðnaði okkar. Hún hafði verið reist á eyðistað milli mýrarfláka, barrskóga og fangabúða, í margra kílómetra fjarlægð frá byggðu bóli. Hún hafði verið látin hefja framleiðslu mörgum árum of snemma, áður en mikilvægar starfsdeildir voru fullgerðar og áður en hægt var að láta henni í té nauðsynlega orku. Af þessum ástæðum hafði framleiðslan verið lítil og léleg. Þeir ólánsmenn, sem höfðu verið sendir þangað til að stjórna þessari ófullgerðu verksmiðju, höfðu flestir orðið að gjalda með frelsi sínu þeirra mistaka, sem ráðamenn í Moskvu höfðu gert sig seka um.

„Við vitum, að í Pervóúralsk er allt í öngþveiti, og munum þess vegna veita yður fullan stuðning,“ lofaði Merkúlov. „Félagi Kaganovítj mun sjálfur styðja yður. Við munum láta yður fá hæstu laun, ágóðabóknun fyrir hverja hundraðstölu, sem framleiðslan eykst, nýja bifreið og allt, sem þér óskið yður.“

„Ég óska aðeins, að mér verði leyft að vera áfram í Taganrog.“

„Mér þykir þetta leiðinlegt. Ég hafði búist við, að þér kynnuð að meta traust það, sem flokkurinn sýnir yður. Skipun yðar verður ekki haggð. Miðstjórnin hefur samþykkt hana.“ Þegar ég var seinna einn með Kozhevnikov, gat ég ekki stillt mig um að segja:

„Fyrst þér trúið því í raun og veru, að nauðungarást beri ávöxt, og þar sem þér hótíð að kæra mig fyrir agabrot, tek ég við skipuninni og mun leggja mig allan fram.“

„Jæja. Það var þó gott,“ sagði hann hlējandi. „Ástin er — eins og þér vitið — ávani. Fyrst nauðung, síðan vani og að síðustu ást. Þá er þessu máli ráðið til lykta. Við skulum hefjast handa.“

Ég hitti hinn nýskipaða yfirmann alls verksmiðjuhringsins, Jakob Osadtsjí, sem átti að vera eini yfirmaður minn í Úral, og aðra, sem skipaðir voru til að starfa með okkur. Algjörlega ný verksmiðjustjórn hafði verið skipuð mönnum, sem staddir voru í Moskvu, án þess að minnst hefði verið á það við verkfræðinga þá og framkvæmdastjóra, sem stjórnðu verksmiðjuhringnum. Ég kveið framtíðinni.

Novo-Trúbní verksmiðjan framleiddi aðeins 35–40% af settu marki, og var oft minnst á hana í blöðum og á fundum sem dæmi til varnaðar um lélega stjórn og skemmdarstarfsemi. Ég átti að taka við einu vandasamasta starfi í öllum málm-vöruiðnaðinum.

Andrúmsloftið í Moskvu á þeim tímum var þannig, að það hlaut að auka á svartsíni mína. Þetta var önnur vika marsmánaðar árið 1938, vikan, er yfir stóðu þriðju dauðadómaréttarhöldin, sem mesta athygli vöktu. Þjóðin var nú orðin von furðulegum ákærum á hendur feðrum byltingarinnar og enn furðulegri „játningum“ af þeirra hálfu. En þó var hún nú skelfingu lostin og vantrúuð, því að meðal sakborninganna voru Búkharín, Rykov, Krestínskíj og fleiri af nánustu samstarfsmönnum Leníns.

Níkolaj Búkharín, þessi stórgáfaði meinlætamaður og „bolsévíkadýrlingur“, hafði verið sérstök fyrirmynd ungra kommúnista af minni kynslóð. Ég minntist stundarinnar, er ég hitti hann fyrst í skrifstofu Ordzhonikídzes fyrir löngu, og seinni funda okkar í skrifstofu hans sjálfs. Jafnvel eftir að Búkharín hafði verið rekinn úr stjórnmálanefndinni og vitað var, að hann var í ónáð, vakti koma hans á opinbera fundi meiri fagnaðarlæti en nokkurs annars manns, að Stalín einum undanteknum. Aleksej Rykov hafði verið eftirmaður Leníns sem forseti þjóðfulltrúaráðsins. Andlit hans var andlit ofsatrúarmannsins, með rytjulegt skegg og augu, sem eldur brann úr. Jafnvel alræmdur veikleiki hans gagnvart áfengi dró ekki úr lýðhylli hans. Nú niðurlægðu þessir menn og aðrir þeirra líkar sig og misbuðu þeirri aðdáun, sem við höfðum sóað á þá. Nú voru þeir skotnir sem njósnarar, auðvaldserindrekar og landráðamenn.

Ég get vottað, að ég hitti ekki einn einasta mann í Moskvu, sem lagði trúnað á játningar þeirra. Þessir menn höfðu samþykkt að leika sem brúður í sjónleik, sem átti að vera stjórnmalásiðbót, en kom hvergi nærri sannleikanum. Stalín var að gera út af við móttstöðumenn sína, og honum tókst að fá þá til að vinna sjálfa að auðmýkingu sinni og tortímingu. Við veltum fyrir okkur, hvaða aðferðir hann hefði notað. En þess var ekki vænst, jafnvel af flokksmönnum, að þeir tækju játningar þeirra við rannsóknina bókstaflega. Slíkt hefði verið sama og að játa á sig áskapaða flónsku. Flestir okkar skildu játningar þeirra táknlegri, afleiddri merkingu.

Gamli félagi Mísha, sem ég heimsótti í ferð minni til Moskvu, var illa bugaður. Hann hafði verið nákunnugur hinum líflátnu leiðtogum frá því fyrir og eftir byltinguna. Skýring hans á játningunum var, þó að hún væri fjarri því að vera fullnægjandi, sú skynsamlegasta, sem ég heyrði, og næst því að vera rökfræðilegt mat á fyrirbrigðinu. Hann rökstuddi hana með upplýsingum, sem hann hafði fengið frá hinum mörgu vinum sínum í Kreml.

„Í fyrsta lagi, Vítja,“ sagði hann, „heldur lygi áfram að vera lygi án tillits til þess, hversu margir menn trúa henni. Við getum sleppt hinum íburðarmiklu orðum. Búkharín, Rykov og hinir voru — þrátt fyrir fortíð sína — menn skapaðir af holdi og blóði. Þú sagðir mér, hve nálægt því þú hafir verið kominn að undirrita lyga-

þvælu vegna pyndinganna í Níkopol. En það, sem þú varðst að þola þar, var barnaleikur borið saman við þær andlegu og ef til vill líkamlegu pyndingar, sem þessir leiðtogar voru látnir sæta.“

„En þessir sömu menn stóðust á sínum tíma ofsóknir og hótanir keisaralögreglunnar, Mísha félagi,“ sagði ég.

„Því miður er ekki hægt að bera þetta saman. Aðferðir Okhrana, leynilögreglu keisarans, voru of frumstæðar, ekki eins vísindalegar, ekki eins djöfullega kænlegar og pyndingaraðferðirnar undir núverandi skipulagi. Ég hef oft velt því fyrir mér, hve margir af okkur gömlu byltingarmönnunum myndu hafa þolað það, ef keisaralögreglan hefði beitt hinum vísindalegu pyndingaraðferðum NKVD gegn okkur.

Og það er annað, Vítja, sem er ekki síður mikilvægt. Áður fyrr áttu þessir menn funheita trú, sem gerði þeim unnt að þola pyndingarnar. Menn fórna sjálfum sér og — það sem erfiðara er — fórna þeim, sem þeir elska, vegna bjargfastrar trúar og ástríðuþrunginna vona. Hvað höfðu þessir einmana menn í fangaklefunum sér til styrktar gegn pyndingum NKVD? Hvorki trú né von. Ævistarf þeirra hafði verið lagt í rústir, og ekki var hægt að endurreisa það. Til hvers er að leika hetju vegna dauðs málstaðar? Hvers vegna að halda áfram baráttu, þegar enginn vonarneisti er til? Reyndu að skilja það, og þá muntu fara að skilja, hvers vegna þessar hetjur fyrri tíma urðu mjúkar og blauðar og glötuðu sæmd sinni.“

„Trúir þú orðróminum um, að ákærvaldið hafi gert samninga við fórnardýrin?“

„Ég held, að það sé rétt, og sú trú mín hvílir á mjög traustum upplýsingum. Þú veist, að NKVD ryður sjaldan manni úr vegi án þess að ryðja líka úr vegi fjölskyldu hans. Heldur þú í raun og veru, að það sé tilviljun, að dóttir Rykovs, sem hann elskaði meira en allt annað, er ennþá á lífi og frjáls ferða sinna? Eða að ekki hefur verið hreyft við föður Búkharíns, konu Rosengolts og öðrum nánnum ættingjum? Ég álít það alveg vafalaust, að hinir ákærðu hafi svívirt sjálfa sig — leikið þau hlutverk, sem þeim voru falin í þessum sorglega skopleik — til þess að bjarga þeim, sem þeir elskuðu.

Ég ætla að segja þér það, sem félagar, sem stóðu í mjög nánu sambandi við Jezhov, sögðu mér, en hann hefur stjórnað þessum viðbjóðslegu leiksýningum síðan Jagoda var tekinn af lífi. Öll leiksýningin var sett á svið af NKVD eftir sérstakri fyrirskipun frá Stalín. Sérhver leikari — ákærendurnir, hinir ákærðu, vitnin og dómarnir — hafði lært hlutverk sitt utan að, áður en tjaldið var dregið upp. Þeir hinna ákærðu, sem vildu ekki eiga þátt í leiknum, voru myrtir í laumi. Hinir fengu sem greiðslu líf barna sinna, eiginkvenna, foreldra og nánna vina. Auk þess var þeim lofað, að þeir mættu áfrýja málum sínum til æðri stjórnarvalda, jafnvel til sjálfrar stjórnmalanefndarinnar. Veik von getur gert mikið undir slíkum kringumstæðum.

En við Búkharín, Rykov, Krestínskj og nokkra aðra var gerður sérsamningur. Ef þeir léku hlutverk sín eins og fyrir þá var lagt, þá var þeim lofað, að dauðadómarnir myndu verða felldir úr gildi og þeir yrðu aðeins reknir í útleð til fjarlæggra staða. Stalín notfærði sér jafnvel fordild þeirra. Hann spurði, hvernig hann gæti látið það

viðgangast, að þeir yrðu skotnir, þar sem nöfn þeirra væru umvafin dýrðarljóma sögunnar.

Jæja. Fórnardýrin léku þau hlutverk, sem þau höfðu tekist á hendur. En Stalín hélt ekki sinn hluta af samningnum. Hann hefur sýnilega aldrei ætlað sér að gera það. Fáum klukkustundum eftir að dómurinn var kveðinn upp, voru þeir teknir af lífi. Búkharín og Rykov dóu með formælingar um Stalín á vörum. Og þeir dóu standandi — ekki skriðandi um kjallaragólf og grátbiðjandi um náð eins og Zínovjev og Kamenev.

Og nú skal ég segja þér aðra frétt frá innsta hringnum. Stalín hefur skipað nefnd til að skrifa að nýju sögu flokksins. Söguna á að endurskoða. Staðreyndunum á að umsnúa svo, að þær komi heim við þessar fjarstæðu játningar við réttarhöldin. Við getum hlegið að rangfærslunum eða grátið yfir þeim. En ný kynslóð vex upp, sem á engar endurminningar um það, sem liðið er. Það er þegar farið að hreinsa til í bókasöfnunum, og hver bók eða blaðagrein frá liðna tímanum, sem afsannar hinar heimskulegu lygar málaferlanna, er eyðilögð. Martröðin mun verða föst í sessi sem opinber sannleikur. Lygin mun sigra. Og til þess að þetta gæti orðið, Vítja, sat ég tíu ár í hlekkjum í rökum fangaklefum keisarans. ...“

Þetta var ástandið í Moskvu, þegar ég fór þaðan til þess að moka flórinn í Úral.

Á járnbrautarstöðinni í Sverdlovsk (áður Jekaterínbúrg, borgin, þar sem síðasti keisarinn og fjölskylda hans voru myrt) tók einn af starfsmönnum Novo-Trúbni verksmiðjunnar á móti mér. Sem betur fór var þetta maður, sem ég þekkti allvel, og gat hann því leyft sér að tala hreinskilnislega. Á meðan við ókum hina 65 kílómetra löngu leið til Pervoúralsk, skýrði hann fyrir mér ástandið í verksmiðjunni. Þó að hann talaði af nokkurri varkárni, staðfestust verstu grunsemdir mínar.

Ég átti að koma af stað reglulegri framleiðslu, þar sem fyrir var efnisleg ringulreið og andlegt hrun. Hér um bil 6.000 verkamenn og fjölskyldur þeirra, alls 17–18 þúsund manns, lifðu við mjög frumstæð skilyrði. Þeir einu, sem ekki mátti búast við að færu leiðar sinnar, voru þeir menn, sem fæddir voru þar í héraðinu, og nauðungarvinnumennirnir, sem stunduðu byggingarvinnu. Iðnlærðu starfsmennirnir, það er að segja þeir, sem eftir voru að hreinsuninni lokinni, voru siðspilltir og forðuðust auðvitað að takast á hendur nokkra ábyrgð. Vegna hinna óhagstæðu lífs- og starfsskilyrða álitu þeir sig vera í útlegð og vonuðust eftir því einu að verða fluttir sem fyrst til annarra staða.

Hér um bil tíu kílómetra frá Pervoúralsk kom ég allt í einu auga á gaddavírgirðingu umhverfis fangabúðir, nokkur hundruð metra frá veginum. Við stöðvuðum bifreiðina, svo að ég gæti athugað þetta nánar. Fangabúðirnar — svartir braggar, sem teygðu sig yfir ekru eftir ekru í geysistöru skógarrjóðri — virtust vera yfirgefna, og þar ríkti dauðþögn. Þær voru sexhyrnda, og í hverju horni var varðturn með leitarljósum og vélbyssum.

„Hvar eru fangarnir?“ spurði ég förunaut minn.

„Á þessum tíma dags eru þeir við vinnu,“ svaraði hann. „Sumir þeirra vinna í okkar verksmiðju, hinir í öðrum verksmiðjum, námum eða við byggingarvinnu. Víktor Andrejevítsj, ég sé, að þér eruð ókunnugur í Úral. Þér verðið að venja yður við að sjá alls staðar fanga.“

Við okum áfram. Falleg byrjun á nýju lífi!

Osadtsj, nýi framkvæmdastjórinn, var kominn á undan mér. Hann var í slæmu skapi. Eitt augnatillit á verksmiðjurnar hafði nægt til þess að slökkva þá hrifningu, sem hafði gert hann rembilátan í Moskvu.

„Félagi Kravtsjenko, við höfum sannarlega nóg verkefni fyrst um sinn,“ sagði hann með andvarpi, á meðan við gengum um hinar ýmsu verksmiðjur og verkstæði. „Það munu líða mörg ár þar til þessi verksmiðjuhringur getur staðið á eigin fótum. Við höfum enga rafmagnsöfna til að smíða verkfæri. Hér er engin hitunardeild, ekkert viðhlítandi vélaverkstæði. Við höfum ekki svipað því nægilegt rafmagn til að fullnægja þörfum okkar, og gasstöðin er langt frá því að vera fullgerð. Engir möguleikar eru á því að krómhúða verkfærin. Í stuttu máli: þetta er engin verksmiðja, aðeins byrjun að verksmiðju.“

Það, sem fyrir augu mín bar, staðfesti frásögn hans. Verkfæradeildin var til háðungar. Málmhúðunarverkstæðið átti ekki skilið það nafn. Birgðaskemmurnar voru ekki fullgerðar, og lágu því þúsundir smálesta af stáli og öðrum málum undir berum himni. Málum af öllum tegundum var hrúgað saman án nokkurrar tilraunar til að halda þeim aðgreindum. Sjálfar pípuverðarvélarnar voru þýskar og bandarískar af nýjustu gerð og höfðu kostað milljónir rúblna. En hvað stóðaði það, þegar nauðsynlegar hjálparvélar voru ekki til? Jafnvel hinar innfluttu vélar voru þaktar óhreinindum og þörfuðust viðgerðar. Alls staðar sást á hrúgur af dýrmætum verkfærum og vélahlutum, sem ryðguðu undir óhreinindunum.

Athugun á verkamannabústöðunum fullkomnaði örvæntingu mína. Braggarnir, sem ég hafði séð bregða fyrir bak við gaddavírsgirðinguna, undir vélbyssuhlaupnum, voru ekki mjög óáþekkir þessum hrörlegu, röku og skítugu tréskónum sem hinn frjálsi öreigalýður verksmiðju okkar bjó í.

Ég rabbaði við nokkrar af konunum. Þær voru önnur. Þær sökuðu okkur sýnilega um neyð sína í stað þess að skoða okkur sem vinnufélaga. Það var mjög lítið um landbúnað í þessum hluta Úrals, og aðeins við 6–7 ædstu starfsmenn verksmiðjanna, sem höfðum bifreiðar til umráða, gátum vonast eftir að fá nægilegar matarbirgðir frá Sverdlovsk. Verkamennirnir lifðu aðallega á brauði, dálitlu af grænmeti, sem fékkst í nágrenninu, og niðursöðnum mat. Hinn stutta sumartíma voru braggarnir funheitir. Í mörgum bröggum rigndi gegnum þökin, svo að gólfín urðu vot. Hinn langa vetrartíma var ekkert skjól í þeim gegn hinum mikla kulda.

Eftir klukkustundar göngu um braggana roðnaði ég af blygðun, er ég leit á fjögurra herbergja íbúð mína í einu af þriggja hæða tígulsteinahúsunum, sem stóðu í rjóðrum við útjaðar verksmiðjulóðarinnar. Annars staðar, jafnvel í Níkopól eða Taganrog, myndi ég hafa álitíð hana frekar leiðinlega íbúð. En í Pervouralsk fannst

mér þetta vera íburðarmikil íbúð með baðherbergi, ábreiðum á gólfum, góðum húsgögnum og snotru eldhúsi. Með íbúðinni hafði ég erfitt eftir fyrirrennara minn, Dúnn, miðaldra, subbulega sveitakonur, sem hreinsaði íbúðina og matreiddi handa mér.

Bífreið sú, sem mér hafði verið lofað, beið mín og auk þess lítill Fordbífreið, sem var nothæfari á þessum árstíma forarbleytunnar. Ég hafði einnig góða hesta til einkaafnota. Grunnlaun mín voru 1.500 rúblur á mánuði, en með ágóðaþóknun og öðrum hvatningarverðlaunum komust mánaðartekjur mínar stundum upp í 3.000 rúblur. Sjá má, hve geysihá upphæð þetta var, á því, að venjulegir verkamenn unnu sér inn um það bil 150 rúblur á mánuði, iðnlærðir menn um 250 og fullnuma verkfræðingar um 600 rúblur.

Verkfræðingur þurfti heilsmánaðarlaun til þess að kaupa sér venjuleg föt, en með því er ekki allt sagt, því að föt fengust engin í Pervouralsk og aðeins sjaldan í Sverdlovsk. Þeir einir okkar, sem ferðuðust stundum til Moskvu eða Lenínsgarðs í viðskiptaerindum, gátu keypt skó og föt. Fyrir hina voru til takmarkaðar birgðir, sem verksmiðjustjórnin ræð yfir og við úthlutuðum til þeirra verkfræðinga, verkstjóra og jafnvel verkamanna, sem áttu það skilið.

Ég hafði varla unnið þarna í tvær vikur, þegar aðalbókarinn færði mér hálfsmánaðar launaskrá til undirskriftar. Þegar ég las hana yfir, tók ég eftir einkennilegum lið, stórrí upphæð til NKVD.

„Fyrir hvað er þetta?“ spurði ég undrandi.

„Það er samkvæmt samningi fyrir 160 fanga, sem vinna í okkar deild. Helmingurinn af kaupi þeirra rennur til NKVD.“

„Eru þeir úr fangabúðunum?“

„Nei, félagi Kravtsjenko. Það er allt önnur deild af NKVD. Samningsverkamennirnir búa hér innan um frjálsum verkamennina. En þeir eru í bröggum út af fyrir sig. Það eru menn, sem hafa verið reknir í útlegð hingað fyrir ýmsa glæpi.“

Síðar sögðu framkvæmdastjórar hinna starfsdeildanna mér, að hjá þeim öllum væru hópar af þess háttar nauðungarverkamönnum. Frjálsum verkamennirnir höfðu ekkert samneyti við þá, og alls staðar í verksmiðjunum var hægt að þekkja þá á aumkunarverðu útliti þeirra.

Einu sinni átti ég tal við einn af þessum föngum í deild minni. Hann var lítill maður vexti og líkari dauðum manni en lifandi. Það var mjög erfitt að fá hann til að rabba við sig. Vesalings mönnunum höfðu sýnilega verið gefnar strangar fyrirskipanir um að halda sér saman. Hann sagði mér, að hann hefði verið verkstjóri í stórrí verksmiðju í Lenínsgarði, en verið látinn hverfa þaðan fyrir þrem árum.

„En hvers vegna strjúkið þér ekki?“ spurði ég.

„Strjúka?“ endurtók hann og hristi höfuðið dapurlega. „Hvert? Hvar gætum við falið okkur, og hve lengi? En ef til vill leyfist mér að benda yður á, herra, að þetta samtal er hvorugum okkar hollt.“

Við hófum það hræðilega verk að komast til botns í allri þessari ringulreið. Víða

lágu rafmagnsöfnar í hirðuleysi. Við hreinsuðum þá, og eftir margra vikna erfiði — fjórtán klukkustunda vinnudag töldum við frídag — höfðum við gert einn þeirra nothæfan. Ég setti upp stóra verkfæradeild og hitunardeild og valdi hæfa verkamenn til þess að kenna öðrum að starfa þar. Krómhúðunardeild var reist frá grunni. Framleiðslunni undanfarin ár hafði seinkað vegna skorts á símakerfi í sjálfri verksmiðjunni og hæfilegri símsstöð. Úr þessu var bætt þrátt fyrir tálmanir, sem aðeins iðnfræðingar geta gert sér í hugarlund. Við settum upp nauðsynlegar lyftur, ofna og vinnubekki.

Auk slíkra minni háttar tæknilegra framkvæmda lét ég hundruð karla og kvenna vinna að því að hreinsa til, þvo, mála og fjarlægja óþverra þann, sem safnast hafði saman. Mér var það ljóst, að án reglu og þrífnaðar var engin von um að auka framleiðsluna. Höfðu skemmdarverk verið framin? Ég furðaði mig á því, að verksmiðjan skyldi hafa getað framleitt 35–40% af því magni, sem krafist var.

Eftir tvo mánuði var ekki hægt að þekkja verksmiðjuna aftur. Samstarfsmenn mínir höfðu smitast af áhuga mínum og ákafa, og starfsáhuginn náði til hins lægst setta verkamanns og gólfsópara. Í maímánuði hafði okkur ekki einungis tekist að auka framleiðsluna upp í 80%, en það var afrek, sem ég hafði talið óframkvæmanlegt, er ég kom þangað, heldur hafði okkur líka tekist að auka vörugæðin. Sorinn í pípuunum hafði minnkað úr 12% að meðaltali niður í 5–6%.

Vegna þessarar áreynslu hafði ég auðvitað engan tíma afgang til þess að lifa eigin lífi. Auk ábyrgðar á framleiðslunni bar ég sjálfur ábyrgð á húsnæði, mat, tæknilegri menntun og læknishjálpi handa 2.000 verkamönnum, sem voru undir beinni umsjón minni, og fjölskyldum þeirra. Þó að ég hefði marga aðstoðarmenn og suma þeirra duglega, bar ég einn hina endanlegu ábyrgð á þessu, og fáir voru þeir dagar, er vandræði, sem stóðu ekki í beinu sambandi við framleiðsluna, slitu ekki kröftum mínum.

Það jók einnig á erfiðleika mína, að því fór fjarri, að hreinsunaræðinu væri lokið. Dýrmætir menn voru teknir fastir á tímum, þegar ég mátti síst missa þá, og þeir, sem komust hjá beinum árásum, lifðu og störfuðu í sífelldum ótta. Þegar hér var komið sögu, hafði ég vanið mig á að taka sjálfur ekkert mark á hinum mörgu njósnurum og uppljóstrunarmönnum. Ég hafði þjálfað heila minn og taugar í því að einbeita sér að því verkefni, sem var hendi næst, án þess að þreyta sig á tilgangslausri reiði. Þó fór ennþá hrollur um mig og ég varð lamaður, þegar ég komst að raun um, að fjármáladeild NKVD í verksmiðjuhverfinu var kunnugt um einstök atriði í starfi verksmiðjunnar og tæknilegum ákvörðunum, áður en mér var kunnugt um það. Mér fannst ég vera nakinn og varnarlaus.

Sérdeildin í verksmiðju okkar, sem félagar Kolbín og Stoffinn stjórnuðu, var augu og eyru leynilögreglunnar. Þessir athafnasömu menn fengu afrit af öllum fyrirskipunum og tæknilegum skýrslum, en auk þess höfðu þeir njósnara í sérhverju verkstæði og skrifstofu. En þetta var aðeins hin venjulega aðgæsla. Í viðbót við þetta stundi og riðaði verksmiðjuhringurinn undir þunganum af óteljandi sérstökum

rannsóknarnefndum, endurskoðunarfylkingum og rannsökurum. Þeir komu — svo að ekkert bar á eða koma þeirra var boðuð með opinberum lúðraþyt — frá umdæmisnefndinni, miðstjórninni í Moskvu, Glavtrúbostal í Moskvu, ráðuneyti þungaiðnaðarins og tylft annarra stofnana.

En þetta var ekki nóg. Pípupantanirnar, sem streymdu inn til okkar frá Moskvu, höfðu alltaf upphaflega borist frá öðrum iðnaðarfyrirtækjum, sem sendu þess vegna nefndir frá sér til að líta eftir framleiðslunni og slöngva viðvörunum gegn skemmdarverkum yfir svimandi höfuð okkar. Við framleiddum pípur í skriðdreka, flugvélar, fallbyssur, skip, olíustöðvar, bifreiðar og til fjölda annarra nota. Þar eð pantanirnar voru undantekningarlaust of stórar fyrir framleiðslugetu okkar og framleiðslan svaraði að lokum sjaldan nákvæmlega til teikninganna, sendu verksmiðjuhringarnir og hlutaðeigandi iðnaðarfyrirtæki svo og herinn aðfinnslur og mótmæli, sem aftur leiddu til nýs eftirlits og rannsókna og síðan auðvitað nýs faraldurs — af „árvekni“ NKVD.

Sjaldan leið svo vika, að NKVD sendi ekki hóp af eftirlitsmönnum og umboðsmönnum frá hinum ýmsu skrifstofum, vopnuðum hræðilegum umboðsskrám, og nasavængir þeirra skulfu af ákafa eftir að finna þef af einhverjum skemmdarverkum. Þeir töfðu fyrir mér, þrömmuðu bölvandi um í skrifstofu minni og stofnuðu til óteljandi viðræðufunda. Þegar þeim fór að leiðast þetta tilbreytingarlausu líf á afskekktum stað, enduðu margir þeirra með því að drekkja sorgum sínum í vodka og fjárhættuspili.

Þegar ég loks var háttaður eftir fjórtán til sextán klukkustunda starfsdag, gat ég sjaldan vænst þess að fá að sofa í næði. Þá var hringt í síma til mín frá Moskvu og ég skammaður, beðinn um eitthvað eða mér hótad. Lögreglan hringdi iðulega í sambandi við hinar sifelldu handtökur. Sjaldan gat ég blundað án þess að einhver hringdi frá næturvinnuflokknum og tilkynnti mér slys, sem orðið hefði, eða gerði fyrirspurnir í sambandi við verkfæri, sem sett höfðu verið á skakkan stað, eða framleiðslu, sem hafði skemmt.

Af viðræðum, sem ég heyrði, gat ég gert mér í hugarlund það hræðilega blóðbað, sem hreinsunin hafði valdið, áður en ég kom, í Novo-Trúbni verksmiðjunni og í sérhverri námu og verksmiðju í nágrenninu.

Sagan um Semjon Magrílov, sem var framkvæmdastjóri í annarri málmvöruverksmiðju í sjálfri borginni Pervouralsk, hefur haft óafmáanleg áhrif á taugakerfi mitt. Verksmiðja sú, er hann veitti forstöðu, var ef til vill elsta verksmiðja Rússlands, því að munnmæli hermdu, að Pétur mikli hefði stofnað hana. Verkamennirnir þar voru synir verkamanna, sem unnið höfðu í verksmiðjunni og tekið þar við starfi fedra sinna. Þeir bjuggu í litlum, snyrtilegum húsum, sem þeir áttu sjálfir, ræktuðu litlu garðana sína, höfðu nokkur svín og alifugla og unnu við lífsskilyrði, sem svöruðu nokkurn veginn til lífsskilyrðanna fyrir byltingu. Þegar flokkurinn sendi Magrílov til þess að veita þessari verksmiðju forstöðu, voru honum í raun og veru launaðir fyrri verðleikar með hóglífisstöðu. Hann hafði verið flokksmaður í mörg

ár, var farinn að eldast og var náinn vinur ekkju Leníns og Maríu Úljanovu, systur hans. Auk þess var hann álitinn einn af áhrifamestu mönnum í héraðinu.

En hreinsunaræðið hlífði honum ekki. Deild NKVD þar á staðnum ofsótti hann með ákærum á hendur honum. Hann var sakaður um skemmdarverk og um að halda verndarhendi yfir öðrum skemmdarverkamönnum. Eftir nokkurra mánaða ofsóknir gafst hann upp. Hann lokaði sig inni í skrifstofu sinni og skaut sig. Hann skildi eftir langt bréf, þar sem hann lýsti yfir sakleysi sínu og réðst harðlega á ógnarstjórnina. NKVD gerði bréfið upptækt, en verkamennirnir í verksmiðjunni komust einhvern veginn að efni þess. Margir af nánustu samstarfsmönnum Magrílovs hurfu gjörsamlega, af því að þeir voru grunaðir um að hafa lesið síðasta bréf sjálfsmorðingjans.

Harmleikurinn um Magrílov var óvenjulegur vegna þess eins, hve háttsettur maður hann var. Mér voru sagðar nákvæmar sögur af bókstaflega talað hundruðum handtaka, pyndingaryfirheyrslna og sjálfsmorða. En ég mátti ekki láta þær rugla mig í starfi mínu. Að lokum lærðist mér að láta slíka vitneskju ekki hafa nein áhrif á mig. Það er ekki auðlærð list, en aðeins þeir, sem kunna hana, geta lifað sem iðnaðarleiðtogar í Ráðstjórnarríkjunum. Þeir, sem geta ekki haldið samúð sinni í skefjum, í loftþéttu rúmi innra með sér, ef svo má orða það, eru dæmdir til þess að lifa döpru lífi eða verða geðveikir.

Í Moskvu tóku menn eftir hinum merkilegu framförum í Novo-Trúbní. Fundur virkra kommúnista í ráðuneytinu í Moskvu, þar sem Kaganóvitsj var viðstaddur, hrósaði starfi mínu. Samkvæmt frásögn af fundinum í tímariti um iðnaðarmál hafði verksmiðjan verið í lélegu ástandi, þar til „Kravtsjenko, framtakssamur, ungur verkfræðingur og flokksmaður“, kom þangað og umsneri öllu.

Yfirmaður NKVD í Pervouralsk, félagi Parshín, sem ég hafði áður hitt á flokksfundi, kom í heimsókn til mín. Hann hrósaði hástöfum þeim „kraftaverkum“, sem ég hefði gert með því að auka framleiðsluna. Hann eyddi mörgum klukkustundum af tíma mínum í það að spyrja um hinar ýmsu pantanir, sem við unnum að því að afgreiða, og um stjórnmalaskoðanir ýmissa af undirmönnum mínum. Ég gat varla leynt skapraun minni yfir náinni þekkingu hans á starfi mínu. Hún var mér fullkomin sönnun þess, að ég væri umkringdur af fjölda njósnara.

„Þér eyðileggið sannarlega árangurinn af skemmdarverkum fyrirrennara yðar,“ sagði hann að lokum. Af hans munni var þetta hið mesta hrós, sem hægt var að hugsa sér. „Mér þykir þess vegna fyrir því að tefja yður, Víktor Andrejevítsj. En í nótt getið þér gert mér greiða. Ég ætla að hringja til yðar seinna og segja yður, hvenær þér eigið að koma.“

Pegar hringt var, var mér sagt að koma klukkan tvö um nóttina. Skrifstofur NKVD voru í vönduðu tveggja hæða húsi. Það var tilkomumesta húsið við hina forarblautu aðalgötu Pervouralsk. Þótt að nóttu væri, voru ljós í öllum gluggum og

menn sýnilega önnum kafnir. Yfirmaðurinn heilsaði mér vinsamlega og bauð mér inn í skrifstofu sína.

„Látið fara vel um yður,“ sagði hann. „Ég er hræddur um, að þér verðið að dveljast hér nokkuð lengi.“

„Hvað viljið þér mér?“

„Það skal ég segja yður. Við höfum hér þjóðniðing í haldi, hreinræktaðan skemmdarverkamann. Okkur er það ljóst, að hann á mikla sök á óreglu þeirri, sem var í verksmiðju yðar, áður en þér komuð. En hann er þvermóðskufullur náungi. Ég ætla í nótt að yfirheyra hann í návist yðar. Þegar sérfræðingur eins og þér hlustar á, getur hann ekki þyrlað upp ryki í augu mér.“

„Mér er í sannleika sagt alls ekki um þetta,“ sagði ég örvæntingarfullur.

„Það er einkennilegt. Þér gerið mig agndofa. Hefur ekki sjálfur Lenín sagt, að sérhver góður kommúnisti yrði að vera lögreglumaður? Jæja, við skulum byrja.“ Hann hringdi á skrifara sinn. „Segið varðmanninum að koma með fangann í klefa nr. 7.“

Lögreglustjórinn bjó sig undir yfirheyrsluna með því að taka nokkur hefti úr mjög stórum, eldtraustum skjalaskáp og leggja skammbyssu á áberandi stað á skrifborðinu. Á meðan hann beið eftir fanganum, kom eftirvæntingarsvipur á andlit hans. Hann líktist tígrisdýri, sem er tilbúið til að stökkva á bráð sína. Skömmu seinna opnuðust dyrnar. Tveir hermenn með skammbyssur í höndum komu inn og milli þeirra leifarnar af því, sem einu sinni hafði verið maður. Verðirnir fóru, og við urðum þrír eftir í skrifstofunni.

„Góðan daginn,“ sagði fanginn lágt og leit ruglaður í kringum sig.

Parshín svaraði ekki, en ég tók kveðju hans. Fanginn var lítið annað en skinn og tötrar. Andlit hans var fölgrátt og líktist helgrímu. Djúpt svöðusár með storknuðu blóði lá frá öðru gagnauganu á ská nærri því niður á höku. Hann stóð álútur með hendurnar fyrir aftan bak.

Lögreglustjórinn las nú upphátt ákærurnar gegn fanganum til að kynna mér málið. Ég heyrði, að hann hefði verið í fangelsi í rúma þrettán mánuði. Þó að hann liti út eins og sextugur maður, var hann ekki nema rúmlega þrítugur. Hann hafði verið yfirverkfræðingur við byggingu Novo-Trúbni verksmiðjunnar, þar til framleiðsla byrjaði í henni. Á meðan ég horfði á manninn, gat ég ekki varist þessari hugsun: „Það er aðeins miskunnsemi Guðs að þakka, að það er ekki Víktor Kravtsjenko, sem stendur þarna.“

„Félagi Parshín,“ sagði ég lágt, „gætuð þér ekki lofað manninum að setjast?“

„Því ræð ég,“ svaraði hann. „Þetta er NKVD, en ekki neitt hvíldarheimili.“

Þegar Parshín hafði lokið upplestrinum, sagði hann við fangann með þrumuraust:

„Ég ætla að yfirheyra yður um skemmdarstarfsemi yðar í pípuverksmiðjunni. Svarið skýrt og greinilega án þess að hlaupa úr einu í annað. Hér er staddur reyndur verkfræðingur, sem þekkir verksmiðjuna. Þér getið ekki leikið á mig framfar. Fyrsta

spurningin er: Hvers vegna létuð þér sem yfirverkfræðingur byggingarnefndar verksmiðjunnar setja tréþök yfir ofnana, þó að auðveldlega gæti kviknað í þeim?“

„Samkvæmt uppdrættinum,“ svaraði fanginn ótrúlega greinilega, þegar tekið var tillit til líkamsástands hans, „áttu þökin að vera úr jární. En það kom fyrirskipun frá stjórninni, frá sjálfum Ordzhoníkídze þjóðfulltrúa, um að nota tré, vegna þess að á þeim tímum var skortur á jární. Fyrirskipunin kom til verksmiðju okkar og margra annarra verksmiðja. Bækur ráðuneytisins ættu auðveldlega að geta sannað þetta. Ég áleit þetta ekki skynsamlegt, en ég hafði ekkert vald til þess að gefa gagnstæðar fyrirskipanir við beina fyrirskipun þjóðfulltrúans, einkum þar sem mér var kunnugt um járnskortinn.“

„Hvað áltíð þér?“ Lögreglustjórinn beindi þessari spurningu til mín.

„Borgarinn ...“ byrjaði ég.

„Hann er ekki borgari, heldur þjóðníðingur.“

„Eins og yður þóknast. Fanginn hefur öldungis rétt fyrir sér. Við höfðum tréþök á verksmiðjunum í Níkopol af sömu ástæðu, þó að nú hafi þau verið járnklædd. Ég var af tilviljun staddur á viðræðufundi í skrifstofu Gínsbúrgs, þegar hann fyrirskipaði — með samþykki Ordzhoníkídzes — tréþök á allar verksmiðjubyggingar nema yfir bræðsluofna.“

Lögreglustjórinn varð sýnilega fyrir nokkrum vonbrigðum.

„Gerid svo vel að minnast þess,“ sagði hann, „að þér berið ábyrgð á framburði yðar.“

„Það er mér alveg ljóst,“ sagði ég.

„Önnur spurning er á þessa leið,“ hélt hann áfram og beindi orðum sínum til fangans. „Hvers vegna reistuð þér þessa stóru pípuverksmiðju án húðunar-, hitunar- og verkfæradeilda, án viðgerðarverkstæðis og án möguleika á að smíða nauðsynleg nákvæmnisverkfæri?“

„Ætlunin var að reisa stóran, nýtísku verksmiðjuhring,“ svaraði fanginn. „Allar þær deildir, sem þér nefnið, áttu að vera aðskildar frá aðalverksmiðjusölunum og vera í sérstökum byggingum. Skipulagsnefnd ríkisins og ráðuneytið gátu ekki útvegað fé, efni og áhöld í þessar aukabyggingar. Af þessum ástæðum var það, að lokið var við að reisa aðalbygginguna áður en hinar deildirnar kæmust nokkuð verulega áleiðis. Þá fengum við — okkur til mikillar undrunar — fyrirskipun um að hefja framleiðsluna, og áleit ég það mjög óheppilegt. Þegar hér var komið, var ég handtekinn.“

Hvaða áhrif sem þrettán mánaða þjáningar kunna að hafa haft á sálarlíf þessa manns, þá vann heili hans enn vel, þegar rætt var um sérfræðileg málefni. Fyrsta flokks verkfræðingsheili, hugsaði ég með mér.

„Hvað segið þér um þetta?“ spurði lögreglustjórinn mig.

„Fanginn hefur algjörlega rétt fyrir sér. Verksmiðjan hóf framleiðslu löngu áður en hún var fullbúin samkvæmt teikningunum. Jafnvel nú er langt frá því að hún sé fullgerð. Ef við ættum að bíða, þar til hún væri fullgerð eftir upphaflegu áætlun-

unum, þá gætum við ekki byrjað að vinna að framleiðslu fyrr en að ári liðnu. Ég álit fyrir mitt leyti, að það hafi verið yfirsjón að láta ekki aðstoðardeildirnar vera í sjálfri aðalverksmiðjubyggingunni, en ákvarðanirnar um það voru teknar í Moskvu. Að minnsta kosti var það ekki skemmdarstarfsemi, að aðalverksmiðjan var fullgerð áður en aðstoðardeildirnar voru tilbúnar.“

„Eruð þér alveg viss um það?“

„Alveg viss. ... Má ég gefa fanganum vindling?“

„Látum svo vera.“

Ég rétti manninum allan pakkann, en það vildi lögreglustjórinn ekki leyfa.

„Einn vindlingur nægir,“ öskraði hann. „Ef hann skrifar undir og játar skemmdarverk sín, má hann reykja eins mikið og hann hefur löngun til.“

Þegar verkfræðingurinn rétti fram höndina, sem hann hafði haldið fyrir aftan bak, sá ég, að hún var reifuð með blóðugum druslum.

Yfirheyrslan hélt áfram í margar klukkustundir. Í hverju einstöku atriði gat ég með góðri samvisku stutt verkfræðinginn gegn lögreglustjóranum. Þegar klukkan var orðin hér um bil hálfsex, leið yfir fangann, meðan Parshín var að halda langa, hátíðlega ræðu. Ég sá hann líða hægt niður, eins og á kvikmynd, sem er látin hreyfast hægt. Þegar hann var aftur kominn til meðvitundar, eftir að hellt hafði verið yfir hann köldu vatni, kom varðmaðurinn með stól handa honum, og yfirheyrslan hófst á ný. Klukkan var orðin rúmlega sex, þegar farið var út með vesalings manninn. Ég mun aldrei gleyma þakklætinu, sem lýsti sér í augum hans, þegar hann leit til mín úr dyrnum.

„Ég ætla að semja skýrslu um þetta réttarhald,“ sagði Parshin, „og senda yður hana til undirskriftar eftir nokkra daga. Mér þykir leitt að hafa þurft að tefja yður svona lengi.“

„Þar sem það er hvort sem er orðið of seint að fara að háttu,“ sagði ég, „viljið þér þá ekki leyfa mér að skoða þetta hús?“

Hann hugsaði sig um dálitla stund, hissa yfir þessar óvenjulegu ósk. „Hér er ekki margt athyglisvert að sjá,“ sagði hann að lokum. „En ef yður langar til þess, ... það getur ef til vill vakið ábyrgðartilfinningu yðar og bent yður á, hve mikilsvert það er að svara satt og rétt ...“

Hann greiddi hár sitt, setti á sig einkennishúfuna og stakk skammbyssunni í hliðarvasann. Við fórum báðir í yfirhafnir okkar. Með aðstoð varðmanns gerði ég þarna húsvitjun, sem ég mun minnast alla ævi. Við gengum inn í garð og þaðan gegnum dyr, sem járnhurð var fyrir, ofan brattan stiga niður í kjallara. Óþefnum sló á móti okkur. Í ganginum logaði á lítilli rafmagnsperu.

Ég tók eftir því, að varðmaðurinn í kjallaranum, sem stökk á fætur og heilsaði að hermannasið, hafði verið að lesa kafla úr *Sögu kommúnistaflöksins*, sem þá birtist neðanmáls í *Pravda*. Ég furðaði mig á því, að þessi maður, sem lifði í hinum hræðilega óþef hins raunverulega stalínisma, skyldi geta sýnt þá stillingu að lesa fræðikenningar hans.

Það kom hreyfing á í klefunum, sem lágu meðfram ganginum. „Háttsettir gest-iri!“ hrópaði einhver. Vörðurinn opnaði dyr og hrópaði: „Standið upp!“ Yfir tuttugu menn risu á fætur. Þeir voru órakaðir, og það var ólýsanlega dapurlegt að horfa á þá. Á flestum var hægt að sjá, að þeir höfðu verið bardir. Einu „húsgögnin“ í klefanum voru vatnsfata, sem drykkjarílát úr blikki var fest við, önnur fata í innra horninu til að gera þarfir sínar í, berar fjalir, sem fangarnir sváfu á í stað rúma, og eins konar tréhillur, sem hlaðnar voru tötrum og böggjum fanganna. Klefinn myndi hafa verið of þröngur fyrir fimm fanga, hvað þá tuttugu.

Hinir klefarnir voru jafnhraðilegir. Ég missti alla löngun til að skoða þá, sem eftir voru. Nokkrir af klefunum voru sérstaklega ætlaðir konum.

„Loftræstinginn hjá ykkur er í ólagi,“ sagði yfirmaðurinn við unga lögreglumanninn við dyrnar, um leið og við fórum. „Þér sálist úr óþef.“

„Ég fer í almenningsbaðhúsið á hverjum degi, þegar ég hef lokið störfum mínum hérna,“ svaraði ungi maðurinn glaðlega. „Að öðrum kosti myndi konan mín ekki hleypa mér inn. Loftræstingartækin hafa lengi verið í ólagi.“

Þegar ég kom út úr húsinu, sat bifreiðarstjórinn minn sofandi við stýrið. Ég vakti hann.

„Víktor Andrejevítssj, þetta dróst svo lengi, að ég var farinn að halda ... Þegar við öikum mikilsvirtum mönnum hingað, vitum við aldrei, hvort við öikum þeim heim aftur eða ekki.“

„Ég er mjög þreyttur, Petja. Við skulum aka beint til verksmiðjunnar. Það verður ekki af neinum svefni hjá mér í nótt.“

Síðdegis sama dag kom æðsti aðstoðarmaður minn til að tala við mig. Hann bað um leyfi til að skreppa burt í þrjár klukkustundir. Fáeinir spurningar leiddu í ljós, að honum hafði verið skipað að koma til NKVD.

„Ég get ekki misst yður í starfstímanum,“ sagði ég. „Hringið til þeirra og segið, að þér komið eftir klukkan sex. Og lítið svo til mín, þegar þér komið þaðan aftur.“

Seint um kvöldið kom hann til að tala við mig. Hann gat ekki sagt mér, hvað gerst hefði, af því að hann hafði verið áminntur um að þegja yfir því. En af samræðunum við hann komst ég á snöðir um, að rätt hafði verið við hann um þetta sama mál.

„Þekktuð þér yfirverkfræðinginn við bygginguna, áður en hann var handtekinn?“ spurði ég kæruleysislega.

„Já, Víktor Andrejevítssj, og ég þekkti hann ekki aftur ...“ Hann hætti við setninguna þegar hann varð þess var, að hann var að ljóstra upp leyndarmálinu.

Tveim dögum seinna kom Stoffinn frá sérdeildinni með skýrsluna um réttarhaldið, sem lögreglustjórinn kvaðst ætla að senda mér til undirskriftar.

„Skrifið aðeins undir hana. Ég skal síðan koma henni strax til Pervouralsk,“ sagði hann.

„Í fyrsta lagi ætla ég ekki að skrifa undir hana fyrr en ég hef lesið hana vandlega. Og í öðru lagi ætla ég ekki að hætta við brýnt starf vegna hennar. Ég les hana í kvöld eftir vinnutíma.“

„En mér hefur verið skipað að hafa ekki af henni augun. Ég get ekki ...“

„Símið til yfirmanns yðar, og segið honum, hvað ég hef sagt. Þá verður yður ekki kennt um neitt.“

Hræddur og skjálfaði hringdi hann til NKVD. Parshín varð fokvondur. Að lokum greip ég símatólið vegna meðaumkunar með þessum hrædda og hrellða manni.

„Kravtsjenko, ég ráðlegg yður að sýna NKVD meiri virðingu!“ öskraði Parshín. „Einkanlega eftir heimsókn okkar í kjallarann.“

„Og ég ráðlegg yður að sýna forstjóra þessarar verksmiðju meiri virðingu!“ svaraði ég. „Ef þér hættið ekki að hrella mig, þá síma ég beint til Kaganovítsj og segi honum, hver það sé, sem seinki framleiðslunni.“

Hótunin hafði sínar verkanir. Parshín fór allt í einu að afsaka sig. Hann kvartaði um ofþreytu og sagði, að ég mætti ekki vera reiður við sig. Auðvitað gæti ég lesið skýrsluna, þegar mér hentaði.

Þegar starfsdeginum var lokið, settist ég niður til að lesa það, sem ég bjóst við að væri ágríp af því, sem ég hafði sagt um nóttina hjá NKVD. Stoffinn beið á meðan dapur í bragði í skrifstofu sérdeildarinnar. Hárin risu á höfði mér. Öllu, sem ég hafði sagt, hafði vísitandi verið snúið öfugt. Mér voru lagðar ákærur í munn. Svör fangans og athugasemdir mínar var falsað þannig, að það studdi staðhæfingarnar um skemmdarverk af ásetningi. Á hverja blaðsíðu var rituð með stórum stöfum viðvörðun um, að ekki mætti breyta neinu. Þrátt fyrir þetta dýfði ég penna mínum í rautt blek og leiðrétti skjalið vandlega, setningu eftir setningu. Víða hreytti ég spurningunum í það horf, sem þær höfðu upprunalega, því að þeim hafði verið vikið við til þess að falsa merkingu svaranna. Mjög víða þurfti ég ekki annað en að bæta orðinu „ekki“ inn í, svo algjör var fölsunin.

Þegar ég sendi eftir Stoffín og afhenti honum skýrsluna leiðréttu þannig, að hver blaðsíða var orðin meira rauð en svört, varð hann svo hræddur, að augun virtust ætla að detta út úr augnatóftunum. Annað eins helgisþjall hafði hann aldrei orðið var við á öllum starfsferli sínum. Hann varð fölur sem nár.

„En þetta er ekki leyfilegt, félagi framkvæmdastjóri. Þetta er hræðilegt,“ kveinaði hann.

„Afhendið yfirmanni yðar það. Ég tek á mig alla ábyrgð.“

Ég frétti ekkert frekar um þetta mál. En á langa hestsandlitið á Parshín kom móðgunar- og fylusvipur í hvert sinn sem við hittumst. Hér um bil þrem vikum seinna barst sú frétt um verksmiðjuna, að gamli yfirverkfræðingurinn yfir byggingar-eildinni hefði verið látinn laus eftir fjórtán mánaða dvöl í hinum daunilla kjallara NKVD. Það var áreiðanlega ekki vegna meðalgöngu minnar, margir fleiri hljóta að hafa svarað á sama hátt og ég. En hinir heimsku og þrælslegu embættismenn, sem höfðu auðmýkt hann og pyndað í meira en ár, fengu ekki einu sinni áminningu. Þeir sátu áfram rostafullir við völd og handtóku menn eftir geðþótta.

Ungi verkfræðingurinn Panov, sem stjórnaði næturvinnuflokknum hjá mér,

var einn af samviskusömustu samstarfsmönnum mínum. Hann hafði reglulega andlitsdrætti, var kurteis og kyrrlátur og vel liðinn af öllum. Honum féll það illa, að vinnuflokkur hans gat ekki afkastað þeirri framleiðslu, sem krafist var, og hann eyddi flestum tómstundum sínum í tilraunir til að auka vinnuhraðann.

Forvitni mín um Panov var vakin af því, hve veiklulegur hann var í útliti. Fölvi hans benti til þess, að hann ætti við fæðuskort að búa. Einu fötin, sem hann átti, voru gauðslitin, og hann gekk á strigaskóm, hvernig sem viðraði. Með því að spyrjast fyrir komst ég fljótt að ástæðunum til fátæktar hans. Af 550 rúblum, sem hann hafði í laun á mánuði, fóru 150 í skatta, skyldulán og ýmis opinber gjöld. Eftir voru 400 rúblur. Með þeim átti hann að framfæra konu, kornunga dóttur og gamla móður, sem bjuggu ásamt honum í tveggja herbergja íbúð í verksmiðjustjórnaðarverfinu.

Ég kom því til leiðar, að Panov fékk stígvél og vinnuföt af birgðum verksmiðjunnar. Hræður af umhyggju minni fyrir sér herti hann upp hugann og trúði mér fyrir vandræðum sínum.

„Víktor Andrejevítj, má ég tala við yður eins og mér býr í brjósti?“ spurði hann, er hann sat hjá mér í skrifstofu minni.

„Já, auðvitað.“

„Ég er kominn til þess að biðja yður að aðstoða mig til að komast úr þessu helvíti. Fyrir atbeina nokkurra vina minna hef ég von um að komast í verkfræðingastöðu í hernum, en ég þarfnast aðstoðar yðar.“

„En hvers vegna eruð þér svona óánægður hér, Panov? Þér eruð ungur, þér fáid ágæta þjálfun við erfiðar aðstæður. Er yður ljóst, hvað slíkur flótti frá erfiðu starfi er nefndur á flokksmáli?“

„Já, ég veit það, ... hentistefna, lítilmennska og svo framvegis. En lítið á málið frá mínu sjónarmiði. Ég hálfsvalt og var loppinn af kulda í fimm ár í skólanum. Konan, sem ég kvæntist meðan ég var við nám, horfði björtum augum á framtíðina sem kona fullnuma verkfræðings. En hvað hefur hún fengið? Enn meiri sult og einmanaleika og sára fátækt. Ég sé, að ást hennar á mér er að fjara út undir þessu fargi, og ég vil reyna að koma í veg fyrir slíkt. Ég vil bjarga litlu stúlkunni okkar, sem fær ekki nóga mjólk. Álasið þér mér fyrir að vilja reyna að bjarga fjölskyldulífi okkar?“

„Nei, ég geri það ekki, Panov. Ég skil það.“

„Ágætt. Í hernum hef ég 750 rúblur í kaup á mánuði, einkennisföt, íbúð og fæði handa sjálfum mér. Ég get látið fjölskyldu mína fá nærri því allt kaup mitt. Síðan vinn ég að landvörnunum, sem líka eru lífsnauðsynlegar.“

Að lokum lofaði ég honum að aðstoða hann við að fá lausn frá starfi sínu við verksmiðjuna. Mörgum árum seinna las ég í blöðunum, að hann hefði getið sér ágætan orðstír í styrjöldinni. Ef hann hefði verið áfram í Úral, þá myndi hann eftir stuttan tíma hafa orðið beiskur maður, bilaður að heilsu. Mér var það ljóst, að margir menn, sem voru í sjálfu sér mestu mannsefni, voru eyðilagðir vegna hinnar heimskulegu áherslu, sem lögð var á framleiðsluna, án tillits til heilsu og aðbúðar þeirra manna, sem að henni unnu.

Hið þrotlausa farg móðgandi efasemda um heiðarleik manna fékk engu minna á þá en líkamlegar þjáningar. Það var sama, hve hart við lögðum að okkur, undirstaða alls kerfisins var sú skoðun, að við værum svikarar, sem myndum eyðileggja verk sjálfra okkar, ef við værum ekki undir stöðugu eftirliti allan sólarhringinn.

Til dæmis nefni ég það, að einu sinni kom sérstök nefnd til að tala við mig í sambandi við pöntun frá 14. stjórnardeild landvarnariðnaðarins. Þetta var pöntun á pípum, sem þurftu að vera sérstaklega nákvæmar og við vorum varla búnir undir að framleiða. Margar aðrar pípuverksmiðjur höfðu neitað að afgreiða þessa pöntun, vegna þess að þeim væri slíkt um megn.

Ég kallaði yfirmennina í verksmiðjunni saman á fund og lagði málið fyrir þá í viðurvist umboðsmanna landvarnanna. Við urðum sammála um, að hugsanlegt væri, að við gætum leyst verkið af hendi, eti líkurnar fyrir því, að okkur mistækist, væru afar miklar. Við þyrftum að fá strax mikið af nýjum verkfærum, sérstakar tegundir af stáli og vinna síðan af miklu kappi.

Ég samþykkti ekki að reyna að afgreiða pöntunina fyrr en ég hafði fengið skriflega viðurkenningu fyrir því, að ekki væri hægt að ábyrgjast fyrirfram neitt um árangurinn. Ég fékk 20.000 rúblur til ráðstöfunar, sem ég átti að skipta í launaskyni milli mannanna, sem að þessu unnu, ef verkinu væri lokið í tæka tíð. Verkfræðingarnir mínir skildu allir mikilvægi þessa verks og þær kröfur, sem það gerði til okkar, og líka verkamennirnir, og þeir unnu hvorir tveggja að því af öllum mætti.

Við afgreiddum pöntunina á fimmtán dögum. Stundum fór ég ekki úr verksmiðjunni þrjá eða fjóra sólarhringa í röð, mataðist í skrifstofunni og fékk mér nokkurra klukkustunda blund, meðan vélarnar gengu af alefli. Aðstoðarmenn mínir lögðu jafnhart að sér og ég. Það var ekki minnsta ástæða til þess að efast um, að við ynnum af heilum hug. En þrátt fyrir það vorum við undir samfelldu eftirliti sérdeildarinnar og njósna landvarnarstjórnarinnar, sem voru með nefið niðri í öllu og snuðruðu eftir skemmdarstarfsemi. Þetta misbauð mjög sjálfsvirðingu okkar og starfsþótta. Hvorki verðlaunin né lofið í heillaskeytunum megnaði að draga úr óbragðinu í munni okkar allra.

Kolbín, Stoffín og starfsmennirnir í fjármáladeild NKVD, jafnvel Dovbenko, ritari borgarnefndarinnar, voru að springa af monti yfir „sigri“ sínum við afgreiðslu pöntunar þessarar. Þeir höguðu sér eins og það hefði frekar verið að þakka hinu skapraunandi eftirliti þeirra en dugnaði og iðni verkfræðinganna og verkamannanna, að verkið heppnaðist.

„Hvers vegna eruð þið svo tortryggirnir? Hvers vegna eruð þið svo glaðir yfir, að enginn gerði sig sekan um skemmdarstarfsemi?“ spurði ég Parshín.

Hann skildi varla spurninguna, svo eðlilegar fundust honum njósnirnar. Fyrir hans sjónum voru þær í raun og veru mikilvægasti hluti sérhvers verks.

„Auk þess, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann við mig í trúnaði, „fáum við nýtt verkefni vegna þess, hve vel tókst að afgreiða þessa pöntun. Nú verðum við að komast að raun um, hvers vegna hinar verksmiðjurnar neituðu að afgreiða pöntunina! Við

höfum sannað, að það var hægt. Hvers vegna vildu þá hinir framkvæmdastjórnarnir ekkert skipta sér af henni? Ef til vill hafa þeir sagt satt — en það getur líka verið, að þeir hafi verið að vinna skemmdarverk í landvarnariðnaðinum. Af þessu sjáid þér, hve mikilvægt starf okkar er ...“

Við framkvæmdum mörg önnur sérstök verk undir blaktandi fánum, en alltaf í tærandi andrúmslofti efasemda, hótana og njósna, sem gagnsýrðu allt. Frægd Novo-Trúbni verksmiðjunnar óx frá degi til dags. Blaðamenn frá tímariti um iðnaðarmál og öðrum blöðum skrifuðu hrífandi lýsingar á því, hvernig „leifunum af skemmdarstarfsemi“ hefði verið „rutt í burt“ úr Úralverksmiðjunni. En framleiðslan var enn um 85%, og ráðamennirnir í Moskvu sýndu „bolsévíkafestu“ sína í því að heimta hana upp í 100%. Dugnaður okkar og afrek voru þannig launuð með nýjum áhyggjum.

Ég hafði oft ástæðu til að minnst þeirra heilræða, sem mér voru gefin daginn sem ég kom: að venja mig á að sjá fanga, fangabúðir og nauðungarvinnuflokka hvarvetna. Í Pervoúralsk og umhverfi hennar vorum við í miðdepli eins af þrælavinnusvæðum hins sósíalíska Rússlands. Það var ekki hægt að aka langt frá aðalveginum í neina átt, án þess að við blasti þessi hryggðarsýn.

Annars staðar var ef til vill hægt að breiða hulu þagnarinnar yfir þessi mál. En hér var raunveruleikinn of áberandi, of nálægur okkur, til að hægt væri að leyna nokkru. Hér sögðu menn til dæmis: „Það er góður veiðistaður í Tsjúsovaja-fljótinu, um það bil eins kílómetra leið fyrir ofan NKVD-nýlenduna,“ — eða „Það er best að fara veginn til vinstri, framhjá fangabúðunum.“

Gasstöðin okkar var kynt með mó frá verksmiðjuhringnum „Úralmó“. Þegar ég þurfti einu sinni að kvarta undan lélegu gasi, símuðu mennirnir í „Úralmó“, eins og það væri sjálfsagt, til NKVD og báðu um skýringu á þessu hjá hlutaðeigandi embættismanni lögreglunnar. Þúsundir fanga, bæði karlar og konur, skáru og pressuðu móinn í Sverdlovsk-héraðinu. Mór var líka notaður ásamt öðru eldsneyti í „Úralorku“, sem lét okkur í té rafmagn.

Ég reyndi að forðast að verða sjónarvottur að þessum hörmungum, því að þær gerðu mig dapran í huga í margar vikur. Ég kvaldist af ótta við að mæta ef til vill einhverjum af þeim, sem ég hafði þekkt og mér hafði þótt vænt um, því að mörg hundruð vina minna höfðu orðið hreinsununum að bráð. Dag nokkurn fór ég í skemmtiferð með einum af starfsbræðrum mínum. Við fórum yfir ömurlegan mýrarfláka, þar sem um það bil 300 fangar, nær eingöngu konur, voru að vinna. Allt þetta ólánssama fólk var ólýsanlega óhreint og skringilega klætt, og margt af því stóð upp að hnjám í gruggugu vatninu. Það vann í algjörrri þögn með frumstæðum verkfærum og virtist ekki veita okkur neina eftirtekt.

Þetta var sýn úr helvíti, eins og Dante hefur lýst því, og ég gat ekki losað mig við hana í marga mánuði. Það fór hrollur um mig við það eitt að heyra nefnt orðið „mór“.

Á ökuferðum mínum til og frá Sverdlovsk kynntist ég betur stóru fangabúðunum, sem ég hafði numið staðar til að athuga daginn sem ég kom. Fyrir ofan aðalhlíðið, sem sneri að veginum, var trébrún með nýtísku útskurði. Inn í hana var felld spor-öskjulöguð mynd af Stalín. Oft voru festar á brúnina rauðar ræmur úr fánadúk, sem á voru letruð hin venjulegu kjörorð. Myndin og áletranirnar voru upplýstar að næturlagi með litlum, mislitum rafmagnsperum.

Ókunnur maður, sem sá þetta, þegar hann ók framhjá, hlaut að búast við, að bak við hið skreytta hlið væri eitthvert sérstaklega merkilegt sósíalískt fyrirtæki. Við, sem áttum heima í nágrenninu, vissum, að þessi hræðilegi sexhyrningur lokaði 2.500 manns úti frá veröld lifandi manna. Leitarljósín frá varðturnunum sex léku næturlangt um fangabúðirnar og snerust sjálfkrafa í hring eins og vitaljós. Þessar ljóskeilur, sem þutu yfir næturhimininn, voru fögur sjón — fyrir þá, sem vissu ekki, hvað þær merktu.

Flestir fangarnir, sem unnu í verksmiðjunum, námunum og við byggingarvinnu í nágrenninu, gengu tíu til tólf kílómetra að og frá vinnu sinni á hverjum degi, hvernig sem viðraði. Það fól í sér, að til viðbótar við 10 til 12 klukkustunda vinnu þurftu þeir að eyða þrem klukkustundum í göngur. Aðeins fáir þeirra höfðu stígvél, sem hæfðu jafnerfiðum gönguferðum.

Skammt frá Pervoúralsk er borgin Ryevda, aðsetur annarrar málmvöruverksmiðju. Á leið minni þangað varð ég ætíð að fara framhjá fangabúðum, sem hýstu um það bil 2.000 fanga. Þorri þeirra vann í verksmiðjunni, sem var enn í smíðum. Aðrir unnu aðallega að vegagerð eða voru leigðir til vinnu í koparnámunum í grenndinni.

Aðrar fangabúðir, sem aðeins um það bil 1.000 fangar voru í, stóðu á bökkum Tsjúsovaja, yndislegs, straumharðs fljóts, sem rann gegnum fagurt, hæðótt land, vaxið barrtrjám. Á sumrin fóru verkfræðingarnir og starfsmennirnir oft þangað ásamt skylduliði sínu til að veiða fisk, baða sig eða hvílast. Þeir gættu þess ávallt að vera í hæfilegri fjarlægð frá fangabúðunum til að eyðileggja ekki skemmtunina fyrir sér með óþægilegum áminningum.

Mér hafði verið sagt margt um fegurð fljótsins, og ákvað ég því að lokum að fara og skoða það. Við fórum þrír saman. Allir vorum við flokksmenn og nýkomnir í héraðið, og vissi því enginn okkar um þessar fangabúðir. Við ókum í Ford-bifreið minni og vorum að spjalla um málefni verksmiðjanna, er við komum allt í einu upp á hæð og sáum yfir gaddavírgirðingu í skógarljóðri skammt frá fljótsbakkanum. Eins og venjulega voru turnar í hornunum, og verðir gengu um með byssur og byssustingi. Við þann enda girðingarinnar, sem var fjær okkur, voru nokkur hundruð karla og kvenna að vinna að því að reisa nýja röð af bröggum.

Við héldum ekki lengra áfram ferð okkar. Við misstum alla löngun til að sjá meira af fljótinu og ókum þöglir heim. Sannleikurinn er sá, að jafnvel hinir tryggustu og hugsanasnauðustu kommúnistar blygðast sín með sjálfum sér fyrir þrælavinnuna. Í ákafa sumra ofstækisfyllstu kommúnístananna við að verja skipulagið tók ég oft eftir dálitlu hiki. Með því að nefna fórnardýrin illum nöfnum: kúlakka,

skemmdarverkamenn, ... úrþvætti, ... óþverra, ... virtust þeir vilja bæla niður ógeð sjálfra sín. Allir vissu þeir vel, að ekki þurfti nema einn snúning stjórnmálahjólsins, nýja hreinsun eða kreppu, til að setja þá á bekk með hinum útskúfuðu, sem með þrældómi sínum og striti festu okkar einkennilegu tegund af sósíalisma í sessi.

19. kafli: Meðan sagan er skráð

ÞEGAR ÉG HUGSA TIL DVALAR minnar í Úral, sem er full af viðbjóðslegum minningum, er það einkanlega endurminningin um einn óhugnanlegan atburð, sem krefst útrásar.

Allt var það einn lygavefur, til þess gerður að þyrla ryki upp í augu almennings, fjarstæðustu svik, sem háir og lágir embættismenn í Moskvu og Pervouralsk tóku sameiginlega þátt í í því skyni að blekkja almenning. Þeir framkvæmdu þetta svo kænlega og ófu lygarnar svo lævislega saman, að enn er talað um hinn „mikla sigur í Novo-Trúbni verksmiðjunum“ sem dæmi um þau furðuverk, sem hin „sósíalíska hrifning“ hefur áorkað.

Það var upphaf þessa máls, að flokkur áróðursmanna frá Moskvu kom með hávaða miklum og gauragangi til hinnar afskekktu stöðvar okkar í Úral með fyrirskipanir um að boða stakhanovisma í pípuverksmiðjunni okkar. Þegar við vorum nú komnir upp í að framleiða 85% af því, sem til var ætlast, ætluðu ráðamennirnir í Moskvu að „ýta“ okkur yfir síðustu torfærurnar að 100% framleiðslu eða meira. „Þar sem vilji er, þar eru einnig ráð.“ „Ekkert virki er svo öflugt, að við bolsévíkar getum ekki unnið það.“ „Þegar við vinnum saman, tekst það.“ „Samtaka, félagar, fyrir leiðtoga okkar og læriföður.“

Áður en þessi áróðursdeild fór af stað frá Moskvu, hafði hún verið í áheyrn hjá Kaganovítsj þjóðfulltrúa að viðstöddum fulltrúum blaðanna. Hún kom til Pervouralsk brynjuð sérstöku valdi og var enn mikillátari vegna algjör þekkingarleysis á málum okkar. Hin jöfnu afköst, sem ég hafði lagt svo hart að mér við að ná, fóru skyndilega út í veður og vind. Áróðursdeildin boðaði til fjöldafunda og tæknilegra viðræðufunda og hélt langar áróðursræður yfir okkur öllum. Veggirnir í verkstæðunum, skrifstofunum og borðsölunum voru þaktir spjöldum með árituðum kjörorðum. Allt í einu gerðist það, að enginn lét sér lengur nægja að tala, allir hrópuðu.

Verkamennirnir ypptu öxlum og lokuðu hlustunum fyrir gauraganginum. En verkfræðingarnir og framkvæmdastjórarnir urðu næstum því viti sínu fjær af taugaæsingu. Það var ekki lengra síðan en í gær, að okkur var hrósað fyrir að hafa náð 85% afköstum, nú var þjarmað að okkur að utan til þess að ýta okkur upp í 100%. Okkur sveið sú smán, sem okkur var sýnd með þessu. Osadtsjí aðalframkvæmdastjóri gekk um fúll á svip.

„Við verðum að gera eitthvað stórkostlegt, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann og

andvarpaði. „Blöðin í Moskvu gera sér mikinn mat úr þessari sýningu stakhanovisma, og við megum ekki bregðast þeim. Höfuð mitt — og yðar líka — er í hættu.“

Osadtsjói var verksmiðjustjóri þeirrar tegundar, sem var allt of algeng í landi okkar. Stjórnmalamaðurinn í honum hafði alltaf yfirhöndina yfir verkfræðingnum. Hann hafði meiri áhuga á opinberri aðdáun en raunverulegri framleiðslu, meiri áhuga á afköstum en vörugæðum. Það, sem hann skorti í tæknilegri þekkingu, var meira en bætt upp með „góðum samböndum á réttum stöðum“. Hann var ekki laus við að vera munadarseggur og hafði glöggst auga fyrir töfrum ungu stúlkanna í Sverdlovsk.

„En hvað getum við gert?“ svaraði ég. „Þér vitið það jafnvel og ég, að það er ómögulegt að pína meira út úr verksmiðjunni en við gerum nú. Stóryrði geta ekki komið í stað málma og verkfæra.“

En Osadtsjói hafði þegar dottið snjallræði í hug. Hann bað mig um að gefa sér sundurliðaða skrá um þær pípur, sem við áttum tilbúna í birgðaskemmunum. Það kom í ljós, að þar voru talsverðar birgðir. Það voru pípur, sem framleiddar höfðu verið án sérstakra pantana undanfarin ár. Ég lét hann fá tölurnar.

Ég skildi það ekki fyrr en seinna, til hvers átti að nota þessar upplýsingar, og varð þá skelfingu lostinn. Osadtsjói sendi með þöglu samþykki áróðursdeildarinnar sérstakan erindreka til Moskvu og gerði þar leynisamning við Kozhevnikov, sem nú var orðinn yfirmaður Glavtrúbostals. Kozhevnikov gerði aftur samning við skrifstofu miðstjórnar þeirrar, er sá um, að iðnaðurinn ætti jafnan birgðir af málmvöru. Erindreki okkar kom aftur til Pervouralsk með fjölda pantana af ýmsum pípu-tegundum, sem átti að framleiða til að koma upp birgðum víðs vegar um landið.

Svo undursamlega vildi til, að pantanirnar tóku einmitt til þeirra píputegunda, sem við áttum birgðir af, og námu nákvæmlega jafnmiklu og birgðir okkar. Við þurftum því ekki að gera annað en að hreinsa pípurarnar, smyrja þær og pakka þeim inn og færa þær síðan á framleiðsluskrá okkar! Með haganlegu bókhaldi var síðan hægt að „lagfæra“ dagsetningar og mánuði.

Þetta voru augljós svik. En Osadtsjói, borgarnefndin, umdæmisnefndin og áróðursdeildin, allir voru himinlifandi. Allir létu sem þeir vissu ekkert um svikin. En lögreglumennirnir neru saman höndunum af ánægju, þegar þeim varð ljóst, að þessi svik tefldu enn fleiri af hinum útvöldu iðnvæðinguna á vald þeirra.

Júnímánuður, hinn mikli mánuður, hóf göngu sína. Frá byrjun voru dagleg afköst á háu „stigi stakhanovismans“. Frá Moskvu komu skilaboð, sem hvöttu mig ákaft til þess „að sýna áfram hinn góða árangur“. Og það gerðum við linnulaust. En ekki var minnst einu orði á það, að suma dagana voru meira en 25% af framleiðslu þeirri, sem talin var fram, svik, því að það voru pípur úr birgðaskemmunum. Auðvitað létu verkstjórnir og verkamennirnir ekki blekkja sig. Þeir lásu tölurnar, sem skýrt var frá daglega og vikulega, en þeir vissu, hvað satt var.

Eftir því sem leið á mánuðinn varð hrifning samsærismannanna ekki laus við ugg. Þeir urðu dálítið óttaslegnir yfir verkum sínum, sérstaklega yfir þeirri eftirtekt,

sem árangur þeirra vakti í blöðunum og útvarpinu. Þeim var öllum ljóst, að sá dagur gæti runnið upp, er hægt yrði að nota þessar brellur þeirra sem ákæru á hendur þeim fyrir „svik við stjórnina og flokkinn“. Áróðursdeildin frá Moskvu og starfsmennirnir á staðnum gerðu bandalag sín á milli vegna sameiginlegrar sektar og sameiginlegrar hættu.

Ég neitaði harðlega að láta draga mig inn í þetta samsæri. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að ég væri öruggari, þegar á allt væri litið, ef ég tæki ekki þátt í þessum sjónhverfingaleik með tölur. Einkum varð mér það ljóst, að hinar háu tölur í júnímánuði myndu verða notaðar sem mælikvarði, sem ómögulegt yrði að ná framvegis. Þegar leið að lokum hins mikla mánaðar stakhanovismans, safnaði ég því saman mikilvægustu skjölunum og skrifaði með reikningsskilunum nákvæma skýrslu, sem kom upp um svikin. Ég sendi hana Kaganóvtj þjóðfulltrúa, Kozhevnikov í Glavtrúbostal, Osadtsjí og félaga Dovbenko, ritara borgarnefndarinnar í Pervóúralsk. Ég tók eftirrit af skýrslunni handa sjálfum mér til tryggingar í framtíðinni.

Osadtsjí og Dovbenko urðu skelfingu lostnir. Þeir símuðu þegar í stað til samsærisfélaga sinna í Moskvu og Glavtrúbostal, eftir því sem mér var sagt. Þegar þeir höfðu tryggt sér stuðning á hinum æðstu stöðum, kölluðu þeir mig fyrir borgarnefndina.

„Erud þér genginn af vitinu, Kravtsjenko?“ öskraði Dovbenko. „Allt gengur ágætlega, Kaganóvtj er frá sér numinn af ánægju yfir framförum okkar, og síðan ætlið þér að bregða fæti fyrir þetta allt í miðjum klíðum. Hvaða máli skiptir það, þó að við notum lítils háttar klækjabrögð, þegar takmarkið er að auka siðferðisþrek verkalýðsins? Hafið þér enga ábyrgðartilfinningu?“

Hann þrammaði reiður fram og aftur um skrifstofuna. Osadtsjí beit á vörina til þess að halda í skefjum réttmætri reiði sinni.

„Mér þykir leitt, að ég er ekki sömu skoðunar,“ svaraði ég. „Ég átti engan þátt í þessu ráðabruggi, og ég vil ekki taka á mig neina ábyrgð á því. Ég vara yður við því, þegar hávaðann lægir, að þá munum við aftur komast niður í gömlu hundrads-töluna og okkur verða álasað fyrir að geta ekki haldið áfram sömu framleiðslu og í júnímánuði.“

„Fjandinn eigi það! Við munum einhvern veginn komast fram úr því, þegar að því kemur!“ svaraði Dovbenko. „Það er hættuleg braut, sem þér hafið gengið inn á, Kravtsjenko, með því að vera á annarri skoðun en allir aðrir. Þér komið óorði á áróðursdeildina, sem þjóðfulltrúinn í stjórnmalanefndinni hefur sjálfur sent. Þér eruð að leika yður að eldinum.“

„Stundum er það að vera of ærlegur sama og að vera heimskur,“ bætti Osadtsjí við. „Yður skortir dálitla veraldarvisku.“

Ég neitaði að taka aftur skýrslu mína.

Hinum mikla mánuði lauk brátt með hinni sérstaklega glæsilegu framleiðslutölu 114%! Í Moskvu, Sverdlovsk og Pervóúralsk glumdu við sigurópin. Blöðin fluttu

langar greinar um hinn glæsilega sigur í Novo-Trúbní verksmiðjunni. Að morgni hins 1. júlí fékk ég símskeyti frá ráðamönnum í Moskvu.

„Óskum til hamingju með hinn glæsilega sigur. Við samgledjumst og heimilum yður að greiða verkamönnunum verðlaun. Við treystum því, að áframhald verði á því, að farið verði fram úr áætlunum.“

Blaðamenn komu í flugvél frá Moskvu og í bifreið frá Sverdlovsk til að skrifalýsingar á þessu kraftaverki stakhanovismans í framkvæmd. Novo-Trúbní verksmiðjan, sem haldið hafði verið niðri í 35–40% framleiðslu undir stjórn skemmdarverkamanna fyrir aðeins fáum mánuðum, gat nú miklast af því að framleiða 114% af áætlaðri framleiðslu undir stjórn hins dygga kommúnistaleiðtoga, félaga Kravtsjenkos! Einnig komu sendinefndir frá öðrum verksmiðjum í Pervouralsk til að óska hinum sigursælu félögum sínum til hamingju.

Gleði ríkti alls staðar. En í huga mér bjó örvænting. Ég var gerður að þátttakanda í svikum gegn vilja mínum og neyddist til að taka við þökkum og verðlaunum fyrir hlutdeild mína í að hrinda þeim í framkvæmd. Bak við luktar dyr reiknaði ég út með hjálp þriggja aðstoðarmanna minna og aðalbókarans hina raunverulegu mánaðarframleiðslu. Að frádreginni hinni fölsuðu framleiðslu úr birgðaskemmunum var hún 87%, rétt rúmlega það, sem venjulega var framleitt. Hvað eftir annað tæðist ég í þessu sorglega starfi við símakvaðningar frá fjarlægum stöðum til að óska mér til hamingju. Heillaóskasímskeytin hrúguðust upp. Eitt þeirra var frá sjálfum Kaganóvitsj.

Þetta kvöld byrjaði ég á að semja rækilega og mjög sundurliðaða greinargerð handa Kaganóvitsj.

Meðan á því stóð, var boðuð samkoma allra starfsmanna verksmiðjunnar til að halda afrekið hátíðlegt. Ræðupallur var reistur á lóð verksmiðjunnar, sveipaður rauðum dúk og skreyttur risastórum myndum af foringjunum í Kreml. Lúðrasveit lék hvert lagið af öðru. Þúsundir verkamanna og annarra starfsmanna — og mörgum þeirra voru svikin fullkomlega ljós — söfnuðust saman fyrir framan ræðupallinn. Ég held, að það hafi verið vísitandi háð í hinum óvenjulega áberandi fagnaðarlátum og húrrahrópum, þegar Osadtsj, Dovbenko, fulltrúar umdæmisnefndarinnar og að lokum foringi áróðursdeildarinnar héldu ræður sínar.

Osadtsj las upp nokkur af heillaóskaskeytunum. Hann kvað verkamennina hafa stungið upp í alla efasemdamenn og gagnrýnendur með hinu dásamlega afreki sínu í júnímánuði. Þeir hefðu gefið hinum svívirðilegu skemmdarverkamönnum og frávillingum svar, sem bergmálaði um allt landið. Því næst hrópaði hann: „Lengi lifi flokkur vor og hinn dýrmæti, elskaði leiðtogi, lærifaðir, faðir og félagi, félagi vor Stalín! Húrra, félagar!“

„Húrra!“ hrópuðu þúsundir radda, og lúðrasveitin lék Alþjóðasöng verkalýðsins, Internationalinn.

Ég sat við ræðupallinn og hrósaði happi að hafa komist hjá þeirri kvöl að halda

ræðu. En Dovbenko var sýnilega ákveðinn í að neyða mig til að taka opinberlega þátt í „sigurhátíðinni“.

„Og nú,“ tilkynnti hann, „talar sá félagi, sem með forystu sinni átti svo mikinn þátt í að ná hinni glæsilegu tölu 114%. Félagi Kravtsjenko tekur til máls!“

Ég stóð upp. Ég minntist ekki á framleiðsluna í júnímánuði, en talaði í stað þess um vandann, sem framundan væri, og nauðsynina á samfelldri, skipulagðri áreynslu. Ég þakkaði verkamönnum fyrir það, sem þeir höfðu gert, og lagði áherslu á, að það væri ekki nóg að sýna mikil átök við einstök tækifæri, framleiðslan yrði að vera jöfn. Mér var tekið með miklum fagnaðarlátum, þegar ég steig niður af ræðupallinum, og ég hafði hugboð um, að sumir að minnsta kosti af áheyrendunum hefðu skilið mig rétt.

Fundinum lauk með því, að verksmiðju minni var afhentur rauður fáni í heiðursskyni. Ég tók við honum af fulltrúa umdæmisnefndarinnar, án þess að mér stykki bros af vörum.

Þegar áróðursdeildin kom aftur til Moskvu, veitti þjóðfulltrúinn henni áheyrn í viðurvist blaðamanna. Félagar hennar voru sæmdir heiðursmerkjum og þeim greidd rífleg peningapóknun. *Tímarit um iðnaðarmál* eyddi heilli blaðsíðu til að lýsa kraftaverkinu í Novo-Trúbni, og önnur blöð bergmáluðu blessunarorðin í ritstjórnargreinum sínum. Mér voru enn að berast heillaóskaskeyti, þegar ég lauk við greinargerð mína handa Kaganóvitsj.

Nokkrum vikum seinna fann ég upp tyllíastæðu til að ferðast til Moskvu í þeirri von að telja yfirmenn Glavtrúbostals á mál mitt í þessu efni, sem ég óttaðist að gæti breyst í þjóðarhneyksli. Kozhevnikov dró ekki dul á óánægju sína með mig. Hann var einn af upphafsmönnum svikanna og var því sjálfur í hættu.

„Reynið að skilja mig,“ bað ég hann. „Hvernig get ég staðið augliti til auglitis við verkamennina og iðnfræðingana, þegar allir vita eða hafa grun um, að hinn mikli sigur hafi aðeins verið stórsvik? Þér vitið mætavel, að við getum ekki náð þessu tilbúna afkastahámarki næstu mánuði. Verkamennirnir munu ekki fá nein verðlaun. Hver er tilgangurinn með þessu öllu?“

„Verið þér rólegur, Víktor Andrejevítsj,“ svaraði hann fylulega. „Framkoma yðar er, ef ég má orða það svo, mjög barnaleg. Þér ættuð að líta með víðsýni á þess háttar hluti. Ef flokkurinn álítur það nauðsynlegt að gera einhverja starfsaðferð — í þetta skipti stakhanovismann — vinsæla, þá verður það stjórnmalánaudsyn, og helgar þá tilgangurinn meðalið. Ugður yðar er ástæðulaus.“

„Þetta er ekki rétt hjá yður,“ svaraði ég. „Við getum ekki haft lygar að undirstöðu, það hefnir sín.“

Kozhevnikov var að missa þolinmæðina.

„Ég ætla að gefa yður heilræði, félagi Kravtsjenko. Hættið að malda í móinn í þessu máli, annars mun vissulega fara illa fyrir yður.“

Ég fór því næst á fund ritstjóra *Tímarits um iðnaðarmál*. Hann lét sem hann væri skelfingu lostinn, þegar ég lagði fyrir hann staðreyndirnar um svikin, og hvatti

mig til að skrifa blaðagrein um þetta, áður en ég færi frá Moskvu. Ég gerði það og sendi eftirrit af henni til *Pravda*. Greinin var ekki birt, og ég heyrði aldrei neitt frá blöðum þessum og ekki heldur frá Kaganovítsj.

Þegar ég kom aftur til verksmiðjunnar, voru verkamennirnir, verkstjórnarnir og lægra settir verkfræðingar úrillir og móðgaðir. Mikið hafði verið rætt um uppþætur. En þessir menn fengu greidd laun samkvæmt ströngum ákvæðisvinnutaxta. Þar eð þeir höfðu í raun og veru ekki framleitt meira en undanfarið, var eina umbun þeirra hlutdeildin í gauraganginum og rauða fánanum. En verksmiðjustjórnin, þar með taldir Osadtsjí og ég sjálfur, fékk ríflegar uppþætur: 150% af grunnlaununum. Tekjur mínar í júnímánuði komust yfir 4.000 rúblur — snotur greiðsla fyrir svik, sem ég hafði árangurslaust reynt að ljóstra upp um.

Orðrómurinn um tilraunir mínar í Moskvu hafði borist til Pervóúralsk, og embættismennirnir voru mér svo reiðir, að þeir vildu mig áreiðanlega feigan. Í borgarnefndinni var ég — í viðurvist Parshíns frá NKVD — sakaður um að „grafa undan áliti þeirra“. Hvers vegna var ég að reyna að koma þeim öllum í klípu? Hvers vegna „blés ég að eldi, sem þegar var brunninn til ösku“?

Það liðu mánuðir áður en embættismennirnir og samstarfsmenn mínir í verksmiðjunni gleymdu „svikum“ mínum og brostu til mín á ný, en ég sá ekki eftir framkomu minni. Hvað sem fyrir kynni að koma, var einkunnabók mín hrein. En það kom ekkert fyrir. Það stóðu allt of margir áhrifaríkir embættismenn að svikunum. Hinn „stórkostlegi sigur“ varð að hátíðlegri, sögulegri staðreynd.

Útgáfa nýrrar opinberrar *Sögu kommúnistaflokksins* árið 1938 benti til þess, að hin mikla hreinsun væri smátt og smátt að fjara út.

Ég á ekki við, að hryðjuverkin hafi verið stöðvuð, að „svörtu hrafnarnir“ hafi orðið aðgerðalausir. „Venjulegar“ handtökur svo að þúsundum skipti og aftökur án dóms og laga héldu áfram, og sama er að segja um útleð „óheppilegra einstaklinga“, sem æskilegt var að þræluðu á afskekktum stöðum, pyndingar og yfirheyrslur. Íbúatala fangabúðanna og þrælkunarnýlendnanna margfaldaðist. Kommúnistar, sem stóðu nærri hásætinu í Kreml, voru þegar farnir að hvíslast á um, að tala nauðungarverkamanna væri komin yfir 15 milljónir. Eftir eitt eða tvö ár áætluðu þeir tölu þeirra um 20 milljónir.

Ég á aðeins við, að hinni sérstöku baráttu til þess að hreinsa flokkinn og embættismannastéttina, sem stofnað var til eftir morð Kírovs, var nú næstum því að verða lokið. Það var ekki til ein skrifstofa, iðnaðarfyrirtæki, fjárhagsleg eða menningarleg stofnun, stjórnarskrifstofa, flokksskrifstofa eða herskrifstofa, sem var ekki að mestu leyti skipuð nýjum mönnum. Þó að erlent herveldi hefði tekið við ríkisbákni Ráðstjórnarríkjanna og sett nýja menn til að stjórna því, myndi breytingin varla hafa getað orðið gagngerðan eða framkvæmd af meiri grímm.

Utan Rússlands hafa menn aldrei getað skilið, hve skelfingarnar voru víðtækar. Ef til vill eru þær skilningi manna ofvaxnar. Rússland var vígvöllur, alþakinn lík-

um, blettaður af stórkostlegum stíum, þar sem milljónir vesalla „stríðsfanga“ þræluðu, þjáðust og dóu. Hvernig ættu menn að geta gert sér grein fyrir öðrum eins ósköpum? Það er aðeins hægt að líta inn í eitthvert hornið og dæma heildina eftir einstökum hlutum. Mér tókst að afla mér nokkurra opinberra talna frá Kreml. Þær ná ekki yfir allan raunveruleikann, þær gefa aðeins bendingu um stærð hans og illkynjað eðli.

Í þjóðfulltrúaráðinu var Molotov einn eftir. Hinir voru allir drepnir, fangelsaðir eða reknir úr embættum. Í miðstjórninni, sem samkvæmt bókstafnum er hjarta og sál hins ríkjandi ráðamannahóps, eru 138 aðalmenn og varamenn. Aðeins um það bil tuttugu þeirra voru eftir, þegar hreinsuninni miklu lauk. Af 757 mönnum Æðsta ráðsins, sem erlendis er stundum nefnt „þing“ Rússlands, lifðu aðeins nokkrir tugir af óveðrið.

Eyðingin var enn blóðugri í hinum svokölluðu sjálfstæðu „lýðveldum“ og löndum. Hinum ráðandi mönnum í stjórnun þeirra og flokkssamtökum var undantekningarlaust sópað burt eftir fyrirskipunum frá Moskvu — og er það nægilega skýr lýsing á „sjálfstæði“ þeirra. Í iðnaði, listiðnaði, hinum ýmsu listgreinum, fræðslustarfsemi, blaðaútgáfu og hernum — alls staðar var framkvæmd gjörbylting. Forystumennirnir voru skotnir, settir í fangelsi, reknir í útleð eða þegar best lét reknir úr embættum og gerðir áhrifalausir.

Þegar litið er á allar þessar skelfingar, er freistandi að einbeita huganum að frægum og mikilvægum fórnardýrum, en fjöldamorðin náðu til allra stétta þjóðfélagsins. Í kommúnistaflokknum voru yfir 1.800.000 flokksmenn og menn, sem sótt höfðu um upptöku í flokkinn, gerðir flokksrækir eða synjað um upptöku, en það var meira en helmingur af hvorum hóp um sig. Og oftast nær var brottrekstur eða synjun um upptöku sama og að vera settur í fangabúðir eða hljóta enn verra hlutskipti. Að minnsta kosti átta milljónum manna í viðbót, mönnum úr æskulýðsfylkinguna og mönnum utan flokksins, var „rutt úr vegi“ eða þeir „þurrkaðir út“ — en það getur merkt allt frá því að vera teknir af lífi, reknir í útleð niður í það að vera sviptir stöðum sínum. En jafnvel þessar stórkostlegu tölur lýsa ekki öllum harmleiknum. Þær eru stórar, en þær eru kaldar. Sjálf feiknastærðin gerir þær óraunhæfar.

Það verður að hugsa um fórnardýrin sem einstaklinga. Það verður að hafa í huga, að hver einstakur af þessum fjölda átti ættingja og vini, sem áttu allt sitt undir honum og þjáðust vegna þjáninga hans, að hver einstakur þeirra átti vonir, fyrirætlanir og lífsstarf, sem varð að engu. Í augum sagnaritara framtíðarinnar og félagsfræðinga nútímans eru tölurnar hagfræði. En í mínum augum, sem lifði þetta, hafa tölurnar líkama, gædda sál og skynsemi, sem urðu fyrir sárnum, móðgunum og auðmýkingum.

Mér er kunnugt um, að milljónir manna, sem komust klakklaust gegnum hreinsunina, biðu tjón á tilfinningalífi sínu og skynsemi vegna óttans og grimmdarinnar, sem þeir lifðu við. Að víðfedmi þekki ég ekkert í veraldarsögunni, sem er hægt að bera saman við þær stefnuföstu og miskunnarlausu ofsóknir, sem tugir milljóna

Rússa urðu fyrir, beint og óbeint. Djengis-Khan verður að lítilfjörlegum kákara, þegar hann er borinn saman við Stalín. Klíkan í Kreml hafði farið með miskunnarlausum ófriði á hendur þjóð sinni og fósturjörð.

Það voru endalok þessa langa ófriðar, sem mörkuð voru með útgáfu hinnar nýju flokkssögu. Hún reyndist vera ritsmíð, sem sennilega á sér enga hliðstæðu nokkurs staðar í veröldinni. Blygðunarlaust og án þess að gefa nokkra skýringu breytti hún hálfra aldar sögu Rússlands. Ég á ekki aðeins við, að hún hafi falsað nokkrar staðreyndir eða komið fram með nýjar skýringar á sumum atburðum. Ég á við, að í henni sé sögu landsins af ásetningi umhverft með því að sleppa að minnast á atburði og með hreinum tilbúningi staðreynda. Hún afbakaði nýliðinn tíma — tíma, sem enn var í fersku minni milljóna manna — á þann hátt, að samræmst gæti skýringunum á ástandinu, sem gefnar voru við hin blóðugu málaferli í Moskvu, og áróðrinum í sambandi við þau.

Þessi nýja saga var ísmeygilegur og samviskulaus uppspuni. Kaldrifuð ögrun hennar við heilbrigða skynsemi hinnar rússnesku þjóðar var ekki laus við að vera stórfengleg. Helstu söguhetjurnar voru látnar skipta um hlutverk eða strikaðar út með öllu. Ný hlutverk voru samin handa öðrum. Lev Trotskíj, einum af sköpurum Rauða hersins, var lýst sem fjandsamlegum erindreka erlendra auðvaldssinna, sem hefði ætlað að selja þeim ættjörð sína með leynilegu samþykki Rykovs, Búkharíns, Zínovjevs, Kamenevs, Búbnovs, Krestínskíjs, Þjatakovs og í raun og veru allra annarra feðra bolsévíkabyltingarinnar. Auðvitað var Josíf Stalín lýst sem eina leiðtoganum í Rússlandi fyrir byltinguna og eina tryggðarvini og trúnaðarmanni Leníns eftir byltinguna. Allar bækur, blaðagreinar, skjöl og safnrit, sem brutu í bága við þennan einkennilega uppspuna, sem gefinn var út sem sagnfræði — næstum því öll söguleg eða stjórnmálaleg rit og skjöl — hurfu úr opinberum skrifstofum og söfnum í landinu. Auk þess voru hin lifandi vitni látn hverfa, eftir því sem unnt var.

Stjórnendur og æðstu starfsmenn Marx-Engels-Leníns menntastofnunarinnar í Moskvu, geymslustaðar hins hugtaksfræðilega sannleika, voru fjarlægðir þaðan og hinir merkustu þeirra skotnir eða settir í fangelsi. Hið sama var gert í útibúum stofnunarinnar víðs vegar um landið. Ég veit af hendingu nákvæmlega, hvernig fór um einn af hinum fremstu mönnum við stofnunina, Sorín prófessor, og ég álfít, að saga hans sé gott dæmi um allt þetta hraklega og sorglega tímabil, þegar sögu-fölsunin var knúin fram.

Stalín hafði einu sinni opinberlega áfellt Sorín fyrir, að hann hafði dirfst að skrifa, að „alræði öreiganna“ í Rússlandi væri sama og „alræði flokksins“. Síðan viðurkenndi syndarinn „villu sína“ eins og skyldan býður og honum skaut upp aftur sem einum af ráðgjöfum Stalíns í marxískum fræðum. Í þessari nýju stöðu sinni samdi hann ræður og blaðagreinar, sem Stalín skrifaði nafn sitt undir. Hann var gerður að aðstoðarforstjóra Marx-Engels-Leníns menntastofnunarinnar, gróf af kostgæfni upp skjöl og tilvitnanir, sem stutt gátu hverja þá stjórnmálastefnu, sem Stalín óskaði að koma á í landinu, og virtist því hafa lagað sig vel eftir aðstæðunum.

En það hlýtur að hafa verið komið að því marki, að hinn þægi Sorín sagði: Hingað og ekki lengra. Hann var fús á að leita að þeim textum, sem krafist var, og vitna í þá. En hann færðist undan að semja beinlínis texta og falsa tilvitnanir, og síðan kom bifreið NKVD eina vetrarnótt að hinni viðhafnarmiklu íbúð Soríns prófessors og ók burt með hann. Hann hvarf án þess að skilja eftir sig nokkur verksummerki. Kona hans og barn voru borin út úr íbúðinni og látin sjá um sig sjálf. Allar bækur prófessorsins, skjöl og minnisgreinar voru fluttar til aðalstöðva NKVD.

Á svipaðan hátt var þaggað niður í öðrum starfsmönnum stofnunarinnar, sem þekktu of vel sögu og kenningar kommúnismans til þess að taka undir hinar nýju skýringar. Meðal þeirra var Adoratskíj, aðalforstjóri stofnunarinnar. Yfirmaður áróðursdeildar flokksins, Stetskíj, var tekinn höndum. Þúsundir annarra sagnfræðinga, stjórnálamanna og rithöfunda voru sendar burt eftir þeirri ein stefnuakstursbraut, sem liggur til gleyskunnar. Á þennan hátt var rudd bein braut fyrir takmarkalaugar sögufalsanir. Útgáfa hinnar nýju „sögu“ varð framkvæmanleg.

Til þess að auka á blygðun okkar var öllum ábyrgum flokksmönnum gert að skyldu að nema þessa nýju sögu. Nálega á hverju kvöldi á þessu tímabili var mönnum safnað saman í námsflokka, og kennarar komu til verksmiðjubæjarins frá Sverdlóvsk til að hjálpa til að hamra þessa lygi inn í okkur. En reiðin sauð niðri í flestum okkar. Hver glæta af mannlegum virðuleika, sem enn leyndist í skapgerð okkar, var svívirt. En jafnvel hin stórkostlegasta lygi festir rætur, ef hún er sífellt endurtekin. Þetta vissi Stalín áður en Hitler uppgötvaði það. Á meðan ég sá til, varð ég var við, að stórkostlegar falsanir, sem í fyrstu voru samþykktar af nauðung, urðu síðar að „staðreyndum“, sem enginn vafi gat leikið á um, einkanlega meðal ungra manna, sem höfðu ekki neina eigin kynningu af hinu gagnstæða.

Það, sem skiptir umheiminn sérstaklega máli í þessari fölsuðu sagnfræði, eru leiðbeiningar þær, sem standa í formála þessarar handbókar. „Lestur sögu kommúnistaflokksins“, stendur þar, „styrkir vissuna um endanlegan sigur hins mikla ætlunarverks flokks Leníns og Stalíns, sigur kommúnismans um heim allan“. Þrátt fyrir hina nýju áherslu á rússneska þjóðernisstefnu standa þessar leiðbeiningar óbreyttar. Jafnvel þegar Alþjóðasamband kommúnista var „lagt niður“ til þess að sýnast, var vissan um stalínska heimsbyltingu hvorki endurskoðuð né felld niður. Þessi bók er enn hið opinbera sagnfræðirit, ekki aðeins fyrir kommúnista í Rússlandi, heldur líka fyrir kommúnista í Ameríku, Englandi, Kína og annars staðar.

Það varð hlutskipti mitt að halda „fyrirlestur“ um kafla úr þessari flokks sögu fyrir ábyrgum flokksmönnum í Pervouralsk-héraði. Auðvitað lék ég þennan sársaukafulla skrípaleik aðeins vegna þess, að mér var skipað það af borgarnefndinni, sem ég varð að hlýða. Efni það, sem ég tók til meðferðar, var „Barátta kommúnistaflokksins fyrir að koma á samyrkjubúskap í landbúnaðinum!“ Ég lagði á minnið viðeigandi setningar úr hinni opinberu sögu, las upp ræður Stalíns um málið og stóð síðan í fullum sal áheyrenda og laug, eins og ég var neyddur til, í meira en klukkustund.

Sérhver fölsun reif upp hálfgróin sár frá hinni hræðilegu reynslu minni í baráttunni um samyrkjubúskapinn og eftirhreytum hennar: hungursneyðinni. Mér fannst sem ég væri að hæða börnin með uppblásnu kviðina, sem ég starfaði á meðal, og niðast á líkunum, sem ég hafði séð hrúgað upp í sveitaþorpunum. Og allan tímann, á meðan ég var að tala, var ég viss um, að áheyrendur mínir voru líka sannfærðir um, að ég var að ljúga. Orð mín og hinn góði rómur, sem gerður var að þeim, var hvort tveggja jafnfalskt. Við vorum leikendur og lékum tilskilin hlutverk í sorglegum stjórnmálaskopleik.

Hvers vegna sættum ég og áheyrendur mínir okkur við þessa smán? Af sömu ástæðu og maður fær ræningja, sem miðar skammbyssu á hann, skjalatösku sína. Enginn utan Rússlands, sem lifir í öruggri vissu um, að mannréttindi hans verða ekki fyrir borð borin, hefur leyfi til þess að líta niður á þá Rússa, sem neyddir eru til að halda fyrirlestra, eins og ég gerði, eða til að klappa fyrirlesaranum lof í lófa, eins og áheyrendur mínir gerðu.

Auk hinnar nýfáguðu sagnfræði treystu áróðursmennirnir á tvö áhrifarík hjálpartæki frá útlöndum til þess að „ala“ flokksmennina og þá, sem voru utan flokksins, „upp“ í rétttrúnaði. Annað var einhliða og umhverfð mynd af lífinu í auðvaldsríkjunum, einkum Bandaríkjunum og Englandi. Fyrirlesarinn var vanur að sýna myndir, sem klipptar höfðu verið úr erlendum blöðum, þar sem lögregla sást vera að berja verkfallsmenn, dæla vatni á þá, sem gerðu uppþot, og varpa táragassprengjum að öreigalýðnum. Þar eð engar aðrar myndir voru sýndar frá auðvaldsríkjunum og þessar taldar sýna eðlilegt ástand þar, höfðu þær mikil áhrif. Þetta virtist vera ófalsað, raunverulegt og óafsannanlegt.

Hitt hjálpartækið var að vitna í blaðáárásir óvinveittra útlendinga á Ráðstjórnarríkin, þar sem skrifað var af lítilsvirðingu um rússnesku þjóðina. Í þessum skrifum var enginn skarpur greinarmunur gerður á rússnesku þjóðinni og ráðstjórninni. Þetta særði sjálfsvirðingu áheyrendanna og þjóðernistilfinningu þeirra.

Önnur afleiðing hreinsunarinnar miklu er þess virði, að minnst sé á hana. Sérhver kommúnisti hefur félagsskírteini. Það er vegabréf hans og stjórnmálalegt tryggingarskírteini. Þessi litla bók geymir æviatriði hans og er undirrituð af flokksforingjunum í heimilissveit hans. Þar eð flestir af áhrifamönnum flokksins voru hreinsaðir burt, fór það að kvisast, að félagsskírteini flestra kommúnista væru undirrituð af þjóðníðingum. Kremlbúar gátu auðvitað ekki sætt sig við þessa kaldhæðni örlaganna. Í því skyni að þurrka út endurminningarnar um hina dauðu og handteknu var því í árslok 1938 gefin út fyrirskipun um, að allir kommúnistar skyldu skrásettir að nýju. Ef félagsskírteini þeirra höfðu verið undirrituð af „þjóðníðingum“, þá voru ný félagsskírteini gefin út.

Þetta fyrirkomulag gaf tilefni til nýrrar minni háttar hreinsunar. Sérhver kommúnisti varð að mæta aftur fyrir nefnd þriggja manna og sæta nýrri nákvæmri yfirheyrslu. Nýju félagsskírteinin voru auk þess ekki eins einföld og þau gömlu.

Ljósmyndir voru límdar á þau. Auk þess var nú útbúin sérstök bók í tveim eintökum um hvern einasta kommúnista, og var í henni nákvæm æviferilsskýrsla hans, skrá um þau störf, sem hann hafði innt af hendi, og um þær refsingar eða verðlaun, sem hann hafði hlotið. Annað eintak bókarinnar geymdi borgarnefndin, hitt var sent miðstjórninni í Moskvu. Allt þetta líktist meira lögregluskrásetningu en innritun manna í stjórn málaflökk, og var með því fallið frá síðasta yfirvarpi þess, að við værum félagar í frjálsum félagasamtökum.

Til að ekki skyldi verða neinn misskilningur í þessum efnum voru sett ný lög: Ef kommúnisti óskaði framvegis að fara burt úr borg þeirri eða héraði, sem hann átti heima í, og taka sér bólfestu annars staðar — jafnvel þótt flutningurinn væri samkvæmt fyrirskipun frá hærri stöðum — þá varð hann fyrst að biða eftir því, að borgarnefndin samþykkti flutning hans með skriflegri yfirlýsingu. Hinn ráðandi flokkur varð því í raun og veru að nýju fangelsi — að vísu útbúnu með ýmsum þægindum og mörgum einkaréttindum, sem íbúar hins stærra fangelsis, Rússlands, nutu ekki — en þó fangelsi.

Dag nokkurn, þegar við í Úral urðum varir við hinn fyrsta andardrátt komandi vetrar, tilkynnti Dovbenko flokksritari mér, að mér væri sýndur sá sómi að leika mikið hlutverk í sambandi við væntanlegar „kosningar“ til Æðsta ráðsins. Miðstjórn flokksins hafði kjörið féлага Kúzmín frambjóðanda til Æðsta ráðsins í Pervouralsk-„kjördæminu“, og það áttu að vera forréttindi mín að „tilnefna“ hann opinberlega á almennum kjósendafundi.

„En hvers vegna Kúzmín?“ spurði ég. „Hann hefur aldrei átt hér heima, og enginn þekkir hann. Sem aðstoðarþjóðfulltrúi þungaiðnaðarins á hann heima og starfar í Moskvu. Auk þess þekki ég hann varla.“ Athugasemdir mínar voru látnar sem vindur um eyrun þjóta. Þar eð verksmiðja mín hafði vakið geysilega athygli sem sigurvegari, er hafði fengið rauða fánann að verðlaunum, var ég álitinn rétti maðurinn til að kynna Kúzmín fyrir hinum „fullvalda“ kjósendum. Auðvitað átti hann að vera eini frambjóðandinn. Engum kom til bugar, að annar maður gæti verið mótframbjóðandi, svo að flokksmennirnir mættu velja á milli. Slíkt hafði ný kynslóð aldrei heyrt nefnt á nafn.

Ég safnaði saman fjölda upplýsinga um frambjóðanda „minn“ og eyddi mörgum kvöldum í það að semja tilnefningarræðuna. Með þeim hefðbundnu glamuryrðum, sem ráðstjórnin notaði gagnvart þjóðinni, hrósaði ég Kúzmín, „kynbornum syni flokksins og þjóðarinnar“, fyrir byltingarstarfsemi hans og trúnað við foringjann. Dovbenko og samstarfsmenn hans lásu yfir handritið að ræðunni, gerðu nokkrar breytingar á því og lýstu yfir ánægju sinni með ræðuna.

Nokkrum dögum seinna ók fylking af skrautlegum bifreiðum til verksmiðju-hverfisins og nam staðar fyrir framan verksmiðjuna. „Frambjóðandinn minn“, sem ég þar til fyrir rúmri viku hafði rétt aðeins vitað að var til, steig út úr einni bifreiðinni, umkringdur af lögregluverði sínum og flokksfylgdarliði. Kúzmín var þess verður að sjá hann: klunnalegur náungi með tveggja daga skeggbrodda og í óhreini-

um fötum. Ísaumaða rússneska treyjan hans var bætt í hálsmálinu. Hann var með verkamannahúfu og í hermannastígvelum. Í stuttu máli: hann kom þarna fram dulbúinn eins og öreigl!

Ég hafði óbeitt á þessum grímuleik og roðnaði við hugsunina um þátttöku mína í svikunum. Klukkan fjögur hófst framboðsfundurinn á aðalhúsinu í Pervouralsk. Sendinefndir komu frá öllum verksmiðjum í nágrenninu með fána sína og hljómsveitir. Æskulýðsfylkingin kom syngjandi í skruðgöngu inn á torgið. Rauðklæddi ræðupallurinn var skreyttur myndum af Stalín, Molotov, Kalínín, Voroshílov og fleirum. Ég settist hjá ræðupallinum ásamt Dovbenko, Osadtsjí, Kúzmín og öðrum háttsettum embættismönnum, meðan hljómsveitin lék Alþjóðasöng verkalýðsins, Internationalinn, og aðra hátíðarsöngva.

Á tilskildum tíma þuldi ég ræðu mína og hrósaði Kúzmín sem „hinum besta af hinum bestu“. Mannfjöldinn laust upp fagnaðarópum, og hljómsveitirnar tóku undir það til áherslu. Nokkrir aðrir héldu ræður af hinni venjulegu gerð. Að lokum steig Kúzmín sjálfur í stólinn til þess að þakka mannfjöldanum fyrir „traust“ hans á sér og fullvissa menn um, að hann myndi vinna af áhuga að málefnum þeirra, „ef þeir kysu hann“.

Hann lauk ræðu sinni með þessum orðum: „Lengi lifi heili, hjarta og kraftur ráðstjórnarþjóðarinnar og flokksins, okkar heitt elskaði leiðtogi og lærimeistari, félagi Stalín!“ Og hljómsveitirnar tóku aftur undir fagnaðarlætin.

Þegar við gengum aftur niður af pallinum til þess að fara í veislu, sem búin var æðstu embættismönnum, tók Kúzmín fast í hönd mína. „Yður mæltist vel, félagi Kravtsjenko,“ sagði hann. „Ég þakka! Ég þakka! Þegar þér komið næst til Moskvu, skuluð þér líta inn til mín. Mér mun alltaf vera ánægja að því að geta gert yður greiða.“ Þegar hann rétti mér höndina tók ég eftir því, að neglur hans voru mjög vel snyrtar.

Skömmu síðar ferðaðist ég til Moskvu í viðskiptaerindum, sem voru þess eðlis, að Kúzmín hefði getað lagt mér lið, ef hann hefði viljað. Skrifstofur hans voru stórar og búnar glæsilegum húsgögnum. Mér til undrunar varð ég að bíða lengi eftir viðtali við hann. Þegar mér var loksins vísað inn í einkaskrifstofu hans, sá ég þar mann, sem bar mjög lítinn svip af öreigafyrirbrigði því, sem við sáum á ræðupallinum í Pervouralsk. Kúzmín var nú klæddur í vesturlandaföt með áberandi hálsbindi. Það var enginn vottur af hinu hirðuleysislega, alþýðlega viðmóti hjá þessum prúðbúna, uppstrokna og ofalda stjórnámálanum.

„Hvers óskið þér, félagi?“ spurði hann öflugur, án þess að kannast við mig.

„Hvaðan eruð þér?“

Það var eins og mér hefði verið gefið utan undir, þegar mér varð það ljóst þarna, að hann hafði algjörlega gleymt „meðmælanda“ sínum, manninum, sem hafði kynnt hann fyrir „kjósendum“ hans. Þetta var það atriði, sem fullkomnaði skrípaleikinn um kosningu eina framþjóðanda eina flokksins samkvæmt „lýðræðissinnuðustu stjórnarskrá veraldarinnar“.

Ég hef aðeins sagt lítið eitt frá einkalífi mínu í Úral og áður í Taganrog og Níkopol. Ég finn sjálfur, að slíkt vantar. Ég get nærri því heyrt lesandann spyrja: Eru framkvæmdastjórnar í Ráðstjórnarríkjunum aðeins vélar án nokkurs einkalífs?

Það væru ýkjur, ef ég svaraði þessu beinlínis játandi. Við Rússar erum félagslyndir menn, ástríðufullir og málgefnir og fljótir til að bindast vináttuböndum. Við erum ekki dulir. Ég er engin undantekning í þessum efnum.

Sannleikurinn er sá, að ég eignaðist tugi, jafnvel hundruð vina á þessum árum. Þess verður að gæta, að í augum þúsunda manna í kringum mig var ég maður, sem mikið kvað að, einn af hinum útvöldu flokksmönnum. Ég gat gert mönnum greiða. Undir þaki mínu voru gnægðir og þægindi — hlutir, sem allir nema örfáir menn söknuðu svo sorglega. Lífskjör mín voru lítilfjörleg, jafnvel ömurleg, þegar þau eru borin saman við lífskjör manna í minni stöðu í Bandaríkjunum. En í Níkopol, Taganrog og Pervouralsk, jafnvel í Moskvu, voru þau svo langt fyrir ofan meðallag, svo fjarlæg lífskjörum verkamannastéttarinnar, að svo leit út sem ég lifði í annarri veröld. Aðeins fáir af þeim, sem öfunduðu hina vel launuðu nýju húsbændur eða sáu hinum sorglega munaði lífs okkar bregða fyrir, skildu það farg af ótta, þann skort á einstaklingsbundnu frelsi, það ófrjálsræði í starfi eða hið kvalafulla öryggisleysi um stöður okkar, sem var samfara þeim hlunnindum, sem við nutum.

Jú, ég átti vini, og við og við gerðust jafnvel smáævintýri fyrir innan dyrnar hjá mér. En þegar ég horfi aftur, finnst mér heildarútkoman af þessu vera aumkunarlega lítil. Samband við karla og konur var fyrir mann í minni stöðu á þessu tímabili næsta tilgangslítið. Allt slíkt kafnaði í hávaðanum af ákafri vinnu og öskrinu frá öfgafullum stjórnámálum. Hin litlu rómantísku blik slokknudðu í stormviðri óttans. Aðeins fáir okkar töldu sig hafa fasta búsetu, vera rótfasta. Dagar okkar voru önnur kafnir og fallvaltir — áfangastaðir á leið til annarra starfa eða skyndilegrar útrýmingar. Þegar við bundumst vináttuböndum, fannst okkur við vera farþegar, sem mættumst andartak á járnbrautarstöð, áður en við færum með lestinni sinn í hvora áttina.

En þetta er aðeins brot af skýringunni. Árin virtust svona tómleg þrátt fyrir hina hræðilegu atburði vegna þess, að ég lifði í andlegu tómi. Þegar ég hafði misst trúna á hina miklu tilraun, hafði ég ekkert til að halda dauðahaldi í — ekkert annað en starfið og þá þokukenndu, ósennilegu von að sleppa burt úr landinu.

Þær stundir komu, að ég þræði fjölskyldulíf eins og sumir vina minna lifðu og velti því fyrir mér, hvort ég myndi verða hamingjusamari, ef ég ætti konu og börn. En hugsunin um, hversu miklu hræðilegri handtaka hlyti að vera fyrir mann, sem væri kvæntur og ætti börn, læknaði mig fljótlega af þessari löngun. Í hinum fáu og stuttu frístundum mínum var ég vanur að ferðast til Sverdlovsk og horfa á sjónleiki eða fara í söngleikhús. Ég las líka mikið af skáldsögum mér til ánægju og stjórn-málarit og hagfræðibækur af skyldurækni. Sem flokksmaður gat ég ekki dregist aftur úr í þekkingu minni á Lenín, Stalín, Marx og Engels.

Vinátta mín við Kolpovskíj-fjölskylduna, Konstantín Míkhaílovítsj, sem var

yfirverkfræðingur okkar, hina fögru konu hans, Veru, og sjö ára gamla dóttur þeirra, Nínnotsjku, jók á löngun mína eftir eðlilegu fjölskyldulífi. Þau virtust vera sameinuð með svo eðlilegri, falslausri ást, að það var varla hægt að hugsa um eitt þeirra, án þess að hin kæmu manni samtímis í hug. Ég heimsótti þau annað veif-ið. Nínnotsjka litla kallaði mig „frænda“, og hlaut ég við það réttindi og skyldur elskaðs frænda.

Þegar Kolpovskíj fór í ferðalag til Moskvu í viðskiptaerindum síðla um sumarið, bað hann mig að líta eftir fjölskyldu sinni. Kvöldið áður en vonast var eftir honum heim, komu Vera og barnið í heimsókn til mín til tedrykkju. Kolpovskíj hafði verið að heiman í næstum því tvær vikur, og kona hans og dóttir hlökkudu svo mikið til að sjá hann aftur, að þær gátu ekki talað um annað.

Ég hafði boðið Osadtsjí aðalframkvæmdastjóra að líta inn, og hann kom skömmu á eftir mæðgunum. Hann heilsaði frú Kolpovskíj og litlu stúlkunni eins og hann væri feiminn, allt að því úrillur, eins og viðurvist þeirra væri honum til óþæginda. Ég gerði ekkert úr þessu hugarástandi hans, bjóst við, að það stafaði af einhverju óhappi, sem fyrir hefði komið í skrifstofunni. En hann fann brátt átyllu til þess að draga mig með sér út á svalirnar. Það var milt sumarkvöld, loftið þrungið hinum skarpa furuilm frá skógunum í kring.

„Hvers vegna sögðuð þér mér ekki, að Kolpovskíj-mæðgurnar væru hérna?“ spurði hann lágt, hásum rómi.

„Þetta er einkennileg spurning. Hvaða máli skiptir það?“

„Þér skiljið mig ekki, Víktor Andrejevítj. Þetta lítur illa út, af því að Kolbín sagði mér í algjörum trúnaði ...“

„Hvað sagði hann yður?“

„Ef til vill er rétt, að ég segi yður það, en þér megði ekki nefna það á nafn við neinn. Kolbín og nokkrir menn frá NKVD í Sverdlovsk munu verða viðstaddir á brautarstöðinni, þegar hraðlestin kemur frá Moskvu. Þeim hefur verið fyrirskipað að handtaka Kolpovskíj.“

„Það getur ekki verið. Vesalings Vera, vesalings Nínnotsjka. En hvers vegna, hvers vegna?“

„Um það veit ég ekki meira en þér. Þér vitið, hvernig allt er. ... En það er best, að við förum inn aftur, annars kunna þær að verða órólegar.“

Nokkrum mínútum seinna muldraði Osadtsjí eitthvað sér til afsökunar og fór. Vera og Nínnotsjka stóðu enn við í eina klukkustund — skrafhreifar, glaðar og fullar af tilhlökkun til morgundagsins og ræddu um ferð sína til Sverdlovsk.

„Konstantín lætur alltaf eins og hann hafi ekki búist við okkur og að hann sé alveg hissa, þegar hann sér okkur,“ sagði Vera og hló.

„Og veistu það, Vítja frændi, að pabbi kemur áreiðanlega með fallega brúðu og myndabók handa mér og konfekt og margt fleira,“ sagði Nínnotsjka og faðmaði mig að sér í hrifningu. „Hann er besti pabbinn í veröldinni, og ég ætla að gefa hon-um vönd af hagablómum. Ég ætla að tína þau sjálf.“

Ég varð að taka á öllu, sem ég átti, til þess að láta ekkert á mér sjá og taka þátt í gleði þeirra. Þegar þær loksins fóru, lét ég fallast uppgefinn niður á stól. Hugsunin um, hvað biði þeirra, nísti hjarta mitt eins og hnífstunga. Það myndi ekki hafa gert neitt gagn að segja þeim það fyrirfram og hefði sennilega komið þeim, Osadtsjí og mér í vandræði.

Um miðnætti hringdi síminn.

„Víktor Andrejevítj, þetta er Kolbín. Get ég fengið lánaða Ford-bifreiðina yðar í fyrramálið? Ég þarf nauðsynlega að skreppa til Sverdlovsk.“

„Nei, mér þykir það leitt, Kolbín, en ég þarf sjálfur að nota hana,“ svaraði ég stuttur í spuna. Mér var ekki um það, að bifreiðin mín væri notuð í þessum sviðvirkilegu erindagerðum.

„En þér hafið nýju bifreiðina yðar. Verið þér nú ekki að gera okkur erfitt fyrir. Annars er þetta símtal aðeins fyrir kurteisísakir. Osadtsjí hefur þegar leyft mér að nota hana.“

Vitneskjan um, að einn af mönnunum, sem átti að handtaka Kolpovskíj, æki í bifreið minni, jók á sorg mína næsta morgun. Jafnvel á meðan ég var önnum kafinn við vinnuna, sá hluti vitundar minnar fyrir sér hinn hræðilega atburð. Og hugmynd mín um hann var ekki fjarri veruleikanum. Kolbín lýsti atburðinum fyrir mér án þess að leyna gleði sinni.

Þegar járnbrautarlestin rann inn á stöðina, stóðu kona og dóttir Kolpovskíjs þar og biðu. Þær voru í sparifötunum sínum, broshýrar og hamingjusamar, og héldu á blómum í höndunum.

„Þarna er hann,“ hrópaði Nínnotsjka. Þær hlupu í áttina til hans, þegar hann birtist í vagndyrunum með sína ferðatöskuna í hvorri hendi. Hann var fallegur, herðabreiður maður, með þykkt, dökkt hár.

Hann brosti glaðlega, þegar hann kom auga á „stúlkurnar sínar tvær“, eins og hann var vanur að nefna þær.

En þrír einkennisklæddir menn með skammybyssur í höndum gengu á milli þeirra. Þeir sögðu við hinn furðu lostna verkfræðing, að hann væri tekinn höndum, tóku töskur hans og ýttu honum inn í lokaða bifreið, sem beið hans. Þeir leyfðu honum ekki einu sinni að kveðja konu sína og dóttur með kossi. Frú Kolpovskíj og barnið fóru að gráta af örvæntingu. NKVD-maður fór inn í bifreið þeirra með þeim. Það átti að gera húsrannsókn hjá þeim, og hann ók með þeim til að vera viss um, að Vera snerti ekki við neinu.

Eftir þetta þorði enginn að hafa nein samskipti við frú Kolpovskíj, og leikfélagar Nínnotsjku litlu hæddust að henni af þeirri grimmd, sem börnum er lagin. „Pabbi þinn er þjóðniðingur, og við ætlum aldrei framar að leika við þig,“ sungu þau í kór. Ég minntist skyndilega með sársauka löngu liðinna tíma, þegar smádrengir í Jekaterínoslav gerðu gys að mér vegna þess, að faðir minn sat í fangelsi. Auðvitað voru Kolpovskíj-mæðgurnar bornar út úr íbúðinni, sem var eign verksmiðjunnar.

Handtaka yfirverkfræðingsins vakti ótta hjá öllum iðnfræðingum verksmiðj-

unnar. Alls konar sögusagnir breiddust út í verksmiðjunni. Þar eð ég hafði haft náin viðskipti við Kolpovskíj, þjuggust menn almennt við, að ég myndi verða handtekinn, og ég var sjálfur hissa á, að það skyldi ekki verða gert. Enn hef ég ekki hugmynd um, fyrir hvað hann var ákærður. Hann var góður og trúr starfsmaður, sem virtist einungis hafa áhuga á starfi sínu. Hann var flokksmaður, en hafði lítinn áhuga á stjórnmálum.

Seinna frétti ég, að Kolpovskíj hefði verið „veitt uppreist“ eftir nokkurra mánaða varðhald og að hann hafi jafnvel fengið aftur inngöngu í flokkinn. Hann gat sér mikinn orðstír í starfi sínu, eftir því sem tímar liðu fram, og stjórnin sæmdi hann heiðursmerkjum. En þjáningatíminn hafði farið illa með heilsu hans. Gamla fjörið og lífsgleðin var horfið.

Fyrir ókunnuga getur saga Ráðstjórnarríkjanna því aðeins haft þriðju vidd raunveruleikans, að baksviðið hverfi aldrei né gleymist. En á baksviðinu er hálfsoлтinn, tötrum klæddur, hrjáður og fyrirlitinn múgur, sem sviptur hefur verið einfaldasta frelsi í stjórnmálum og fjármálum.

Það leið varla sá dagur, að ekki kæmu til mín verkamenn eða konur þeirra og segðu mér frá fátækt sinni eða veikindum. Ég gerði allt, sem ég gat, til að bæta úr þessu, en það var hörmulega lítið, sem ég gat áorkað. Stundum tókst mér að brjótast í gegnum skriffinnskuna og útvega verkamanni, sem hafði brýna þörf fyrir það, skó eða vinnuföt. Við og við tókst mér að koma hreyfingu á starfsmenn sjúkrahússins, þegar barnslíf var í hættu. En meinin voru of mörg og ristu of djúpt til þess, að fyrirhöfn nokkurra viðkvæmra embættismanna gæti dregið úr þeim, hvað þá bætt þau. Þegar ég hugsa aftur í tímann, finnst mér verst af öllu, að þjáningar manna voru taldar sjálfsagðar. Menn álitu þær eðlilegar og óhjákvæmilegar, eins og forina og kuldann í úralska loftslaginu.

Þrátt fyrir opinberar ráðstafanir til að binda verkamennina við starf sitt skiptu menn ákaflega oft um störf. Úr verksmiðju minni hurfu mánaðarlega tvö til þrjú hundruð verkamenn af hér um bil seytján hundruð verkamönnum, sem störfuðu við hana. Auðsætt er, hver áhrif þetta hafði á áframhald og afköst við framleiðsluna. Verulegar kjarabætur hefðu einar getað leyst þetta vandamál. Verkamaður, sem tók saman fátæklegar eignir sínar og hélt af stað til að afla sér atvinnu annars staðar, gerði þetta í hreinni örvæntingu. Ef til vill hafði hann frétt, að hann gæti annars staðar fengið herra kaup, stærri fata- og matarskammt eða hreinlegra húsnæði. En nýju húsbændurnir gáfu orsökunum engan gaum, en létu afleiðingarnar sig meiru skipta. Áróðurstæki stjórnarinnar helltu háðsyrðum yfir höfuð þeirra borgara, sem sóttust eftir betri lífsskjörum. Þeir voru kallaðir letingjar, flóttamenn frá vígstöðvum vinnunnar, staðfestulausir ræflar. Og stjórnin fyrirskipaði stærri skammt af því eina ráðstjórnarlyfi, sem notað var gegn öllum þjóðfélagslegum sjúkdómum, sem sé nauðung.

Læknislyfið kom í formi nýrrar „vinnubókar“ handa öllum verkamönnum. Þó

að vinnubækurnar ættu opinberlega ekki að gilda fyrr en frá 15. janúar 1939, var farið að úthluta þeim mörgum vikum áður.

Í blöðunum var þessu fyrirkomulagi fagnað sem sönnun fyrir „vexti og viðgangi verkamannastéttarinnar og hollustu hennar gagnvart sínu sósíalíska fæðurlandi“. Þó að stjórnmalanefnd flokksins ætti upptökin að þessu fyrirkomulagi og því væri neytt inn á almenning, sem sýnilega skoðaði það sem nýjan lás fyrir fangelsið, sem hann lifði í, var þetta fyrirkomulag skýrt sem vopn verkamannanna í baráttunni gegn þeim „slæpingjum, sem voru dragbítur á framleiðslunni“.

Vinnubókin var fyrir verkamennina það sama og flokksbókin fyrir kommúnistana. Verkamaðurinn gat nú ekki lengur farið úr vinnu sinni án skriflegs leyfis, sem ritað var í bókina. Hann gat ekki fengið aðra vinnu, nema í bókina væri ritað vottorð, sem gaf honum leyfi til að fara úr fyrri vinnustað. Auk þess var færð inn í bókina nákvæm skrá yfir þær áminningar og refsingar, sem verkamaðurinn kunni að hafa hlotið fyrir að hafa komið of seint til vinnu, orðið eitthvað á við framleiðsluna og aðrar syndir. Verkamaðurinn var með öðrum orðum neyddur til að dragast með þungann af allri fortíð sinni með sér hvert sem hann fór. Hann átti ekki lengur neina von um að geta byrjað nýtt líf í annarri borg eða iðngrein.

Ég átti tal við tugi karla og kvenna í Novo-Trúbni verksmiðjunni um það leyti, sem vinnubækurnar voru afhentar. Undantekningarlaust var þeim meinilla við þær. Jafnvel hinn einfaldasti verkamaður áleit þetta uppátæki bragð af hálfu stjórnarinnar. Jafnvel þeir, sem ætluðu sér ekki að skipta um vinnustað, álitu sig veidda í gildru.

„Hver hættir að vinna í verksmiðju, ef líf skjörin þar eru nokkurn veginn viðunandi?“ sögðu þeir við mig. „Hvaða munur er nú orðinn á okkur og mönnunum í fangabúðunum hérna í umhverfinu?“

En eins og títt var í Ráðstjórnarríkjunum voru fórnardýrin neydd til að veita þessum nýju hlekkjum viðtöku, ekki aðeins af „fúsum vilja“, heldur „með hrifningu“. Það var ekki nóg, að þau kenndu á svipunni, heldur áttu þau líka að kyssa á svipuólina og hrópa húrra. Starfsmenn verkálýðsfélaganna hófu „menntabaráttu“ til þess að kenna mönnum, hve fagur þessi nýi „agi“ væri. Þeir boðuðu til fjölda-funda, þar sem útvaldir flokksmenn meðal verkamanna héldu lofræður um hina nýju blessun og hljómmiklar ályktanir, sem fyrirfram höfðu verið samdar af borgarnefndunum eftir fyrirskipunum frá Moskvu, voru samþykktar í einu hljóði.

Rannsóknarnefnd var send til verksmiðju okkar til að tryggja, að úthlutun hinna nýju stalínsku vinnubóka færi fram á réttan hátt. Það kom í ljós, að einn nefndarmannanna hafði verið bekkjarbróðir minn í verkfræðingaskólanum. Við kvöld-borðið, þegar við vorum orðnir einir í íbúð minni, fórum við að ræða um vinnubækurnar. Vinur minn, sem hafði komið í margar verksmiðjur, var dapur í huga. Hin almenna beiskja meðal verkamannanna hafði haft áhrif á hann.

„Já, ég held þrumandi ræður um þetta nýja ráðstjórnaraufrek,“ andvarpaði hann,

„en, Vítja, ég segi ekki það, sem mér býr í brjósti. Fyrst komu skírteini handa flokksmönnum og nú þessar gulu bækur handa verkamönnum!“

Það vill svo skýrilega til, að ég heyrði þessa sömu setningu úr annarri átt. Einn af aðstoðarmönnum mínum kom inn í skrifstofu mína einhverra erinda.

„Jæja, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann og gretti sig. „Þér getið óskað mér til hamingju. Ég hef fengið gula bók eins og vændiskona.“

Þegar stjórnin hafði tryggt sér, að öreigarnir gætu ekki hlaupist á brott, tók hún annað skref í áttina til „sósíalismsans“. Hún gaf fyrirskipun um að endurskoða vinnureglurnar um land allt. Verkamannafélögunum var aftur falið það hlutverk að undirbúa hina nauðsynlegu vakningu, og auðvitað var endurskoðunin alls staðar í því fólgin að krefjast meiri vinnuafkasta. Verkamennirnir í hinum ýmsu verksmiðjudeildum hjá okkur samþykktu enn einu sinni á opinberum fundum ályktanir, þar sem þeir juku kröfurnar til vinnuafkasta sinna af „fúsum og frjálsum vilja“, en það var raunverulega sama og að lækka laun sín. Blöðin í Pervoúralsk lýstu á ljóðrænan hátt hinni miklu hrifningu verkamanna við þetta tækifæri, þótt enginn viðstaddur hefði orðið var við annað en venjulega handauppréttingu og lófaklapp.

Þegar verkamennirnir höfðu verið bundnir við vélar sínar og meiri vinnuafköst knúin út úr þeim fyrir sama kaup, vorum við reiðubúnir að leggja fram næstu og smánarlegustu sönnunina fyrir virðuleik vinnunnar undir alræðisstjórn öreiganna. Hún byrjaði með háværum og fjörugum áróðri um efnið: slæpingsháttur og óstundvísi við vinnu. Í ýmsum bæjum voru haldnar „sýningaryfirheyrslur“ yfir slæpingjunum. Ef Marsbúi hefði komið til jarðarinnar á þeim slóðum og um það leyti, sem yfirheyrslurnar fóru fram, hefði hann sannfærst um, að rússneska þjóðin væri samsafn slæpingja, sem móktu í mjúkum rekkjum, uns sól væri hátt á lofti á daginn, og í leti okkar hefði hann fundið eðlilega skýringu á hinni lélegu framleiðslu.

Síðan kom hin harðneskjulega tilskipun um „að herða á hinum sósíalíska verkamannaaga“. Ég vildi óska, að þeir saklausu útlendingar, sem halda því fram, að í Rússlandi sé „efnahagslegt lýðræði“ og „verkamannabjórðfélag“, vildu lesa þessa tilskipun vandlega. Ég vildi óska, að þeir vildu rannsaka, hvort hinir kúguðu verkamenn í hinum andlega myrkvöðu löndum þeirra myndu setta sig við slíka meðferð.

Þessi nýju lög skipuðu svo fyrir, að hvern þann, sem kæmi meira en tuttugu mínútum of seint til vinnu, skyldi þegar í stað kæra fyrir hinum opinbera ákæranda þar á staðnum. Því næst átti að yfirheyra hann, og ef hann reyndist sannur að sök, skyldi hann dæmdur til fangelsisvistar eða hegningarvinnu. Af ótta við, að „veikgeðja“ embættismenn eða „spilltir, frjálslýndir burgeisar“ í dómstólunum á staðnum myndu vera of vægir, kröfðust lögin, að þeir framkvæmdastjórar og 362 aðrir, sem létu hjá líða að kæra eða á annan hátt vernduðu þá, sem höfðu „gert sig brotlega“ um að koma of seint til vinnu, skyldu verða handteknir og þeim refsað! Aðeins alvarlegur sjúkdómur, sem vottaður var af læknum verksmiðjunnar, eða

andlát einhvers heimilismanns var afsökun, sem tekin skyldi til greina. Það var ekki tekið gilt sem afsökun, þótt menn svæfu yfir sig eða almenningsfarartæki seinkaði.

Á meðan ég var iðnaðarleiðtogi, hafði ég séð mörg reiðarslög dynja yfir höfði hinna ólánssömu verkamanna. En ekkert af þeim var jafnóskiljanlegt, jafnlamandi og þetta. Í upphafi álitu flestir, að lögin væru allt of ströng til þess að hægt væri að framkvæma þau. En okkur skildist brátt, að Stalín var alvara. Tuttugu mínútur var það millibil, sem skildi takmarkaðan þrældóm hins „frjálsa“ verkamanns frá algjörum þrældómi nauðungarverkamannsins.

Á hverjum morgni var lögð skrá á skrifborð mitt með nöfnum þeirra, sem höfðu komið of seint, og var þar nákvæmlega tiltekið, hve mörgum mínútum hver maður hafði komið of seint. Starfsmenn flokksins og verkalyðsfélaganna í verksmiðjunni fengu afrit af þessari skrá. Ég átti ekki annars úrkosta en að undirrita þessa skrá og senda hana til aðalframkvæmdastjórans, sem sendi hana áfram til hins opinbera ákæranda. „Sakamennirnir“ voru því næst fljótlega kallaðir fyrir rétt og yfirheyrðir. Við áttum bágð með að trúa því, að menn, sem höfðu fyrir öðrum að sjá, myndu verða rifnir burt frá fjölskyldum sínum og dæmdir í hegningarvinnu í eitt ár eða lengur fyrir ekki meiri sakir.

En þar skjátlaðist okkur hrapallega. Auk þeirra viðvarana, sem beint voru teknar fram í lögnum, höfðu dómstólarnir fengið ákveðnar fyrirskipanir um að sýna enga miskunnsemi. Þeir gerðu skyldu sína, þó að aðeins fáir af ákærendunum og dómendunum gætu leynt blygðun sinni.

Fyrstu þrjá mánuðina eftir gildistöku þessarar tilskipunar voru í öllu Rússlandi hér um bil milljón verkamenn og aðrir starfsmenn kærðir fyrir slæpingshátt og fyrir að hafa komið meira en tuttugu mínútum of seint til vinnu, og voru flestir þeirra sakfelldir! Feður og mæður voru dregin burt frá heimilum sínum, af því að þau höfðu „sofið yfir sig“ eða vegna þess að þau höfðu verið veik, en ekki nægilega mikið veik að álitinu hinna opinberu lækna. Og börn þeirra urðu að svelta til bana eða voru sett á munaðarleysingjahæli. Í verksmiðju minni voru tugir verkamanna dæmdir á degi hverjum. Það var grátur og gnístran tanna í hinum svörtu bröggum, en harmakveinin voru ekki nægilega hávær til þess að ná eyrum stjórn-málanefndarinnar. Til þessa dags hafa heimskingjarnir, sem vilja leiða svona „efnahagslegt lýðræði“ yfir aðrar þjóðir og þjóðflokka, ekki heyrð þau.

Dag nokkurn kom gamall rennismiður til mín. Ég vissi, að hann var duglegur og iðinn verkamaður. Hann var grátandi. Áður en hann hafði skýrt mér frá erindi sínu, var mér ljóst, af hverju hann var að gráta. Ég hafði séð nafn hans á hinni sorglegu skrá.

„Ég kom þrjátíu mínútum of seint,“ stundi hann upp. „En ég er gamall maður. Ég hef unnið með höndum mínum í 40 ár. Hvað verður nú um konu mína og börn? Bjargið mér, bjargið mér, félagi framkvæmdastjóri!“

„Hvers vegna komuð þér of seint?“

„Ég hafði slæman tannverk. Ég var andvaka alla nóttina. Með morgunsárinu

sofnaði ég og vaknaði ekki á réttum tíma. Ég hljóp hálfklæddur til verkstæðisins, eins og fjandinn væri á hælunum á mér. En mér tókst ekki að koma nógu snemma.“

„Ég trúi yður, félagi. En ég ræð engu í þessu máli. Ef ég strika nafn yðar út af skránni, verð ég settur í fangelsi. Ég get aðeins skrifað læknum og beðið hann um að hjálpa yður.“

Ég skrifaði læknum, en hann hafði sýnilega aðeins áhuga á að bjarga sjálfum sér. Gamli maðurinn var leiddur fyrir rétt.

Dag nokkurn hratt verkakona einkaritara mínum til hliðar og kom þjótandi inn í skrifstofu mína. Hún var hágrátandi, eins og sveitafólki er títt.

„Setjist niður, og verið róleg,“ sagði ég.

Það kom í ljós, að hún hafði komið nærri því klukkustund of seint og búið var að stefna henni fyrir réttinn. Hún var ekkja og varð að annast tvö börn sín, dóttur ellefu ára gamla og aðra tveggja ára, auk vinnu sinnar í verksmiðjunni. Hún sagði mér, að eldri dóttir sín væri mjög veik. Hún hafði sent eftir lækni, en þegar hann kom og var að rannsaka barnið, varð henni ljóst, að hún myndi sjálf koma of seint til vinnunnar.

Ég lofaði að tala við lækinn. Því miður var litla stúlkan, að áliti hans, ekki eins veik og móðirin hafði haldið. Hann kvaðst ekki með góðri samvisku geta gefið vottorð um, að sjúkleikinn veitti móðurinni rétt til að koma of seint. Hún var dæmd til að vinna nauðungarvinnu í verksmiðjunni.

Í annað sinn sagði verkamaður einn, að hann ætti enga klukku og væri vanur að fara á fætur eftir sólarmerkjum, óvenjulega dimmur og skýjaður morgunn varð þess valdandi, að hann kom of seint til vinnu sinnar. Skýringin bjargaði honum ekki.

Mér var það alveg ljóst, að það að venja menn af því að koma of seint var aðeins eitt af markmiðunum með þessari ströngu lagasetningu. Annað markmiðið, sem ef til vill skipti enn meira máli, var að auka tölu nauðungarverkamannanna. Dóm-ararnir höfðu fengið sérstakar fyrirskipanir. „Réttarkerfið“ starfaði ötullega. Inn í annan enda þess var rutt hundruðum þúsunda af frjálsum verkamönnum, og út úr hinum endanum streymdu nýskráðir nauðungarverkamenn.

Þessar ögrunaraðferðir gagnvart hinum almenna verkamanni voru fyrst framkvæmdar um vetur, sem var óvenjulega harður. Þrælarnir í nýlendum NKVD í Úral unnu undir berum himni þrátt fyrir hinar geysimiklu frosthörkur og þjáðust af frostbiti og kolbrandi, sem gerði marga þeirra að öryrkjum. Í fangabúðunum í nágrenninu frusu karlar og konur oft til bana í skógunum og í hinum óupphituðu bröggum og moldarkofum innan gaddavírsgirðinganna. Í bröggunum hjá okkur kvöldust menn hræðilega. Þegar á allt var litið, var Pervóúralsk ekki beinlínis þægi-legur dvalarstaður fyrir okkar dásömuðu „sósíalísku verkamannastétt“.

Ég varð því feginn, þegar ég frétti frá Moskvu, að verið gæti, að ég yrði fluttur að öðru fyrirtæki. Það var alltaf hugsanlegt, að ástandið þar kynni að vera, ef ekki betra, þá að minnsta kosti ekki eins dapurlegt.

Í marga mánuði höfðu menn, sem unnu að málmvöruframleiðslunni, hlustað

með áhuga á fréttir um fyrirætlanir um að setja á stofn stóra pípuverksmiðju í Síberíu, sennilega í Stalínsk (áður Kúznetsk), en hafði þegar verið sett á fót geysistór iðnaðarfyritæki. Hinar nýju fyrirætlanir myndu hafa í för með sér, að reistar yrðu byggingar fyrir yfir 100 milljónir rúblna. Eins og títt var í Ráðstjórnarríkjunum hafði fyrirfram verið hafin gífurleg auglýsingastarfsemi í sambandi við þessar fyrirætlanir. Ég hafði heyrt orðróminn um þetta og lesið nokkuð af gortinu án þess að setja það á nokkurn hátt í samband við mig sjálfan. En allt í einu kom í ljós, að þetta skipti mig sjálfan mjög miklu máli. Án þess að ég væri nokkuð um það spurður, völdu ráðuneytið og miðstjórnin mig til að stjórna allri vinnu við smíði hinnar nýju verksmiðju í Stalínsk.

20. kafli: Síberísku blekkingarnar

„ÞJÓÐFULLTRÚI JÁRNVÖRUIÐNAÐARINS hefur skipað félaga V. A. Kravtsjenko framkvæmdastjóra járnvöruverksmiðju, sem reisa á í borginni Stalínsk í Síberíu.“ Þessi tilkynning stóð hinn 28. febrúar 1939 í blaðinu *Iðnaði*, sem gefið var út í Moskvu.

Hér var átt við stóru, nýju verksmiðjuna í Stalínsk, sem samkvæmt áætlun átti að framleiða árlega 170.000 smálestir af stálpípum. Molotov sjálfur hafði í stefnuskrá þeirri, sem hann lagði fyrir átjándra flokksþing kommúnistaflokksins, lagt áherslu á, hve mikilvægt þetta fyrirtæki væri. Hann kvað byggingarvinnuna brátt myndu hefjast og fyrstu deildirnar verða tilbúnar til að hefja framleiðslu árið 1941.

Það varpaði þegar í stað ljóma á nafn mitt, að það skyldi vera sett þannig í samband við stórkostlegt iðnfyrirtæki, sem Molotov — og þá einnig Stalín — taldi skipta miklu máli. Útnefning mín var birt sem liður í undirbúningi undir flokksþingið. Það var mikilvægara en sjálf staðan. Það merkti, að ég var „kominn heim“, að ég var kominn á efsta þrep fjármála- og stjórnmálaaðalsins. Vinir og kunningjar, sem höfðu forðast mig á hinum erfiðu hreinsunarárum, mundu nú allt í einu eftir að þeir þekktu mig og flýttu sér að segja mér frá, hve hreyknir þeir væru yfir velgengni minni.

Ég hafði í mörgu að snúast í Moskvu til undirbúnings starfi mínu í Síberíu. Mér var fengið ágætt herbergi í Metropole-gistihúsinu á kostnað stjórnarinnar og peningar í ríku mæli. Ég gat fengið allt, sem ég óskaði. Það var sannarlega ekki lítillsvert að vera eftirlætissnur miðstjórnarinnar. Einræðið lítur í raun og veru allt öðruvísi út, ekki eins grimmdarlegt, ekki eins harðúðugt, þegar horft er á það frá stað nálægt tindinum.

Það var vafalaust þetta, sem faðir minn hafði í huga, þegar hann að nokkru leyti í alvöru og að nokkru leyti í háði áminnti mig um að missa ekki sambandið við almenning, þegar ég væri nú kominn meðal hinna „háttsettu og voldugu“. „Láttu þá ekki kaupa þig með titlum og sæmdarmerkjum,“ skrifaði hann. Ég sá af þessu, mér til mikillar ánægju, að afstaða hans gegn valdhöfunum hafði ekki mildast. Ég hefði orðið fyrir vonbrigðum, ef hann hefði gert undantekningu með son sinn. Þegar fréttin um skipun mína birtist í blöðum fæðingarborgar minnar, taldi móðir mín hana kærkomið tákni þess, að raunir mínar væru loksins á enda.

„Guð gefi þér heilsu, hamingju og velgengni, kæri sonur,“ skrifaði hún. „Reyndu að gleyma ranglæti fortíðarinnar. Horfðu fram. Leggðu hart að þér í starfi vegna ástkærs föðurlands okkar og þjóðar. Af okkur er það að segja, að allt gengur sinn vanagang. Afsakaðu, að ég nefni það, en ef þú skyldir koma hingað í heimsókn,

komdu þá með allt, sem þú getur, frá Moskvu: feiti, sykur, te, fisk ... Við höfum því miður ekkert hér. Ég myndi ekki hafa minnst á þetta, ef ástandið væri ekki eins hræðilegt og það er.“

Bréf föður míns studdi bendingar móður minnar. Hann skrifaði í sambandi við annað, eins og af tilviljun: „Okkur er sagt, að við lifum nú „farsælu lífi“. En láttu ekki kjörorðin aftra þér frá að útvega skó handa móður þinni, ef þú getur. Þetta „farsæla líf“ hlýtur einhvern veginn að hafa farið framhjá Dnepropetrovsk.“

Hin nýja staða mín sem trúnaðarmanns stjórnarinnar leysti mig ekki undan venjulegu eftirliti NKVD. Þegar ég kom heim í gistihúsið, varð ég oft var við áþreifanlegar sannanir fyrir því, að töskur mínar og skúffur höfðu verið vandlega rannsakaðar. Nú, eins og endranær, reyndu nýir kunningjar að draga mig inn í hættulegar stjórn málaumræður. Sem betur fór hafði ég lært að „finna þefinn af“ uppljóstrunarmönnunum. Ég hafði öðlast eins konar sjötta skilningarvit við næturyfirheyrslurnar í Níkopól, svo að ég kunni að þegja, þegar menn voru allt of ákafir í að leysa frá skjóðunni.

Ég hafði líka lært að vernda einlífi mitt gegn árásum frá þegnum hinna dýru gistihúsa, sem við nefndum „Lúbjanka-dömur“. Lúbjanka var aðalaðsetur NKVD í Moskvu. Þessar stúlkur voru valdar af sérfræðingum í kvenlegum yndispökka og reiddar fram í dýrmætum skrautumbúðum, þar á meðal dásamlegum loðskinnskápum, á kostnað hins tötrum klædda öreigalýðs. Þær þeirra, sem kunnu eitthvað í erlendum tungum, höfðu það að sérgrein að tæla útlendinga: stjórnarerindreka, bandaríska og þýska verkfræðinga og blaðamenn. Hinar stunduðu iðju sína meðal ókvæntra embættismanna, sem voru nógu háttsettir til að taka á leigu herbergi í hinum stóru gistihúsum.

Ég sat til dæmis kvöld eitt í herbergi mínu og var að lesa fræðirit, þegar síminn hringdi.

„Pjotr Ívanóvitsj,“ sagði kvenmannsrödd ásökunarrómi, „hvers vegna er svona langt síðan þú hefur heimsótt mig? Ég þrái þig, elskan mín.“

„Því miður er hér enginn, sem heitir þessu nafni,“ sagði ég stuttur í spuna.

„Vertu nú ekki að gera að gamni þínu, Petja. Eins og ég þekki ekki röddina þína!“

„Ég er ekki Petja yðar. Gerið svo vel að láta mig í friði.“

„Ekki það! Ég geri ráð fyrir, að þú sért með annarri stúlku! Ég ætla að koma og athuga það!“

Hér um bil tuttugu mínútum seinna var drepíð á dyrnar. Há, grönn og mjög lagleg, ung, ljóshærð stúlka stóð fyrir utan dyrnar. Snjókornin glitruðu á litlu, daðurslegu loðskinnshúfunni hennar. Hún lét sem hún yrði hissa, en brosti þó blíðlega.

„Er Pjotr Ívanóvitsj heima?“

„Heyrið mig nú, litla dúfan. Ég bý hér, og hér er enginn Pjotr Ívanóvitsj. Viljið þér gera svo vel að láta mig í friði?“

„En hvers vegna ertu svona ókurteis, kæri vinur? Maður, sem lítur eins vel út og þér, ætti að ávarpa laglega stúlku kurteislegar.“

„Ég er önnur kafinn. Afsakið mig, en ég verð að bjóða yður góða nótt.“

„Ó, útlitið svíkur, því miður. ... Þér lítið út eins og heidursmaður og bjóðið þó dómu ekki einu sinni sæti.“

„Góða nótt!“ sagði ég ákveðinn. Um leið og ég lokaði dyrunum, gat ég ekki setið á mér að bæta við: „Tækni yðar er ekki fyrsta flokks. Þér verðið að æfa yður betur.“

Ég þurfti að leita ráða hjá nokkrum málmiðnaðarsérfræðingum í Dnepropetrovsk og gat því heimsótt foreldra mína á kostnað ríkisstjórnarinnar. Ég var látinn fá sérstakan klefa í fyrsta flokks eða svonefndum „alþjóða“-vagni. Ég var vel til fara og ferðaðist í skrautlegum klefa. Allir, sem litu á mig, sáu þegar í stað, að hér fór skrifinnur, sem komið hafði ár sinni vel fyrir borð. Vagnstjórinn stjánaði við mig. Mér féll illa, að ég skyldi vera álitinn tákn þess ójafnaðar, sem ég hataði.

Þriðja flokks vagnarnir í hinum enda lestarinnar, fyrir aftan „alþjóða“-matarvagninn, voru fullir af almennum, dauðlegum mönnum, sem sátu á tvísettum röðum harðra trébekkja. Þegar ég gekk af forvitni um vagna þessa, sá ég ásanir, jafnvel hatur í augum þeirra manna, sem voru að athuga, hve vel ég væri til fara. Á viðkomustöðunum, þegar ég gekk út til að teygja úr mér, virtist mér ég verða var við sama fjandskapinn hjá hinum tötrum klæddu bændum, sem buðu til sölu dálítið af grænmeti, þurrkuðum fiski og mjólk.

Við komum brátt til ættjarðar minnar, Úkraínu. Landslagið þar virtist vinalegra en í héruðum Norður-Rússlands. En mig tók í hjartað af sársauka, er ég sá þá fátækt og niðurníðslu, sem alls staðar blasti við. Þegar við ókum inn á járnbrautarstöð handan við Kharkov, sat ég í matarvagninum. Ég varð skelfingu lostinn við að sjá hin mörgu smáu andlit, sem störfu gegnum rúðurnar með hryggum og hungruðum öfundaraugum. Það voru heimilislausir drengir og stúlkur í ósamstæðum tötrum. Þau störfu á einn af „sósíalistafrændum“ sínum, sem sat þarna í höfðinglegum makindum undir alræðisstjórn öreiganna.

Og þetta var Úkraína, sem einu sinni framleiddi mat, ekki aðeins handa íbúum sínum, heldur stórum hluta af Evrópu! Mér varð svo um þetta, að ég flýtti mér að greiða reikning minn og fara út úr matarvagninum. Hvílíkt hyldýpi var milli Rússlands áróðursins og hinna opinberu hagskýrslna og hins raunverulega Rússlands! Er ekki mannssálin einkennilega gerð, að hún skuli geta girt fyrir veruleikann með múrum, sem reistir eru af pappírssigrum og innantómum kjörorðum?

Á Sínelníkovu-stöðinni fór ég aftur út úr vagninum til þess að liðka mig ofurlítið í hressandi kulinu. Við dyrnar á biðsal fyrsta farrýmis sá ég einkennisklæddan lögreglumann vera að reka burt bændafjölskyldu: mann, konu og nokkur börn, sem öll báru þunga pinkla. „Þið eigið heima þarna, borgarar, í biðsal þriðja farrýmis,“ sagði hann, og þau lötrudu hæglát burt. Þeim datt ekki í hug, frekar en vopnaða lögregluþjóninum, að jafnþrautpínt fólk mætti þröngva sér inn á sérsvæði fyrsta flokks í hinu „stéttlausa þjóðfélagi“ okkar.

Nokkrar ungar og laglegar sveitastúlkur, með mislita skýluklúta bundna um höfuðið, höfðu komið til að taka á móti lestinni. Það var vafalaust eitt af því skemmtilegasta, sem lífið hafði að bjóða í sveitaþorpi eins og Sínelníkovo. Þær gægðust áfjáðar og forvitnar inn í vagna fyrsta farrýmis, flissuðu og gáfu hver annarri olnbogaskot. Ef til vill dreymdi þær um, að einhver háttsettur ævintýraprins í fyrsta flokks vagni, með flokksskírteini og Lenínsorðuna, ríkur og voldugur, sæi þær, yrði ástfanginn af þeim við fyrstu sýn og hefði þær á brott með sér til ævintýralandsins Moskvu.

Járnbrautarstöðin í Dnepropetrovsk var hrein og snyrtileg. Konstantín bróðir minn og kona hans biðu mín á hinum troðfulla, háværa stöðvarpalli. Þar eð ég hafði ekki komið heim í rúmt ár, hafði ég ekki séð hana áður. Ég faðmaði og kyssti þau bæði. Þau hjálpuðu mér að bera stóru matar- og fataböggla, sem ég hafði komið með frá höfuðborginni, og brátt vorum við komin heim á leið. Við ókum þrjú saman í bifreið, en farangrinum var ekið í annarri. Það var þægileg tilfinning, sem fór um mig við að sjá hinar gamalkunnu götur, torg og hús, þakin snjóbreiðum, og ég mun ávallt minnast þeirra þannig.

„Já, Vítja. Þú lítur út eins og reglulegur Moskvuörn, — vasaútgáfa af Stalín,“ sagði Konstantín hlējandi. „Sagði ég þér það ekki, Klava, að bróðir minn væri orðinn geysilega mikill maður?“

Ég þóttist heyra alvörutón að baki gamansemi hans. Því meir sem aldur færðist yfir þennan bróður minn, því líkari varð hann föður okkar. Hann hafði sama magra, hreina andlitssvipinn, sama hæðnistóninn.

„Hvers vegna segir þú þetta, Kotja?“

„Vertu ekki móðgaður, kæri bróðir. En þú lítur út fyrir að vera svo voldugur í útkjálkabúaaugum mínum. Hvernig á ég að koma orðum að því? Ef til vill er það þessi drýldnissvipur, sem kemur á leiðtoga öreigalýðsins eftir sjálfsafneitun um skeið . . .“

„Hættu nú, Kotja,“ greip kona hans fram í fyrir honum. „Þú hefur beðið eins eftirvæntingarfullur eftir Víktor Andrejevítsj og hann væri kærastan þín, og það fyrsta, sem þú gerir, þegar hann kemur, er að gera gys að honum.“

„En kæra Klava,“ útskýrði Konstantín, „þetta er í fyrsta og sennilega eina skiptið á ævinni, sem ég fæ tækifæri til þess að gera gys að einhverjum litlum Stalín upp í opið geðið á honum!“

Við hlógum öll þrjú. Þar eð ég var nákunnugur bróður mínum, gat ég ekki gert eins lítið úr gysi hans og kona hans. Ég vissi, að honum þótti mjög vænt um mig. Eins og hann hefði lesið hugsanir mínar, tók hann fast í handlegginn á mér, eins og hann var vanur að gera þegar við vorum litlir. Kaldhæðni hans var ekki beint að mér, heldur gegn allri hinni nýju kynslóð stærilátra, vel stæðra og andlega forhertra skriffinna. Orð hans hljómuðu fyrir eyrum mér sem bergmál þeirrar kaldhæðni, sem hinn vinnandi fjöldi var altekinn af.

Hinn djarfmannlegi Konstantín var að mörgu leyti sannur fulltrúi rússneskra

menntamanna. Hann bar djúpa ást til lands síns og þjóðar, en hafði staðist allar tilraunir til að ná honum inn í kommúnistaflokkinn. Þegar Þjóðverjar síðar hófu árásarstyrjöld á hendur Rússlandi, var hann einn af þeim fyrstu, sem fóru til vígstöðvanna, og hann fórnaði að lokum lífi sínu við vörn Rússlands. Hvað sem blöðin kunna að hafa sagt um hreysti slíkra manna, var ég, þegar fréttirnar bárust til Moskvu, í engum vafa um, að það var ekki fyrir Stalín og stjórnarfar hans, sem Konstantín barðist og dó, heldur fyrir land sitt og þjóð.

Var það hugsanlegt, að hann hefði hugboð um örlög sín og milljóna annarra manna? Á meðan þessi heimsókn stóð yfir, komst hann einu sinni svo að orði: „Land okkar og stjórnin eru sitt hvað, Vítja. ... Við megum ekki blanda þessu tvennu saman.“ Þá veitti ég orðum hans enga sérstaka athygli, þó að þau lýstu tilfinningum mínum, en síðar hafa þau oft komið mér í hug.

Foreldrar mínir höfðu sýnilega elst, frá því að ég sá þau síðast. Þar eð þau áttu þrjá syni, sem gátu látið fé af hendi rakna til þeirra, voru kjör þeirra miklu betri en kjör flestra nágranna þeirra. En jafnvel þótt þau hefðu fé, var þeim ómögulegt að afla þess matar, sem þau þörfuðust nú, þegar aldurinn var að færast yfir þau. Auk þess þoldi faðir minn líkamlegar og andlegar þjáningar við hvert högg, sem reitt var gegn verkamönnunum: vinnubækurnar, lögin gegn þeim, sem komu of seint, reglurnar um aukin vinnuafköst og hinn síaukni fjöldi nauðungarverkamanna. Hann hafði alla ævi látið eitt yfir sig og hina almennu verkamenn ganga, og sérhver auðmýking þeirra smaug honum í merg og bein, þó að hann væri nú sjálfur öruggur um eigin afkomu.

Móðir mín var miklu veiklulegri í útliti. Mér þótti mjög vænt um hana. Gæska hennar virtist vera næstum því áþreifanleg. Hún ljómaði af andliti hennar og gerði það fallegt á þann hátt, sem engin orð fá lýst. Ég þreyttist aldrei á að horfa á hana, meðan hún var að matreiða eða nostra við okkur fullorðnu drengina sína. Einhvern veginn gladdi það mig, að enn logaði á lömpunum fyrir framan dýrlingamyndirnar hennar, eins og ég minntist frá bernsku minni. Það bar vitni um, að hún átti huggunarlind, sem aldrei þornaði. Hún var sannfærð um, að það hefðu verið bænir hennar, sem björguðu mér við hreinsunina miklu, og ég mótmælti því ekki.

Uni kvöldið korn Evgeníj bróðir minn með konu sína. Það urðu eftirminnilegir samfundir. Faðir minn, sem aldrei hafði lært að hvíla sig og gleyma veröldinni og áhyggjum hennar, reyndi hvað eftir annað að brydda upp á stjórnmálaumræðum, en komst ekki að fyrir sonum sínum. Það er svo margt, sem tala þurfti um. Kona Konstantíns var verkfræðingur, kona Evgeníjs kennslukona, og höfðum við því öll nán kynni af hinum harða veruleika hversdagslífsins.

Næsta dag þurfti ég að koma við í Lenín-verksmiðjunni vegna starfs míns. Stjórn hennar var eingöngu skipuð nýjum mönnum. Það myndi hafa verið fífljarft að minnst á Bírman eða Ívantsjenko eða nokkurn af þeim, sem áður höfðu stjórnað þessari stóru verksmiðju. Það mátti jafnvel ekki minnst á Petrovskíj sjálfan, sem

verksmiðjan hafði eitt sinn verið kennd við ásamt Lenín. En meðal verkamanna verksmiðjunnar hitti ég menn, sem höfðu þekkt mig fyrir tíu til fimmtán árum. Þeir heilsuðu mér vingjarnlega og hópuðust um mig.

„Þér eruð orðinn víðfrægur maður, Víktor Andrejevítsj,“ sagði einn þeirra, „og það gleður mig innilega.“

„Já, sonur Kravtsjenkos gamla getur orðið þjóðfulltrúi, ef honum endist aldur,“ sagði annar hlæjandi.

En áður en ég fór, töluðu tveir þeirra við mig í meiri alvöru. Þeir voru ekki einungis örvæntingarfullir vegna hinna nýju laga, heldur mjög móðgaðir.

„Nú erum við hlekkjaðir við vélarnar eins og afar okkar voru hlekkjaðir við jarðirnar, á meðan menn voru ánauðugir,“ sagði Larm gamli og andvarpaði. „Ó, Vítja, það er erfitt að lifa og verður erfiðara með hverjum degi sem líður.“

„Já, segðu okkar, fyrst þú ert nú kominn upp í hæðirnar, hvenær við förum að lifa eins og menn? Nú höfum við beðið eftir því í 22 ár!“

Hvað gat ég gert annað en að sefa þá með venjulegu orðagjálfri blaðanna? Sem betur fór ætluðust þessir menn ekki til neins svars frá mér. Þeir vissu, að ég var jafnvaldalaus og sá aumasti meðal þeirra, aðeins annað og dýrkeyptara hjól í sömu vélinni.

Þegar ég kom heim, beið faðir minn eftir mér. Hann vildi ekki láta svíkja sig um ánægjuna af að ræða alvarlega og fræðilega um stjórnmal við eina soninn, sem erft hafði dálítið af áhuga hans á stjórnmalum. Ég hafði auk þess grun um, að hann álití það heilaga föðurskyldu sína að leiðbeina mér á braut réttlætisins. Hann óttaðist mest af öllu, að ég léti undan freistingum valdsins, að ég sviki þá stétt, sem ég var kominn frá, vegna kjörtatla einræðisins.

Ég sefaði hann í þessum efnum. Við töluðum saman í margar klukkustundir. Hann var, þegar á allt var litið, eini maðurinn, sem ég gat trúað fyrir öllu án þess að þurfa að óttast að verða svikinn í tryggðum. Hann fann til vonbrigða, þegar hann leit yfir liðna tíð. Tilfinningar mínar voru miklu víðfeðmari. Efasemdir mínar höfðu smátt og smátt orðið að rótgrónu hatri á hinum nýju húsændum, ótakmarkaðri fyrirritningu á hinu sósíalíska orðaskvöldri og viðbjóði á kvalaþyrstri harðstjórn þeirra.

„Og ég er ekki sá eini, sem hef þessar tilfinningar, pabbi. Hreinsanir Stalíns hafa ekki komið honum að notum. Hópur valdafíkinna uppskafninga hefur að vísu flýtt sér að sverja honum brennandi trúnaðareiða og að krækja í þægilegustu stöðurnar, sem losnuðu við fangelsanir og líflát annarra. Embættisframa sinn eiga þeir eingöngu að þakka hreinsununum. En Stalín á enn fjölda óvina í flokknum. Já, þeir eru til í hverri skrifstofu, í hverri verksmiðju, jafnvel í Kreml. Það er bókstaflega ekki hægt að láta pynda og drepa eins marga menn og hann hefur gert, án þess að það skilji eftir blóðug spor haturs og ástríðuþrungsins hefndarþorsta.“

En síðan er það auðvitað nýja kommúnistakynslóðin, sem trúir því í raun og veru, að allir fyrirrennarar hennar hafi verið svikarar og fjandmenn flokksins. Hún

veit bókstaflega ekki annað, og enginn þorir að segja henni sannleikann. Það er hún, sem elskar Stalín og er fús á að vaða eld og vatn fyrir hann. Hún er styrkur Stalíns og ógæfa þjóðarinnar.“

Faðir minn rifjaði upp endurminningar frá byltingaræsku sinni. Hann vildi vita, hvaða breytingar væru orðnar á rússnesku þjóðinni. Voru ekki lengur til ungir menn með eldheitar hugsjónir og kjark til að gera uppreisn?

„Margir okkar myndu fúslega vilja leysa frá skjóðunni og hrópa til veraldarinnar,“ svaraði ég. „En við vitum, að það er ómögulegt. Dauðinn heimsækir þá, sem reyna það, allt of fljótt. Aðeins þeir fáu, sem sleppa til útlanda, geta sagt sannleikann. Hér er ógnarstjórnin allt of algjör, grípur um allt og alla.“

Ég þagnaði og leit í augu föður míns. „Ef ég yrði einhvern tíma svo heppinn að sleppa úr landi og ákvæði að segja allan sannleikann, hvað myndi þá verða um mömmu og þig?“ Draumur var að byrja að myndast í huga mér og hjarta. Draumurinn um að flýja.

Ég kvaddist af þrá eftir að varpa okinu af herðum mér, ekki aðeins vegna sjálfs mín, heldur vegna lands þess og þjóðar, sem ég elsaði. Ef ég gæti sagt veröldinni utan landamæra Rússlands allan hinn hræðilega sannleika, gat hún þá komist hjá að hlusta á hann og skilja hann?

Ég er ekki viss um, að draumurinn hafi verið búinn að taka á sig svona ákveðna mynd á þessum tíma, en sú spurning, sem ég beindi til föður míns, var þó sönnun þess, að draumurinn var að skapast innra með mér.

„Hugsaðu ekki um okkur,“ svaraði faðir minn. „Við erum orðin gömul og höfum lifað okkar fegursta. Gerðu alltaf það, sem þú álitur skyldu þína, Vítja. Ekkert annað skiptir máli. Að þjást sjálfur er ekkert. Vitundin um að vera orsök í þjáningum þeirra, sem maður elskar, er þungbærari. Ég þekki þetta vel. Heldur þú, að það hafi verið auðvelt fyrir mig að sitja í fangelsi og láta ástkæra konu mína og börn svelta?“

Þegar ég fór frá Dnepropetrovsk, kom móðir mín með mér. Það hafði þurft miklar fortölur og aðstoð allrar fjölskyldunnar til þess að fá hana til að ferðast til Moskvu. Hún hafði aldrei komið til höfuðborgarinnar, og ég hlakkaði mjög mikið til að geta sýnt henni það helsta í borginni. Ég vildi líka, að hún fengi hvíld frá húsmóðurstörfunum. Þrátt fyrir fullyrðingar mínar um, að við fengjum nóg að borða í matarvagninum, tók hún með sér nesti til ferðarinnar. Þægindin í hinum „alþjóðlega“ járnbrautarvagni og hin skrautlegu herbergi í gistihúsinu í Moskvu gerðu hana orðlausa af undrun. Í nærri því tvær hamingjuríkar vikur sá ég Moskvu með hinum glöggu augum hennar: sýningar í leiklistarhúsinu, söngleikjasýningar, leikdansa, íþróttasýningar á Dynamo-leikvöllum, málverkasöfnin, lystigarða og margt fleira. Venjulega var Írína, kona, sem ég hafði kynnst fyrir nokkrum mánuðum, með okkur.

„Vítja, hvers vegna vildir þú, að ég kæmi með þér til Moskvu?“ spurði mamma upp úr þurru kvöld nokkurt, er við sátum í veitingasal gistihússins.

„Þetta er einkennileg spurning, mamma! Það er eins konar gjöf til að sýna þér, hve vænt mér þykir um þig.“

„Já, auðvitað. En ef til vill“ — hún leit á mig með undirferlisbrosi — „ef til vill hefur það líka verið vegna þess, að þú vildir sýna mér Írínu? Nei, nei, Vítja, þú þarft ekkert að roðna. Ég sé, að þú ert ástfanginn.“

„Ég játa, að þú hefur rétt fyrir þér, mamma, þó að það sé ekki nein ástríðuþrungin ást. Ég er þreyttur á að vera einn, og ég dáist mjög mikið að Írínu.“

„Ég segi aðeins, að þú ert furðulega smekkvís. Hafði þið látið láta skrá ykkur?“

„Ekki enn, en við erum ákveðin í að láta gera það. Írína hefur starf, sem hún getur ekki farið frá, og ég er nærri því feginn því. Mig langar ekki til að byrja líf mitt sem kvæntur maður í hinni fjarlægðu Síberíu.“

Írína var há og falleg kona, með stór, blá augu og ljósbrúnt hár. Hún var frönsk í föðurætt og rússnesk í móðurætt og vann fyrir sér með því að þýða bækur úr þýsku og frönsku fyrir ýmis útgáfufyrirtæki í Moskvu. Ég hitti hana í fjölmennu samkvæmi, sem háttsettur vinur minn hafði boðið mér í. Eitthvað við hana — ef til vill var það, hve fallega hún hagaði orðum sínum, raddhljómur hennar, hið rólega, eðlilega fas hennar — hafði djúp áhrif á mig. Ég talaði varla orð við hana allt kvöldið, þó að ég fyndi alltaf til návistar hennar, og þó varð hún ekkert hissa, þegar ég spurði hana að samkvæminu loknu, hvort ég mætti fylgja henni heim. Það var eins og hún hefði alltaf búist við því.

Það var ekkert ævintýrlegt við mót okkar, ekkert af þeirri hitasóttarkenndu þenslu, ekkert af þeim óráðskenndu, hjartanlegu trúnaðarmálum, sem einkennt höfðu fyrstu stefnumót mín og Júlíu og Elínar fyrir mörgum árum. En þó var okkur báðum ljóst eftir nokkrar vikur, að við myndum giftast. Samband okkar var djúpt, en rólegt. Ég hafði ekkert kviðið fyrir, að hún og móðir mín kynntust, því að ég vissi með öruggri vissu, að þær myndu eiga eftir að þykja innilega vænt hvorri um aðra. Þó að Írína væri gjörólík móður minni að uppruna, uppeldi og hugsunarhætti, fannst mér hún þó á einhvern hátt áþekkt henni. Það, sem þeim var sameiginlegt, var svo óafvitandi og óeigingjarn kærleikur, að hann stafaði andlegri fegurð á öll orð þeirra og gerðir.

Þegar Írína kom til okkar þetta kvöld — til að fara með okkur á söngleikinn *Ígor fursta*, — faðmaði móðir mín hana að sér og kyssti hana. Þær þurftu engin orð. Í byrjun var móðir mín hrifin af Moskvu, eins og hún væri ung stúlka. En þegar nokkrir dagar voru liðnir, varð hún hugsí og stundum jafnvel hrygg. Henni fannst það óréttlátt, að við — og aðrir — eyddum hundruðum rúblna í gistihúsherbergi, góðar máltíðir og skemmtanir, þegar aðrir höfðu ekki nóg að borða. Ég hafði keypt þrjá aðgöngumiða að *Ígor fursta* af miðaokrara.

„Eitt hundrað og tuttugu rúblur!“ hrópaði hún. „Það er eins mikið og kvenvagnstjórarnir við strætisvagnana í Dnepropetrovsk vinna sér inn á heilum mánuði. Þetta er ekki rétt, börn, ekki rétt, segi ég. Ég hef aldrei séð jafnmargt of feitt og of

prúðbúið fólk saman komið á einn stað síðan fyrir byltinguna. Og ég, sem alltaf hef haldið, að það hafi verið stjórnarbylting.“

„Vertu róleg,“ sagði Írína hlæjandi. „Gleymdu stjórn málinum, og njóttu söngleiksins.“

„En 120 rúblur!“

Síðdegis dag nokkurn fór ég með hana á landbúnaðarsýninguna. Hún rannsakaði allt af miklum áhuga — landbúnaðarvélarnar, kynbornu hestana, verðlaunakýrnar og svínin. Hún tók stálspangagleraugun af litla nefinu sínu til að geta lesið kjörorðin og hagfræðitölurnar, sem voru límd upp um alla vegg.

„Jája, hvernig leist þér á þetta, mamma?“ spurði ég, þegar við ókum aftur til gistihússins. „Hvers vegna ertu svona þögul?“

„Vítja, þú mátt gjarnan kalla mig heimska kerlingu, ef þú vilt, en ég álít, að þetta sé allt saman tilbúningur. Hverjum er það til gagns? Ef til eru svona margar kýr í landinu, hvers vegna fæst þá ekkert kjöt í Dnepropetrovsk? Ef svona mikið er til af bómull, hvers vegna get ég þá ekki keypt skyrtu handa föður þínum? Þetta er tilbúningur, Vítja, og þeir, sem að honum standa, ættu að blygðast sín.“

Ég svaraði ekki.

„Ef ég hefði ekki hitt Írínu,“ sagði móðir mín, „þá hefði ef til vill verið betra, að ég hefði lagst í gróf mína án þess að sjá Moskvu. Það er borg með tvö andlit. Nokkur skrautleg gistihús, leikhús, söfn og veitingaskálar. En ef gengið er út úr aðal götunum, þá blasir við sama fátæktin og úti á landinu. Já, hún hefur tvö andlit! Frá turnum Kremlar er hrópað á heimsbyltingu, en nokkrum húsum þar frá lifir réttlaust fólk í neyð.“

„Mamma! Þú hefur tekið út mikinn stjórn málaþroska á tveim stuttum vikum. ... En segðu þabba ekki frá því. Ég held í raun og veru, að hann elski þig aðallega vegna sakleysis þíns í stjórn málinum.“

Vestur-Síbería var ákaflega mikilvæg fyrir landvarnirnar, því að lega hennar var þannig, að hún gat bjargað bæði þeim hluta Rússlands, sem var í Evrópu, og eins hinum hlutanum í Asíu, ef styrjöld brytist út við önnur hvor landamærin. Her-málaráðuneytið tók jafnmikinn þátt í skipulagningu framfaranna í þessum lands-hluta og iðnaðarmálaráðuneytin. Og Stalínsk var álitin lykillinn að landvörnunum. Í Vestur-Síberíu voru riðnir margir möskvar í hinu nýja iðnaðarneti. Þar voru reistar vélaverksmiðjur, bifreiðsmiðjur, flugvélasmiðjur, efnaverksmiðjur og málmvörusmiðjur.

Í Rússlandi okkar tíma skipta tákinn oft meira máli en veruleikinn. Það atvik, sem skipti ákaflega miklu máli, var, að hin gamla borg Vestur-Síberíu, Kúznetsk við Tom-fljótið, hafði verið skírð upp að nýju og nefnd Stalínsk. Nafn hins almáttuga Georgíumanns var aldrei ákallað án árangurs. Nafnið merkti, að staðurinn var valinn til þess að gera hann frægan. Og í áróðrinum var stundum rætt meira um smá-fyrirtæki í Stalínsk en stór fyrirtæki annars staðar.

Það jaðraði við helgisþjöll, þegar ég krafðist þess að fá að kynna mér þann stað, þar sem átti að reisa hina stalínsku pípuverksmiðju, áður en ég tækist á hendur ábyrgðina á byggingu hennar. Félagi Kozhevnikov, sem nú var orðinn yfirmaður Glavtrúbostals, varð fokreiður og henti mér eins og heitri kartöflu í fangið á félaga Merkúlov, sem á þessum tíma var orðinn þjóðfulltrúi járníðnaðarins.

„Hvers konar hugmynd er þetta, Víktor Andrejevítsj?“ sagði Merkúlov. „Á ég að skilja það svo, að þér viljið sjálfur sannprófa ákvarðanir, sem samþykktar hafa verið af ráðuneytinu, áætlanagernd ríkisins, málmiðnaðarmálastjórninni, hermálaráðuneytinu, miðstjórn flokksins og stjórnmalanagerndinni? Eruð þér ekki með öllum mjalla?“

Þegar málið var reifað á þennan hátt, varð því ekki neitað, að krafa mín bar vott um frekju. En reynslan hafði kennt mér varkárni. Vísasti vegurinn til ógæfu fyrir iðnaðarleiddtoga ráðstjórnarinnar var að takast á hendur ábyrgð í blindni. Í auðvaldsríki leggur maður aðeins undir fjármuni sína og stöðu, en í Ráðstjórnarríkjunum lagði ég mig í lífshættu.

„Þar sem mér hefur verið trúað fyrir að reisa verksmiðjufyrirtæki, sem kostar 150 milljónir rúblna,“ sagði ég, „ættuð þér að minnsta kosti að gefa mér kost á að rannsaka staðinn, sem reisa skal byggingarnar á, möguleikana á því að útvega vinnuafli og efni og byggingarskilyrðin almennt.“

„Fé til að reisa fyrirtækið er tiltækt. Byggingastofnunin í Lenínsgarði hefur unnið að teikningunum í marga mánuði. En þar eð það getur ekki skaðað neitt, ætla ég að leyfa yður að ferðast þangað. En þér skuluð aðeins muna það, Víktor Andrejevítsj, að það er ekki hægt að vera með nein hégómatali, þar sem um flokkssamþykktir er að ræða.“

Eftir fjögurra sólarhringa járnbrautarferð kom ég til Stalínsk, ásamt yfirverkfræðingi mínum, Gerardov að nafni. Litla, óhreinlega járnbrautarstöðin svaraði ekki á nokkurn hátt til orðróms þess, sem gekk um þessa margauglýstu borg. Óþrifnaður og ringulreið virtust vera einkenni þessa síberíska afkima. Í margra kílómetra umhverfi sá ég meira og minna ófullgerðar byggingar. Eins og venjulega hafði verið byrjað á að reisa stórar verksmiðjur án þess að hugsa að marki eða jafnvel eitthvað um viðunandi húsnæði handa verkamönnum.

Það hafði þegar verið hrúgað saman um 150.000 mönnum í bæ, sem fyrir fáum árum hafði haft um 30.000 íbúa. Í Stalínsk var líka mikill fjöldi þræla látinn vinna, því að hægt var að fá um 8.000 fanga frá fangabúðum þar í nágrenninu. Sumar af hinum nýreistu skrifstofubyggingum og hús fyrir æðstu starfsmennina, sem aðallega höfðu verið reist af föngum í miklum flýti, voru þegar að hrúni komin, en öll hús og kofar í gamla bænum voru troðfull af fólki. Á bak við hin skrautlegu hús handa verksmiðjustjórninni og nýju húsin handa útvöldum verkamönnum voru óþrifaleg fátækrahverfi, sem nefnd voru „Shanghai“-hverfi. Þau voru í raun og veru eins óþrifaleg og þéttbyggt og verstu austurlensku mauraþúfurnar.

Stórum braggahverfum hafði skotið upp eins og gorkúlum á útjöðrum gamla

bæjarins. Þeir, sem komust ekki fyrir þar, þúsundir fjölskyldna, bjuggu í rökum gröfum í jörðinni, sem við nefndum *zemljankí*. Þessar óhugnanlegu holur í jarðveginnum voru þaktar með uppmjóu þaki og voru sorglega algeng sjón umhverfis nýjar verksmiðjur í Ráðstjórnarríkjunum, þar sem ekki var hægt að reisa ný íbúðarhús jafnórt og fólkinu fjölgaði. Þessar grafir voru venjulega 4–5 metra langar, 2–3 metra breiðar og 2–3 metra djúpar — hér um bil nægilegar til þess að tvær manneskur gætu sofið þar. Oddhvössu þökin voru oftast búin til úr fjölum og styrkt með greinum, hálmi og þurrkaðri mykju og öðru, sem hendi var næst. Þeir, sem heppnastir voru, höfðu nokkrar fjalir til að varna hruni úr veggjunum og leggja á forugt gólfíð.

Í Ráðstjórnarríkjunum er venja að reisa verksmiðjubyggingarnar og verksmiðjustjórnarbyggingarnar fyrst, en láta íbúðarhús handa verkamönnunum mæta afgangi. Á meðan ég gekk um Stalínsk hugsaði ég með mér, hvílíkur munur væri á þessum „Shanghai“-hverfum og moldargröfum og áróðursmyndunum í kvikmyndahúsunum okkar og tímaritunum. Það var ekki mikill svipur með hinum opinberu sögusögnum og hinum óopinbera sannleika!

Ráðamennirnir í Stalínsk tóku hjartanlega, jafnvel af hrifningu, á móti okkur. Þeir voru hreyknir af uppgangsbæ sínum og glaðir yfir, að nýrri verksmiðju ætti að bæta við iðnað þeirra. En jafnvel í fyrstu samræðunum varð ég var við einhvers konar hik, þegar rætt var um einstök atriði í byggingarframkvæmdunum. Við Gerardov komumst fljótt að raun um, að hik þetta var algjörlega réttmætt.

Skilyrðin til að reisa pípuverksmiðju hérna voru ekki aðeins óhagstæð og erfið, heldur bókstaflega engin. Smíði þeirra verksmiðja, sem þegar var verið að reisa, dróst vegna skorts á timbri, sementi, tígulsteini og eldsneyti. Þrátt fyrir fangabúðirnar var hvorki nóg af verkamönnum né lífsskilyrði fyrir fleiri. Yfirvöldin urðu að setja strangar varnarreglur til að koma í veg fyrir, að framkvæmdastjórar hinna ýmsu fyrirtækja stælu vinnuafli hver frá til, hvað þá fyrir hið nýja verk, sem ráðgert hafði verið.

Þegar við sáum staðinn, sem átti að reisa verksmiðjuna á, urðum við skelfingu lostnir. Það var geysistört gróðurlaust svæði á forarblautum fljótsbakka, nokkuð langt frá bænum, án gas- og rafmagnsleiðslna, án járnbrautarteina og spurvagnabrauta, án svo mikils sem akfærs vegar. Það var líkara því, að við ættum að reisa bæ úti í eyðimörk en reisa nýja verksmiðju í iðnaðarbæ, sem þegar var til. Það fé og sá tími, sem við höfðum til ráðstöfunar, hlaut því hvort tveggja að verða með öllu ónógt.

Alvarlegast var þó, að jarðvegurinn var þannig, að það var algjör óhæfa að reisa þarna málmvöruverksmiðju. Það þurfti ekki byggingarverkfræðing til að sjá, að lóðin gat ekki borið þær stóru byggingar og þær þungu vélar, sem nauðsynlegar voru til pípugerðar. Við Gerardov litum hvor á annan og hristum höfuðin. Hvernig í ósköpunum höfðu margir verkfræðingar og nefndir getað samþykkt þennan stað og þessar áætlanir? Hver hafði blekkst ráðuneytið í Moskvu og miðstjórna? Hver

hafði leyft, að fyrirfram hefði milljónum rúblna verið eytt til að gera teikningar og áætlanir um fyrirtæki, sem alveg vafalaust hlaut að misheppnast?

Við gátum ekki svarað þessu, en við vissum, að það myndi vera sama og sjálfsmorð að taka að okkur þetta verk. Ef við hefðum verið í nokkrum vafa í því efni, þá hefði hann horfið þegar við skoðuðum byggingu, sem var þar í nágrenninu, á sams konar lóð. Kjallari hennar var fullur af vatni, veggirnir rennvotir og byggingin komin að hruni, þó að hún væri ekki enn tveggja ára gömul.

Við fórum aftur til Moskvu og höfðum með okkur ljósmyndir, upprætti og önnur gögn. Ég átti hræðilegt starf fyrir höndum — að opna augu stjórnarinnar fyrir ómöguleikanum á því að ráðast í þetta margauglýsta fyrirtæki, sem samþykkt hafði verið af hinum æðstu stjórnarvöldum og gat eyðilagt mannorð, ef til vill valdið dauða tuga háttsettra og lágt settra embættismanna, sem vegna skriffinnsskusleifarlags og tæknilegs ódugnaðar áttu sök á þessum heimskulegu fyrirætlunum.

Skýrsla mín til Merkúlovs og aðstoðarmanna hans, þar með talinn Kozhevnikov, hafði sömu verkanir og jarðskjálfti. Allir störfu ruglaðir á mig. Mér var ljóst, að þeir voru allir saman að hugsa um, hvernig þeir gætu komist undan þeim stjórn mála-óförum, sem þeir bjuggust við að væru í uppsiglingu. Myndin, sem ég hafði dregið upp fyrir þeim, var allt of skýr, allt of sundurliðuð, til þess að hægt væri að þurrka hana út. Auk þess kom það brátt í ljós, að áður höfðu heyrst viðvörunarraddir, en þær höfðu verið þaggðar niður með hótunum. Ábyrgir embættismenn höfðu á mig með ásökunar- og reiðisvip, eins og það væru niðurstöður mínar, sem ættu sök á þessari óþægilegu aðstöðu, en ekki ódugnaður þeirra.

Nú liðu nokkrar vikur með háværum viðræðufundum og ítrekuðum, dulbúnum hótunum um, að það skyldi kosta mig höfuðið, ef ég gerði of mikið veður út af þessu máli. En ég stóðst allar tilraunir, sem gerðar voru til að fá mig til að taka að mér verkið, þó að vissa væri fyrir því, að af því leiddi, að milljónir rúblna og óhemju starfsorka færu í súginn. Að lokum fannst lausn, sem var mjög sérkennileg ráðstjórnarlausn: hún bjargaði áliti embættismannastéttarinnar og leyndi almenning mistökunum.

Í Kemerovo, hér um bil 250 kílómetra frá Stalínsk, líka við Tom-fljótið, var verið að reisa aðra mikilvæga iðnaðarmiðstöð. Um það leyti sem áætlanirnar voru gerðar, hafði komið til orða að reisa pípuverksmiðjuna þar. Skriffinnsskuvélin, sem óttinn hafði sett á hreyfingu, vann nú af alefli, og brátt var allri þeirri hrifningu, sem vakin hafði verið á Stalínsk, lævíslega veitt yfir til Kemerovo.

Undantekningarlaust sáu nú allir í einu, skipulagsskrifstofurnar, háskólagengnu mennirnir, starfsmenn flokksins og hin tæknilegu yfirvöld, að Kemerovo hafði kosti umfram Stalínsk. Það kom nú í ljós, að „stjórn málahorfur“ erlendis — en með því var átt við viðsjárnar við Japan — og almennir hagsmunir síberíska iðnaðarins kröfðust þess, að Kemerovo yrði tekin fram yfir Stalínsk. Stalínsk gat beðið — ég vissi, að það myndi verða til eilífdar, þó að enginn þyrði enn að játa það opinberlega.

Ög þannig barst það út, í þessari ringulreið, sem virðist óhjákvæmileg við stórkostlegar áætlanir, að ég væri skipaður verksmiðjustjóri í Kemerovo, en ekki Stalínsk. Ég krafðist aftur tækifæris til að athuga verksmiðjulóðina, og í þetta sinn gat hvorki ráðuneytið né Glavtrúbostal komið fram með neinar mótbáur.

Sem betur fór kom í ljós, að Kemerovo hafði öll nauðsynleg skilyrði til þess, að verksmiðjufyrirtækið yrði reist þar. Það var borg með hér um bil 125.000 íbúa. Í henni voru breið stræti, stórir skemmtigarðar, raðir af nýjum húsum og sérstaklega skemmtileg hús handa embættismönnum og verksmiðjustjórum. Í úthverfum borgarinnar voru venjuleg svæði með ljótum braggabyggingum og líka nokkuð af aumlegum *zemljankí*, jarðholum, en almennt voru aðstæðurnar óvenjugóðar. Ég sá aðeins eitt skuggahverfi, sem átti skilið nafnið „Shanghai“. Á torgunum, þar sem samyrkjubúabændur úr nágrenninu seldu framleiðslu úr görðum sínum, voru gnægðir nýs grænmetis, kjöts, mjólkur, smjörs og alifugla. Verðið var töluvert lægra en í Moskvu. Í samanburði við Úral virtist Kemerovo forgarður himnaríkis.

Staður sá, sem reisa átti verksmiðjuna á, hafði sýnilega verið ætlaður fyrir annað fyrirtæki, sem nú hafði verið hætt við. Þar voru nokkrar fullgerðar byggingar, undirstöður að röðum af byggingum, járnbrautarteinar, gas- og rafmagnsleiðslur, vatnspípur og aðrar lagnir, sem hlutu stórlega að létta störf okkar. Auk þess vorum við rétt á bæjarmörkunum, og auðveldaði það mjög íbúðar- og flutningsskilyrði verkamanna okkar. Við Gerardov vorum frá okkur numdir af fögnuði.

Yfirvöldin í Kemerovo gerðu allt, sem í þeirra valdi stóð, til að létta undir með okkur. Koma okkar fól í sér, að berast myndu 150 milljónir rúblna inn í borgina, og blöðin í borginni æptu af hreykni yfir hinu væntanlega fyrirtæki. Þó að í Kemerovo væri koksstöð, kolanámur og hergagnaverksmiðjur, var borgin aðallega kunn (að fráskildu því, að hún var alræmd vegna hinna blóðugu málaferla í Moskvu, sem ég mun síðar víkja að) vegna efnavöruiðnaðar síns. Það var opinbert leyndarmál, að efnavöruhringurinn, einn hinn stærsti í veröldinni, framleiddi vörur sínar fyrir herinn.

Félagi Sífúrov, verkfræðingur, sem nú var ritari borgarnefndar flokksins, tók hjartanlega á móti okkur. Tveir starfsmenn NKVD voru viðstaddir, eins og af tilviljun, þegar við hittumst fyrst. Af spurningum þeirra skildi ég, að þeim var vel kunnugt um hneyksli það, sem þaggað hafði verið niður í sambandi við flutning verksmiðjunnar frá Stalínsk til Kemerovo. Hvort sem Merkúlov, Kozhevnikov og aðrir vissu það eða ekki, höfðu augu og eyru leynilögreglunnar í kringum þá verið galopin allan tímann. Framkvæmdastjórn borgarnefndar Kemerovo, sem ég sneri mér til, veitti samþykki sitt til þess, að fyrirtækið yrði flutt þangað til borgarinnar.

Ég fór strax aftur til Moskvu. Því næst dvaldist ég margar vikur í Lenínsgarði og starfaði þar í málmiðnaðarstofnuninni, sem hafði hætt við Stalínsk-áætlanirnar og hraðaði sér að ljúka við áætlanirnar um Kemerovo. Stórar fjárupphæðir voru lagðar inn í bankann í Kemerovo til ráðstöfunar okkar, og ég fór af stað með hóp aðstoðarmanna til að taka við hinni nýju stöðu.

Írína kvaddi mig á járnbrautarstöðinni í Moskvu. Hryggðin yfir skilnaði okkar mildaðist við vitneskjuna um, að ég myndi oft þurfa að ferðast til Moskvu vegna starfs míns.

Erfið vinna er deyfilyf fyrir þann, sem fyrir vonbrigðum hefur orðið. Þannig var mér að minnsta kosti farið. Ég lagði mig fram í hinu erfiða starfi í Kemerovo með orku, sem að miklu leyti átti rót sína að rekja til örvæntingar. Því meir sem ég reyndi á líkama minn, því auðveldara átti ég með svefn á nóttunni. Með því að deyfa huga minn með daglegum vandamálum hins margþætta starfs tókst mér að gleyma hinum sturlandi hugsunum um meiri háttar mál þjóðar minnar. Því dýpra sem hatur mitt varð á allri ógnarstjórninni, af því meiri trúnaði einbeitti ég orku minni að því starfi, sem fyrir lá.

Þó að mér hefði verið trúað fyrir framkvæmdum, sem hlutu að kosta milljónir rúblna af fé stjórnarinnar, er þeim væri lokið, var mér ekki trúað fyrir að velja sjálfur nánustu samverkamenn mína. Æðstu starfsmennirnir voru valdir af ráðuneytinu og yfirmanni Glavtrúbostals, án þess að leitað væri nokkurs álits hjá mér í því efni. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi var að hvetja starfsmennina til að hafa gætur hver á öðrum og skapa gagnkvæma tortryggni milli manna, sem látnir voru vinna saman. Það var einstök heppni, að Gerardov reyndist bæði duglegur og samvinnuþýður yfirverkfræðingur, en báðum var okkur íþyngt með mönnum, sem hvorki voru duglegir né hægt að þola umgengni við. Nokkrir menn, sem valdir voru meðal borgarbúa, voru auðsýnilega njósnaðar umdæmisnefndarinnar í Novosíbírsk, borgarnefndarinnar í Kemerovo, fjármáladeildar NKVD og Glavtrúbostals.

Strax frá upphafi var mikil fyrirhöfn af okkar hálfu gerð árangurslaus vegna stjórnmalasjónarmiða og heimskulegrar skriffinnsku. Ég átti að safna áhöldum og efni og sjá um flutning þess og geymslu. Ég átti að safna saman þúsundum iðnlærðra og óbreyttra verkamanna, sjá um bústaði handa þeim og einföldustu aðhlynningu. Undir venjulegum kringumstæðum gátu slík mál ekki haft í för með sér ókleif vandræði. Undir ráðstjórnarfyrirkomulaginu var krafist opinbers samþykkis óteljandi skrifstofa við hvert skref, og hver af þessum skrifstofum hélt dauðahaldi í réttindi sín og var dauðhrædd við að eiga frumkvæði að nokkru. Hvað eftir annað settu lítillfjörlegustu vandræði snurður á þráðinn, sem enginn þorði að jafna úr án fyrirskipana frá Moskvu. Við lifðum og störfuðum í myrkviði spurningaseðla, eyðublaða og skýrslna í sjö samritum.

Ég ætla að hlífa lesandanum við tæknilegum atriðum, en nokkur dæmi geta gefið dálitla hugmynd um starf okkar í því stefnuleysi, sem með fegrunarheiti er nefnt áætlunarbúskapur.

Við vorum í miklum vandræðum með múrstein. Hundruð fanga komu þræmmandi frá fjarlægum fangabúðum og þræluðu fjórtán klukkustundir á sólarhring til að fullnægja kröfum hinna ýmsu framkvæmdastjóra um þetta byggingarefni. En á sama tíma voru óstarfræktar tvær stórar tígulsteinaverksmiðjur með ágætum véla-

kosti. Stjórn þeirra var í höndum annars ráðuneytis, sem „geymdi“ þessar verksmiðjur til að starfrækja þær í sambandi við einhverjar ævintýralegar framtíðarfyrirætlanir. Ég bað og hótaði og sendi menn til Moskvu til þess að fá afnot þessara tígulsteinaverksmiðja, en skriffinnskan sigraði heilbrigða skynsemi. Tígulsteinaverksmiðjurnar voru ekki starfræktar þann tíma, sem ég var í borginni.

Á meðan við vorum að gera örvæntingarfullar tilraunir til að útvega verkamönnum okkar húsnæði, stóð í úthverfi borgarinnar röð af nýjum, ófullgerðum húsum, sem enginn hafði not af, eins og til að storka okkur. Peningar þeir, sem veittir höfðu verið til að reisa þau, höfðu ekki hrokkið til að fullgera þau. Ég hafði nóg fé til að kaupa húsin og láta ljúka við smíði þeirra, en mér tókst aldrei að brjótast í gegnum tálmanir skriffinnskunnar. Félagið, sem hafði hafið smíði húsanna, var fúst til að samþykkja kaupin. Í raun og veru virtust allir fúsir til þess. Samþykki til þess að ljúka þessum kaupum virtist alltaf vera á næstu grösum, en það kom samt aldrei.

Mikilvæg sporvagnabraut, sem lá yfir lóð okkar, var næstum því fullgerð. Tuttugu til þrjátíu þúsund rúblur myndu hafa nægt til þess, að sporvagnarnir gætu komist til okkar, og peningarnir lágu í bankanum. En vegna einhvers þvættings um fjárhagsáætlun borgarinnar þorðu bæjarráðsmennirnir ekki að taka peningana án úrskurðar frá hærri stöðum. Ég skrifaði tugi bréfa og krafðist þess, að brautin yrði fullgerð. Það voru haldnir háværir fundir um málið í borgarnefnd flokksins og bæjarráðinu. En mánuðir liðu, og ekkert gerðist. Á meðan eyddu þúsundir þreyttra karla og kvenna tveim til þrem klukkustundum daglega í að fara fótgangandi að og frá vinnunni.

Slík óþægindi komu daglega fyrir, hvert á eftir öðru. Þau gerðu hvert verkefni að erfiðu úrlausnarefni. Þau veittu hundruðum óþarfra embættismanna fánýta atvinnu og létu þá að vissu leyti hafa efnalegan hag af því að auka vandræðin og gera þau varanleg. Sérhver ágreiningur og skriffinnskuhindrun var auk þess gerð þungbærari með óráðskennendum njósnum, ákærum og yfirheyrslum.

Ég gæti ekki sagt með sannni, að vandræðin og tafirnar hafi stafað af mannvönsku, þó að reiðin hlypi stundum með okkur í gönur og harðar orðasennur ættu sér stað. Hin raunverulega skýring fólst í óttanum, sem gagnsýrði allt og lamaði einstaka embættismenn og heilar stofnanir.

Kemerovo hafði fengið meira en sinn hlutfallslega skammt af hreinsunarógnunum og var því lengur en aðrar borgir að ná sér. Aðeins fáir af æðstu sérfræðingunum og framkvæmdastjórunum þar höfðu jafnað sig eftir hin hræðilegu áhrif blóðbaðsins. Borgin hafði leikið eftirtektarvert hlutverk í málaferlunum í Moskvu. Efnaverksmiðjum hennar og námum hafði verið lýst sem einum mestu gróðrarstíum skemmdarstarfseminnar, og það var í Kemerovo, sem álitíð var að „leynileg prentsmiðja“ hefði verið sett á stofn og notuð af leiðtogum stjórnarandstöðunnar.

Aðalmaður „samsærismannanna“ í þessari borg átti, eftir því sem haldið var fram, að hafa verið félagi Norkín, sem var einn hinna ákærðu í Pjatakóv-málinu og tekinn af lífi fáum klukkustundum eftir að dómur var kveðinn upp í því. Hann

starfaði í Kemerovo sem erindreki ráðuneytis þungaiðnaðarins. Vegna synda minna sat ég nú í þeirri skrifstofu, sem Norkín, ef trúa má hinni óskiljanlegu játningu hans, hafði stjórnað glæpaverkum sínum úr. Ég átti dagleg viðtöl við suma af þeim mönnum, sem unnið höfðu með honum, og við allmarga, sem borið höfðu vitni á móti honum.

Eftir því sem kynning mín og þessara manna jókst, varð ekki hjá því komist, að nafn Norkíns bæri við og við á góma. Þeir urðu þá undantekningarlaust vandræðalegir, og að því er mér virtist blygðuðust þeir sín líka stórlega. Þeir þurftu varla að segja mér — þó að einn þeirra gerði það að lokum — að NKVD hefði neytt þá til að bera ljúgvitni gegn honum til þess að bjarga lífinu. Oft náði samviskubitið undirtökunum á uppburðarleysi þeirra.

Dag nokkurn varð alvarlegt slys í efnaverksmiðjunum. Ég var þá af tilviljun staddur þar í einrúmi með mikilsvirtum kommúnista, sem starfaði þar. Þegar hann hafði sagt mér frá atvikunum við slysið, sagði hann allt í einu:

„Og það var einmitt fyrir svona slys, sem félagi Norkín og fjöldi annarra voru teknir af lífi. „Skemmdarverkamennirnir“ og „skemmdarvargarnir“ eru dauðir, en slysin halda áfram að koma fyrir. Ég geri ráð fyrir, að þeir stjórnir þeim frá týndum grófum sínum. ...“

„En hvað um játningu Norkíns sjálfs, félagi L.?“

„Verið ekki barnalegur, Víktor Andrejevítj. Ef þessir verkfræðingar hefðu í raun og veru viljað valda slysi, þá hefðu þeir getað sprengt verksmiðjurnar í loft upp. Hvers vegna skyldu þeir þá hafa verið svo nærgætnir að takmarka sig við smátjón og smávægilegar stöðvanir á framleiðslunni? Hvers vegna skyldu þeir hafa þurft að eittra fyrir verkamennina? Játningar! Lygasögur handa heimskingjum erlendis!“

Það var augljóst hverjum verkfræðingi, að efnaverksmiðjurnar, eins og svo mörg önnur fyrirtæki Ráðstjórnarríkjanna, áttu við mikla erfiðleika að stríða. Byggingarnar voru lélegar og að mörgu leyti ófullgerðar. Uppsetning vélanna var fjarri öllu lagi. Verkamennirnir voru ekki nægilega æðir. Sannleikurinn er sá, að óviljandi yfirsjónir og reynsluskortur voru ástæðan til slysanna í þeim fyrir hreinsunina og héldu áfram að valda slysum nú, eftir að „þjóðníðingarnir“ höfðu verið teknir af lífi.

„Í ráðuneyti þungaiðnaðarins eru fullar möppur af skýrslum um atriði, sem orsakað geta slys,“ sagði félagi L. „Margar þessara skýrslna eru skrifaðar af mönnunum, sem síðar játuðu á sig skemmdarverk. Dettur nokkrum í hug sú vitleysa, að verkfræðingar vari við þeim slysum, sem þeir eru sjálfir að undirbúa?“

„Það skyldi maður ekki halda.“

„Og athugið svo, hver áhrif það myndi hafa haft á almenningsálitið, ef stjórnin hefði lagt fram þessar skýrslur í réttinum. Jæja. Ég verð víst að þegja. Það, sem efst er í huganum, vill brjótast fram á varirnar.“

Það, sem sagt er um verksmiðjurnar, á alveg eins við kolanámurnar. Dag nokkurn bað Sífúrov flokksritari mig um að koma í skrifstofu sína hjá borgarnefndinni. Þá

um morguninn hafði flætt í eina af námunum. Fréttin um slysið hafði borist út um alla borgina, og Sífúrov var í mjög æstu skapi.

„Félagi Kravtsjenko, við verðum að fá lánuð hjá yður nokkur hundruð gúmmí-stígvel handa mönnunum, sem eru að dæla vatni upp úr námunum,“ sagði hann. „Mér er sagt, að þér hafið birgðir af þeim, og ég bið yður að hjálpa mér.“

Ég samþykkti auðvitað að lána honum stígvelin. Síðan fórum við að ræða um slysið. Mig langaði til að vita, hvort þetta slys gæti ef til vill verið skemmdarverk.

„Það er engin ástæða til svo hvatskeytlegrar ályktunar,“ sagði Sífúrov. „Bendið mér á einhverja námu hér eða erlendis, þar sem ekki koma einhvern tíma fyrir sprengingar, jarðbrún eða flóð. Það liggur í eðli starfsins, sérstaklega þar sem uppi-stöðurnar eru enn nokkuð frumstæðar.“

„Við vitum þó frá réttarhöldunum og játningunum, að námurnar í Kemerovo eru fullar af skemmdarverkamönnum,“ sagði ég.

Flokksritarinn horfði lengi á mig, gretti sig og skipti um umræðuefni.

Nokkru seinna var ég á viðræðufundi í skrifstofu kolahringsins ásamt embættis-manni, sem orðinn var vinur minn. Viðræðurnar stóðu yfir fram yfir venjulegan vinnutíma, og að lokum vorum við orðnir tveir einir eftir. Allt í einu, án nokkurs sérstaks tilefnis, gekk hann að skjalaskáp, sem þar var, tók þar fram möppu með skjölum og rétti mér hana þegjandi. Ég opnaði möppuna og fór að lesa eftirrit af skýrslum til aðalnámustjórnarinnar í Moskvu.

Það voru skýrslur, sem skrifaðar voru löngu áður en sprengingarnar og hin slysin, sem seinna voru nefnd skemmdarverk, höfðu átt sér stað. Með áhersluríkum og stundum örvæntingarfullum orðum var aðalstjórninni bent á, að gera þyrfti tafarlaugar varnarráðstafanir til að komast hjá tjóni á eignum og mönnum. Það var augljóst mál, hvað þessar viðvaranir fólu í sér. Skemmdarverkamenn hefðu varla gert jafnákveðnar kröfur um, að námustjórnin gerði varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þá glæpi, sem þeir hefðu sjálfir áformað. ...

Játning Norkíns um leynilegu prentsmiðjuna var staðfest við rannsóknina af öðrum föngum í Kemerovo og Novosíbírsk og var auk þess studd af ljósmyndum af prentsmiðjunni og eintökum af flugritunum, sem beint var gegn ráðstjórninni. Þetta var ein af þeim fáu játningum, sem virtust hafa við eitthvað að styðjast. Sagan vakti forvitni mína, og ég sleppti engu tækifæri til þess að afla mér upplýsinga um þetta, þar eð ég var nú staddur í borginni, sem glæpurinn átti að hafa verið framinn í. Ég dvaldist þarna í næstum því heilt ár og gat þess vegna skeytt saman staðreyndunum, og þær reyndust sannarlega viðbjóðslegar. Ég þori ekki að skýra frá, hvernig ég aflaði upplýsinganna, einnar og einnar í senn á löngum tíma. Það gæti sett líf heiðarlegra manna í hættu. Ég verð að láta mér nægja umbúðalaus frásögn um hinn hræðilega sannleika — sannleika, sem er svo ógurlegur, að ég gat ekki fengið mig til að trúá honum, fyrr en ég hafði í höndum alveg vafalaus sönn-unargögn.

Það var í raun og veru leynileg prentsmiðja í Kemerovo. Ég kom oft í kjallarann,

sem hún hafði verið í, og þar sáust enn verksummerki eftir hana. Litlu flugritin, sem gerðu árásir á Stalín og hvöttu til samblásturs, höfðu í raun og veru verið prentuð.

En prentsmiðjan var sett á fót og flugritin samin og prentuð af NKVD sjálfri. Til þess að vera vissir um, að engir ljóstruðu þessu upp, notuðu upphafsmennirnir að þessum svívirðilegu svikum einungis verkamenn, sem gátu alls ekki sagt frá þessu — fanga, sem biðu aftöku eða höfðu verið dæmdir í langvarandi fangelsi. Prentunin var framkvæmd að næturlagi. Auðvitað voru fangarnir undir strangri gæslu, og sérfræðingarnir voru leynilögreglumenn, sem skil kunnu á þessum efnum.

„En hvað um flugritin?“ spurði ég mann, sem var kunnugt um þessar staðreyndir.

„Því er haldið fram, að þeim hafi verið dreift út í þúsundum eintaka.“

„En sá þvættingur!“ svaraði hann. „Þér vitið vel, að hver sá, sem gripinn hefði verið með svona flugrit, hefði tafarlaust verið tekinn höndum. Og þó hef ég ekki heyrt getið um eina einustu handtöku af þessum ástæðum, og enginn maður hér hefur heyrt þess getið. Enginn af verkamönnunum hér virðist hafa séð eða heyrt nokkuð um þessi blöð fyrir málaferlin. Ef til vill hafa samsærismennirnir prentað þau til þess að lesa þau sjálfir í rúmunum sínum á kvöldin.“

Hvað sem öðru leið, hafði sú staðreynd, að Kemerovo — kolanámurnar, efna-verksmiðjurnar og byggingarhringarnir — hafði verið heiðruð með jafnmikilsverðu hlutverki í málaferlunum, þær eftirhreytur í för með sér, að allir voru haldnir tauga-veiklunarkenndum ótta. Enginn gerði neitt án þess að hafa í höndum skrifleg, margstaðfest leyfi frá yfirvöldunum í Novosíbírsk og Moskvu. Þegar ég horfi um öxl, er ótrúlegast af öllu, að okkur skuli hafa tekist að framkvæma eins mikið og raun varð á, áður en fyrirtækinu var skolað burt af nýrri, leyndardómsfullri straumbreytingu í stjórnmálunum. En að því verður vikið síðar.

21. kafli: Styrjöld geisar í Evrópu

GRIÐASÁTTMÁLINN MILLI ADOLFS Hitlers og Josífs Stalíns, sem hratt Evrópu út í styrjöld, mun í endurminningum mínum alltaf verða tengdur við hinn afskekktu bæ austur í Síberíu, sem ég starfaði þá í. Það var í Kemerovo, sem tilkynningin um sáttmálann þaut eins og vígahnöttur um sjóndeildarhring okkar og laust niður eins og sprengju í hugarheimi og samvisku ýmissa flokksfélaga. Við vorum allir lamaðir, ruglaðir og alteknir af efasemdum.

Hinu stutta, rykuga, síberíska sumri hallaði í flaumi af orðrómi um landamæra-skærun við Japani. Það stormviðri stríðsæsinga, sem geisað hafði eftir samningana í München árið áður, var ekki með öllu liðið hjá. Þeir okkar, sem hugsuðu eitthvað um þessi mál, vissu, að báðir aðilar höfðu hótanir í frammi. Okkur hafði aldrei komið til hugar, að land nasistanna gerði griðasáttmála við Ráðstjórnarríkin og sneri styrjaldarmanni sínum í aðra átt. Við höfðum svo lengi talið það sjálfsagt, að nasistarnir ættu aðeins einn óvin, ráðstjórnina.

Ég áleit ráðamennina í Kreml reiðubúna til hvers konar skálkabragða. Mér virtust aðferðir þeirra á þessum tímum litlu betri en aðferðir nasistanna. Á ég þar sérstaklega við meðferð þeirra á þjóð sinni og hvernig þeir styrktu vald sitt. Þegar ég las eða hlustaði á áróðurinn gegn Hitler, gat ég ekki varist þessari hugsun: „Hver er munurinn á þessu og ógnarstjórn ráðstjórnarinnar?“ Þrátt fyrir þetta kinokaði ég mér við að trúa fréttunum um griðasáttmála milli Þýskalands og Ráðstjórnarríkjanna, sem veitti Hitler frjálsar hendur til að fara með ófrið á hendur Póllandi og öðrum löndum Evrópu. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur, hugsaði ég, og allir í kringum mig virtust jafnvantrúaðir.

Hatur til nasistanna hafði verið hamrað inn í okkur ár eftir ár. Æðstu herforingjar okkar, meðal annarra Túkhatjevskíj, höfðu verið skotnir vegna gruns um, að þeir hefðu myndað samsæri með *Reichswehr* Hitlers. Hin miklu landráðamál, sem enduðu með aftöku nánustu samstarfsmanna Leníns, voru reist á þeirri forsendu, að Þýskaland nasistanna og öxulvinir þess, Ítalía og Japan, væru að undirbúa árásarstyrjöld á hendur okkur. Þessar þjóðir voru auðvitað aðeins framvarðarsveitir alheimsbandalags auðkýfinga, sem svarið höfðu að leggja hið sósíalíska föðurland okkar í rústir. Grimmd hinnar miklu hreinsunar hafði einkum verið varin með því að benda á hina yfirvofandi árás á okkur undir forystu nasista.

Þrælmennska Hitlers var í landi okkar orðin nærri því eins heilagt trúaratriði og dygðir Stalíns. Börnin í Ráðstjórnarríkjunum skiptust í leikjum sínum í nasista og kommúnista. Nasistarnir, sem alltaf voru skírðir þýskum nöfnum, biðu ætíð ósigur,

og hinir sigri hrósandi kommúnistar luku leiknum með því að syngja söng hinna ungu brautryðjenda, „Vsegda gatov! Alltaf reiðubúnir!“ Í skotskólunum voru skotmörkin oft útskornar mannsmyndir, sem áttu að tákna nasista, klæddar brúnum skyrtum og veifandi hakakrossfána.

Aðeins fáum vikum áður en sáttmálinn var undirritaður, höfðum við á flokksfundi hlustað á margtugginn fyrirlestur um ástandið í heiminum. Eins og venjulega var Hitler lýst sem erkifantinum og verkfæri hins alþjóðlega auðvalds, sem var að búa sig undir að ráðast á okkur. Þegar fyrirlesarinn sagði, að Hitler og klíka hans væru einræðisherrar, að þeir væru taldir guðir, að ekki væri málfrelsi né prentfrelsi í Þýskalandi og allir lifðu þar í sífelldum ótta, gátu margir okkar ekki komist hjá því að hugsa, að hann væri að bregða upp skýrri mynd af stjórnarfari okkar.

Gömul andnasísk kvikmynd, Mamlock prófessor, var enn sýnd í kvikmyndahúsinu við aðalgötu Keraerov. Hún sýndi ráðherra Hitlers sem hóp dýrslegra, kvalaþyrstra ræningja, sem alteknir væru hatri gegn Ráðstjórnarríkjunum.

Það var ekki fyrr en við sáum fréttakvikmyndirnar og myndirnar í blöðunum af Stalín, sem brosandi hélt í höndina á von Ribbentrop, að við urðum að trúa því ótrúlegasta. Hakakrossinn og hamarinn og sigðin blöktu hlið við hlið í Moskvu! Og skömmu seinna var það Molotov, sem útskýrði fyrir okkur, að nasisminn væri, þegar öllu væri á botninn hvolft, ekki annað en „smekksatriði“! Og loks sendi Stalín einræðisfélaga sínum kveðjur, þar sem farið var hlýjum orðum um „vináttu“ þeirra, „sem væri innsigluð með blóði“!

Til að skilja undrun okkar verður að þekkja hinar opinberu skoðanir kommúnista á nasistum og fasistum fram að þeim tíma, er sáttmálinn var undirritaður. Okkur hafði verið kennt, að á fasisma og kapítalisma væri enginn eðlismunur, heldur aðeins stigsmunur. Fasisminn væri ekki annað en auðvaldsstefna í andarslitrunum, auðvaldsstefna, sem ekki væri lengur dulbúin með „lýðræði“ og „þingræðislegum blekkingum“. Eftir skýringum okkar hafði auðvaldsstefnan í Þýskalandi og Ítalíu neyðst til að taka ofan „lýðræðisgrímu“ sína og hefja opinberlega þær ógnir gegn verkamannastéttinni, sem notaðar voru dulbúnar í Ameríku, Englandi og öðrum löndum. Það var í raun og veru aðeins spurning um tíma, hvenær önnur auðvaldsríki, hrakin í sjálfheldu af fjármálaafglöpum sínum, myndu einnig láta af uppgerðar lýðræðisfyrirkomulagi sínu og taka upp opinskáan fasisma.

Við vorum aldrið upp í þeirri trú, að Hitlerisminn væri þannig aðeins járnhefi hinnar heimsveldissinnuðu auðvaldsveraldar. Ófriður milli Þýskalands nasismans og hinna auðvaldsinnuðu verndara þess væri óhugsandi, rökfræðilegur ómöguleiki. Nú, þegar slík styrjöld hafði brotist út, fannst okkur hún ekki síður brjálæðiskennd en gríðasáttmálinn milli Ráðstjórnarríkjanna og Þýskalands, — þessi samningur, sem frekar ætti að kenna við Stalín og stjórnmalanefndina en Ráðstjórnarríkin, vegna þess, að hvorki var leitað álits um hann hjá flokknum né þjóðinni.

En það er engin andleg svívirðing til, sem stjórn, sem hefur algjör umráð yfir blöðunum, útvarpinu, skólunum og ræðustólunum — og lögreglu til að berja niður

skoðanamun — getur ekki gert sig seka um. Þegar áfallið var liðið hjá, var hin nýja skýring á ástandinu í heiminum almennt viðurkennd. Við endurtókum nú í sífellu, að franskir og enskir heimsvaldasinnar, studdir af auðjöfrum Ameríku og pólskum stórjarðeigendum, ættu í ófriði til þess að bæla niður hina þýsku yfirráðastefnu og að úrslit hans skiptu hina einu „sósíalísku“ þjóð engu máli. Þeir okkar, sem voru í nokkrum vafa um þessar skýringar, grófu þessar efasemdir djúpt í huga sínum, þar sem hinn sístækkandi hópur uppljóstrunarmanna gat ekki komist á snodir um þær.

Mamlock prófessor hvarf úr kvikmyndahúsunum ásamt Oppenheim-fjölskyldunni og öllum öðrum andnasískum kvikmyndum. Úr bókasöfnunum voru líka hreinsaðar allar andnasískar bókmenntir. VOKS, félag menningartengsla við önnur lönd, uppgötvaði þegar í stað dásemdir þýskrar menningar. Þegar ég kom til Moskvu í viðskiptaerindum skömmu seinna, frétti ég, að opnaðar hefðu verið eða í undirbúningi væru margar sýningar á list nasista, fjármálaafrekum Þýskalands nasistanna og hernaðarmætti þess.

Leikhúsin í Moskvu voru að fá mikinn áhuga á þýskum leikritum. Í rauninni var allt þýskt að komast í tísku. Illmannlegur Jón Boli og Sámur frændi, sem sat á troðnum peningapokum, voru algengar tákmyndir í áróðrinum, en það var ekki gert gys að nasistunum. Í gistihúsunum og búðunum í Moskvu voru þýskir liðsforingjar og kaupsýslumenn hundruðum saman. Þeir voru önnum kafnir við að vinna að hinni stórkostlegu áætlun um fjárhagslega aðstoð Rússlands við Hitler í krossferð hans gegn hinum „úrkynduðu lýðræðisríkjum“.

„Helgivald“ Ráðstjórnarríkjanna þarf engin sannfærandi rök til þess að samræma skoðanir flokksmannanna. Það sér sjálfsbjargarhvötin um. Til þess að lenda ekki í vandræðum trúa menn ekki aðeins, heldur trúa innilega og brennandi á sérhverja fjarstæðu, sem fyrirskipuð er frá hinum æðsta sessi. Hinn mikli Stalín veit, hvað hann gerir. — Þannig voru viðbrögð flokksins í heild.

Við ræddum um hina nýju rás viðburðanna, ekki aðeins á hinum ýmsu „sellufundum“, heldur einnig í einkasamtölum á heimilum okkar og skrifstofum. Hvernig getum við í Kemerovo, sögðum við meira og minna ákveðið, látið sem við skiljum svo alvarleg málefni? Okkar starf er að reisa hús, starfrækja verksmiðjur og stjórna þeim mönnum, sem þar vinna, í öruggri trú um, að okkar elskaði lærifaðir geti ekkert rangt gert. Aðeins einstaka þrákálfur meðal flokksmannanna hélt áfram að hugsa um þetta mál. Hinir urðu bráðlega jafnsinnulausir og þjóðin í heild. Eftir tuttugu og tveggja ára einræðisstjórn var raunverulegt almenningsálit orðið óhugsanlegt.

Allt, sem við vissum með vissu, var, að land okkar hafði komist hjá hinni blóðugu styrjöld, sem geisaði annars staðar í Evrópu, og að það væri þakkarvert. Enn fremur það, að við myndum fá nokkuð af herfanginu — helminginn af Póllandi, Bessarabíu og síðar baltnesku ríkin þrjú sem ágóðapókun fyrir hið viturlega hlutleysi Kremlar. Mjög fáir okkar sáu fyrir, að svo gæti farið, að Rússland drægist þrátt fyrir allt inn í styrjöldina, hvað þá að það ætti eftir að verða fyrir meira tjóni

á mönnum og eignum en allar hinar þjóðirnar samanlagt. Við töldum víst, að ófriðarlöndin myndu berjast þar til þeim blæddi út og að Rússland myndi þá verða hinn raunverulegi húsbóndi í Evrópu. Í stjórnmálaáróðrinum hljóðaði þetta svo: Á meðan auðvaldsinnarnir berjast til úrslita, eigum við að styrkja okkur, vígbúast og græða á reynslu annarra. Þegar auðvaldsstefnan og nasisminn hafa veikt hvort annað, munum við, ef nauðsyn krefur, leggja tuttugu milljónir manna, grárar fyrir járnum, í vogarskál sögunnar. Þá mun byltingin í mörgum löndum Evrópu ekki lengur vera hugsjón, heldur veruleiki.

Þetta kaldranalega sjónarmið nefndu leiðtogar okkar „raunsæisstefnu bolsévíka“. Sumir okkar voru órólegir út af þessu og blygðuðust sín. Hlutverk gammsins, sem sveltir í sig skækla af hinni dauðu álfi, hneykslaði okkur. Við kusum heldur að sökkva okkur niður í ævintýraheim fyrstu ára byltingarinnar. Á vissu stigi ófriðarins hugguðu margir okkar sig við þá hugsun, að hinar vinnandi stéttir myndu rísa upp gegn arðræningjunum. Þá myndi yfirráðastyrjöldin breytast í borgarastyrjöld, og stjórnarbylting í allri Evrópu gæti ef til vill á ný vakið uppreisnaranda og hugsjónastefnu þjóðar okkar. ...

Þó að allir samþykktu þessa nýju vináttu við nasistana ásamt hinum vaxandi árásum á önnur lönd Evrópu, get ég vottað, að það var hvergi gert af hrifningu. Alls staðar ríkti ringulreið um þetta mál. Á stjórnmálafundum, þar sem ræðumenn frá Moskvu skýrðu hinar nýju aðstæður, fóru menn hjá sér og voru ruglaðir. Einkum var þetta eftir að Ráðstjórnarríkin höfðu gert innrás í Finnland. Þegar Davíð berst við Golíat, hafa jafnvel vinir Golíats leynilega samúð með hinum hugprúða, litla Davíð. Hvernig gat jafnvel hinn einfaldasti verkamaður á fjöldafundum okkar trúað þvættingnum um, að hið litla Finnland hefði að fyrra bragði ráðist á hinn risastóra nágranna sinn? Sú staðreynd, að við greiddum mjóa ræmu af mýrarflákunum á Kirjálalandi með mörg hundruð þúsundum fallinna, særðra, kalinna og handtekinna hermanna, áður en þessum atburði var lokið, bætti töluverðri auðmýkingu við þetta lítt þokkaða fyrirtæki.

Vegna síðari atburða þarf að festa eitt atriði vel í minni. Stalín var full alvara, þegar hann gerði griðasáttmálann við Hitler. Ef mennirnir í Kreml hefðu haft það í huga, að við þyrftum ef til vill um síðir að berjast við Þýskaland, þá hefði þess verið gætt að varðveita eitthvað af því hatri, sem við bárum til Þýskalands. Áróðri gegn nasistum hefði ekki verið algjörlega hætt og í stað hans borinn fram áróður gegn heimsvaldasinum (gegn Bretum og Bandaríkjamönnum). Þá myndi að minnsta kosti þeim flokksmönnum í Kreml, sem gegndu æðstu embættunum og nutu mests trúnaðar — en marga þeirra þekkti ég — hafa verið bent á, að hættan, sem stafaði af Þýskalandi nasismans, væri ekki algjörlega úr sögunni.

En ekkert þess háttar átti sér stað. Öðru nær. Hvert hvískur gegn Þýskalandi, hvert aumkunarorð um fórnardýr Hitlers, var skoðað sem nýtt dæmi um gagnbyltingartilhneigingar. Hinir frönsku, bresku og norsku „stríðsæsingamenn“ fengu það, sem þeir áttu skilið.

Sú kenning, að Stalín hafi aðeins verið að tryggja sér frest og að hann hafi hervæðst af kappi gegn nasistum, var smíðuð löngu seinna til að breiða yfir þau hræðilegu mistök að treysta Þýskalandi. Þetta var of gagnsæ blekking, sem var aðeins örsjaldan rædd í Rússlandi, meðan stríðið stóð yfir og ég dvaldist þar. Það var fyrst eftir að ég slapp frá Rússlandi út í hina frjálsu veröld, að ég heyrði þessu haldið fram í alvöru og trúað. Þetta er kenning, sem tekur ekkert tillit til mikilvægustu atriðanna í sáttmála Stalíns og Hitlers: hinna stórkostlegu fjárhagslegu skuldbindinga frá Rússlands hálfu, sem lét Þýskalandi í té einmitt þær framleiðsluvörur, hráefni og framleiðslumöguleika, sem voru nauðsynleg fyrir eigin landvarnarundirbúning.

Sannleikurinn er sá, að ráðstjórnin notað ekki frestinn til þess að hervæðast af kappi. Ég var nægilega nákominn landvarnariðnaðinum til þess, að mér sé kunnugt um, að eftir samninginn var slakað á framleiðslu hernaðarnaúðsynja. Almenningsálitið, sem var spegilmynd af hugarfarinu á hinum hæstu opinberu stöðum, taldi, að við hefðum leyfi til að álíta okkur örugga og að þakka bæri það stjórnkænsku Stalíns. Enginn vafi lék á um þetta fyrr en eftir fall Frakklands. Þá fyrst var farið að hraða aftur framleiðslu hernaðarnaúðsynja.

Mér höfðu verið ávísaðar 47 milljónir rúblna í sambandi við starf mitt í Kemerovo árið 1940. Í lok ársins 1939 var undirbúningnum að mestu lokið og við vorum reiðubúnir að reisa aðalbyggingu hinnar fyrirhuguðu verksmiðju.

Í samræmi við venjulegar starfsaðferðir í Ráðstjórnarríkjunum var sjálf byggingarvinnan með samningi fengin í hendur byggingarhringnum Kemerovostrojs. En þar eð aðalábyggingin á hraða verksins og vandvirkni hvíldi á herðum mínum, tók ég auðvitað þátt í öllum samningum þeirra um vinnuafli.

Og á þann hátt kynntist ég í fyrsta sinn aðferðunum við stórkostlega verslun á vinnu þræla. Félagi Barkov, ritari umdæmisnefndar flokksins í Novosíbírsk, og Sífúrov, ritari borgarnefndarinnar í Kemerovo, aðstoðuðu báðir hringinn við að útvega nægilegt vinnuafli. Borgarráðið í Kemerovo tók líka virkan þátt í málinu. Nota átti allmikinn fjölda frjálsra verkamanna, en aðallega var gert ráð fyrir vinnu fanga.

NKVD lofaði að láta þegar í té 2.000 fanga og auka tölu þeirra um vorið, þegar hægt væri að vinna af meira kappi. Frá einstökum atriðum samningsins var gengið á nokkrum fundum í skrifstofu Kemerovostrojs og í aðalstöðvum NKVD. Talsvert var þjarkað, með fullkominni geðró, um gæði þeirra þræla, sem átti að afhenda, og verðið fyrir þá. Ókunnugur maður, sem hefði komið inn meðan viðræðurnar stóðu yfir, myndi frekar hafa haldið, að verið væri að semja um hross eða múlasna en lifandi karla og konur.

Á fyrsta fundinum lét ég mér nægja að hlusta á og talaði fátt. Ég hugsaði með mér: Þetta er þá sósíalisminn í framkvæmd í hinu stéttlausa þjóðfélagi hins farsæla lífs. ... Þetta er þá hinn nýi siður, sem við erum nú með vopnavaldi að neyða Finnland til að taka upp hjá sér. ... Það fór hrollur um mig, og ég hlýt að hafa fölnað.

Mér leið illa. Sífúrov horfði hissa á mig.

„Líður yður ekki vel, Víktor Andrejevítsj?“

„Jú, jú. Það er allt í lagi, ... ég hef aðeins sofð of lítið í þessari viku.“

Umboðsmaður NKVD skýrði frá því, að enginn skortur væri á föngum, þar með talinn hæfilegur fjöldi verkstjóra og iðnlærðra verkamanna. Hann gæti útvegað fimm þúsundir, tíu þúsundir, hvað sem vera skyldi. Það var hreimur af starfs-hreykni í röddinni, þegar hann sagði þetta — eins og hjá hrossaræktarmanni, sem er hreykinn af gæðingum sínum. Einu vandræðin væru, hvar hægt væri að hýsa þá. Í hinum ýmsu fangabúðum í umhverfi Kemerovo væru nú 15.000 fangar, og hann efaðist um, að hægt væri að troða fleirum inn í þær.

Væri hægt að reisa nýjar fangabúðir og fylla þær svo fljótt, að það kæmi okkur að notum? Ef til vill væri hægt að reisa nokkra bragga til viðbótar í þeim fanga-búðum, sem fyrir væru? Að lokum komum við okkur saman um að skoða einar af stærstu fangabúðunum í nágrenninu, áður en nokkuð yrði endanlega afraðið. Að morgni, í bitrum kuldanæðingi, fórum við af stað í lokaðri bifreið til að skoða fangabúðirnar. Við vorum fjórir saman: starfsmaður frá NKVD, fulltrúi frá bygg-ingarhringnum, einn af riturum borgarnefndarinnar og ég. Það var tafsamt að aka gegnum snjóskaflana, en við komumst þó til fangabúðanna eftir hér um bil tuttugu mínútna akstur.

Fangabúðirnar stóðu á hæð, og sást þaðan yfir litla kvísl af Tom-fljótinu. Þær voru á ferhyrnu svæði, umgirtar oddhvassri stauragirðingu með gaddavir að ofan. Varðturnar voru í öllum hornunum og varðklefi við innganginn. Við námum stað-ar við varðklefann. Trébraggarnir voru reistir meðfram girðingunni, þannig að stór ferhyrningur myndaðist í miðju, eins og æfingavöllur. Þessi ferhyrningur lá þannig, að hægt var að skjóta um hann allan með hriðskotabyssunum í turnunum, ef til upphlaups kynni að koma. Rétt við innganginn stóðu nokkur vönduð hús, og voru í þeim skrifstofur fangabúðanna og íbúðir varðanna.

Það var búist við okkur. Vörðurinn vísaði okkur inn í aðalskrifstofuna, en þar hittum við yfirmann fangabúðanna. Hann var lágur maður og digur, ljóshærður, með frekar laglegt, veðurbarið andlit. Hann var ekki einungis kurteis, heldur auð-mjúkur. Það var augljóst, að hann bar djúpa lotningu fyrir borgarnefndinni og þeim NKVD-manni, sem stjórnaði ferð okkar. Ástæðuna til þess frétti ég síðar. Það kom í ljós, að hann hafði verið áhrifamikill kommúnisti, en var rekinn í útleð frá Moskvu. Þó að hann væri yfirmaður fangabúða, var hann sjálfur útlagi og undir sífelldu eftirliti. Þess vegna höfðu bæði flokksskrifstofan og NKVD vakandi auga með honum og gáfu reglulega skýrslur um stjórn hans á fangabúðunum.

Ég hafði nokkrum sinnum áður komið í fangabúðir, en ennþá hafði ég ekki getað vanið mig við þær. Ég var enn haldinn sjúklegri forvitni eftir að kynnast ein-stökum atriðum í lífskjörum fanganna. Aðeins sá, sem skoðar fangelsi, sem hann býst við að lenda sjálfur í, getur skilið sálarástand mitt. Þegar ég leit út um glugg-ann, kom ég auga á um 15 kvenfanga, kynlega dúðaða tötrum til þess að skýla sér fyrir kuldanum, vera að hlaða timbri við hliðina á einu af tígulsteinahúsunum. Ein

þeirra hafði pokadruslu á höfðinu. Nokkrar aðrar voru með hendurnar reifaðar í tuskur í stað vettlinga. Skömmu síðar sá ég fjórar aðrar konur, sem báru stórar fötur, sem gufustrókur steig upp úr.

„Hvað eru þær að gera?“ spurði ég yfirmanninn.

„Þær eru að gefa svínunum og alifuglunum,“ svaraði hann. Hann bætti við, ekki laus við hreykni: „Við framleiðum nægilegt kjöt handa okkur hérna.“

„Handa öllum föngunum?“

„Föngunum!“ endurtók hann hlējandi, eins og ég hefði sagt eitthvað fyndið.

„Þér haldið þó ekki, að við fódrum þjóðníðinga á kjöti? Þér vitið, að þetta er ekki beinlínis hressingarhæli eða matsölustaður. En þér getið trúað, að það er ekki vandalaust að afla matar handa okkur og vörðunum.“

„Og hverjir eru þessir þrír öldungar þarna?“ Ég benti á þrjá skeggjaða menn í bættum yfirhöfnum með klúta um höfuðin, sem voru að vinna við steinahrúgu.

„Tveir kristnir prestar og einn gyðingaprestur. Þeir eru of veikburða til þess að ganga átta kílómetra til Kemerovo-verksmiðjanna, en vinna fyrir sér hér heima í fangabúðunum.“

„Það er einkennilegt,“ bætti fulltrúi byggingarhringsins við, „hversu vel kristnum prestum og gyðingaprestum kemur saman, þegar þessir gagnbyltingarmenn eru komnir inn fyrir gaddavírsgirðinguna. Ég hef tekið eftir því í mörgum fangabúðum.“

„Þetta er rétt. Ég hef sjálfur hugsað um það,“ sagði yfirmaður fangabúðanna.

Á meðan við sátum þarna, ræddum við verkefni okkar. Þó að fangabúðirnar væru þegar troðfullar af 3.000 föngum, áleit yfirmaðurinn, að það væri mögulegt að koma fyrir 1.000 föngum í viðbót, þó að það yrði ekki auðvelt. Hann skýrði frá því, að sumir braggarnir væru eins og sakir stæðu notaðir tvívegis á sólarhring, þannig að annar flokkurinn svæfi, á meðan hinn væri úti að vinna. Því miður væri ekki alltaf auðvelt að koma því þannig fyrir. Það væri undir því komið, til hvers konar vinnu fangarnir væru leigðir. Hann áleit, að eina lausnin, sem til greina gæti komið, væri að setja upp þriðju röðina af „rúmunum“.

„Til þess þarf auðvitað að troða þeim fullþétt saman, en þeim, sem liggja í miðjunni, verður að minnsta kosti hlýrra,“ Hann hló aftur.

Til þess að gera okkur þessa fyrirætlun ljósari bauð hann okkur að líta með sér á nokkra braggana. Við fórum í yfirhafnirnar og gengum með honum. Með reglulegu millibili sáu við lögreglumenn, vopnaða byssum með brugðnum byssustingjum. Bröggunum, sem reistir voru úr ómáluðum borðum og þáttaðir með sagi, var læst að utan og slagbrandur fyrir þeim.

„Hversu margir fangar búa í svona bragga?“ spurði ég.

„Það er misjafnt. Venjulega milli 300 og 350. Í þessum,“ sagði hann, á meðan varðmaðurinn var að opna dyrnar, „eru 310 konur.“

„Standið upp!“ hrópaði vörðurinn inn í hinn langa, dimma, lágreista bragga.

Fangarnir hlýddu þegar í stað. Þær, sem lágu í efri fletunum, klifruðu niður eins og þær ættu lífið að leysa. Aðeins þrjár eða fjórar konur lágu kyrrar. Þær voru

auðsýnilega of veikar til að hreyfa sig. Þetta voru konur á öllum aldri og af ýmsum þjóðernum, en allar voru þær jafntöttralegar og slituppgefnar. Mér varð óglatt af hinum kæfandi óþef af gömlum svita og krömdum veggjalúsum. Mjög lítil dagsbirta komst gegnum óhreina gluggana, sem járngrindur voru fyrir. Nokkrar litlar rafmagnsperur héngu niður úr loftinu, en ekki hafði verið kveikt á þeim.

Svo kalt var í bröggunum, að gufa myndaðist við andardrátt okkar. Þó voru margar af konunum hálfnahtar. Einstaka þeirra reyndi að hylja brjóst sín með einhverri dulu, er þessa óvæntu gesti bar að garði, en flestar voru daprar og sinnulausar. Út úr þeim höfðu verið pyndaðar síðustu leifarnar af blygðunarsemi. Nokkur af andlitunum voru enn ungleg, en enn fleiri ellileg og hrukkótt. Mér virtist flestar þeirra vera milli tvítugs og fertugs. Ég gat ráðið af andlitunum og slitrunum af gömlum klæðnaði, að margar þeirra voru menntaðar konur; þrátt fyrir óhreinindin og þreytusvipinn sást vottur af siðmenningu og menntun í andlitsdráttum þeirra.

„Rúmin“ voru berar fjalir, í mesta lagi fjögurra feta breiðar, festar á digra bjálka, í tveim röðum. Þau voru með öðrum orðum tvær raðir af hillum, án nokkurs rúmfatnaðar. Þarna sváfu fangarnir í töturunum, hver á sinni hillu, með samanfæðar flíkur undir höfðinu. Í miðjum bragganum var lítill ofn, sem hitaður var upp með viði, allt of lítil fyrir svona stóran bragga. Að undanskildum nokkrum fötum við innganginn til að gera þarfir sínar í voru þarna engin húsgögn, engin borð, engir bekkir, bókstaflega ekkert.

Þegar fangarnir komu til fangabúðanna voru tekin af þeim öll bréf og myndir af ættingjum og vinum og allar aðrar endurminningar um hina frjálsu veröld fyrir utan. Rúmföt og jafnvel eins einföld þægindi og tannburstar og skæri voru tekin af þeim. Þeim var fengin málmskál, drykkjarkrukka og tréskíð. Þessar „eigur“ geymdu þær í „rúmi“ sínu eða hengdu upp á vegg. Bækur, pappír og blýantar voru algjörlega forboðnir hlutir, og bréfaskriftir við ættingja voru hvorki leyfðar né mögulegar.

Meðfram einum hinna lágu veggja var eins konar járntrög og fyrir ofan það skál með dreypikrönum. Þegar hinn opinberi leiðsögumaður okkar sýndi okkur þetta, nefndi hann það „þvottatæki“. Því næst útskýrði hann hugmynd sína um, að með því að bæta þriðju hillunni við hvert „rúm“ væri mögulegt að troða 100 konum til viðbótar inn í þennan bragga. Hann hefði alveg eins vel getað verið að tala um stórgripi og tók ekkert tillit til fanganna, sem stóðu þöglir og hlustuðu á viðræðurnar. Á einum veggnum sá ég gatslitið rautt klæði, sem máluð hafði verið á með hvíttri málningu setningin: Vinna — vegurinn til uppreistar.

„Hafa allir þessir fangar drýgt glæpi?“ spurði ég, þegar við gengum út.

„Nei,“ svaraði yfirmaðurinn, „þetta eru allt stjórnmalafangar — kúlakkar og aðrir gagnbyltingarmenn. Í karlmannabröggunum látum við þá vera saman, en við höfum þá reynslu af konunum, að heppilegra sé að halda glæpakonum og vændiskonum aðskildum frá „þeim stjórnmalalegu“. Það er miklu erfiðara að halda uppi aga meðal kvenfanga.“

Lögreglumaðurinn fór nú með okkur til annars bragga, dálitlu minni. Yfirmaður fangabúðanna sagði mér, að þar hefðu allar konurnar gert sig sekar um glæpsamlegt athæfi og sumar þeirra væru vændiskonur. Þar eð hann gat sér þess til, að ég hefði meiri áhuga á fangabúðunum en málefnum, sem var tilefni komu okkar, var hann fús á að gefa mér upplýsingar.

Aftur stóðu fangarnir upp í kveðjuskyni. Ég held, að ekki geti borið hræðilegri sjón fyrir augu eðlilegs karlmanns en nokkur hundruð óhreinar, veiklulegar og tötrum klæddar konur. Hún særir djúpstæðar, rómantískar tilfinningar hans.

„Starosta, komdu hérna!“ skipaði yfirmaðurinn.

Starostan eða eftirlitskona braggans gekk fram. Hún virtist vera um hálfertugt og var í rifnum, blettóttum kjól, sem eitt sinn hafði verið glæsilegur. Andlitsdrættir hennar báru vott um horfna fegurð. Hún stóð bein, með hendurnar fyrir aftan bak.

„Hér er allt í lagi, yfirmaður,“ sagði hún með skýrri, en sviplausri röddu. „Ein veik. Hinar reiðubúnaðar að taka við matnum og fara til vinnu.“

„Gott. Farðu!“

Mér varð litið á auglýsingu á veggnum rétt við dyrnar, þar sem við stóðum. Þetta var reglugerð, sem mælti fyrir um hreinlæti og skilyrðislausu hlýðni. Neðst á skránni voru refsingarnar feitletraðar með stórum bókstöfum: Fyrsta brot, tveir dagar án matar; annað brot, fangelsi í einrúmi að minnsta kosti í eina viku; þriðja brot, framlenging fangelsistímans eftir ákvörðun yfirvaldanna eða „hæsta stig af sjálfsvörn þjóðfélagsins“, en það þýðir á ráðstjórnarmáli: að vera skotin til bana.

Þegar við fórum úr bröggunum, spurði ég yfirmanninn, hvort hann hefði nokkurn tíma neyðst til að láta fanga sæta dauðarefsingu.

„Ekki síðan í samsærinu í fyrra,“ svaraði hann. Hann gekk sýnilega að því vísu, að ég sem embættismaður í Kemerovo vissi, hvað hann ætti við.

Braggar karlmannanna, sem hann sýndi okkur næst, voru svipaðir bröggum kvennanna. Þar eð ég var nú nokkuð farinn að venjast sýninni og óþefnum, gat ég athugað fangana nánar. Þó að flestir þeirra væru Rússar, voru þar líka Úzbekar, Túrkménar, Tatarar, Armenar, gyðingar, Pólverjar og nokkrir Kínverjar. Þrátt fyrir það að þeir voru allir ólýsanlega skítugir og tærðir, litu sumir þeirra gáfulega út, báru jafnvel með sér, að þeir höfðu verið miklir menn. Ef til vill eru þetta verkfræðingar, prófessorar, rithöfundar eða flokksleiðtogar, sem hafa fallið í ónáð, hugsaði ég. Ég tók eftir háum, herðabreiðum fanga, sem stóð beinn og horfði beint í augu mér. Ég var jafnviss um og ef ég hefði séð hann einkennisklæddan, að hann hafði verið liðsforingi. En flestir fanganna virtust auðvitað venjulegir bændur og verkamenn.

Í einum bragganum var umsjónarmaðurinn sterkbyggður maður, nefbrotinn, með lítill, lævísleg augu.

„Þetta er Shtsjelkúntsji,“ kútskýrði yfirmaðurinn. Orðið þýðir hnetubrjótur.

„Hvers vegna er hann kallaður hnetubrjótur?“ spurði ég.

„Hann er frægur peningaskápaþjófur og er þekktur undir þessu auknefni í tylft

héraða,“ svaraði hann hlējandi. „Glæpamennirnir eru betri braggaumsjónarmenn en stjórnmálafangarnir. Þeir eru ekki eins viðkvæmir.“

„Flestir þeirra líta niður á stjórnmálafangana,“ bætti NKVD-maðurinn við og brosti. „Þér skiljið, þeir eru ekki þjóðniðingar, ... aðeins óþokkar, sem hafa gert sig seka um lögbrot.“

„Hvert er hlutfallið á milli fanga, sem dæmdir hafa verið fyrir glæpi, og stjórnmálafanga?“ spurði einhver okkar.

„Venjulega eru aðeins 10–15% af föngunum hérna dæmdir glæpamenn, þar með taldar vændiskonurnar. En auðvitað gerum við engan greinarmun í meðferð þeirra.“

Á leiðinni heim sagði NKVD-maðurinn mér nokkru nánar frá lífi fanganna. Hann sagði, að fangarnir mættu ekki reykja í bröggunum. Það er undantekning, ef ættingjar þeirra vita, hvar þeir eru. Fangar, sem dæmdir eru í stutta refsivist, eru venjulega settir í fangelsi eða vinnusveitir, en fangabúðirnar eru fylltar körlum eða konum, sem dæmd eru til 5, 8, 10 eða fleiri ára fangavistar, eða þá ævilangt.

En refsítíminn skiptir litlu máli, því að fangarnir eru sjaldan látnir lausir. Þeir eru ekki látnir lausir af sjálfsdáðum, þegar refsítíminn er á enda, heldur aðeins eftir sérstakri fyrirskipun frá NKVD í Moskvu, sem venjulega framlengir refsítímann af handahófi, til þess að her hennar af nauðungarverkamönnum sé fullskipaður. Þeim, sem látnir eru lausir, er sjaldan eða aldrei leyft að fara aftur til upprunalegra heimkynna sinna, heldur eru neyddir til að setjast að í ákveðnum héruðum, venjulega í fjarlægum hlutum Síberíu, í Austur-Asíu eða nyrstu héruðum landsins. Það eru í raun og veru til heil, stór þjóðfélög, sem í eru aðeins fyrrverandi fangar.

Verstu fangabúðirnar eru nyrst í landinu eða lengst austur í Asíu og í síberísku freðmýrunum. Þar eru 30–40 þúsund fangar í hverjum fangabúðum um sig. Þar eð dánartalan þar er óskaplega há, hafa sumar af þessum fangabúðum sérstakar fanga-deildir, sem gera ekkert annað tólf til fjórtán klukkustundir á hverjum sólarhring en að grafa líkin.

Í fangabúðunum, sem við vorum að koma frá, var brauðskammtur fanganna — og brauð var aðalfæða þeirra — frá 300–800 grömm á dag, og fór eftir því, hvers konar störf þeir voru látnir vinna, tegund afbrota þeirra og vinnuafköstum. Auk þess fengu þeir þunna, hvíta grænmetissúpu tvisvar á dag, ennfremur hafragraut og stundum ögn af þurrkuðum fiski. Ef þeir afköstuðu ekki því, sem krafist var, þá var þeim refsað með því að dregið var úr matarskammtinum. Skyrbjúgur, blóðkreppusótt og aðrir sjúkdómar, sem stafa af næringarskortri, svo og kal, eru algengir sjúkdómar í öllum fangabúðum. Flestir fanganna, sem ég sá, höfðu sár, sem gröftur vall úr, augnabólgu og önnur áberandi einkenni farinnar heilsu. Við reglulegt þrælalhald, eins og til dæmis það, sem var í Bandaríkjunum fyrir borgarastyrjöldina, voru þrælarnir fjárhagslegt verðmæti og var þess vegna látin í té vernd og umhyggja sem vinnudýrum. Staða ráðstjórnarþrælanna er miklum mun verri. Þar er af geipinógu

að taka, og þrælahaldarinn, Ráðstjórnarríkin, álitur sýnilega, að það borgi sig betur að láta þá deyja hópum saman en að fæða þá og klæða.

„Hvaða samsæri var hann að tala um?“ spurði ég.

„Það var í árslok 1938,“ svaraði flokksritarinn. „Sumir fanganna neituðu að fara til vinnu. ... Það var eitthvað talað um, að maturinn væri skemmdur. Stjórn fangabúðanna tók málið auðvitað mjög föstum tökum. Fjórtán upphafsmennirnir, tólf karlmenn og tvær konur, voru skotnir. Aftakan fór fram í fangabúðunum, og öllum föngunum var raðað í raðir og þeir látnir horfa á hana. Síðan voru smáhópar valdir frá öllum bröggunum til að grafa grafirnar rétt fyrir utan gaddavírgirðinguna. Það er ekki mikil hætta á öðru samsæri, meðan fangarnir muna eftir þessu. Auðvitað hefur yfirmaður sérhverra fangabúða vald yfir lífi og dauða fanga sinna. Nú eru ekki tímar fyrir frjálsslyndi í meðferð á fjandmönnum þjóðarinnar.“

Síðasta setningin var auðvitað sögð til að tryggja sig stjórnmálalega. NKVD-maðurinn, sem var með okkur, var náinn vinur flokksritarans. En hvers vegna skyldi hann eiga nokkuð á hættu?

Áður en húsnaðisvandræði hinna 2000 þræla okkar höfðu verið leyst, var hætt við allt fyrirtækið. Það var „lagt til hliðar“, eins og það er nefnt á máli skrifinnanna.

Þar eð ég hafði ekkert hugboð um, að öllu erfiði mínu í Kemerovo myndi verða kastað á glæ, gladdi það mig, að ég var skyndilega kallaður til Moskvu síðast í desembermánuði. Ég hugsaði með mér, að þá gæti ég haldið gamlárskvöld hátíðlegt með Írínu. Ég bjóst ekki við neinu alvarlegra en að rætt yrði endanlega um fyrirætlanir okkar árið 1940. En þegar ég hitti féлага Kozhevnikov, var hann mjög alvarlegur á svip.

„Ég hefslæmar fréttir að færa yður, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann. „Miðstjórnin og Sovnarkom hafa ákveðið að stöðva smíði pípuverksmiðjunnar í Kemerovo fyrst um sinn. Fjárveitingin hefur verið skorin niður í milljón rúblur, sem rétt nægir til viðhalds á því, sem gert hefur verið.“

Ég starði forviða á hann.

„En þetta er ómögulegt! Við höfum unnið eins og þrælar. Allt hefur gengið vel. Hvernig getur staðið á þessu?“

„Spyrjið mig ekki. Ég er aðeins yfirmaður Glavtrúbostals. Ég hef ekki verið spurður ráða — mér var aðeins tilkynnt þetta. Okkar í milli sagt er ég jafnillur yfir þessu og þér.“

„Undirbúningurinn hefur kostað margar milljónir,“ hélt ég áfram. „Geysimikið byggingarefni er þarna tilbúið til notkunar. Allir, sem þekkja síberíska iðnaðinn, vita, að fyrirtækið er mjög mikilvægt. Hvernig í ósköpunum stendur á þessu?“

„Ég geri ráð fyrir, að það sé ástandið í alþjóðamálum. Nú, þegar við erum komnir í vináttusamband við Þýskaland, liggur ekkert á að hraða landvarnarundirbúningnum. Við höfum fengið tíma til að kasta mæðinni.“

„En stóðu fyrirætlanirnar í Kemerovo ekki aðallega í sambandi við ófriðarhættuna í austri? Við verðum enn að hugsa um Japan.“

„Það er atriði, sem heyrir undir æðri stjórnvöld og við ættum helst að skipta okkur sem minnst af. Eftir sáttmálann milli Ráðstjórnarríkjanna og Þýskalands hygg ég að japanska hættan verði ekki talin bráð.“

„Hvað verður um mig, félagi Kozhevnikov? Ég er ábyrgur framkvæmdastjóri og hef notað milljónir rúblna til undirbúnings verkinu. Á ég að segja flokknum álit mitt á þessari ákvörðun?“

Reynsla mín í hreinsuninni miklu hafði gert mig vakandi gagnvart hættu. Mér var ljóst, hve auðveldlega væri hægt að gera saklausa embættismenn að sektarlömbum fyrir þau axarsköft, sem æðri stjórnarvöld gerðu sig sek um, og ég áleit það hræðilegt axarskaft að hætta við pípuverksmiðjuna í Kemerovo.

„Ég myndi ráðleggja yður að vera rólegur, Víktor Andrejevítsj. Þér eigið aðeins að ljúka við reikningsskilin í Kemerovo og koma svo hingað. Kemerovostroj er búin að fá fyrirskipun um að stöðva vinnuna.“

Átti ég að fara að ráðum hans og taka ákvörðuninni með þögn? Ég velti þessu fyrir mér vikum saman. Ef ég léti í ljós álit mitt, þá myndi það móðga þá embættismenn, sem höfðu ákveðið þetta. Það myndi baka mér óvináttu margra manna. Ef ég aftur á móti gerði ekki neitt, væri hægt í hreinsun síðar meir að nota það sem sönnun gegn mér um afskiptaleyzi og skort á bolsévika-starfsáhuga. Fyrirtækið hafði auk þess hernaðarlegt gildi. Ég hafði ástæðu til að óttast, ef ástandið í alþjóðamálum breyttist, að þá yrði leitað eftir sektarlömbum vegna þess, að hætt hafði verið við verkið, og nýjum „þjóðniðingum“ refsað. Skuldinni myndi hvorki verða skellt á miðstjórnina né Sovnarkom — þær stofnanir eru syndlaugar og friðhelgar — en hún myndi lenda á saklausum mönnum eins og mér. Auk þess var þetta orðið mér tilfinningamál. Mér fannst ég hafa verið blekkur.

Jafnvel undir hinu lífvana, reglufasta fyrirkomulagi áætlunarbúskaparins getur maður fengið áhuga á starfi sínu. Ég hafði unnið að Kemerovo-fyrirætluninni án þess að hlífa mér. Mikilfengleiki hennar og gildi fyrir framtíð Síberíu hafði vakið mikinn áhuga hjá mér. Ég hafði unnið, gert áætlanir og átt í deilum við alls konar embættismenn vegna þeirra stóru verksmiðja, sem ég sá í anda rísa upp á þessum stað. Það var ekki auðvelt fyrir mig að setta mig við það, að allt þetta væri unnið fyrir gíg.

Vafinn um, hvernig ég ætti að haga mér í þessum efnum, leystist, þegar ég kom aftur til Kemerovo. Ég sá þar, að ráðamennirnir í bænum voru örvæntingarfullir yfir því, hvernig þessu máli var komið. Bæði borgarnefndin og umdæmisnefndin í Novosíbirsk sendu opinber bréf til Moskvu og báðu um, að ákvörðunin yrði tekin til nýrrar athugunar. Þeir sögðu, að verkið hefði verið vel á veg komið og margar mikilvægar verksmiðjur hefðu gert ráð fyrir að geta fengið þarna stálþípur þær, sem þær þurftu að nota. Í báðum bréfunum var lokið lofsorði á stjórn framkvæmdanna og sérstaklega á mig sem framkvæmdastjóra.

Mér fannst ég ekki eiga annars völ en að styðja beiðni þeirra — og voru það mistök, sem áttu eftir að verða mér til kvalræðis í langan tíma. Í bréfi til miðstjórnarrinnar og félaga Merkúlovs, sem var þjóðfulltrúi járnvöruíðnaðarins, fór ég fram á, að haldið væri áfram byggingarframkvæmdunum í Kemerovo.

Þegar ég kom til Moskvu, varð ég þess fljótt var, að þetta tiltæki mitt hafði skapað meiri andúð á mér en ég hefði látið mér detta í hug. Sérhver stofnun í Ráðstjórnarríkjunum er vermireitur einstaklingsbundinna deilna, klíkna í kapphlaupi og tærandi öfundskýki. Slíkt andrúmsloft er næstum því óhjálpslegt þar, sem stjórn-málaleikni og áhrif eru þau verðmæti, sem mestu máli skipta. Kozhevnikov var full út af því, að ég hefði ekki farið að ráðum hans. Aðstoðarmaður hans, Golovanenko, sem ég hafði verið ósammála um ýmis tæknileg atriði, hafði auðsýnilega lengi verið óvinur minn. Nú hafði hann átyllu til að láta móðgun sína bitna á mér.

Merkúlov þjóðfulltrúi virtist vera sá eini, sem var mér sammála. En hann gat varla veitt mér stuðning. Hann sagði mér í trúnaði, að miðstjórnin hefði kosið sérstaka nefnd til þess að rannsaka allan járnvöruíðnaðinn og væri Malenkov formaður hennar. Ívan Tevosjan, armenskur maður, sem naut mikillar hylli Stalíns, átti sæti í nefndinni. Merkúlov gaf í skyn, að það væri ljóst, að fyrirhugað væri að gera sig sjálfan að sektarlambi fyrir allt, sem aflaga hefði farið í iðnaðinum. Hann var látinn fara úr stöðu sinni skömmu seinna, og varð Tevosjan eftirmaður hans.

Það leið meira en mánuður, án þess að mér bærst svar frá miðstjórninni við bréfi mínu. Ég varð órólegur. Samkvæmt ráðleggingum vina minna, sem fylgdust vel með í stjórn-málunum, sendi ég eftirrit af bréfi mínu til einkaskrifstofu Stalíns. Þetta skref gat að vísu tryggt mig gegn beinum refsiaðgerðum frá móðguðum og kvíðafullum embættismönnum í ráðuneytinu, en það jók á misgerðir mínar í augum þeirra.

Þeir komu fram grimmilegum hefndum, með vöxtum og vaxtavöxtum. Með því að vefa saman þrælslega og langsóttu saksókn á hendur mér — sem ég mun síðar lýsa — tókst þeim að flækja mér inn í afar furðuleg málaferli, sem stóðu yfir í tvö ár. Þeim tókst ekki að koma mér í fangelsi, og að lokum sýknaði hæstiréttur mig algjörlega. En þeim tókst að gera mér lífið leitt í marga mánuði og koma mér í allt of nán kynni við réttarfarið í Ráðstjórnarríkjunum.

Á meðan ég beið eftir nýju starfi, greiddi Glavtrúbostal mér laun. Mér féll hið óvænta athafnaleysi vel í geð. Kvöld eftir kvöld fór ég með Írínu í leikhús, á söngskemmtanir, í söngleikhús og á danssýningar. Eins og flestum Rússum þykir mér vænst um Moskvu í hinum kyrrláta vetrarbúningi, þegar dagarnir eru skammir og næturnar kristalskærar og líf borgarinnar sveipað þykkum snjóblæjum.

Þessa fyrstu mánuði ársins 1940 var Moskva ein af þeim fáu höfuðborgum í Evrópu, sem ekki voru myrkvaðar vegna ófriðarins. Á þessa staðreynd var bent sí og æ sem sönnun um skarpskyggni okkar ástkæra læriföður og leiðtoga. Stríðsfréttirnar voru prentaðar með smáu lettri á öftustu síðu dagblaðanna, eins og þær kæmu okkur í raun og veru ekkert við. Það voru þó þær, sem menn lásu fyrst og af mestum

áhuga. Ósjálfrátt efuðust menn um réttmæti hinnar opinberu skoðunar, að land okkar gæti til lengdar forðað sér undan þeim förnareldi, sem breiddist meira og meira út. Ef til vill var það þessi öryggisleysistilfinning, sem setti sérstakan svip á samkvæmislíf og listamannalíf borgarinnar. Menn voru á glóðum, eins og þeir væru með hitasótt.

Það virtust vera fleiri samkvæmi en venjulega. Götuljósinn og hinar fáu ljósauglýsingar virtust ljóma af meiri hroka. Þýsku embættismennirnir og liðsforingjarnir, sem staddir voru þar, einkum í hinum stóru gistihúsum og veitingaskálum, settu ófriðarblæ á sviðið.

Styrjöldinn setti einnig á annan hátt svip sinn á þessa hlutlausu höfuðborg. Hinar svonefndu opnu verslanir, þar sem ríkið seldi öllum, sem gátu borgað, vörur á geipiverði, fylltust allt í einu af óþekktum, erlendum vörum: karlmannafatnaði, kjólum, skóm, vindlingum, súkkulaði, kexi, osti, niðursuðuvörum og hundruðum annarra hluta, sem báru þess ljósan vott, að þær voru ekki framleiddar í Ráðstjórnarríkjunum. Þetta var varningur frá landamærahéruðum nágrannarríkjanna, sem Rauði herinn hafði hernumið. Fyrst komu erlendu munaðarvörurnar frá Póllandi og Finnlandi; síðari hluta ársins fór að bera á herfanginu frá Eystrasaltlöndunum og síðast frá Bessarabíu.

Eftir kenningum áróðursins „frelsuðum“ við þessi landssvæði frá arðráni og fátækt auðvaldsins. Í raun og veru voru íbúar Moskvu himinlifandi yfir að geta keypt hinar dásamlegu vörur auðvaldsframleiðslunnar í hinum „sósíalíska“ höfuðstað. Þúsundir ráðstjórnarembættismanna hreyktu sér með rændri glæsímennsku, og furðulegar sögur, sem sumar voru eflaust ýktar, breiddust út um höfuðborgina um þá dásamlegu hluti, sem hinar frelsandi ráðstjórnarhersveitir „höfðu tekið til handargagns“ í hinum hernumdu löndum.

Glavtrúbostal leitaði fyrir sér um hæfilega stöðu handa mér. Auðvitað er hægt að skipa ráðstjórnarþegn að vinna hvar sem er án þess að spyrja hann um það og fyrirvaraust. En ef um ábyrgðarstöðu er að ræða, þá er í reynd fylgt þeirri skynsamlegu reglu að fara svo sem unnt er að vilja starfsmannsins. Ráðuneytið bauð mér framkvæmdastjórastöðu við málmvöruverksmiðju í Transbajkal-héraðinu í Austur-Síberíu. Til mála kom einnig yfirverkfræðingsstaða við verksmiðju í Úral. um skeið var haft í huga að gera mig að framkvæmdastjóra málmvöruverksmiðju í Gorkíj-héraðinu. En ekki varð neitt úr þessu.

Hvað viðvíkur óskum mínum, var ég orðinn svo þreyttur á flökkulífi mínu í mörg ár, að ég þráði af heilum hug rólegt heimilislíf. Mig langaði mjög mikið til þess að vera áfram í Moskvu, sem kom mér fyrir sjónir sem paradís í samanburði við aðra landshluta. Það þurfti mikla lagni og einnig talsverð stjórn málaáhrif, og naut ég í því sambandi ágættrar aðstoðar Andrejevs, sem sat í stjórn málanefndinni. Að lokum fékk ég starf í Moskvu — í málmvöruverksmiðju í Filí, í útjaðri Moskvu. Það var ekki há staða, tveim stigum neðar en staða sú, sem ég hafði haft, en hún var í höfuðborginni, og ég var ánægður.

Verksmiðja þessi hafði verið til fyrir byltinguna, en hafði verið stækkuð og færð til nýttisku horfs á síðustu árum og hét sama nafni og hringurinn, Glavtrúbostal. Aðalframleiðsluvörur heimar voru stálbönd og pípur. Ég var aðstoðaryfirverkfræðingur í verksmiðjunni og bar því aðalábyrgðina á framleiðslunni.

Æðstu starfsmenn verksmiðju þessarar höfðu unnið saman í mörg ár. Þeir höfðu myndað með sér klíku, sem aðrir höfðu ekki aðgang að. Framkvæmdastjórinn hét Mantúrov. Hann var hár, rauðbirkinn og freknóttur maður. Hann var grófgerður og sjálfmenntaður og hafði lag á að leyna algjörri vanþekkingu sinni á öllum iðnfræðilegum málefnum með ruglkenndu gorti. Hann hafði öðlast nokkra frægð sem skæruliði í borgarastyrjöldinni og lifði enn á þeirri stjórnmalainnstæðu. Þó að hann hefði verið framkvæmdastjóri iðnfyrirtækja í mörg ár, skildi hann ekkert í rekstri þeirra. Og stundum varð hann bókstaflega gramur við þá verkfræðinga, sem gátu leyst einhver vandræði.

Fornvinur hans og aðalstuðningsmaður var félagi Jegorov, sem var flokksritari verksmiðjunnar og einnig yfirmaður sérdeildar hennar. Það var stuttur, digur, miðaldra maður, með mjög loðnar augnabrúnir. Hann var mjög hreykinn af sambandi sínu við fjármáladeild NKVD. Þegar hann rölti hnakkakertur gegnum verksmiðjurnar og skrifstofurnar, voru verkamennirnir vanir að muldra eitthvað á bak við hann um „litla Stalín okkar“. Kuldalegar augnabrúnir hans gerðu mér gramt í geði þau ár, sem ég var í návist hans.

Þriðji maðurinn í þessum innsta hring var formaður verkalýðsfélagsins, félagi Papashvílí, dökkleitur Georgíumaður, fæddur bragðarefur. Ritstjóri verksmiðjublaðsins og nokkrir aðrir virkir kommúnistar höfðu lagt lag sitt við þá, og var þetta því geðugasta fjölskylda, þegar þeir komu saman.

Undir stjórn hins nýja þjóðfulltrúa, Tevosjans, vinar Stalíns, var gert mikið átak til að auka framleiðsluna. Háum viðbótarverðlaunum var lofað, þegar pantanirnar væru afgreiddar, og verksmiðjustjórninni var heitið aukaverðlaunum fyrir hverja hundraðstölu, sem framleiðslan ykist um. Þar eð verksmiðjustjórnarklíkan gat ekki samþykkt verðlaun handa sjálfri sér, án þess að þau næðu einnig til æðstu iðnlærðu stjórnendanna, fékk ég mikið fé handa á milli. Þeir mánuðir komu fyrir, að laun mín ásamt uppbótum komust upp í 4.500 rúblur. Írína fékk 1000 rúblur á mánuði fyrir þýðingar sínar. Samanlögð mánaðarlaun okkar voru því þegar vel lét 20–25 sinnum hærri en meðalkaup verkamanna.

Þó að við værum þannig vel efnuð, var „íbúð“ okkar ekki nema tvö lítil herbergi á efstu hæð þriggja hæða húss í miðbiki borgarinnar, nr. 5 við Rozhdesvenka-götu. Húsið hafði áður verið gistihús. Nú bjuggu í því, við sama gang og við, nokkrar fjölskyldur með húsgögn sín, þjónustulið og margs konar vandamál. Meðal sambylismanna okkar var fyrrverandi dansmæðing með fullorðna dóttur sína; verkstjóri í verksmiðju ásamt konu sinni; subbuleg og fúllynd ekkja fyrrverandi kaupmanns, hún var alltaf í gatslitnum görmum, sem áður höfðu verið skrautklæði; háttsettur

embættismaður í einhverri stjórnardeild. Sumar fjölskyldurnar höfðu þjónustulið. Við höfðum aðeins ræstingakonu, sem bjó ekki hjá okkur, en kom til okkar daglega.

Þó að við lifðum innan um þennan mislita hóp í nokkur ár — í svo miklu ná-býli, að við vorum hvert öðru til óþæginda og ama — kynntumst við þessu fólki raunverulega ekkert. Eiturduft tortrygginnar þakti okkur eins og alla þá hópa manna, sem lifðu í nauðugu og þreytandi nábyli hver við annan. Þeir, sem eru svo draumlyndir að halda, að sameiginleg vandræði tengi menn saman, hafa aldrei búið í troðfullri bæjarbyggingu í Moskvu. Þessar mörgu fjölskyldur höfðu tvö eldhús, eitt baðherbergi og vatnssalerni og einn síma, sem var frammi á ganginum, til sameiginlegra afnota. Við gáfum ekki gaum að rifrildinu, daðrinu og rökræðunum umhverfis okkur. Þegar síminn hringdi, hlupu allir fram á gang. Sá grunur lék líka á, að sumir nágrannar okkar væru ef til vill lögreglunjósnarar.

Í húsi okkar var njósnari NKVD eina manneskjan, sem við höfðum ekki grunað um að vera það. Ég komst ekki að því fyrr en löngu seinna, meðan á styrjöldinni stóð. Það var kaupmannsekkjan, sem hét Sílína. Vafalaust hefur hún neyðst til þess að takast þetta starf á hendur af ötta, til þess að forðast að vera rekin í útlegð sem stéttaróvinur. Hún hlustaði á símtöl okkar, lá á hleri við dyrnar og gaf lögreglunni skýrslur með reglulegu millibili. Stundum furðuðum við okkur á, hvernig hún gat fengið aukamatarskammta. Þegar ég hafði komist að, hvert starf hennar var, lá það í augum uppi.

Að undanskilinni þessari konu var allgott samkomulag með okkur nágrönnunum. Eins og Rússar eiga vanda til, vorum við fús á að gleyma smávegis missætti. Og þegar ógæfan drap á dyr hjá einhverjum, vorum við öll reiðubúin að hjálpa.

En enginn skyldi halda, að við höfum haft lélegt húsnaði, þegar höfð er hliðsjón af húsnaðisskilyrðum í rússneskum borgum. Írína hrósaði happi að hafa fengið slíka íbúð í góðu hverfi Moskvu, og ég gladdist með henni, en reyndi þó eftir megni að útvega mér íbúð í einu af nýju húsunum, sem verið var að reisa í borginni. Við áttum slaghörpu, góð rauðviðarhúsgögn, dýrmætar gólfábreiður og nokkur málverk. Vinir okkar, sem voru ekki eins vel stæðir, töluðu af hreinskilinni öfund um farsælt líf okkar, þegar þeir komu í heimsókn til okkar. ...

Þegar dreginn er frá sá tími, sem ég var í Rauða hernum, bjó ég á þessum stað í meira en þrjú ár. Það var það næsta, sem ég komst því á fullorðinsárum mínum að lifa rólegu fjölskyldulífi. Í Glavtrúbostal í Filí vann ég margar klukkustundir daglega, oft frá klukkan hálf átta á morgnana til klukkan tíu eða tólf á kvöldin. En á helgidögum og þau fáu kvöld, sem ég kom hæfilega snemma heim, fannst okkur Írínu við eiga reglulegt heimili.

Stundum komu gestir til okkar. Vinir mínir voru nærri því allir flokksmenn, embættismenn frá Kreml eða miðstjórninni og sérfræðingar í iðnaðarmálum. Vinir Írínu voru aftur á móti aðallega listamenn og rithöfundar. Þessir tveir hópar áttu ekki vel saman, og reyndum við, eftir því sem hægt var, að halda þeim aðgreindum. Ef til vill hefur þessi aðgreining verið táknræn fyrir hjónaband okkar, sem aldrei

þroskaðist upp í það að vera innilegt, alhliða samband. Ég komst að því, að hjón geta borið raunverulega ást hvort til annars og virðingu hvort fyrir öðru án þess að lifa í raun og veru sameiginlegu lífi.

Starf mitt í verksmiðjunni, flokksstarfsemi mín, stjórnmalafyrirlestrar og fundir og iðnfræðileg áhugamál, allt lá þetta fyrir utan hugsanaheim Írínu. Veraldir okkar snertust, en féllu sjaldnast saman. Auk þess reyna embættismenn Ráðstjórnarríkjanna í öryggisskyni að láta konur sínar ekki vita um starf sitt út á við eða um stjórnmal. Reynslan hefur kennt þeim, að því minna sem fjölskylda einhvers veit um starf hans og erfiðleika, því öruggara er það, þegar til lengdar lætur. Þar eð hreinsun og fangelsi vofir sífellt yfir höfði embættismanna hins almáttuga ríkis, vernda þeir ástvinu sína með því að segja þeim fátt eða alls ekkert.

Hvað sem því líður er það staðreynd, að ég talaði sjaldan við Írínu um starf mitt í verksmiðjunni og aldrei um pólitískar hugsanir mínar og efasemdir, þó að hún væri gáfuð kona og mjög elskuleg. Mig langaði oft til að tala við hana um erfiðleika mína, að gera hana að trúnaðarvini mínum, en óttinn við, að hún kynni þá að verða samsek í „háttulegu“ stjórnmalahugarfari mínu, batt alltaf tungu mína.

„Segðu mér, elsku Vítja, hvað það er, sem amar að þér,“ sagði hún oft. „Hvers vegna ertu svona óhamingjusamur? Er það mér að kenna? Get ég gert nokkuð fyrir þig? Góði, segðu mér það!“

„Nei, ástin mín. Það stendur ekki í neinu sambandi við þig. Ég held, að það sé aðeins vegna þess, að ég hef of mikið að gera. Hugsaðu ekki um það.“

Hvernig er hægt að vonast eftir að lifa eðlilegu fjölskyldulífi undir andlegum pyndingum einræðisstjórnarfyrríkomulags?

Dag nokkurn í júnímánuði fékk ég bréf frá Glavtrúbostal, þar sem óskað var eftir skýringum á ákveðnum útborgunum, sem aðstoðarmaður minn í viðskiptamálum í Kemerovo hafði innt af hendi. Ég varð hissa, en ekki órólegur. Ég skildi ekki strax, að þetta var djúphugsuð hefnd Golovanenkos og fleiri manna, sem ég hafði óvart móðgað.

Samkvæmt lögum Ráðstjórnarríkjanna áttu vissir flokkar starfsmanna, sem gegndu ábyrgðarstöðum, rétt á ríflegum viðbótargreiðslum fyrir ferðir og önnur aukaútgjöld, ef þeir voru skipaðir í stöður í fjarlægum hlutum landsins, eins og Úral eða Síberíu. Útborganirnar áttu sér stað samkvæmt skriflegum samningum milli starfsmanns þess, er hlut átti að máli, og verksmiðju þeirrar, er þurfti á starfi hans að halda. Nú kom í ljós, að allmörgum sinnum höfðu verið inntar af hendi slíkar greiðslur í verksmiðju minni, án þess að gerðir hefðu verið skriflegir samningar Í þá átt.

Aðstoðarmaður minn og aðalbókarinn höfðu ekki talið nauðsynlegt að gera slíka samninga. Þeir töldu, að lögin og undirskrift Kozhevnikovs nægðu. Sjálfur hafði ég hvorki ráðið menn þessa né gefið heimild til að greiða þeim. Þrátt fyrir þetta var ég

sem yfirmaður framkvæmdanna talinn bera ábyrgð á ólöglegri greiðslu á ríkisfé, og það var glæpur, sem refsað var fyrir með allt að þriggja ára fangelsi.

Ráðagerðirnar um að flækja mér inn í þessa ósanngjörnu kæru höfðu auðsýnilega farið fram án vitundar Kozhevnikovs. Hann virtist verða hissa og ringlaður, þegar ég kom þjótandi inn til hans með bréfið. Hann áleit, að kærán væri fjarri öllu viti og ég ætti ekki að skipta mér neitt af henni. En hann taldi, að hann gæti ekki gert neitt í málinu, án þess að svo liti út sem hann vildi halda verndarhendi yfir óreglu í fyrirtæki sínu.

„Svarið bréfinu einhvern veginn, og gleymið þessu,“ sagði hann. „Ég held, að málinu verði ekki haldið áfram. Það er allt of heimskulegt til þess.“

En honum skjátlaðist. Mánuður leið. Ég gekk að því vísu, að „sakamálsákæran“ á hendur mér hefði verið felld niður. En allt í einu fékk ég bréf þess efnis, að ráðuneyti járnvöruviðnaðarins hefði sent formlega ákæru á hendur mér til þjóðardómstólsins. Hún var undirrituð af Ívan Tevosjan sjálfum. Mér var þannig stefnt fyrir rétt í alvarlegu máli og ég ákærður fyrir „glæp“, sem ég þekkti ekkert til. Aðalbókarinn við Kemerovo-fyrirtækið, Matvejev, var einnig ákærður. Hins vegar var aðstoðarmaður minn í viðskiptamálum, sem hafði innt þessar greiðslur af hendi, ekki meðal hinna ákærðu.

Mér hafði tekist að komast í samband við ýmsa embættismenn dómstólsins í von um að fá málið stöðvað. Þeir játuðu, að svo virtist sem kærán væri tilefnislaus, en þegar á allt væri litið, hefði hún borist frá Tevosjan, sem var ekki aðeins þjóðfulltrúi, heldur líka það, sem meira var, upprennandi stjarna á hinum stalínska himni. Það var ekki hægt að stöðva mylnu „réttlætisins“. Ég yrði að þola málsókn.

Í raun og veru litu þeir allir alvarlegum augum á aðstöðu mína. Þegar borgari kærir samborgara sinn, gat sá síðarnefndi ef til vill vonast eftir, að ráðstjórnardómstóll liti hlutlaust á málið. En þegar stjórnin var annars vegar, voru venjulega litlar vonir til þess, að hann fengi réttlátan dóm. Aðaltilgangur og skylda dómstólanna í Ráðstjórnarríkjunum var ekki að dæma hlutlaust um, hvað væri réttlæti, heldur að „vernda alræði öreiganna“, en það var sama og verja stjórn þá, er að völdum sat.

Fyrst voru haldnar nokkrar undirbúningsyfirheyrslur yfir mér og skorað á mig að játa sekt mína.

„Verið ekki heimskur, félagi Kravtsjenko,“ sagði einn af NKVD-mönnunum, sem yfirheyrðu mig, „forðist málarekstur, og takið inn lyfið yðar. Við það mun dómur yðar verða miklu mildari.“

„En hvernig á ég að játa mig sekan um glæp, sem ég þekki ekki einu sinni neitt til? Ég ætla ekki að láta brennimerkja mig sem glæpamann af heimskulegri tyllíastæðu. Peningarnir voru greiddir með opinberu, skriflegu samþykki Glavtrúbostals.“

Ég hafði ekki búist við að verða yfirheyrður í slíku máli af NKVD, heldur af embættismönnum dómstólsins, þar eð ákæran snerti ekki stjórnsmál. En þegar sami flokkurinn setur lögin og hefur framkvæmd þeirra í höndum, getur ekkert komið manni á óvart.

„Þá verður höfðað mál á hendur yður.“

Fjórum dögum áður en réttarrannsóknin skyldi hefjast, sneri ég mér til skrifstofu ríkisverjandans til þess að útvega mér verjanda. Það eru engir raunverulegir málflutningsmenn nema á vegum hins opinbera í landi okkar. Hinn ákærði verður að snúa sér til næsta verjendaráðs og setta sig við þann málaflutningsmann, sem það ákveður, og greiða hina ákveðnu þóknun til ráðsins. Þar eð slíkur málafærslumaður hefur lág mánaðarlaun, er alengt að greiða honum sjálfum aukagreiðslu, ef hann er góður viðskiptis, og gæta þess vel, að enginn komist að því.

Þreytt kona, sem geispaði upp í opið geðið á mér, veitti mér áheyrn og hefur ef til vill skilið helminginn af því, sem ég sagði við hana.

„Petrov,“ hrópaði hún yfir þvert herbergið til manns, sem sat þar niðurgrafinn í skjöl, „hér er mál, sem heyrir undir 109. greinina. Réttarrannsóknin hefst eftir fjóra daga. Getið þér tekið það að yður?“

„Nei, ég er of önnum kafinn,“ svaraði Petrov.

„Jæja, þá skal ég hafa upp á öðrum,“ sagði hún.

Fyrstu kynni mín af manni þeim, sem hún að lokum valdi handa mér, voru ekki til þess fallin að auka kjark minn. Hann var snotur, lítill maður, með flóttaleg augu og kinnfiskasoginn. Hann var auðmjúkur og afsakaði allt. Þegar hann frétti, að Tevosjan hefði undirritað ákærana, breyttist svipur hans úr áhyggjusvip í ör-væntingarsvip. Málafærslumaður í Ráðstjórnarríkjunum verður, til þess að lenda ekki í vandræðum, að láta hagsmuni flokksins og ríkisins sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum skjólstæðings síns. Hræddi, litli málafærslumaðurinn minn var ekkert glaður yfir að eiga að verja mál, sem þjóðfulltrúi hafði fyrirskipað. Nei, hann ætlaði sér ekki að leika svo hættulegt hlutverk ...

Þjóðardómstóllinn var settur í auvirðilegu, illa loftræstu herbergi á annarri hæð í húsi, sem auðsýnilega hafði verið skóli. Hin óhugnanlega gula málning á veggjunum var blettótt eftir flugur, þar sem hún var ekki að því komin að molna af. Auðvitað voru myndir af Stalín og öðrum leiðtogum á veggjunum. Ég beið ásamt Matvejev og málafærslumönnum okkar, auk rúmlega tuttugu annarra manna, sem áttu í málum þeim, sem stóðu á dagskrá dómstólsins.

„Dómararnir eru að koma. Standið upp!“ hrópaði einn af starfsmönnum dómsins eins hátt og hann gat.

Við stóðum meðan tveir karlmenn og ein kona komu inn um bakdyr og settust bak við borð með rauðri ábreiðu, sem stóð á upphækkuðum palli. Í margar klukkustundir hlustaði ég á yfirheyrslur í öðrum málum. Formaður dómsins er fastskipaður embættismaður, og stjórnar hann yfirheyrslunum að mestu leyti. Hinir tveir eru „fulltrúar þjóðarinnar“ og svara að mestu leyti til kviðarins í löndum Engilsaxa.

Í þetta sinn voru fulltrúar þjóðarinnar ungur verkamaður, sem var taugaóstyrkur og þóttafullur yfir þessu virðingarstarfi, og fullorðin kona, sem leit út fyrir að vera skrifari í einhverri skrifstofu. Hvorugt þeirra opnaði munninn.

Eftir yfirheyrslu dómarans héldu sækjandi og verjandi ástríðuþrungnar ræður — ástríðuþrungnar ræður eru föst venja í réttarfari Ráðstjórnarríkjanna — og dóm-ararnir þrír véku úr réttinum. Eftir nokkrar mínútur komu þeir aftur með dóminn.

Yfirheyrslurnar yfir okkur Matvejev gengu í sömu átt og bráðabirgðayfirheyrslurnar. Til þessa tíma hafði ég ekki viljað trúa því, að svo gæti farið, að ég yrði dæmdur í fangelsi vegna jafnmarklausrar átyllu. En eftir því sem leið á yfirheyrsluna, féllst mér hugur. Ekki virtist skipta máli, hvort ég væri í sjálfu sér saklaus. Almennt skoðað hafði ég „sóað fé stjórnarinnar“. Þjóðfulltrúinn hafði staðfest það, og þar með virtist málið útkljáð.

Þegar dómsforsetinn hafði lokið við að yfirheyra mig, fann ég fangelsisdynnar lokast að baki mér. Síðan tók sækjandinn mig til meðferðar. Hann var þreklegur náungi, með svartan hárlubba. Ég tók eftir því, að það, hve ég var snyrtilega til fara, gerði honum gramt í geði, eins og það væri á einhvern hátt mér að kenna, að hann varð að framfleyta fjölskyldu á 600 rúblna mánaðarlaunum.

„Hversu miklar tekjur höfðuð þér í Kemerovo?“ spurði hann einu sinni.

„Að meðaltali 2.500 rúblur á mánuði, stundum meira.“

Hann hristi ógreiddan hárlubbann, eins og hann hefði sannað mikilvægt atriði, og leit íbygginn á dómarana.

„Og hvað hafði þér miklar tekjur nú?“

„Þrjú, fjögur og upp í fimm þúsund. ... Það er misjafnt.“ Sækjandinn kinkaði aftur kolli íbygginn og skældi munninn í hátíðlegri ásökun. Hann hafði náð þarna haldi á einhverri óljóstri röksemdafærslu, sem ég gat mér til að stæði í nánara sambandi við sára fátækt hans en mál það, sem lá fyrir.

„Þarna sjáid þið, félagar dómarar, við hvaða kjör hinn ákærði á að búa!“

„En hvaða máli skiptir það í sambandi við ákæruna?“ gat ég ekki stillt mig um að grípa fram í. „Ég stjórna stórrí verksmiðju, og mér er greitt fyrir það lögum samkvæmt.“

„Ákærður má ekki taka fram í!“ áminnti dómsforsetinn. „Við treystum betur ráðuneytinu, sem, eins og sækjandinn hefur tekið fram, hefur ákært yður, heldur en yður.“

Ræða sækjandans var hávær og þróttmikil. Hann fetti sig og pataði með höndunum. Hann gróf í bókmenntirnar og ræður foringjans eftir ljótum litum, sem hann gæti málað með mynd af þessum tveim „ófreskjum“, sem höfðu „sóað fé þjóðarinnar“, ókunnugur maður, sem ekki þekkti málavexti, hlyti að hafa haldið, að vesalings Matvejev og ég hefðum gert okkur seka um margra milljóna sjóðþurrð og kórónað glæpin með morði. Ákærandinn krafðist þess, að við yrðum dæmdir í fangelsi í þrjú og hálf ár. Hann gaf enga skýringu á, hvers vegna hann nam staðar við þrjú og hálf ár, en krafðist ekki fimm ára fangelsis eða dauðarefsingar. Allt þetta minnti svo á martröð, að ég var að brjóta heilann um, hvenær ég myndi vakna.

Þegar þess var gætt, að verjandi minn var flokksmaður, gerði hann í raun og veru hetjulegar tilraunir til að tala máli mínu. En það leyndi sér ekki, að hann

áleit sig hafa tapað málinu fyrirfram og að hann var aðeins að gera opinbera skyldu sína. Hann mótmælti ekki sök minni — jafnvel honum fannst hún liggja í augum uppi! — heldur lagði áherslu á, að ég hefði hreina samvisku, og ætti það að milda refsinguna.

Dómararnir gengu út úr réttarsalnum og voru ef til vill tíu mínútur í burtu. Þeir komu inn aftur og kváðu upp dóminn: Tveggja ára fangelsi, en réttur til að áfrýja innan viku. Ég var nú dæmdur „glæpamaður“, af því að einhver hafði einhvers staðar í skrifstofum Glavtrúbostals í Moskvu ruglast í skriffinnsskuríminu! Þjóðfulltrúi hafði undirritað pappírsblað, sem dyggur undirmaður hans hafði lagt á skrifborð hans, og eftir það hélt leikurinn áfram svo að segja af sjálfu sér. Ég veit, að þetta hljómar skrýtilega, en svona var það því miður. Dómararnir og ákærandinn voru umfram allt flokksmenn. Þeir höfðu til meðferðar kæru, sem var ekki aðeins undirrituð af þjóðfulltrúa, heldur af miðstjórnarmanni flokksins. Hvaða líkur voru til, að réttlætið gæti sigrað undir slíkum kringumstæðum?

Eftir settum reglum var sótt um áfrýjunarleyfi á máli mínu, og frestaði það handtöku minni. Mér var hvað eftir annað stefnt til yfirheyrslu með nokkurra mánaða millibili hjá fjölda lögfræðilegra embættismanna, og snemma árs 1941 var haldin réttarrannsókn í málinu í borgarréttinum. Ég neitaði að viðurkenna sök mína. Rétturinn athugaði málið og kvað upp úrskurð í því eftir tuttugu mínútur. Refsingin var færð niður í eins árs „nauðungarvinnu á núverandi vinnustað“.

Þessi refsing er sérstök uppfinning í Ráðstjórnarríkjunum. Borgari sá, sem sakfelldur er, heldur áfram að lifa og starfa frjáls, en tíu til tuttugu hundruðustu af kaupum hans renna í sjóð NKVD. Í mínu máli voru það tíu af hundraði. Margar þúsundir Rússa eru vegna þessarar einkennilegu uppfinningar neyddir til þess að greiða hluta af launum sínum í skatt til leynilögreglunnar undir því yfirsíni, að það sé refsing fyrir glæp. Bókhaldi verksmiðjunnar voru tilkynnt þessi málalok, og frá því að tilkynningin barst og þar til hæstiréttur hafði ómerkt málið gegn mér sem rakalaust, voru 10% af launum mínum og uppbótum dregin frá og höfnuðu í fjárhirslu NKVD.

Ég ætla að víkja frá atburðaröðinni til þess að ljúka frásögn minni um þessi málaferli. Ég áfrýjaði málinu þegar í stað til hæstaréttar. En þegar honum vannst tími til að taka vandræði mín til meðferðar, höfðum við dregist inn í styrjöldina. Nasistarnir gerðu stöðugar loftárásir á Moskvu, og var rétturinn því fluttur til Úrals. Á meðan á flutningnum stóð hafði skjalasafn réttarins komist í ringulreið, og fannst áfrýjunarbeiðni mín ekki, þegar til átti að taka.

Á meðan ég var í Rauða hernum sem höfuðsmaður verkfræðingadeildar og stjórn mála fulltrúi, hélt Írína áfram að vinna að málinu. Tíu hundraðshlutarnir skiptu engu máli. Það, sem máli skipti, var að fá þennan smánarblett hreinsaðan af mannorði mínu. Skömmu eftir að ég var leystur frá herþjónustunni, í byrjun ársins 1942, tók hæstiréttur mál mitt upp aftur til nýrrar meðferðar. Hann gjörbreytti niðurstöðum lægri dómstólanna. Ég var sýknaður og málið gegn mér ómerkt.

Ef ég hefði ekki verið sýknaður, þá myndi mér sennilega aldrei hafa verið leyft að starfa hjá Þjóðfulltrúaráðinu (Sovnarkom), og mér myndi áreiðanlega aldrei hafa verið leyft að fara úr landi. Fjandskapur sá, sem hrundið hafði sakamálsákærunum gegn mér af stað, var nú fyrir löngu gleymdur. Þegar ég hitti Golovanenko í skrifstofum Glavtrúbostals, mundi hann varla eftir, að hann hefði verið mér reiður. En sú illska, sem hleypt hafði verið af stað, hélt sjálfkrafa áfram og hafði nærri því eyðilagt líf mitt.

22. kafli: Hin óvænta árás

AÐ MORGNI HINS 22. JÚNÍ 1941 voru hafnar loftárásir á borgir og flugvelli Ráðstjórnarríkjanna. Herir Ráðstjórnarríkjanna voru á hröðum flóttu á breiðum vígvelli undan skriðdrekadeildum nasistanna. Fregnirnar um hina skyndilegu innrás Þjóðverja í Rússland voru birtar á fyrstu síðu allra blaða í veröldinni. Fyrir sólarupprás þennan morgun byrjaði leynilögreglan í landi okkar að taka höndum tugi þúsunda af „óæskilegum einstaklingum“.

En ég vissi ekkert um þær hörmungar, sem 200 milljónir íbúa í landi okkar höfðu orðið fyrir. Engir aðrir í verksmiðjunni vissu heldur um það, þegar ég kom í skrifstofu mína snemma um morguninn. Daginn áður var í stríðsfréttum blaðanna enn með ánægju sagt frá framsókn herja Hitlers og erfiðleikum fjandmanna hans, „auðvaldshýenanna“ og „stríðsæsingamanna auðvaldsins“.

Síðustu mánuðina hafði ekki orðið nein breyting á tóntegund hins opinbera áróðurs. Ekkert samúðarorð hafði af óvarkárni verið sagt um Þjóðir þær, sem nasistarnir höfðu flætt yfir, ekkert bíræfið reiðiorð vegna rána Hitlers. Þó að milljónir Rússa hefðu samúð með fórnardýrum hinna nasísku slátrara, gátum við ekki látið tilfinningar okkar í ljós. Fáeinum dögum fyrir hinn örlagaþrungna morgun hafði ég tekið þátt í viðræðufundi við þýska erindreka í vélainnflutningsdeild ráðuneytis utanríkisviðskipta. Við vorum að ganga frá tæknilegum atriðum um sölu frá Þýskalandi til Ráðstjórnarríkjanna á rafmagnsvélum til þess að sjóða saman járn.

20. júní, tveim dögum fyrir innrásina, hafði ég haldið ræðu á stjórnmalafundi verkamanna og starfsmanna verksmiðjunnar um „styrjöld heimsveldissinnanna“. Ræða mín var í samræmi við hina fyrirskipuðu stefnu. Ég sagði, að Þýskaland óskaði eftir friði þrátt fyrir hina miklu sigra sína, en hinir bresku heimsveldissinnar vildu draga styrjöldina á langinn og nytu til þess aðstoðar bandaríska auðvaldsins.

Hvorki ég né neinn annar utan innsta hringsins í Kreml höfðum hugmynd um, að utanríkisráðuneytið í Washington hafði strax í janúarmánuði varað sendiherra okkar Konstantín Oúmanskíj við því, að Hitler væri að undirbúa árásarstríð á hendur Rússlandi. Sumner Welles endurtók viðvörunina fimm vikum seinna, og hún var styrkt af svipuðum breskum viðvörunum. Öllum var þeim vísað á bug sem lygum auðvaldssinna, lognum í þeim tilgangi að raska hinni innilegu vináttu, sem tryggt væri með samningi Hitlers og Stalíns.

Erindrekar Ráðstjórnarríkjanna í Þýskalandi höfðu líka sent yfirmönnum sínum varfærnar viðvaranir. Þeir gáfu skýrslur um hreyfingar herdeilda í áttina til Rússlands, og töldu það vita á illt, vegna þess að þessir herflutningar væru allt of

umfangsmiklir til þess að geta verið gerðir í öryggisskyni. Ég átti marga kunningja, sem störfuðu við þær verksmiðjur, sem framleiddu vörur handa hernaðarvél nasistanna. Ég hafði því oft samband við verslunarerindreka, sem voru nýkomnir frá Berlín. Þeir höfðu verið varaðir við áformum Hitlers. Jafnvel þýskir menn höfðu sagt, að árekstur væri óhjákvæmilegur. En öllum þessum upplýsingum véku Stalín og hirð hans til hliðar og töldu þær tilraunir til þess að spilla samkomulaginu. Þeir virtust vera dáleiddir af eigin áróðri.

Eftir því sem almenningi í Rússlandi var sagt, var samvinnan milli Ráðstjórnarríkjanna og Þýskalands nasistanna í alla staði hin ágætasta. Að efast um, að svo væri, var sama og að efast um óskekulleika Stalíns. Að gefa í skyn, að hugsanlegt væri, að Þjóðverjar brygðust grandaleysi okkar góða foringja, myndi ekki hafa verið álitid fjarrí gagnbyltingarstarfsemi. Að láta opinberlega í ljós samúð sína með fórnardýrum hinna brúnu refsivanda hefði verið sama og biðja um að verða settur í fangelsi.

Ög þannig hófst hinn sögulegi dagur án svo mikils sem orðróms, sem raskað gat hinum daglegu störfum. Vinnan í verksmiðju okkar var í fullum gangi, þegar tilkynning barst um að stöðva hana til að hlusta á Molotov Þjóðfulltrúa gefa mikilvæga útvarpsyfirlýsingu. Þess konar tilkynning var óvenjuleg, og fór því hrollur um starfslíðið. Við kepptumst við að giska á, um hvað Þjóðfulltrúinn ætlaði að tala. Enginn gat upp á hinum hræðilega sannleika.

Stam Molotovs og grátkæfð orð hans lömuðu okkur alla. Hvað gátum við dregið af hinni eftirtektarverðu tilkynningu? Að *der Führer*, þessi lævísi, svikuli, lúalegi og heimski maður, hefði hafið eina af sínum kunnu leifturarásum á hendur því ríki, sem í nærri því tvö ár hefði neitað sér um mat, eldsneyti, málma og skotfæri, sem það hafði mikla þörf fyrir, í því skyni að hjálpa honum til að undiroka Evrópu. Við höfðum staðið samviskusamlega við skuldbindingar okkar. Við höfðum ekki aðeins stutt nasistana með því að láta þeim í té vörur, heldur einnig með áróðri, sem barst um heim allan, og stuðningi í utanríkismálum. Nú komu launin — hin sviksamlega innrás.

Eftir nokkrar klukkustundir komu ræðumenn frá flokknum. Við kvöddum alla starfsmennina saman á fund í miðdegisverðarhléinu. Ég sat á ræðupallinum ásamt Mantúrov framkvæmdastjóra og Jegorov, formanni flokksnefndar verksmiðjunnar. Ég horfði á þreytuleg, yggld andlit verkamannanna, meðan ræðumennirnir voru að bölsótast yfir svikum hins þýska einræðisherra og hrósa heiðarleika einræðisherrans okkar. Ég sá þar reiði og furðu, ásamt þreytu, vonbrigðum og sorg. Sumar konurnar grétu.

Mantúrov og Jegorov héldu báðir ræður og endurtóku þróttlaust og klaufalega hin ókunnuglegu, nýju kjörorð. Það var enn ekki orðið auðvelt fyrir nokkurn okkar að tala um „lýðræðisríkin“ án háðshreims í röddinni eða að ráðast á Þjóðverja, sem til þessa dags höfðu verið fórnarlömb hinna heimsvaldasinnuðu stríðsæsingamanna. Það virtist kynlegt að eiga svona fyrirvaraust að fara að tala um Englendinga og

Frakka sem samverkamenn okkar að sameiginlegu ætlunarverki, eftir að hafa um langan tíma litið á þá sem mestu ógnunina gegn öryggi lands okkar.

Verkamennirnir, sem voru sem þrumu lostnir, klöppuðu án hrifningar, þegar við átti, og fóru síðan ringlaðir aftur til vinnu sinnar. Við unnum til kvölds eins og venjulega, og þó er sennilegt, að styrjöldin, sem í vændum var, hafi hrist margra ára sljóleika úr hugum margra. Sem dæmi nefni ég Sergej Golovljov, rafmagns-verkfræðing og flokksfélaga. Hann kom til mín eftir fundinn.

„Það er þá komið að okkur nú,“ sagði hann. „Við höfum lifað erfiðu lífi öll þessi ár. Stríð, stjórnarbylting, eyðileggingar, fimm ára áatlanir, hungursneyð og hreinsanir — og nú aftur komin styrjöld! Hvenær skyldum við geta byrjað að lifa eins og aðrir menn?“

„Við verðum að vinna og vinna, félagi Golovljov,“ svaraði ég. „önnur leið er ekki til.“

„Nei, það er rétt hjá yður. Við verðum að vinna og berjast. En maður getur ekki stillt sig um að hugsa. ...“

„Þér ættuð heldur að snúa yður aftur að vinnunni,“ sagði ég hátíðlega til þess að koma ekki upp um tilfinningar mínar. „Við getum rætt um þetta síðar.“

Þegar ég sat í skrifstofu minni síðdegis sama dag, var mér tilkynnt, að eftirlitsmaðurinn með vinnuskiptaflokkunum, Smoljanínov að nafni, hefði ekki komið til vinnu og að það væri ómögulegt að ná til hans í síma. Ég tók heyrnartólið og bað um að fá samband við símanúmer hans.

„Er þetta íbúð Smoljanínovs?“ spurði ég.

„Þetta var íbúð Smoljanínovs,“ var svarað hvassri röddu.

„Gerid svo vel að láta Vadim Aleksandrovítsj koma í símann.“

„Við hvern tala ég?“

„Þér talið við aðstoðaryfirverkfræðinginn í verksmiðju hans.“

„Hann er hér ekki og kemur ekki framar hingað.“

„Hver eruð þér? Ég tala sem opinber embættismaður.“

„Ég tala líka sem opinber starfsmaður. Ég er starfsmaður hjá NKVD.“

Ég lagði heyrnartólið niður. Smoljanínov vinur minn hafði þá verið handtekinn! Hvílík hörmuleg endalok byltingarmanns! Smoljanínov, sem var duglegur verkfræðingur og gagnmenntaður maður, hafði verið ötull byltingarmaður og varð einkaritari Leníns. Síðar hafði hann verið skrifstofustjóri í skrifstofu þjóðfulltrúaráðsins, yfirmaður byggingarframkvæmda í Magnítostroj, formaður viðskiptasendinefndar til Bandaríkjanna, forstjóri Gíprornez, mikilvægar menntastofnunar í málsmfræði. Í stuttu máli: Hann hafði gegnt mikilsverðum störfum í Ráðstjórnarríkjunum.

En í hreinsuninni miklu var hann rekinn úr flokknum og lækkaður í tign niður í aðstoðarverkstjóra í verksmiðju okkar. Eftir því sem tímar liðu fram, varð þessi fyrreverandi einkaritari Leníns verkstjóri og að lokum eftirlitsmaður með vinnuskiptunum. Hann hafði nýlega verið tekinn aftur í flokkinn. Einkasonur hans, sem

var liðþjálf í Rauða hernum, var á vígstöðvunum. Nú hafði Smoljanínov verið handtekinn.

Hann var aðeins fyrsta fórnardýr hinna miskunnarlausu styrjaldarofsókna, sem ég frétti síðar um. Næstu daga hurfu menn tugum saman umhverfis mig. Löngu áður hafði vinur minn úr NKVD sagt mér, að ef til ófriðar kæmi, myndi öllum „óæskilegum öflum“ verða rutt úr vegi. Í hverju sveitaborpi og bæ hefðu verið samdar langar skrár með nöfnum grunsamlegra manna. Mörg hundruð þúsundir manna myndu verða handteknar. Hann hafði ekki ýkt. Útrýming „innlendra óvina“ var í raun og veru eini hluti styrjaldarframkvæmdanna, sem framkvæmdur var fljótt og rækilega í hinum fyrsta hræðilega þætti styrjaldarinnar. Það var hreinsun á heimavígstöðvunum eftir fyrirframgerðri áætlun, sem Stalín hafði sjálfur gefið fyrirskipun um.

Mörgum árum seinna heyrði ég í Ameríku þann furðulega þvætting, sem jafnvel gáfaðir Vesturheimsmenn trúðu, að „það hafi ekki verið nein fimmta herdeild til í Rússlandi,“ af því að stjórnin hefði verið svo forsjál að útrýma öllum „svikurum“ með hinum blóðugu hreinsunum. Ég las þessa svívirðilegu fjarstæðu í ein-kennilegri, hálfvegis fræðilegri bók eftir Joseph Davies, fyrrverandi sendiherra, og í grunnfærnum ritum annarra höfunda, sem álitnir eru sérfræðingar í þessum efnum, þó að þeir hafi enga þekkingu á Stalín né stjórnarfari hans. Ég gat ekki annað en furðað mig á því, hvaða áhrif þessi barnalegi áróður, sem auðsýnilega var útfluttur frá Moskvu, hafði.

Ég segi „útfluttur“ vegna þess, að innan landamæra Rússlands var stefna stjórnarinnar gagnstæð þessu. Stjórnin hélt því fram, að þjóðin væri gjörspillt af starfsemi fimmtu herdeildar manna. Frá fyrsta degi styrjaldarinnar hrópuðu blóðin, útvarpið og hinir opinberu ræðumenn einmitt, að nauðsyn bæri til að útrýma innlendum óvinum, njósnurum, óróaseggjum, rógberum, skemmdarverkamönnum og erindrekum nasista. Og NKVD tók undir hrópin með fjöldahandtökum og aftökum. Að minnsta kosti í byrjun styrjaldarinnar höfðum við á tilfinningunni, að mennirnir í Kreml væru engu síður hræddir við þegna sína en Þjóðverja.

Það voru engir fimmtu herdeildar menn meðal okkar, ef með því hugtaki er átt við þjóðverjavini eða föðurlandssvikara — og það þrátt fyrir hreinsanirnar. En meðal okkar voru milljónir föðurlandsvina, sem hötuðu harðstjórn Stalíns og öll fólksuverk hans. Að því leyti var ótti stjórnarklíkunnar réttmætur.

Grimmd sú, sem beitt var, þegar samyrkjubúskapnum var troðið upp á þjóðina, hungursneyðin 1931–33, sem var af mannavöldum, og hin hræðilega grimmd hreinsunaráranna höfðu skilið eftir sig djúp sár. Það var tæplega sú fjölskylda til, sem hafði ekki þolað búsisfar við árásir stjórnarinnar á almenning. Stalín og hjálparmenn hans báru engan kvíðboga fyrir því, að við yrðum ekki Rússlandi trúir. En þeir voru áhyggjufullir, og það ekki að ástæðulausu, um hollustu okkar við þá sjálfa. Ef til vill hafa þeir, þegar þá dreymdi illa, séð tuttugu milljónir þræla, sem brut-

ust skyndilega út úr fangelsum og gaddavírsgirðingum í æðiskenndum haturs- og hefndarhug og geisnuðu um landið eins og geigvænleg flóðbylgja. ...

Hvað sem því líður, var miskunnarlaus kúgun hugsanlegrar stjórnarandstöðu aðalatriðið í fyrirtætlunum stjórnarinnar. Það var látið sitja í fyrirrúmi fyrir her-vörnunum. Ráðstjórnarborgarar af þýskum uppruna voru handteknir nær undan-tekningarlaust, án tillits til, hversu lengi þeir höfðu átt heima í Rússlandi. Allir íbúar þýska Volgu-lýðveldisins, karlar, konur og börn, voru hraktir úr þeim lands-hluta, sem þeir höfðu búið í síðan á dögum Katrínar miklu, og þeim dreift um Síberíu og Austur-Asíu. Því næst kom röðin að Pólverjum, Böltum og mörgum öðrum þjóðflokkum, sem ekki höfðu verið áreittir fyrir styrjöldina. Fangabúðir og nauðungarvinnunýlendur voru troðfylltar nýjum milljónum karla og kvenna. Hús-bændur okkar höguðu sér eins og hræddir úlfar.

Nokkrum dögum eftir að styrjöldin hófst voru settir á fót „herdómstólar“ í Moskvu undir forsæti félaga Vasnevs, fyrrverandi forseta borgarréttarins. Útibúum frá þessari ógnarstofnun skaut upp eins og gorkúlum víðs vegar í höfuðborginni og úthverfum hennar. Sama átti sér stað í öllum öðrum borgum. Þessi stofnun, sem var fengið í hendur sérstakt vald til að taka menn höndum, yfirheyra þá leynilega og dæma þá til lífláts, lokaði öllum svitaholum lífsins í Ráðstjórnarríkjunum. Það voru settir á fót sérstakir járnbrautadómstólar, fljótaflutningadómstólar, herréttir — heill her af ofsækjendum villutrúarmanna undir stjórn sérfræðinga NKVD, sem höfðu það göfuga starf með höndum að bæla niður sérhverja óánægju. Stjórnin var auðsýnilega altekin ofsahræðslu.

Verkefni þessara nýju stofnana, sem voru til viðbótar þeim eftirlits- og kúg-unarstofnunum, sem fyrir voru, en komu ekki í stað þeirra, var lýst af Stalín, tólf dögum eftir innrásina, svo sem hér segir: „Við verðum að hefja miskunnarlausu baráttu gegn öllum upplausnaröflum á heimavígstöðvunum, liðhlaupum, þeim, sem breiða út ótta, hugleysingjum, lygalaupum. ... Það er nauðsynlegt að leiða þegar í stað fyrir herdómstólana alla þá, sem með því að breiða út hræðslu og ótrú á sigrinum stofna vörnum landsins í hættu, alveg án tillits til þess, hverjir það eru.“

Hvernig stóð á þessari óráðskenndu hræðslu við „skemmdarverkamenn á heima-vígstöðvunum“ í landi, sem nýlega hafði verið „samhæft“ með hreinsununum og hafði fengið mörg vottorð um að vera „einhuga“? Var sú hugmynd um heila þjóð spillta af ótrúmennsku og hugleysi, sem hótanir Stalíns gáfu tilefni til, ekki sjálf til þess fallin að „breiða út ótta“ í ríkum mæli? „Óvinirnir“ á heimavígstöðvunum voru auðsýnilega of fjölmennir til þess að starfslíð NKVD, sem skipti hundruðum þúsunda, gæti haldið þeim í skefjum, og þess vegna hafði verið nauðsynlegt að setja hina nýju dómstóla á stofn. Hvernig gat þetta átt sér stað í landi, sem söng lofsöngva um hið „farsæla líf“ undir „sól stjórnarskrár Stalíns“?

Ef til vill geta menn á borð við Davies og Duranty ráðið þessar gátur. En þegar ég hlustaði á áminningar Stalíns, sem hann bar hægt fram með georgískum framburði, vissi ég aðeins, að þær féllu ekki inn í myndina af þjóð, sem hreinsuð hafði verið af

svikum með hafsjó af blóði. Og athafnir þær, sem hrundu þessu af stað, voru í enn meira ósamræmi við myndina en orð Stalíns.

Í Moskvu einni voru þúsundir borgara skotnar samkvæmt herlögnum fyrsta misserið. Athugasemd, sem bar vott um vafa, kvíðaorð eða sorgaryrði var oft nægilegt tilefni til þess að draga afbrotamanninn fyrir herdómstólinn. Þúsundir njósnara með galopin augu og eyru dreifðu sér um brauð- eða olíubiðraðirnar, torg, verslanir, leikhús, sporvagna og járnbrautarstöðvar til þess að hafa veður af hverju örvæntingarorði, efasemd eða gagnrýni. Sérhver húsnefnd gaf skýrslu um íbúa hússins, sérhver þjónustustúlka um húsbændur sína. Þetta gekk svo langt, að menn óttuðust að hafa orð á því, að þeir væru svangir, til þess að eiga ekki á hættu að vera ákærðir fyrir að gagnrýna visku Stalíns eða erfiðleika styrjaldartímanna.

Það var alkunna meðal kommúnista í Moskvu, að margar þúsundir karla og kvenna, sem höfðu árum saman setið í fangelsum eða fangabúðum, voru fyrirvaralaust teknar og skotnar, þegar óvinirnir nálguðust. Það voru helstu frjálslýndu stjórnmálamennirnir: jafnaðarmenn, fylgjendur Búkharíns, þjóðbyltingarsinnar, stjórnsýsingjar og fyrrverandi kommúnistar. Það voru þessir menn, sem klíkan í Kreml óttaðist mest, því að þeir gátu orðið leiðtogar fjöldans, ef til stjórnarbyltingar kæmi. Hér sögðu aftur til sín hinir þungu draumar um tuttugu milljónir þræla, sem brutu hlekki sína. ...

Það var ekkert launungarmál, að hervæðingin var notuð til að tortíma þeim, sem voru ekki stöðugir í trúnni á ráðstjórnina. Æviferilsskýrslur NKVD voru rannsakaðar nákvæmlega. Sérhver hervæðingarnefnd í nágrenninu hafði skrár um þá, sem grunsamlegir þóttu — þó að ekki þætti full ástæða til að handtaka þá — og þeir, sem fyrirbúinn var bráður bani, voru þegar í stað kallaðir í herinn og sendir lítt þjálfaðir eða óþjálfaðir til hættulegustu staðanna á vígvellinum. Þetta var eins konar óbein hreinsun.

Það er ekki hægt að ofmeta, hve yfirgripsmikil hryðjuverkin voru í sjálfu Rússlandi. Þau urðu að sérstakri styrjöld í styrjöldinni. Þau urðu bending um fálmkennnt vantraust klíkunnar í Kreml á rússnesku þjóðinni. Önnur bending var, að skyndilega var varpað fyrir róða flestum hinna „sósíalísku“ kenninga, sem þjóðin hafði lifað á og liðið undir í 24 ár. Eftir að stjórnin hafði í aldarfjórðung barið kommúnismann inn í okkur, sneri hún nú á stund hættunnar aftur til hinna fornu hvatninga um fjöðurlandsást, ættrækni, ást til jarðarinnar, seinna jafnvel um trú. Við vorum ekki hvattir til þess að verja land „sósíalísmans“, heldur Rússland, arfleifð slavnesku þjóðflokkanna, og hina grísk-kapólsku trú.

Fullkomnari höfnun þeirra verðmæta, sem við höfðum lifað á, þó að það væri af nauðung gert og til bráðabirgða, er varla hægt að hugsa sér. Sósíalismi? Samyrkjubúskapur? Stéttlaust þjóðfélag? Heimsbylting? Því stærri landssvæði sem Þjóðverjar lögðu undir sig, því minna var talað um þessar hugsjónir, sem þjóðin hafði verið pynduð vegna. Það var ekki fyrr en löngu seinna, þegar innrásarflóðið hafði verið stöðvað, að aftur var farið að nota hin gömlu kjörorð. Það voru vafalaust

milljónir Rússa, sem enn trúðu á ráðstjórnarþjóðskipulagið og hinn kommúníska hugarheim. En svo virtist sem húsbændurnir í Kreml gerðu það ekki.

En ég ætla að snúa mér aftur að fyrsta degi styrjaldarinnar. Í skrifstofu framkvæmdastjórans hitti ég þetta sama kvöld hann sjálfan, Jegorov og framkvæmdastjóra einnar deildar verksmiðjunnar, Laríonov að nafni. Við ræddum um styrjöldina. Útvarpið var opið, þar eð okkur langaði til að hlusta á fréttirnar. Allt í einu yfirgnæfði rödd hersöngvana. Hún sagði á hreinni rússnesku: „Rússnesku borgarar! Rússneska þjóð! Hlustið á! Hlustið á! Þetta er aðalbækistöð þýska hersins.“

Við litum órólegir hver á annan.

„Er ekki best að skrúfa fyrir þennan óþokka?“ sagði Mantúrov.

„Fjandinn eigi hann! Við skulum hlusta á, hvaða fréttir fanturinn hefur að færa,“ sagði Jegorov.

„Í 24 ár hafið þið lifað við sult og ótta. Ykkur hafði verið lofað frjálsu lífi, en efndirnar voru þrældómur. Ykkur hafði verið lofað brauði, þið fenguð hungursneyð. Þið eruð þrælur án mannréttinda. Þúsundir ykkar deyja daglega í fangabúðunum og á hinum freðnu eyðimörkum Síberíu. Þið ráðið hvorki yfir landi ykkar né lífi. Stalín er harðstjóri ykkar. Það er farið verr með ykkur en galeiðupræla. Milljónir ykkar eru á þessari stundu í fangelsum eða fangabúðum. Harðstjórar ykkar hafa útrýmt kristinni trú ykkar og sett í stað hennar dýrkun á Stalín. Hvað er orðið af málfrelsi ykkar og prentfrelsi? Ryðjið sníkjudýrunum á rússnesku þjóðinni úr vegi! Steypið harðstjórnum af stóli!“ Síðan kom straumur af skammaryrðum, vígordum gegn gyðingum og öðrum ruddaskap, sem einkenndi þýskan áróður.

„Skrúfið fyrir hann!“ hrópaði Jegorov.

Mantúrov flýtti sér að skrúfa fyrir útvarpið. Þögnin, sem kom á eftir, var óþægileg. Við þorðum ekki að horfa hver framan í annan. Skömmu síðar skildumst við vandræðalegir.

Hér um bil klukkustund síðar kom ég aftur í skrifstofu Mantúrovs. Ég þurfti að tala við hann um að útvega mann, sem gæti komið í staðinn fyrir hinn handtekna Smoljanínov. Að venju gekk ég inn án þess að drepa á dyr. Mér til mikillar undrunar hitti ég þar aftur bæði Mantúrov og Jegorov, sem voru að hlusta á útvarpsfréttir Þjóðverja. Ég skildi vel forvitni þeirra. Í fyrsta sinn í tuttugu ár var hægt að hlusta á einhvern, sem skammaði ráðstjórnina, í stað þess að hlusta á ráðstjórnina lasta aðra.

„Komið yfir til okkar með þessa ritlinga í höndunum,“ var sagt í útvarpinu, um leið og ég kom. „Þeir eru vegabréf ykkar. Hvers vegna ætlið þið að berjast fyrir þrældómi og ógnarstjórn, þegar Þjóðverjar færa ykkur frelsi?“

Mantúrov bölvaði og skrúfaði fyrir útvarpið. Jegorov, sem varð ekki síður vandræðalegur við komu mína, læddist út úr herberginu. Ég ræddi um Smoljanínov-málið og önnur viðskiptamál, sem þurfti að útkljá. Mantúrov greip fram í fyrir mér í miðri setningu: „Á meðan ég man, félagi Kravtsjenko. Það er best að minnast

ekkert á, að við höfum hlustað á þýskan áróður í útvarpinu. Þér skiljið, ef til kemur. Guð hjálpar þeim, sem hjálpar sér sjálfur.“

„Ég þori að veðja, að annar hver íbúi Moskvu hefur hlustað,“ sagði ég. „Þeir munu að minnsta kosti ekki gera það á morgun. Það var verið að hringja til mín og segja mér, að öll útvarpstæki verði gerð upptæk á morgun.“

„Gerð upptæk? Hvers vegna?“

„Í öryggisskyni, geri ég ráð fyrir.“

Það var einmitt það, sem gerðist í Moskvu og hvarvetna annars staðar í landinu næsta dag. Allir borgarar urðu að viðlagðri refsíabyrgð að afhenda útvarpstæki sín til lögreglunnar. Ég sá fjallháum haugum af útvarpstækjum hlaðið á flutningabíla, eins og þau væru eldiviður, og ekið í birgðaskemmur. Það sem eftir var styrjaldarinnar, máttu Rússar aðeins hlusta á þá hátalara, sem settir voru í samband við hinar opinberu útvarpsstöðvar. Annars staðar, til dæmis í Þýskalandi og löndum þeim, sem Þjóðverjar höfðu hernumið, var bannað og refsivert að hlusta á útvarpsendingar óvinanna. Í Rússlandi naut þjóðin ekki slíks trausts. Útvarpstækin voru tekin af henni.

Þetta var fyrsta skrefið í þá átt að koma í veg fyrir næstum allar fréttir. Bréfaskoðunin náði ekki aðeins til bréfa að og frá vígstöðvunum, heldur til venjulegra einkabréfa manna á milli. Herstjórnartilkynningarnar voru fyrstu vikurnar svo rangar, að fæstir Rússar lögðu trúnað á þær upp frá því. Það var því ekki að furða, þó að ríkisstjórnin ætti í höggi við skrökberendur og óttadreifendur. Þeir voru aðeins bending um þá almennu skoðun, að stjórnin sendi út lygafréttir.

Í verksmiðjunni áttum við í sívaxandi erfiðleikum. Hervæðingin svipti okkur tíunda hverjum starfsmanni. Flutningaerfiðleikarnir gerðu það að verkum, að okkur skorti nauðsynlegustu hráefni. Fræðilega séð hafði land okkar haft frið í 22 mánuði, sem við hefðum getað notað til þess að búa okkur undir styrjöldina. Í reynd var enginn undirbúningur hafinn, óregla á öllum sviðum.

Við gátum ekki trúað hljóðskrafinu um, að hin þýska innrásarbylgja bærist austur með ofsahraða. Hvað var orðið af hinum fjölmenna Rauða her, sem við höfðum gortað gífurlega af? Hvernig var það með hinar góðu varnarstöðvar, sem við höfðum fengið, þegar við færðum landamæri okkar langt inn í Pólland, Finnland og Eystrasaltlöndin? Hvað var orðið af þeim hagnaði, sem við töldum okkur hafa haft af hinu langa hlutleysistímabili?

Styrjaldarfréttirnar sögðu minna en ekki neitt. Þær bættu aðeins nýjum ruglingi við hinar mörgu flugufréttir. Raðir lögreglumanna vörnuðu flóttamönnum að koma til Moskvu til að bjarga siðferðisþreki borgarbúa. En nægilega mörgum tókst að sleppa þangað til þess að vekja hjá okkur tilfinningu um vaxandi ófarnað. Herstjórnartilkynningarnar forðuðust bókstaflega að viðurkenna ósigrana. Það var jafnvel gefið í skyn, að við værum að sigra. En staðanöfnin voru nægileg sönnun þess, að bardagarnir færðust nær.

„Í nótt,“ sagði ein herstjórnartilkynningin í byrjun júlímánaðar, „var barist í ná-

grenni við Múrmansk, Dvínsk, Mínsk og Lútsk. ... Við Múrmansk veittu hersveitir okkar óvinunum öfluga mótspyrnu og unnu þeim mikið tjón. ... Við Dvínsk og Mínsk kom til bardaga, sem gjöreyddu fremstu skriðdrekasveitum óvinanna. ...“

En 3. júlí kom Stalín í fyrsta sinn að hljóðnemanum. Skelfingu lostin þjóð hlustaði á sannleikann um það bál, sem breiddist óðfluga út í áttina til höfuðborgarinnar.

„Hersveitum Hitlers hefur tekist að leggja undir sig Litháen,“ sagði Stalín, „mikinn hluta af Hvíta-Rússlandi og hluta af Vestur-Úkraínu. Alvarleg hættu ógnar föðurlandi okkar.“

Við áttum bágð með að trúá eyrum okkar.

„Tilgangurinn með þessari styrjöld gegn hinum nasíska kúgurum er að hjálpa öllum þjóðum Evrópu, sem stynja undir hæl hins þýska nasisma,“ hélt Stalín áfram. „Í þessari styrjöld munu þjóðir Evrópu og Ameríku vera tryggir bandamenn okkar. ... Styrjöld okkar fyrir frelsi föðurlandsins er hluti af þeirri styrjöld, sem þjóðir Evrópu og Ameríku eiga í til varnar sjálfstæði sínu og lýðræðislegu frelsi.“

Þarna heyrðum við í fyrsta sinn Stalín sjálfan nota orð eins og frelsi og lýðræði í fornri merkingu, án gæsalaппа í hæðnisskyni. Allt hafði snúið við. Áframhaldandi tilvera stjórnarfars bolsévika var allt í einu komin undir sigri hinna „úrkynduð lýðræðisþjóða“. ... Forvígislönd auðvaldssinnanna lofuðu Ráðstjórnarríkjunum allri þeirri hjálp, sem þau gætu í té látið. Nærri því gleymdur draumur um frelsi vaknaði aftur í mörgum rússneskum hjörtum. Útilokun sú frá hinni frjálsu veröld, sem við höfðum lifað við, virtist nú vera að hverfa, þó að hræðilega styrjöld hefði þurft til þess að fullkomna kraftaverkið.

„Bræður og systur, ég sný mér til ykkar, vinir mínir!“ sagði Stalín. Í þau sextán ár, sem hann hafði verið við völd, hafði hann aldrei áður ávarpað okkur þannig. Einn vana minna í verksmiðjunni, sem augnabliksæsingin hafði gert hugrakkann, hvíslaði að mér: „Húsbóndinn hlýtur að vera í fjandi mikilli klípu, úr því að hann kallar okkur bræður og systur.“

Við gátum ekki skilið orsakirnar að ósigrum okkar. Í 20 ár höfðum við soltið, verið pyndaðir og verið farið með okkur eins og þræla undir yfirskini hernaðarlegs undirbúnings. Leiðtogar okkar höfðu gortað af yfirburðum Ráðstjórnarríkjanna um herafla og herbúnað. Nú var auðmýkjandi flótti herja okkar skýrður með skorti á fallbyssum, flugvélum og skotfærum. Með „góðum árangri“ höfðum við framkvæmt þrjár fimmáraáætlanir í röð og fórnað við hverja þeirra um sig mat, fötum og húsgögnum vegna hergagnaiðnaðarins. Og þó varð land okkar með 200 milljónir íbúa í fyrsta sinn sem reyndi á styrkleika þess að reyna að stöðva hinar þýsku skriðdreka hersveitir með íkveikjuflöskum fylltum af benzín! Tugir þúsunda Rússa voru kramdir til dauða undir hjólum hinna þýsku skriðdreka, vegna þess að við, eftir tuttugu ár, sem næstum eingöngu voru notuð til hergagnaframleiðslu, áttum ekki skriðdreka fallbyssur. Það getur verið viðunandi að neita sér um smjör vegna fallbyssna, en hér var hvorki um fallbyssur né smjör að ræða.

Það var ekki gefin nein sæmileg skýring á ósigrum ráðstjórnarinnar, ekkert,

sem gæti dregið úr auðmýkingu okkar. Pólland varð að óvörum fyrir árás og fékk rýtingsstungu í bakið frá nágranna sínum í austri. Frakkland var minna og veikara en árásarríkið. En hvers vegna þurfti bið geysivíðlenda Rússland, tveim árum eftir ófriðarbyrjun, með yfirburði í fjölda hermanna, tíma og einbeitingu að hergagnaframleiðslu, að hegða sér eins og lítið land, sem hafði ekki fylgst með tímanum og varð fyrir óvæntri árás? Ef land okkar hefði ekki verið stærra en Frakkland, hefðum við verið gjörsigraðir fjórum sinnum á fyrstu fjórum mánuðum styrjaldarinnar.

Aðeins hin endalausa rússneska víðátta, hinn óþrjótandi rússneski mannaflí, dádír og fórnfýsi rússnesku þjóðarinnar, sem engin önnur þjóð stendur framur í þeim efnum, bæði á vígvöllum og bak við þá, þróun nýrra og gamalla iðngreina bak við víglínuna og endurreisn þeirra verksmiðja, sem fluttar höfðu verið burt undan innrásarhernum, bjargaði föðurlandi mínu frá tortímingu. Það var allt þetta, sem gerði hið stórkostlega og kostnaðarsama undanhald mögulegt, meðan verið var að safna saman tækjum til gagnsóknar. Stjórnin var fær um að vekja og hagnýta sér þjóðernisanda og föðurlandsást þjóðar okkar, sem áttu sér svo djúpar rætur. Seinna, eftir orrustuna við Stalínsgarð, tóku bandarísk vopn og birgðir að streyma inn í landið.

Hervæðingin var framkvæmd í hitasóttarkenndum flýti og ruglingi. Varaliðsmenn voru sendir til vígstöðvanna, án þess að þeim væri gefinn tími til þess að kveðja fjölskyldur sínar. Verkamennirnir voru reknir út á orrustuvöllinn nærri því beina leið úr verksmiðjunum. Og þetta var gert þrátt fyrir það, að við hefðum einn af stærstu föstu herjum veraldarinnar, sem hafði fengið æfingu við innrás í nágrannaríkin og raunverulega styrjöld við Finnland. Innrásin kom stjórninni svo aumkunarlega á óvart, að hún átti ekki einu sinni til nægilega marga hermannabúninga. Á þessum fyrstu mánuðum gengu jafnvel liðsforingjar út í opinn dauðann í bráðabirgðabúningum og án nauðsynlegrar þjálfunar. Milljónir af nýjum hermönnum þrömmuðu gegnum forarbleytuna í strigaskóm. Og þegar veturinn, sem lagðist að óvenjulega snemma þetta ár, kom, urðu þeir að klæðast sumar-búningum. Ég sá nýliða, sem þjálfaðir voru með sópsköftum í stað ríffla.

Útboðsnefndirnar voru önnur kafnar frá því snemma á morgnana og langt fram á nótt og kvöddu í herinn menn á aldrinum frá 17–50 ára. Þær fóru, eftir því sem ég frétti síðar, ekki eftir gildandi lögum, heldur eftir leynilegum fyrirmælum frá landvarnarnefnd ríkisins, sem gefin voru eftir að styrjöldin hófst. Þær hlífðu auðvitað vissum tegundum verkamanna, sem inntu af hendi bráðnauðsynlega vinnu, og í byrjun voru líka menn, sem höfðu fyrir tveim eða fleiri ómögum að sjá, lausir undan herþjónustu. Að undanteknu þessu var hervæðingin grimmúdleg og miskunnarlaus. Læknisrannsókn var framkvæmd á tveim eða þrem mínútum fyrir hvern hóp. Ég sá eineygða, halta og berklaveika menn, menn með hjartasjúkdóma og magasár, skeggjaða, fimmtuga menn, sem voru svo útslitnir af þrældómi, að þeir gátu varla dregist úr stað, úrskurðaða hæfa til herþjónustu. Aðeins 1–2% manna á

framangreindum aldri voru úrskurðaðir óhæfir til herþjónustu sökum líkamlegra annmarka. Blöðin gumuðu af því, að þetta sýndi, hversu mikilli líkamlegri heilbrigði þjóðin hefði náð undir ráðstjórn. Í raun og veru sýndu tölur þessar aðeins algjöra fyrirlitningu á mannlífínu.

Styrjöldin hafði aðeins staðið í nokkrar vikur, þegar flokkurinn krafðist þess, að stofnaður yrði borgarahrer sjálfbóðaliða. Margir okkar álitu þetta einnig óræka sönnun um undirbúningsskort. Við minntumst orða þeirra, er Voroshílov viðhafði í septembermánuði 1939, eftir að styrjöldin í Evrópu hafði brotist út: „Reynslan af herjum keisarátímans hefur sannað, svo að ekki verður um villst, að hinir svonefndu borgarahrer sjálfbóðaliða eru mjög veikir og að mestu óþjálfaðir. Þeir voru sönnun þess, að viðbúnaður í skyndi á styrjaldartímum stoðar ekki mikið. Algjörlega óþjálfaðir menn voru sendir til vígstöðvanna, og þið vitið allir, hver endalokin urðu.“

Nú gerðum við það sama. Og það, sem verra var, við flúðum á náðir þessa sjálfbóðaliðafyrirkomulags strax í byrjun ófriðarins. Keisarastjórnin gerði það miklu seinna. „Ég álit rétt að geta þess,“ sagði Voroshílov við sama tækifæri, „að aukning Rauða hersins og flotans er í nánú samræmi við ástandið í alþjóðamálum, sem ríkisstjórnin, miðstjórn flokksins og félagi Stalín athuga alltaf af nákvæmni og kostgæfni.“ Hvernig var þessi athugun, úr því að „ríkisstjórnin, miðstjórn flokksins og félagi Stalín“ sendu blygðunarlaust og miskunnarlaust heilar hjarðir af óþjálfuðum borgurum út í opinn dauðann fáum vikum eftir að innrásin hófst?

Morgun einn í júlímánuði var mér stefnt í skrifstofu flokksnefndar verksmiðjunnar. Þar fékk ég fyrirskipun frá Jegorov um að stjórna fundi í því skyni að hvetja starfsmennina til að láta skrá sig í herinn sem sjálfbóðaliða. Ég bað hann um að gera það sjálfan, þar eð hann væri formaður flokksdeildarinnar í verksmiðjunni.

„Nei, Víktor Andrejevítsj. Frumkvæðið að þessu á frekar að koma frá almenningi en frá flokknum. Þér eruð mjög vinsæll meðal verkamannanna. Það verður auðveldara fyrir yður en mig.“

Fjöldafundurinn hófst. Fyrir framan mig sá ég kámug andlit starfsfélaga minna. Ég talaði til þeirra eins og Rússi talar við Rússa og forðaðist vandlega orðin „sósíalisti“ og „kommúnisti“. Eins og allir aðrir elskaði ég þjóð mína. Ég vissi, að hún var allt annað en sá glæpamannaflokkur, sem stjórnaði okkur og ógnaði til hlýðni. Ég gat því af fullri hreinskilni og sannfæringu mælt með þjóðarher. Sú staðreynd, að ég gat hrifist innilega af hugsuninni um sigur og borið í brjósti ástríðuþrungið haturl til árásarmannanna, þó að ég hefði viðbjóð á ráðstjórnarfyrirkomulaginu, skýrir, hvers vegna Rússar börðust og sigruðu að lokum. Þeir börðust ekki fyrir Stalín, heldur þrátt fyrir Stalín. Enginn vissi þetta betur en sjálf stjórnarklíkan í Kreml, eins og sérhver hvatning hennar til baráttu fyrir föðurlandið sýndi.

Ég reið á vaðið og lét fyrstur skrá mig sem sjálfbóðaliða. Tugir af verkamönnum okkar í verksmiðjunni, skrifstofumönnum og iðnfræðingum komu á eftir. En ekki

einn einasti úr æðstu verksmiðjustjórninni gerði það. Þeir engdust undir spyrjandi augnaráði verkamannanna, en gáfu ekkert merki um að láta skrá sig.

Seinna um daginn kom ég í heimsókn til Mantúrovs. Ég lét sem ég gengi að því vísu, að hann færi í herinn sem sjálfboðaliði.

„Jæja, Vjatsjeslav Ívanóvičs,“ sagði ég glaðlega, „hvenær ætlið þér að láta skrá yður?“

Andlit hans varð samlitt glóðrauðu hári hans. Hann gat ekki staðið kyrr. Litlu augun hvimuðu um allt herbergið, og hann ræskti sig.

„Hvað á ég að gera í þessari miklu styrjöld, er spurning, sem umdæmisnefnd flokksins verður að úrskurða. Ég er í ábyrgðarstöðu. Verksmiðjan verður bráðlega flutt burt.“

„Þér ættuð samt sem áður að láta skrá yður,“ sagði ég. „Verkamennirnir eru farnir að tala um þetta. Ef flokkurinn óskar að halda í yður hér, þá mun hann gera það þrátt fyrir það. Hvers vegna viljið þér ekki láta skrá yður nú?“

En Mantúrov vildi ekki eiga neitt á hættu. Og það vildi Jegorov ekki heldur. Í lok styrjaldarinnar höfðu þeir sjálfir verið sæmdir hljómmiklum titlum og heiðursmerkjum fyrir að halda sér vel fyrir utan skotfæri óvinanna. Ég álasa þeim þó ekki sjálfum fyrir þetta. Þeir fylgdu aðeins þeirri stefnu, sem klíkan í Kreml hafði vísað.

Stalín var ákveðinn í að vernda tæki sín, skrifinnnskufyrirkomulagið, sem var, þegar á allt var litið, undirstaðan undir ráðstjórnarfyrikomulaginu. Jafnvel erfiðustu mánuði styrjaldarinnar var þeim embættismönnum, „sem var ekki hægt að komast af án“ — en það tók líka til hinna sérstöku herdeilda NKVD og lífvarðarsveita einræðisherrans — að mestu leyti hlíft, til þess að hægt væri að nota þá við hin endanlegu reikningsskil við rússnesku þjóðina, reikningsskil, sem þó þurfti ekki að gera.

Nafn mitt var strikað út af sjálfboðaliðaskránni eftir fyrirskipun umdæmisnefndarinnar. Mantúrov og Jegorov myndu hafa orðið frá sér numdir af gleði yfir að sjá mig sendan til vígstöðvanna þegar í stað. Þeir fyrirgáfu mér aldrei tilraunir mínar til þess að fá þá til að skrásetja sig, þegar það spurðist um alla verksmiðjuna. En í svip bjargaði það þeim út úr klípunni, að Kravtsjenko og öðrum æðstu starfsmönnum verksmiðjunnar var ekki leyft að fara til vígstöðvanna.

Mýrarflákaraðman í finnsku öræfunum, sem Rússland greiddi árið 1940 með hundruðum þúsunda mannlífa, komst hér um bil undireins á vald óvinanna. Tilraun Stalíns til árásarstríðs leiddi þess vegna ekki til neins — annars en að reka hina finnsku nágranna okkar dálitlu fljótar í faðm Þýskalands. Ofbeldi Ráðstjórnarríkjanna gagnvart Póllandi og hertaka Eystrasaltsríkjanna tæði innrásarmennina ekki nema stuttan tíma. „Hernaðarlegar öryggisráðstafanir“ til afsökunar því að leggja undir sig landamæraheruð eru fánýtar á tímum vélahernaðar og langfleygra herflugvéla.

En af öllum þeim „helgisögnum“, sem sprottið hafa í vermihúsi kommúníks

áróðurs, er helgisögnin um, að Stalín hafi notað 22 mánaða friðinn, sem hann hafði upp úr samningi sínum við nasistana, til þess að hervæðast gegn þeim, ódrengilegust, af því að hún er mesta sögufölsunin. Hún er uppspuni. Hún er móðgun við milljónir Rússa, sem þjáðust og dóu einmitt vegna þess, að sá tími fór til ónýtis. Þegar styrjöldin hófst voru allar varnir okkar í ólestri og við áttum jafnvel engar skynsamlegar áætlanir um, hvernig ætti að bjarga þeim mönnum og dýrmætu hergögnum, sem urðu á leið óvinanna.

Þeir, sem efast um þetta, þurfa ekki annað en að lesa umræðurnar frá átjándá flokksþinginu, sem haldið var í febrúar 1941, aðeins fjórum mánuðum fyrir þýsku innrásina. Í hverri ræðunni eftir aðra var brugðið upp myndum af erfiðleikum og misgripum í iðnaðinum, einkum í þeim greinum þjóðarbúskaparins, sem tóku til hernaðarnauðsynja. Í starfi mínu á styrjaldarárunum bárust upp í hendurnar á mér þúsundir sannana fyrir því, að myndir þessar voru ekki málaðar of svörtum litum.

Viku eftir upphaf styrjaldarinnar var Moskva, sú borg í landi okkar, sem best var birgð nauðsynjum, uppiskroppa með brauð. Menn stóðu í biðröðum, sem náðu meðfram heilum húsasamstæðum, og biðu eftir agnarlitlum brauðskammti. Þeir, sem stóðu aftarlega í röðunum, áttu það aldrei víst, að nóg væri til handa öllum af brauði, steinolíu og öðrum lífsnauðsynjum. Það höfðu ekki einu sinni verið smíðuð sómasamleg loftvarnabyrgi í höfuðborg Ráðstjórnarríkjanna. Engin hergagnaverksmiðja í vestur- og suðurhluta Rússlands hafði verið flutt burt eða verið undirbúin til brottflutnings fyrir innrásina. Í samræmi við kenningar mannanna í Kreml höfðum við aðeins búið okkur undir árásarstríð og þess vegna vanrækt að flytja burt í tæka tíð menn og vélar frá hinum geysivíðlendu landshlutum, sem urðu þegar í stað að vígvöllum. Milljónir smálesta af hráefnum og hergögnum, korni, eldsneyti, og, það sem skiptir mestu máli, milljónir manna voru enn í hinum auðsæranlegu landshlutum í vestri og lentu strax í höndum Þjóðverja.

Ég átti vegna starfs míns dagleg viðskipti við þær ráðuneytisskrifstofur, sem báru ábyrgð á verksmiðjum, vörubirgðum og verkamönnum í þeim landshlutum, sem ráðist var á. Mér varð fljótlega ljóst, að enginn í Kreml hafði skeytt um að gera áætlanir um brottflutning manna og eigna. Frumkvæðið að þessu gat auðvitað aðeins komið af tindinum. Ef einhver annar hefði vakið máls á þessu, hefði hann átt á hættu að verða ákærður vegna „skorts á sigurvissu“ og fyrir að breiða út „orðróm, sem dró úr siðferðisþrekinu“. Sú hugsun, að hinn frábæri Rauði her yrði ef til vill að hörfa undan, þótt ekki væri nema um stundarsakir, hefði verið álitin versta tegund helgisþjalla.

Þau ár, sem ég starfaði að verksmiðjustjórn, var ég oft viðstaddur og tók þátt í undirbúningi að leynilegum hervæðingaráætlunum. Við tókum til íhugunar alls konar nauðsynjar — málma, olíu, kol, vélar, mannafla — og ræddum úrlausnarefni um geymslu þeirra og flutning. Það var í samræmi við þessar fyrirferðarmiklu áætlanir, að stjórnin safnaði saman geysilegum birgðum af hernaðarnauðsynjum. En áætlanirnar snerust bókstaflega alltaf og eingöngu um sóknaraðgerðir. Þær voru

gerðar í samræmi við þá skoðun, sem Stalín endurtók oft og var þess vegna hafin yfir gagnrýni, að styrjöldina skyldi heyja í löndum annarra þjóða.

Nú urðum við að heyja geysilega umfangsmikla varnarstyrjöld og vorum þess vegna úrræðalausir. Við urðum að skipuleggja allt í skyndi og frá grunni: brottflutning, hervæðingu og skæruhernað á bak við víglínur óvinarins. Klíku Hitlers hafði tekist að svæfa Stalín svo föstum svefni, að allar breskar og bandarískar tilraunir til þess að vekja hann til að horfast í augu við raunveruleikann mistókust með öllu. Ef hann hefði farið eftir fyrstu viðvöruninni, sem hann fékk frá bandaríska utanríkisráðuneytinu í janúarmánuði, hefði hann haft fimm mánuði til ráðstöfunar og hefði á þeim tíma getað flutt burt milljónir manna, tugi verksmiðja og stórkostlega miklar varabirgðir, vélar og verkfæri.

Vegna þess, að klíkan í Kreml sóaði þessum dýrmæta tíma til einskis, fékk Hitler að herfangi mikinn hluta alls þess, sem rússneska þjóðin hafði framleitt með blóði, svita og tárnum á þeim fimmtán árum, sem verið var að breyta landinu í iðnaðarland: Verksmiðjur, vélar, dráttarvélastöðvar, vatnsorkuver, heil fjöll af alls konar birgðum, svo að ekki sé minnst á milljónir verkamanna, sem var gloprað í hendur hinum villidýrslugu nasistum í Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.

Sá ávani að vera kvíðafullur hafði skotið svo djúpum rótum í skrifinnnskunni eftir hreinsunina miklu, að aðeins fáir þorðu að hefjast handa, jafnvel eftir innrás nasistanna. Óttaslegnir embættismenn og iðnaðarleiðtogar á hinum ýmsu stöðum sömdu áætlanir um brottflutning dýrmætra véla og birgða og jafnframt manna. En þar eð þeir þorðu ekki að hafast neitt að, þó að ekki væri nema undirbúningsverk, skrifuðu þeir skýrslur og sendu þær til „hinna hæstu staða“, til að þar yrðu teknar ákvarðanir, og sátu síðan ósjálfbjarga og biðu. Undantekningarlítið biðu þeir enn, þegar Þjóðverjarnir komu.

Áður en Hitler kom til valda, en einkum eftir valdatöku hans, höfðu stjórnendurnir í Kreml eytt milljónum dali í leynipjónustu og gagnnjósnastarfsemi í Þýskalandi. Safnað hafði verið upplýsingum um stjórnarstofnanir landsins og styrjaldarundirbúning. En í hreinsununum til ársins 1939 höfðu flestir starfsmenn leynipjónustunnar og herforingjaráðs Rauða hersins verið handteknir, settir í fangelsi eða teknir af lífi, og margir þeirra höfðu flúið land. Árangurinn af margra ára starfi þeirra var ónýttur sem „skemmdarstarfsemi gagnbyltingarmanna“. Það kom því miður fljótt í ljós, að hin nýja leynipjónusta var hæði léleg og duglaus. Við urðum að greiða dýru verði hinar miskunnarlausu hreinsanir þessara ára.

Ný valdastofnun hafði verið sett á fót til að búast gegn hættunni: landvarnarnefndin. Henni var falið að fara bæði með vald ríkisins og flokksins. Hún varð heilinn og aflið í varnarstarfseminni um land allt og á vígvöllum og sá aðili, sem réð stefnunni bæði í innanríkismálum og utanríkismálum. Þessi nefnd tók í raun og veru í sínar hendur vald Æðsta ráðsins, sem í orði kveðnu var handhafi valdsins. Þjóðfulltrúaráðið varð eingöngu framkvæmdastofnun, sem sá um framkvæmd á fyrirskipunum þessarar nýju nefndar og vakti yfir störfum hinna ýmsu stjórnar-

deilda. Erindrekar nefndarinnar höfðu ótakmarkað vald í hinum ýmsu landshlutum. Landvarnarnefndin var hin valdamesta, teygjanlegasta og miskunnarlausasta stofnun, sem nokkru sinni hefur verið til í Ráðstjórnarríkjunum. Allir nefndarmennirnir voru valdir úr röðum stjórnmalanefndarinnar eða varamanna þeirra.

Herinn, sem hafði misst marga af æðstu stjórnendum sínum í hreinsununum, hafði enn ekki fullþroskað nýja leiðtoga. Voroshílov, Búdjonnyj og aðrir frægir dugleysingar, sem í upphafi hafði verið fengin í hendur yfirstjórnin á hinum ýmsu vígstöðvum, voru ekki aðeins duglausir, heldur beinlínis skaðlegir. Það var þó ekki fyrr en í októbermánuði, að flestum þeirra var vikið úr stöðum sínum og nýjum mönnum fengin yfirstjórnin í hendur. Einnig þetta var sönnun þess, hversu mjög Stalín hafði vanrækt allan styrjaldarundirbúning.

Þjóðverjar, sem höfðu aðstoðað okkur við að reisa flestar mikilvægustu verksmiðjurnar í Úkraínu og setja niður vélarnar í þær, þekktu hverja skrífu í þeim. Þeir gátu með djöfullegri nákvæmni varpað sprengjum sínum á aflstöðvar, vatnsgeyma og umferðarmiðstöðvar, til þess að stöðva framleiðsluna og koma í veg fyrir brottflutning á síðustu stundu.

Í áróðri ráðstjórnarinnar var síðar gert mikið veður út af því, að verksmiðjur hefðu verið fluttar frá Úkraínu og Hvíta-Rússlandi til Síberíu. Í raun og veru var aðeins lítill hluti verksmiðjanna fluttur. Satt að segja féllu allar þær verksmiðjur, sem ég hafði starfað við eða þekkti til: í Dnepropetrovsk, Krívoj Rog, Zaparozhe, Taganrog — næstum því óskaddaðar í hendur fjandmannanna. Sama var að segja að meira eða minna leyti um verksmiðjurnar í Kænugarði, Odessa, Kharkov, Mariúpol, Stalíno og Lúgansk. Sú yfirsýn Stalíns að trúa Hitler varð til þess, að við afhentum Hitler iðnað, sem framleitt gat hér um bil tíu milljónir smálesta af stáli á ári og auk þess tvær milljónir smálesta af stálvörum. Eftir því sem tímar liðu fram, fengum við þetta allt endurgoldið í líki banvænna skriðdreka, fallbyssna, sprengikúlna og sprengna. Það fór ekki síður sorglega með aðrar iðnaðargreinar.

Á meðan gríðasáttmálinn var í gildi, hjálpaði Stalín Hitler til að sigrast á Evrópu með því að birgja hann upp að málum, olíu, korni, kjöti, smjöri og hvers konar hráefnum í samræmi við fjármálasamning þann, sem gerður var samtímis. Eftir innrásina hjálpaði Stalín honum með því að láta honum eftir ómetanleg verðmæti í mynd vara og framleiðslumöguleika og — það sem svívirðilegast var af öllu — margar milljónir manna.

Sagan mun ásaka Stalín fyrir skort hans á undirbúningi, þrátt fyrir hinn endanlega sigur. Hann átti sök á ónauðsynlegum dauða milljóna manna og ólýsanlegri mannlegri eynd. Hvers vegna voru íbúar Lenínsgarðs ekki fluttir burt? Tilbeiðendur hans leiða þessa „vanrækslu“ hjá sér, þó að yfir 1.300.000 manna hafi látist úr sulti og kulda fram til 1. maí 1943 og þeir íbúanna, sem eftir lifðu, beri alla ævi menjar hinna þriggja hræðilegu umsátursvetra. Lenínsgarður var borg á hættusvæði. Undirbúningur undir björgun íbúanna hefði átt að vera hafinn

fyrirfram. En það var ekki einu sinni byrjað á honum, eftir að styrjöldin skall á. Ábyrgðin á hinum hræðilegu þjáningum íbúa Lenínsgarðs hvílir beinlínis á tveim stjórnmalanefndarmönnum, þeim Voroshílov, sem var yfirhershöfðingi Lenínsgarðsvígstöðvanna, og Zhdanov, sem var yfirmaður Lenínsgarðsumdæmisins.

Sama er hægt að segja um þá óhamingjusömu menn, sem innikróaðir voru í Kænugarði, Odessa, Sevastopol og hundruðum annarra borga og bæja, þar með talin fæðingarborg mín. Faðir minn og móðir mín voru tekin til fanga af Þjóðverjum í Dnepropetrovsk ásamt Klövu, konu Konstantíns bróður míns, og ungbarni þeirra. Aðeins stálvilji lasburða móður minnar, sem hertur var af guðstrú hennar, bjargaði henni gegnum hinar hræðilegu þrengingar. Þjóðverjar hröktu hana stað úr stað og lokuðu hana að síðustu inni í einum hinna óþrifalegu fangabúða sinna. En bæði hún og Klava lifðu þetta af. En mér er ókunnugt um, hvort faðir minn hefur líka gert það. Það eru milljónir slíkra fedra, mæðra og barna í Rússlandi, sem guldu fyrir glæpsamlega „vanrækslu“ klíkunnar í Kreml með lífi sínu og ólýsanlegum þjáningum.

Þegar brottflutningurinn loksins hófst, komu stéttasérrettindi hins nýja ráðstjórnarfyrikomulags í ljós í sinni siðlausustu mynd. Forréttindi til brottferðar og notkunar flutningatækja voru áskilin „þeim, sem ekki var hægt að vera án“, en það merkir: æðstu embættismönnum, starfsmönnum flokksins, starfsmönnum verkafélagslaganna og starfsmönnum lögreglunnar, sem til samans unnu að stjórn ríkisins. Venjulegir dauðlegir menn fengu aðeins að hafa með sér tvær ferðatöskur og urðu að skilja allt annað eftir. En höfðingjarnir, sem áttu forgangsréttinn, fluttu jafnvel með sér fyrirferðarmestu húsgögn sín. Iðnlærðir verkamenn og aðrir, sem starfa áttu í verksmiðjunum, sem fluttar voru, fengu fararbeina, en urðu oft að skilja eftir fjölskyldur sínar, þegar þeir óku burt ásamt vélunum. En embættismennirnir, sem ívilnað var, tóku með sér raunverulega ættingja og gerviaettingja allt að tíunda lið.

Ég endurtek: Hin mikla afsökun fyrir gríðasáttmálanum við nasista — að Stalín ætlaði sér að vinna tíma — er svívirðileg þjóðsögn, uppspuni, ódregileg áróðurslygi.

Það þurfti margra mánaða átakanlega reynslu af hinni þýsku grimmd til að koma í kring siðferðislegri afvopnun rússnesku þjóðarinnar. Hún þurfti aftur að læra að hata nasistana, eftir að Hitler hafði í tvö ár verið lýst sem vini Rússlands og friðarvini. Það má ekki gleymast, að fyrstu vikur stríðsins voru heilar herdeildir Rauða hersins teknar til fanga af Þjóðverjum næstum bardagalaust. Ef sigurvegararnir hefðu hagað sér eins og mennskir menn og sýnt stjórnmalahyggindi, þá hefðu þeir getað komist hjá miklu af hinni hörðu skæruliðamóttöðu, sem gerði þeim erfitt fyrir í styrjöldinni dag og nótt. Í stað þess héldu Þjóðverjar vegna hins ofstækisfulla kynþáttahaturs síns áfram að drepa, pynda, brenna, ræna og hneppa í þrældóm. Í viðbót við samyrkjubúskapinn, sem allflestir bændur hötuðust við, lögðu nú

sigurvegararnir á þá óþolandi þrældóm í sína þjónustu. Í stað hinnar uggvænlegu NKVD komu Þjóðverjar nú með sína hræðilegu Gestapo. Með þessu gerðu Þjóðverjar Stalín mikinn greiða. Þeir sneru miklum meiri hluta þjóðarinnar, bæði á hernumdu svæðunum og fyrir aftan víglínurnar, og öllum vopnuðum liðsafla gegn sér. Þeir fengu klíkunni í Kreml tilefni til að vekja hjá allri þjóðinni brennandi hatur á nasistum.

Flóttamenn og fangar, sem komust undan, gáfu blóðugar lýsingar af grimmd Þjóðverja og rostafullri heimsku. Þeir færðu þær fréttir, að nasísku siðleysingjarnir færu með alla slavneska þjóðflokka eins og þeir væru ekki mennskir menn. Ég veit af eigin reynslu, að hatrið á Þjóðverjum rýmdi burt reiðinni við stjórn okkar. Hjörðum Hitlers tókst að láta föðurlandsást rússnesku þjóðarinnar brenna heitar en öll nýju herópin frá Kreml um kynstofn og þjóð megnuðu að gera.

Ef við hefðum átt í styrjöld við mannlega og menntaða lýðræðisþjóð, sem hefði viljað unna okkur friðar og sjálfstæðis innan fjölskyldu hinna frjálsu þjóða, þá myndi viðhorfið hafa orðið allt annað. En Rússar áttu aðeins völ milli harðstjórna, sem þeir þekktu, og innfluttrar harðstjórna. Einvaldar Ráðstjórnarríkjanna ættu ekki að stæra sig óskaplega af því, að þeir kusu heimatilbúna hlekki.

Í áróðri Kremlverja til hersins og almennings var því haldið fram, að innrásarmennirnir ætluðu sér að koma á fót nýjum jarðeigenda- og auðkýfingastéttum. Þetta reyndist áhrifamikið ráð til að telja kjark í þjóðina og tryggast grundvöllurinn, sem stjórnin og þjóðin gátu mæst á. Menn verða að láta sér skiljast, að Rússar, að undanteknum örlitlum minni hluta, óskuðu þess alls ekki, að þetta fyrirkomulag ætti afturkvæmt, hvernig sem það væri dulbúið, enda þótt þeir hötuðu af heilum huga ofríki ráðstjórnarinnar í stjórnámálum og efnahagsmálum. Uppeldi og fræðsla í aldarfjórðung höfðu skapað rótgróna andúd á auðvaldsskipulaginu í hugum rússnesku þjóðarinnar.

En milljónir manna, sem börðust hraustlega gegn nasistum á vígstöðvunum og í skæruhernaðinum, dreymdi um, að upp úr ösku hins mikla fórnarbáls myndi rísa nýtt Rússland, sem leyst væri undan einræði eins flokks og eins manns og gætt lýðræðislegu frelsi. Stjórnin örvaði þessa draumsýn, á meðan við fórum halloka í styrjöldinni, einkum í þeim héruðum, sem fjendurnir höfðu hertekið. Texti Atlantshafsfirrlýsingarinnar og ræða Roosevelts forseta um „hið ferns konar frelsi“ voru birt í blöðunum svo að lítið bar á, en án athugasemda, og vakti það hjá okkur nýjar vonir. Í áróðrinum, sem fluttur var hinum herteknu landshlutum, var þetta tvennt aftur á móti notað til hins ýtrasta, til þess að gera skæruliðunum skiljanlegt, að þeir berðust fyrir nýju Rússlandi, en ekki því, sem svikið hafði þá með ógnum sínum og harðstjórn eins flokks. Í þjáningum manna og örvæntingu var þetta þeim til mikillar uppörvunar, því að þeir héldu, að áróðursstybban væri fórnarreykur frelsisins.

Stjórnin og þjóðin börðust báðar til að bjarga landinu — en vonir þeirra og markmið voru jafnfjarlæg hvort öðru og heimskautin. Aðalmarkmið stjórnarinnar

var að bjarga sjálfri sér og stjórnarfyrríkomulaginu til þess að geta haldið hinu kommúníska ævintýri áfram heima og erlendis. Þjóðin lét aftur á móti stjórnast af fólkskvalausri föðurlandsást og voninni um að hljóta frelsi í stjórnámálum og efnahagsmálum í sinni einföldustu mynd.

Skæruhernaðinum og herbragði „hinnar sviðnu jarðar“ hafa sumir hrifnæmir rithöfundar lýst sem ósjálfráðum viðbrögðum. Í raun og veru var gerð nákvæm áætlun um þessar varnaraðferðir og þeim alltaf stjórnað frá Moskvu. Í útvarpsræðu sinni 3. júlí sagði Stalín: „Í þeim héruðum, sem óvinirnir hafa hernumið, er nauðsynlegt að mynda skæruliðasveitir, bæði fótgönguliðs- og riddaraliðssveitir; að mynda mótstöðuflokka til að berjast við einstaka flokka óvinahermanna og breiða skæruhernaðinn út um allt; ennfremur að sprengja í loft upp brýr og vegi, eyðileggja talsíma- og ritsímasambönd; að kveikja í skógum, birgðaskemmum og járnbrautarlestum. Á hernumdu svæðunum er nauðsynlegt að skapa óþolandi ástand fyrir óvinina og alla aðstoðarmenn þeirra, að ofsækja þá og útrýma þeim, hvar sem þá er að finna, og grafa undan öllum áformum þeirra.“

Hann sagði líka, að á undanhaldinu ætti „skilyrðislaust að eyðileggja“ öll verðmæti, sem ekki væri hægt að flytja með sér. Nú orðið er það ekkert leyndarmál, að margir bændur og bæjarbúar börðust af alefli á móti þessari stjórnmalástefnu og stundum kom til blóðsúthellinga. Íkveikjurnar voru aðallega framkvæmdar af hermönnum, en ekki borgurum.

Stjórn skæruliðahernaðarins var skipulögð í Moskvu. Ritari miðstjórnar flokksins í Hvíta-Rússlandi, félagi Ponomarenko, stjórnaði skæruhernaðinum í Hvíta-Rússlandi. Demjan Korotsjenko, ritari úkraínsku miðstjórnarinnar, var yfirmaður mótstöðuhreyfingarinnar í Úkraínu. Í baltnesku ríkjunum hafði félagi Latsís sama hlutverk með höndum. Þessir menn höfðu verið flokksleiðtogar í mörg ár, þó að áróðurinn gerði seinna mikið veður út af óþekktum mönnum, sem komið hefðu fram úr eldi neðanjarðarhreyfingarinnar sjálfrar.

Samkvæmt áætlununum áttu ákveðnir stórir flokkar hermanna úr Rauða hernum að verða eftir fyrir aftan víglínu Þjóðverja til að mynda kjarnann í skæruliðasveitunum. Hermenn, sem höfðu villst frá hersveitum sínum og komust ekki til þeirra aftur, gengu að sjálf sögðu í lið með skæruliðunum. Margar þúsundir óflokksbundinna starfsmanna ráðstjórnarinnar, virkra flokksmanna og þess háttar manna, sem orðið höfðu eftir bak við víglínu Þjóðverja og komust ekki í gegnum hana, en vissu, að þeirra myndi ekki biða annað en pyndingar og dauði, ef þeir lentu í höndum nasista, bættust í fylkingar mótstöðuhreyfingarinnar. Annað sáu Þjóðverjar sjálfir um með grimmdarfullum starfsaðferðum sínum.

En það er önnur hlið hinnar skipulögðu mótstöðu, sem aldrei hefur verið minnst á. Ég á við sveitir frá NKVD, sem með ráðnum hug voru skildar eftir í öllum héruðum, sem fjendurnir hertóku, aðallega í þeim tilgangi að fylgjast með hegðun ráðstjórnarborgaranna á hernámssvæðunum. Tugir þúsunda rússneskra karla og kvenna voru síðar teknir af lífi og hundruð þúsunda dæmd í hegningarvinnu vegna

Þessara athugana. Erindrekar NKVD tóku einnig þátt í skæruliðahreyfingunni, svo að hið kunna fyrirkomulag ráðstjórnarnjósanna gegn Þjóð sinni þreifist jafnvel í hinum hernumdu landshlutum. Fjölskyldur þessara erindreka NKVD voru fluttar burt til héraða, sem voru undir yfirráðum ráðstjórnarinnar, og haldið þar sem gíslum til að tryggja trúmennsku erindrekanna.

Það má ekki heldur ganga að því vísu, að íbúarnir á hinum herteknu svæðum hafi allir verið jafnvinnveittir skæruliðunum. Í Eyrstrasaltslöndunum tók mikill hluti íbúanna — oft mestur hluti þeirra — Þjóðverjum auðvitað sem frelsurum frá hinu óvelkomna oki Ráðstjórnarríkjanna, og skæruliðarnir urðu fyrir sífelldum árásum, bæði af hálfu íbúanna og hinna þýsku hermanna. En jafnvel í hinu eiginlega Rússlandi — einkanlega í þeim hlutum Don- og Kúban-héraðanna, þar sem árekstrarnir út af samyrkjubúunum höfðu orðið mestir og hungursneyðin verst — voru íbúarnir ófúsir á að ganga í skæruliðasveitirnar og veittu þeim oft viðnám.

Í Úkraínu leiddi einnig hinn forni fjandskapur á Stalín oft til ofbeldisverka. En ástandið í Úkraínu var svo flókið, að það þyrfti langan kafla til að skýra það nánar, þótt aðeins yrði drepíð á aðalatriðin. Þar var hreyfing, sem var vinveitt Þjóðverjum, og var henni stjórnað af útflytjendum þaðan, sem menntaðir höfðu verið í því skyni. Þar var líka mjög stór heiðarlegur heimastjórnarflokkur, sem var jafnfjandsamlegur nasistum og Ráðstjórnarríkjunum. Mörg af hinum frægu afrekum í skæruhernaðinum í þessum stóra landshluta áttu rót sína að rekja til andstyggðarinnar á Stalín, sem var engu minni en andstyggðin á Hitler. Jafnvel þeir, sem unnu af trúmennsku með Moskvumönnum og fóru eftir fyrirskipunum frá Korotsjenko, fengu uppörvun með því, að vaktar voru hjá þeim tálvonir um raunverulega sjálfstjórn — nýtt stjórnarfyrirkomulag í Úkraínu — þegar Þjóðverjar hefðu verið reknir úr landinu. Við þetta bættust auðvitað skæruliðasveitir skilnaðarmanna, sem höfðu á stefnuskrá sinni að gera Úkraínu að algjörlega sjálfstæðu og óháðu ríki.

Neðanjarðarhreyfingin mun verða látin njóta þess heiðurs, sem henni ber í sögu Rússlands um þetta árabíl. Hún sýndi kjark og þol þjóðar okkar, hina djúpu ást á jörð feðranna og styrkleika hennar á tímum ógæfunnar. En að afbaka þetta allt þannig, að það verði fölsuð sönnun um vinsældir harðstjórnar Stalíns, eins og fjölmargir barnalegir og ókunnugir menn hafa freistast til að gera, er jafnskaðlegt og það er heimskulegt. Það verður með sanni sagt, að mikið starf að baki víglínu óvinanna var unnið af sérstöku liði NKVD, sem þjálfað hafði verið og útbúið til þess að útbreiða skæruhernaðinn. Að staðaldri vörpuðu sér til jarðar bak við þýsku víglínuna fallhlífarhermenn, sem þjálfðir voru í sérstakri skemmdarstarfsemi.

Hinn 18. september ákvað stjórnin, að allir menn á aldrinum 16–50 ára, sem enn höfðu ekki verið teknir í herinn, skyldu fá hernaðarþjálfun. Í raun og veru voru teknir menn allt að 56 ára í herþjónustu og allt að 58 ára til starfa bak við vígstöðvarnar. Þegar til framkvæmdanna kom, var hver maður, án tillits til aldurs eða heilsufars, ef hann var nægilega hress til að geta unnið, neyddur til þess að koma til

þjálfunar að loknum vinnudegi, sem venjulega var tólf klukkustundir. Á torgunum og breiðgötunum í Moskvu voru æðir þreyttir, sjóndaprir, svangir og illa klæddir menn, sem höfðu prik í vopna stað. Hver 60 manna deild hafði einn eða tvo ríffla og fékk tilsögn í að skjóta með þeim. Hvorki regn né for leysti þá undan æfingum. Í raun og veru var hluti af þjálfuninni í því fölginn að brjótast gegnum forina með því að skríða eftir jörðinni gegnum aur og snjó.

Rómantísku skáldin geta bent á æfingar þessar sem enn eina sönnunina um stríðsáhugann. Sannleikurinn er ekki eins staðgöður. Það var skylda að taka þátt í þessari þjálfun. Fyrir fjarvistir var dæmt sem liðhlaup af byltingardómstólum NKVD. Jafnvel að því er tekur til herafllans myndi vera minna slúðrað um hetju-skap, ef veröldinni væri kunnur sá agi, sem ríkti í Rauða hernum, einkanlega hve algengt var að beita dauðarefsingu rannsóknarlaust fyrir smávægileg brot á aga. Það er satt, að rússnesku hermennirnir drýgðu dáðir með því að halda velli gegn ofurefli liðs og fórna lífi sínu til að bjarga föðurlandi, þjóð og félögum. Þegar Stalíns börðust eins hraustlega gegn Hitler og hinir ánaðugu Rússar undir stjórn Aleksandrs fyrsta börðust gegn Napóleón. En þeir, sem gera áskapaða skapfestu okkar, hæfileika okkar til þess að berjast og deyja að sérstakri dygd, sem spegli í sér ágæti ráðstjórnarfyrikomulagsins, eru annaðhvort að blekkja sjálfa sig eða aðra.

Það er ekki kunnugt erlendis — en sannleikurinn krefst að það sé sagt — að á bak við Rauða herinn á vígstöðvunum voru sérstakar deildir, sem höfðu það hlutverk að stöðva undanhald. Það voru „Öryggissveitir“ stjórnarinnar úr NKVD, og þær störfuðu með stjórnmaladeild hersins. Ætlunarverk þeirra var að handsama hermenn, sem lögðu á flóttu, og koma í veg fyrir óheimilað undanhald. Þær höfðu rétt til að skjóta hvern þann hermenn, sem fór úr fylkingu sinni án leyfis, og hikuðu ekki við að nota þann rétt. En venjulega afhentu þær herdomstólunum hermenn þá, sem þær höfðu handtekið. Það var algeng sjón að sjá vagnfarma af liðhlaupum koma út úr fangelsunum undir gæslu lögreglumanna. Sennilega var verið að aka þeim til fjöldaafstöku á einhverjum afviknum stað. Höfuð þeirra voru nauðrökuð, andlit þeirra öskugrá. Þetta voru skinhoraðir vesalingar, sem skulfu í tötralegum einkennisbúningunum. Ég veit frá öruggum heimildum, að tala liðhlaupa var furðulega há.

Sú staðreynd, að milljónir manna, sem eftir skilningi siðaðra manna eru óhæfir til herþjónustu, voru hervæddir í skyndi og sendir út á vígvöllinn án nægilegrar þjálfunar, skýrir þetta fyrirbrigði. Það er einnig hægt að skýra það með því að bera það saman við hræðslu dýranna. Hinir einföldu bændur okkar gátu boðið byrginn þeim hætum, sem þeir skildu, en nýtísku bryndrekar, eldvörpur og loftárásir lustu þá skelfingu áður en þeir höfðu vanist þeim. Hópar nýliða, sem skorti vopn, sem væru sambærileg við vopn óvinanna, og neyddust til að nota „Molotov-kokkteil“ í stað bryndrekafallbyssna, létu bugast af ofreynslu. Stjórnin notaði hið þægilega orð „hugleysi“ um afleiðingarnar af óafsakanlegum mistökum sínum. Þar eð hún lét

sig mannlífín engu máli skipta, var hún alveg ánægð með að tefla fram rússnesku holdi gegn þýskum málmi, rússnesku blóði gegn þýsku bensíni.

Hið hræðilega manntjón Rauða hersins hefur ótal sinnum verið nefnt til sönnunar um hugprýði okkar — en það þarf, að minnsta kosti í þetta eina skipti, að nefna það til sönnunar um grimmd og hirðuleysi klíkunnar í Kreml.

Brotthlutningurinn frá Moskvu hófst í ágústmánuði og stóð yfir langt fram á árið 1942, þar til hættan á, að höfuðborgin yrði sigruð, hafði verið endanlega umflúin. Í hér um bil einn mánuð, þangað til ég gekk í Rauða herinn, var ég önnur kafinn við að taka niður vélarnar í verksmiðju okkar og undirbúa flutning þeirra með skipi til Úrals.

Eftir því sem loftárásir nasistanna jukust, fóru margir að flýja burt af sjálfsdádum. Bjartsýnismenn og angurgapar hrópuðu, að það væri hugleysi og liðhlaup. En járnbrautirnar og þjóðvegirnir umhverfis Moskvu lokuðust bráðlega, og við hörmuðum, að yfirvöldin skyldu ekki frá upphafi hafa skipulagt þetta hugleysi og liðhlaup. Það var hræðileg vinna fyrir hálfsofna verkamenn okkar og verkakonur að taka hinar þungu vélar niður af undirstöðunum, sem þær stóðu á, og flytja þær til. Enn þungbærari var þó vitundin um, að við værum að uppræta og eyðileggja hluti, sem við höfðum greitt með takmarkalausum fórnum og voru orðnir okkur tákni framfaranna í iðnaðinum, sem hafði miðað miklu hægar en ætlast var til. Við strituðum við þetta daprir í huga. Jafnvel þeim, sem andstæðastir voru ráðstjórninni. myndi ekki hafa komið til hugar, að flytja þýrfti verksmiðjur og annað burt úr höfuðborginni aðeins sex vikum eftir upphaf styrjaldarinnar.

Hinn venjulegi hávaði í verksmiðjunni hætti. Lífið fjarði út og virtist að því komið að slokkna. Verkamennirnir, sem að eðlisfari voru mjög vingjarnlegir, gengu nú um liðlangan daginn daprir í bragði. Við vonuðum allir, þrátt fyrir allt, að of mikið hefði verið gert úr hættunni. Á þessum tíma leit svo út sem okkur yrði að þessari von okkar, því að fyrirskipun kom um það frá ráðuneytinu að hætta við að taka vélarnar niður. En þegar gleði okkar stóð sem hæst, var fyrirskipunin afturkölluð og við hvattir til að flýta brotthlutningnum.

Ákveðinn fjöldi iðnlærðra manna var valinn til þess að ferðast austur með vélunum, en hinum var öllum sagt upp atvinnunni og greitt tveggja vikna kaup. Það sama átti sér stað í öllum öðrum verksmiðjum í Moskvu. Við skelfinguna út af loftárásunum, skortinn á lífsnauðsynjum, kuldann og eyðileggingu gas-, rafmagns- og vatnsleiðslna bættist nú skelfing atvinnuleysisins.

Þó að nasistarnir gætu ekki komist að úthverfum Moskvu fyrr en eftir mánuð, var andrúmsloftið þar í lok ágústmánaðar orðið eins og í dauðadæmdri borg. Æðstu embættismennirnir sendu fjölskyldur sínar og eignir burt til Sverdlovsk og annarra borga í Úral í bifreiðum, járnbrautarlestum og flugvélum. Hundruð leiðtoga okkar sváfu í skrifstofum sínum, með reiðubúnað ferðatöskur og bifreiðar til

fyrirvaralaus flóttu. Við unnum myrkranna á milli, vorum við heræfingar á hverju kvöldi og börðumst alla nóttina við að draga úr eyðileggingum loftárásanna.

Allir æðstu menn verksmiðju okkar áttu, eins og yfirmenn allra annarra verksmiðja, að „lifa við hernaðarástand“. Í margar vikur fór ég ekki heim til mín, en mataðist og svaf á vinnustað mínum. Ég mun aldrei gleyma þeim hræðilegu — og hetjulegu — atburðum, þegar við stóðum við vélar okkar og á vinnustöðvum meðan sprengjum og fallbyssukúlum rigndi niður á meðal okkar, þýskar flugvélar drundu fyrir ofan okkur og konur og börn grétu krampagráti í kringum okkur. Það var taugaáreynsla, þar sem Rússarnir umhverfis mig sýndu furðulegt þrek. Þegar ég gekk í Rauða herinn, varð mér hugarléttir að því að vera á réttum stað, meðal hersveita þeirra, er börðust. Í byrjun septembermánaðar tilkynnti útboðsnefndin mér, að ég ætti að koma til læknisrannsóknar. Þar eð hæfilegur tími var liðinn frá því, að neitað hafði verið að taka mig í herinn sem sjálfboðaliða, strikuðu Jegorov og Mantúrov mig út af skránni yfir þá menn, „sem ekki var hægt að vera án“. Læknisrannsóknin stóð alls yfir í tvær mínútur.

Mér var ákveðinn staður í Bolshevo, hér um bil þrjátíu kílómetra frá Moskvu, í hernaðarverkfræðingaskóla, og hélt ég höfuðsmannstign þeirri, sem ég hafði áunnið mér. Ég var settur í sérstaka herdeild, þar sem liðsforingjar voru menntaðir til æðri embætta í hernum. Ásamt hundruðum annarra verkfræðinga úr ýmsum sérfræðigreinum hlaut ég þar nákvæma menntun í hernaðarverkfræði og auk þess almenna þjálfun í herþjónustu á vígvelli.

Bolshevo var svo nálægt höfuðborginni, að við Írína fundum ekki enn til þess, að við hefðum verið skilin að.

23. kafli: Felmtur í Moskvu

Í BOLSHEVO VAR ÉG SKIPAÐUR flokkserindreki og varð með því æðsta flokksyfirvald liðsforingjanna í skólanum. Í öllum hernaðarmálum tók ég auðvitað við fyrirskipunum frá Varvarkín ofursta og herráði hans. Vaxandi ógæfa lands okkar þjappaði okkur saman. Í skólanum var nokkuð af ungum mönnum, 18–20 ára að aldri, en í herdeild minni voru nokkru eldri menn, sem hertir voru af langri og harðri reynslu í ráðstjórnariðnaðinum og stjórnmálum, en ónæmir fyrir tálvonum. Ég gerði allt, sem í mínu valdi stóð, til að létta hlutskipti félaga minna.

Með sjálfum mér var ég staðfastur fjanðmaður stjórnarfyrikomulagsins. Ég hafði andstyggð á grimmd þess. Þær sannanir fyrir ódugnaði stjórnarinnar, sem söfnuðust umhverfis okkur, juku þennan viðbjóð. Samningur Stalíns við Hitler — sú „raunsýni“, sem nú var afturkippur í — var, þegar litið var aftur til hans, svo svívirðilegur, að jafnvel ofstækisfullir aðdáendur Stalíns engdust við endurminninguna. En ég elskaði föðurland mitt og hafði innilega samúð með þjóð minni. Ég þekkti marga aðra, sem voru sama sinnis og ég. Án undantekningar bældum við reiðina niðri í okkur. Án undantekningar vorum við reiðubúnir að deyja fyrir sigur Rússlands.

Sú menntun, sem okkur var látin í té í Bolshevo, var ósamboðin þriðja flokks þjóð, hvað þá stórveldi eftir tuttugu ára iðnvæðingu. Verkfæri þau, sem okkur voru fengin í hendur til að byggja með brýr, flutningavagna og flugvelli, voru svo frumstæð, að í raun og veru voru þau ekki annað en öxi og reka. „Hvar er hin mikla tækni, sem ræðumenn kommúnista gorta svo mjög af?“ varð okkur á að spyrja. Ég heyrði margar háðslegar athugasemdir og bókstaflegar bölbænir í sambandi við þetta.

„Þessum útbúnaði við tundursprengingar,“ sagði einn af kennurunum mjög alvarlega, „verðum við að bera virðingu fyrir sem þjóðlegum arfi. Hann er mjög forn.“

„Skjóta Þjóðverjar okkur ekki niður eins og akurhænsni, meðan við erum að koma upp svona óhandhægri flotbrú?“ spurði ég eftir eina æfinguna.

„Jú, því miður gera þeir það, félagi Kravtsjenko,“ sagði kennarinn, „en þetta eru einu verkfærin, sem við höfum.“

Því miður voru kennararnir, með örfáum undantekningum, jafneinfaldir og verkfærin, sem þeir unnu með. Sá undirofursti, sem hafði námskeið í vegalagningu, hefði getað aukið þekkingu sína að raun í kennslustund hjá hvaða vegaverkstjóra sem var. En hann var mikils metinn kommúnisti og notaði næstum allar stundir til

að segja frá afrekum sínum í borgarastyrjöldinni. Við liðsforingjarnir eyddum líka miklum tíma í að lesa og rökræða úrvalsrit Leníns og Stalíns. Það var augskýrilega ekki hægt að búast við, að við gætum lagt sprengjur og reist brýr án viðeigandi þekkingar á fölsunum Stalíns á lenínismanum.

Þrátt fyrir allar tálmanir og skapraunir unnum við af ákafa og einlægni. Við gerðum okkur allir glögga grein fyrir gildi menntunar okkar. Okkur var ljóst, að við, þegar að því kæmi, ættum að bera ábyrgð á lífi hermanna þeirra, sem okkur yrði falið að stjórna, og á lausn mikilvægra hernaðarmála.

Vegna stöðu minnar sem erindreka flokksins hafði ég nán kynni af því, sem var að gerast, ekki aðeins í skólanum, heldur líka í höfuðborginni. Ég var viðstaddur alla flokksstjórnarfundum í skólanum ásamt heryfirvöldum skólans. Við fylgdumst með leynilegum skýrslum, sem í heild voru svartýsnar. Við vorum því dapprari í bragði en þeir liðsforingjar, sem ekki voru í flokknum, og það ekki að ástæðulausu.

Ég fór æði oft til Moskvu, og hafði því hin síaukna örvænting, sem þar ríkti, áhrif á mig. Þegar brottflutningurinn þaðan færðist í aukana og Þjóðverjar nálg-uðust, óx ringulreiðin og óróin. Eftir því sem óróin jókst, greip lögreglan til öflugri ráðstafana. Þetta leiddi af sér hringrás, sem óhjákvæmilega hlaut að enda með felmtri og ránum — en því var af kostgæfni leynt fyrir umheiminum.

Í lok septembermánaðar var hræðslan og ringulreiðin komin á það stig, að allt var að springa. Það ívilnanaskipulag, sem réð í sambandi við brottflutninginn, kom reiðinni til að sjóða upp úr hjá almenningi í Moskvu. Það var í raun og veru í fyrsta skipti í tuttugu ár, sem ég heyrði embættismannastéttinni bölvæð opinberlega. Sér-hver stjórnarskrifstofa bjó út skrár yfir þá menn, sem höfðu rétt til að fara með járnbrautarlestunum til Kúbíshev, Sverdlovsk og annarra griðastaða. Í orði kveðnu var eina skilyrðið, „að maðurinn væri ómissandi“. Í reyndinni réðu frændsemi og stjórnmalasambönd þessu.

Stjórnmalasníkjudýrin tóku upp allt rúm í járnbrautarlestunum fyrir húsgögn sín, fatnað, þjónustustúlkur og ættingja. En þúsundir óhamingjusamra fjölskyldna biðu úti á járnbrautarstöðvunum innan um pinkla sína og töskur í veikri von um að fá far eða að minnsta kosti fótfestu á einhverri lest, sem fór í austurátt. Þetta voru þeir af íbúum Moskvu, sem heppnin var með og höfðu opinbert leyfi til að fara burt. Þúsundir annarra flýðu fótgangandi.

Flóttamönnunum á járnbrautarstöðvunum og umhverfi þeirra fjölgaði, og þeir urðu óttaslegnari og háværari með hverjum degi sem leið. Eirðarleysi þeirra smitaði alla borgina. Ég tók þátt í umræðufundum um þetta mál. Ef þetta hefðu verið skepnur, þá myndum við að minnsta kosti hafa hugsað um að sjá um fóður handa þeim á hinni löngu ferð. En eins og nú var ástatt, datt engum í hug að hafa áhyggjur af mat handa flóttamönnunum, hvernig þeir ættu að komast til ákvörðunarstaðar síns eða á hverju þeir ættu að lifa eftir að þangað væri komið.

Þegar mannfjöldinn á járnbrautarstöðvunum varð of mikill til þess að hægt væri að hafa nokkurn hemil á honum, var að lokum safnað saman gripavögnum, opn-

um kolavögnum, jafnvel vögnum af neðanjarðarbrautinni. Án þvottar eða sótt-hreinsunar voru þeir troðfylltir af borgurum Ráðstjórnarríkjanna og sendir hægfara í sínar hræðilegu ferðir. Þar var grátur og gnístran tanna. Börn hurfu, fjölskyldur voru skildar að, og menn urðu að skilja eftir þá búshluti, sem þeim voru kærastir. Örvæntingin við þennan brottflutning varð oft að algjöru æði, þegar loftárásir voru gerðar, því að járnbrautarstöðvarnar voru eftirlætisskotmörk nasistanna.

Svo sem í hæðnissskyni við þennan aumkunarverða hóp streymdu á sama tíma út úr Moskvu glæsilegar lestir af embættismannabifreiðum, hlaðnar fjölskyldum og eignum hinna útvöldu. Gjáin milli stéttanna var nú enn dýpri og ófrýnilegri en ella, þar eð styrjöld geisaði og hætta var á ferðum.

Í fyrstu viku októbermánaðar virtist öllu eðlilegu lífi í höfuðborginni lokið. Borg getur fengið taugaáfall eins og maður. Sporvagnar og almenningsvagnar óku með krampakenndum rykkjum. Flestar búðir voru tómar, en soltnir menn röðuðu sér í langar biðraðir. Þó að Írína hefði betri sambönd og meira fé handa á milli en flestir aðrir, átti hún þó oft við mikinn matarskort að búa. Á heimilum okkar og skrifstofum var engin upphitun. Vatn og rafmagn höfðum við aðeins með höppum og glöppum.

Dag og nótt streymdi reykurinn upp úr reykháfum aðsetursstaða NKVD, Hæstaréttar, utanríkisráðuneytisins, flokksins og ýmissa annarra stofnana. Leiðtogar okkar voru í óðagoti að brenna þau skjöl, sem sönnuðu glæpi stjórnarinnar um tuttugu ára skeið. Stjórnin þurrkaði út spor sín, að sjálfsögðu samkvæmt fyrirskipun frá tindinum. Fyrsti snjó októbermánaðar var svartur af sóti frá brenndum pappír.

Nótt eina var kista sú, sem smurt lík Leníns hvílir í og geymd var í grafhýsi á Rauða torginu, tekin af leynilögreglumönnum með mestu leynd og sett á flutningavagn. Með sérstakri járnbrautarlest var hún flutt til bæjarins Tjúmen í Síberíu, og þar var hún geymd í nær fjögur ár, þar til styrjöldinni var lokið. Dýrmætustu hlutirnir í Kreml og söfnunum voru einnig fluttir inn í landið. Loftárásunum á Moskvu fjölgaði með hverjum degi og þær urðu ægilegri, en þó ekki svipað því eins skaðsamlegar og við höfðum búist við.

Hinn 12. október létu Þjóðverjar flugritum rigna yfir Bolshevo. Ég stjórnaði deild, traustra, flokksbundinna liðsforingja, sem safnaði þeim saman. Auðvitað var okkur bannað að lesa þau. Hver sá, sem náðist með flugrit á sér, var þegar í stað handtekinn. En við reyndum samt að lesa þau, án þess að á því bæri, á meðan við vorum að safna þeim saman. Þau höfðu engin áhrif á okkur, vöktu aðeins hjá okkur fyrirlitningu á óvinunum. Mér fannst þýski áróðurinn ákaflega heimskulegur. Hreyknin í honum var hryssingsleg, og Þjóðverjar gerðu sig seka í þeirri skyssu að blanda saman föðurlandsást og ást á Stalín.

Við vöknudum þessa sömu nótt við loftvarnamerki. Á hálfri klukkustund voru þrjú herfylki ungu, hálfþjálfuðu liðsforingjaefnanna okkar flutt vígbúin til vesturhverfa Moskvu. Tveim sólarhringum síðar kom hér um bil þriðji hluti þeirra aftur í dreifðum hópum, blóðugir, kaldir, svangir og örvæntingarfullir. Hinir komu

aldrei aftur. Flestir þessara ungu manna voru ofstækisfullir æskulýðsfylkingarmenn. Þeir ruddust út í orrustuna með herópinu: „Fyrir Stalín! Fyrir flokkinn!“ Frá og með 13. október vorum við allir í fyrirsát í snjónum í skógunum við Bolshevo til að verja hluta af leiðinni til Moskvu úr þessari átt, því að búist var við, að þýskir fallhlífarhermenn myndu lenda þar. Ég var í sumarklæðnaði, með þunna strigaskó, sumarhúfu og í gatslitnum hermannafrakka, þó að kuldinn væri langt undir frostmarki. Vopn mín voru æfingariffill og nákvæmlega þrjú skothylki. Skotfæri þau, sem okkur hafði verið lofað frá aðalstöðvunum, höfðu ekki komið. Margir okkar áttu auðvitað hlýjan borgaralegan klæðnað; ég átti til dæmis ágæt stígvél, ullarnærföt og fleira. En okkur var stranglega bannað að búast öðrum fatnaði en þeim, sem okkur hafði verið fenginn í hendur. Við skulfum því af kulda og okkur leið illa vegna þessa hernaðarlega kjánaskapar.

Þessir dagar og nætur í snjónum, sem margir af félögum mínum sneru frá með kali og hitasótt, munu aldrei líða mér úr minni. Það dapurlegasta við þessar leiðinlegu endurminningar var ekki skortur á sæmilegum fötum, útbúnaði og skotfærum, heldur að þurfa að horfa á bifreiðar, fullar af stjórnámálalegum sníkjudýrum, sem voru að flýja frá Moskvu með eignir sínar.

Liðsforingi, sem lá krepptur við hliðina á mér í skurði, fullum af snjó, sagði: „Ef ég sé eina bifreið í viðbót fulla af skriffinum, ætla ég að eyða kúlunum mínum á þessa óþokka.“

„Sparið heldur þessar þrjár kúlur handa Þjóðverjunum,“ svaraði ég.

Þegar við gengum fylktu liði aftur frá Bolshevo eftir næturlanga útivist, þreyttir, svangir og kaldir, sungum við einn af hinum fyrirskipuðu söngvum:

Til orrustu fyrir föðurlandið! Til orrustu fyrir Stalín!

Herfræðin er oss kær.

Jörðin tekur undir hófatak góðu fákanna okkar,

þegar vér þeysum fram gegn óvinum Stalíns ...

Ég bar ekki mikla ást til Stalíns á slíkum stundum. Það voru ekki hestshófar, heldur blautir strigaskór mínir, sem þrömmuðu eftir freðinni jörðinni. En ég söng eins og hinir. Orðin í hersöngvum okkar og tilfinningar okkar voru ekki alltaf í samræmi hvort við annað.

Að kvöldi hins 15. október voru tvær hersveitir duglegra verkfræðinga í skyndi sendar til Moskvu í leynilegum erindagerðum. Þar eð ég var skipulagningarmaður flokksins, varð mér kunnugt um erindi þeirra, og var trúað fyrir því sem mikilsverðu leyndarmáli. Þær áttu að mæta öðrum verkfræðingasveitum frá hinum sérstöku hersveitum NKVD. Ætlunarverk þeirra var að leggja sprengjur undir Moskvu. Það átti að leggja sprengjur undir neðanjarðarbrautirnar, mikilvægustu byggingarnar í Kreml, rafmagnsstöðina, vatnsveiturnar, járnbrautarstöðvar, söfn, leikhús, mikilvægustu stjórnarbyggingarnar, samgöngumiðstöðvar og virki. Allt var tilbúið til

að „gjöreyða“ höfuðborginni. Það myndi hafa kostað líf margra Þjóðverja, en enn fleiri Rússa. Sprengjurnar voru ekki teknar burt aftur fyrr en sumarið 1942.

Að morgni hins 16. október sendi Varvarkín ofursti mig til Moskvu. Borgin var gripin ofsahræðslu. Sjúklegar kviksögur gengu um borgina. Mér var sagt, að framið hefði verið stjórnlagarof í Kreml, að Stalín hefði verið tekinn höndum og að Þjóðverjar væru komnir til Fílí á útjaðri borgarinnar. Ringlaðir menn fullvissuðu mig um, að þeir hefðu séð þýskar fallhlífaherdeildir lenda á Rauða torginu. Menn sögðu hver öðrum, að Þjóðverjar gengju um á meðal okkar í einkennisbúningum Rauða hersins. Mikill mannfjöldi streymdi frá götu til götu, fram og aftur, stefnulaust, utan við sig af skelfingu.

Það var farið að brydda á upphlaupum og ránum. Æstur múgurinn tæmdi búðir og birgðaskemmur. Sú skoðun breiddist út, að ríkisstjórnin væri flúin úr borginni og milljónir Moskvubúa hefðu verið skildar eftir án matar, eldsneytis eða vopna. Allt var að lenda í ringulreið. Í Savoy, Metropole og öðrum dýrindis gistihúsum og matsöluskálum sátu hálfgeggjaðar konur og venjulegar vændiskonur að trylltu sumbli með háttsettum embættismönnum, sem enn voru ekki farnir úr borginni. Vín og vodka flutu í stríðum straumum. Ef til vill hafa þessar drykkjuveislur ekki verið eins ofsafengnar og þeim var lýst, en hinar hneykslanlegu frásagnir voru í sjálfu sér táknrænar um hrunið.

Síðar bárust mér óyggjandi upplýsingar um, að sumar frásagnirnar voru að minnsta kosti sannar. Í aðalaðsetri Sovnarkoms við Sadovaja-Karetnaja breiðgötuna héldu til dæmis háttsettir embættismenn margra klukkustunda drykkjuveislur með ungum skrifstofustúlkum. Í hundruðum annarra stjórnarskrifstofa og einkaíbúða hegðuðu menn sér eins og heimsendir væri kominn. Loftárásir og flugufregnir juku hræðsluna upp í algjöra vitfirringu.

Mér tókst að komast aftur til Bolshevo um það leyti sem myrkrið skall á. Hús þau, sem við bjuggum þar í, voru full af órólegum og háværum mannfjölda. Ránin höfðu byrjað rétt eftir að ég lagði af stað og staðið yfir í margar klukkustundir. Auk íbúanna á staðnum höfðu bændurnir í nágrenninu fljótt bæst í hópinn. Liðsforingjar þeir, sem höfðu stjórnina á hendi, voru horfnir. Þegar birgðaskemmur hersins höfðu verið brotnar upp, höfðu margir liðsforingjanna bæst í hóp hins rænandi múgs til að bjarga handa sér hlýjum fötum. Engisprettuhópurinn eyddi upp til agna ábreiðum, lökum, einkennisbúningum, skóm, matarbirgðum og öllu, sem ekki var múr- og naglfast. Herbergin litu út eins og sláturhús. Í snjónum umhverfis birgðaskemmurnar lágu alls konar hlutir, sem menn höfðu kastað frá sér og traðkað niður í hann.

Mér tókst fljótt að komast að, hvar Varvarkín ofursti var niður kominn. Hann var augsýnilega að drukkna í skýrslum og gat ekki reist rönd við neinu. Hann hlustaði með óánægjusvip á þær fréttir, sem ég hafði að færa. Ofsahræðsla höfuðborgarinnar hafði sýnilega smitað hann. Hann áleit, að hvað sem öðru liði yrði að hverfa frá Bolshevo. Það væri ef til vill betra, að okkar menn stælu birgðunum en að skilja

þær eftir handa nasista-ræningjunum. ... Um miðnæturskeið kom hann aftur á vettvang ásamt liðsforingjunum. Ræningjarnir voru horfnir og eins konar aga komið á. Skömmu síðar skriðum við aftur um í snjónum í skóginum, en vissum þó mætavel, að við höfðum hvorki nægilegan mátt né trú til þess að stöðva Þjóðverjana, ef þeir kæmu þessa leið.

Á meðan á þessu stóð hlupu ringlaðir karlar, konur og börn um í Moskvu og settust um járnbrautarstöðvarnar. Hinn 17. október réðst vitstola múgur inn í birgðaskemmur, torgbúðir og aðrar verslanir til þess að leita að mat. Lögreglan bærdi ekki á sér. Úr birgðaskemmu Míkojan-kjöthringinsins var rænt öllu, sem til var af kjöti, bjúgum og niðursoðnum vörum. Hungraðir menn, sem stjórnin hafði ofurselt örlögum sínum, gerðu áhlaup á sykurvöruverksmiðjuna við Majakovskij-torg og skiptu með sér smálestum af sælgæti, svo og sykri, smjöri og öðrum hráefnum. Tugir annarra verslunarhúsa voru rændir á sama hátt.

Rósturnar stóðu yfir daglangt og fram á dag 18. október. Þúsundir kommúnista, sem héldu, að þeir væru innikróaðir í dauðadæmdri borg, eyðilögðu flokksskríteini sín, stjórnmálarit og myndir af Stalín og öðrum leiðtogum. Ég get vottað hræðilegan sannleika, sem ég síðar fékk staðfestan frá hundruðum manna, sem samkvæmt stöðu sinni hlaut að vera kunnugt um það.

Þjóðverjar hefðu í raun og veru getað hertekið Moskvu þessa daga bardagalaust. Tvær eða þrjár herdeildir fallhlífarmanna, sem látnar hefðu verið svífa niður í borgina, hefðu getað náð henni á sitt vald.

Verkamannaherdeildir þær, sem myndaðar voru í skyndi og dreift um úthverfi borgarinnar, höfðu enga þjálfun og skorti nauðsynleg vopn. Og inni í sjálfri borginni voru yfirvöldin lömuð. Fyrstu þýsku skriðdrekarnir, sem komust til Khímki, mættu óverulegri mótspyrnu. Vitneskjuna um það, hvers vegna Þjóðverjar sneru við, geta þeir sjálfir einir látið mannkynssögunni í té. Sennilega hafa þeir ofmetið varnir Moskvu og ákveðið að biða vorsins og liðsauka. Það er jafnvel hugsanlegt, að þeir hafi skýrt hinar grunsamlega veiku varnir sem rússneskt kænskubragð til þess að ginna þá inn í einhverja djöfullega gildru. Það eina, sem er víst, er, að þá grundaði ekki, að höfuðborgin var raunverulega varnarlaus og hafði hugarfarslega þegar gefist upp.

Frá og með 19. október fór ástandið að batna. Fyrstu æfðu hersveitirnar frá Síberíu og Austur-Asíu komu þann dag. Lögreglan og NKVD vöknudu af sljóleika sínum. Þann dag undirritaði Stalín tilskipun, sem þegar í stað var send embættismönnum og látin ganga í gildi, þó að hún væri ekki birt fyrir en tveim dögum seinna. Tónn tilskipunarinnar sýndi, að Stalín var kunnugt um, að ringulreið óskipulagsbundinna upphlaupa ríkti í Moskvu.

„Til að tryggja varnir Moskvu gegn árásum að baki, til að forða því, að ráðist verði aftan að hernum og til að binda endi á þá neðanjarðarstarfsemi, sem rekin er af njósnum, frávillingum og öðrum erindrekum hins þýska nasisma.“ Þannig hljóða upphafsorð tilskipunarinnar. Hún mælti því næst fyrir um hinar þýngstu

refsingar án dóms og laga til handa alls konar mönnum: „Áróðursmenn, njósnarar og aðrir erindrekar óvinanna, sem staðnir verða að því að raska lögum og reglu, skulu skotnir þegar í stað.“

Tilskipunin var stíluð til Sínilovs hershöfðingja, yfirstjórnanda varnarhers Moskvu, en í henni er þetta ennfremur tekið fram: „Til ráðstöfunar hans skulu vera þær NKVD-hersveitir, sem gegna innanlandsvörnum, lögregluhersveitirnar og sjálfboðaliðssveitir verkamanna.“ „Sjálfboðaliðssveitir verkamanna“ er fegrunarheiti á kommúnistum. Stalín kaus ekki að fela þetta hlutverk Rauða hernum, þar eð hann var minnugur þess, sem gerðist fyrir 25 árum: Hann óttaðist, að hinir reglulegu hermenn myndu neita að skjóta á fjölskyldur sínar. Hann treysti í stað þess á þann ósjálfráða ótta, sem sjálft nafnið NKVD myndi valda, alveg á sama hátt og ráðgjafar keisarans höfðu undir svipuðum kringumstæðum sett traust sitt á hina hræðilegu kósakka og vopnuðu lögreglumenn.

Herdómstólarnir störfuðu allan sólarhringinn. Þó að margar þúsundir manna væru handteknar og skotnar, voru það ekki þessar ógnir, sem bældu niður felmtrið. Það voru fréttirnar, sem staðfestar voru af flýjandi bændum og hermönnum úr fremstu víglínunum, þess efnis, að Þjóðverjar væru farnir að hörfa vegna árása ný-kominna hersveita frá Síberíu og Austur-Asíu og virtust vera að búa um varnarlínur sínar með vetrarsetu fyrir augum.

En í Bolshevo fengum við fyrirskipanir um brottflutning. Samkvæmt fyrirskipunum frá yfirherstjórninni brenndum við stjórnmálaritum, hernaðarlanda-bréfum og skjalasöfnum. Við höfðum þó vart lokið við að undirbúa brottflutninginn, þegar fyrirskipunin var afturkölluð. Nokkrum dögum síðar var þó fyrirskipunin um að halda í austurátt endurtekin, og í þetta sinn var það gert.

Það jók á áhyggjur sjálfs míns, að ég þjáðist um þessar mundir af sárum tannverk.

Á hersjúkrahúsinu fyllti hálfærður tannlæknir holu í einum jaxli mínum með votri bómull og lokaði henni með steinlími. Hann hélt, að þetta myndi duga þar til ég kæmi til hins óþekkta ákvörðunarstaðar míns. Lífi mínu næsta mánuð, meðal annars í seytján hræðilegra sólarhringa ferð í troðfullum vöruvagni og því næst sex sólarhringa gönguferð í strigaskóm með gúmmisólum, lifði ég í kvalavímu, sem stundum breyttist í viðþolslausar þjáningar. Kinnin á mér bólgnði, og verkurinn sendi eldingar sínar gegnum hverja taug í líkama mínum.

Hersveitir frá Austur-Asíu, sem hertar voru í landamæraskærum við Japani, og síberískar hersveitir, sem vanar voru vetrarhernaði, hröðuðu sér í vesturátt þvert yfir heimsálfu til að stöðva sigurvegarana. Á sama tíma færðust langtum minni herfylkingar hægt frá vestri til austurs, yfir Volgu og Úral, til að hljóta þjálfun og herslu. Þetta voru að mestu nýliðar. En meðal þeirra voru líka hersveitir, sem bjargast höfðu undan stórkostlegum ósigri á öllum vígstöðvunum og voru hertar af öförunum. Alla þessa hermenn átti að æfa og útbúa að nýju. Hinn raunverulegi varnarundirbúningur var nú fyrst að hefjast.

Hinn sorglegi dráttur á viðbúnaði, sem þessir flutningar ljóstruðu upp um, gerði Hitler mögulegt að leggja undir sig meira af rússnesku landi en Napóleon eða nokkrum öðrum sigurvegum úr vesturátt, sem saga Rússlands getur um, hafði tekið. Milljónum manna var slátrað og enn fleiri milljónir urðu fyrir limlestingum vegna þessarar vanrækslu, og tala ég þá í bókstaflegri merkingu þeirra orða. Við áttum eftir að greiða hræðilega dýru verði heimskulegt sjálfstraust húsbænda okkar. En að lokum myndu hinar endurskipulögðu hersveitir snúa við flóðbylgju stýrjaldarinnar — og kaldhæðni sögunnar myndi sjá um, að heiðurinn af því félli í skaut hinna sjálfumglöðu og öruggu afglapa. ...

Verkfræðingasveit mín var hluti þeirra herdeilda, sem mjakast áttu í austurátt, burt frá hættusvæðinu og í áttina til nýrra æfingamiðstöðva. Á hverjum degi, næstum á hverri klukkustund bar fyrir augu okkar langar herflutningalestir, sem hröðuðu sér í vesturátt. Þær höfðu sefandi áhrif á okkur, sem um leið voru ekki laus við beiskju, vegna þess að flestir okkar þjáðust af óskiljanlegri sektartilfinningu. Við blygðuðumst okkar einhvern veginn fyrir að vera á leið frá vígstöðvunum, þó að svo væri samkvæmt fyrirskipun herstjórnarinnar. Ég hafði óskað eftir að verða sendur beint til vígstöðvanna, og sama var að segja um flesta félaga mína.

Sveit liðsforingja, sem send var til járnbrautarstöðvarinnar til að sjá um, að járnbrautarlest okkar yrði tilbúin til brottflutningsins, komst að raun um, að 50 vöruvagnar hefðu verið ætlaðir okkur, en þeir væru næstum allir troðfullir af stórum ströngum af blaðapappír. Hópur duglegra verkfræðinga, sem sumir voru allhátsettir í hernum, eyddi því nóttinni og allmiklum hluta næsta dags í að velta þessum pappír út í snjóinn. Því næst skiptum við okkur í smáhópa til að ná í ofna, ljósker, eldivið og annað, sem hægt var að festa hönd á, í því skyni að gera ferðina þolanlegri.

Sumum okkar var falið að bora göt á þök vagnanna og koma þar fyrir reykháfum, en aðrir aðstoðuðu við að koma útbúnaði okkar fyrir í þeim vögnum, sem til þess voru ætlaðir.

Um kvöldið komu eiginkonur, mæður, börn og vinir til að kveðja okkur. Hinar venjulegu, en ávallt jafnvíðkvæmu kveðjuathafnir fóru fram. Írína var svo áhyggjufull út af bólginni kinn minni og fatnaði mínum, sem var í litlu samræmi við árstímann, að hún gleymdi að gráta.

Samkvæmt stríðsreglunum áttu að jafnaði að vera 24 menn í járnbrautarvagni í Ráðstjórnarríkjunum. En í okkar vagn var troðið 50 mönnum eða fleirum. Við gátum því ekki allir setið samtímis, svo að ekki sé talað um að við gætum lagt okkur. Við höfðum engin rúm, enga bekki, engin þvottaáhöld né tæki til að ganga örna okkar. Við sváfum á víxl.

Í vagni mínum var lítill ofn, sem aðeins hlýjaði þeim, sem næstir honum stóðu. Við skiptumst á að hita okkur. Enginn okkar hafði rafmagnsvasaljós, og ljósmeitið í eina ljóskerinu okkar var brátt þrotið. Eftir nokkra daga hafði röskur helmingur

okkar fengið slæmt kvef, meltingarkvilla og aðra sjúkdóma. Mér versnaði í kjálkanum með hverjum degi sem leið.

Á þennan hátt vorum við seytján sólarhringa að ferðast þá vegalengd, sem venjuleg farþegalest var vön að fara á 24 klukkustundum. Oft á dag var lest okkar færð á hliðarspor og látin bíða þar, svo að herflutningalestir að austan, sem hröðuðu sér í vesturátt, gætu komist framhjá — eða til þess að rýma fyrir þægilegum farþegalestum, sem óku með embættismenn til borganna við Volgu eða lengra í austurátt, sem þeir leituðu öruggs hælís í.

Aðeins örfáir af æðstu liðsforingjunum og flokkserindrekunum vissu, hvert ferð okkar var heitið. Ég var einn meðal þeirra. Mér var kunnugt um, að við vorum á leið til smábæjarins Menzelínsk í Tataralýðveldinu, þar sem hin forna borg Kazan er höfuðborgin. Menzelínsk stendur við Kama-fljótið, sem fellur úr austri í Volgu.

Tvisvar, stundum þrisvar á dag fengum við mat á hinum stærri járnbrautarstöðvum. Þó að lest okkar næmi alltaf staðar lengi við litlar járnbrautarstöðvar, jafnvel milli stöðva, var okkur harðbannað að fara út úr vagninum án leyfis þess liðsforingja, sem hafði á höndum yfirstjórnina í vagninum. Það leyfi var sjaldan veitt. Þessi heimskulega og móðgandi fyrirskipun var okkur til mikilla óþæginda og skapaði mikla beiskju. Við fengum ekki skilið, hvers vegna þurfti að gæta svona stranglega liðsforingja, sem voru á ferð inn í landið, og þolinmæði okkar þvarr eftir því, sem ferðin dróst á langinn.

Við eina af minni stöðvunum bað vinur minn, Númídov höfuðsmaður, leyfis til þess að fara út úr vagninum andartak. Þess var synjað. „Þetta er ekki járnbrautarlest, sem flytur liðsforingja Ráðstjórnarríkjanna. Þetta er fangelsi!“ muldraði hann, og reiðin sauð niðri í honum. Yfirmaðurinn í vagninum heyrði þetta ekki, en einhverjir aðrir hafa heyrt það. Einhver óþokki meðal okkar — ég hafði grun um, að það væri kommúnisti, sem öfundaði mig af stöðu minni sem flokkserindreka — hlýtur að hafa sagt æðri yfirvöldunum frá þessu, án þess að segja frá, hver „sökudólgurinn“ væri. Það er enginn vafi á, að ákærunni var frekar beint að mér sem flokkserindreka en Númídov. Hvað sem því líður, var ég á næstu stöð kallaður til L., yfirerindreka flokksins.

„Það hafa verið látnar í ljós gagnbyltingarskoðanir í yðar vagni,“ öskraði hann. „Hvers vegna hafið þér ekki gefið skýrslu um það? Það er skylda yðar sem erindreka flokksins.“

„Ég hef ekki orðið var við neinar gagnbyltingarskoðanir,“ svaraði ég.

„Það eru aðrir, sem hafa tekið eftir þeim. Þér verðið að kæra þann stéttaróvin, sem sagði, að við ferðuðumst um eins og fangar.“

„Ég veit ekki, hver sagði það. Auk þess erum við aðeins menn. Menn segja oft marga, þegar þeim hitnar í hamsi, án þess að hafa neitt illt í huga með því.“

„Þér eruð allt of lingerður, Kravtsjenko. Við eigum í styrjöld, og því fyrr sem þér gerið yður það ljóst, því betra. Komið með mér inn í vagninn, og við skulum svæla þennan óþokka út.“

Félagi L. þrammaði til vagnsins og var á svip eins og refsingill. Hann hélt langan reiðilestur og krafðist, að við segðum þegar í stað frá, hver þessi „þýski erindreki“ væri. Ég leit á Númerdov, á meðan félagi L. þrumaði og hótaði, og sá, að hann var náfölnur og að það fór titringur um andlit hans. Ég óttaðist, að hann kæmi upp um sig. Ég þekkti af tilviljun sögu Númerdovs. Fjölskylda hans, kona og tvö börn, sem hann tilbað, hafði fallið í hendur Þjóðverjum. Hann hataði Þjóðverja grimmilega. Og þó átti hann nú á hættu að vera skotinn sem „stéttaróvinur“ eða „þýskur erindreki“, af því að hann hafði dirfst að kvarta undan heimskulegum fyrirskipunum. Sem betur fór kærði enginn hann.

Næsta dag kom fyrir svipað atvik, en með alvarlegri afleiðingum. Ungur liðsforingi í vagni okkar, sem verið hafði á vígstöðvunum, missti þolinmæðina, þegar honum var neitað um leyfi til þess að skreppa út andartak.

„Þetta er hneykslanlegt!“ hrópaði hann. „Á vígvellinum var mér trúað fyrir að stjórná herflokki gegn Þjóðverjum, en hér í vagninum er mér ekki treyst svo mikið, að ég megi ganga út örna minna!“

Strax á næstu stöð kom undirofursti Sergejev, sem hafði verið tilkynnt þetta „brot á aga“, til að refsa glæpamanninum. Ungi liðsforinginn, hár, laglegur piltur, með ljósgult hár, var handtekinn. Liðsforingjaeinkennin og belti hans voru tekin af honum og hann dæmdur til að standa á opnum vagnpalli undir gæslu í tíu daga. Við urðum allir reiðir.

Frá því klukkan fimm á morgnana til miðnættis varð „glæpamaðurinn“ að standa á opnum vagnpalli, sem ekið var gegnum Mið-Rússland um hávetur. Skipt var um gæslumenn hans við hverja stöð. Þegar hann kom aftur í vagn okkar til þess að fá sér stuttan næturblund, sýndum við honum samúð okkar með því að nudda stírða limi hans, gefa honum mat og neyða hann til að fara í hlýjustu fötin okkar. Auk þess tókst okkur að vara verðina við, að þeim væri betra að leyfa fanganum að reykja og leyfa honum að vera í skjóli undir ábreiðu milli stöðvanna, þegar yfirmaðurinn gæti ekki séð það. Þegar við höfðum horft á þennan ómannúðlega leik í tvo daga, gat ég ekki þagað lengur. Ég fór til félaga L-s og sárbað hann um að skerast í leikinn.

„Við skiljum allir nauðsynina á ströngum aga,“ sagði ég, „en væri ekki líka vert að beita skynseminni? Þess verður einhvern tíma krafist af okkur, að við höfum stjórn á hermönnum í bardaga. Þá veitir okkur ekki af sjálfstrausti og meðvitund um vald. Er nokkur ástæða til að gæta okkar eins stranglega og við sætum um hvert tækifæri til að gerast liðhlaupar? Á morgun er 7. nóvember, árhátíð byltingarinnar. Ég er viss um, að við myndum allir líta á það sem gjöf í tilefni hátíðarinnar, ef liðsforinginn yrði látinn laus.“

Að lokum lét félagi L. undan þrábeiðni minni og lofaði að tala við Sergejev. Hann kom aftur og tilkynnti, að refsingunni hefði verið frestað, þar til við kæmum til ákvörðunarstaðarins.

„En verið svo vingjarnlegur að flækja mér ekki inn í fleiri svona mál,“ sagði hann. „Það er styrjöld, við erum ekki á neinu skemmtiferðalagi.“

Yfirforinginn fékk þá hugmynd til að koma í veg fyrir, að við yrðum værukærir á þessu langa ferðalagi, að láta okkur æfa leikfimi á hverjum morgni, þegar lestin nam staðar. Helst kaus hann, að æfingarnar færu fram fyrir sólarupprás og við værum naktir niður að mitti þrátt fyrir hið geysiharða frost. Þegar lestin nam staðar í fyrsta skipti á morgnana, var gefið merki og við þustum allir út úr vögnunum til leikfimiæfinganna, syfjaðir og skjálfandi af kulda. Þeir, sem voru veikir, voru ekki leystir undan þessari skyldu. Jafnvel á óveðursdögum, þegar stormurinn gerði snjó-kornin að óteljandi stingandi nálum, var okkur ekki sleppt við leikfimina. Hugmyndir okkar um aga voru vafalaust arfur frá keisurum miðaldanna.

Þeir okkar, sem höfðu einhver auraráð, reyndu að kaupa vörur af sveitakaup-mönnunum á stöðvunum, sem við mötuðumst á. En við uppgötvuðum brátt, að verðið, sem þegar hafði verið farið að hækka, hafði hækkað geysilega á þessum fáu styrjaldarmánuðum. Ódýrasta tóbakið kostaði 40 rúblur glasið, — bændurnir mæla það í glösum. Hálfur pottur af mjólk kostaði 50 rúblur, kjúklingur 1.200 rúblur eða næstum tveggja mánaða laun liðsforingja. Óbreyttur nýliði, sem fékk í laun 8–12 rúblur á mánuði, þurfti því níu ára laun til að greiða með einn kjúkling á opnum markaði í nóvember 1941.

Á einni járnbrautarstöð, skammt fyrir vestan Kazan, var okkur leyft að fara út úr vögnunum og teygja úr okkur, meðan lestin var látin fara inn á hliðarbraut, til þess að stór herflutningalest gæti farið framhjá. Ég og nokkrir aðrir liðsforingjar gengum í áttina til lítils skógar þar í nágrenninu, þar sem við sáum að unnið var að skógarhöggi. Þegar við komum nær, sáum við, að karlar og konur, sem voru að vinna þar og voru hræðilega til fara, voru ekki Rússar. Þó að þau væru flest í rússneskum bastskóm, var annar klæðnaður þeirra með erlendu sniði, þó að hann væri þegar orðinn stífur af óhreinindum og í tætlum eftir bestu ráðstjórnartísku. Þetta fólk var sýnilega ekki vant þess háttar erfiðisvinnu að vetrarlagi.

Vopnaður NKVD-vörður gaf okkur þær upplýsingar, að þetta væru útlendingar — Lettar, Litháar, Eistlendingar, Pólverjar og gyðingar. Þetta voru sýnishorn af þeim sennilega tveimur milljónum „stéttaróvina“ og alls konar „óæskilegra manna“, sem fluttir höfðu verið til nauðungarvinnu úr þeim löndum, sem Ráðstjórnarríkin höfðu lagt undir sig í skjóli griðasáttmála Hitlers og Stalíns. Við snerum aftur til lestarinnar daprir og þöglir. Sérhver vottur um þessa verslun við nasismann var sársaukafull ásökun gegn sjálfsvirðingu rússneskra manna.

Flokkur heimilislausra og munaðarlausra barna hafði meðan á þessu stóð safnast umhverfis vöruflutningavagnana okkar. Þessi óþvegna, tötrum klæddu og skjálfandi börn, með óeðlilega ellilegu augun í skinhoruðum, litlum andlitunum, betluðu brauð með sorglega tilbreytingarlausum röddum. Mér virtust þau gæfari, daprari og ekki eins ósvífin og fyrri kynslóðir heimilislausra munaðarleysingja. Ef til vill var það vegna þess, að þau höfðu enn ekki vanist flökkulífinu. Hópur

óhamingjusamra barna, sem orðið höfðu munaðarlaus í styrjöldinni, hafði safnast saman um glóandi ösku úr eimreið, sem stóð þar kyrr. Þau sungu sönginn um munaðarlausu börnin, sem ég hafði heyrt svo oft í borgarastyrjöldinni fyrir tutugu árum og munaðarleysingar þessarar styrjaldar höfðu aftur gert að sínum söng:

Ó, ég á að deyja,
ég á að deyja,
það á að grafa mig,
og enginn mun vita,
hvar gróf mín er.

Við gáfum þessum óhamingjusömu börnum það, sem við gátum af hendi látið. Sem betur fór, áttum við allmikið af brauði. Jafnvel þegar þessir flökkubarnahópar gerðu tjón og stálu, þegar þeir höfðu engin önnur úrræði, gat enginn Rússi fengið af sér að vera harður við þau. Þau voru lifandi ákæra gegn þrælmennsku hinna fullorðnu.

Ákvörðunarstaður okkar á fyrsta áfanga ferðarinnar var járnbrautarstöð, sem hét Agríz, og komum við þangað á seytjanda degi ferðarinnar. Við lágum um nóttina á skítugu gólfinu í tómum og óupphituðum skóla. Næsta morgun var okkur tilkynnt, að við ættum að gefa okkur fram í Menzelínsk eftir viku. Við spurðum, hvernig auðveldast væri að komast þangað, en var svarað, að því yrðum við að ráða fram úr sjálfir. Á viku ættum við að geta komist þangað fótgangandi, og ef heppnin væri með okkur, gætum við ekið þangað með vinveittum bændum. Við skiptum okkur niður í smáhópa, sem hver um sig var undir stjórn sérstaks flokkserindreka. Stjórnendum okkar, sem óku af stað í bifreiðum, fannst sýnilega engin mótsögn í því að skilja okkur svona eina eftir í hinu dapurlega, snævi þakta Tataralandi, eftir að hafa gætt okkar eins og við værum fangar alla leiðina í járnbrautarlestinni.

Við vorum tólf, sem héldum af stað saman. Við gengum hratt til að halda á okkur hita. Útbúnaður okkar og matur til sex daga var byrði, sem þyngdist með hverri mínútu sem leið. Strigaskórnir mínir með sleipu gúmmísólunum voru ekki til þess gerðir að þramma á ís og gegnum snjó, og brátt tók verkurinn að nísta mig í kjálkann við hvert skref sem ég gekk. En einhver fór að syngja dapurlega þjóðvísu, rammrússneska í raunamæddri þrá sinni, og það dró dálítið úr þreytunni og verkjunum.

Við furðuðum okkur á að sjá stóra hveitiakra með óhirtu korni undir snjó og hér og þar uppskorið korn bundið í bindi. Síðar fengum við skýringu á þessu hjá bónda nokkrum. Allir vinnufærir karlmenn höfðu verið kallaðir í herinn og hestarnir teknir til vígstöðvanna, svo að einungis voru eftir til að annast uppskeruna „konur, börn og kýr“. Afleiðingin var sú, að ekki var hægt að hirða geysilegar kornbirgðir. Eftir nokkra stund náðu tveir bændasleðar okkur. Ekki var hægt að

troða nema tíu af okkur í þá. Ég krafðist þess sem eftirlitsmaður flokksins að fá að halda áfram ferð minni fótgangandi. Dmítríj, maður á fertugsaldri, sem ég hafði bundist vináttuböndum í Bolshevo, var fús til að verða mér samferða. Þetta var grámóskulegur, ömurlegur dagur, og þó að tilbreyting væri í landslaginu, var sama snjóbreiðan yfir öllu. Örsjaldan sást reykjarstrókur í fjarska eða við heyrðum hundgá, til þess að minna okkur á, að við værum ekki staddir fyrir utan endimörk hinnar byggðu veraldar.

Þegar degi hallaði þrömmuðum við þreyttir gegnum snjóinn í vaxandi myrkri og ræddum sífellt um styrjöldina. Frá því að við dvöldumst í Bolshevo hafði ég haft grun um, að Dmítríj væri ekki síður óánægður með stjórnarfarið en ég.

„Ég segi á hverjum degi við sjálfan mig, Víktor Andrejevítsj, að ég hafi gerst hermaður vegna Rússlands — vegna hinnar góðu, hæglátu og blíðlyndu rússnesku þjóðar — en ekki vegna Stalíns. Annars myndi ég ekki geta afborið það, það get ég svarið. Ef þeir eru ekki fullkomnir bjálfar í Kreml, þá hljóta þeir að vita, að svona er þessu varið með okkur alla. Segðu mér eitt: Heldur þú í raun og veru, að þeir trúu því, að piltarnir okkar séu fúsir til að deyja fyrir Stalín eða Bería og hina kvalarana í NKVD?“

„Nú er ekki tími til að ala í brjósti sér fornan fjandskap,“ svaraði ég. „Hvort sem okkur fellur betur eða verr, verður nú eitt að ganga yfir flokkinn, NKVD og landið. Fyrir en nasistarnir hafa verið reknir úr landi er enginn möguleiki til að greina þetta þrennt að. Hefur þú lesið *Stríð og frið* eftir Tolstoj, Dmítríj?“

„Já, auðvitað.“

„Heldur þú þá, að ánaudugu bændurnir okkar, sem stóðu fyrir framan fallbyssur Napóleons, hafi haft mikla ástæðu til þess að elska keisarann í Pétursborg? Og þó börðust þeir og dóu og sigruðu. Nú á tímum þurfum við ekki að elska einræðis-herrann í Kreml til þess að berjast, deyja og sigra.“

„En Stalín stendur gjörsamlega á sama um líf Rússa ...“

„Já, það væri napurt háð, ef sagan veitti Stalín heiðurinn af nýjum rússneskum sigri.“

Þegar dimmt var orðið, komum við að kyrrlátu, lágkúrulegu sveitaþorpi. Við vorum allt of þreyttir til að gefa því nánar gætur og drápum á dyr á fyrsta húsinu, sem varð á vegi okkar. Alskeggjaður bóndi opnaði dyrnar. Hann benti okkur á hús lengra upp með veginum og fullvissaði okkur um, að þar myndum við vera velkomnir, fá góðan mat og fara vel um okkur. Hann hafði þá afsökun, að börn hans voru veik, en mjög leitt þótti honum að þurfa að vísa okkur frá sér.

Hann hafði ekki farið með ýkjur. Húsið, sem í voru tvö herbergi, var hlýtt og viðkunnanlegt, með mislitum gluggatjöldum og blómum í gluggakistum. Magur bóndi, hreinlega til fara, og gráhærð kona hans tóku svo hjartanlega á móti okkur, að það var engu líkara en að þau hefðu beðið komu okkar lengi með eftirvæntingu. Þau áttu tvo syni, annan tuttugu og tveggja ára að aldri, hinn um það bil fimmtán ára, og eina feimna tíu ára gamla dóttur með stuttar og mjóar fléttur. Þau hröðuðu

sér að hlynna að gestum sínum. Þegar eldri sonurinn fór úr jakkanum, sáuð við, að hann hafði misst vinstri handlegginn.

„Vanja fékk sinn skammt við Kænugarð,“ sagði faðirinn og andvarpaði. Yngri börnin hjálpuðu okkur til að draga gaddfredna skóna af fótunum. Á meðan hituðu foreldrar þeirra vatn og komu inn með stórt trog. Við böðuðum okkur þarna í fyrsta skipti í þrjár vikur. Á meðan við hjálpuðum hvor öðrum við þvottinn, sáuð við gegnum hálfopnar dyrnar, að konan tók fram hrein nærföt og spariföt eldri sonar síns handa okkur, en litla stúlkan lagði á kvöldborðið.

„Það er þetta, sem ég á við,“ hvíslaði Dmítríj. „Það er slíkt fólk, sem ég er fús til að deyja fyrir, þegar ég berst við Þjóðverjana.“

Kálsúpan bragðaðist eins og ódáinsdrykkur eftir hina löngu gönguferð, þó að ekki væri kjöt í henni, og hveitikökurnar smurðar hunangi eins og ódáinsfæða. En brauðið var skorið niður í litlar, þunnar sneiðar, en slíkt er öruggt merki um erfiða tíma hjá bændunum. Við Dmítríj tókum fram rúgbrauð, þurrkaðan fisk, te og sykur. Konan kom með gúrkur og pipar til bragðbætis, og maðurinn, sem ekki vildi láta á sér standa, gróf upp flösku af vodka til að hlýja okkur á. Þetta var veisla, sem ég mun lengi minnst með ánægju.

„Við skulum skála fyrir því, að Hitler deyi úr pestinni — sem guð forði frá,“ sagði konan og lyfti glasi sínu.

„En hvers vegna segið þér „sem guð forði frá“, kona góð?“ spurði ég.

„Æ, það segi ég aðeins af gömlum vana.“

„Nei, mamma. Þú lætur óþökkann sleppa of vel með því að verða pestinni að bráð,“ sagði gamli maðurinn. „Ég myndi vilja ná honum lifandi, setja hann í búr og sýna allri veröldinni hann. Þá gætu menn skoðað þennan Heródes.“ Hann dró stól sinn nær borðinu og sneri máli sínu að okkur, gestunum. „Það, sem mig langar til að vita, er þetta: Til hvers álítið þið, góðir rússneskir liðsforingjar, að við séum í raun og veru að berjast?“

„Auðvitað fyrir föðurland okkar, Rússland,“ svaraði Dmítríj.

„Föðurland okkar, Rússland, auðvitað. ... Ég myndi senda son minn einhendan aftur til vígstöðvanna, og ég myndi sjálfur berjast fyrir það. En fyrir hvaða Rússland? Það Rússland, sem tók jarðir okkar af okkur og svelte börn okkar — eða nýtt Rússland?“

„Ég skil ekki vel, hvað þér eigið við,“ sagði ég til að fá hann til að halda áfram.

„Skiljið ekki hvað? Ég tók sjálfur þátt í bardögunum í fyrri styrjöldinni við Þjóðverja. Ég barðist og særðist, og lúsin át mig kvikan. Síðan hófst byltingin. Þeir töluðu um frelsi. Þeir töluðu um land handa bændunum. Allir hrópuðu þeir af lífs og sálar kröftum og sögðu okkur, að við værum salt jarðar, af því að við höfðum rífla í höndum. Nú eru liðin 22 ár, en hér er ekkert frelsi og engin jörð — aðeins ný styrjöld. Nú fara þeir að tala aftur blíðlega við okkur og skjalla okkur ...“

„En nú höfum við sjálfir valdið, ekki keisarinn,“ skaut Vanja inn í.

Faðir hans leit á hann lítilsvirðingaraugum. Það var enginn vafi á, hver var hús-bóndi á þessu heimili.

„Taktu ekki fram í fyrir mér með innantómum glamuryrðum, Vanja. Ég hef þagað í mörg ár. Við höfum valdið! Hver var það þá, sem tók brauðið frá okkur með alls konar ákvæðum og algjörri ránshendi? Við höfum valdið! Hver var það þá, sem útrýmdi fimmtu hverri fjölskyldu úr sveitabörpinu okkar og sendi til Síberíu, þegar verið var að koma á samyrkjubúskap? Það, sem ég vildi segja, er aðeins þetta: Erum við menn, eða erum við það ekki? Ég vil lifa eins og ég hef löngun til, en ekki eins og þeir ákveðal!“

„Já, þér hafið ástæðu til að kvarta,“ sagði ég, „en hvernig leið yður fyrir bylt-inguna?“

„Þúsund sinnum betur,“ svaraði hann. „Sannleikurinn er sagna bestur. Ég átti nær 12 hektara lands, góðan hest, folald, kú, kálf, svín og gæsir. Ég hafði býflugna-bú. Við vorum fátækt fólk, minnst þess, en við höfðum nóg í okkur og á. Þess vegna spyr ég ykkur: Fyrir hvaða Rússland missti Vanja handlegginn? Fyrir hvaða Rússland ætlið þið, menntaðir, ungir menn, að drepa og verða drepnir, sem Guð forði frá? Ef það er fyrir Rússland síðustu ára, er ég ekkert hrifinn af því. Ég er gamall maður og segi of marga, en það er gott til tilbreytingar að festa tennur á sannleikanum.“

Einhenti sonurinn hafði hlustað á þetta með athygli og sagði nú: „Þú talar um fortíðina, pabbi, eins og þú óskaðir, að stórjarðaeigendurnir risu upp aftur til þess að arðræna okkur bændurna.“

„Það er alls ekki það, sem ég á við, Vanja. Þú ert æskulýðsfylkingarmaður. Þú þekkir ekkert til, hvernig lífið var áður fyrr. Ég óska ekki, að stórjarðaeigendurnir risi upp aftur, en ég vil ekki heldur vinna á samyrkjubúunum fyrir léleg laun. Hvers vegna höfum við fengið nýja húsbændur til að kúga okkur? Þau samyrkjubú, sem vel eru rekin, ættu að halda áfram. En maður ætti ekki að vera neyddur til að taka þátt í samyrkjubúskapnum. Það er ekki réttlátt.“

Við töluðum fram og aftur. Gestgjafi okkar endurtók hvað eftir annað, að það eina, sem hann óskaði, væri „að lifa eins og maður“. Hann væri orðinn dauðleiður á því að láta leika með sig. Kona hans, sem hafði þagað eins og sæmir góðri húsmóður, gat að lokum ekki lengur setið á sér.

„Hvers vegna var kirkjum okkar lokað með valdi og þeim breytt í birgðaskemmur?“

„Það veit ég ekki,“ sagði Dmítríj, „en ég býst ekki við, að það verði gert oftar.“

„Ef ég væri viss um það, myndi ég biðja fyrir Stalín sex sinnum á dag. Segið mér, hvers vegna vill hann endilega snúa öllum til sinnar trúar?“

Við fórum öll að hlæja, einkum elsti sonurinn.

„Þegiðu, Vanja!“ sagði faðir hans í ávítunarróm. „S kynsemi móður þinnar ristir dýpra en þín. Ef hún hefði ekki beðið daglega fyrir þér, myndir þú ekki hafa misst höndina, heldur höfuðið. Heldur þú, að æskulýðsfylkingarfélagarnir þínir hafi beðið fyrir þér?“

„En það er tilgangslaust að fást um það, sem liðið er,“ skaut Dmítríj inn í. „Við getum ekki látið vísana á klukkunni ganga öfugt.“

„Ég kæri mig ekkert um liðna tímann, drengir. Ég sé ekki eftir keisaranum. En ég kæri mig ekki heldur um nýja keisara. Ég vil lifa sem frjáls maður, vinna á jörð, sem ég á sjálfur, og dýrka minn eigin guð. Ráðstjórnarguðir ykkar eru of langt inni í Kreml til þess að ég nái til þeirra, bak við of margar læsingar og varðmenn.“

Við sváfum vært í hreinu rúminu um nóttina, eins og við sváfum heima hjá okkur. Mig dreymdi, að ég væri á bát á Dnepr í Alexandrovsk og heyrði afa minn segja sögur af Tyrkjum og Kúrdum. Um morguninn beið okkar heit máltíð. Við komumst að raun um, að gamla konan hafði verið á fótum alla nóttina til að þvo, hreinsa og gera við föt okkar. Skyrtur okkar og vasaklúta hafði hún þvegið og strokið, og jafnvel stagað í sokkana mína. Mér lá við að tárfaella af þessari umhyggju. Ég faðmaði gömlu konuna að mér, klappaði á gráa hárið hennar og kyssti hana á báðar kinnarnar.

„Ég þakka yður kærlega fyrir,“ sagði ég, „og vona, að þér verðið langlíf og hamingjusöm.“

Dmítríj var ekki síður þakklátur en ég. Gestgjafi okkar klífraði niður af ofninum og hrópaði með uppgerðarreði: „Hó, óþokkarnir ykkar. Verið ekki of nærgöngulir við gömlu kerlinguna mína!“

Við gerðum margar tilraunir til að gefa gestgjöfum okkar dálítið fé, en við það var ekki komandi. Þau þáðu eitt sáputykki og eitt tvinnakefli, öll fjölskyldan kom út til að kveðja okkur. Það var eins og við værum að yfirgefa heimili okkar.

„Ég myndi ekki hafa á móti því að falla í styrjöldinni fyrir fólk eins og ykkur,“ sagði Dmítríj af sannfæringu, um leið og hann kyssti hina nýju vini okkar, hvern á fætur öðrum. „Þið eruð hluti af því, sem nefnt er Rússland, og það fer mjög vel á því.“

Við settumst í sleða, sem Vanja hafði reiðubúinn, og ókum af stað snemma um morguninn. Gamla konan var enn að signa sig með hægri hendinni og þurrka tár með þeirri vinstri, þegar við sáum síðast til hennar við bugðu á veginum. Hér um bil 10 kílómetra frá sveitaþorpinu létum við Vanja snúa við. Við gáfum honum Lykils- og hamarsmerki verkfræðingasveitarinnar, sem hann hafði horft mikið á frá því við komum, og báðum hann að bera foreldrum sínum kveðju okkar og þakklæti.

Seint að kvöldi hins þriðja dags komum við að litlum bæ, Krasnyj Bor, á bökkum Kama-fljóts. Fiskimannafjölskylda, sem við gistum hjá um nóttina, sagði okkur, að fyrir byltinguna hefði bærinn heitið Pjany Bor, „voti skógurinn“, en hefði nú verið skírður Krasnyj Bor, „rauði skógurinn“. En hvort sem hann var rauður eða votur, bötnuðu ekki líf skjörin. Dmítríj hafði komist vel frá hrakningunum, en ég var mjög illa leikinn. Ég hafði kal á tánum, blöðrur á iljunum og var allur eins og lurkum laminn. Verkurinn í kinninni var óbærilegur.

Mér kom ekki dúr á auga um nóttina. Um morguninn gekk ég gegnum nístandi

stórhrið hér um bil 5 kílómetra til héraðssjúkrahússins. Þrátt fyrir þetta virðulega nafn reyndist það vera tvö léleg timburhús, og var því stjórnað af miðaldra kvenlækni. Þar eð hún var sjálf frá Moskvu — ég gat þess til, að hún hefði verið send í útlegð hingað — var hún fegin því að hitta einhvern úr höfuðstaðnum og sólgin í hvers konar fréttir. Jafnframt var hún leið yfir, hve lítið hún gat gert fyrir mig.

„Það er að grafa í kjálkabeininu á yður,“ sagði hún, eftir að hafa rannsakað mig vandlega.

„Sýklar frá tönninni eru komnir út um allan líkamann. Þér verðið að komast til Menzelínsk eins fljótt og unnt er og leggja yður strax inn á sjúkrahúsið þar.“

„En þér dragið skemmdu tönnina út,“ sagði ég.

„Nei. Ég hef engin deyfilyf. Þeir skammtar, sem ég fann hér, eru að minnsta kosti tíu ára gamlir, og ég er viss um, að lyfin eru gjörsamlega ónothæf. Auk þess hef ég engar nýjar nálar í lyfjasprautuna.“

Ég bað hana að draga tönnina samt úr mér. Hún gerði það á þann hátt að skera fyrst í bólguna og draga síðan tönnina úr með gamalli, klunnalegri töng. Mig skortir orð til að lýsa þessari fimmtán mínútna heljarkvöl. Því næst hvíldi ég mig klukkustund á legubekknum, og eftir að ég hafði styrkt mig á sopa af brennivíni, gekk ég aftur til Krasnyj Bor. Þegar ég var orðinn laus við skemmdu tönnina, varð líðan mín nokkru skárri. Dmítríj taldi mig á að hvíla mig þann dag og næstu nótt í fiskimannakofanum, en daginn eftir, á fimmta degi eftir að við fórum úr lestinni, fórum við á ís yfir Kama. Við rákumst á nokkra hópa úr deild okkar og komumst á sjötta degi til Menzelínsk.

Menzelínsk var einn af hinum sérkennilegu tatarabæjum með þröngar götur og hina einkennilegu austurlandalykt. Við vorum vistaðir í gömlum skóla, þar sem hvorki var ljós né vatn. Krafist var nokkurra járnofna til afnota fyrir okkur, en þeir komu að litlum notum í frostinu. Nærri því allir mennirnir höfðu kal og blöðrur á fótum, og úr sumum blæddi. Ég var allt of uppgefinn til að geta hreyft mig, en Dmítríj útvegaði einhvern veginn undirsæng og kodda úr hálmi handa mér. Mér fannst líkami minn, sem var altekinn af sársauka, vera gífurlega uppblásinn. Í gegnum þjáningamókið heyrði ég ógreinilega, að mennirnir umhverfis mig bölvuðu yfir matnum, húsakynnunum og sorglegum örlögum sínum. Þeir litu dökkum augum til veru sinnar í Menzelínsk. Yfirforingjarnir voru í þetta eina skipti nægilega skynsamir til þess að handtaka engan fyrir það, að hann kvartaði, og létu ekki sjá sig.

Ég lá í tvo daga þjáður á hálmsænginni. Þriðja daginn var ég fluttur í hermanna-sjúkrahúsið í Menzelínsk. Ég hafði háan hita. Síðan dró úr kvölunum og ég varð fær um að greina umhverfi mitt. Kvenlæknir með laglegt andlit og vingjarnleg augu mældi í mér hitann.

„Yður batnar áreiðanlega, félagi Kravtsjenko,“ sagði hún og brosti sefandi við mér. „Jafnskjótt og þér eruð orðinn ferðafær, verðið þér að fara aftur til Moskvu

til lækninga. Á meðan þér dveljist hér, munum við gera allt fyrir yður, sem við getum.“

Ég hresstist smám saman. Dmítrij, Númídov og aðrir félagar mínir færðu mér góðan mat. Í sjúkrahúsinu fengu sjúklingarnir aðeins þykka, klessta rúgbrauðssneið, te án sykurs, súpu og graut tvisvar á dag. Við sváfum á hálmdýnum undir stífum hermannaábreiðum. En læknir sá, sem hafði umsjón með stofu minni, Evgenía Vladímírovna, bætti úr hinum slæma aðbúnaði með vinsemd sinni og skilningi. Við vorum einkennilegur söfnuður í stofu minni: gamall bóndi, sem verið hafði í hernum, stjórnmálaerindreki með ofurstatign og nokkrir óbreyttir hermenn. Við stytum okkur stundir með því að deila um öll hugsanleg málefni. En um eitt vorum við allir sammála. Okkur þótti öllum vænt um lækinn.

Við vorum allir mjög daprir í bragði. Þetta var í desembermánuði, þegar örlög Moskvu virtust hanga á blápræði. Það var ekkert útvarpstæki í sjúkrahúsinu, og engin blöð komu þangað, en við erindrekinn fengum fréttir hjá vinum, sem heimsóttu okkur. Stofa okkar varð eins konar fréttamiðstöð fyrir allan spítalann.

Kvöld nokkurt, er ég hafði verið í sjúkrahúsinu í nokkrar vikur, skömmu fyrir miðnætti, kom stúlka inn í stofu okkar með logandi lampa. Nokkrum mínútum síðar kom læknirinn inn. Hún var ekki aðeins í borgaralegum búningi, heldur allt að því skrautklædd. Dökka hárið hennar, sem venjulega var vafið í hnút á hnakk-anum, var nú „sett upp“ á höfðinu eftir nýjustu tísku. Sjúklingarnir settust upp við dogg og störfu forviða á hana. Ég fann jafnvel dauða angan af ilmvatni, þegar hún bar fram handa okkur disk með kjötbollum og skálar með ávaxtamauki. „Gleðilegt nýtt ár! Gleðilegt nýtt ár!“ sagði hún hátt. Því næst, þegar hún tók eftir undrun okkar, bætti hún við dálítið feimnislega: „Mér datt í hug, að þið hefðuð ef til vill gaman af til hátíðabrigða að sjá konu klædda eins og vera ber! Ég á við í kvöld, af því að það er gamlárskvöld. ... Það gæti ef til vill minnt ykkur á heimili ykkar.“

„Í mínum augum er það yndisleg nýársgjöf,“ sagði erindrekinn af djúpri tilfinningu.

„Gamla kerlingin mín heima í sveitaþorpinu hefur aldrei verið klædd svona,“ bætti gamli bardagamaðurinn við, „en ég þakka yður, Evgenía Vladímírovna, fyrir hugulsemina og óska yður gleðilegs nýárs!“

Þegar hún hafði heilsað okkur hverjum um sig og borið þeim mat, sem voru nægilega hressir til að borða, fór hún yfir í næstu stofu. Ég mun aldrei gleyma svip þessarar rússnesku konu, sem gaf hermönnum, sem þjáðust af heimþrá í mörgum sjúkrastofum í fornfálegu og lélega útbúnu sjúkrahúsi í Tataralandi, kvenþokka sinn í nýársgjöf árið 1942.

Í lok janúarmánaðar kröfðust lækarnir í hermanna sjúkrahúsinu, að ég færi aftur til Moskvu til frekari læknisáðgerða. Í Moskvu var ég ekki lagður inn í sjúkrahús, en átti að koma daglega til læknis meðferðar. Á meðan á þessu stóð mataðist ég í „aðalheimili“ liðsforingja Rauða hersins. Írína hjúkraði mér, og mér batnaði brátt. Kjálkinn á mér greri, og líkami minn varð aftur hraustur. Þegar læknirinn hafði

útskrifað mig og mælt með því, að ég tæki mér hvíld um skeið, til að ég gæti fengið nýjan þrótt, sneri ég mér til nefndar þeirrar, sem hafði þess háttar málefni með höndum, og bað um frekari fyrirskipanir. Þar fór fram yfirborðsleg lækni skoðun, sem stóð yfir í tvær mínútur og lauk með því, að ég var talinn hæfur til herþjónustu. Nýju skjólin, sem ég fékk, báru með sér, að senda átti mig til vígstöðvanna.

Ég kvaddi Írínu í þeirri fullvissu, að ég myndi ekki sjá hana í langan tíma, ef ég þá sæi hana nokkru sinni. En þegar ég gaf mig fram við hermálaráðuneytið, var mér tilkynnt, að nýlega hefði verið gefin út fyrirskipun þess efnis, að menn með æðri iðnfræðilega menntun skyldu ekki sendir til vígstöðvanna, heldur gegna brýnum iðnaðarstörfum á heimavígstöðvunum. Þetta var skynsamleg fyrirskipun. En þó fannst mér hafa verið haft af mér tækifæri til þess að hætta lífi mínu — fyrir Evgeníu Vladímírovnu, fyrir bændurna, fiskimennina, verkamennina og starfsbræður mína frá síðustu mánuðum. Þeir voru þjóð mín og fósturjörð, ofar öllum stjórnámum og hugtaksfræði.

Þetta var verstí vetur, sem komið hafði yfir Moskvu síðan Napóleon horfði yfir skinin bein hennar fyrir eitt hundrað og þrjátíu árum. Innrásarmönnunum hafði ekki tekist að hertaka borgina. Á hinum frosnu gresjum Rússlands sátu þeir fastir eins og flugur á flugnaveiðara, þjáðust og fórust unnvörpum. Jafnvel í Balkanríkj-unum gátu Þjóðverjar að nokkru leyti lifað á herteknu landi, þó að þau væru fátæk og á eftir tímanum. En í hinu sviðna Rússlandi var það vesaldarlega lítið, sem inn-rásarmennirnir gátu rænt. Erfiðleikar umsátursins voru þó heldur lítil huggun fyrir þá, sem setið var um.

Myrkvaða höfuðborgin, sem ég kom aftur til, var hunguð, kalin og alsett ör-um eftir sprengjur óvinanna. Hún virtist vera komin að andlegum niðurlotum og næstum of þreytt til þess að örvænta. Íbúarnir hnipuðu sig milli dapurlegra marmaraveggja neðanjarðarbrautarinnar, í kjöllurum og loftvarnabyrgjum, sem búin höfðu verið út í skyndi, þar til merki voru gefin um, að loftárásarhættan væri liðin hjá. Þeir drógust frá köldum heimilum sínum til að vinna í margar klukkustundir í óupphituðum skrifstofum og verksmiðjum. Iðnaðarfyrirtæki borgarinnar höfðu að nokkru leyti verið flutt brott. Þau, sem eftir voru, störfuðu af megni dag og nótt. Missir hinna auðugustu iðnaðarhverfa í Úkraínu og Vestur-Rússlandi ásamt hinu ofhlaðna flutningakerfi gerði það að verkum, að erfitt var að fá hráefni til eðlilegrar framleiðslu. Og þó hafði höfuðborginni verið breytt í stórkostlega hergagnaverksmiðju, sem vann drengilega að því að sjá vígstöðvahernum fyrir birgðum.

Hinir opinberu matarskammtar nægðu naumlega til þess að draga fram lífið, en það var sjaldan nóg til í búðunum til þess að allir gætu fengið þessa litlu og fátæklegu skammta. Sultur og kuldi urðu að verri ógnunum en flugher nasista. Styrjöldin hafði aðeins staðið yfir í átta til níu mánuði, og þó þurftu íbúar höfuðborgar stórveldis að borða brauð, sem að nokkru leyti var gert úr kartöflumjöli. Þeir drápu og

átu hunda sína og ketti og þær krákur, sem þeir gátu snarað. Hvílíkur ömurlegur vitnisburður um styrjaldarundirbúning landsins!

Eins og á verstu tímum byltingarinnar hjuggu íbúar Moskvu nú niður húsgögn sín og rifu niður trégirðingar umhverfis húsinn og notuðu til upphitunar. Dauðsföllum í borginni fjölgaði, og samtímis juku herðómstólarnir og NKVD þar við með æðisgengnum aftökum raunverulegra og ímyndaðra óróaseggja og svikara.

Írína hafði horast. Þar eð hún fékk fátæklega máltíð í skrifstofunni, þar sem hún vann, skipti hún matarskammti sínum milli vina, sem bágar áttu. Það var engin upphitun í íbúð okkar; við gengum heima í þykkum yfirhöfnum, með trefla og jafnvel vettinga. Sjaldan höfðum við rafmagn til ljósa og oft ekkert vatn. Stundum voru leiðslurnar í eina salerninu frosnar svo að dögum skipti. Lífið var erfitt og dapurlegt. Moskva varð að gjalda fyrir fátæka skriffinnsku í aldarfjórðung og harðstjórn.

Helmingurinn af vélunum úr Glavtrúbostal-verksmiðjunni hafði verið fluttur burt. Með hinum helmingnum var unnið dag og nótt að því að framleiða jarðsprengjur og sprengikúlur. En það voru allt of margir stjórnendur í verksmiðjunni. Hvorki Mantúrov né Jegorov hvöttu mig til að koma þangað aftur. Ég sneri mér til umdæmisnefndarinnar og var fyrir milligöngu hennar skipaður í stöðu sem yfirverkfræðingur við Promtrest, samsteypu níu verksmiðja, sem flestar framleiddu hernaðarnaúðsynjar handa vígstöðvunum.

Þó að vinnuskilyrðin væru ekki skemmtileg, var ég feginn skipuninni, því að staðan vakti hjá mér þá tilfinningu, að ég tæki beinan þátt í styrjöldinni. Það var ekki síður mikilvægt atriði, að ég hafði nú, þar eð ég gegndi ábyrgðarstöðu, rétt til að matast á þeim sérstöku matsölustöðum, sem áskildir voru umdæmisnefnd flokksins.

Sumar verksmiðjanna, sem ég hafði tæknilega umsjón með, framleiddu handsprengjur, jarðsprengjur og ýmsar tegundir skotfæra. Aðrar höfðu sérstaklega með höndum viðgerðir ýmissa hernaðartækja. Ég var sífellt önnur kafinn við að afgreiða brýnar pantanir til hersins og hlífði hvorki mér né starfsmönnum mínum. Mér fannst sjálfum við vera „í eldlínunni“ og reyndi að vekja sömu tilfinningu hjá samverkamönnum mínum.

Verkamennirnir okkar voru þróttlitlir af hungri og kvöldust af vitundinni um, að fjölskyldur þeirra hefðu ekki nóg ofan í sig. Þrátt fyrir það kepptust þeir við að vinna tíu til sextán klukkustundir á sólarhring. Oft, þegar nauðsyn bar til að afgreiða einhverja pöntun eins fljótt og unnt væri, dvöldust þeir í verksmiðjunni í marga sólarhringa samfleytt og létu renna sér í brjóst í verksmiðjusölunum. Ég furðaði mig oft á þreki þessara óbrotnu karla, kvenna og barna — piltar og stúlkur 13–15 ára að aldri unnu alls staðar verk fullorðinna manna — þegar ég sá þau vinna í einhverju verkstæðinu, eftir að verkstæðinu við hliðina hafði verið breytt í logandi helvíti við það, að sprengja hafði komið niður á það. Ég veit, að þetta óbrotna fólk var hinar raunverulegu stríðshetjur og styrkur Rússlands. Það þurfti

engin vígorð til að styrkja siðferðisþrek þess. Það þrælaði til þess að hjálpa feðrum sínum, bræðrum og sonum á vígvellinum af fremsta megni. Umheimurinn getur í blindni sinni veitt ráðstjórnareinræðinu allan heiðurinn, en starfið var unnið af fórnarlömbum þessa einræðis og oft þrátt fyrir heimsku þess.

Hin nýja staða mín kom mér í náið og næstum daglegt samband við háttsetta embættismenn hersins og stjórnarinnar, sem unnu að styrjaldarútbúnaðinum. Við og við gafst mér tækifæri til þess að eiga bein skipti við áhrifamenn í Sovnarkom — þjóðfulltrúaráðinu — sem fræðilega séð hafði æðsta framkvæmdarvald og eftirlit landvarnanna með höndum, þar eð það hafði vald sitt frá Æðsta ráðinu.

Í fyrsta sinn á ævinni tók ég nú þátt í ýmsum mikilsverðum viðræðufundum um framleiðslumálefni innan múra Kremlar, sem voru alsettir skotskörðum. Dag nokkurn fann ég á skrifborði mínu skilaboð um að hringja þegar í stað í ákveðið símanúmer. Ég hringdi og sagði til nafns míns. „Já, félagi Kravtsjenko. Gerið svo vel að koma í Sovnarkom RSFSR stundvíslega klukkan tólf. Vegabréf bíður yðar.“ RSFSR eru upphafsstafirnir í nafni stærsta „lýðveldisins“ innan Ráðstjórnarríkjanna, sem er í raun og veru stærra en öll hin lýðveldin til samans. Í hæsta lagi er sjálfstjórn þessara lýðvelda óákveðin hugsmíð. Þau hafa miklu minna sjálfstæði en hvert einstakt ríki innan Bandaríkja Norður-Ameríku. Í raun og veru eru þau stjórnardeildir, sem eiga að létta stjórn jafnrísastórrar þjóðar og rússneska þjóðin er, en þau standa að öllu leyti undir umsjón miðstjórnarinnar.

Að því er snertir RSFSR er jafnvel varla hægt að tala um slíka hugsmíð. Sovnarkom þess er aðeins viðbót við Sovnarkom alríkisins. Hún hefur aðsetur sitt í Moskvu, og starfsemi hennar er í nánú sambandi við stjórnarstarfsemina í heild. Hún hefur ekki sérstaka NKVD, eins og hin ráðstjórnarlýðveldin hafa, eða sérstaka miðstjórn fyrir flokkinn. RSFSR er því í reynd — þótt það sé ekki í orði kveðnu — sama og Ráðstjórnarríkin. Hún er stærsta stjórnmalaeiningin, þar sem stjórnvaldið þjappast saman á einn stað. Venjulegur borgari Ráðstjórnarríkjanna gerir ekki greinarmun á milli Sovnarkoms sambandsríkjanna í heild og Sovnarkoms Rússlands, og ég átti eftir að fá reynslu af því, að skoðun hins óbreytta borgara var í reyndinni sú rétta.

Ég hafði komið oft áður í þessa byggingu í viðskiptaerindum og þekkti því þær dæmalausar varúðarráðstafanir, sem þar tíðkast til þess að vernda embættismennina. Þegar ég hafði sýnt gögn þau, er sönnuðu, hver ég var, og fengið vegabréf, var ég sendur frá einum varðmanni til annars og komst að lokum í breiðan, kyrrlátan gang með gólfábreiðum og viðamiklum eikardyrum til hliðanna. Fyrir utan sumar þessara dyra stóðu yfirmenn frá NKVD á verði. Ég hafði þá ekki grun um, að mér yrði brátt fengin til umræða ein af þessum skrifstofum og ég yrði einn af þeim dýrmætu mönnum, sem var gætt svona vandlega fyrir ókunnum hættum.

Eftir stutta dvöl í biðstofu fór skrifstofustúlka með mig inn í geysistóran sal, sem var skrifstofa félaga Andrejs Ívanovítsj Útkíns, varaformanns Sovnarkoms Rússlands. Þó að hann væri meira en meðalmaður á hæð, þéttvaxinn, með ístru og

þóttafullur á svip, sýndist hann dvergvoxinn í geysistörum stól, sem hann sat í við víðáttumikið skrifborð, með stórkostlegt málverk af Stalín á veggnum fyrir aftan sig. Hann bauð mér að setjast.

„Jæja, félagi Kravtsjenko, hvernig líður yður?“

„Mér er ekki alveg ljóst, hverju ég á að svara, þar eð ég hef ekki hugmynd um, hvers vegna þér hafið gert boð fyrir mig.“

„Ég á við svona almennt. Að hverju starfið þér? Á hvern hátt hjálpið þér flokkn-um og landinu í styrjöldinni?“

Ég sagði honum frá starfsemi verksmiðjuhringsins og skýrði honum í höfuð-dráttum frá framleiðsluvandamálum þeirra níu verksmiðja, sem ég hafði umsjón með. Á meðan ég var að tala, sá ég meðal skjalanna á skrifborði hans spurningaeyðublað, sem ljósmynd af mér var fest við. Ég hafði útfyllt þetta eyðublað, áður en ég varð yfirverkfræðingur hjá verksmiðjuhringnum.

„Þér talið við ríkisstjórnina,“ tók félagi Útkín eitt sinn fram í fyrir mér. „Það kemur ekki til mála að gefa rangar upplýsingar eða að leyna staðreyndum eða hugs-unum.“

„Nei, auðvitað ekki.“

Hann lagði fyrir mig ýmsar fyrirspurnir, og ég hélt margar ræður. Undir ráð-stjórnarfyrirkomulaginu vöndumst við allir á að halda ræður um sjálfa okkur. Ég talaði allt að því almennt, eins og ég væri að lýsa kunningja, sem ég bæri aðeins vinsamlega fyrir brjósti.

Eftir hér um bil þrjár klukkustundir leit hinn svarthærði Útkín upp, horfði hvasst á mig með litlu, lævíslegu augunum og kom með hina mikilvægu spurningu:

„Hvernig myndi yður lítast á að starfa hjá Sovnarkom?“

„Það fer eftir því, hvert starfið væri.“

„Gott og vel. Okkur vantar flokksbundinn verkfræðing til að stjórna deildinni, sem sér um tæknilegan herbúnað. Ég held, að þér séuð hæfur til starfsins. Það merkir ekki, að þetta mál verði útkljáð í dag. Ég vil aðeins fá samþykki yðar, áður en ég tek undirbúningsskrefin.“

„Ég er alls ekki viss um, að ég ráði við jafnmikilvægt starf,“ sagði ég.

„En ég held einmitt, að þér séuð ágætur maður í það. Þér hafið nauðsynlega reynslu, og við höfum haft vakandi auga á starfsemi yðar í verksmiðjuhringnum.“

„Ef það er álit yðar, þá tek ég auðvitað að mér starfið.“

„Þá kveð ég yður í þetta sinn. Gerið svo vel að gefa yður fram í ráðningardeildinni á næstu hæð fyrir neðan.“

Ég fyllti út fjölda af spurningaeyðublöðum. Nokkrum dögum seinna fékk ég skilaboð um að koma til yfirmanns Útkíns, Konstantíns Pamfilovs, formanns Sovn-arkoms Rússlands og eins áhrifamesta mannsins meðal samstarfsmanna Stalíns. Hin geysistöra skrifstofa hans, hásætið og myndin af Stalín var allt nokkrum stigum stærra en hjá Útkín. Húsgögnin og ábreiðurnar nokkrum stigum óhóflegri.

Pamfilov var hár maður vexti, milli fertugs og fimmtugs. Hann var þrekvoxinn

og tilkomumikill. Höfuð hans og vangar var nauðrakað og skein eins og knattborðskúla. Hann var í erlendum fötum. Hann stóð á bak við hið gríðarstóra skrifborð, með annan fótinn uppi á stólnum og studdi öðrum olnboganum á borðið. Á næstu mánuðum komst ég að raun um, að hann var vanur að vinna í þessum stellingum, líka þegar hann var einn. Félagi Útkín var staddur hjá Pamfilov, þegar ég kom, og virtist sýnu lítillfjörlegri í návist hans.

Ég svaraði aftur fjölda spurninga. Spurningaeyðublöð mín og sérstakar skýrslur um mig lágu á skrifborðinu.

„Félagi Kravtsjenko,“ sagði formaður Sovnarkoms að lokum, „þér hafið gegnt ábyrgðarmiklum stöðum. En að vinna fyrir ríkisstjórnina er allt annað. Við erum þjónar flokksins, og starfið innan ríkisstjórnarinnar er umfram allt flokksstarf. Það er flokkurinn, sem stjórnar landinu.“

Ég fullvissaði hann auðmjúklega um, að mér væri þetta ljóst.

„Félagi Útkín,“ Pamfilov sneri sér að aðstoðarmanni sínum, „er komið svar?“

„Ekki enn, félagi Pamfilov.“

Pamfilov tók eitt heyrnartæki af þeim grúa af sínum, sem stóðu á litlu borði fyrir aftan hann, og valdi númer.

„Pamfilov talar. Hvernig gengur með Kravtsjenko-málið?“

Hann beið í tvær eða þrjár mínútur. Þögnin í herberginu var óbærileg. Það var augsýnilega einhver tálmun við hinn enda línunnar.

„Já ... já ...“ sagði Pamfilov að lokum. „Það eru þá engar mótbáurur? Gott.“

Hann lagði heyrnartólið á símatækið. Ég var ekki í vafa um, að hann hafði verið að tala við sjöundu deild NKVD, en án sérstaks samþykkis hennar er enginn skipaður í mikilsverða stöðu. Síðar fékk ég sönnun fyrir því, að þessi tilgáta mín var rétt. Af tilviljun rakst ég á bréf frá NKVD, sem staðfesti samþykki sitt til að ég yrði ráðinn í þjónustu Sovnarkoms. Þó að flokkurinn stjórni landinu og ríkisstjórninni, er enginn maður skipaður í mikilsverða stöðu hjá flokknum eða ríkisstjórninni án rannsóknar og samþykkis sjöundu deildar leynilögreglunnar.

„Það er í lagi, félagi Kravtsjenko,“ sagði Pamfilov hátíðlega. „Þér getið farið. Þegar gengið hefur verið frá öllu, munum við láta yður vita.“

Ég fékk bráðlega staðfestingu miðstjórnarinnar á því, að mér hefði verið veitt staðan. Eftir nokkra daga var mér fengin til umráða skrifstofa við hliðina á skrifstofu Útkíns, eftir að ég hafði undirritað skriflegt loforð til sérdeildar Sovnarkoms um að segja aldrei undir neinum kringumstæðum frá starfsemi ráðuneytisins. Sá Stalín, sem leit niður á mig fyrir aftan mig, var auðvitað minni en í hinum skrifstofunum. Sérstakur yfirmaður frá NKVD stóð á verði við dyr nýju skrifstofunnar minnar í hinum kyrrláta gangi, og tveir auðmjúkir skrifarar sátu í móttökuherbergi mínu. Ég var orðinn trúnaðarmaður stjórnarinnar og átti litlu rauðu bókina með gullbókstöfunum — litlu töfrabókina, tákn valdsins.

Þetta gerðist í lok maímánaðar 1942, einmitt þegar Þjóðverjar geystust fram í nýrri sókn. Þeir lögðu undir sig það, sem eftir var af föðurlandi mínu, Úkraínu,

og ruddust langt inn í Kákasus og komust að Volgufljótinu á stað, sem nefndist Stalínsgarður.

24. kafli: Kreml á styrjaldartímum

RÚSSAR EIGA EITT ORÐ YFIR ÞAÐ. *Vlast* — Valdið. Það merkir: stjórnin, æðsta valdið. En það táknar líka margt annað: Stalín, stjórnmalanefndina, leynilögregluna, eftirlætisgöð Stalíns, hvort sem þau eru í opinberum stöðum eða hirðmenn hans án titla. Í munni óbreyttra borgara hefur orðið auk þess hátóna af lotningu og lágtóna af beiskju, þegar það er nefnt í merkingunni „húsbændurnir okkar“, og vekur þá tilfinningu um hina geysilegu fjarlægð, sem skilur þá frá þjóðinni.

Í Sovnarkom sat ég rétt við tindinn á *vlast*. Í fyrsta sinn á ævinni sá ég veröldina fyrir neðan mig frá þessari sérréttindaaðstöðu. Nú gat ég athugað (en ekki af eigin reynd) þá tilfinningu, sem æðstu húsbændurnir höfðu um að vera skapaðir úr betra efni, að hrærast á öðru tilverustigi og að vera í raun og veru hafnir yfir hina almennu siðfræði og þær almennu tilfinningar, sem þeir sópuðu til hliðar sem burg-eisahleypidómum og spilltu frjálslyndi.

Nú gat ég skilið tilfinningaleysið, sem þessir menn sýndu gagnvart mannslífunum, hvernig þeir breyttu þeim, hentu þeim til og frá, eyðilögðu þau, eins og þau væru dautt efni til afnota fyrir áætlanir þeirra, tilraunir og skyssur. Ég var allt í einu kominn í hóp þeirra manna, sem gátu borðað sig sadða af góðum mat, á meðan svangir menn horfðu á, og ekki aðeins með góðri samvisku, heldur með þeirri tilfinningu, að þeir væru að gera það, sem rétt var, eins og þeir væru að leysa af hendi skyldu gagnvart veraldarsögunni.

Formaður Sovnarkoms okkar var Konstantín Pamfilov. Hann var nákominn innsta hringnum: Þegar hann dó, árið eftir að ég tók við embætti, var hann grafinn undir múrum Kremlar við Rauða torgið. Undir stjórn æðsta aðstoðarmanns hans, Andrejs Útkíns, voru fimm völdugar stjórnardeildir, og hafði ég á hendi forstöðu einnar þeirra. Ég var þannig aðeins tvö skref frá tindinum. Deild minni var skipt í hóp af sérstökum deildum, og var þeim stjórnað af aðstoðarmönnum mínum.

Þegar ég segi hér frá hinni skammvinnu upphefð minni, er það auðvitað ekki gert til þess að gorta af henni. Mér var lyft upp vegna duttlunga einhvers. Þeir, sem voru mér herra settir, gátu velt mér úr sessi með því að ýta við mér með einum vel snyrtum fingri sínum, og hvað þá snerti, gátu yfirmenn þeirra á sama hátt varpað þeim fyrirvaralaust niður í ystu myrkur. Það átti fyrir mér að liggja að sjá Pamfilov og Útkín skjálfa af hræðslu hvað eftir annað fyrir framan einhvern mann úr stjórnmalanefndinni eða einhvern af hirðgæðingum Stalíns. Ég átti eftir að hlusta á þá skammaða með óþverraleikum munnsöfnuði eins og illa þokkuð hjú.

Undir einræðisstjórn er jafnvæginu haldið með jöfnuði milli ótakmarkaðs valds og takmarkalauss ótta.

Þeir fáu meðal okkar, sem fóru með *vlast* í Sovnarkom okkar, sennilega um 30 að tölu, voru aðgreindir frá miðstétt embættismannanna og hinum mikla fjölda lægra settra starfsmanna á margan hátt. Við störfuðum á sérstakri hæð, eins kyrrlátri og kirkju, verndaðir af NKVD-mönnum með liðsforingjatign. Rúmgóðu skrifstofurnar okkar inn af móttökuherbergjunum voru einangraðar með tvöföldum hurðum, til að koma í veg fyrir, að staðið væri á hleri. Okkur var framreiddur góður morgun- og kvöldverður ókeypis á skrifborð okkar, og við höfðum sérstakan matsal til að snæða aðrar máltíðir, sem við fengum fyrir hlægilega lágt verð. Rakarar Sovnarkoms komu í skrifstofur Pamfilovs og Útkíns og annarra af sömu tign til þess að raka þá og smyrja, áður en annir dagsins hófust. Við, sem undir þá vorum gefnir, urðum sjálfir að fara til rakarans, hann kom ekki til okkar. Þeir, sem undir okkur voru gefnir, höfðu ekki einu sinni rétt til þess, að hinir opinberu rakarar afgreiddu þá. Þessi smásmugulega stigskipting speglaði metorðaröð valdsins. Dýrmætust allra sérréttinda var þó litla, rauða bókin. Henni fylgdi réttur til að njóta lækninga í sjúkrahúsinu í Kreml og kaupa lyf í lyfjabúðinni í Kreml á tímum, þegar öllum almenningi var fyrirmunað að njóta læknishjálpar eða kaupa lyf.

Við höfðum líka sérstakt vatnssalerni, og gættu NKVD-liðsforingjarnir þess, að það væri ekki notað af öðrum. Annað vatnssalerni var þar fyrir óaðri starfsmenn, en það var hvorki eins þægilegt né skrautlegt og vatnssalernið okkar.

Einu sinni bergmálaði hneykslissaga um alla bygginguna. Það upplýstist, að nýjum starfsmanni, sem hafði ekki enn kynnst stéttamuninum á þessu sviði, hafði orðið brátt, á meðan hann stóð við á okkar hæð. Þegar einhver fór út úr marmaraherberginu, laumaðist hann inn, án þess að verðirnir yrðu þess varir. Þegar hann kom út aftur, greip NKVD-maðurinn, sem gert hafði sig sekan um vanrækslu, skelfingu lostinn „sökudólginn“, rannsakaði skjöl hans og tilkynnti yfirmanni sínum auðvitað helgisþjöllin. Nokkrir leynilögreglumenn, „hið reidda sverð bylt-ingarinnar“, rannsökuðu salernið hátt og lágt og leituðu að „tímásprenjum“ og öðrum spellvirkjum. Eftir það komu þvottakonur með fötur og bursta og þvoðu helgidóminn, þar til þvegin höfðu verið öll merki um hina óguðlegu innrás.

Í einkalífi mínu var ég venjulegur maður, en í stöðu minni í stjórnarkerfinu var mín gætt sem þjóðargersemi. Enginn utanaðkomandi maður gat heimsótt mig án sérstaks leyfis míns. Ég varð að gefa út vegabréf handa gesti mínum og setja einkainnsigli mitt undir það. Og áður en vegabréfið var afhent gestinum hringdi útidyravörðurinn til mín til að fá staðfestingu á því. Til þess að vörðurinn gæti verið viss um, að það væri ekki svikari, sem svaraði honum í símann, varð ég að einkenna mig með kenniorði, sem enginn þekkti nema NKVD og ég sjálfur. Kenniorð mitt var „Lena nr. 17“. Þegar gesturinn hafði fengið vegabréfið, varð hann að ganga svipugöngin gegnum fjórar rannsóknir á því, hver hann væri, áður en honum var hleypt að móttökuherbergi mínu. Stundum blygðaðist ég mín fyrir

þetta eftirlitskerfi, sem NKVD hafði sett á stofn, einkum ef gesturinn var gamall og góður vinur.

Sama aðferðin var auðvitað notuð við alla ókunna menn, sem áttu erindi til okkar. Enginn, sem var lægri í tign en ég, gat gefið út vegabréf, hversu brýnt sem erindið var. Ef einhver af aðstoðarmönnum mínum óskaði, að einhver kæmi til viðtals við sig, varð hann að skýra málið fyrir mér, og gaf ég síðan út vegabréf, ef ég áleit heimsóknina nauðsynlega.

En ekki var öllu lokið með þessu. Í okkar stofnun, eins og í allri Kreml, í miðstjórn flokksins og í nokkrum öðrum stofnunum, var notað kerfi, sem nefnt var *shakhmatki* — „skákborðið“. Tilgangur þess var að koma í veg fyrir, að sviksamlegir verðir gætu gert með sér samsæri til að lauma inn flugumanni, njósna eða skemmdarverkamanni. Kerfi þetta var fólgið í því, sem nú skal greina: Á óregluglum fresti, stundum á tíu mínútna fresti, stundum lengri, voru NKVD-verðirnir færðir til eins og þeð á taflborði. Þeir voru færðir til fyrirvaralaust eftir flóknum reglum, að gefnu merki frá aðalvarðstöðinni. Enginn vörður gat þess vegna vitað nákvæmlega, hvar hann myndi vera á verði á ákveðnum tíma. Á þennan hátt var komið í veg fyrir, að fjórir eða fimm verðir gætu myndað samsæri um að sleppa inn manni, sem hefði ekki fengið inngönguleyfi.

Til frekari tryggingar gátu aðeins yfirmennirnir í Sovnarkom ekið í bílum sínum gegnum hliðin í Kreml, alveg án tillits til þess, hversu mikilsverðir menn voru í öðrum bílum. Jafnvel þjóðfulltrúarnir urðu að láta bíla sína standa fyrir utan hliðin. Á þennan hátt var komið í veg fyrir, að nokkur gæti sprengt helgidóm okkar í loft upp með því að geyma tímasprengju í bifreið.

Hið raunverulega tákn hinnar nýju tignar minnar var þó hvorki gæslan né kenniorðið. Það var húsgagn, sem að ytra útliti var mjög algengt, en hafði þó sérstakt gildi í lífi hinna æðstu embættismanna. Það var skjalaskápur, sem ég einn kunni að opna; það er að segja, ég var ekki alveg einn um þá kunnáttu — NKVD þekkti líka leyndarmálið. Það merkilegasta við þetta valdatákn var, að enginn af yfirmönnum mínum gat rofið leynd þess. Ég gat því jafnvel átt launungarmál gagnvart þeim. Aðeins menn, sem voru í svo háum tignarstöðum, að þeir áttu rétt á að eiga leyndarmál gagnvart yfirmönnum sínum, höfðu slíka skjalaskápa, og aðeins einn skápur í landinu — skápur Stalíns — hafði læsingu, sem NKVD kunni ekki á. Skápurinn minn stóð svipmikill á áberandi stað innan um hin fögru húsgögn.

Jafnvel Útkín og Pamfilov litu forvitnislega á hann, þegar þeir létu svo lítið að koma inn til mín í stað þess að stefna mér til viðtals í skrifstofur sínar. Þeir voru þá að velta því fyrir sér, hvaða athugasemdir ég hefði gert um fyrirskipanir þeirra og munnlegar fyrirsgnir og læst inni í skápnum.

En einmitt vegna þess, að skáparnir voru lokaðir fyrir öllum, voru þeir eftirlætis veiðisvæði leynilögreglunnar og sérdeildarinnar. Réttur þeirra til þess að rannsaka skjöl mín, þegar ég var fjarstaddur, var svo sjálfsagður, að þeir gerðu sér ekki það ómak að leyna verksummerkjunum, þegar þeir höfðu rannsakað skjalaskápinn og

skrifborðsskúffur mínar. Áhrifamesta aðferðin til þess að kæra yfirmenn sína án þess að leggja í þá hættu að gefa sérstaka skýrslu til lögreglunnar var að skrifa staðreyndirnar „fyrir sjálfan sig“ og „fela“ skjalið í einkaskáp sínum. ...

Hið mikilvægasta við stöðu mína var, að nú gat ég starfað í nafni ríkisstjórnarinnar. Innan verkahringis deildar minnar stjórnaði ég nú störfum staðaryfirvaldanna og stjórnarráðanna í öllu Rússlandi. Ég gat krafist þess, að þjóðfulltrúarnir og aðstoðarmenn þeirra gæfu mér nákvæmar skýrslur um störf sín. Ég gat skipað þeim fyrir og jafnvel vítt þá í málum, sem voru innan verkahringis míns. Ég gat skipað þeim að koma í skrifstofu mína á hvaða tíma dags eða nætur sem ég óskaði, en þeir gátu ekki skipað mér að koma til sín.

Það var ég, sem ákvað, hvort við ættum að eiga samvinnu við einhvern þjóðfulltrúa eða taka ekkert tillit til hans. Ég vissi „innan frá“, hvaða álit stjórnin hafði á hinum ýmsu embættismönnum — hverjum átti að sýna umbun og hverja átti að „hálshöggva“. Innan skamms fylgdist ég með „eldhúsi“ stjórnarinnar og flokksins og vissi, hvað verið var að „malla“ þar. Þjóðfulltrúar, sem voru afar virðulegir í augum almennings, voru oft ömurlegir, jafnvel aumkunarverðir í augum hinna vígðu, sem þekktu sannleikann.

Ég mun aldrei gleyma fyrsta deginum í hinu nýja embætti. Ég kom klukkan 10 um morguninn. Skrifarar mínir og aðstoðarmenn voru þegar komnir á sinn stað. Þau skjöl, sem ég þurfti að athuga, lágu í röð og reglu á skrifborði mínu. Ég staðnæmdist í dyrunum til að horfa á hið stóra og skrautlega herbergi; myndirnar af leiðtogunum á veggjunum og stóra málverkið af Stalín fyrir ofan veldisstól minn. Í hugskoti mínu endurlifði ég atburð í óhreinu gistihúsherbergi í Níkopol, þegar ég skolaði tætlunum af myndinni af Stalín niður úr skálinni í vatnssalerninu. Ég hafði varla sest undir hinn stærri og listrænna málaða Stalín, þegar síminn hringdi. Það var NKVD-foringi, sem spurði kurteislega og auðmjúklega, hvort ég vildi veita sér viðtal í nokkrar mínútur. Í fyrsta skipti á ævinni bað erindreki þessarar ógnarstofnunar mig um leyfi til þess að koma í heimsókn. ... Ég sagði honum að koma.

„Ég ætla að afhenda yður þetta einkainnsigli,“ sagði hann og rétti mér gúmmí-stimpil, „til þess að nota á vegabréf gesta og önnur skjöl. Gerið svo vel að hafa það alltaf læst niðri hjá yður. Síðan ætla ég að leyfa mér að kynna yður nokkrar aðrar reglur, þar sem þér eruð nýliði hér.“

„Gerið svo vel. Ég hlusta.“

Hann byrjaði með því að skýra fyrir mér reglurnar um heimsóknirnar. Hann sagði mér frá kenniorðinu og áminnti mig um að halda því vandlega leyndu. Ég mætti til dæmis aldrei nota það, þegar annar maður gæti heyrt það, hve háttsettur sem hann væri. Því næst gaf hann mér skýringu á leyndardóminum um hina mörgu síma á skrifborðinu mínu. Einn þeirra var í sambandi við sérstaka stjórnarsímalínu, sem lá milli Kremlar, miðstjórnarinnar og helstu ráðuneytanna. Um opinber mál mátti aðeins tala í þessa línu, aldrei hina símana.

„Auk þess er hvert einasta skjal í Sovnarkom ríkisleýndarmál,“ hélt hann áfram.

„Þér munuð sæta þungri ábyrgð, ef þér látið bréf, skjöl eða eftirrit liggja á glámbekk. Ef þér óskið að eyðileggja bréf eða eftirrit, þá eigið þér ekki að rífa það í sundur. Skrifðið fyrirskipanir yðar þvert yfir það og sendið það til sérdeildarinnar. Hún sér síðan um að brenna það.“

Þegar hann hafði lokið fyrirlestri sínum um, hvernig ég ætti að haga mér, bað hann mig um að undirrita yfirlýsingu um, að mér væru kunnar reglurnar. Því næst stóð hann upp, kvaddi að hermannasið og fór. Hann lokaði dyrunum á eftir sér hægt og vandlega, alveg ólíkt því, sem Gershgorín var vanur að loka dyrum.

Um ellefuleytið drap skrifari minn á dyr. Það var gáfuleg, snotur kona.

„Viljið þér fá morgunverðinn núna, Víktor Andrejevítsj?“ spurði hún.

„Já, ég þakka. En hvernig er með yður? Hafði þér fengið yður morgunverð?“

„Ég hef aðeins rétt á glasi af tei og einum sykurmola,“ svaraði hún og andvarpaði.

„Ég kem með brauð að heiman. Styrjöldin ... hvað á maður að gera ...?“

Skömmu síðar kom þjónustustúlka inn með mat á bakka. Það var kona á fertugsaldri, snoturlega klædd, með stífa, hvíta línhúfu. Hún vann kyrrlátlega, en hratt, breiddi hvítan dúk á lítið borð og lagði matinn á það. Maturinn var tvö egg, dálítið kjöt með sósu, hveitibrauð, smjör, glas af heitu tei, nokkrir sykurmolar og fáeinar kökur. Allt var það augskýtilega, að undanteknum eggjunum og teinu, bandarískar láns- og leiguvörur. Þó að hendur konunnar væru vinnulúnar, voru þær samt hreinar.

„Ég sé, að hendur yðar hafa verið snyrtar,“ sagði ég brosandi.

„Auðvitað. Ég þjóna mikilmennum,“ sagði hún. „Jæja. Verði yður að góðu, Víktor Andrejevítsj.“

Það var einhver áhyggjuspur á andliti konunnar, sem kom mér til að hafa hömlur á matarlyst minni. Ég leifði einu eggi, dálitlu kjöt, nokkrum brauðsneiðum og einum sykurmola, eins og ég hefði ekki getað torgað öllum matnum. Þegar ég hringdi, kom skrifari minn, setti leifarnar á bakkann og bar hann út. Skömmu síðar, þegar hún kom inn með einhver skjöl til undirskriftar, stóð hún andartak vandræðaleg við borðið.

„Ég blygðast mín fyrir að segja það, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hún, „en þér eruð gáfaður maður og munuð áreiðanlega skilja það. Ég gerðist svo djörf að borða það, sem þér leifðuð af mat yðar. Fyrirgefið mér. ... Það er svo erfitt að draga fram lífið.“

„Það er allt í lagi. Ég fullvissa yður um, að það gleður mig, að þér gerðuð það. En ef ég á að vera hreinskilinn, var ég að hugsa um þjónustustúlkuna. ...“

„En við Lísu höfum gert samning með okkur,“ greip hún fram í fyrir mér. „Annar daginn fæ ég leifarnar, en hún næsta dag. ... Það er hræðilegt að vera svangur, Víktor Andrejevítsj. Það sviptir mann allri blygðunarsemi.“

Og þannig atvikaðist það, að alla þá mánuði, sem ég starfaði í Sovnarkom, borðaði ég aðeins helminginn af morgunverði mínum og leifði hinum helmingnum handa Lísu og skrifara mínum. Ég komst að raun um, að Lísu tók sinn helming

heim með sér handa tveim litlum börnum, sem hún átti. Maðurinn hennar var á vígstöðvunum. Báðar þessar konur lifðu á þeim matarskammti, sem ætlaður var skrifstofufólki, 400 grömmum af sykri, 500 grömmum af grjónum og 400 grömmum af feiti á mánuði, og 400 grömmum af brauði á dag. Það, sem ég leifði af morgunverði mínum, myndi hafa kostað að minnsta kosti 100 rúblur á svartamarkaðsverði — eitt egg kostaði til dæmis 40 rúblur — en Lísu hafði 150 rúblur í kaup á mánuði.

Um hádegisdag kom annar gestur í opinbera heimsókn — yfirmaður hinnar leynilegu sérdeildar, sem var augu og eyru NKVD í sérhverri stofnun í Ráðstjórnarríkjunum. Það var ungur maður, lögregluforingi frá hvirfli til ilja, þó að hann væri ekki ein-kennisklæddur. Hann var ísmeygilegur og dálítið nærgöngull, hagaði sér eins og hann væri hinn raunverulegi húsbóndi í skrifstofu minni.

„Góðan daginn, félagi Kravtsjenko,“ sagði hann. „Það gleður mig að kynnast yður. Við munum eiga margt saman að selda. Þér eruð nýr maður hér og verðið að kynna yður sem fyrst ýmsar reglur. Við eigum í styrjöld. Óvinurinn er alls staðar, og við getum ekki verið of varkárir.“

„Nei, auðvitað.“

„Gott. Hér eru reglurnar um verndun ríkisleyndarmála. Gerið svo vel að lesa þær hægt og vandlega og spyrja mig, ef eitthvað er óljóst.“

Hann rétti mér hefti, 10–12 fjölritaðar blaðsíður að stærð. Með hinu venjulega ráðstjórnarsamblandi af fyrirskipunum og hótunum var mér á blaðsíðum þessum leiðbeint um, hvernig ég ætti að fara með leynileg skjöl ríkisins og flokksins og skjöl viðvíkjandi styrjöldinni; hvernig ég ætti að gæta skrifborðs míns, skjalaskápsins og skrifstofunnar fyrir augnaráði óviðkomandi manna; hvernig ég ætti að koma í veg fyrir, að jafnvel einkaritari minn sæi vissar tegundir opinberra skjala. Mér var kunn-gert, að í Sovnarkom vænt tveir flokkar hraðritara, hinir venjulegu hraðritarar og leyndarmálahraðritarar. Almenn viðskiptabréf átti að lesa hinum venjulegu hrað-riturum fyrir, en leyniskjöl mátti aðeins lesa fyrir leyndarmálahraðriturinum, sem fá átti hjá sérdeildinni. Reglurnar lögðu áherslu á, að sérhverja fyrirskipun frá yfir-mönnum mínum ætti að geyma skrifaða.

„En hvað á ég að gera, ef félagi Útkín eða félagi Pamfilov eða einhverjir í Kreml gefa mér munnlegar fyrirskipanir?“ spurði ég, þegar ég las þetta.

„Þá verðið þér tafarlaust að færa fyrirskipunina inn í einkadagbók yðar. Sama máli gegnir um efni mikilvægra símasamtal. Skrifðið allt upp þegar í stað — það er besta vernd yðar, ef svo vildi til, að það hefði einhver eftirköst. Félagi Stalín hefur kennt okkur að treysta mönnum, en líka að hafa jafnan gætur á þeim.“

Eftir að ég hafði lokið við lesturinn, hélt gestur minn langa ræðu um efnið. Aðalniðurstaðan af fyrirlestri hans var, að ég mætti ekki treysta neinum og yrði að ganga að því vísu, að enginn treysti mér. Það ættu að vera til skrifleg sönnunargögn, sundurliðaðar upplýsingar um sérhvern fund, sérhvert samtal. Gagnkvæm tor-tryggni væri ekki aðeins staðreynd í ráðstjórnarkerfinu, það væri viðurkennd

skylduafstaða, ef maður vildi halda lífi. Ég undirritaði aftur skjal þess efnis, að mér væri kunnugt um reglurnar og samþykkti þær refsingar, sem brot á þeim hefði í för með sér.

Að lokum bað hann mig um að lesa og fhuga algjörlega leynilegt skjal, sem undirritað var af Stalín og Molotov. Það reyndist vera ákvarðanir stjórnmálanefndarinnar, þar sem talin voru upp réttindi Sovnarkoms og skyldur. Það tók til hinna smæstu atriða, og samkvæmt því var enginn vafi á, að ríkisstjórnin, eins og hún kom fram í Sovnarkom, var auðmjúkur þræll og verkfæri stjórnmálanefndarinnar. Ég undirritaði venjulegt þagnarheiti. Sérhver skynsamur borgari í Ráðstjórnarríkjunum vissi, að stjórnin var undirlægja flokksins, en samt var farið með þetta eins og það væri algjört leyndarmál.

„Jæja. Verið þér sælir, félagi Kravtsjenko. Eins og ég sagði áðan, munum við eiga eftir að hafa talsverð samskipti.“

Sá hópur embættismanna, sem ég var nú kominn í, hafði að mörgu leyti versta aðstöðu af öllum æðstu embættismönnum Ráðstjórnarríkjanna. Við höfðum, þegar á allt var litið, meiri ábyrgð en vald. Við gerðum erfiðustu verkin, en yfirmenn okkar fengu að jafnaði heiðurinn af þeim. Við vorum of hátt settir til að geta unnað okkur hvíldar og þó ekki nógu hátt uppi á pýramída valdsins til að geta komið vinnu okkar og axarsköftum yfir á herðar annarra manna.

En af öllum þeim krossum, sem við urðum að bera, var svefnleysið þyngst. Það var undantekning, ef ég svaf að meðaltali meira en fimm klukkustundir á sólarhring vikulangt. Flestir skrifstofumenn okkar og sérfræðingar unnu frá klukkan níu til klukkan fimm, þó að ég gæti við og við látið suma þeirra vinna lengur eða skipað nokkrum af undirmönnum mínum að koma aftur um kvöldið. En vinnudagur minn stóð yfir frá klukkan tíu eða ellefu til klukkan þrjú eða fjögur næsta morgun, oft lengur. Það var örsjaldan, að ég gat stolið nokkrum klukkustundum á kvöldin til að vera heima hjá konu minni. Stöku sinnum hætti ég á að fá mér einnar eða tveggja klukkustunda blund á legubekknum í skrifstofu minni bak við læstar dyr og með símann við eyrað, svo að enginn gæti staðið mig að vanrækslu.

Æðstu embættismennirnir í Moskvu vinna eftir einkennilegri stundatöflu, þar eð henni er hagað eftir vinnuvana eins manns. Stalín byrjar vinnu sína venjulega klukkan ellefu fyrir hádegi og vinnur stanslaust til klukkan fjögur eða fimm. Þá tekur hann sér venjulega hvíld til klukkan tíu eða ellefu að kvöldi, en heldur síðan áfram vinnu til klukkan tvö eða þrjú á nóttu eða lengur. Af þessum tveim vinnutímabilum er nærtítmabilið sennilega mikilvægara.

Það voru til margar kenningar um þessi einkennilegu vinnutímabil Stalíns. Ein þeirra var á þá leið, að þessi stundatafla gerði honum mögulegt að ná beinu sambandi við embættismenn sína í öllum hlutum hins víðlenda ríkis, þó að fjögurra klukkustunda munur sé á tímanum í vestlægustu og austlægustu héruðunum.

Önnur kenningin var sú, að hann af ráðnum hug forðaði æðstu þegnum sínum frá

öllu illu með því að skipta lífi þeirra í óhaganlega dag- og næturvinnu og minnkaði þannig möguleika þeirra og freistingar til þess að taka þátt í samkvæmislífi.

Hverjar sem ástæðurnar kunna að hafa verið, höguðu embættismennirnir í Moskvu sér eftir þessum einkennilega vinnutíma Stalíns. Eins og gefið væri merki byrjuðu æðstu embættismennirnir að vinna af kappi, þegar húsbóndinn (eins og við nefndum hann okkar á milli) kom í skrifstofu sína, og léttu ekki vinnunni fyrr en hann fór heim. Embættismennirnir alls staðar í landinu, sem voru í samfelldu símasambandi við aðalstöðvarnar og tilfinninganæmir fyrir duttlungunum þar, höguðu sér í samræmi við þessa stundatöflu. Þannig stjórnaðist í raun og veru flóð og fjara stjórnmalalífs í öllu Rússlandi af því, hvenær einn gildvaxinn og bólugrafinn Georgíumaður kom til vinnu sinnar og fór frá henni. Auðvitað var ein stofnun í Rússlandi, sem vann 24 klukkustundir á sólarhring. Það var NKVD. Hún þurfti ekki að fara eftir neinni stundatöflu, því að hún svaf aldrei.

Frá því klukkan tíu fyrir hádegi virka daga renna hinar stóru, skotheldu Packard-bifreiðar með grænleitu rúðunum gegnum úthverfi borgarinnar eftir Mozhaískgötu, gegnum Arbat-breiðgötuna og þaðan til hinna ýmsu virkja „valdsins“. Af hljóðmerkjum bifreiðanna og því, hvernig ákafir lögregluþjónar stöðva alla umferð, til að þessar háværú kappakstursbifreiðar komist leiðar sinnar, vita íbúar Moskvu þegar í stað, að húsbóndinn, Molotov, Bería, Malenkov, Míkojan, Kaganóvtj eða aðrir sams konar leiðtogar eru á leið gegnum höfuðborgina. Á undan hverri þessara stóra bifreiða ekur önnur minni (venjulega Lincoln-bifreið) og sú þriðja á eftir. Eru þær skipaðar vel vopnuðum NKVD-vörðum án einkennisbúninga. Leiðtogarnir aka auðvitað alltaf hver um sig, ekki margir saman, til að draga úr hættunni um öryggi þeirra.

Leiðirnar eru ákveðnar af sérdeild leynilögreglunnar, sem ber ábyrgð á öryggi æðstu embættismannanna. Sérhver þumlungur af leiðinni er undir eftirliti þrautþjálfaðra lögreglumanna. Yfirvöldin þekkja hvern íbúa í húsunum meðfram þessum götum, og grunsamlegir menn eru fljótt fjarlægðir. Þúsundir manna í venjulegum fötum og einkennisklæddir eru á verði á öllum mikilvægum stöðum með hægri höndina á skammbýssunni í vasanum, reiðubúnir að skjóta. Þeir vita, að það væri úti um þá, ef eitthvað kæmi fyrir hina ástsælu leiðtoga bak við skotheldu rúðurnar.

Moskvubúar nema aldrei staðar til þess að horfa á, þegar Stalín og nánustu samstarfsmenn hans þeysa framhjá. Skynsamir borgarar víkja úr vegi og láta sem minnst á sér bera, þegar húsbændur þeirra bruna framhjá.

Embættismenn, sem stóðu einu eða tveim þrepum neðar, eins og til dæmis Pamfilov og Útkín í Sovnarkom okkar, gættu þess vandlega að vera komnir á sinn stað, áður en Stalín kom á sinn. Og þar voru þeir, uns hann ók heim. Að því er tekur til mín, gætti ég þess að vera kominn til vinnu minnar áður en yfirmenn mínir komu í Sovnarkom, og þeir, sem undir mig voru gefnir, höguðu sér eins gagnvart mér. Ég fór aldrei út án sérstaks leyfis, fyrr en yfirmenn mínir höfðu lokið við næturverk sín. Starfsdagur minn varð þannig oft sextán eða seytján klukkustundir. Útkín og

Pamfilov gengu að því vísu, að ég væri við hinn enda símalínunnar, þegar þeir hringdu til mín, alveg eins og Stalín og Molotov gengu að því vísu, að Pamfilov væri við vinnu sína, þegar þeir hringdu til hans. Sennilega hefur aldrei opinbert líf stórrar þjóðar farið jafnalgjörlega eftir duttlungum einstaks manns.

Sovnarkom okkar var framkvæmdarvalds- og „eftirlitsstofnun“ hinnar almáttugu landvarnarnefndar. Mikilvægasta starfsemi Sovnarkoms á þessum tímum var að beina í rétta átt og hafa eftirlit með öllum pöntunum á hernaðarnaðsynjum í Rússlandi. Þar eð Þjóðverjar höfðu hernumið Hvíta-Rússland, Úkraínu og hluta af Kákasus, var á yfirráðasvæði okkar næstum allt það, sem eftir var af framleiðslugetu og mannafla, þannig að við bárum í raun og veru ábyrgð á mestum hluta af framleiðslu til hernaðarþarfa á þessum tímum. Hluti af þessu geysimikla viðfangsefni heyrði undir deild þá, sem ég veitti forstöðu. „Tæknilegur herútbúnaður“ var hugtak, sem tók yfir eftirlit með framleiðslu hinna ýmsu styrjaldarnaðsynja, allt frá skriðdrekum, fallbyssum, flugvélum, flutningatækjum, fluglendingatækjum og tækjum til að villa óvinunum sýn með til smátæka eins og gasgríma, áttavita, hersíma, axa, skóflna og ljóskerja, sem framleidd voru í iðnfyrirtækjum RSFSR.

Bókstaflaga lentu hundruð af fyrirskipunum, ákvörðunum, kærum og hótunum, sem undirritaðar voru af Stalín og nánustu samverkamönnum hans, svo sem Bería, Molotov, Míkojan, Voznesenskíj, Malíshev og Kosygín, á skrifborð mitt. Ég var í sífelliðu símasambandi við öll ráðuneytin, verksmiðjur, sérstakar iðnaðarskrifstofur og skrifstofur umdæmisnefndanna um land allt. Á sömu klukkustund gat komið fyrir, að ég þyrfti að hafa eftirlit með gangi framleiðslunnar í Gorkíj og Sverdlovsk, í Novosíbírsk og Tsjeljabínsk.

Líf mitt var hitasóttarkennd barátta við að útvega efni, eldsneyti, vinnuafli, að sjá um, að framleiðslu yrði lokið á ákveðnum tíma, að vekja ráðuneyti og stofnanir alls staðar frá Moskvu til Síberíu til dáða. Yfirmenn mínir og örvæntingarfullir embættismenn landvarnarnefndarinnar skömmuðu mig og bölvuðu mér. Sennilega bölvu æðstu embættismenn Ráðstjórnarríkjanna meira en allir aðrir menn í veröldinni samanlagt. Safamikið, fullþroskað ruddaorðbragð er hinn mest áberandi og oft eini vottur um „öreiga“-uppruna stjórnarfyriðkomulags okkar. Kaganóvítj var meistarinna á þessu sviði. Við sögðum okkar á milli, að hann „bölvaði eins og tappatogari“, vegna þess að hann skrúfaði sig upp í ótrúlegar hæðir í notkun blótsyrða.

En Molotov, Voroshílov, Andrejev og aðrir voru rétt á hælum hans í þessari list, og Stalín var sjálfur enginn skussi. Þrátt fyrir þetta get ég vottað, að mestur hluti þeirra leiðtoga, sem ég átti eitthvað saman við að selda, voru dugnaðarmenn, sem voru færir í starfi sínu, orku hlaðnir menn, sem voru önnun kafnir við verkefni þau, sem fyrir hendi voru.

Stundum varð mér lífið leitt vikum saman vegna erfiðleika á að útvega jafneinfalda hluti og gaddavírsklippur, skóflur til þess að grafa skotgrafir og ljósker, sem notuð voru í stað kastljósa vegna skorts á þeim. Ég mun aldrei gleyma kvöldinu, þegar

herforingi úr Rauða hernum sat í skrifstofu minni með tár í augunum og sárbað mig um gaddavírsklippur. Hann skýrði frá því, að þúsundir af hermönnum okkar festust í gaddavír og féllu að nauðsynjalaus vegna skorts á þessu einfalda verkfæri. Á meðan hann sat hjá mér hringdi ég til ýmissa þjóðfulltrúa í Moskvu og framkvæmdastjóra verksmiðja úti um land. En hvað stoðuðu skammir mínar og hótanir, þegar verksmiðjurnar höfðu hvorki nauðsynlegt stál, verkfæri né vélar?

Ég var í óslitnu sambandi við Novíkov marskálk, Vorobjov marskálk, Seleznev hershöfðingja, Volkov hershöfðingja, Galler flotaforingja og fjölda annarra leiðtoga til að afla hernaðarnauðsynja. En því miður gátum við allt of oft ekki gert annað en að harma sameiginlega skortinn í öllum efnum.

Skyldi ég nokkurn tíma gleyma því, þegar við heimtuðum ófullkomna áttavita, sem notaðir voru við kennslu í skólum, þúsundum saman og skiptum þeim sparlega milli hinna ýmsu vígstöðva? Stalín hafði sjálfur undirritað fyrirskipun um að framleiða 50.000 hernaðaráttavita, en það var bókstaflega ekki hægt að útvega hina réttu segulmöggnuðu stáltegund.

Skyldi ég nokkru sinni gleyma umræðufundunum, sífelldum símtölum, öllum hótununum og hinum sárbitru kvörtunum sumarið sem við reyndum að útvega skeifur? Þúsundir hesta, og oft riddararnir að auki, létu lífið vegna skorts á skeifum, en það kom í ljós, að framleiðsla þeirra hafði tafist vegna skorts á járn og vegna takmarkaðra afkastamöguleika þeirra tveggja verksmiðja í Úral, sem framleiddu skeifur. Krafan um skeifur kom frá Búdjonnyj marskálki, og fékk ég þannig af tilviljun svar við þeirri gátu, hvað orðið hafði um þessa byltingarhetju. Honum hafði verið vikið úr þeirri ábyrgðarmiklu herstjórnarstöðu, sem hann hafði upphaflega haft með höndum, og eftir það var hann aldrei nefndur á nafn, og orðrómurinn hermdi jafnvel, að honum hefði verið rutt úr vegi. Nú varð mér kunnugt um, að hann hafði verið lækkaður í tign niður í að vera skrifstofumaður í skrifstofu, sem átti að sjá um útbúnað riddaraliðsins.

A hverjum einasta degi fékk ég sorglegar sannanir fyrir því, hvernig landi mínu hafði mistekist að búa sig undir þessa baráttu um líf og dauða. Ég vissi, að það var óyggjandi staðreynd, að tugir þúsunda hraustustu hermanna okkar létu lífið sökum skorts á einföldustu hjálpartækjum. Hvorki hinar kuldalegu fyrirskipanir Stalíns né þau „föstu tök“, sem Bería hótadi með, gátu pín nægilegan útbúnað út úr verksmiðjum, sem skorti hráefni og voru skipaðar starfsliði, sem fékk ekki nægilegan mat. Mér varð kunnugra en hinum æðstu hershöfðingjum og flotaforingjum, hversu mikilvæg bandarísku láns- og leiguvopnin, hráefnin og vélarnar voru í sambandi við hinn endanlega sigur. Vesturheimsmenn geta ef til vill enn verið í einhverjum vafa um það, en leiðtogar Ráðstjórnarríkjanna eru það ekki. Þeir þekkja staðreindirnar.

Guð veit, að við greiddum fullu verði — með rússneskum mannslífum — hjálp bandamanna okkar. En þetta raskar ekki sjálfum staðreindunum. Hvernig hefði rússneskri mótspyrnu verið varið án hins mikla magns af bandarískum flugvélum,

bandarískum flutningabifreiðum, sínum og þúsundum annarra hluta, sem okkur skorti? Rússnesk framleiðsla, rússnesk hreysti og vilji eru að álitu mínu það, sem umfram allt færði Rússlandi heim sigurinn. Við höfðum barist til sigurs við Stalíns-garð, áður en hinn mikli straumur af láns- og leiguvörum barst til okkar. En næst því eigum við sigurinn að þakka hjálp bandamanna okkar.

Þær fyrirskipanir, sem ég fékk frá hærri stöðum, voru oft skrifaðar í sefasjúkri tóntegund. Kröfur um mikilvæga varahluti í skriðdreka eða lífsnauðsynlegt efni handa loftflotanum, sem undirritaðar voru af Stalín og meðundirritaðar af einhverjum af skrifurum hans, enduðu undantekningarlaust með hvellri hótun um miskunnarlausa refsingu:

„Tilkynnið þjóðfulltrúunum, að framkvæmd þessarar fyrirskipunar hafi mikið hernaðarlegt gildi. Leggið fyrir hinn opinbera ákæranda Ráðstjórnarríkjanna, að hann eigi sjálfur að hafa eftirlit með framkvæmd hennar og láta þá, sem ekki framkvæma hana, sæta þungri ábyrgð, án manngreinarálits.“

Stundum var niðurlagið svona: „Eftirlitið með framkvæmd þessarar fyrirskipunar er falið þjóðfulltrúa ríkiseftirlitsins, félaga Popov. Hver, sem fer ekki eftir þessari fyrirskipun, án manngreinarálits, sæti þungri ábyrgð, og ber að tilkynna mér það.“

Að sæta þungri ábyrgð merkti, að manninum var vikið úr stöðu sinni og stefnt fyrir herrétt. Fyrirskipanir, sem undirritaðar voru af Bería, sem talaði með hinni hræðilegu rödd leynilögreglunnar, enduðu oft svo sem hér segir: „Skipið þjóðfulltrúanum að framkvæma þessa fyrirskipun án tillits til allra ytri aðstæðna. Senda skal mér sjálfum tilkynningu um hina seku. ...“

Þetta var hinn venjulegi ritháttur Stalíns, sem sérhver skrifinnur hermdi eftir gagnvart undirmönnum sínum. Þetta var mál, sem viðhaft var í því skyni að hræða okkur, hryssingslegt og hispurslaust og átti greinilega að minna okkur á fangabúðirnar og aftökusveitirnar. Þó að Stalín og nánustu samstarfsmenn hans beindu orðum sínum að valdamiklum leiðtogum, mönnum, sem nóg var að nefna á nafn til þess að hrollur færi um þjóðina, létu þeir aldrei undir höfuð leggjast að vekja ótta um ónáð og handtökur.

Ég hafði aldrei áður lagt jafnmikið að mér við vinnu, jafnlengi og við jafnmikil vonbrigði. Ég varð mjög fljótt grágrænn í framan, augun urðu blóðhlaupin og ég fékk hitasnert, sem leiðir af stöðugri ofreynslu. Næstum því allir karlar og konur umhverfis mig þræluðu eins og ég. Vafalaust hafa sum þeirra hatað ráðstjórnarkúgarana engu minna en ég, en stjórnámálaskoðanir okkar drógu ekkert úr kappi okkar til þess að stuðla að sigri. Land okkar var í hættu — ekkert annað skipti neinu máli í samanburði við þessa staðreynd, sem yfirskyggni allt.

Ef okkur tækist að flýta einhverjum hernaðarútbúnaði, sem lá mikið á, um einn dag, eða þótt ekki væri nema um klukkustund, gátum við ef til vill bjargað lífi þúsunda samlanda okkar. Það þurfti ekki að reka á eftir neinum okkar. Hótanirnar gerðu ekkert gagn. Tilfinningin um, að starf okkar væri samtvinnað baráttu hermanna okkar um líf og dauða, var alltaf vakandi hjá okkur, þó að við minnt-

umst sjaldan á það. Við unnum að því að útvega ákveðna hluti: hráefni, vélar og verkfæri — við örðugar aðstæður og höfðum því lítið tækifæri til þess að láta eftir tilfinningum okkar.

Öll stofnunin, frá Pamfilov til hins lægsta skrifstofumanns, hreifst með af hinu mikla flóði föðurlandsástar, sem átti upptök sín í dýpsta grunni rússneskrar sögu og rússneskrar Þjóðarsálar. Þeir auvirðilegu áróðursmenn stalinismans heima og erlendis, sem reyna að skýra þetta sem bolsévíkafyrirbrigði, fremja hróplegt ranglæti gagnvart Rússlandi. Þeir reyna að skýra frumkraft, sem er óháður tíma, sem afleiðingu af auvirðilegum flokkshugsjónum. Það var ekki ráðstjórnarkraftaverk, heldur rússneskt kraftaverk. Þegar ég hugsa til sjálfs mín, sem þrælaði heiðarlega og hlífðarlaust undir stjórn leiðtoga, sem ég fyrirleit og vantreysti, sé ég í því eins konar tákn Rússlands meðan á styrjöldinni stóð.

Mánuðir þeir, er ég vann í Sovnarkom, voru einmitt það styrjaldartímabil, þegar ófarir okkar voru mestar. Þeir tóku yfir hið hræðilega sumar 1942, þegar Þjóðverjar unnu stærstu sigra sína og komust lengst inn í landið. Á þeim mánuðum brutust Þjóðverjar að Volgufljóti, og þá stóð úrslitabardaginn, sem setti nafn Stalínsgarðs um aldur og ævi á bekk með Maráþon og Waterloo í sögu mannkynsins. Í innsta eðli Þjóðar er harður, eilífur og ósigrandi kjarni — það var hann, sem kom í ljós við Stalínsgarð og lifði af blóðsúthellingarnar og ófarir í ríkum mæli. Hann átti ekkert skylt við Karl Marx og Jósef Stalín.

Í hinum opinberu tilkynningum var haldið áfram að leyna, hve mikla ósigra við höfðum beðið. Þegar herinn neyddist til að halda sem hraðast undan, var því lýst sem herbrögðum. Almenningsur í Rússlandi vissi minna um hið langvinna einvígi í umhverfi Stalínsgarðs en aðrir menn í veröldinni. En á okkar þrepi í stjórnarstiganum gátum við ekki látið eftir okkur neina sjálfsblekkingu. Kröfurnar frá vígvellinum um flugvélar, skotfæri og hermenn báru vitni um skelfingu og stundum fullkomna örvæntingu. Við gátum ekki komist hjá að vita um hinar hroðalegu blóðsúthellingar.

Á einum veggnum í skrifstofu Útkíns hékk stórt landabréf af Rússlandi. Á hverjum morgni voru tituprjónarnir, sem sýndu framsókn Þjóðverja, fluttir lengra inn í landið, og blóðrauður þráður sýndi ófarir okkar. Ég kom eitt sinn að Útkín, þegar hann var að athuga þetta landabréf, og var þá laglegt, kringlótt andlit hans hrukkótt af áhyggjum.

„Ég er hér með nokkur áriðandi mál, Andrej Ívanóvítsj,“ sagði ég og lagði nokkur skjöl á skrifborð hans.

„Skjölin fljúga ekki burt. Komið hingað og sjáið, hvað þýsku úrrökunum miðar áfram.“

Rauða línan var ekki meira en um 160 kílómetra fyrir vestan Moskvu, rétt fyrir handan Mozhaísk. Hún afmarkaði í raun og veru alla Úkraínu og var ísbyggilega nálægt Volgu rétt hjá Stalínsgarði.

„Hvað eigum við að gera, ef þeir ná olíulindunum okkar, Víktor Andrejevítsj? Þá er úti um okkur!“

„Þetta lítur hræðilega út,“ játaði ég. „Það eina, sem við getum gert, er að starfa og aftur starfa. Það er heppilegt, að nú á að hraða afgreiðslu láns- og leiguvarningsins ...“

„Láns- og leiguvarningur!“ hrópaði Útkín gremjulega. „Það, sem við þurfum, eru aðrar vígstöðvar! En þessir auðvaldsópokkar halda enn að sér höndum. Þeir láta sig það engu skipta, hversu miklu rússnesku blóði er fórnað! Við greiðum láns- og leiguvarning þeirra dýru verði. ...“

Herútbóðið hafði lengi farið fram eftir mælikvarða, sem var ósambærilegur við herútbóð nokkurrar annarrar styrjaldarþjóðar. Menn voru teknir frá iðnaðinum og landbúnaðinum, þegar framleiðsluþörfin var mest. Ég sat einmitt á þeim stað í stjórninni, þar sem þessi sorglega mynd sást greinilegast. Hermenn okkar voru á aldrinum frá 16 ára til sextugs. Síðasta yfirsíkin raunverulegrar læknisskoðunar og undanþága vegna hjálparvana ættingja var sleppt samkvæmt fyrirskipun frá Stalín sjálfum, sem var aldrei birt. Þúsundir særðra hermanna voru aftur sendar til vígvallanna, áður en sár þeirra voru gróin að fullu. Drengjum og stúlkum á skólaaldri, mæðrum frá kornbörnum, jafnvel konum frá sveitabæjum, þar sem mennirnir höfðu áður verið teknir burt, var boðið út til að vinna í verksmiðjunum.

Vegna þessa síaukna skorts á mannafla voru nauðungarvinnufangarnir, sem skiptu milljónum, mikilvægur þáttur, oft snarasti þátturinn í að bjarga styrjaldarrekstri Ráðstjórnarríkjanna. Þetta er sannleikur, sem horfast verður í augu við, hversu óþægilegar tilfinningar sem það kann að vekja hjá manni. Verksmiðjur þær, sem fluttar höfðu verið, hinar stækkuðu verksmiðjur í Síberíu og Úral og hinar nýreistu verksmiðjur juku sífellt framleiðslu hernaðarnaútsynja. En fáar voru þær verksmiðjur, þar sem starf nauðungarvinnumanna skipti ekki verulegu máli.

Þeir erlendu menn, sem tala af hrifningu um hinn endanlega rússneska sigur sem sönnun um „ágæti ráðstjórnarfyrirkomulagsins“, myndu vera nær sannleikanum, ef þeir lofsyngju ágæti hins stórkostlega ríkisþrælahalds. Þar eð hinir frjálsum verkamenn voru teknir í herþjónustu, varð iðnaður okkar sífellt meira háður hinum stórkostlega fangaskara, sem jókst nú að miklum mun við hinar fádæma mörgu handtökur af ófriðarástæðum. Á opinberum stöðum var almennt álitid, að þetta varalið næmi allt að 20 milljónum manna. Ekki voru þó talin með piltar og stúlkur 14–16 ára að aldri, sem tekin voru með valdi frá foreldrum sínum og komið fyrir í þeim héruðum og iðnaðarfyrirtækjum, þar sem skorturinn á vinnuafli var mestur.

Hergagnaiðnaðurinn í Ráðstjórnarríkjunum hvíldi, eins og í Þýskalandi, aðallega á vinnu nauðungarvinnumanna. Aðalmunurinn lá í því, að Hitler gerði sigraða útlendinga að þrælum, en Stalín lagði hlekki á eigin þjóð. Það er auðvelt að gera sér í hugarlund, að þær aðstæður, sem fangarnir lifðu og störfuðu við, hljóta að hafa verið hræðilegar á tímum, þegar hungursneyð ríkti í landinu. Það var ekki „horft í þá“, og NKVD þurfti ekki að gera reikningsskil fyrir andláti þeirra.

Í upphafi styrjaldarinnar voru hergagna- og skotfæraráðuneytin sett undir yfirstjórn Bería, þjóðfulltrúa NKVD, sem var einnig varaformaður Sovnarkoms sat í landvarnarnefndinni. Þetta merkti, að þessi ráðuneyti voru sett undir stjórn leynilögreglunnar. Þeir menn, sem báru þjóðfulltrúanöfnin, Óústínov og Vanníkov, vissu, hvað þetta merkti, og það vissi jafnvel hinn auvirðilegasti starfsmaður. Þeir hefðu heldur kosið skjótan dauða en réttláta reiði Bería og stofnunar hans. Allir starfsmenn í verksmiðjum þeirra, skrifstofum og stofnunum, sem beint eða óbeint tóku þátt í framleiðslu hergagna eða skotfæra, urðu skelfingu lostnir.

Bería var ekki verkfræðingur. Hann var skipaður í þessa stöðu í þeim tilgangi einum að gera menn dauðhrædda. Ég spurði oft sjálfan mig — eins og aðrir hafa sjálfsagt gert í leyni — hvers vegna Stalín hefði stigið þetta skref. Ég gat aðeins fundið eitt sæmilegt svar. Það var vegna þess, að hann trúði ekki á föðurlandsást og sómatilfinningu rússnesku þjóðarinnar og neyddist þess vegna til að trúa aðallega á svipuna. Bería var svipun hans.

Þessi skortur á trú kom í ljós í flestum öðrum iðngreinum. Yfir borgaralega stjórnendur verksmiðjanna voru settir hernaðarlegir stjórnendur eða að minnsta kosti menn, sem höfðu hernaðarlega titla og vald. Sem dæmi nefni ég, að Khrúljov hershöfðingi, fulltrúi Stalíns í hermálaráðuneytinu, var gerður að yfirmanni járnbrautasamgangna. Í samráði við framkvæmdastjórn NKVD yfir flutningamálum kom hann þar á fullkomnum heraga, og í stað samvinnu, sem reist væri á föðurlandsást, var allt flutningakerfið rekið áfram af þrælsóttá.

Á sama hátt var Malíshev, varaforseta Sovnarkoms og verkfræðingi að menntun, veitt hershöfðingjatign og hann gerður að yfirmanni alls skriðdrekaíðnaðarins, herra settur en hinn borgaralegi þjóðfulltrúi. Framkvæmdastjórum verksmiðja og öðrum áhrifamiklum mönnum innan þessarar iðngreinar voru veittar hernaðar-nafnbætur og verksmiðjurnar þannig settar undir herstjórn í stað hinnar venjulegu framkvæmdastjórnar.

Þau ráðuneyti, sem voru undir yfirstjórn Bería, tóku auðvitað til sín meginhlutann af þeim nauðungarvinnumönnum, sem fyrir hendi voru. En þeir voru nógu margir til þess að allar greinar þjóðarbúskaparins gætu notið vinnu þeirra. Ég veit af víðtækum athugunum, sem ég gerði sjálfur, að þau iðnfyrirtæki voru fá, sem notuðu ekki að einhverju leyti vinnu nauðungarvinnumanna, og vinna þræla var helsta eða eina vinnuorkan í tugum verksmiðja.

Á meðan ég starfaði í Sovnarkom, frétti ég margt um þau sérstöku mál, sem risu upp vegna fangabúða eða fangelsa á þeim landssvæðum, sem Þjóðverjar lögðu undir sig. Það var talin enn meiri nauðsyn á því að flytja þessa þræla burt en hina frjálsu borgara. Vinna þeirra var verðmæti, sem var þess virði að bjarga því. En öllu meira máli skipti, að tæplega var hægt að treysta því, að þessir fangar elskuðu ráðstjórnarfyrirkomulagið, og þess vegna gátu þeir ef til vill komið Þjóðverjum að notum. Hér komu einnig vafalaust til greina stjórnmalásjónarmið — óttinn við, að

aðrar þjóðir kynntust einhverjum af hinum hræðilegu leyndarmálum um eðli og umtak þrælafyrirkomulags Ráðstjórnarríkjanna.

Sumir okkar í Sovnarkom þekktu dæmi þess, að fangarnir voru drepnir hópum saman, þegar sýnt var, að ekki vannst tími til að flytja þá brott. Þetta átti sér stað í Mínsk, Smolensk, Kænugarði, Kharkov, fæðingarborg minni Dnepropetrovsk og Zaporozhe. Einn slíkur atburður hefur festst mér nákvæmlega í minni. Í hinu litla „sjálfstæða ráðstjórnarlýðveldi“ Kabardíno-Balkar í Kákasus, rétt hjá borginni Nal-tsjík, hafði NKVD molybden-verksmiðjuhring, sem nauðungarvinnumenn unnu við, en molybden er frumefni, sem notað er við stálvinnslu. Þegar Rauði herinn var á undanhaldi á þessum slóðum, var ekki hægt vegna skorts á flutningatekjum að flytja fangana burt nógu snemma. Framkvæmdastjóri verksmiðjuhringsins lét, samkvæmt fyrirskipun félaga Anokhovs, fulltrúa NKVD í Kabardíno-Balkar, skjóta þessa ólánsömu menn alla saman með hríðskotabyssum. Þegar Rauði herinn rak Þjóðverja úr þessu héraði, var Anokhov launað með því að gera hann að forseta þjóðfulltrúaráðsins þar, en það er æðsta staðan í þessum sjálfstjórnarlöndum.

Þegar ég var að ýta á ráðuneytin til þess að hraða framleiðslunni, varð ég sífellt fyrir þeim tálmunum, að skortur var á vinnuafli, þegar mest reið á. Þjóðfulltrúarnir þekktu ástandið betur en ég. Þeir báðu oft Pamfílov um meira vinnuafli frá NKVD, og hann bað aftur NKVD um verkamenn handa tiltekinni mikilvægri verksmiðju. Stundum bar hann vandamálin beint undir Voznesenskíj, Molotov eða Bería.

Miðstöð framkvæmdastjórnar fangabúðanna — sem nefnd var GÚLAG — var undir yfirstjórn NKVD-hershöfðingjans Nedosekíns, eins af aðstoðarmönnum Bería. Nedosekín fékk fyrirskipanir frá landvarnarnefndinni um að ráðstafa flokk-um nauðungarvinnumanna og hagaði sér samkvæmt þessum fyrirskipunum, sem undirritaðar voru af Molotov, Stalín, Bería og öðrum meðlimum hennar.

Ég man greinilega eftir viðræðum, sem ég átti samkvæmt fyrirskipunum frá Útkín við einn af æðstu embættismönnum GÚLAG. Hann átti að láta ákveðnu ráðuneyti í té nokkur hundruð fanga til þess að vinna verk, sem lá á. Pamfílov rak mikið á eftir okkur, og auðvitað var rekið á eftir honum frá enn hærri stöðum. Ég hafði látið boða þennan embættismann frá GÚLAG á minn fund til að fá hjá hon-um ávísun á vinnuafli.

„Sýnið nú dálitla sanngirni, félagi Kravtsjenko,“ greip hann fram í fyrir mér. „Sovnarkom yðar er ekki eitt um að krefjast verkamanna. Landvarnarnefndina vantar verkamenn, félagi Míkojan er alltaf að kvabba á okkur, Malenkov og Voznesenskíj þarfnast verkamanna, Voroshílov krefst vegagerðarmanna. Auðvitað halda allir, að verkefni þeirra sé mikilvægast. En hvað eigum við að gera? Sannleikurinn er sá, að við höfum ekki ennþá framkvæmt handtökuáætlanir okkar. Eftirspurnin er meiri en viðkoman.“

Handtökuáætlanir! Sá öfgafulli, tilfinningalausí hundingsháttur, sem felst í þessu orði, setur ennþá hroll í mig. Og það, sem gerði þetta enn óhugnanlegra, var, að þessi embættismaður hafði ekki hugmynd um, hve hræðileg þessi ummæli hans

voru. Handtaka manna og hnepping í þrældóm var orðin hversdagslegur starfi í hans augum. Auðvitað átti hann ekki við, að gerðar væru áætlanir um handtökur beinlínis til þess að uppfylla kröfurnar um vinnuafli. Hann harmaði aðeins á ráðstjórnarmáli þá staðreynd, að milljónaskarar nauðungarvinnumannanna væru ekki nægilega stórir til að fullnægja öllum kröfum.

Af einhverjum ástæðum er ókunnugt erlendis, í hve ríkum mæli börn eru látin vinna í Rússlandi. Jafnvel innan landamæra Rússlands er því að miklu leyti haldið leyndu og dulið með skinhelgum orðtækjum. Þegar orðagjálfrið er flýsjað af, er innsta eðli fyrirkomulagsins nauðung. Milljónir barna eru teknar burt frá heimilum sínum að þeim og foreldrum þeirra nauðugum samkvæmt „liðsútboði“ og þau neydd til þess að vinna að iðnaði, án þess að spurt sé um óskir þeirra. Það væri rangt að skella skuldinni af þessari þróun eingöngu á styrjöldina, þar eð byrjað var á þessu árið 1940 og tala barnanna hefur, eftir því sem skýrslur herma, farið sívaxandi eftir lok styrjaldarinnar.

Fyrsta tilskipunin um liðsútboð barna var gefin út í október 1940. Þar var mælt fyrir um tafarlausa skrásetningu 800.000–1.000.000 barna úr borgum og sveitabörpum, á aldrinum frá 14 til 17 ára, til að vinna að iðnaðarframleiðslunni. Fyrir utan nauðungarútboðið var heimilt að skrá börn sem sjálfbóðaliða. Börn á aldrinum frá 14 til 15 ára voru að mestu leyti valin til vandasamari starfa, sem kröfðust tveggja ára námstíma. Við auðveldari vinnu var námstíminn 6 mánuðir, og voru 16–17 ára börn valin til þeirra starfa.

Þegar námstímanum var lokið, áttu börnin samkvæmt tilskipuninni að vinna í fjögur ár í verksmiðjum, námum, að byggingarvinnu og að öðrum störfum, sem framkvæmdastjórnin ákvað. Þó að þessar aðferðir væru sveipaðar fögru orðagjálfri, var hér þó að ræða um nauðungarútboð á vinnu barna. Börn voru rifin úr fadmi foreldra sinna, auðvitað af því að það var talið „sjálfum þeim fyrir bestu“.

Árið 1943 hafði nauðungarútboð barna til vinnu verið aukið svo mjög, að það tók til tveggja milljóna barna. Hinir hræðilegu atburðir, að börnin grétu og streittust á móti og ættingjar þeirra grétu og kveinuðu, urðu æ tíðari á svæðum þeim, sem útboðið náði yfir. Börnin voru færð í einkennisbúninga, komið fyrir í stjórnarbröggum og sett undir strangan aga, einna líkastan heraga. Tíma þeirra var skipt milli vinnu, náms og líkamsæfinga, þannig að fyrirhugað var að gera þau ekki aðeins að hlýðnum, heldur ofstækisfullum þjónum ráðstjórnareinræðisins. Aðaltilgangurinn með menntun þeirra var auðvitað að kenna þeim rétttrúnað í stjórnmálum.

Jafnvel áður en styrjöldin hófst, á meðan ég starfaði enn við Glavtrúbostalverksmiðjuna í Moskvu, sá ég í ýmsum verksmiðjum stóra hópa af börnum, sem höfðu verið tekin með valdi burt frá heimilum sínum. Ég átti eftir að kynnst öllu fyrirkomulaginu nánar. Börnin voru vakin með lúðrablæstri eða trumbuslætti klukkan hálfsex á morgnana til að iðka hermannaleikfimi. Því næst fengu þau morgunverð, og klukkan sjö voru bæði drengir og stúlkur komin að vinnuborðum

sínum í samræmi við þær spartversku meginreglur að miða uppeldi þeirra við að gera þau að ósjálfráðum þegnum ríkisins.

Ögn af grimmilegu háði var blandað í þetta nauðungarfyrirkomulag með því að gera formann verkalýðsfélaga allra Ráðstjórnarríkjanna, Níkolaj Shverník, sem sat í stjórnmálanefndinni, að stjórnmálaglum yfirmanni þess. Yfirmaður stjórnar þessara nauðungarvinnubarna, sem bar ábyrgð á uppeldi þeirra og dreifði þeim til vinnu í ýmsum landshlutum eftir þörfum ríkisins, var Maskatov, einn af riturunum hjá verkalýðsfélögum Shverníks.

Meðan á styrjöldinni stóð lét stjórnin fimm sinnum framkvæma ný útboð, og komst tala þessara einkennisklæddu pilta og stúlkna við það upp í níu milljónir. Auk þess var hundruðum þúsunda drengja — og voru sumir þeirra aðeins tólf eða þrettán ára gamlir — safnað saman í nýstofnaða hermannaskóla til að mennta þá til að verða liðsforingjar í hernum, á sama hátt og hin börnin voru búin undir að eyða starfsævi sinni sem öreigar.

Þau börn, sem alin voru upp til herþjónustu, voru að miklu leyti sjálfbóðaliðar. En hjarðir af börnum, sem urðu munaðarlaus í styrjöldinni og sumpart voru tekin úr barnaheimilum og sumpart meðal heimilislausu munaðarleysingjanna, voru tekin til að fylla hina ákveðnu tölu. Auk þess freistuðust foreldrar, sem gátu ekki séð fyrir börnum sínum, til að senda drengina í hermannaskólana, en það fól raunverulega í sér, að þeir yrðu hermenn alla ævi. Æðri menntun og nám í þrem efstu bekkjum menntaskólanna er nú aðeins opin þeim, sem geta greitt skólagjöld.

Ákvörðunin um greiðslu skólagjalda var, ef trúa má Kremlverjum, tekin „vegna hinna bættu líf skjara í Rússlandi ...“. Margir foreldrar, sem hafa ekki ráð á að greiða skólagjöld fyrir börn sín, álíta hermennsku skásta kostinn, sem synir þeirra eiga vól á, til að komast út úr hinni arðrændu verkamannastétt.

Ef þetta barnaútboðsfyrirkomulag heldur áfram, — og allar líkur benda til, að svo verði, — ættu Ráðstjórnarríkin árið 1960 að ráða yfir 30–40 milljónum verkamanna, sem notið hafa þessarar nauðungarmenntunar. Það verður ný tegund öreigalyðs. Áhrif heimilanna með endurminningunum um frjálssari fortíð og andleg áhrif umfram það, sem yfirvöldin mæla fyrir, verða þá sama og engin. Þetta verða menn, sem eiga ekki neinar endurminningar um einstaklingsbundið frelsi, en grundvallarreglum kommúnismans og kenningum Stalíns um heimsbyltingu hefur verið hamrað inn í. Þessir siðferðislega og stjórnmalalega limlestu Rússar munu verða geysilegt afl í höndum stjórnarinnar, hvort heldur hún kys að nota það heima eða til ævintýra erlendis.

Við þennan vandlega tryggða hóp af borgurum bætast hér um bil 20 milljónir af nauðungarvinnumönnum NKVD og geysistór fastur her hermanna og liðsforingja, sem aldrei hafa verið upp frá bernsku í anda Stalínismans eingöngu til varnar ráðstjórnarfyrirkomulaginu, auk varaliðs þess, sem leiðir af hinni almennu herskyldu.

Því má ekki heldur gleyma, að auk þess hafa margir tugir milljóna barna notið

fræðslu í hinum almennu skólum Ráðstjórnarríkjanna, þar sem ást á stjórnar-fyrirkomulaginu og aðferðum þess er sú kennslugrein, sem aðaláherslan er lögð á. Hugsunin um þetta gífurlega hervædda mannkyn hvarf aldrei úr huga mér, þegar ég var að semja um vinnuafli eftir beiðni hinna ýmsu ráðuneyta í því skyni að framkvæma brýnar framleiðsluáætlanir. Mér fannst þetta vera það næsta, sem hægt væri að komast mauraþúfunni eða býflugnabúinu við mannlegar aðstæður. Sú staðreynd, að þessar kringumstæður voru fegraðar með hræsnisfullu orðagjálfri um virðuleika vinnunnar og um að þjóna hinu „sósíalíska samfélagi“ og að stjórn þess væri í höndum „leiðtoga verkamannastéttarinnar“, eins og þrælahúsbóndans Shverníks, gerði þetta ennþá afskaplega í augum mínum. „Hið spillta frjálslyndi“ átti sér augskýnilega svo djúpar rætur í mér, að ekki var hægt að útrýma því.

Hér um bil strax frá byrjun voru mér ljósir hinir sorglegu annmarkar við styrjald-arútbúnað okkar. Þessar staðreyndir styrktust við það, að Aleksej Kosygín, einn af valdamestu samverkamönnum Stalíns, kallaði saman ráðstefnu í Kreml til að ræða um þetta. Þar eð ýmislegt, sem heyrdi undir stjórnardeild mína, hafði verið tekið á dagskrá, óskaði Útkín, að ég sæti við hlið hans, en tók mér vara fyrir að taka til máls á þessari virðulegu samkomu, nema yrt væri á mig. Kosygín var fulltrúi stjórn-málanefndarinnar í stjórn fimm ráðuneyta og hafði einnig á hendi stjórn málefna viðvíkjandi hinum tæknilega styrjaldarútbúnaði.

Löngu fyrir klukkan eitt að morgni, en þá átti ráðstefnan að hefjast, eru hinir fimm þjóðfulltrúar komnir inn í stóra móttökusalinn. Við hvílum okkur þar um stund og tökum niður hinar opinberu grímur. Þessir menn þekkja hver annan vel, nærri því allt of vel. Víast er, þegar öllu er á botninn hvolft, veröld, sem knýti er fast saman. Menn gera að gamni sínu, stríða hver öðrum lítilliga og spjalla saman. Félagi Gínsbúrg, fulltrúi byggingarverkamanna, feitur, lágvaxinn maður, sköllóttur og með þykk gleraugu, situr kyrrlátur úti í horni og drekkur te og bryður kókur. Hár maður, klæddur mislitri rússneskri treyju undir jakkanum, nagar epli. Það er Akímov, fulltrúi vefnaðarvöruíðnaðarins. Ég fer að dæmi hans og fæ mér epli úr hinni stóru ávaxtaskál. Ljubímov þjóðfulltrúi, yfirmaður smávöruíðnaðarins, gefur mér bendingu. Hann er víðfrægur fyrir fyndni sína og gamansemi.

„Hversu lengi ætlið þér að hrella okkur hérna?“ spurði Ljubímov einn af aðstoð-armönnum Kosygíns. „Mig langar í eitthvað að borða — til dæmis svínakjöt og egg. Og það myndi engu spilla að fá eitt glas af vodka til að skola því niður með.“

„Já, yður mun ekki veita af að vera vel búinn undir nóttina,“ svarar hinn hlæjandi.

„Yður mun verða sýnt í tvo heimana. Þér ættuð að búa yður undir það.“

Við hlæjum allir að undanteknum félaga Sosnín, fulltrúa byggingarvara. Hann er hár maður vexti, með magurt, dapurlegt andlit. Dapurleikinn er skiljanlegur. Hann hefur vanþakklátt starf með höndum, ráðuneyti hans er að sjálfsgöðu „sýnt í annan heim“ af hendi yfirmannanna á öllum ráðstefnum. Andstæða hins sídapra Sosníns er hinn káti Okopov, fulltrúi vélaiðnaðarins. Fyrir skömmu hafði hann að-

eins verið framkvæmdastjóri verksmiðju í Úral. Nú er hann orðinn þjóðfulltrúi og er álitinn eftirlætisgoð Míkójans við hirðina. Almennt er álitíð, að hin skjóta upphefð hans á hinum opinbera stjörnuhimni sé því að þakka, að honum hafi tekist að smíða nýja eldflugufallbyssu, sem nefnd er katúsha og farið er með af mikilli launung. Okopov er lágvaxinn Armeníumaður, hæruskotinn, með lítið, lævislegt andlit og falleg augu.

Nú kemur Vorobjov marskálkur inn og með honum Kaljagín hershöfðingi. Vorobjov er fulltrúi Stalíns að því er tekur til verkfræðingasveita og útbúnaðar þeirra. Þar eð starf hans snertir deild mína í Sovnarkom, erum við kunnugir, og hann heilsar mér vingjarnlega. Við höfum gagn hvor af öðrum, og hann og Kaljagín vita báðir vel, hve mikið ég legg að mér til að fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru frá vígvöllum. Á meðan við röbbum saman og drekku te er hugur okkar bundinn við stóru eikardyrnar, sem liggja að herbergi Aleksejs Kosygíns. Að loknum opnast þær.

„Aleksiej Níkolajevitsj býður yður til ráðstefnunnar,“ tilkynnir einn af riturum Kosygíns.

Samstundis verður þögn. Brosin hverfa af andlitunum. Allir setja á sig hátíðlegustu grímurnar. Í viðurvist Kosygíns erum við aðeins eitt stutt skref frá okkar ástkæra foringja. Salurinn er geysistór, sporöskjulagaður og hátt undir loft. Myndum af öllum nefndarmönnum stjórnmalanefndarinnar er dreift jafnt um gulleita veggina. Ég veiti athygli stóru útvarpstæki af erlendiri gerð. Venjulegum, dauðlegum mönnum er ekki leyft að hafa útvarpstæki, meðan á styrjöldinni stendur. Fundarborðið, sem þakið er grænum flóka, er svo stórt, að 30 manns geta setið við það.

Kosygín setur fyrir enda borðsins. Hann er í erlendum fötum. Hann er hörkulegur á svip, og andlitsdrættir hans bera engu síður vott um svefnleysi og þreytu en andlitsdrættir mínir. Hann svarar kveðjum fulltrúanna og hershöfðingjanna með því að kinka lítilla kalli.

„Setjist niður,“ skipar hann. „Yfirmaður GVIUK ætlar að gefa skýrslu.“

GVIUK er skammstöfun á nafni stjórnardeildar þeirrar, sem Vorobjov marskálkur veitir forstöðu. Hann stendur upp til þess að halda ræðu. Það, að hann var ekki ávarpaður með nafni og tignarheiti, fer ekki framhjá neinum okkar, síst marskálknum sjálfum. Þetta sýnir á kaldranalegan hátt, að Kosygín er í slæmu skapi. Við megum búast við sprengingu.

Vorobjov marskálkur talar í hér um bil stundarfjórðung og styðst við minnisblöð sín. Hann vitnar hvað eftir annað í tölur. Það eru dökkar myndir af skorti á útbúnaði, sem hann bregður upp. Hann kveður enga vélbáta vera tiltæka til þess að flytja menn yfir fljótin og segir það kosta þúsundir mannlífa. Hann kveður engar lausar brýr vera til, engar jarðsprengjur til þess að tefja för óvinanna, engin hreyfanleg viðgerðarverkstæði, engar símalínur né símataeki, enga einfalda ofna í skotgrafirnar og jafnvel ekki axir og skóflur handa fótgönguliðinu.

Kosygín horfir stöðugt á ritheftið fyrir framan sig. Hann iðar í sætinu af óþolinmæði og taugaveiklun, og það fara viprur um andlit hans. Hvers vegna höfum við ekkert til þess að hefta för þessara djöfulega duglegu og vel útbúnu óvina? hugsa ég í sífellu. Hvers vegna sóuðum við þessum tveim friðarárum?

Á meðan marskálkurinn heldur áfram að þylja hagfræðilegar tölur sínar, brjótast tilfinningar hans gegnum hermannsskorpuna. Hann á bág með að tala, þegar hann hrópar:

„Menn okkar deyja þúsundum saman á vígstöðvunum á þessari stundu! Hvers vegna getum við ekki birgt þá upp af venjulegum skóflum, öxum og gaddavírsklippum? Piltarnir okkar mynda brýr úr blóðugum líkömum sínum, vegna þess að þeir hafa ekki verkfæri til þess að klippa sundur gaddavírinn! Félagar, þetta er svívirðilegt! Við höfum engin ljósker! Ég er ekki að tala um rafmagnsvasaljós, aðeins venjuleg steinolíuljósker. Félagi Stalín hefur sjálfur átta sinnum síðustu mánuðina gefið fyrirskipanir um að útvega þessi ljósker, en þau eru enn ekki komin til vígstöðvanna. Við höfum engin tæki til þess að villa óvinunum sjónir með. Ég sárbið ykkur, félagar, sem stjórnid iðnaðinum, í nafni hins óbrotna vígstöðvahermanns að bæta úr þessu.“

„Þetta liggur allt mjög ljóst fyrir,“ segir Kosygín hörkulega, þegar marskálkurinn hefur lokið máli sínu. „Hvers konar ljósker eru það, sem þér eigið við?“

Ofursti, sem situr við hliðina á marskálkinum, lyftir frumstæðu, sívölu ljóskeri, málmhylki með glerrúðum.

„Og við getum ekki framleitt þennan hégóma?“ hrópar Kosygín reiðilega.

Það vill svo til, að ég er kunnugur þessu máli og segi því með leyfi Útkíns: „Leyfið mér að skýra þetta, Aleksej Níkolajevítsj. Framleiðsla ljóskerja gengur seint, af því að við höfum ekkert blikk, engar mótunarvélar og ekkert gler af hæfilegri þykkt og gæðum. Stóra blikkverksmiðjan, sem flutt var burt frá Novomoskovsk, er ekki enn tilbúin til framleiðslu. Glerið getum við aðeins fengið frá Krasnojarsk. Ef til vill getur félagi Sosnín sagt okkur, hvers vegna við fáum það ekki.“

„Það verður að búa ljóskerin til!“ hrópar Kosygín allt í einu og slær í borðið. „Ég segi ykkur, að það verður að hætta þessum glæpsamlega seinagangi! Þó að ég verði að húðfletta þessa lötu óþokka, skulu hernaðarnauðsynjarnar verða afhentar, eins og félagi Stalín heimtar! Sosnín — skýrsla yðar!“

Hinn dapri Sosnín lítur út eins og hann sé alveg bugaður. Hann talar með vonleysislega tilbreytingarlausri röddu. Vélarnar í Krasnojarsk eru í slæmu ástandi, orkustöðin er í ólagi, það vantar sérfræðinga. ...

Kosygín snýr sér til Akímovs og annarra. Viðræðufundurinn heldur áfram klukkustund eftir klukkustund. Hver ný skýrsla eykur á örvæntinguna. Þeim tálmunum, sem eru til fyrirstöðu að því er snertir efni, vélar og samgöngutæki, virðist fjölga, svo að lokum sést ekki út úr þeim. Kosygín talar ekki lengur og spyr ekki lengur. Hann hrópar, skipar, ákveður vörumergd og dagsetningar án þess að spyrja nokkurn ráða — og allir þjóðfulltrúarnir og herforingjarnir sitja taugaóstyrkir og

sakbitnir eins og hópur skóladrengja, sem reiður skólastjóri hefur tekið til bæna. Við forðumst að líta hver á annan. Við vitum allir, að Kosygín veit, að skorturinn er staðreynd og enginn okkar getur gert kraftaverk.

Einu sinni, þegar Kosygín er að húðskamma Gínsbúrg þjóðfulltrúa, hringir einn síminn. Kosygín þekkir augsnílega merkið. Raddblær hans, andlitssvipur og öll framkoma breytist skyndilega, og hann verður blíður og auðmjúkur. „Já, Josíf Vísaríonovítsj. ... Auðvitað, Josíf Vísaríonovítsj. ... Það skal verða gert! ... Já, ég skal þegar í stað sjá um það ...“, segir hann. Stalín! Það fer hrollur af heilagri skelfingu og lotningu um mennina umhverfis borðið. Við sitjum grafkyrrir eins og steingervingar. Kosygín leggur heyrnartólið á símatækið hljóðlega og varfærnislega, eins og það væri gert úr glerþráðum. Það líða rúmar fimm mínútur, þar til honum tekst aftur að komast í sinn fyrri ham og byrja aftur að skipa fyrir og skamma.

Klukkan er orðin meira en hálf sex að morgni, þegar við losnum. Á okkur alla hefur verið hlaðið fyrirskipunum: hálf milljón torsýnilegra einkennisfata, ein milljón skóflna, hundrað þúsund „spólur“ í hernaðarsíma — lamandi tölur, og þær tugum saman. Við vitum allir, að ómögulegt er að fullnægja kröfunum. Ef okkur tækist að útvega þótt ekki væri nema 75% af því, sem heimtað er, myndi ríkja gleði og rigna verðlaunafé og heiðursmerkjum. Við vitum líka allir, að kröfurnar eru af ásetningi hafðar svona háar til að kreista síðasta dropann út úr iðnaðinum og að vígstöðvarnar þarfnast miklu meira en fyrirskipanirnar hljóða um.

Þegar ég er kominn heim, klöngrast ég upp dimman stigann upp á efstu hæðina og fálma mig eftir dimmum ganginum að dyrum okkar. Írína vaknar. Hún spyr hálfsofandi, hvers vegna ég komi svona seint heim, hvort nokkuð sé að. „Nei, nei, sofðu aðeins ... Það var aðeins ráðstefna. Það er farið að birta. ...“

Það átti fyrir mér að liggja að taka þátt í tugum svipaðra ráðstefna, sem fulltrúar Stalíns: Voznesenskíj, Sabúrov og fleiri boðuðu til. Starfsaðferðirnar og andrúmsloftið á þessum ráðstefnum var næstum nákvæmlega eins og á ráðstefnunni hjá Kosygín. Fyrirskipanir Stalíns, boð og kröfur, sem tóku ekkert tillit til erfiðleikanna og kröfðust aðeins árangurs, réðu þar öllu.

25. kafli: Tvenns konar sannleikur

SEM DEILDARSTJÓRI Í SOVNARKOM hafði ég helmingi lægri tekjur en ég hafði haft í iðnaðinum, og ég fékk engar af þeim uppbótum, sem verksmiðjustjórnumendurnir úthlutuðu sjálfum sér við og við. En peningar höfðu ekkert gildi, þegar um var að ræða hræðilegan vöruskort. Það, sem máli skipti, var stærð þeirra skammta, sem úthlutað var, og þær verslanir, sem heimilt var að kaupa í.

Og í þessu tilliti var ég nú í æðsta, feitasta flokknum. Ég gat verslað í þeim sérstöku búðum („lokuðum úthlutunarstöðum“ á hinu mærdarmikla, opinbera máli) og þeim skósmíða- og klæðskeraverkstæðum, sem *vlast*, valdastéttin, átti ein aðgang að. Á þessum stöðum hitti ég hina útvöldu frá flokknum, stjórninni, lögreglunni og Kreml, og stundum konur þeirra, bifreiðarstjóra og þjóna.

Ekki hafði þúsundasti hver Rússi grun um, að jafnbirgar búðir væru til, og yfirvöldin létu mjög lítið á þeim bera og gættu þess, eftir því sem unnt var, að almenningur fengi ekki vitneskju um þær. Venjulega stóðu raðir af skrautlegum bifreiðum fyrir utan matvörubúðina okkar, en mjög fáir þeirra, sem gengu fram hjá, vissu, hvers vegna þær biðu þar. Enginn óbreyttur íbúi Moskvu fékk að sjá, hvað þá að bragða á láns- og leiguvörunum og heimatilbúnu munaðarvörunum, sem hlaðið var upp í þessari búð.

Kaup okkar voru auðvitað takmörkuð við skömmtunarseðla okkar. En skammturinn samkvæmt þeim var langt fyrir ofan meðallag og tók til hluta, sem almenningur hafði næstum gleymt að væru til. Ég var í þeim hóp fjölskyldna, sem var laus við farg sultar og kulda, sem héldu þjóð okkar í helgreipum sínum. Þjóðin þjáðist jafnhræðilega og á verstu árum borgarastyrjaldarinnar — þrátt fyrir „sósíalískar framfarir“ í aldarfjórðung og nokkrar fimmáraáætlanir, sem framkvæmdar höfðu verið með „glæsilegum árangri“.

Mánaðarlegur skammtur minn tók yfir flesk, niðursuðuvörur, smjör, sykurl, mjöl, saltað svínakjöt — allt innflutt frá Ameríku — engu síður en rússneskan fisk, villifugla, reyktan fisk, grænmeti, vodka, vín og vindlinga. Það var ekki hægt að kaupa það fyrir 15.000 rúblur á svarta markaðnum, sem ég fór með heim til mín í bifreið minni og kostaði 150 rúblur í „lokuðu“ búðinni, sem heimavarnarhermenn gættu. Af því, að margir dagar liðu svo, að Írína var svöng, geta menn getið sér þess til, hvernig almenningi hefur liðið. Sérstakir klæðskarar, sem aðeins saumuðu föt á æðstu embættismennina, saumuðu eftir pöntun okkar föt úr bandarísku láns- og leigufni á tímum, þegar notuð föt kostuðu þúsundir rúblna á svarta markaðnum.

Við og við voru veltutímar stutta stund hjá „opnu“ vefnaðarvöruverslunum í

Moskvu — þar sem vörurnar voru seldar án skömmtunarseðla og því við geipiháu verði. Fréttin um, að komnar væru birgðir af karlmanna-, kvenna- og barnafatnaði, breiddist út eins og skógareldur. Það mynduðust strax langar biðraðir, þrátt fyrir það að lélegir þaðmullarkjólur kostuðu 500–1000 rúblur, sokkar 50–75 rúblur og venjuleg karlmannaföt eða yfirfrakki 2.500 rúblur eða meira. Menn stóðu í biðröðum í margar klukkustundir með stóra böggla af slitnum, rifnum og skítugum peningaseðlum og vonuðu, að birgðirnar entust, þar til röðin kæmi að þeim.

Hversdagsleg vara eins og tvinni, sápa, steinolía, eldspýtur, rafmagnsperur, borðbúnaður og eldhúsáhöld voru gjörsamlega horfnar af markaðnum. Hálfur lítri af steinolíu kostaði 200 rúblur á svarta markaðnum. Jafnvel í miðbænum í Moskvu var rafmagnsstraumur til íbúðarhúsa aðeins tvær til þrjár klukkustundir á kvöldi. Þeir, sem höfðu ekki efni á að kaupa steinolíu — og það var fjöldinn allur af íbúunum — urðu að sitja í myrkri bak við myrkvaða glugga íbúðanna.

Veturinn 1942–43 brenndu menn húsgögnum sínum, bókum, dýrmætum nótnabókum, öllu, sem gat veitt þeim nokkurra mínútna hlýju. Þeir rifu upp gólfborðin og sperrurnar úr þökunum til þess að forða börnum sínum frá að frjósa í hel. Menn drápu á morgnana á dyr sveltandi nágranna sinna til þess að spyrja með lágu rómi, hvort Vanja eða María væru enn á lífi.

Við Írína settum upp góðan ofn í íbúð okkar, og fyrir milligöngu Sovnarkoms fékk ég dálítið af eldivið. Við og við gáfum við nágrönnum okkar lítils háttar af því, þó að það væri bannað.

Stundum velti ég því fyrir mér, hvort tiltölulega góð efni mín vektu ekki öfund og óró nágranna minna. Írína matreiddi á olíuofni í íbúð okkar. Þó að við létum vini okkar fá hlutdeild í gnægðum okkar, borðuðum við skammt okkar með nokkurri ógeðfældnistilfinningu. En tímarnir voru þannig, að það var orðið algengara en svo að sjá karla og konur deyja úr hungri á götum Moskvu, að það vektu sérstaka athygli.

En hinir dauðu voru grafnir, hinir hálfdaudu lágu og kveinuðu á köldum heimilum sínum, og þeir, sem lifðu, þræluðu áfram. Vegna starfs míns kom ég í margar verksmiðjur, þar sem framleiðslan gekk of seint. Undantekningarlaust var matvöruskorturinn aðalástæðan til þess. Ef verksmiðjustjórnin gat útvegað starfsmönnum sínum að minnsta kosti eina sæmilega saðsama máltíð á dag, þá jókst framleiðsluhraðinn þegar í stað. „Látið okkur fá meiri mat, og þið skulið fá meiri vöru,“ var sífellt bón verksmiðjustjórnanna. „Menn okkar hafa ekki orku til að fullnægja örvæntingarfullum kröfum ykkar.“

Einu sinni sendi Pamfilov mig í bifreið til borgarinnar Solnetsjogorsk, sem var ekki langt frá Moskvu, til þess að líta eftir tveim verksmiðjum. Mölun venjulegs mjóls var að stöðvast vegna skorts á sáldum, sem búa varð til úr sérstaklega grönnum málmþráðum, og var ef til vill hægt að framleiða þau í þessum verksmiðjum. Með mér kom ungur, ókunnugur maður, sem hafði verið kynntur fyrir mér sem verk-

fræðingur, en var augskýleglega fulltrúi fjármáladeildar NKVD. Þetta var ekki gert af móðgandi vantrausti á heiðarleik mínum, heldur var það venjuleg starfsaðferð.

Við ókum um svæði, sem Þjóðverjar höfðu hernumið um stund og hafði verið lagt í eyði af sprengjum og fallbyssuskothríð. Báðum megin vegarins lágu sundurskotnir þýskir skriðdrekar og bifreiðar. Við ókum gegnum smá og stór sveitaþorp, þar sem ekkert hús var óskemmt. Vofur í konulíki og tötrum klædd og örvæntingarfull börn skriðu út úr rústunum og réttu skjálfað hendurnar að okkur. Við höfðum tekið með okkur matarböggul úr eldhúsi Sovnarkoms, en höfðum gefið allan matinn, löngu áður en við komum til ákvörðunarstaðarins. Á mörgum stöðum hittum við stóra hópa af föngum, sem unnu að vegabótum undir vopnaðri gæslu.

Solnetsjogorsk hafði sloppið við skemmdir. Verksmiðjustjórarnir, sem hafði verið tilkynnt koma mín, voru fúsir til samvinnu. Þeir viðurkenndu, að hægt væri að breyta vélum þeirra þannig, að þær gætu framleitt þennan mjóa vír, en höfðu allir sömu sögu að segja um hinn hræðilega sult.

„Starfsmenn okkar eru fúsir til að vinna,“ sagði einn þeirra. „Eins og þér sjáið, höfum við aðeins gamla menn, pilta, stúlkur og konur, sem eru óvön verksmiðjuvinnu. En þau eru fús til að vinna. Þau eru við vinnu sína marga sólarhringa samfleytt, ef nauðsyn krefur, og sofa þá í verksmiðjunni. En ef þau fá ekki að minnsta kosti hinn venjulega brauðskammt, eins og hann er í öðrum borgum, hafa þau ekki orku til að halda áfram að vinna.“

„Hvers vegna fá þau ekki sama skammtinn?“ spurði ég hissa.

„Af því að við erum í sveitarhverfi. Í orði kveðnu eigum við að fá nauðsynjar okkar í sveitunum. En það eru aðeins innantóm orð. Í raun og veru eru bændurnir sjálfir að svelta til bana. Þér hafið sennilega séð þá sjálfur á leiðinni.“

Ungi samferðamaðurinn minn var jafnskelfdur af eymdinni í þessum verksmiðjum og ég. Þegar við ókum heim aftur, var hann sammála mér um, að allar tilraunir til þess að fá nokkrar vörur frá Solnetsjogorsk hlytu að verða árangurslausar, ef ekki væri hægt að leysa matvælavandann.

Yfirmennirnir voru að hvíla sig heima um kvöldið, þegar ég kom til skrifstofunnar. Þegar þeir komu aftur seinna um kvöldið, hafði ég samið rækilegt frumvarp til stjórnarákvörðunar um að breyta verksmiðjunum og taka þær í notkun þegar í stað. Um miðnætti veitti Pamfilov mér áheyrn. Hann las uppkast mitt í áheyrn Útkíns.

„Gott, ... gott, ... ágætt,“ sagði hann og kinkaði kalli. En allt í einu færðist skuggi yfir andlit hans. „Hvað er þetta? Fimm hundruð grömm af brauði daglega handa verkamönnunum og fjölskyldum þeirra. ...“

„Já,“ sagði ég ákafur. „Það er fyrsta skilyrðið. Þetta fólk bókstaflega sveltur.“

„Strikið þessa grein út,“ skipaði Pamfilov.

„En Konstantín Gavrilóvitsj, ég bið yður um að lofa þessu að standa í frumvarpinu. Ég jata, að einstaka verkamenn kunna að rækta lítills háttar af höfrum eða

eiga ættingja meðal bændanna, en það stoðar ekki. Þetta fólk vinnur og ætti að hafa verkamannaskammt.“

„Ég kenni jafnmikið í brjósti um það og þér, félagi Kravtsjenko, en þessa grein verður að strika út.“

Áður en hið endurskoðaða frumvarp var sent Molotov til staðfestingar, bað ég Pamfilov enn einu sinni um, að lögð væri áhersla á, að nauðsynlegt væri að útvega brauð, til þess að hægt væri að framleiða eitthvað í verksmiðjunum í Solnetsjogorsk.

Pamfilov leit á mig og leyndi ekki gremju sinni:

„Heyrið mig nú, Kravtsjenko! Eruð þér jafnaðarmaður eða bolsévíki? Það er ekki hægt að láta stjórnast af mannúðartilfinningum, þegar um stjórnarákvarðanir er að ræða. Lærið af félagi Stalín — elskið þjóðina, en verið reiðubúinn að fórna þörfum hennar, ef nauðsyn krefur!“

Mér kom ekki á óvart, að þessar verksmiðjur framleiddu ekki helminginn af þeim mjóla vör, sem áætlað hafði verið, þó að þær fengju nægilegt hráefni til umráða.

Annarrar ferðar, sem ég fór, minnst ég enn greinilegar. Enginn nema nýr Dante gæti — og þó ekki nema á svörtustu bölsýnisstundum — lýst með orðum hinum kynlegu neðanjarðarverksmiðjum, sem skotfæraráðuneytið rekur, aðallega með nauðungarvinnumönnum.

Aðeins mönnum með sérstöku vegabréfi var leyft að taka sér far með járnbrautarlestinni, sem ók gegnum þéttvaxið skóglendi langt inn í Moskvuhéraðið hinum megin við Podolsk. Foringjar frá NKVD rannsökuðu heimildarskjöl okkar hvað eftir annað. Lestin ók hægt, og út um gluggana sáuum við margsinnis stóra hópa af föngum — það er ekki hægt annað en þekkja þessa ólánssömu menn — sem felldu tré, hlóðu þeim í kesti og drógu þau að járnbrautarteinunum. Að lokum nánum við staðar við endastöð járnbrautarinnar og fórum út.

Í rjóðri í skóginum var skotfæraverksmiðja. Í skógunum bak við hana voru hin ósýnilegu, stóru neðanjarðarverkstæði, þar sem þúsundir fanga og frjálsra verkamanna fylltu sprengikúlur, sprengjur, sprengidúfl og önnur skeyti með sprengiefnum. Hin þröngu hlið að neðanjarðarsölunum voru vandlega dulin. Allt svæðið, sem þessir neðanjarðarsalir lágu undir, var girt með gaddavör og þess gætt af vopnuðum NKVD-mönnum. Voru sumir þeirra með grimma hunda, sem sérstaklega höfðu verið vandir í þessu skyni.

Ég kom ásamt öðrum manni til þess að jafna deilu, sem risið hafði upp milli þessarar leynilegu verksmiðju og annarrar verksmiðju, sem hún fékk sumt af hráefnum sínum frá. Eftir að ég hafði setið á kvöldfundi með verksmiðjustjórninni, var mér fengið til afnota svefnherbergi í gistihúsi verksmiðjunnar. Ég fór snemma á fætur, vegna þess að mig langaði til að sjá fangana, þegar þeir færu til vinnu sinnar. Það var kalsarigning um morguninn. Rétt eftir klukkan sex sá ég hér um bil 400 manna hóp karla og kvenna, sem gengu í fylkingu undir vopnaðri gæslu til neðanjarðarverkstæðanna, 10 í hverri röð.

Á liðnum árum hafði ég séð þessa ólánssömu þræla við alls konar aðstæður. Ég

hafði ekki búist við, að ég ætti eftir að sjá menn, sem væri enn hryggilegra að sjá en þá, sem ég hafði séð í Úral og Síberíu. Hér virtust skelfingarnar enn djöfulegri. Þessi andlit — sjúklega gulleit og algjörlega blóðlaus — voru hræðilegar dauðagrímur. Þessir menn voru reikandi lík, eittraðir um alla ævi af þeim efnum, sem þeir unnu úr í þessu daunilla helvíti.

Meðal þeirra voru karlar og konur, sem gátu verið eftir útleti að dæma fimmtug eða eldri, en líka ungir menn á þrítugsaldri. Þeir gengu í kyrrlátu ráðaleysi eins og vélbrúður og litu hvorki til hægri né vinstri. Klæðnaður þeirra var kynlegur. Margir voru í skóhlífum, sem festar voru á fætuna með snærum. Aðrir höfðu vafið töttrum um fætuna. Sumir voru í bændafötum, nokkrar konur voru í rifnum astrakan-kápum. Hér og þar kom ég auga á leifarnar af göðum erlendum fatnaði. Þegar þessi óhugnanlega fylking gekk framhjá gistihúsinu, datt ein konan allt í einu á götuna. Tveir hermenn drógu hana burt. Enginn fanganna virtist veita þessu neina eftirtekt. Þeim var horfin öll samúð, öll mannleg viðbrigði.

Aðrir líkir hópar komu í fylkingum til þessa neðanjarðarhelvítis úr öðrum áttum, frá NKVD-nýlendunum langt inni í skóginum, sennilega í margra kílómetra fjarlægð. Um kvöldið sá ég eina fylkingu hér um bil helmingi stærri, sem þrammaði gegnum rigninguna og forina til næturvinnunnar. Mér var ekki leyft að sjá neðanjarðarsalina, og ég hefði ekki heldur haft kjark til þess. En af viðtali mínu við embættismenn verksmiðjunnar, sem ég átti í samningum við í tvo daga, fékk ég nægilega skýra hugmynd um hina takmarkalausú eynd og fyrirlitningu fyrir mannlífínu. Neðanjarðarverksmiðjan var illa loftræst, þar eð hún hafði verið byggð í mesta flýti og af algjöru skeytingarleysi um heilsu verkamannanna. Nokkurra vikna dvöl þar í reyk og óþef var nægileg til að eittra mannlegan líkama um alla ævi. Dauðatalan var há. Nýjum mönnum var dengt inn í verksmiðjuna með næstum sama hraða og hráefnunum.

Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar var kommúnisti með hörkusvip á andliti. Á frakkauppbroti hans var orða og röð af öðrum heiðursmerkjum. Þegar ég spurði hann um verkamenn hans, leit hann á mig með undrunarsvip, eins og ég hefði spurt um heilsu og líf skjör hóps af aflóga múldýrum.

„Það eru því miður ekki margir iðnlærðir verkamenn meðal þessara skepna,“ sagði hann, „og ég hef mikil óþægindi af þeim. Þér spyrjið, hvers konar menn fangarnir séu, stjórnmalafangar eða glæpamenn. Það skiptir mig engu máli. Það kemur engum við nema NKVD, sem lætur mig fá mennina. Allt, sem ég veit, er, að þeir eru þjóðníðingar.“

Í marga mánuði gat ég ekki gleymt þeim áhrifum, sem ég varð fyrir þarna. Þau lituðu tilfinningar mínar, jafnvel þegar skynsemi mín og hendur voru önnur kafin við önnur verkefni. Og á komandi árum, í fjarlægðu landi, braust endurminningin um þetta stundum skyndilega út, þegar ég heyrði Vesturheimsmenn tala af hrifningu um dásemdir ráðstjórnarkommúnismans. Ég gat ekki stillt mig um að

hugsa: Ef ég gæti aðeins sett þessa aula niður í neðanjarðarverksmiðjuna, þótt ekki væri nema í tvo daga, aðeins í tvo daga, þá myndi koma annað hljóð í strokkinn.

Sú deild landvarnanna, sem Kremlverjar höfðu fórnað mestri orku sinni, bestu mönnunum og mælsku sinni í áratug, var loftflotinn. Og þó var viðbúnaður okkar á þessu sviði úreltur, eins og ég fékk nægar sannanir fyrir af skjölum, sem bárust deild minni og undirrituð voru af Stalín og Molotov.

Hitler hafði fengið heil fjöll af stáli, kopar og áli samkvæmt fjármálasamningum, sem gerðir voru samtímis hinum auðmýkjandi „gríðasáttmála“. Árásarherirnir höfðu hertekið mikinn hluta af því, sem eftir var. Flugvélaferksmiðjurnar í Khar-kov, Kænugarði, Zaparozhe, Taganrog og víðar höfðu aðeins verið fluttar burt að nokkru leyti. Þær, sem eftir voru, höfðu lent í höndum óvinanna. Afleiðingin varð sú, að sumir flugmanna okkar urðu að fljúga í vélum, sem smíðaðar voru úr krossviði. Nokkrar íkveikjukúlur nægðu til þess að eyðileggja þær. Mér var sagt, að dánartalan í rússneska flugliðinu væri hærri en hjá nokkurri annarri ófriðarþjóð. Til þess að bæta upp flugvélaferkskort okkar fóru flugmenn okkar fleiri flugferðir á dag en flugmenn nokkurrar annarrar þjóðar. Fargið, sem á þeim hvíldi, léttist auðvitað, þegar láns- og leiguflugvélnar komu til sögunnar.

Haustið 1942 gaf Stalín leynilega fyrirskipun um að framleiða þegar í stað efni, sem gæti ekki brunnið, til að þekja með allar flugvélar. Það var trjákvodukennd blanda, og var aðalefnið í henni vinylklorid, en rannsóknarstofa flugvélahráefna hafði bent á þessa blöndu. Stalín áleit þetta efni mjög mikilvægt, og stjórnardeild mín átti að hafa umsjón með framleiðslu þess.

Nú fóru í hönd vikur með fundarhöldum með yfirmönnum efnaíðnaðarins og ýmsum deildum flugflotans. Það kom í ljós, að efnaforskriftin var aðeins á tilraunastigi og auk þess ófullkomin. Að lokum hlutu stjórnendur rannsóknarstofunnar opinber laun fyrir uppfinningu sína, en satt að segja hefðu verkfræðingarnir og almennu verkamennirnir, sem strituðu dag og nótt við að fullkomna hana, átt að njóta umbunarinnar. Því miður var allt stritið að mestu leyti til ónýtis.

„Ef hægt er að þekja flugvélnar með þessu efni,“ sagði ég einu sinni við hershöfðingja í flugliðinu, sem kom í skrifstofu mína, „kemur það þá að raunverulegu gagni?“

Hann leit í kringum sig eins og hann vildi fullvissa sig um, að ekki væru aðrir viðstaddir í herberginu, beygði sig niður að mér og hvíslaði: „Álíka mikið og rjómaís bjargar dauðum manni. ... Ef nýjustu þýsku íkveikjukúlurnar hitta flugvélna, fuðrar hún upp eins og dúnn. Okkar á milli sagt hafa allar þessar ráðstafanir aðeins sálfræðilegt gildi. Þær geta ef til vill um stundarsakir aukið siðferðisþrek flugmanna okkar. Þeir eru hetjur, en líka menn. Notkun flutningaflugvéla, sem breytt hefur verið í hernaðarflugvélar, og véla, sem að nokkru eru smíðaðar úr tré og þeir verða að notast við í hernaði, er varla holl taugum þeirra.“

Tugi tækja af ýmsum tegundum og alls konar verkfæri varð að smíða í flýti við hinar erfiðustu aðstæður til þess að gera lofther okkar bardagahæfan í vetrarhernaðinum, sem framundan var. Mér rann til rifja, hve gífurlegt tjón okkar var.

„Allur lofther okkar verður lamaður í vetur, ef ekki er hægt að útvega nægilegt magn af þessum áhöldum og tækjum nægilega fljótt,“ skrifaði Novíkov marskálkur Molotov í leynilegri skýrslu, sem ég fór höndum um.

Meðan ég stjórnaði verksmiðjum í Úkraínu, Úral og Síberíu, var ég dauðþreyttur á hinum sífelldu símtölum og símskeytum frá Moskvu og öðrum aðalstöðvum, sem kröfðust hraða á hraða ofan. Nú hafði það snúist þannig, að ég var sendandinn. Ég símaði og sendi símskeyti í sífellu, það og krafðist. Ég vissi allt of vel, hve þreytandi það var og hve oft það var til einskis. Og þó hélt ég áfram. Tíminn var dýrmætur, og yfirmenn mínir ýttu sífellt á eftir mér.

Ef framleiðslan stöðvaðist vegna skorts á mikilvægum hráefnum, verkfærum eða vinnuafli, þá rak ég á eftir þeim ráðuneytum, sem sáu um útvegum efna eða verkfæra, og þeim stofnunum, sem útveguðu vinnuaflið. Ef nauðsyn krafði, þá sneri ég mér til landvarnarnefndarinnar, flokksstofnana og hinna réttu embættismanna í Kreml — og einhvern veginn fengum við það, sem við þurfum.

Hið allra merkilegasta er, að þeirra tækja, sem Novíkov marskálkur bað um, var aflað, og mergð þeirra og gæði voru í samræmi við þær fyrirskipanir, sem Stalín hafði undirritað í þeim efnum. Yfirstjórn flugvélaframleiðslunnar var í höndum Molotovs, en Stalín sjálfur undirritaði flestar fyrirskipanirnar. Til að auka framleiðsluna gerði ég uppkast að áætlun um að láta starfsmenn vissra verksmiðja fá brauð og heitan mat, og öðluðust þessar tillögur gildi, þegar Stalín undirritaði þær. Við fluttum súrefnishylki með bifreiðum frá Gorkíj til Moskvu. Við fluttum kalsíumkarbíð flugleiðis þvert yfir víglínuna frá Erívan til Moskvu. Og að lokum var búið að framleiða nauðsynleg tæki og áhöld. Skömmu síðar bjó ég út, að fyrirlagi Kremlverja, drög að stjórnarúrskurði um umbun handa þeim, sem mest höfðu stuðlað að framkvæmd verksins. Stjórnarúrskurðurinn, sem var að mestu leyti í samræmi við drög mín, var birtur í blöðunum. Nokkrum dögum síðar hringdi Novíkov marskálkur til mín í síma:

„Félagi Kravtsjenko,“ sagði hann með rödd, sem skalf af geðshræringu, „mig langar til að þakka yður í nafni flugmannanna okkar. Ég hef sagt mörgum þeirra frá fórnfúsu starfi yðar, og ég vil, að þér vitið, að við erum yður allir þakklátir.“

Við brutum í sífellu heilann um, hvernig við ættum að útvega „spólur“ í hersím-ana. Ábyrgðin á útvegum talsambandstækja var lögð á herðar félaga Sabúrovs, eins af fulltrúum Stalíns, og stóð ég þess vegna í nánu sambandi við skrifstofur hans. Stalín undirritaði þó sjálfur allar mikilvægustu fyrirskipanirnar. Á löngum nætur-fundi í Kreml, sem haldinn var undir forsæti Sabúrovs og margir þjóðfulltrúar tóku þátt í, voru ræddar og gagnrýndar ýmsar framleiðsluáætlanir. Þar eð ekkert blikk var til, var ákveðið eftir langar umræður að framleiða spólurnar úr tré þrátt fyrir mótbárur þær, sem umboðsmenn hersins höfðu í frammi.

Hér um bil mánuði seinna voru fulltrúar ráðuneyta þeirra, sem málið heyrði undir, og hlutaðeigandi hernaðaryfirvöld stödd í skrifstofu minni. Þeir gáfu skýrslu um árangur sinn, hver á fætur öðrum. Aðeins einn þeirra, aðstoðarfulltrúi, virtist vera ánægður.

„Áætlanir okkar viðvíkjandi talsambandstækjum hafa verið ríflega framkvæmdar — 105%.“

Ég vissi þegar í stað, að eitthvað var bogið við þessa skýrslu. Ráðuneyti hans hafði aðeins skilað litlum hluta af fullgerðum tækjum. Ég var ruglaður og reiður og krafðist þess, að hann skýrði þetta kraftaverk. Það kom fljótt í ljós, að sumir hlutir tækjanna höfðu verið framleiddir í svo ríkum mæli, að framleiðslan nam allt að 270% af því, sem krafist var, en aðeins höfðu verið framleidd 30% af öðrum tækjahlutum. Tala sú, sem hann var svo hreykinn af, var meðaltalan. Þetta var gott dæmi um tölfraðileg afrek skriffinnskunnar. Auðvitað sýndi lægsta talan, hversu mörg fullgerð tæki höfðu verið framleidd. Ráðuneyti hans hafði í mesta lagi framleitt 30% af því, sem krafist var.

Við hlógum allir að vonbrigðum mannsins. En það var engin ástæða til að hlæja. Skorturinn á hernaðarsímum kostaði okkur, eftir því sem einn af herforingjunum, sem viðstaddur var, sagði okkur, þúsundir mannlífa og átti stundum sök á, að við töpuðum orrustum. Tálmun sú, sem hér var á, reyndist vera skortur á þessum spólum. Verksmiðjurnar voru jafnvel langt á eftir áætlun með þær tréspólur, sem Kreml hafði ákveðið að nota.

Það var í sambandi við þetta mál, að ég gerði mér ferð í tréverksmiðju eina í úthverfi Moskvu til að fá sjálfur skýringu á, hvers vegna spólurnar hefðu ekki verið framleiddar. Framkvæmdastjórinn afsakaði sig með því, að hann hefði ekki nóg af iðnlærðum mönnum, og ég sá með eigin augum, að aðeins fáir menn unnu að því að smíða þær.

„Og hvað er verið að smíða hér?“ spurði ég og gekk inn í annað verkstæði, þar sem fjöldi manna vann af kappi. Ég varð blár af reiði við þá sjón, sem blasti við mér. Um 150 menn voru þar að smíða skrautleg húsgögn: legubekki, skrifborð, klæðaskápa með speglum í, stóra hægindastóla, flesta úr bestu tegund af rauðviði.

„Enga iðnlærða menn, segið þér! Og hér sóið þér starfsorku þeirra í skraut-húsgögn. Legubekkir eru smíðaðir, meðan hermennirnir falla hrönnum saman á vígvellinum! Þetta er glæpur, og ég læt yður vita, að ég skal sjá um, að þetta verði gert að opinberu hneykslismáli!“

Framkvæmdastjórinn virtist ekki verða neitt hræddur. Hann yppti öxlum, og mér fannst ég sjá bros færast um varir hans, sem hann þó reyndi að leyna.

„Ég get ekki láð yður, þó að þér reiðist,“ sagði hann. „Ég er í raun og veru sjálfur reiður. En ég er aðeins lítill karl. Hvað get ég annað gert en að hlýða miklu mönnunum? Komið inn í skrifstofu mína, og ég skal sýna yður dálítið.“

Inni í skrifstofunni tók hann fram skjölin. Húsgögnin höfðu ýmsir af æðstu embættismönnum flokksins, stjórnarinnar og hersins pantað. Meðal þeirra man

ég eftir Vasilj Pronín, formanni bæjarráðs Moskvu, Múkhín hershöfðingja og Shtsjerbakov, ritara miðstjórnarinnar.

Ég hraðaði mér öskuvondur aftur til Sovnarkoms og rauk inn í skrifstofu Útkíns. Ég fór að segja honum frá þessu. Hann trúði varla eyrum sínum.

„Smíða skrautlega hægindastóla í stað þeirra hernaðartækja, sem félagi Stalín hefur gefið fyrirskipun um!“ hrópaði hann. „Þetta er hræðilegt! Það verður að setja hina seku í fangelsi!“

„Ég er sömu skoðunar — og það gleður mig, að við skulum vera sammála, Andrej Ívanovítsj! En framkvæmdastjórinn færði mér sönnur á, að hann væri að smíða húsgögnin handa félagi Pronín, Shtsjerbakov, Múkhín hershöfðingja ...“

Útkín breytti þegar í stað um svip. Reiðisvipurinn hvarf úr augum hans.

„Jæja? Handa Shtsjerbakov, ... svo er,“ muldraði hann hikandi. „Já, ... humm ... Þetta er dálítið vandamál. Ég geri ráð fyrir, að þægindi foringja okkar séu líka styrjaldarnauðsyn. ... Ég ætla að athuga þetta nánar.“

Hann var langan tíma að athuga þetta, og meðan á því stóð hélt verksmiðjan áfram að smíða húsgögnin og Rauði herinn að þrabiðja um símaspólur, byssuskefti og annað þvíumlíkt. Ég minntist hvað eftir annað árangurslaust á málið við Útkín og neita því ekki, að ég var ekki alveg laus við illgirni. Ég þorði ekki að fara á bak við Útkín og tala um þetta við Sabúrov. Útkín langaði augskýningu ekkert til að afla sér stjórnmálaóvina.

Í stjórnardeild hins tæknilega styrjaldarútbúnaðar komst ég ekki hjá að kynnast einu hinu best varðveitta og dapurlegasta af öllum styrjaldarleyndarmálum okkar. Það var leyndarmál, sem hvíldi eins og þungt farg á öllum, sem var kunnugt um það. Aðeins sigursæl endalok styrjaldarinnar gera mögulegt að nefna það. Það var aðeins lítill hluti af íbúum Rússlands, sem hafði gasgrímur. Jafnvel í Moskvu hafði aðeins fjórði hver íbúi gasgrímu. Í öðrum hlutum landsins var ástandið mun verra, og í flestum minni háttar borgum og sveitaþorpum voru engar gasgrímur til. Hið hræðilega leyndarmál var, að aðeins fáar af þessum grímum, hvort heldur þær voru í útbúnaði hermanna eða í vörslum einstaklinga, voru nothæfar.

Það var opinbert mat, að 65% að minnsta kosti af þeim grímum, sem framleiddar voru meðan á styrjöldinni stóð, væru með öllu gagnslausar. Aðalástæðan til þess var sú, að okkur skorti gúmmí, og við vorum því neyddir til að nota íborið léreft, sem féll ekki loftþétt að andliti þess, sem grímuna bar. Auk þess var mikill skortur á blikki, gleri og öðrum hlutum, sem notaðir voru við framleiðslu grímnanna. Ef Þjóðverjar hefðu vitað þetta, þá er ekki ósennilegt, að þeir hefðu notað eiturgas í hræðilega ríkum mæli. Ef þeir hafa vitað þetta, þá verður ekki annað séð en að viðvaranir Roosevelt og Churchills um takmarkalaugar hefndarráðstafanir með eiturgasi hafi bjargað milljónum Rússa á vígvöllum og í borgunum.

Eitt sinn, er ég hitti háttsettan yfirmann í efnafræðideild hermálaráðuneytisins, spurði ég hann hreint og beint, hvers vegna hann léti sér lynda þessar gasgrímur.

„En hvað ætti ég annað að gera?“ sagði hann og yppti öxlum í örvæntingu. „Að

öðrum kosti hefðum við ekki neinar gasgrímur! Þessar grímur hafa þó að minnsta kosti nokkurt sálfræðilegt og siðferðislegt gildi!“

Síðla kvölds var ég af tilviljun staddur í skrifstofu Útkíns, þegar hann var að búa sig undir að aka heim. Ég sá hann fara að peningaskápnum og taka nokkrar góðar gasgrímur út úr honum. Andlitssvipur minn hlýtur að hafa komið upp um hugsanir mínar.

„Lítið ekki þessum ásökunaraugum á mig,“ sagði hann brosandí. „Þær eru handa konu minni og börnum. Hver veit, hvað komið getur fyrir. ... Það er engin ástæða til ofsahræðslu, en heilbrigð skynsemi býður manni að vera varkár.“

„En Andrej Ívanovítsj! Hvers vegna notið þér ekki sams konar gasgrímur og almenningi eru fengnar í hendur?“

„Eruð þér genginn af vitinu?“ hrópaði hann og bætti síðan við í afsökunartón: „Ég skal sjá um, að þér og kona yðar fái gasgrímur af þessari tegund.“

Að því er snerti hæli, ef gasárás yrði gerð, var ástandið ennþá verra fyrir almenning. Þau fáu gasvarnabyrgi, sem reist höfðu verið, gátu, ef gasárás var gerð, aðeins rúmað lítinn hluta af íbúunum í stórborgunum, og flest þeirra voru illa byggð, ekki loftþétt. Í smáborgum og sveitaþorpum voru auðvitað engin gasvarnabyrgi. Í Moskvu hafði Kírovskaja-stöð neðanjarðarbrautarinnar verið breytt í gasvarnabyrgi fyrir háttsetta embættismenn, og í hinum ýmsu ráðuneytum voru gasvarnabyrgi. Í Sovnarkom okkar var eitt, sem vel var frá gengið, með gólfábreiðum, veitingaborði og bókasafni. En þetta var hinum almenna borgara lítil huggun. Ástandið var ekki betra að því er snerti efnahernaðarvarnir, þrátt fyrir það að stjórnmalanefndin hefði falið sérstökum efnafraðideildum NKVD þessa grein landvarnanna.

En þó að við ættum í vandræðum með gasgrímur, hernaðarsíma, skriðdreka hluta, vopn og Flugvélar, bættum við það að minnsta kosti upp í einu tilliti. Kvöld nokkurt, er ég sat og vann úr stafla af skýrslum, bað Útkín mig um að koma inn í skrifstofu sína. Þar sá ég hann niðursökkinn í eitthvað, sem mér í fyrstu sýndist vera eitthvert einkennilegt spil. Á skrifborði hans, á stólunum og um allt lágu smáræmur, sem þaktar voru silfrúðu og gylltu klæði.

„Axlaskúfar,“ sagði hann til skýringar og ljómaði af ánægju.

Um allt herbergið lágu á við og dreif haglega gerðar teikningar af einkennisbúningum fyrir öll metorðastig hermanna, frá marskálkum niður í liðsforingja, sem sýndu þennan fatnað í hæfilegu umhverfi. Enn hafði ekki verið birt tilkynning um, að taka ætti aftur upp axlaskúfana, sem forðum höfðu verið óvinsælt tákn hernaðarstefnu keisarans. Það var stjórnmalanefndin, sem tekið hafði þessa ákvörðun, og að sjálfsgöðu myndi Æðsta ráðið á sínum tíma „staðfesta“ hana. En framleiðslan var þegar hafin, og það, sem ég sá þarna, var sýnishornasafn.

„Ég er að fara með þau til Kremlar,“ sagði Útkín. „Félagi Stalín ætlar að skoða þau sjálfur. Eru þau ekki glæsileg?“

Hann lék við hvern sinn fingur. Hann spurði mig, hvað ég kysi helst að verða: marskálkur — flotaforingi? Hann tók upp tilhlýðilega axlaskúfa og setti á axlir mér.

„Nei, nei, þessir fara ekki nógu vel,“ sagði hann í uppgerðaralvöru. „Ef til vill þér vilduð þessa, — þeir eru að vísu ekki fyrir nema ofursta, en dálaglegir.“

„Andrej Ívanovítsj,“ sagði ég, „skyldu ekki margir álíta það að taka upp aftur axlaskúfana og nýju einkennisbúningana vera afturhvarf til rússneskrar yfirráðastefnu!“

Hann hló. „Hvílíkur kjánaskapur! Hver kærir sig um, hvað einhverjir heimskingjar hér eða erlendis álíta? Hjörtun undir hinum gullskreyttu öxlum munu verða ósvikin ráðstjórnarhjörtu, sem slá samtaka á sama hátt og menn okkar berjast samtaka fyrir hugsjónir félaga Stalíns!“ Hann þagnaði, en bætti síðan við og talaði hægt til að leggja á það áherslu: „Auk þess, ef einhverjir menn álíta, að það sé afturhvarf til yfirráðastefnunnar, getur það ef til vill orðið nytsamlegt í stjórnmálalitili. Það mun afla okkur vina á vissum stöðum.“

Flokksnefndin er hjarta einræðisins í hverri stjórnarstofnun, stórrí eða lítilli, eins og sérdeildin, sem er fulltrúi NKVD, er hinn sterki hægri handleggur þess. Nefndin starfar fyrir flokksmennina (venjulega lítinn minni hluta í hverri stofnun) og vakir yfir hugmyndafræðilegu vammleysi þeirra. Hún hefur eftirlit með stjórnmálastarfsemi stofnunarinnar og mótar stjórnmálahugsun allra þeirra, sem við hana starfa. En vald hennar er líka mjög veraldlegt, ef svo má að orði komast. Ritari nefndarinnar er, þó að hann láti ef til vill ekki á því bera, raunverulegi ráðsmaðurinn í stofnuninni. Þegar öllu er á botninn hvolft, fær yfirmaður verksmiðjuhrings eða verksmiðju fyrirskipanir sínar í öllum stjórnmálalegum efnum frá æðsta flokksstarfsmanninum.

Í Sovnarkom var líka flokksnefnd, og við framkvæmdum þar margs konar störf, sem voru í eðli sínu hrein flokksstörf. En þar var munurinn þessi: þar eð Sovnarkom er sjálf ríkisstjórnin og fær vald sitt frá stjórnmálanefndinni og miðstjórninni, var hún ekki undir stjórn flokksnefndarinnar. Formaður flokksnefndarinnar hjá okkur var gamall kommúnisti, sem hét Míronov. Hann hafði öll ráð í þeim málefnum, sem snertu „trúna“ — stjórnmálasiðferði, skýringum á atburðum og þess háttar. En í hinu raunverulega starfi stofnunarinnar gat hann ekki stöðvað ákvarðanir Pamfilovs, Útkíns og annarra, sem voru hinir veraldlegu yfirmenn.

Af þessu leiddi, að flokksfundir okkar voru á hærra sviði en víðast hvar annars staðar. Við ræddum sjaldan hin sérstöku úrlausnarefni Sovnarkoms, en notuðum tímann í stað þess til að rökræða mikilvæg úrlausnarefni stjórnmálanna og trúaratriði. Í öllum ábyrgðarstöðum voru kommúnistar, og jafnvel í óæðri stöðum var tala kommúnista óvenjulega há. Flokksfundirnir voru því sem næst fjöldafundir allra starfsmanna Sovnarkoms.

Erlendir menn, sem reyna að skilja stjórnmálastefnu Stalíns eða „ráðstjórnarhugarfarið“ með því að athuga blöðin og opinberar athafnir Kremlverja, láta sér venjulega um munn fara mikið af heimskulegum þvættingi. Ekki einn af þúsundi meðal þeirra hefur skilið hugmyndir bolsévika um „tvenns konar sannleika“ —

annars vegar fyrir almenning og umheiminn, hins vegar fyrir tryggja flokksmenn, hina vígðu, innri hringinn. Á vissum tímum, þegar áróðurinn eða athafnirnar eru í samræmi við ákveðna stefnu, er flokksmönnum ef til vill leiðbeint um að taka ekkert tillit til þess eða jafnvel að trúa nákvæmlega því gagnstæða.

Á þessu hættulega tímabili styrjaldarinnar var „undanhald frá lenínismanum“ — í orði, en ekki á borði — álitid nauðsynlegt. Það þurfti að sefa „íhaldsmennina“ heima fyrir og í Austur-Evrópu með því að láta taka upp aftur guðstrúna. Þau siðferðislegu verðmæti, sem hin úrelta ættjarðarást fól í sér, átti að nota út í ystu æsar. Og að lokum, að vísu nokkru seinna, átti að sefa bandamenn í auðvaldsríkjunum með því að „leysa upp“ Alþjóðasamband kommúnista.

Umheimurinn og meiri hluti íbúa Rússlands tók þessu öllu með hrifningu og töldu það sönnun þess, að leiðtogar Ráðstjórnarríkjanna hefðu breytt skoðunum sínum. Það átti fyrir mér að liggja að sjá blaðagreinar og bækur, þar sem þetta „undanhald“ var skýrt sem tákni þess, að Kreml hefði fallið frá hugsjóninni um heimsbyltingu. Það voru jafnvel til „sérfræðingar“, sem í heimsku sinni boðuðu, að Ráðstjórnarríkin væru að hverfa frá einræðinu og nalgast auðvaldsskipulagið. Þeir lýstu því yfir, að þeir sæju þess glögg merki, að lýðræðisfyrirkomulagið og einræðisfyrirkomulagið væru að nalgast hvort annað og þau myndu mætast á miðri leið.

Ef einhver af þessum „sérfræðingum“ hefði verið staddur á leynilegum flokksfundum hinna æðri embættismanna, sem haldnir voru vikulega, myndi hafa farið hrollur um hann. Frá okkar sjónarmiði var þetta „undanhald frá lenínismanum“ aðeins bráðabirgðaherbragð. Málamiðlunin við guðstrúna var auðmýkjandi, en þótti nauðsynleg tilslökun. En einmitt vegna þess, að flokkurinn og stjórnin neyddust til að gera málamiðlun á þessum hættulegu tímum, var brýnt fyrir okkur að auka ást okkar á kommúnismanum og trú okkar á, að þetta undanhald væri aðeins liður í hernaðaráætlun, sem ætti að auka gengi Stalínismans og að lokum að leiða hann til sigurs.

Engum reglulega sannfærðum kommúnista fannst flokkurinn gera sig sekan um „lygi“, þó að hann játaði opinberlega ákveðna stjórnmalastefnu, en héldi fram algjörlega gagnstæðri stefnu á laun. Hann fann ekki til meira samviskubits vegna þess en hershöfðingi á vígstöðvunum, sem leikur á óvinina og villir þeim sýn. Þar til öll veröldin væri orðin að einu ráðstjórnar lýðveldi undir sól stalínismans, yrði herforingjaráð byltingarinnar — stjórnendur okkar í Kreml — að aka seglum eftir vindi, þannig að stundum væru þeir í sókn, héldu stundum kyrru fyrir og héldu jafnvel einstaka sinnum tíndan til þess að styrkja aðstöðu sína, en færðu sér alltaf í nyt ósamkomulag milli auðvaldsríkjanna. Siðferðispostular burgeisanna, sem tala um tvíræði og fals, eru í augum hinna raunsæju bolsévika ekki annað en hlægilegar leifar frá dauðri fortíð og hræsnarar að auki.

Í flokksstarfinu sást enginn vottur þeirra „róttæku breytinga“, sem menn hugðu hafa átt sér stað hjá ráðstjórninni. Fundir virkra flokksmanna voru nú, að því

fráskildu, að rétt var um styrjöldina og verkefni hennar, algjörlega óbreyttir frá því, sem verið hafði fyrir styrjöldina, hvort heldur litið var á innsta eðli stjórnmálanna, orðfæri eða áhugamál.

Við söfnumst saman til vikulegs fundar klukkan tíu að kvöldi. Félagi Míronov situr í forsætinu undir stóru málverki af Lenín, og aðrir háttsettir flokksmenn sitja hjá honum uppi á ræðupallinum. Félagi Júdín, sem er yfirmaður fréttastofu ríkisstjórnarinnar, en situr fundinn í umboði áróðursdeildar miðstjórnarinnar, er gestur okkar þetta kvöld. Þar eð okkur er kunnugt um, að hann er einn af helstu fræðimönnum Stalíns, erum við ákveðnir í að hlusta á hann af athygli. Umræðuefni hans er ástandið í alþjóðamálum. En það, sem hann segir í kvöld, er ekki aðeins „skoðun“ í lýðræðislegri merkingu, heldur hinar fyrirskipuðu trúarsetningar og skoðanir, sem við þorum ekki að víkja frá — sem enginn tryggur kommúnisti myndi láta sér til hugar koma að hvika frá. Júdín mun tala máli Stalíns, flokksins og ráðstjórnareinræðisins.

En áður en hann byrjar ræðu sína, gefur annar félagi okkur yfirlit yfir hernaðarástandið. Hann dregur ekki dul á hið mikla tjón eða hina miklu hættu. Stalínsgarður hefur úrslitagildi. Við megum ekki og skulum ekki bregðast. Ef Stalínsgarður félli í hendur Þjóðverja, þá myndu þeir komast yfir Volgu. Við yrðum sviptir olíunni, og allar hernaðarframkvæmdir myndu lamast. En ekki nóg með það:

„Félagar, við verðum allir að gera okkur það ljóst, að Stalínsgarður er ekki aðeins ein borg, sem bætist við tölu annarra hertekinna borga. Hún er borg, sem heitin er í höfuðið á Stalín, foringja alheimskommúnismans. Við Stalínsgarð mætast tvær lífsskoðanir í baráttu upp á líf og dauða: auðvaldið í mynd nasismans og kommúnisminn.

Hersveitir Hitlers og kraftur hinna stalínsku hugsjóna. Lenín sagði: *Kto kovo?* Hver mun sigra hvern? Borg Stalíns er ekki hægt að fórna, og hún verður ekki látin af hendi, hvað sem það kostar. Við munum verja hvert hús og hvern stein. Safnað verður saman geysifjölda manna og hergagna til þess að taka þátt í þessu sögulega einvígi. Við munum drekkja Þjóðverjum í blóði þeirra sjálfra. Veröldinni skal kunnbert, hvað hið ástsæla nafn Stalín þýðir. Stalínsgarður mun standa um aldaðir sem dýrlegur minnisvarði um snillgáfu okkar ástsæla foringja.“

Þegar fagnaðarlátunum linnir, tekur félagi Júdín til máls. Við hlustum af öllum lífs og sálar kröftum. Þó að hann sé fræðimaður í marxisma, kryddar hann ræðu sína með háðsyrðum. Í því felst styrkleiki hans, og hann er óspar á háðsyrði, ekki aðeins á kostnað klíku Hitlers, heldur allrar hinnar spilltu og úrkynjuðu auðvaldsveraldar.

Júdín segir, að í Englandi og Ameríku sé að rísa upp meðal almennings mikil alda trúar á ráðstjórnarfyrirkomulagið. Hann vitnar í Priestley, Laski og fleiri menn. Hvorki menn eins og Churchill og Roosevelt né hinir sósíalísku „verkamanna“-leigubjónar þeirra geti stöðvað þessa hreyfingu. Í Englandi sé sósíalfasistinn Clement Attlee oft gestur hjá fasístanum laði Astor. „Þið getið sjálfir dregið af þessu ályktanir ykkar, félagar!“

„Ensku burgeisunum er ljóst, að styrjöldin gerir fjöldann byltingarsinnaðan. Það er mikilvægara fyrir þá að forðast þessa hættu en að sigrá Þjóðverja. En hvernig eiga þeir að gera það? Hinn svonefndi enski „verkamannaflokkur“ verður að blekkja hinn vopnaða fjölda til að koma í veg fyrir, að hann hrifi til sín völdin undir forystu hins breska kommúnistaflokks og Alþjóðasambands kommúnista.“

Baráttan milli Churchills og Verkamannaflokksins enska er því að álití Júdíns aðeins látalæti. Báðir flokkarnir vinna saman að því að kúga öreigana og báðir eru þess albúnir að syngja Þjóðsönginn, God Save the King.

„Að því er snertir afstöðu þeirra til Rússlands,“ heldur hann áfram, „elska forystumenn Verkamannaflokksins enska okkur álíka mikið og við elskum Hitler.“

Skensið vekur hlátur og dreift lófatak. Nart í Verkamannaflokkinn enska og aðra þess háttar falska „lýðræðissinna“ er alltaf gott herbragð á flokksfundum. Síðan kemur röðin að Tyrklandi og Japan, og þau fá sinn skammt af sneið Júdíns. „Við vitum,“ hrópar hann, „að Matsuko — maðurinn, sem félagi Stalín heiðraði með því að fylgja honum á járnbrautarstöðina — hvatti keisara sinn til þess að fara með ófrið á hendur Rússlandi, þegar Þjóðverjar sóttu að Moskvu, áður en þeir réðust á Bandaríkjamenn við Perluhöfn. Japan og stríðsæsingamönnum þess skal verða gólið það, sem þeir eiga skilið, þegar við erum búnir að gera upp við Hitler og glæpamannaflokk hans!

Í Tyrklandi hefur Erkilet hershöfðingi og óaldarflokkur gjammandi blaðamanna — auðvitað með þöglu samþykki ríkisstjórnarinnar — stofnað til trylltrar baráttu gegn Ráðstjórnarríkjunum. Dagur reikningsskilanna við þessa góðu, viðkunnanlegu nágranna mun renna upp, það getum við verið vissir um. ...

Ég er nú kominn að Bandaríkjunum, félagar. Þar hefur stjórnmalastefna Roosevelt, að eiga samvinnu við Rússland meðan nauðsyn krefur, orðið fyrir megnri andspyrnu, sem ekki er að furða í sterkasta vígi auðvaldsins. Foringjar andstöðunnar eru Herbert Hoover fyrrverandi forseti og nokkrir afturhaldssamir öldunga-deildarþingmenn og aðrir, sem keyptir hafa verið til þess af Morgan, Rockefeller og du Pont. Þeir njóta stuðnings hinna fasísku og hálffasísku blaða, sem stjórnað er af Hearst, McCormick og fleirum, og mikils fjölda keyptra blaðamanna. Það hljómar broslega í eyrum okkar, en þessir menn halda, að Roosevelt hafi selt sig Ráðstjórnarríkjunum og kommúnismanum. Þeir skilja ekki, að Roosevelt og Attlee eru að verja síðustu vigin gegn hinum óhjákvæmlega kommúnisma. Þeir skilja ekki, að hernaðarbandalag Roosevelt við Ráðstjórnarríkin er eins konar skynsemishjónaband. Við hötum auðvaldið eins mikið og það hatar okkur. Við munum aldrei, aldrei hætta að vinna að þeim verkefnum, sem Lenín og Stalín hafa falið okkur og sögunni!“

Glymjandi lófatak staðfestir, að við skiljum það að minnsta kosti, ef Bandaríkjamenn skilja það ekki.

„Félagar,“ heldur Júdín áfram, „styrjaldarsamtök okkar og auðvaldsþjóðanna mega ekki vekja neinar tálvonir. Við verðum að halda fast í grundvallarsannindin.

Veraldirnar eru tvær. Stundum er mögulegt að brúa þá gjá, sem skilur þær að, eins og við höfum gert í þessari styrjöld. En við vitum, að brúin hlýtur að hrynja fyrr eða síðar. Veraldirnar tvær, kapítalisminn og kommúnisminn, geta aldrei að eilífu staðið hlið við hlið. *Kto kovo?* — hver mun sigrast á hverjum? — heldur áfram að vera hin mikla spurning, nú eins og endranær. Það er mesta verkefni framtíðarinnar. Á meðan við erum umluktir auðvaldsríkjum, erum við í hættu, félagar. Gleymið því aldrei. Gerið ykkur ekki seka í þeirri villu að hugsa á grundvelli láns- og leiguviðskipta. Það er verslun, þar sem við greiðum dýru verði með ráðstjórnarblóði og ráðstjórnarjörð. Gerið ekki of mikið úr hinni nýju, óeðlilegu „vináttu“. Munið alltaf, að við flokksmennirnir erum hermenn Leníns og Stalíns og vitum, hvernig við eigum að dæma auðvaldið.“

Þegar Júdín lýkur máli sínu, stöndum við allir upp og syngjum Internationalinn. Þó að aðrir geti ef til vill lagt djúpan skilning í „undanhaldið“ frá kenningum kommúnismans, þá vitum við, sem stöndum á hærri þrepum hinnar kommúnísku trúar, að það eru aðeins bráðabirgðatilsakanir. Það eru breytingar á ytri mynd alþjóðahreyfingar kommúnismans, en ekki hinu innsta eðli: það eru aðeins fávitar, sem trúa því, að það feli í sér stefnuhvörf hreyfingarinnar.

Við snúum aftur til starfs okkar endurnærðir í hugtaksfræðilegum skilningi. En „stóru strákarnir“ — Júdín, Pamfilov og nokkrir aðrir — fara að matarborðunum og fá sér líkamlega hressingu að auki. Með góðri matarlyst borða þeir láns- og leigukrásir, á meðan þeir halda áfram að tala um umræðuefni kvöldsins og gleðjast fyrirfram yfir hruni auðvaldsveraldarinnar.

Á öðrum fundi síðar hélt hinn alkunni stjórnmálaerindreki Ráðstjórnarríkjanna, Vladímír Potjomkín, ræðu. Skoðanir hans og Júdíns voru hinar sömu, því að auðvitað hefur enginn í Ráðstjórnarríkjunum sérskoðanir. Allir lofsyngja eða bergmála hina fyrirskipuðu „stefnu“. En þar eð Potjomkín var sérfræðingur á sviði utanríkismála, ræddi hann nákvæmar um framtíð hinna ýmsu Evrópulanda. Hann endurtók, eins og allir ræðumenn miðstjórnarinnar, kenningar flokksins, þegar hann var að lýsa „skoðunum sínum“.

Hann brýndi það fyrir okkur, þegar við yrðum að hvika frá hugmyndafræðilegum kenningum okkar, að þá væri það aðeins gert til þess að hörfa aftur á bak til nýrra stöðva, meðan verið væri að undirbúa nýja sókn. Hann taldi víst, að kommúnistar myndu taka þátt í myndun stjórna hinna sigrðu og frelsuðu landa, þegar sigri væri náð. Þess vegna væri nauðsynlegt að vernda og auka byltingaröflin og lið þeirra. Auðvaldið myndi verða fyrir árásum ofan frá fyrir tilstilli kommúnísku ráðherranna í stjórn auðvaldsríkjanna sjálfra og að neðan vegna athafna fjöldans.

Sú málamiðlunin, sem styrjöldin hafði gert nauðsynlega og erfiðast var að renna niður, var málamiðlunin vegna trúarbragðanna. Kennimannastéttinni hafði verið leyft að semja og gefa út bók, sem nefndist *Sannleikurinn um trúarbrögðin í Ráðstjórnarríkjunum*, þar sem hún lýsti yfir sátt sinni við ráðstjórnarfyrirkomulagið.

Þó að aðeins fáir okkar hefðu gefið bók þessari sérstakan gaum, var okkur sagt, að hún hefði vakið mikla athygli erlendis. Til að leiðbeina okkur á þessu sviði kallaði Míronov virku flokksfélagana saman á fund í skrifstofu sinni.

„Félagar,“ útskýrði hann, „við höfum neyðst til að slaka dálítið til gagnvart hinum trúuðu, sérstaklega vegna þess, að margir af hermönnum Rauða hersins koma úr sveitaþorpum, þar sem trúin hefur enn sterk ítök í mönnum, vegna þess að þeir hafa ekki fylgst með tímanum. Óvinirnir nota líka afstöðu okkar gegn trúarbrögðunum í áróðursskyni, og batnandi samkomulag við rússnesku kirkjuna kippir fótunum undan þeim áróðri.“

Það er einnig annað mikilvægt atriði, sem kemur til greina: Herir okkar munu bráðlega fara inn í lönd, sem byggð eru slavneskum þjóðflokkum og hafa ekki notið kenninga kommúnismans. Hvers virði myndi slavneska sameiningarnefndin í Moskvu vera, ef við höldum fast við hina gömlu stjórnmalastefnu okkar að því er tekur til kirkjunnar? Hin nýja stjórnmalastefna okkar viðvíkjandi trúarbrögðunum mun stuðla að því að eyðileggja áróður rómversk-kaþólskra manna, mótmælenda og annarra trúarflokka gegn Ráðstjórnarríkjunum. Við megum því ekki vanmeta þau hyggindi, sem koma fram í afstöðu flokks okkar. Við verðum á komandi tímum að líta á vandamál okkar af víðsýni. Við höfum möguleika til að laða rétttrúnaðarkirkjuna í öðrum löndum að okkur og gera Moskvu að hinni þriðju Róm.“

„En félagi Míronov,“ sagði einn þeirra, sem viðstaddir voru, „er ekki hættu á því, að hin nýja kynslóð, sem taka á við af okkur, spillist af hjátrú?“

„Þér skuluð ekki hafa neinar áhyggjur af því,“ svaraði hann brosandi. „Í Ráðstjórnarríkjunum er enginn jarðvegur, þar sem guðstrú getur fest rætur í. Þegar á allt er litið, er það flokkurinn einn, sem hefur vald yfir blöðunum, leikhúsum, útvarpinu, skólunum, bókmenntunum og öllum andlegum öflum. Öllum er ljóst, að ungur maður, sem hneigist til trúar, á hér enga framtíð. Ef hann er ekki okkar megin andlega og stjórnmálalega, er ekkert rúm fyrir hann. Þetta eru okkar miklu yfirburðir. Munið það, að kirkjan er skilin frá ríkinu — og skólarnir eru á vegum ríkisins. Þið megið vera vissir um, að æskulýðsfylkingin mun verða sterkara afl en prestarnir. Haldið þið, að við séum þeir heimskingjar að láta nýju kynslóðina í hendurnar á prestunum?“

Allt varð ljóst fyrir okkur. Þetta var enn eitt herbragðið til að bæta aðstöðu okkar til bráðabirgða heima og erlendis. Okkur varð líka ljóst, að þegar við ræddum málið heima við „fjöldann“, áttum við að láta sem þessi stefnubreyting væri falslaus og til frambúðar.

„Óproskaðir flokksmenn,“ hélt Míronov áfram í viðvörunartón, „eru ekki heldur færir um að skilja, hvað um er að vera. Þið verðið að vera mjög varkárir, þegar þið ræðið þetta málefni.“

Ég var ekki lengur starfsmaður í Sovnarkom í maímánuði 1943, þegar Alþjóðasamband kommúnista var leyst upp á áberandi hátt. En skýringar áhrifamikilla kommúnista á lokuðum fundum voru í samræmi við þær skýringar, sem menn eins

og Júdín og Potjomkín höfðu gefið okkur. Okkur var leitt fyrir sjónir, að það væri aðeins að nafninu til, að þessi skipulagningarstarfsemi, sem náði um allan heim, væri lögð niður. Í raun og veru átti að endurbæta starfsaðferðir Alþjóðasambandsins, starfslið þess og samheldni, með því að láta það starfa leynilega. „Byltingaröflin í allri veröldinni búa sig nú undir baráttu — og sigur, félagar!“

Í hrifningunni yfir hinni ímynduðu upplausn alþjóðasambandsins gleymdu menn því alveg, að bók Stalíns, *Grundvöllur lenínismans*, var enn mikilvægasti leiðarvísirinn um kenningar kommúnismans. Og í þeirri bók dregur Stalín enga dul á þá trú sína, að „hinn sigursæli öreigalýður“ — og með þeim orðum á hann við Ráðstjórnarríkin — hafi ekki aðeins rétt til, heldur sé það heilög skylda hans að knýja fram byltingu í öðrum löndum, þegar tækifæri gefst. Hin þegar stofnaða byltingarstjórn segir Stalín, verður að veita öðrum hlutum veraldarinnar aðstoð og ef nauðsyn krefur að beita hervaldi gegn arðránsstéttunum og ríkjum þeirra.

Hin opinbera stalínska saga flokksins hélt líka framvegis gildi sínu og er enn í umferð alls staðar þar, sem aðstoðarmenn og fylgdarsveinar Stalíns hittast. Þar er ekkert undan dregið. „Heimsflokkur kommúnista,“ er sagt í formálanum, „hafði og hefur enn byltingarkenningar Marx-Lenínismans að leiðarvísi. ... Lestur sögu flokksins styrkir trúna á endanlegan sigur hins stórkostlega málefni Leníns og Stalíns, sigur kommúnismans um heim allan.“

Þar eð þessi ummæli hafa aldrei verið afturkölluð, setur að hrollur, þegar hugsað er um, hvað orðið hefði, ef ríki Stalíns, en ekki Bandaríki Norður-Ameríku, hefði fyrst fundið upp kjarnorkusprengjuna. Þetta eru alls ekki fjarstæð heilabrot. Rússneskir vísindamenn og menntamenn unnu sem heild, án tillits til stjórnmálaskoðana, af dugnaði og hollustu að því, að sigur gæti unnist. Þeir aðstoðuðu við að bæta upp það, sem aflaga hafði farið, með því að framleiða nýjar tegundir hergagna og veittu landi sínu þá yfirburði, að það gat komið að óvörum með nokkur ný vopn. Það var opinbert leyndarmál, að rannsóknir á kjarnorkunni fóru fram af miklu kappi undir yfirstjórn Stalíns sjálfs.

Í lok ársins 1942 heyrðum við orðróm um, að prófessor Komarov, formaður Vísindafélagsins, og Kapítza, framkvæmdastjóri Eðlisfræðistofnunarinnar, hefðu mætt hjá Stalín á sérstakri ráðstefnu, sem fjallaði um kjarnorku. Leynibjónusta hers Ráðstjórnarríkjanna lagði mjög hart að sér að komast að kjarnorkuleyndarmálum annarra þjóða. Á fundi Vísindafélagsins, sem haldinn var í Sverdlovsk Í desembermánuði 1942, var rætt mikið um framfarirnar við vinnslu sjaldgæfra málma, meðal þeirra úraníums. Meðal kommúnista var gortað af því, að Kapítza hefði náð undraverðum árangri í því að kljúfa sameindir, atóm.

Ef Kremlverjar hefðu ráðið yfir kjarnorkusprengjunni á undan öndvegis lýðræðisþjóð jarðarinnar, — myndi Stalín þá hafa notað hana til þess að knýja fram byltingar eftir sínu höfði? Svar mitt er aðeins eigin skoðun. En hún er sótt í ævilanga þekkingu mína á hugsunarhætti bolsévíka, dirfsku þeirra og siðgæðisleysi, þegar skyldan við málefnið kallar. Svar mitt er já.

Einmitt á þeim tíma, er „upplausn“ Alþjóðasambands kommúnista var tilkynnt og vakti gleði í hjörtum hinna barnalegustu bandamanna okkar í auðvaldslöndunum, kom ég af tilviljun í birgðaskemmu „Alþjóðlegra bóka“, stofnunar, sem gaf út áróðursrit á erlendum málum. Þar sá ég stóra hlaða af nýprentuðum flokksritum, sem dreifa átti út í löndum þeim, sem Rauði herinn var að hertaka. Í orði kveðnu var Alþjóðasambandið dautt. Í framkvæmd var miðstjórn flokksins með miklum hraða að undirbúa hugtaksfræðilegan sigur yfir Evrópu, sem vinna átti samtímis vopnasigrinum. Starfslið hins „uppleysta“ Alþjóðasambands var í skyndi endurskipulagt til að leysa af hendi hið geysilega starf, sem fyrir höndum var í Þýskalandi, Frakklandi, Póllandi, Ungverjalandi, Ítalíu og öllum öðrum löndum.

Sigur sá yfir Evrópu, sem vonast var eftir, átti að vinnast með áhrifamiklu sambandi af trú og herstyrk. Í fjölda rauðra húsa í miðri Moskvu var úrvalslíð leyninglögglumanna þjálfað af kappi til þess að starfa í hinum endurheimtu landshlutum, en líka í löndum utan Ráðstjórnarríkjanna. Þessir menn voru allir kommúnistar og allir liðsforingjar. Þeir voru valdir meðal allra bestu manna lögreglunnar. Þeir voru búnir undir það sögulega hlutverk að „hreinsa“ þá hópa manna, sem höfðu lent undir áhrifum og hernámi Þjóðverja. En í orðabók NKVD hefur orðið „hreinsum“ hræðilega merkingu.

Þessir nýmenntuðu lögreglumenn urðu samferða Rauða hernum og NKVD-hersveitunum á sigurför þeirra vestur á bóginn. Venjulega leyndu þeir stöðu sinni með því að bera auðkenni venjulegra hermanna í stað hins rauða merkis NKVD. Þeir höfðu sérstaklega verið búnir undir það erfiða og blóðuga starf að ráðstafa þeim milljónum ráðstjórnarinnar, sem ef til vill voru orðnir „óæskilegir“ eftir skammvinnt frelsi þeirra undan ráðstjórninni. „Hollustu“ margra milljóna manna, sem þegar höfðu þjáðst undir oki nasistanna, átti að mæla með hinum grimmdarfulla mælikvarða ráðstjórnarlögreglunnar. Þúsundir manna áttu fyrir sér að verða skotnar undir hræðilegri ógnarstjórn, einkanlega vegna ásakana um að hafa átt samvinnu við óvinina, og hundruð þúsunda að verða rekin í útlegð.

Þetta úrvalslíð morðingja átti eftir að baka íbúunum í Voronezh, Rostov, Smolensk, Norður-Kákasus og hvarvetna annars staðar ólýsanlegar þjáningar, jafnóðum og Þjóðverjar hörfuðu á undanhaldi sínu. Karlar, konur og börn, sem höfðu unnið hjá Þjóðverjum aðeins fyrir brauði sínu og oft nauðug, voru rekin saman í hópa og drepin án þess að vera yfirheyrð, hvað þá að réttarrannsókn færi fram. Ógurlegum fjölda óhamingjusamra ráðstjórnarborgara var troðið inn í gripavagna og þeir sendir inn í landið til þrælavinnu í fangabúðum og fanganylendum. Samanlagður fjöldi þeirra manna, sem þannig voru reknir í útlegð og juku flokk nauðungarverkamanna, komst vafalaust upp í margar milljónir um það leyti sem styrjöldinni lauk. Sams konar hreinsum átti sér auðvitað stað í löndum utan Ráðstjórnarríkjanna, þar sem Rauði herinn fór um.

Áreiðanlega voru til raunverulegir samstarfsmenn og föðurlandssvikarar, sem áttu skilið, að þeim væri refsað. En hins vegar er grimmúðleg móðgun gagnvart

rússnesku þjóðinni að álíta, að föðurlandssvikin hafi náð þeirri stórkostlegu útbreiðslu, sem hefndarráðstafanir NKVD á hinum frelsuðu landssvæðum benda til.

Með þeirri fyrirlitningu fyrir mannlífum, sem einkenndi lögregluríkið, skýrði það merkingu orðanna samvinna og föðurlandssvik þannig, að þau tóku til hvers þess, sem sagt hafði óvarkárt orð gegn einræði Stalíns eða látið í ljós efasemdir um þann „sósíalisma“, sem Kremlarbúar hafði barið í gegn. Sannleikurinn krefst þess, að sú kaldranalega staðreynd sé játuð, að milljónir Rússa fóru úr þrældómsfjötrum Þjóðverja yfir í þrældómsfjötra Ráðstjórnarríkjanna.

Ég fékk náin kynni af stjórnarfyriřkomulagi okkar, af framkvæmdastjórninni, eins og henni var hagað í raun og veru, og var það í litlu samræmi við þær starfsaðferðir, sem fyrirskipaðar voru á pappírnum, í stjórnařskrání. Þessi veruleiki er hulinn í hinu svartasta myrkri, ekki aðeins gagnvart útlendingum, heldur einnig fyrir þjóðinni sjálfri. Það yrði að skrifa heila bók um ráðstjórnarveldið til þess að gefa hugmynd um þessa staðreynd. Ég verð að láta mér nægja að staðhæfa hér, að stjórn Ráðstjórnarríkjanna er í raun og veru flokksmál, þótt hún sé að nafninu til samkvæmt ráðstjórnarfyriřkomulagi. Hvorki þjóðfulltrúaráðið né Æðsta ráðið eru annað en viðbót við miðstjórn flokksins og stjórnmálanefndina.

Þar eð staða mín var nálægt tindinum, barst mér til eyrna margt af því, sem nefnt var „leynilegar upplýsingar frá hæstu stöðum“. Þar sem er fullkomin ritskoðun, myndast góður jarðvegur fyrir munnlegar fréttir. Í Moskvu breiddist orðrómur sennilega út með meiri hraða en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni, ef ekki af öðrum ástæðum, þá að minnsta kosti vegna þess, að ekkert tæki var til til þess að hafa hemil á honum eða stöðva hann. Opinber mótmæli styrktu aðeins orðróminn.

Mönnum þótti mikið varið í óvenjuleg tíðindi, einkum ef þau voru kjarnmikil og náguðust smálágabrot, og sögðu þá aðeins bestu vinum sínum frá þeim. Deilur milli æðstu leiðtoganna, að embættismaður hefði hækkað í sessi eða annar væri fallinn í ónáð, hvað gerðist í skrifstofum Stalíns eða skorinorð ummæli um sjálfan húsbóndann — þetta voru fréttir, sem menn kepptust um að segja hver öðrum í trúnaði. Mér var til dæmis sagt, að Kaganovítsj og Andrejev, sem báðir voru í stjórnmálanefndinni, hötuðust og beittu sífelldum brögðum til að ná sem mestri hylli húsbóndans; að Míkojan og Molotov kepptust um að komast inn undir hjá Stalín; að Voznesenskíj, hin upprennandi stjarna, og gamla stjarnan Kaganovítsj hefðu sífellt horn í síðu hvor annars — Voznesenskíj hefði verið ósvífinn við Kaganovítsj á opinberum fundi; að Mekhlís, yfirmaður stjórnmáladeildar Rauða hersins, hefði í kyrrþey verið vikið úr áhrifamikilli stöðu sinni, af því að hann væri gyðingur og því góður skotspónn fyrir áróður nasista meðal lítt þroskaðra hermanna; að eftirlætissonur Stalíns, Vasílíj, væri sífellt að lenda í vandræðum vegna drykkju-skapar, kvennafars og ógátilegs bifreiðaaksturs.

Sagt var, að hinn látni Konstantín Oúmanskíj, sem áður hafði verið sendiherra

okkar í Washington, hefði orðið fyrir þungri sorg, rétt áður en hann varð sendi-herra í Mexíkó. Ung dóttir hans hafði búið með syni Shakhúríns, fulltrúa flug-vélaiðnaðarins, sem var á líku reki og hún. Nótt eina höfðu ungu hjónin lent í rifrildi, og ungi maðurinn hafði skotið stúlkuna til bana með skammbyssu föður síns. Æðstu embættismennirnir töluðu um þetta afbrot dögum saman, en ekki var á það minnst í blöðunum.

En sá maður, sem flestar sögur gengu um, var Stalín sjálfur. Hver setning, sem hann sagði, var endurtekin hvað eftir annað og grannskoðuð frá öllum hliðum. Rætt var um, hvað honum félli í geð og hvað honum félli ekki í geð. Heilsa hans, venjur og veikleikar vöktu meiri áhuga þeirra, sem umgengust hann, en gangur styrjaldarinnar eða úrslit heimsbyltingarinnar. Mér var sagt, að áhugaefni Stalíns væru skák og knattborðsspil og hann léki hvort tveggja nægilega vel til að hafa ánægju af að keppa við afburðamenn í skák og knattborðsleik. Í tóntegund, sem sæmdi slíkum ríkisleyndarmálum, var mér sagt, að eftirlætisvintegundir hans væru Kakhetínskíj og Kapor, sem hvor tveggja er frá Kákasus.

Við vissum allir, að Stalín hafði yndi af málsháttum, bæði rússneskum og georgískum, og notaði þá oft til þess að stöðva umræður. Þegar hann hafði lokið samningsgerðinni við Hitler, er sagt, að hann hafi setið þögn, meðan stjórnmalanefndin ræddi afleiðingar samningsins. Að lokum lýsti hann kjarna málsins með einu af sínum eftirlætisorðtækjum: „Ég ábyrgist ekki, að maturinn bragðist vel, en hann verður heitur!“ Stundum, þegar honum þótti menn of langorðir, var hann vanur að segja vingjarnlega: „Snúðu gæsinni, annars brennur hún við!“ Eða, þegar ræðumaðurinn komst ekki að kjarna málsins, átti hann til að segja: „Þú öskrar eins og belja að bera, en hvar er kálfurinn?“

Á fundi í miðstjórninni sagði Stalín við hina þóttafullu embættismenn: „Ef þið bætið ekki störf ykkar tafarlaust, þá munum við taka í lurginn á ykkur“ — og eftir stutta þögn til þess að hótunin verkaði — „ekki í bókstaflegri merkingu, en við munum taka í lurginn á ykkur. Þetta er allt og sumt.“

Það er alkunna, að Stalín hefur yndi af hljómlist, en smekkur hans er því miður ekki þroskaður og skilningur hans á henni takmarkaður. Þetta aftrar honum auðvitað ekki frá því að leysa vandamál hljómlistarinnar eða dæma tónsmíðar. Sagan um, hvernig hann hratt hinum unga Shostakovítsj um stund út í ystu myrkur, er alkun. Síður þekkt er frásögnin um, hvernig fór fyrir unga tónskáldinu Tíkhon Khrenníkov. Hljómlistargagnrýnendur í Moskvu tóku söngleik hans „Í storminum“ með miklum fögnuði. Síðan horfði húsbóndinn á leiksýninguna og sagði, að sér fyndist ekkert til um hana. Gagnrýnendurnir skiptu þegar í stað um skoðun. Hætt var að sýna söngleikinn, og hann hefur ekki verið sýndur síðan.

Til er saga um Stalín, sem ég hef aldrei trúað, en er almennt trúað af nánustu samstarfsmönnum hans. Hún er á þá leið, þegar hann þurfi að taka mikilsverðar ákvarðanir, að þá „ráðgisti hann við“ hinn framliðna Lenín í granítgráhyði hans á Rauða torginu. Samkvæmt þessari sögu sögn á hann að hafa dvalist þar aleinn með

hugsanir sínar í margar klukkustundir. Háttsettur leynilögreglumaður sagði eitt sinn við mig: „Ég fæst ekkert við andatrú, en þetta er satt: Þegar Þjóðverjar voru komnir að hliðum Moskvu rétt áður en lík Leníns var flutt með leynd til Úrals, dvaldist Stalín einn hjá líkinu í nokkrar klukkustundir.“

Meðal ráðamannanna var því almennt trúað, að Stalín væri mjög hjátrúarfullur og hefði breytt áætlanum sínum vegna þess, að „táknin“ voru óhagstæð. Í innsta eðli sínu er hann einrænn, sem ef til vill er einstætt meðal einræðisherra og happasælla stjórnmalamanna, og vakir af kostgæfni yfir einkalífi sínu og kýs helst að vera langdvölum einn með hugsanir sínar. Hann fer sjaldan á fjölmenna mannfundi, er ófús til þess og gerir það ekki nema það sé stjórnmálaleg nauðsyn. Við þess háttar tækifæri er hann glaður og reifur og hagar sér eins og „einn af strákunum“.

Einn af samstarfsmönnum mínum, sem sjálfur var viðstaddur, lýsti nákvæmlega fyrir mér samkvæmi, sem Stalín hélt fyrir flugmenn og aðra, sem skarað höfðu fram úr í styrjöldinni. Þegar þessir menn komu aftur til vígstöðvanna, sögðu þeir frá því, að *Vozhd* — foringinn — væri blátt áfram og látlaus maður. Hann hafði leikið sér og drukkið með þeim, sungið og haft gamanyrði á vörum og auk þess leyst þá út með gjöfum.

Þeir, sem höfðu þekkt hann lengi og vel, játuðu, þegar þeir töluðu um hann, að hann væri „harður“ maður, sem treysti aðeins á valdið og lævisina, sem hann áleit eina tegund valds. Hann er ákaflega hefnigjarn og alkunnugt, að hann gleymir hvorki né fyrirgefur móðgun. Þegar svo lítur út sem hann láti undan í deilu, er það aðeins til að skapa sér betri aðstöðu til þess að hefja nýja árás úr launsátri. Og hann sækist eftir að hafa umhverfis sig menn sömu tegundar — skapharða, langrækna menn, sem þekkja ekki til samviskubits.

Undir niðri er Stalín auðvitað einmana maður og veit það. Eftir því sem árin hafa liðið, hefur hann fundið sig knúðan til að drepa næstum alla nánustu vini sína og félagar — jafnvel menn eins og Abel Jenúkídze, sem ólst upp með honum og hann taldi lengi einlægasta vin sinn. Morð Kírovs og dauði samlanda hans frá Georgíu, Ordzhoníkídzes, skildu eftir tóm í einkalífi hans. Nánustu vinir hans síðustu árin hafa verið Míkójan, Voroshílov, Bería og Molotov. En tortryggni Stalíns gagnvart umhverfi sínu er sjúkleg, og þar komast engar undantekningar að, jafnvel ekki gagnvart þeim mönnum, sem hann hefur mætur á þessa eða hina stundina. Það er lítill vafi á því, að hann heldur, þó að þeir hafi ekki í svip í frammi ráðagerðir gegn honum, að þá kunni þeir síðar að gera það.

Þetta var það, sem rætt var um í innsta hringnum. Stalín var ef til vill sá eini, sem var sjaldan nefndur í sambandi við hneyksli. Um hina leiðtogana gengu sífelldar sögur um dansmeyjar, leikkonur, drykkjuveislur og þess háttar, en aldrei um hús-bóndann. Viðleitni hans til að hafa vakandi auga á öllum mikilvægustu hliðum þjóðlífsins veitir honum ekki tóm til þess háttar skemmtana. Hann les alvarlegar bækur — Clausewitz, Tsjechov, Saltykov — og þekking hans á fjármálum og stjórnmalum er furðulega mikil.

Tilhneiging Stalíns til einveru og óbeit hans á að koma opinberlega fram stendur ekki í neinu sambandi við óásjálegt útlit hans, eftir því sem flestir okkar hugðu. Hirðmálararnir og jafnvel ljósmyndararnir, sem gert hafa margar milljónir mynda af Stalín, hafa leynt því, að hann er lágvaxinn og þrekinn ístrubelgur; að hörundslitur hans er dekkri, austrænni en flestir halda; að andlit hans er bólugrafið, að vinstri handleggur hans er dálítið undinn og að tennur hans eru skakkar og skemmdar. Ef líkamlegt atgervi hans hefur vakið hjá honum minnimáttarkennd, þá getur það ef til vill skýrt, hvernig hann gleypir við öllu því íburðarmikla skjalli, sem venjulegur maður myndi fá velju af.

Það getur ef til vill líka hjálpað til að skýra hinar fjarstæðu falsanir um ævi hans fyrir byltinguna, gerðar í því skyni að varpa ljóma á æsku hans. Í lögregluskjölum frá keisarátímanum er hann til dæmis oft talinn bókari, og hef ég sjálfur séð slík skjöl. Enn í dag sýnir hann furðulega leikni í notkun talna og hagskýrslna. En hann hefur aldrei leyft, að þetta yrði opinberlega kunnugt.

Oft heyrðust beisklegar athugasemdir um það, að Stalín var talinn taka menn frá Kákasus, Georgíumenn og Armeníumenn, fram yfir Rússa. Það var sagt, að hann treysti þeim betur og skildi þá betur en Rússa, sem hann, þegar á allt er litið, er með öllu óskyldur, bæði að ætterni og uppeldi. Íbúar Kákasus eru aðeins smábrot af íbúatölu Ráðstjórnarríkjanna, og þó voru þeir alls staðar nálægir í stjórninni. Bería, sem til skamms tíma var yfirmaður lögreglunnar; Míkojan, yfirmaður bæði utanríkis- og innanríkisverslunarinnar; Pogosían og Kavtaradze, helstu aðstoðarmenn Molotovs; Þjóðfulltrúarnir Okopov og Tevosín; aðstoðarþjóðfulltrúarnir Dadjan og Arútjúnov og hundruð annarra — allt eru þetta Georgíumenn eða Armeníumenn.

Þegar 7. nóvember nálgadist, snerust hugir allra í Sovnarkom um hátíðisdaginn. Árshátíð byltingarinnar átti að halda hátíðlega þrátt fyrir ófarirnar á vígvellinum. Menn bjuggust við, að hin örláta stjórn myndi eins og venjulega gefa aukaskattinn í tilefni dagsins, og horfurnar á að fá eitthvað að borða yfirgnæfðu flest önnur áhugamál. Skrifstofurnar voru fagaðar og skreyttar fyrir hátíðahöldin og spjöld áletruð hinum fyrirskipuðu kjörorðum hengd upp hvarvetna. Hátíðarskap ríkti í allri byggingunni.

Pamfilov dró úr skömmunum um okkur undirmenn sína, og hver okkar um sig varð á sama hátt blíðari við þá, sem undir hann voru gefnir. Hinn 6. nóvember komu óæðri starfsmennirnir, þar með taldar ræstingarkonur, gólfægjarar og sendisveinar, til vinnu sinnar með bögglanet. Þessi net heyrðu til daglegum útbúnaði borgara í Ráðstjórnarríkjunum. Það var hægt að stinga þeim í vasann og hafa þau til taks, ef eitthvað ætilegt yrði á vegi manns.

Loksins var hin mikla frétt birt. Í tilefni af árshátíðinni og til merkis um hina miklu ást Stalíns á öllum þegnum sínum átti hver og einn, sem starfaði við

Sovnarkom, að fá að gjöf 1 kíló af hveitibrauði, 5 kíló af kartöflum og 1,5 kíló af hunangi!

Hrifningin var svo mikil, að ekki var unnt að starfa neitt. Það var auðvitað áhrifum Pamfilovs að þakka, að gjafirnar voru svona ríflegar. Kartöflurnar voru nægar í góða máltíð handa allri fjölskyldunni, og hunangið var meira en gullsígildi fyrir þá, sem þjádust af sykurskortu.

„Ó, þú kæra, litla kartafla, augasteinninn minn ...“ söng hinn grindhóaði, gráhærði gólfægjari Ívanov allan morguninn. Hann virtist varla vera sami litli, óframfærni maðurinn, sem vanur var að renna sér eftir hinum finu tíglagólfum á fægingarskónum sínum. Honum hafði verið falin sú virðingarstaða að vega kartöflurnar, og hann ljómaði allur vegna hinnar miklu ábyrgðar. Annar maður — djarfur og skilningsgóður, ekki veikgeðja, heldur aðeins mannlegur — hafði leynst undir fordildarlausu yfirborði hins horaða Ívanovs. Nú hafði þessi innri maður brotist fram, stjórnaði kartöfluúthlutuninni og vó fimm kílóin án ótta eða hlutdrægni. Hvers virði var Pamfilov slíkan dag saman borið við Ívanov, guð kart-aflnanna?

„Kæri, góði Andrusa,“ bað roskin vélritunarkona hann, „ég þarf að metta þrjá munna heima. Ég er ekki að biðja um meira en fimm kíló. En látið mig ekki hafa svona mikið af frosnum kartöflum. ...“

En hinn nýi Ívanov var ónægur fyrir burgeisaviðkvæmni. Þennan eina dag var hann járnharður bolsévíki.

„Við verðum að skipta jafnt,“ svaraði hann. „Allir fá nokkuð af frosnum og nokkuð af góðum kartöflum ... ef nokkrar góðar eru til. Haldið áfram! Næsti!“

Þessi eins dags dýrð vesalings Ívanovs endaði því miður með gráti og hneyksli. Þeir, sem útundan urðu, sögðu, að þessi bjálfi hefði heldur átt að halda áfram að fægja gólf en að vega sundur dýrmætan mat. Ívanov staðhæfði aftur á móti, að það hefðu bókstaflega ekki verið nógar kartöflur til þess, að hver maður gæti fengið fimm kíló. Hvernig sem þessu var varið, var sannleikurinn sá, að birgðirnar af kartöflum, frosnum og ófrosnum, voru allt í einu þrotnar, en yfir tuttugu manns stóðu ennþá í biðröð til að taka á móti gjöfum sínum.

Embættismönnunum farnaðist betur. Við fengum myndarlega böggla af matvöru, sem voru í samræmi við þrep okkar í metorðastiganum. Auk þess fengum við sérstakar ávísanir. Þegar við skiluðum þeim í ákveðinni „lokaðri“ lyfjabúð, fengum við afhentar tvær flöskur af portvíni og eina flösku af vodka.

Í Kreml hélt Stalín hina árlegu veislu sína. Auðvitað voru ekki boðnir þangað aðrir en hinir æðstu og áhrifaríkustu menn. Það var meiri upphefð að vera boðið þangað en að vera tekinn í aðalsmannatölu af konungi. NKVD rannsakaði skrána um gestina, og sérhver gestur var tekinn til athugunar í margar vikur á undan veislunni.

Ég athugaði aðferðirnar í Sovnarkom. Ég sá, með hve mikilli umhyggju Pamfilov skrifaði skrá um þá þjóðfulltrúa og aðstoðarþjóðfulltrúa, sem til greina

gátu komið að njóta þessa mikla heiðurs. Ég sá, hvernig hann — eftir að hafa valið hina hamingjusömu — sendi nöfnin til NKVD til rannsóknar og samþykkis.

En okkur var líka haldin veisla í Sovnarkom. Þar skorti ekkert á skraut, blóm, kjörorð á oddveifum og hljómlist. Borð handa æðstu embættismönnum voru sett upp í stóra fundarsalnum. Þar eð gnægðir voru matar og drykkjar, sættum við okkur við hina óhjákvæmilegu hátíðarræðu, sem haldin var af óbifanlegum flokksmanni. Það verður að taka við því súra með hinu sæta. Í hvert sinn, sem nafn húsbóndans var nefnt, stóðum við allir upp og hrópuðum húrra. Það dró dálítið úr leiðindum ræðuhaldanna.

Þegar skylduræðuhöldunum var lokið, réðumst við á réttina. Hlaðin föt voru fljótlega rudd vegna hinnar vargslegu hátíðarmatarlystar. Síðan kom að því að drekka minnin. Fyrst var auðvitað drukkið minni okkar elskaða foringja, því næst okkar ástkæru undirforingja, Molotovs, Míkojans, og niður eftir, allt niður til Pamfilovs. Félagi Míronov fór að syngja, og við tókum allir undir og sungum hina al-kunnu vísu:

Við skulum syngja söng,
félagar, um hinn mesta af öllum mönnum,
um hinn mesta og ástsælasta,
við skulum syngja söng um Stalín.

Um nokkurn tíma hafði ég haft ýmis spjót úti til þess að afla mér þeirrar mestu umbunar, sem hin almáttuga stjórn gat látið í té: sérstakrar íbúðar. Að lokum heppnaðist það.

Hin breiða og beina Mozhaísk-gata er best malbikaða og best viðhaldna bifreiðabraut Rússlands, vegna þess að sú gata liggur að sumarbústað Stalíns og sumar-bústöðunum í úthverfunum, en þar búa margir af úr stjórnmalanefndinni, sem starfa í höfuðborginni. Hún er auðvitað undir samfelldu eftirliti til þess að vernda líf hins ástsæla leiðtoga. Snarir NKVD-menn í leðurjökkum aka fram og aftur um hana á bifhjólum.

Meðfram þessari götu, þar sem hún liggur að úthverfunum, hafa verið reist nokkur vönduð, nýtísku hús. Með aðstoð Sovnarkoms fékk ég ávísun á íbúð í einu þessara húsa, tvo herbergi og eldhús — og var það óskiljanlegur munaður miðað við húsnæðisástandið í Moskvu. Í íbúð minni var sérstakt baðherbergi, miðstöðvarhitun, nýtísku lýsing og aðrar dásemdir. Gluggar hennar sneru út að bakgarðinum, en ekki að hinni frægu götu, en það voru smávægileg óþægindi.

Ég fór til skrifstofu formanns húsnefndarinnar með skjöl mín frá Sovnarkom, félagsskírteini mitt og vegabréf. Húsformaðurinn (embættismaður, sem sérhver ráðstjórnarborgari á mikið undir að sækja) var elskulegur maður og vanur að umgangast háttsetta embættismenn. Samkvæmt hagskýrslunum voru hús þessi

„verkamannabústaðir“, en í raun og veru gátu aðeins talsvert áhrifamiklir embættismenn fengið íbúð í þeim og aðeins á meðan þeir nutu hylly æðri stjórnvalda.

„Víktor Andrejevítsj“, sagði húsformaðurinn, „þetta virðist allt vera í lagi. Nú verðið þér að snúa yður til aðstoðaryfirmanns NKVD í þessu hverfi og koma síðan aftur hingað. Það er fyrir síða sakir.“

„En hvað kemur NKVD þetta við? Það verður ekki um villst, hvað stendur í skjölunum.“

„Ég hef ekkert út á þau að setja, en þetta er stjórnarvegur. Menn úr stjórnmalanefndinni fara hér daglega framhjá! Það gerir eðlismun á húsunum í þessu hverfi, ef svo má að orði komast.“

Ég skildi, hvað hann átti við. Þó að gluggarnir á íbúð minni sneru ekki út að veginum, var ekki hægt að leyfa mér að búa við Mozhaísk-götuna fyrir en leynilögreglan hafði samþykkt, að öryggi Stalíns stafaði ekki hætta af mér! Ég fór því til NKVD-foringjans. Hann spurði mig hinna venjulegu spurninga og veitti mér síðan umbeðið leyfi.

En það átti ekki fyrir mér að liggja að búa í þessari íbúð. Þetta var nýtt hús og ekki enn tilbúið til íbúðar. Það tók líka nokkurn tíma að afla sér húsgagna. Á meðan á þessu stóð, hafði opnast möguleiki fyrir því, að ég yrði sendur til útlanda — þessi blessaði möguleiki, sem ég hafði ekki þorað að vonast eftir nema á sársaukablöndnum bjartsýnisstundum. Áður en leyst væri úr þeirri spurningu, var ekkert vit í að flytja í íbúðina.

Hin síauknu láns- og leiguviðskipti kröfðust þess, að send yrðu hundruð manna, sem voru sérfræðingar á öllum sviðum þjóðarbúskaparins, til Englands, Kanada, en einkum til Bandaríkjanna. Fleiri Rússar en nokkru sinni fyrir í sögu Ráðstjórnarríkjanna gátu af þessum ástæðum kynnst ástandinu erlendis. Þar eð ég var iðnverkfræðingur með fjölbætta reynslu, var þarna starf við mitt hæfi. Stjórnmalasaga mín var að minnsta kosti að nafninu til flekklaus, þrátt fyrir raunir mínar í hreinsuninni. Það hefði þó verið röng aðferð og raunar næstum ómögulegt fyrir mig að eiga sjálfur frumkvæðið í þessu efni. Því óðfúsari sem maður var í að komast til útlanda, því vandlegar leyndi hann þeirri löngun sinni, til að þeir, sem höfðu umsjón með hollustunni við Ráðstjórnarríkin, misskildu hana ekki — eða réttara sagt skildu hana ekki rétt.

Kvöld eitt ræddi ég láns- og leiguástandið við embættismann, sem hafði nokkur áhrif á fyrirkomulagið í utanríkisverslun okkar og var vinur minn. Ég stjórnaði umræðunum vandlega og lævíslega. Ég þorði ekki að gefa í skyn, að andspænis honum sæti maður, sem hæfur væri til starfa erlendis, en mér tókst að lokka þessa ágætu hugmynd inn í vitund hans. Honum fannst hún vera algjör innblástur.

„Víktor Andrejevítsj! Hvað mynduð þér segja um að fara til Vesturheims?“ sagði hann allt í einu. „Ég veit, að við þurfum að senda fleiri menn þangað.“

„Ja, ég hef aldrei hugsað um það mál. Auk þess er ég, eins og þér vitið, í mjög

ábyrgðarmikilli stöðu í Sovnarkom. En auðvitað, ef ég gæti gert eitthvert gagn í sambandi við styrjaldarreksturinn. ...“

Vinur minn var enginn heimskingi. Hann lét ekki blekkjast af óframfærni minni. „Ég ætla að hugsa um þetta,“ sagði hann. „Þér megið gera ráð fyrir, að ég stingi upp á því á réttum stað.“

Ég þakkaði honum huguleseminna, en hafði ekki meira en svo trú á, að hann stæði við orð sín, og þorði því síður að vona, að tillaga hans yrði samþykkt, ef hún kæmi fram. Þetta gerðist í lok desembermánaðar. Hér um bil hálfum mánuði síðar kallaði Pamfilov mig á eintal. Um stund hugsaði ég með skyndilegri geðshræringu, að það stæði ef til vill í sambandi við draum minn um að komast til Ameríku, en svo var ekki.

Pamfilov kvaðst ætla að ráðgast við mig um vanda, sem honum hefði að höndum borið. Nokkrar málmvörwerksmiðjur ýmissa tegunda voru reknar undir sameiginlegri stjórn, sem nefndist Glavmetal. Þessar verksmiðjur voru dreifðar í ýmsum borgum — í Tseljabínsk, Novosíbírsk, Molotov, Norður-Kákasus og víðar — en var stjórnað frá aðalskrifstofum í Moskvu. Pamfilov kvað reksturinn ganga illa og væri þörf á styrkri hendi til þess að koma rekstri þeirra í viðunanlegt horf.

„Ég þarf mann í þessa stöðu, sem ég þekki og get treyst,“ sagði hann. „Ég álit, að þér séuð rétti maðurinn. Ég vil, að þér skiljið, að ég er síður en svo að reka yður úr embætti yðar. Þegar þér hafið komið þessari ringulreið í lag, getið þér komið aftur hingað. Hvað segið þér um þetta?“

Ég tók tilboðinu, en lét sem ég hefði ekki áhuga á breytingunni og yrði jafnvel fyrir vonbrigðum. Í raun og veru gladdist ég. Það var ekki sennilegt, að álitit yrði, að hægt væri að missa deildarstjóra í Sovnarkom til starfa erlendis. En ef ég yrði yfirmaður Glavmetals, myndu möguleikar mínir til þess að losna stórum aukast. ...

Skrifstofur Glavmetals voru í löngu, lágu byggingunni, sem myndar eina hlið Rauða torgsins, andspænis Kreml: skrautlausu byggingunni, sem allir þekkja, sem hafa séð mynd af torginu. Mér var fengin skrifstofa þar og starfslíð. Ég stjórnaði viðskiptum fyrirtækisins með því að vera í sífelldu símasambandi eða í persónulegu sambandi við verksmiðjustjórna í hinum ýmsu landshlutum.

Vinnutími minn var ekki eins drepanði langur og áður. Ég fór að ná mér aftur eftir svefnleysið. Ég gat séð meira af lífinu í Moskvu og sinnt betur umgengni við vini mína, sem ég hafði vanrækt meðan ég starfaði í Sovnarkom. Ef til vill hafði ég hugboð um, að ég ætti aðeins skamma stund eftir, sem ég gæti notið rússnesks lífs og samvistar við þá menn, sem mér þótti vænt um. Ég sóttist að minnsta kosti eftir að gera mér hverja viku viðburðaríka.

Ég fann einnig sterka hvöt hjá mér til þess að kynnast hugsunarhætti þeirra manna, sem ég hafði samskipti við. Hvaða áhrif hafði styrjöldin haft á líf þeirra? Þessi rannsókn mín styrkti ást mína til þjóðarinnar. Ég dáðist að furðulegri seiglu hennar undir hamarshöggum mótlætisins. Ég dáðist að meðfæddri raunsýni hennar

í stjórnmálalegum skilningi. Venjulegur Rússi gaf Stalín það, sem Stalíns var, og Rússlandi það, sem það hafði alltaf átt.

Það var enginn vafi á því, að breyting til batnaðar var að verða á styrjaldarrekstrinum. Í hinni langvinnu orrustu í útjaðri Stalínsgarðs var mannfallið hræðilegt og þjáningarnar ómælanlegar. En hjörtu okkar fylltust smátt og smátt sigurvissu.

Sú staðreynd, hve úrslit orrustunnar drógust lengi, var í sjálfri sér forboði sigurs. Í langvinnri orrustu stóðum við betur að vígi. Þjóðverjar voru langt frá birgðastöðvum sínum, og sökum lítillar reynslu í hernaði að vetrarlagi á slíkum slóðum reyndist þeim ókleift að senda liðsauka til vígstöðvanna. Þeir voru neyddir til að berjast með þeim mönnum og birgðum, sem þeir höfðu safnað saman þar, sem sem þeir voru komnir — hvort tveggja var að vísu geysimikið, en ekki óþrjótandi. Rússar gátu aftur á móti flutt næstum ótakmarkað bæði af mönnum og vígbúnaði til vígstöðvanna. Herir Hitlers hefðu orðið að drepa helming allra íbúa Rússlands, áður en Kremlverjar hefðu leyft, að Þjóðverjar næðu Stalínsgarð á sitt vald. Til undirbúnings orrustunni við Stalínsgarð hafði verið lögð sérstök járnbraut meðfram Volgu. Hún var notuð samfelld meðan orrustan stóð og var sú leiðsla, sem flutti hinni limlestu og blæðandi borg nýtt afl. Auk þess voru birgðir og liðsauki flutt torleiðis yfir Volgu.

Hinn óhjákvæmilegi sigur vannst. Þjóðverjum var í raun og veru drekkt í blóði — sjálfra sín og Rússa. Sigurinn hafði í för með sér, auk þess að stöðva framsókn Þjóðverja, annan hagnað, sem menn taka venjulega ekki eftir eða meta minna en vert er. Rauði herinn tók í þessari orrustu að herfangi nægileg þýsk hergögn handa 30–40 herdeildum. Það var þýski hernaðarsérfræðingurinn Clausewitz, sem ráðlagði hershöfðingjunum að berjast með vopnum óvinanna. Það var einmitt það, sem herforingjar Ráðstjórnarríkjanna gátu gert eftir orrustuna við Stalínsgarð.

Þau hergögn, sem tekin voru herfangi við Stalínsgarð, verður að setja á bekk með láns- og leiguvörunum, þegar skýra á árangur hinnar rússnesku gagnsóknar. Frá því í nóvember 1942 þar til í nóvember 1944 tóku rússnesku herirnir herfangi yfir 4.000 flugvélar, 17.000 skriðdreka, 55.000 fallbyssur, 118.000 vélbyssur og 1.500.000 riffla. Auðvitað þurfti að gera við margt af þessu, en vopn Hitlers snerust gegn honum sjálfum í bókstaflegri merkingu.

Ég beið úrslitaorrustunnar við Stalínsgarð með djúpri sigurþrá, eins og allir aðrir borgarar Ráðstjórnarríkjanna, hvaða tilfinningar sem þeir báru gagnvart stjórninni. Á sama tíma — svo órökvis er mannshugurinn — beið ég úrslita þeirra rannsókna, sem skáru úr um, hvort mér tækist að yfirgefa Ráðstjórnarríkin.

26. kafli: Aðdragandi vesturfara

HUGSUNIN UM FERÐ MÍNA TIL Bandaríkjanna fór að færast í fastar skordur í janúarmánuði 1943, og í júlímánuði sama ár var mér afhent vegabréf mitt. Þessa sex mánuði fannst mér ég vera sjaldgæft skordýr á tituprjóni í geysistórri rannsóknarstofu, þar sem heilar hersveitir af skordýrafræðingum, dýrafræðingum, efnafræðingum og öðrum vísindamönnum athuguðu þetta eintak frá öllum hugsanlegum sjónarmiðum. Menn könnuðu mig og rannsökuðu til þess að leita að leyndum göllum. Allri orku almáttugs ríkis virtist vera einbeitt að því eina verki að rannsaka lítilfjörlega tilveru mína og víðáttu hennar í tíma og rúmi gegnum skyldleika, mægðir og hvers konar samvistir.

Þetta forvitna ríki var kaldranalegt og tortryggni þess takmarkalaus. Viku eftir viku kannaði það með æfðum fingrum hug minn og taugar til að leita að þeim lykli, sem gengi að fylgsnum sálar minnar. Og það furðulega er, að þessi víðtæka rannsókn mistókst. Leyndarmál það, sem ég skjálfandi á beinunum reyndi að varðveita — ákvörðunin um að flýja frá Ráðstjórnarríkjunum — komst aldrei upp.

Hin mikla rannsókn á Víktor Kravtsjenko, syni rússneskrar alþýðu, flokksmanni og ráðstjórnarverkfræðingi, hófst í ráðningardeild utanríkisviðskiptaráðuneytisins. Félagi Shtooob, lágt settur embættismaður með þykk gleraugu, var kurteis og ónærgöngull. Í hans augum var hvert skorkvikindið öðru líkt. Starf hans var ekki fólgið í öðru en að skrásetja þau. Afbrigðin áttu skordýrafræðingar með meiri sérmenntun síðar að rannsaka og skýra.

Félagi Shtooob kannaði ævisögu mína frá fæðingu til þess dags, er rannsóknin fór fram, því næst rannsakaði hann sögu foreldra minna, afa og amma, bræðra og ættingja til hliðar á ættstofninum. Þegar ættingjarnir höfðu verið rannsakaðir, kom röðin að mágsemdum, og voru þær rannsakaðar jafnvandlega. Að lokum var mynstrið í lítilfjörlegri, en furðulega umfangsmikilli tilveru minni fyllt út með spurningum um vini og starfsfélagi á umliðnum árum.

Ég hafði svo oft, að tugum skipti, orðið að ganga í gegnum þetta völundarhús sjálfsævisögunnar. Sérhver staðreynd hafði endalaust verið skrásett hjá flokknum, hernum, hinum ýmsu ráðuneytum, að ekki sé minnst á hinar almennu og sérstöku hreinsanir. Hvaða atvik í lífi mínu skyldi auk þess hafa verið svo hégómlegt, að það hafi komist hjá því að vera fært inn í hinar þykku bækur NKVD?

En það mátti ekki stytta þessa helgiathöfn, hvað þá hlaupa yfir hana. Félagi Shtooob framkvæmdi verk sitt eins og hér væri að ræða um fyrstu kynnin milli stjórnarinnar og eins af þegnum hennar. Hann taldi ekki einu sinni, að skírnarnafn

mitt, ættarnafn og aldur væru óumdeilanleg atriði. Þessi síendurtekna afhjúpun ráðstjórnarborgarans, þar til hann stendur nakinn, þessi uppljóstrun á viðkvæmasta einkalífi hans, þessi umhverfing allra hugsana hans um stjórnmál hafði eftir því sem árin liðu fengið táknræna þýðingu. Það var hin hátíðlega auðmýking einstaklingsins til dýrðar heildinni. Það var einstaklingurinn, auðmjúkur og undirgefinn, sem var skríðandi og niðurlægður í nekt sinni gagnvart hinu alvopnaða ríki. Það voru helgi-spjöll að leyna einhverju, að leita eftir fikjublaði.

Og þessi helgisíður fól í sér ótrúlega margar hættur. Svörin urðu að vera sjálfum sér samkvæm og í samræmi við svör í fyrri yfirheyrslum, á spurningalistum, á eyðublöðum og við endurskoðanir. Lögregluríkið þoldi engar vífilengjur né að einhverju væri blandað saman. Misminni eða smávegis mótsögn vakti reiði þess og tortryggni. Margur er sá ráðstjórnarborgarinn, sem eyðilagt hefur framabraut sína með því að rugla saman smáatvikum eða muna ekki greinilega ættarbönd sín.

Þegar hinn nærsýni Shtoob hafði sannfærst um, að Vera, föðursystir mágkonu minnar, sem ég hafði aldrei séð, væri ekki hættuleg Ráðstjórnarríkjunum, hélt hann áfram. Hann fékk mér ýmiss konar prentuð spurningaeyðublöð, sem ég átti að fylla út heima og koma með næsta dag. Hann lagði ríkt á við mig, að ég mætti ekki breyta neinu, ekki þurrka neitt út og ekki strika yfir neitt. Allt slíkt var talið vitnisburður um slæma samvisku. Skordýrafræðingarnir kröfðust snyrtimennsku og velsæmis.

Ég fór nákvæmlega eftir fyrirskipununum. Ég skilaði skjölunum ásamt tilskildum fjölda af afritum í tilskildum afgreiðslugluggum. Eftir nokkra daga fékk ég þessi skilaboð: „Haldið áfram núverandi starfi yðar. Ef nauðsyn ber til að senda yður til útlanda, þá mun yður verða tilkynnt það.“ Á hinu tvíræða ráðstjórnarmáli merkti þetta, að verið væri að rannsaka mig nákvæmlega og ef ég væri álitinn verðugur, myndi ég verða rannsakaður enn nákvæmar.

Það liðu hér um bil þrír mánuðir. Ég hafði næstum varpað frá mér allri von. Einhvers staðar hlytu þeir að hafa fundið óafmáanlegan blett á skildi mínum eða fjölskyldu minnar. En kvöld eitt í aprílmánuði, þegar ég kom heim í slyddubyl eftir fjórtán klukkustunda þrældóm í Glavmetal, steinuppgefinn, voru mér færð dularfull skilaboð þess efnis, að ég ætti að hringja í ákveðið símanúmer. Þessi leyndardómsleikur var einnig hluti af helgisíðunum. Hann kom af stað hjá mér auknum hjartslætti í nokkrar mínútur, meðan ég var milli vonar og ótta, því að skilaboðin gátu þýtt hvað sem var frá óþægindum hjá lögreglunni til ótrúlegs frama.

Það kom fljótt í ljós, að síminn var hjá háttsettum manni í utanríkisviðskipta-ráðuneytinu. Ég mun aldrei fá vitneskju um, hvaða vinningur var að hinu dularfulla nafnleysi. Þó að áliðið væri dags, var mér skipað að koma strax, það myndi liggja vegabréf handa mér í ákveðnum afgreiðsluglugga. Ég flýtti mér til ráðuneytisins.

Þreyta mín var horfin vegna hinnar endurvöktu vonar. Eftir langan, taugaþreytandi biðtíma var mér vísað inn í aðra skrifstofu, og var ég nú yfirheyrður af tilkomumeiri og lævisari embættismanni en Shtoob hafði verið. Við reikuðum í þrjár

klukkustundir gegnum frumskóga fortíðar minnar og námum staðar við og við til þess að róta upp í jarðvegi hugarfars míns og stjórnmálaskoðana. Stundum fór hann á undan mér, stundum á eftir mér. Hann lagði fyrir mig viðsjálar spurningar til þess að koma mér til að hnjóta. Hann reyndi að leiða mig á villigötur. Stundum sneri hann skyndilega við til þess að veiða mig að mér övörum. Hann var reyndur, gamall köttur, en í þetta sinn lék hann sér að varkárri, reyndri og gamalli mús. Næturlenkenslan hjá prófessorunum Gershgorín, Dorogan og fleirum kom mér nú að notum. Klukkan tvö eftir miðnætti voru bæði kötturinn og músin orðin allt of þreytt til að halda áfram. Mér var sagt að koma aftur eftir nokkra daga til að útfylla nokkur eyðublöð sérstakrar tegundar.

Tveim dögum seinna samdi ég svar við spurningunum á lengsta og lævíslegast samda spurningaeyðublaði, sem ég til þessa hafði séð. Það var skjal svo kaldrifjað í grunsemdum sínum og svo hárbeitt í spurningum sínum, að öll önnur spurningaeyðublöð voru algjör barnaleikur í samanburði við það. Það var skjal, sem gekk að því vísu, að sérhver borgari væri lygari, og í því var öllu mannlegu sýnd fullkomin fyrirliðing. Þegar ég hafði lokið við að svara því og undirritaði það með nafni mínu og flokksnúmeri, bogaði svitinn af mér og ég var auðmýktur til hins ýtrasta.

Þegar ég skilaði spurningaeyðublaðinu, var mér skipað að framkvæma næsta þátt helgisíðanna, sem fólst í því að safna saman meðmælabréfum og málsskjölum um starfsemi mína og stjórnmálahegðun frá þeim flokksstofnunum, sem ég hafði tekið þátt í, og þeim iðnfyrirtækjum, sem ég hafði unnið hjá upp á síðkastið. Að vísu gátu þessar stofnanir og fyrirtæki ekki skýrt frá neinu, sem var ekki lið fyrir lið bókað hjá NKVD í opinberum og óopinberum skýrslum frá hinum óteljandi njósnurum. En það var ekki hægt að komast hjá að afla þessara helgirita. Þetta veitti allmörgum embættismönnum, sem ég hafði haft samskipti við, tækifæri til þess að gera út af við mig, ef þá langaði til þess.

Ég sneri mér fyrst til félaga Míronovs, formanns flokksnefndarinnar í þjóðfulltrúaráðinu í Rússneska ráðstjórnarlýðveldinu. Ég talaði við hann í síma og kom á ákveðnum tíma að útidrym hans. Flokkskjöl mín og einkennisskjöl voru rannsókuð, og mér var afhent vegabréf. Ég gekk nú yfir garð að byggingu þeirri, sem flokksnefndin hafði skrifstofur sínar í. Þar var vegabréf mitt rannsakað að nýju og myndirnar á skjölunum bornar saman við andlit mitt. Á þeirri hæð, þar sem skrifstofur nefndarinnar voru, athugaði alvarlegur yfirmaður frá NKVD skjöl mín enn nánar og sagði mér að lokum að fara til herbergis nr. 503.

Fyrir fáum mánuðum hafði ég verið í hárri stöðu í þessari sömu stofnun. Þessi lögreglufoingi hafði séð mig mörg hundruð sinnum. En það var ekki hægt að slaka á hinni fyrirskipuðu árvekni; ég hefði getað skipt um lit í stjórnmálum á þeim tíma, sem liðinn var. Á ganginum hitti ég karla og konur, sem höfðu unnið með mér og undir minni stjórn. Sum þeirra voru vingjarnleg, en flest heilsuðu þau mér áberandi varfærnislega. Ég var ekki lengur í Sovnarkom, og þau vissu ekki hvers vegna ég var farinn þaðan. Þau þorðu því ekki að heilsa mér vingjarnlega.

Félagi Míronov var kurteis, en mjög venjufastur. Vegna náins kunningsskapar okkar spurði hann mig þó, hvers vegna ég liti svona illa út. Ég sagði honum hrein-skilnislega, að það væri vegna þess, að ég hefði ekki fengið nóg að borða, eftir að ég fór úr Sovnarkom. Hann brosti ánægjulega vegna þessarar óbeinu viðurkenningar á, að Sovnarkom „hans“ væri sérréttindastaður fyrir leiðtoga, sem væru góðra launa verðir. „Já,“ sagði hann, „styrjöldin er miskunnarlaus. En við skulum snúa okkur að málefnum.“

Meðan við ræddum saman, kom lítil kona með stífaða línhúfa og hvíta svuntu inn með stóran bakka, sem morgunverður var á. Á bakkanum var mjúkt hveitibrauð, flesk og egg, niðursoðið kjöt, smjör og te með sykri.

„Allt frá Ameríku,“ sagði hann hreykinn og ruddi í sig matnum, „láns- og leigu- vara.“

En hann bauð mér ekki að bragða á matnum, hvorki með láns- og leigukjörum né öðrum skilmálum. Milli munnbitanna hélt hann áfram að spyrja mig. Var ég ánægður þar, sem ég var? Hvernig reyndist flokksstjórnin í Glavmetal? Hann rækti klunnalega, jafnvel heimskulega, þá opinberu skyldu sína að prófa hollustu mína gagnvart stjórninni og okkar elskaða foringja. Það var ekki vegna þess, að hann hefði áhuga á henni, og ekki af því, að hann héldi, að ég væri ekki með öllum mjalla og myndi játa efasemdir mínar, heldur af virðingu fyrir helgisíðunum.

„Þér óskið eftir meðmælabréfi?“ sagði hann. „Jæja. Ég ætla að raða um það við félagi Útkín. Það þarf umhugsunarfrest. Komið aftur á morgun um hádegisd.“

Næsta dag fór sams konar rannsókn fram á skjölum mínum, og eftir venjulegan biðtíma í biðstofu Míronovs var mér vísað inn til hans. Hann afhenti mér með-mælabréf, þar sem hann tók ábyrgð á stjórnmalaskoðunum mínum og skipulags-hæfileikum.

Örlaganornirnar voru mér hliðhollar. Á næstu vikum fékk ég líka bréf frá framkvæmdastjóra Glavmetals og ritara flokksins þar. Skjöl mín voru lesin aftur og aftur, andlitsdrættir mínir skoðaðir og stjórnmalaréttisýni mín rannsökuð að minnsta kosti hundrað sinnum. Og þó vissi ég, að allt þetta var aðeins yfirborðið, en aðalverkið við að rannsaka æviferil minn og sál var framkvæmt af þar til hæfum deildum NKVD. En að lokum fékk ég sönnun fyrir því, að allt hafði farið vel.

Ég fékk fyrirskipun um að koma til lækniSSkoðunar á lækningastofu, sem heyrði undir utanríkisviðskiptaráðuneytið, og láta fastráðinn ljósmyndara ráðuneytisins taka „opinbera“ mynd af mér. Tveim dögum seinna var mér boðið að koma á fund félagi Lebedevs, sem var aðstoðarþjóðfulltrúi og einn af æðstu samstarfsmönnum Míkojans þjóðfulltrúa.

Þegar ég kom til Lebedevs, sátu hjá honum tveir aðstoðarmenn, sinn til hvorrar handar, og skrifðu minnisgreinar og réttu honum ýmis skjöl, á meðan á samtali okkar stóð. Hann sat við útflúrað skrifborð, sem stóð á miðju gólf í stórum sal, sem búinn var skrautofnum austurlenskum ábreiðum. Stalín, Molotov, Míkojan

og aðrir foringjar litu niður til okkar úr umgerðum sínum á veggjunum. Þykkur hlaði af skjölum, sem sýnilega voru afrit af hinum mörgu spurningaeyðublöðum, sem ég hafði útfyllt, og sérstökum skýrslum um mig, lá á áberandi hátt fyrir framan hann á borðinu.

Er Lebedev hafði heilsað mér formlega, fór hann að spyrja mig alveg frá grunni um nafn mitt, fæðingarstað, hvenær ég hefði gengið í flokkinn og svo framvegis. Það var ómögulegt fyrir hann að spyrja mig nokkurrar þeirrar spurningar, sem ég hafði ekki svarað mörgum sinnum áður, en jafnvel aðstoðarþjóðfulltrúar verða að fara nákvæmlega eftir helgisíðabókinni. Ég svaraði af ákafa og hrifningu, eins og ég væri að dást að, hve spurningar hans væru skarpviturlegar. Síðan beið ég meðan hann fletti skjölunum, las setningar á víð og dreif, stundum brosandí, en stundum með ygglibrún. Aðstoðarmennirnir tveir sátu kyrrir í virðulegri, hlutlausri þögn. Við og við las hann þeim fyrir nokkrar setningar, sem sýnilega áttu að vera hluti af skýrslu hans til þjóðfulltrúans.

Lebedev var stuttur maður og digur, herðabreiður og með mikla undirhöku. Andlit hans var viðkunnanlegt, jafnvel laglegt, og svipur hans bar vott um mannúð og stakk í stúf við dauðleiðinlega og tilgerðarlega framkomu hans og tal. Ég hugsaði með mér, að hann væri enginn vitringur, og velti því fyrir mér, hvernig hann hefði komist í embætti sitt. Þá varð mér litið á hendur hans. Klunnalegir, snubbóttir fingurnir voru vaxnir þéttum, svörtum hárum. Þeirri hugsun skaut þá niður í mig, að þetta væru grimmuðlegar hendur, sem framið gætu ofbeldisverk.

„Félagi Kravtsjenko,“ sagði hann að lokum hátíðlega, „er yður ljóst, hve alvarlegt það er að vera skipaður embættismaður erlendis?“

„Já, ég hef hugsað mikið um það.“

„Þér verðið að sanna, að þér séuð verður þess trausts, sem flokkurinn sýnir yður.“

„Ég skal reyna það, félagi Lebedev,“ sagði ég auðmjúkur og ákafur.

„Yður mun verða tilkynnt, hvað verður gert frekar í málinu. Ég vona, að við sjáumst bráðlega aftur.“

Fimm dögum seinna sagði vinur minn, sem starfaði í ráðuneytinu, mér í trúnaði, að Anastas Ívanovítsj Míkojan, stjórnmálanefndarmaður, varaformaður þjóðfulltrúaráðsins, landvarnarnefndarmaður og þjóðfulltrúi utanríkisviðskipta hefði með eigin hendi undirritað meðmæli til miðstjórnar flokksins þess efnis, að ég yrði sendur til Bandaríkjanna. Ég hélt áfram starfi mínu í Glavmetal, en hugsanir mínar voru víðs fjarri. Skömmu seinna fékk ég þau skilaboð frá leyndarmáladeild aðalskrifstofu okkar, að ég ætti að hringja í síma í sérstakt númer. Dularblærinn virtist einnig í þetta skipti vera algjörlega óþarfur, þar eð aðeins var svarað af skrifstofustúlku í ráðuneytinu, sem sagði mér að koma þangað klukkan hálf tólf næsta dag.

„Hafið með yður félagsskírteini yðar, einkennisskjal, stéttarfélagsbók og herþjónustuskjöl,“ sagði hún. „Stundvíslega klukkan tólf mun verða tekið á móti yður á öðrum stað.“

Ég fór nákvæmlega eftir fyrirmælunum. Eftir að ég hafði gengið fram hjá þrem eða fjórum vörðum og NKVD-yfirmaður yfirheyrt mig, var mér vísað í skrifstofur miðstjórnar heimsflokksins. Það var þessi „annar staður“, sem var svo virðulegur, að grípa þurfti til sérstakrar launungar og skriffinnsku. Mér var fengið í hendur sérstakt vegabréf, sem ég fór með til flokksbyggingarinnar. Skjöl mín voru rannsökuð enn á ný og mér vísað að ganga upp hinn breiða marmarastiga.

Á stigapallinum stóð marmarastytta af Stalín á marmarastalli sínum. Napóleons-svipurinn á honum var nærri því broslegur, þar sem hann stóð þarna einmana. Á næsta stigapalli starði á mig annar Stalín, sem var ekki síður einmana og hlægilegur. Á þessari hæð beið ég nokkra stund og var því næst vísað inn í herbergi með þykkum gólfábreiðum, þar sem þriðji Stalíninn, í þetta skipti á veggnum, stytta mér stundir, þar til hinn rétti embættismaður kom. Það er augljóst, að myndhöggvara og málara í Ráðstjórnarríkjunum skortir ekki viðfangsefni. Embættismaðurinn settist við stóra skrifborðið sitt, virti mig fyrir sér í rúma mínútu og sagði síðan:

„Segið mér eitthvað um sjálfan yður. Gerið svo vel að endurtaka ekki það, sem mér er þegar kunnugt um af spurningaeyðublöðum yðar. Það, sem ég hef áhuga á, eru skoðanir yðar, stjórnsmálaviðhorf yðar!“

Ég talaði næstum út í bláinn. Ég einbeitti huga mínum að því að finna einhverjar staðreyndir eða hugsanir, sem voru ekki orðnar gatslitnar frá fyrri yfirheyrslum og skriflegum svörum við spurningum. Hann tók fram í fyrir mér. Hann sneri sér beint að kjarna málsins. „Hafið þér nokkurn tíma verið í vafa um, að stjórnsmálaflokkssins væri rétt?“

„Aldrei,“ svaraði ég hiklaust. Það var engin ástæða til að minnast á smáatriði, ef ég var ekki neyddur til þess.

„Ekki heldur þegar samyrkjubúskap var komið á og við hreinsanirnar, sem komu að sumu leyti hart niður á yður sjálfum? Voruð þér þá ekki í neinum vafa um stefnu flokksins almennt?“

„Nei, ekki um stefnu flokksins almennt.“

„En það var dálítið óskemmtilegt tímabil fyrir yður í Níkopol árin 1936 og 1937. Það var haft eftirlit með yður, þér yfirheyrður og svo framvegis. Hvað álituð þér þá?“

„Auðvitað var ég þá ruglaður og ekki laus við að vera gramur. Ég vissi, að ég var saklaus. Mér fannst mér að vissu leyti misboðið.“

„Það er skiljanlegt. Það er ekki hægt að lá yður það. Á þeim tímum var farið út í öfgar. Þeim þjóðniðingum, sem eiga sök á því, hefur nú verið rutt úr vegi. En hvernig er það nú, félagi Kravtsjenko, eimir nokkuð enn eftir af móðgun yðar og reiði?“

„Nei, auðvitað ekki.“ Ég brosti að svona fjarstæðri spurningu. Auðvitað var ég þakklátur mönnum eins og Gersgorín og Dorogan, sem höfðu lamið mig og auðmýkt. Þessi óhugnanlegi leikur dróst áfram í næstum tvær klukkustundir. Þetta var sennilega hin hreinskilnislega viðræða um grundvallarskoðanir mínar í stjórnsmál-

um, sem helgisiðabókin fyrirskipaði. Eins og lífið í Ráðstjórnarríkjunum leyfði hreinskilnislegar samræður! Eins og tveir félagar, sem hittust í fyrsta skipti, þyrðu að fara út fyrir takmörk hinnar fágudu hræsní og hins viðbjóðslega leikaraskapar! Eftir því sem rabbið hélt áfram, varð ég öruggari og lét fleiri kjörorð fjúka. Ég fann til eins konar rangsnúinnar fullnægingar við að vera honum fremri í notkun vígorða, og allan tímann hlakkaði ég yfir þessari hugsun: Ég slepp! Ég slepp frá þessum viðbjóðslega leikaraskap, þessari nístandi skelfingu! Mér mun auðnast að tala frjálsmannlega, að berjast!

Prófdómari minn var sýnilega ánægður með mig. Hann áleit vafalaust, að hugsanagangur minn beindist í rétta átt, að ég væri ekki með neinar óviðeigandi efasemdir eða hugsaði hneykslanlegar hugsanir. Sennilega hefur hann álitíð mig mann, sem ætti fáar, en virðingarverðar hugsjónir, ekki meira en í meðallagi gáfaðan, en áreiðanlegan. Þegar hann kvaddi mig, fann ég, að það var samúð í þvölu handtaki hans.

„Jæja, verið þér sælir. Yður mun sennilega verða skýrt frá ákvörðun miðstjórnarinnar eftir fjóra eða fimm daga.“

Ákvörðunin varð mér hliðholl. Glavmetal var fyrirskipað að leysa mig frá störfum innan viku, til ráðstöfunar fyrir utanríkisviðskiptaráðuneytið. Næsta dag sneri ég mér til innflutningsdeildar hráefna í utanríkisviðskiptaráðuneytinu. Þar voru mér afhent þykk bindi af leynilegum skýrslum og fyrirmælum, sem ég átti að lesa og hugsa um til þess að kynnast láns- og leigufyrirkomulaginu, ástandinu í bandaríska iðnaðinum og einstökum atriðum um þau firmu, sem versluðu með málmvöru og ég átti að skipta við, þegar þangað kæmi.

Því næst var ég ennþá einu sinni boðaður til aðalaðseturs miðstjórnarinnar. Í þetta skipti voru mér fengnir í hendur sem trúnaðarmál tveir bæklingar. Mér var sagt að lesa þá nákvæmlega þegar í stað, skila þeim aftur og undirrita sérstaka yfirlýsingu um, að ég hefði kynnt mér efni þeirra. Í bæklingum þessum voru reglur um framkomu flokksmanna erlendis og lögð sérstök áhersla á þær refsingar, sem menn yrðu látnir sæta fyrir brot á þeim. Ég mun ætíð minnast aðalatriðanna í því, sem ég las, því að þar var að finna skýringu á hinum einkennilegu hugmyndum, sem menn í Ráðstjórnarríkjunum gerðu sér um veröldina fyrir utan.

Eftir áminningar um skilyrðislausu hlýðni við yfirboðarana vöruðu bæklingar þessir við þeim freistingum, hættum og ginningum, sem lífið í auðvaldslöndunum hefði í för með sér. Þar var brugðið upp mynd, sem var samtímis ógeðfelld og girnileg, af framandi, fjandsamlegri, gjörspilltri og lostafullri veröld, sem átti það eitt takmark að véla borgara Ráðstjórnarríkjanna og gabba þá til þess að segja frá ríkisleyndarmálum.

Mér skildist, að það væri aðalmarkmið erlendra stjórna að grafa undan hollustu þeirra kommúnista, sem kæmu í heimsókn til landa þeirra. Þeim, sem áttu að stinga sér niður í þessa hringiðu stjórnmálalasta, ágjarnra kaupsýslumanna og ilmandi vændiskvenna, var bannað að tala við ókunnuga menn um hvaða umræðuefni sem

var, ef það var ekki alveg nauðsynlegt. Og þeir máttu ekki undir neinum kringumstæðum ræða um stjórnmál. Ef einhver sneri sér til okkar og stakk upp á, að við seldum þeim „skjöl“ eða önnur leyndarmál, þá áttum við að fara með þessar smásálir til næstu ræðismannsskrifstofu Ráðstjórnarríkjanna. Ef einhver spurði okkur um lífið í Ráðstjórnarríkjunum, þá gátum við gengið að því vísu, að fyrirspyrjandinn væri erindreki gagnjósanna.

Í reglunum var lögð sérstök áhersla á að vara okkur við umgengni við menn, sem flust höfðu frá Rússlandi, og ritum, sem voru „óvinsamleg“ landi okkar. Við áttum að forðast þau rit, sem gefin voru út af gagnbyltingarsinnuðum flóttamönnum. Þessir djöflar, sem voru fjandsamlegir Ráðstjórnarríkjunum, voru alls staðar nálægir. Auk þess yrðu „óvinsamlegar“ ræður í útvarpinu og myndir fjandsamlegrar Ráðstjórnarríkjunum í kvikmyndahúsunum. Þetta urðum við auðvitað að forðast, að öðrum kosti vorum við glataðir.

Í reglunum var útskýrt fyrir okkur, að auðvaldsskipulagið væri spillt hið innra, þótt yfirborð þess gljáði og freistaði og myndi verða sífelld eldraun fyrir kommúnistadygd okkar. Við yrðum að loka skilningarvitum okkar fyrir freistingum kjótkatla burgeisanna. Bestu auðvaldshótelin væru dulbúin pútnahús, þar sem kvennjósnarar lægju í leynum fyrir saklausum ráðstjórnarborgurum. Ef við ferðuðumst í járnbrautarlest erlendis og fallet stúlka kæmi inn í klefa okkar og settist þar, þá áttum við strax að yfirgefa hættusvæðið. Ef kona, sérstaklega ef hún talaði rússnesku, reyndi að brydda upp á viðræðum við okkur, þá áttum við að flýja eins og fætur toguðu.

Skýrt var frá því, að næst konunum væri áfengi mesta hættu fyrir saklausa ráðstjórnarborgara erlendis. Við máttum aldrei, nema það væri nauðsynlegt vegna viðskipta og leyft af yfirmanni okkar, fara inn í veitingakrár, næturklúbba eða aðrar lastaholur, þar sem áfengi, sem losaði um tunguhaftið, var um hönd haft. Ef skyldan krafðist, að sendimaður Ráðstjórnarríkjanna tæki þátt í einkasamkvæmi eða opinberri veislu, átti hann að gæta þess að hafa vald á sjálfum sér, svo að hann yrði ekki til þess að ljóstra upp um eitthvert leyndarmál.

En hvaða hræðileg leyndarmál voru það, sem við áttum að gæta og veröldin umhverfis okkur hafði ákveðið að komast að? Um þetta sögðu reglurnar ekkert. En mér fannst svarið liggja ljóst fyrir. Það, sem Kremlverjar óttuðust svo mjög, var, að við staðfestum ef til vill sannleikann í þeim „áróðri fjandsamlegum Ráðstjórnarríkjunum“, sem „óvinsamlegir“ rithöfundar, ræðumenn og rit breiddu út. Þau „launungarmál“, sem reglurnar áttu við, voru staðreyndirnar um fangavinnubúðirnar, nauðungarvinnuna, algjöra kúgun og mannlega niðurlægingu í Ráðstjórnarríkjunum, allt það, sem gat eyðilagt þá mynd af stjórnarfarinu, sem áróður ráðstjórnarinnar hafði málað. Þessir tveir bæklingar voru í raun og veru sönnun um hina slæmu samvisku ráðstjórnarinnar.

Erlendum stjórnnum var eignað sérhvert það óþokkabragð, sem NKVD og aðrir ráðstjórnarerindrekar höfðu beitt gagnvart útlendingum. Í bæklingunum vorum við

varaðir við því, að í Ameríku myndi farangur okkar verða rannsakaður, vegabréfum okkar stolið til afnota fyrir gagnnjósnastarfsemina, hlustað á símtöl okkar og fögrum konum sigað á okkur. Okkur var sagt, að í Ameríku myndum við dveljast í óvinalandi, þó að hið gagnstæða væri í svipinn gefið í skyn af stjórnmálalegum ástæðum. Einnig var sagt, ef við ekki gættum skrefa okkar, að þá myndum við sogast niður í auðvaldskviksyndi ágrindar, óhófs og haturs á Ráðstjórnarríkjunum.

Eftir að ég hafði staðfest, að ég skildi þessar viðvaranir, og skilað bókunum, var ég sendur á vald annars af starfsmönnum miðstjórnarinnar, sem hafði aðsetur sitt í rúmgóðri skrifstofu. Það var harðneskja í rödd hans.

„Félagi Kravtsjenko, þér eigið nú að ferðast til útlanda sem sendimaður okkar. Það á fyrir yður að liggja að gera viðskipti í ókunnu umhverfi meðal auðvaldssinna, sem við með réttu fyrirliðum og tortryggjum. Við treystum því, að þér verðið ekki ruglaður í höfðinu, þegar þér sjáið vörugnægðina og freistingarnar í þjóðfélagi, sem er á síðasta stigi spilltrar úrkynjunar. Gleymið aldrei sögulegri sendiferð yðar sem fulltrúa hinnar nýju ráðstjórnarmenningar.

Það er rétt, að eins og sakir standa aðstoða Bandaríkin okkur. En við megum ekki gleyma því, að aðstoðin er ekki veitt af fúsum vilja, heldur vegna illrar nauðsynjar. Það er rétt, að sum af styrjaldarmarkmiðum okkar eru í svip þau sömu og þeirra, en þessar tvær veraldir munu aldrei geta sæst. Hafid hugfast, að þér sem kommúnisti eruð svarinn fjandmaður auðvaldsþjóðfélagsins, sem hefur nú miðstöð sína í Bandaríkjunum. Kommúnismi og kapítalismi geta aldrei sæst!“

Ég gerði mér upp þann alvörusvip, sem hæfði þessu hátíðlega tækifæri. Það var heimskulegt af honum að halda svona barnalega prédikun yfir gömlum flokksmanni. En þessi ræða var líka fyrirskipuð í helgisíðabókinni. Hann fékk laun sín fyrir að halda hana, og hann hafði vafalaust þennan sama dag haldið sömu prédikunina yfir öðrum, sem eins stóð á fyrir og mér.

„Þegar þér komið til Ameríku, verðið þér að halda áfram að taka þátt í flokksstarfi okkar. En munið, að í öllu, sem snýr að bandarískum yfirvöldum, eruð þér ekki og hafið aldrei verið flokksmaður. Þér verðið að halda því fram, að þér hafið ekki neinn áhuga á stjórnmálum. Í Ameríku starfar kommúnistaflokkur Ráðstjórnarríkjanna leynilega. Þér eigið ekki að taka flokksskírteini yðar með yður, en réttum aðilum mun verða tilkynnt, að þér séuð flokksmaður. Út á við eruð þér verkfræðingur og annað ekki. Er yður þetta ljóst?“

„Já, ég skil það.“

Næsta dag fór ég aftur til aðalstöðva flokksins. Nú voru komin júnílok. Ég var „þveginn og þveginn aftur“, eins og sagt er á ráðstjórnarmáli. Annar embættismaður, ennþá æðri en sá síðasti, beið mín. Tveir aðrir menn voru viðstaddir, og var augljóst, að annar þeirra var lögreglumaður. Lögreglumaðurinn var þrekvaxinn náungi í erlendum fötum með spjátrungslugu sniði. Erlent armbandsúr og erlendum lindarpenni, sem stóð upp úr vestisvasa hans, sýndu, að hann var nýkominn heim frá eyðimörkum auðvaldsins, ef til vill frá Lundúnum eða Washington.

„Félagi Kravtsjenko, miðstjórnin hefur staðfest skipan yðar til að starfa í Bandaríkjunum,“ sagði hann kaldranalega. „Er yður alveg ljóst, hve mikið traust yður hefur verið sýnt?“

„Já,“ svaraði ég.

„Hafið þér lesið leiðbeiningarnar? Skiljið þér, hvaða afleiðingar það hefur, ef þér gerið yður sekan um einhverja skyssu eða slæma hegðun?“

„Jú, ég skal muna það.“

„Besta trygging yðar gegn því að gera skyssur er bolsévikaárvekni og fullkomin einlægni gagnvart okkar elskaða flokki.“

„Já, auðvitað. Ég skil það.“

„Þér ferðist nú til þess lands, þar sem auðvaldsstefnan er rángjörnuð og hefur náð mestum þroska. Gagnnjósnir leyniþjónustu Bandaríkjanna eru lævislegar og ekki hægt að komast undan þeim. Ef til vill munuð þér verða hvattur til að svíkja land yðar. Innfæddir auðvaldssinnar og flóttamennirnir munu ekki telja eftir sér neina fyrirhöfn til að gera yður hneisu. Blöð auðvaldssinna og gagnbyltingarmanna, sérstaklega blöð Hearsts og McCormicks, munu reyna að spilla trú yðar. Trúið ekki þeim, sem látast vera vinir lands okkar. Margir þeirra eru hættulegri en opinberir fjanðmenn. Á síðustu tímum hefur það komist í tísku hjá sumum útflytjendum, ekki aðeins hinum frjálslyndu, heldur einnig meðal keisarasinna, að sleikja skó okkar. Treystið þeim ekki. Sá, sem einu sinni hefur skipt um skoðun, er alltaf reikull í rásinni. Sama er að segja um bankamenn, verksmiðjueigendur og aðra auðvaldssinna, sem fylgja hinni nýju tísku að dást að Ráðstjórnarríkjunum. Aðdáun þeirra er ekki eyris virði. Hún getur hvenær sem er snúist upp í svik.“

Ég skaut við og við inn orði til að sýna, að ég skildi, hvað hann fór, og væri honum sammála. Ég var sífellt að velta því fyrir mér, hvenær þessum skrípaleik yrði lokið. En prédikunin hafði ekki náð hámarki sínu. Þegar hann hafði lokið við að ræða um njósna stjórnarinnar, útflytjenda-skynskiptingana og hina fláráðu kápítalista, kom hann að þeirri hættu, sem hann hafði mestan áhuga á. Með ein-kennilega ástríðuþrunginni rödd tók hann að vara mig við auðvaldsgildrunum, næturlúbbunum og hinum blíðlyndu konum.

„Þessir hlutir eru upplausnareinkenni burgeisálfsins, félagi Kravtsjenko, en þrátt fyrir það eru þeir freistandi. Ég veit“ — augu hans skutu neistum, og rödd hans varð lostafull — „ég veit, að erindrekar auðvaldsins munu reyna að ná til yðar á allan hugsanlegan hátt.“

Ég var ekki fyrr laus við hann en ég lenti í hægindastól þriðja prédikarans. Deild hans var sýnilega iðnfræðilegri, og hann ræddi meira um skyldur mínar og möguleika sem verkfræðings en um freistingar þær, sem ég yrði fyrir sem karlmaður. Hann sagði, að ein helsta skylda mín væri að safna öllum mögulegum upplýsingum fjárhagslegs eðlis og — ef unnt væri — hernaðarupplýsingum. Ég yrði að temja mér að muna tæknileg atriði, fyrirkomulag verksmiðja í öllum þeim bæjum, sem ég

kæmi í, framleiðsluaðferðir, nýjar vélaupppfinningar, nýjar tæknilegar aðferðir, allt, sem okkur væri ókunnugt um.

„Þér eigið að vera augu og eyru lands okkar í Bandaríkjunum. Þegar þér komið til Washington-borgar, skuluð þér snúa yður til félagi Serovs. Afhendið honum litla kortið, sem þér fáið, þegar þér afhendið félagsskírteini yðar. Hann veit allt um yður. Fylgist þér með?“

„Algjörlega.“

„Og svo ennþá eitt: Talið ekki um, að þér séuð á förum til útlanda. Þér megið aðeins segja það þeim vinum yðar, sem þér álítið áreiðanlega í stjórnmálalegu tilliti.“

Ég vissi ekki, hvers vegna sending nýs fulltrúa til þess að semja um kaup í Bandaríkjunum væri leyndarmál. En auðvitað gerði ég mig ekki sekan um barnalegar spurningar. Áður en ég fór úr húsinu, skilaði ég flokksskírteini mínu og fékk í stað þess lítið kort. Mér fannst ég vera skoplegur, næstum því nakinn án flokksskírteinisins. Rétturinn til að eignast það hafði eitt sinn staðið fyrir sjónum mínum sem fagur draumur. Nú afhenti ég það, án þess að mér þætti nokkuð fyrir því — ég var orðinn tilfinningalaus gagnvart stjórnmálaráknum. Í hermálaráðuneytinu afhenti ég herþjónustuskjöl mín og var opinberlega leystur undan öllum tegundum herskyldu.

Í utanríkisviðskiptaráðuneytinu var mér afhent allstór upphæð í innlendri mynt og sérstakir skömmtunarseðlar til kaupa á fatnaði, svo að ég gæti sýnt mig á viðeigandi hátt í hinni úrkynjuðu auðvaldsveröld. Mér var einnig fengið dálítið af bandarískum gjaldeyri, svo að ég stæði ekki uppi peningalaus, þegar ég kæmi til Washington.

Þegar þessum undirbúningi var lokið, fór ég ennþá einu sinni til félaga Lebedevs. Ýmsir aðrir, allir flokksmenn, sem einnig áttu að ferðast til Bandaríkjanna, voru líka staddir þar. Nú, þegar ég hafði stokkið yfir allar tálmanir og drukkið í mig hinar fyrirskipuðu prédikanir, var Lebedev brosandí og innilegur.

„Ég ætla ekki að vera langorður, félagar,“ sagði hann. „Þið eruð allir menn með stjórnmálareynslu. Ég ætla að segja ykkur smásögu.“ Með mörgum orðum og augljósri ánægju sagði hann sögu um ráðstjórnarsendimann, sem sendur hafði verið til Ameríku, en því miður ekki verið eins varkár og hann hafði vonast eftir, að hann myndi verða. Svo sýndist sem þessi ólánsmaður hefði lent í greipunum á bandarísku leyniþjónustumönnunum. Sem betur fór var Rússinn nægilega skynsamur til að skýra ræðismannsskrifstofunni frá því, hvernig komið væri, og var honum því bjargað á síðustu stundu.

Við kinkuðum allir kolli til merkis um, að við skildum, hvað hann væri að fara. Við skyldum áreiðanlega gæta okkar fyrir fúlmennsku bandarísku leyniþjónustunnar.

„Aðeins eitt viðvörunarorð enn, og ég hef lokið máli mínu, félagar. Sumir ykkar fara burt, án þess að konur ykkar séu í för með ykkur. Í Ameríku verður nóg að borða og drekka. Þar er fölsk velmegun, sem brátt mun leiða til nýrrar kreppu. En hvað sem fyrir kemur, þá vitið þið, hvernig fer fyrir veðhlaupahesti, þegar hann

étur of mikið af höfnum.“ Þegar hér var komið, drap hann tittlinga lævíslega, og við hlógum virðingarfullt til samþykkis, þó að margir okkar skildu kaldranaháttinn í orðum hans. „Það er rétt, hann fer að hneggja. ... Varið ykkur á bandarískum stúlknaftum.“ Hann lyfti fingrinum í viðvörunarskyni. „Já, ef þið lendið í slagtogi með auðvaldsstúlkunum, munið þá, að ég hef varað ykkur við.“

Hann hætti gamanseminni og setti nú fram alvarlegar hótanir. Hann sagði, að Bandaríkjamenn væru aðeins bandamenn okkar í svip. Orðtak okkar ætti að vera: varkárni og árvekni. Að því kæmi, að þessari vináttu yrði slitið, mótsetningarnar, sem skildu okkur að, myndu láta til sín taka. „Lærið allt, sem þið getið, takið eftir öllu, — en gefið ekkert í staðinn.“

Þegar ég fór heim, hafði ég í brjóstvasa mínum litla, rauða bók, sem var vegabréf Ráðstjórnarríkjanna handa þeim, sem fóru til annarra landa. Eins og á stóð var ekki hægt að hugsa sér jafneftirsóknarvert skjal. Ég var sífellt að þreifa á henni til þess að fullvissa mig um, að þetta væri ekki ímyndun. Írína beið mín heima. Hún sá strax á svip mínum, að allt hafði gengið að óskum. Ég vissi, að hún barðist við gráttinn.

Hún hafði enga hugmynd um hið mikla leyndarmál mitt. Besta vörn hennar, það eina góða, sem ég gat gert henni í staðinn fyrir ást hennar, var að láta hana ekki hafa hugmynd um fyrirætlanir mínar.

„Þetta er bráðabirgðastarf,“ sagði ég með kökk í hálsinum. „Ég verð að heiman í aðeins nokkra mánuði, í hæsta lagi í eitt ár.“

Þar eð ég vissi með sjálfum mér, að ég myndi ef til vill aldrei framar sjá land mitt og þjóð, horfði ég á hvort tveggja dagana fyrir brottför mína með eins konar of snemmborinni heimþrá. Ég reyndi að festa myndir þeirra óafmáanlega á nethimnu sálar minnar.

Auðvitað voru tugir vina, sem mig fýsti að sjá, áður en ég færi. En hin fjarstæða launung, sem var yfir ferð minni, gerði mér erfitt fyrir um þetta. Ég hætti þó á að fara í kveðjuheimsókn til félaga Mísha og annarra manna, sem voru mér nákomnir.

Ég reyndi að láta sem ekkert væri, þegar ég kvaddi þá, til þess að vekja ekki hjá þeim grun um ákvörðun mína. Þegar ég sýndi þeim vegabréf mitt, stórðu þeir á mig undrunaraugum. Að yfirgefa landið, að sleppa frá „hinu farsæla lífi“ Stalíns, jafnvel þótt ekki væri nema um stutta stund, var það erfiðasta og jafnframt það öfundsverðasta, sem hægt var að öðlast.

Einn af þeim trúnaðarvinum mínum, sem ég heimsótti og sýndi litla, rauða töfragripinn minn, var efnafræðingur, sem gegndi mikilvægu embætti hjá stjórninni. Hann var einn þeirra manna, sem ofsóttir höfðu verið við hreinsunina miklu, en síðar fengið „uppreist æru“. Þrátt fyrir „játningu“ þá um samsekt í skemmdarverkafyrirætlunum, sem hann hafði undirritað í sambandi við hin miklu málaferli í Moskvu, hækkaði hann fljótt í tigninni meðal hinna æðstu embættismanna, eftir að honum hafði verið sleppt úr fangelsinu. Nú var brjóst hans þakið heiðursmerkjum, sem hann hafði fengið fyrir ágæta þjónustu í styrjöldinni. Hann þrýsti hjartanlega

hönd mína, næstum öfundsjúkt, að því er mér virtist, og hélt henni lengi í sterkum greipum sínum.

„Ég óska þér til hamingju, Vítja! Þú ert einn á meðal hundrað þúsunda! Ef ekki væri vegna konu minnar og barna, þá myndi ég sjálfur finna upp einhverja átyllu til að komast til útlanda. ... Þú munt sjá furðulega veröld fyrir utan landamærin, veröld, sem er okkur að mestu ókunn.“

Hann þagnaði andartak og hnyklaði brýnnar, eins og hann væri að reyna að taka ákvörðun um eitthvað. Því næst sagði hann allt í einu:

„Við skulum aka heim í íbúð mína. Við skulum drekka skilnaðarskál og ... já, ég hef þörf á að leysa frá skjóðunni. ...“

Hann gerði það. Hafði hugsunin um brottför mína til fjarlægs lands sett í hann kjark? Gat hann ekki lengur verið einn með tærandi hugsanir sínar? Hver sem ástæðan hefur verið, sagði hann mér þetta síðdegi frá ýmsu, sem enginn Rússi með fullu viti talar upphátt um í landi mínu.

„Vítja, þessir asnar halda, að þeir hafi keypt mig með þessum glitrandi orðum. En þar skjátlást þeim. Ég legg hart að mér, svo að sigur geti unnist yfir Þjóðverjum. Ég er Rússi frá hvirfli til ilja. En ég hef hvorki gleymt né fyrirgefið þeim árlangar pyndingar. Að vísu er ég á leið upp á við. Þeir þarfnast manna, sem kunna eitthvað. Jafnvel ég, fyrrverandi fanginn, er vegna dugnaðar míns settur í háar stöður. Ef til vill verð ég þjóðfulltrúi einn góðan veðurdag. Það er alls ekki ómögulegt. En ég hef engu gleymt, engu! Ég man hverja kvalamínútu, hverja háðung, og ég gæti þessara endurminninga sem dýrmættra fjársjóða, þar til dagur hefndarinnar rennur upp. Ég var pyndaður í marga mánuði, áður en ég undirritaði þessa svívirðilegu lygajátningu. Ég var lengi einsamall í haldi í dimmum, rökum kjöllum og hafði ekki aðra hjá mér en stórar rottur. Veistu, vinur minn, hvað það er að verða fyrir pyndingum? Nú skal ég segja þér ...“

„Nei, Gregoríj, hættu!“ bað ég. „Aðrir hafa sagt mér nægilegt. Til hvers skyldir þú vera að ýfa gömlu sárin þín?“

„Þau hafa aldrei gróðið, Vítja. Ég hef haldið þeim opnum. Ég hef aldrei leyft þeim að gróa. Á hverjum degi rís ég úr rekkju með bölbænrir á vörunum. Og á kvöldin geng ég til náða með sömu bölbænrirnar á vörunum. Ég hef aldrei sagt neinum frá þessu, en ég get ekki lengur þagað um þessar hræðilegu endurminningar.“

Þú hefur heyrt sagt frá ljóspyndingunum, en ég hef orðið fyrir þeim. Maður er látinn sitja í herbergi með björtum rafmagnsperum, sem skína beint í augun á honum, og ekki leyft að sofna. Ef hann lokar augunum, þá vekur varðmaðurinn hann með barsmíðum. Einu sinni sat ég þannig í 72 klukkustundir, svefnlaus, matarlaus og fékk ekkert að drekka. Mér fannst allan tímann eins og ég þyrfti að selja upp, og augun í mér brunnu eins og glóandi kol. Og þegar þessum pyndingum lauk, var ég yfirheyrður aftur af óþreyttum kvalara.

Já, þeir eru vitrir, þessar „sósíalísku“ ófreskjur. Þeir vita, hvernig þeir eiga að fara að til þess að knýja fram játningar, sem gefnar eru „af fúsum vilja“. Ég er viss um,

að Gestapo Hitlers getur ekki kennt okkur neitt. Sultur, þorsti, hiti, kuldi — þau búa til dásamleg tilbrigði um þessi stef, pyndingaklefatónskáldin okkar. Í fangelsinu, sem ég var í, var einn af yfirmönnum NKVD, sem bjó fórnardýr sín undir yfirheyrslur á sérstakan hátt. Hann gaf þeim saltan mat, eins og til dæmis síld, og neitaði þeim því næst um vatn. Þegar hann var reiðubúinn að taka þá til meðferðar, voru þeir orðnir hálfgeðveikir af þorsta. Á meðan hann yfirheyrði þá, drakk hann í sífellu kalt vatn eða öl í löngum teygum í auglýsningu hinna þjökuðu fanga.

Mér er kunnugt um játningar, sem menn hafa gert eftir að hafa hangið uppi á höndunum í 24 klukkustundir. Mér er kunnugt um eitt dæmi, þar sem hárið á fanga var slitið upp með rótum, ásamt tætlum af hársverðinum. Já, þeir eru duglegir, pyndingameistararnir okkar. Þeir vita, hvenær þeir eiga að valda líkamlegum sársauka og hvenær þeir eiga að nota hægvirkar tegundir pyndinga, sem fá á taugar manna.

Já, þeir börðu mig líka, ekki einu sinni, heldur hundrað sinnum. Að lokum kom það hræðilegasta af öllu. Það er sá hluti reynslu minnar, sem ég hef aldrei sagt neinum frá að undantekinni konu minni. Það var ekki hægt að komast hjá því, að hún fengi vitneskju um það. Nótt eina var ég barinn í pyndingaklefanum með löngum, votum dulum. Það stóðu þrír menn að barsmíðinni. Fyrst klæddu þeir mig úr hverri spjör og börðu mig í andlit og yfir nýrun. Því næst var mér kastað upp á borðið. Tveir þessara slátrara héldu mér, meðan sá þriðji sló með votri dulunni af öllu afli á lærin á mér ... á kynfæri mín. Hugsaðu þér þá mestu þjáningu, sem þú getur gert þér í hugarlund, hugsaðu þér hana aukna milljón sinnum, — þá getur þig ef til vill grunað, hversu mjög ég þjáðist. Þessir óþokkar voru ekki heilbrigðir, þeir höfðu breyst í ófreskjur.“

„Hættu, Gregoríj, hættu,“ hvíslaði ég.

„Ég var meðvitundarlaus í marga daga. Þegar ég raknaði úr rotinu, lá ég í fangelsissjúkrahúsinu. Mér fannst ekkert skipta neinu máli framar. Ég furðaði mig á, hvers vegna og hvernig ég hafði veitt þeim mótspyrnu svona lengi. Ég ásaðaði sjálfan mig fyrir að hafa verið svona mikill skýjaglópur. Ég undirskrifaði öll þau skjöl, sem þeir lögðu fyrir mig, án þess að líta á þau eða hirða um, hvers konar skjöl það væru. Þegar þeir slepptu mér, var ég konu minni einskis virði. ... Og þessir asnar halda, að þeir hafi greitt skuld sína við mig með nafnbótum og orðum. Þeir telja sér í raun og veru trú um, að ég hafi gleymt! Því herra sem ég kemst í þjónustu þeirra, því nær sem ég kemst hásætinu í Kreml, því meira hata ég þá og bölvu þeim og því meira þyrstir mig í hefnd.“

Næstu mánuði, þegar ég var kominn til Ameríku, neyddist ég stundum til að hlusta á menn þvaðra um „hina nýju menningu“ í Ráðstjórnarríkjunum, um „sósíalisma“ okkar og um „efnahagslegt lýðræði“, sem ríkti hjá okkur. Þegar ég hlustaði á þetta, varð mér stundum á að hugsa um, hvað gert hafði verið við Gregoríj. Þá varð ég gagntekinn af eins konar ógleði og varð að flýta mér að hugsa um eitthvað annað, eitthvað þægilegt, til þess að selja ekki upp.

Annað stefnumót frá þessum síðustu dögum mínum í Moskvu er mér í fersku minni. Ég þori því miður ekki að nefna nafn mannsins. Það verður að nægja, að hann er einn af áhrifamestu kommúnistunum og á góða að á hæstu stöðum. Það verður að nægja að segja, að ég hafi eitt sinn lagt líf mitt í hættu til þess að bjarga honum og hann hafi ekki gleymt því. Ég áleit, að það væri réttast að kveðja hann ekki, en hann hafði heyrt um fyrirhugaða ferð mína og hringdi til mín. Við komum okkur saman um að hittast eins og af tilviljun í litla garðinum á móti Bolshoj-leikhúsinu við Nýja leikhústorgið.

„Það er þá allt komið í lag, og þú ferð í raun og veru?“ sagði hann, þegar við vorum sestir á bekk í garðinum. „Ég óska þér til hamingju! Ég óska þér til hamingju!“

„Ég áleit réttast að fara ekki í neina kveðjuheimsókn til þín,“ sagði ég. „Ég vissi, að þú myndir skilja mig.“

„En mér fannst ég verða að tala við þig, Víktor Andrejevítsj. Ég veit, hvernig þú lítur á ástandið. Þú hefur að vísu aldrei sagt mér það berum orðum, en ég veit það. Það er þess vegna, sem ég vildi hitta þig og vara þig við. Hér þegjum við. En erlendis ertu í sífældri hættu að koma upp um tilfinningar þínar. Frelsið er áfengt. Þér finnst þú vera öruggur, og einn góðan veðurdag talar þú ef til vill meira en hollt er. Þá muntu skyndilega verða kallaður heim undir einhverju yfirsíni, sem ekkert er athugavert við, ef til vill aðeins til að taka þátt í einhverjum umræðum, og þegar þú ert kominn heim — þá er úti um þig!“

Láttu umfram allt hið nýja umhverfi ekki vekja hjá þér óraunhæfa öryggistilfinningu. Hafðu það ætíð hugfast, að þar ertu alltaf umkringdur af ennþá fleiri njósnurum og uppljóstrunarmönnum en hér heima. Ef þú hefur þessa staðreynd sífellt í huga, þá mun ekkert illt koma fyrir þig. Allt stjórnarfyrirkomulag okkar hvílir á njósnum og hvatningum til uppljóstrana. Fyrirkomulagið nær ekki aðeins til útlanda, heldur hefur það verið styrkt þar. Það verður lævislegra og fullkomnara með hverjum degi sem líður. Húsbandur okkar vita, að við felum raunverulegar hugsanir okkar undir skelinni, erum eins konar andlegir sniglar. Og þeir sækjast eftir að brjótast inn í þetta innsta afdrep. ...

Hér heima geri ég ráð fyrir að fimmti hver maður í sérhverri skrifstofu sé njósnari, sem vinnur fyrir einhverja af hinum svonefndu eftirlitsstofnunum. Þar, sem þú ferðast, mun hlutfallið vera nær því, að þriðji hver maður sé njósnari. Og það eru ekki einungis Rússar. Við höfum fjölda launaðra Vesturheimsmanna í þjónustu okkar, auk þeirra, sem ekki þarf að greiða, vegna þess að þeir njósna vegna málefnsins. Þú munt verða spurður sakleysislega spurninga, og það verður reynt að fá þig til að tala hreinskilnislega, til að kvarta. Erindrekarnir munu gera athugasemdir við það, sem þeir hafa lesið í blöðunum eða hlustað á í útvarpinu, til þess eins að fá þig til að koma upp um þig.“

„Ég held, að ég þekki fyrirkomulagið, vinur minn, og ég skal vera varkár. En ég er þér samt þakklátur fyrir viðvörun þína!“

„Það mun verða njósnað um þig hvaðanæva frá, Víktor Andrejevítsj. Margir munu óttast þig og velta því fyrir sér, hvort þú sért ekki líka njósnari. Það eru hin djöfullegu hyggindi við fyrirkomulag okkar, að enginn maður þekkir bróður sinn. Ég veit, hve þreyttur þú ert á öllu þessu, en ef þú óskar að halda lífi, er ekki nóg, að þú skiljir viðvaranir mínar, þú verður að hafa þær á tilfinningunni, svo að þær renni þér í merg og blóð. ...“

Við skildumst. Þegar mér síðar kom hann í hug, sá ég alltaf fyrir hugskotssjónum mínum þennan einkennilega atburð í garðinum. Ég sá, hve vandlega hann dró niður hattbarðið, hvernig hann reyndi að byrgja höfuðið með frakkakraganum, til þess að hann þekktist ekki. Mér finnst þessi vinur minn eins konar undrabarn — fullkomlega heiðarlegur, ástúðlegur Rússi, sem hefur ekki einungis lifað af hreinsarnirnar, heldur situr brosandi og starfsamur meðal hinna völdugu.

Írína var sú eina, sem kom til Kazan-járnbrautarstöðvarinnar til þess að kveðja mig. Ég huggaði hana og reyndi að telja í hana kjark. Með sjálfum mér grét ég, þar eð ég vissi það, sem hún hafði ekki grun um — að þetta væru síðustu fundir okkar. Þessi hugsun fyllti mig örvæntingu. En hvað gat ég sagt við hana? Ekkert. Það var miklu betra að láta hana ekki vita neitt. Brottförin vakti ekki neina gleði hjá mér — aðeins nístandi sársauka, og ég var gagntekinn af ólýsanlegri sorg. Það var ekki mér að kenna, að ég varð að yfirgefa land mitt. Það var spillt og ómannúðlegt stjórnarfar, sem átti sök á því. Það eina, sem ég gat gert fyrir sárþjáða þjóð mína, var að flýja og reyna að segja umheiminum allt, sem ég vissi, og segja það eins vel og mér var unnt. Rússneskur uppruni minn krafðist þess af mér. Það var rökrétt afleiðing af öllu lífi mínu.

Ég var í klefa með gráhærðum, hæglátum manni, gáfulegum í útleti og með vingjarnleg augu. Við tókum tal saman með tortryggni ráðstjórnarþegnsins, án þess að segja nokkuð um sjálfa okkur. Við skiptum með okkur nesti okkar, við ræddum um styrjöldina. Hann spurði mig vingjarnlega, hvert ég væri að ferðast, og ég svaraði honum, að ég ætlaði til Vladívistok. Svar hans við sömu spurningu frá mér var ennþá óákveðnara. Hann bandaði frá sér hendinni og kvað ferð sinni heitið „yfir Úral“.

Um nóttina var drepð á dyr hjá okkur. Inn kom vel klæddur NKVD-foringi. Ég fékk allt í einu hjartslátt af ótta. Þó að skynsemi mín væri sannfærð um, að ég væri í raun og veru á ferð frá Ráðstjórnarríkjunum, voru taugar mínar ennþá vantrúaðar og á verði.

„Má ég líta á vegabréfin!“ sagði lögregluforinginn kurteislega.

Ég rétti honum úr efra rúminu vegabréf mitt. Hann rannsakaði það nákvæmlega, bar saman ljósmyndina og frummyndina og rétti mér aftur litlu bókina með stuttri kveðju. Mér til mikillar furðu rétti nýi kunninginn minn honum sams konar vegabréf til útlanda. Við ætluðum báðir til útlanda, við höfðum báðir logið — og vorum nú báðir vandræðalegir.

„Segið mér, Víktor Andrejevítsj,“ sagði hann, þegar lögregluforinginn var farinn, „hvers vegna erum við að ljúga hvor að öðrum? Hvers vegna þurfum við að óttast hvor annan? Við erum landar, eigum báðir sameiginlega kunningja og þekkjum sömu staðina, og þó erum við hræddir hvor við annan. Ég hef engan áhuga á stjórnmálum. Ég er á leið til Ytri-Mongólíu til þess að kaupa nautpening handa landi okkar og sjá um innflutning á kjöti. Dularfyllra er það ekki. Mér þykir leitt, að ég skuli hafa skrökvað.“

„Og ég er á leið til Bandaríkjanna,“ sagði ég, „til að aðstoða við val á málmvörum handa landi okkar samkvæmt láns- og leigulögunum. Fyrirgefið mér, að ég laug að yður! Ég blygðast mín líka fyrir það!“

„Það er ekkert að fyrirgefa, við erum undir sömu sökina seldir. Þessi eilífa tor-tryggni. ... Þetta barnalega pukur ...“

Gripakaupandinn fór úr lestinni, þegar við komum yfir Úralfjöll, til að skipta um lest. Í stað hans kom brátt stór maður í leðurfrakka, með þykka skjalatösku undir hendinni. Hann var hávær, umsvifamikill og þóttafullur. Það var auðséð, að þetta var maður, sem vanur var, að honum væri þjónað og hlýtt án tafar. Á eftir honum kom ungur maður í einkennisbúningi, en án tignarmerkja, með skammbyssu við belti. Hann bar farangur stóra mannsins og var önnur kafinn við að hagræða öllu fyrir yfirmann sinn. Þetta var algeng sýn: háttsettur stjórnarembættismaður og þjónn hans.

Ég sá strax, að nýkomni maðurinn var félagi Borodín, fyrrverandi formaður framkvæmdanefndar Stalínsgarðsumdæmisins. Þegar hann fór úr yfirfrakkanum, sá ég, að hann bar á brjóstinu einkenni félaga Æðsta ráðsins og Lenín-orðuna. Hann var með ístru og lítil, kænleg augu í kaldranalegu, tjáningalausum andliti. Holdugar hendur hans voru vandlega snyrtar. Félagi Borodín tók skammbyssu upp úr vasa sínum og lagði hana á áberandi hátt undir kodda sinn. Það átti ekki að vera hægt að efast um vald hans og mátt. Því næst lét hann svo lítið að athuga nýja samferðamanninn.

„Hef ég ekki séð yður einhvers staðar áður?“

„Jú, félagi Borodín, í Sovnarkom. Ég hef verið viðstaddur margar ráðstefnur þar, sem þér hafið tekið þátt í. Ég heiti Kravtsjenko, Víktor Andrejevítsj Kravtsjenko.“

„Það er ágætt. Hvert eruð þér að fara?“

„Til Bandaríkjanna, til Washington-borgar.“

„Jæja! Það er mjög fróðlegt. Það eru sniðugir og hraustir djöflar, þessir Bandaríkjamenn. Við verðum að kynnast þeim vel. Það fer vel á því, að iðnaður þeirra hjálpar okkur.“

Borodín var í embættisferð á leið til Altaj-héraðs. Hann hafði byrjað ferð sína í flugvél, en neyðst til að lenda vegna „hósta og snökts í vélinni“, eins og hann orðaði það, og nú sniglaðist hann áfram með lestinni. En sem betur fór hafði hann tekið með sér heimlikið af mat, og auk þess ætlaði hann að kanna, hvað matarvagninn

hefði að bjóða. Þetta myndi áreiðanlega verða ánægjuleg ferð fyrir okkur. Spilaði ég á spil? Þætti mér ef til vill gott að fá mér „svólítið neðan í því“?

Einkennisklæddi þjónninn, sem Borodín kom fram við eins og hann væri þræll, opnaði mal, sem var troðfullur af góðum matvörum, og framreiddi ágæta máltíð. Ég lét undan áleitnu boði hans um að taka þátt í óhöfsmáltíðinni, en krafðist þess að fá að leggja til mat af mínum birgðum. Auk þess framreiddi hinn stimamjúki stjórnandi matarvagnsins, sem var heillaður af náðarsamlegri viðurvist Borodíns, hátíðlegan kvöldverð fyrir okkur og nokkra aðra mikilsverða farþega, þar á meðal einn hershöfðingja og einn sjóliðsforingja, á hverju kvöldi, eftir að búið var að loka matarvagninum hans fyrir venjulegum dauðlegum mönnum.

Milli máltíða komum við saman í einhverjum klfanum. Spiluðu þá sumir á spil, en allir tóku þátt í slitróttum umræðum um styrjöldina, landslagið, hvaða vintegund frá Kákasus væri best og önnur álíka mál. Þegar við settumst að kvöld-boðinu, brást ekki, að Borodín drykki hátíðlega skál okkar ástsæla læriföður og foringja. Hið eina, sem skyggði á ferð okkar, var, að við sáum við og við hálfnakin flökkubörn á járnbrautarstöðvunum. Á einni járnbrautarstöðinni kastaði Borodín nokkrum vel nöguðum kjúklingabeinum út um gluggann. Hungruð börn steypu sér strax yfir þessar krásir og slógust grimmilega um hvern bita. Það fór skuggi yfir andlit Borodíns, augu hans drógust saman og urðu að mjóum rifum, og hann muldraði eitthvað um hina hræðilegu styrjöld. Þetta kom illa við hinn vambmikla „öreigaleiðtoga“.

En þó gaf hann þjóni sínum fyrirskipun um að gefa þessum heimilislausu börnum dálítið af brauði. Því næst dró hann niður gluggatjöldin og lauk við kalda kjúklinginn. Okkur var sagt, að með lest okkar væru mikilsverðir erlendir gestir. Var það sendinefnd frá ensku verkalyðsfélögunum undir forystu Walters Citrines. Hún ferðaðist í sérstökum vagni ásamt ýmsum ráðstjórnarembættismönnum og túlkum, fékk mat sinn frá sérstöku eldhúsi og var á annan hátt vernduð frá því að komast í bein kynni við raunveruleikann í Ráðstjórnarríkjunum. Það var þó ekki hægt að koma í veg fyrir, að gestirnir sæju soltnu, heimilislausu börnin og hið illa klædda, magra fólk á sumum járnbrautarstöðvunum. Ég vonaði aðeins, að Sir Walter og samlandar hans fengju grun um hinn beiska sannleika við að sjá þessar dapurlegu sýnir.

Óslitinn straumur af vöruflutningalestum með birgðir og hergögn á leið vestur til vígvallanna mætti okkur. „Láns- og leiguvörur!“ hrópaði Borodín oft, þegar ný lest brunaði framhjá gluggum okkar. „Dásamleg bandarísk uppfinning!“ samsinnti herforinginn. Því nær sem við komum Vladívostrók, því stórkostlegri varð þessi straumur bandarískra vara.

Það leið ekki á löngu, uns félagi Borodín gekk út úr lestinni með auðmjúkan þjóninn á eftir sér, sem reikaði undir hinu þunga hafurtaski. Stjórnandi matarvagnsins andvarpaði af hugarlétti, svo að allir heyrðu. Ég heyrði ekki, hvað hann muldraði, en ég er viss um, að ég gat mér rétt til um það. Rúm það, sem losnaði í klefa mín-

um, var tekið til notkunar af öðrum manni úr ráðstjórnaraðlinum, sem var jafn-
vel fódraður og ekki síður þóttafullur en fyrirrennari hans, en talsvert kyrrlátari.
Það kom í ljós, að hann var yfirmaður umdæmisdeildarinnar í listamálefnum og
ferðaðist í „menningarerindum“ til Úlan-Úde í Mongólska lýðveldinu.

Ég var mjög taugaóstyrkur á leiðinni. Sérhver rannsókn á skjölum mínum — og
þau voru oft rannsökuð — kom hjarta mínu til að berjast af ástæðulausum ótta.
Ég svaf illa, og þegar mér loks rann í brjóst, dreymdi mig, að NKVD-glæpamenn
væru að draga mig út úr lestinni. Undir einni þessari martröð dreymdi mig, að
einhver hvæsti inn í eyra mér: „Þú hélt þá, að við vissum það ekki. ... Þú hélt
þá, að við létum þig sleppa frá okkur. ...“ Ég leit í kringum mig, sá, að þetta var
Gershgorín og vaknaði í köldu svitabaði. Í Vladívestok fór ég inn í Intourist-gisti-
húsið. Hljómsveit lék í sífelli hávær danslög. Þar voru gnægðir af víni og öli, og
starfskonur NKVD voru önnum kafnar við störf sín. Ég kom á hið frjálsa sölutorg,
þar sem matur og föt voru seld á svartamarkaðsverði í ríkari mæli en ég hafði séð
nökkurs staðar annars staðar í Ráðstjórnarríkjunum. Mikið af þessum vörum var
sýnilega frá Ameríku.

Þeim hafði auðsjánlega verið stolið úr láns- og leigusendingunum eða þær fluttar
inn af rússneskum sjómönnum. Ég sá skrautlausa kvenskó selda fyrir 3.000 rúblur.
Ég sá kíló af fleski selt fyrir 1.200 rúblur. Litlar niðursuðudósir með marglitum
bandarískum vörumiðum voru seldar fyrir 200 rúblur eða meira.

Í Vladívestok var líf og fjör. Alls staðar sáust sjóliðar og óbreyttir sjómenn, og
bryggjurnar svignuðu undir haugum af bandarískri matvöru og hernaðarnauð-
synjum. Bærinn ólgaði af stríðstímaframkvæmdum.

Síðan kom að þeim morgni, er mér ásamt fleirum, sem áttu að ferðast yfir
Kyrrahaf, var ekið í bifreið til tollbúðarinnar við höfnina. Okkur var hleypt einum
í senn með farangur okkar inn í afþiljað herbergi, sem líktist skrifstofu. Þrír
tollgæslumenn, einn í venjulegum fötum, en hinir í einkennisbúningum, rann-
sökuðu nákvæmlega hverja tösku og böggul, leituðu í vösum, rannsökuðu nær-
fatnað og hristu stundum skyrtur og annan klæðnað. Þeir leituðu jafnvandlega
á mér sjálfum. Hverjum vasa var snúið við. Þeir fóru æfðum fingrum um hvern
þumlung fódurs og uppbrota á jakka mínum. Þeir rannsökuðu, hvað væri í veski
mínu, og annar einkennisklæddi maðurinn skrifaði hjá sér nöfn og símanúmer.

Af einhverjum ástæðum urðu þessir sporhundur mjög forvitnir, er þeir fundu
hjá mér umslag, sem í voru tækifærismyndir af ýmsum ættingjum mínum. Þeir
spurðu mig um hvern einstakan mann, sem á myndunum var.

„Og hver er þessi liðsforingi?“ spurði sá óeinkennisklæddi og benti á eina mynd-
ina.

„Konstantín bróðir minn.“

„Hvar er hann?“

„Hann féll á Kákasusvígstöðvunum.“

„Hvers vegna farið þér með svona margar ljósmyndir með yður?“

„Þetta er fjölskylda mín. Það á fyrir mér að liggja að dveljast fjarri þeim öllum.“
„En þér komið aftur til Ráðstjórnarríkjanna?“

Hjartað í brjósti mér tók viðbragð. Ég varð að kyngja munnvatni mínu, áður en ég gæti svarað. En þessi athugasemd var augskýrlega skot í blindni, því að vegabréf mitt var stimplað án frekari viðræðna. Skömmu síðar var ég í raun og veru kominn á skipsfjól á trjáflutningaskipinu *Komiles* og var á leiðinni til Vancouver í Kanada. Það hafa sennilega verið um tuttugu farþegar með skipinu, bæði karlar og konur, og við áttum öll að starfa í Bandaríkjunum.

Þegar ég hafði komið mér fyrir í litlum, þægilegum klefa, sem ætlaður var yfirmönnum, reyndi ég að gera mér grein fyrir hugsunum mínum. Frá þilfarinu sá ég rússnesku ströndina hverfa. Þar sá ég síðast föðurland mitt, þar sem milljónir óhamingjusamra manna stynja undir kúgun stjórnar, sem í skipulagðri og miskunnarlausri harðstjórn á aðeins fáa undanfara, svo að sögur fari af. Til viðbótar við niðurlægingu þessa þrældóms, sem náði til alls, höfðu nú bæst skelfingar styrjaldarinnar.

Hvergi annars staðar í veröldinni var til annað eins sambland af brjóstumkennanlegum þjáningum og harðstjórn í stjórnámálum, hvergi annars staðar var þjáningunum leynt jafnkaldranalega með orðagjálfri um „framfarir“. Ég gat ekki staðið lengi á þilfarinu. Ég var altekinn dapurlegum tilfinningum og hugsunum. Í huganum kvaddi ég dapurlegri kveðju vini mína, fjölskyldu og fortíð. Sárdapur í bragði gekk ég niður í klefa minn til þess að vera einn með hugsanir mínar.

Ákvörðunin um að yfirgefa Rússland, svo að ég gæti notið frelsis til að segja frá hinum beiska sannleika um neyð Rússlands og stjórn málaánað og til að berjast fyrir frelsi þjóðar minnar, hafði þroskast svo hægt innst inni með mér, að ég vissi ekki sjálfur, hvenær hún hafði tekið á sig ákveðna mynd. En hún hafði nú í mörg ár verið ákveðin fyrirætlun, sem aðeins beið hentugs tækifæris. En nú, þegar stundin var komin, var ég gagntekinn af sorg. Ég hafði sársaukafulla vitund um aðskilnað, sem líktist skilnaði á banastund, og mér fannst sem ég væri við jarðarför sjálfs mín. Á þessari stundu elskaði ég land mitt og þjóð af svo ofsalegri tilfinningu, að mér varð næstum um megn.

Ég minntist atburða frá bernsku minni, æsku og fullorðinsárum, hamingjustunda, sem nú, þegar ég var að skilja við þetta allt, var eins sársaukafullt að rifja upp og þjáningarnar og auðmýkingarnar. Ég hugsaði um reynslu mína í fyrstu hungursneyðinni, þegar samyrkjubúskap var komið á, við aðra hungursneyðina, sem varð af mannavöldum, hreinsanirnar, sultinn, kuldann og pyndingarnæturnar í Níkopól. Ég hugsaði um fangabúðirnar, sem dreift var um þvert og endilangt landið, og þá tugi, jafnvel hundruð af nánustu vinum mínum, sem vesluðust upp í fangelsum og þrælabúðum.

Hvar var hin góða og gífuga móðir mín? Hvar var hinn ráðvandi faðir minn, sem var svo ósveigjanlegur og þrautseigur í trúnaðinum við frelsisdrauma sína? Myndu þau komast lifandi úr fangelsisvistinni hjá Þjóðverjunum? Myndu þau

þurfa að þjást vegna ákvörðunar minnar? Og Írína, myndi henni verða refsað vegna athafna minna? Myndi hún geta fyrirgefið mér, að ég lét hana ekki vita neitt um fyrirætlanir mínar? Hvað myndi Evgeníj bróðir minn, sem skipti sér ekki af stjórnmálum, hugsa um flóttu minn?

Vinir mínir og vandamenn, lifandi og dauðir, viljið þið skilja, hvers vegna ég neyddist til að yfirgefa ykkur? Viljið þið skilja, að ég varð að yfirgefa ykkur til að geta verið nær ykkur, til að reyna að tala um ykkur og fyrir ykkur við veröld, sem sundlar af áróðri og er blind vegna þess, að hún trúir því, sem hún óskar að trúa? Þar eð ég sigldi undir fána Ráðstjórnarríkjanna, var ég samkvæmt lögum enn á rússneskri grund. Óeðlileg óró þjáði mig sífellt á vökustundum og raskaði svefni mínum. Loftskeyti, óvarkárt orð í viðurvist einhvers þeirra njósnara, sem vafalaust voru á meðal okkar, jafnvel á þessu litla vöruflutningaskipi, myndi nægja til þess að eyðileggja ástríðuþrungnar vonir mínar og fyrirætlanir.

Við sigldum framhá ströndum Japans. Kvíðafullir horfðum við á tvo japanska tundurspilla í kjölfari okkar og næsta dag á japanska hernaðarflugvél, sem sveimaði í kringum okkur. Nokkrum dögum síðar sáum við land úti við sjóndeildarhring, og okkur var sagt, að þetta væri eyja, þar sem við myndum sennilega sjá Vesturheimsmenn.

Fyrsta sýn lands, sem Bandaríkjamenn höfðu hernumið, vakti mikla ánægju meðal skipshafnarinnar og farþeganna. Þegar við komum nær eyjunni, sá ég fána Bandaríkjanna blakta yfir þyrpingu af nýjum húsum.

Vélbátur kom upp að hlið skipsins. Tveir bandarískir sjóliðsforingjar komu upp skipsstigann og hurfu inn í klefa skipstjórans. Þrír sjóliðar urðu eftir í bátnum, og við söfnuðumst saman við borðstokkinn til að athuga í fyrsta skipti þessa lymskulega auðvaldssinna og „stéttarfejndur“, sem við höfðum verið varaðir svo vandlega við. Þessir hávöxnu, sólbrenndu, brosmildu, ungu menn hæfðu ekki vel í hlutverk hinna hættulegu auðvaldssinna. Margar af ungu stúlkunum meðal okkar voru túlkar í ensku, og við fórum strax að tala við þá.

Þessir bandarísku drengir, sem voru blessunarlega fávísir um það fantahlutverk, sem þeir léku í augum Rússa, lögðu ekki fyrir okkur eina einustu spurningu um stjórnmál. Það var bersýnilegt, að þeir höfðu aðeins áhuga á rússnesku stúlkunum og sá áhugi var laus við öll stjórnmál. Einhver setti grammófón í klefa sínum af stað og spilaði rússneskar plötur fyrir sjóliðana niðri í bátnum. Einn þeirra bað okkur að syngja Svörtu augun, en því miður var enginn söngvari meðal okkar.

Þegar vélbáturinn var farinn, ræddum við um þessi fyrstu sýnishorn Bandaríkjanna. Við vorum öll hrifin. Útlit ungu mannanna, vingjarnleiki þeirra og glaðlyndi var okkur geðfellt. En þá var það, að ofstækisfullur kommúnisti (það er alltaf að minnsta kosti einn slíkra manna í hverjum hóp ráðstjórnarborgara) skvetti köldu vatni á hrifningu okkar.

„Ættum við ekki heldur að hafa hóf á hrifningu okkar, félagar?“ sagði hann

ákveðinni og valdsmannlegri röddu. „Munið, að þessir „geðslegu“ og „elskulegu“ ungu menn eru börn og þjónar fjandsamlegrar auðvaldsveraldar.“

Orð hans kölluðu okkur aftur til veruleikans. Sum af okkur blygðuðust sín einlæglega fyrir að hafa verið staðin að því að falla svona fljótt fyrir þeim freistingum, sem við höfðum verið vöruð alvarlega við.

Á nítjándi degi sáum við strendur Kanada. Kanadískur eftirlitsmaður klifraði á skipsfjöl og heilsaði okkur á vafasamri rússnesku, en með brosi, sem enginn vafi var á, að var einlægt. Brátt vorum við komnir inn í höfn í Vancouver. Eftir tæpar tuttugu mínútur höfðum við lagst að bryggju, án hávaða og uppnáms. Þrír kanadískir tollverðir stigu á skipsfjöl. Einn þeirra var í einkennisbúningi sjóliðsforingja, en hinir tveir voru ekki einkennisbúnir. Við röðuðum okkur upp og sýndum vegabréf okkar. Þeir athuguðu þau mjög lauslega og réttu okkur þau aftur.

Enginn rannsakaði ferðatöskur okkar, enginn sneri við vösum okkar eða leitaði að leyndum skjölum í föðrinu á frökkum okkar. Og það ótrúlegasta af öllu var, að enginn spurði okkur neinna spurninga. Við urðum í stuttu máli ekkert vör við þann ótta við ráðstjórnarborgarana, sem við höfðum búist við að mæta, og ekkert, sem gat réttlætt þá „árvekni“, sem okkur hafði verið lögð svo ríkt á hjarta.

Það leið ekki full klukkustund frá því að við lögðumst að bryggju og þangað til okkur var leyft að fara í land. Jafnvel rétttrúuðustu kommúnistarnir meðal okkar, meðal þeirra félagi sá, sem hafði haldið okkur í skefjum, þegar við létum í ljós hrifninguna á bandarísku sjóliðunum, urðu hissa og í rauninni fyrir vonbrigðum.

Okkur fannst við vera eins og menn, sem hafa tygjað sig með regnhlífum, skóhlífum og regnkápum á sólskinsdegi. Hvar var þessi auðvaldsmenning, sem var svo þrungen stéttafjandskap? Hvers vegna sýndu þeir svona lítinn ugg í vingjarnlegri forvitni sinni? Voru allir þessir menn svona barnalegir eða — og það var þungbær hugsun! — fyrirritu þeir sáðmenn byltingarinnar? Okkur fannst það óraunverulegt, ótrúlegt, næstum óviðeigandi að vera sleppt á land í Kanada svo kæruleysislega og það á styrjaldartímum.

Ræðismaður Ráðstjórnarríkjanna frá San Francisco, félagi Lomakín, safnaði okkur saman í borðsalnum og hélt leiðinlegan, ósannfærandi fyrirlestur um hætturnar í frumskógum auðvaldsins. Vesalings maðurinn var aðeins að gera skyldu sína. Að því búnu var okkur leyft að fara í land. Það voru aðeins tveir verðir við landgöngubruna. Annar var Rússi, hinn Kanadamaður.

Ég nam staðar nokkrar sekúndur, áður en ég steig á land í Vancouver. Ég fann djúpt og alvarlega til mikilvægis þessa augnabliks. Í fyrsta skipti á ævinni var ég kominn út fyrir landamæri föðurlands míns, þrjátíu og átta ára að aldri. Í fyrsta skipti frá því í æsku var ég, eða svo hélt ég að minnsta kosti, fyrir utan skotfæri Stalíns og leynilögreglu hans.

27. kafli: Þegnar Stalíns erlendis

Vancouver. Allt hringsnerist fyrir mér, og hugur minn reikaði víða. Ég var frjáls! Hver var það, sem sagði forðum, að aðeins þeir, sem hefðu verið þrælar, gætu skilið frelsið? Þegar ég gekk niður aðalgötuna ásamt hóp af skipsfélögum mínum, virtist mér sem ég hefði aldrei fyrr séð í einu jafnmarga áhyggjulausa, óttalausa og hamingjusama menn á sama stað.

Það, sem við vorum hrifnust af, voru búðargluggarnir. Þessi gnægð klæðnaðar, matvara og áhalda! Við vorum eins og börn í hringleikahúsi, sem stara og hrópa í aðdáun, þegar þau sjá hluti, sem fullorðnum mönnum þykja hversdagslegir. Þetta er eins og draumurinn um sósíalíska velmegun sé orðinn að raunveruleika, hugsaði ég hvað eftir annað með sjálfum mér. Það er þetta, sem okkur hefur verið lofað í fjarlægri framtíð eftir endalaus röð fimmáraáætлана! En ég var ekki alveg laus við beiskju í hugsunum mínum: þessir menn, bandamenn okkar, virtust vera svo fjarri þjáningum og skelfingum ófriðarins, sem flætt höfðu yfir óhamingjusamt land mitt.

Við fórum í búðir til þess að versla í auðvaldslandi, og voru það hjá flestum okkar fyrstu viðskiptin við auðvaldsheiminn. Var í raun og veru hægt að kaupa allt þetta brauð, allar þessar skyrtur, allt þetta súkkulaði og allt annað, sem við höfðum löngun til? Þetta var á takmörkum hins yfirnáttúrliga. Og okkur fannst verðið hlægilega lágt. Stúlkurnar í hóp okkar pískruðu hrifnar um kjól í einum glugganum. Í Moskvu eða Vladívostrók myndu þær, ef þær á annað borð hefðu getað fengið nokkuð svona skrautlegt og haldgott á styrjaldartímum, með ánægju hafa greitt tvö til þrjú þúsund rúblur, átta til tíu mánaða laun, margra ára sparifé, fyrir hann. Í Vancouver var verðið 14,98 dalir.

Við ákváðum að fara inn í skóverslun. Það var tekið með brosi á móti okkur og okkur boðið kurteislega að setjast í þægilega stóla. „Þetta auðvaldssvín veit, að við erum útlendingar,“ rumdi í einum mannhataranum í okkar hóp, „og hann hagar sér í samræmi við það.“ En við sannfærðumst ekki um réttmæti þessarar athugasemdar, þar eð við tókum eftir, að komið var fram við Kanadamenn af nákvæmlega sömu kurteisi. Afgreiðslumaðurinn, sem var eins vel klæddur og auðvaldsfantur í rússneskri ároðurskvikmynd, kom með mörg pör af skóm ólíks útlits og úr ýmsum efnum, heilt fjall af skóm. Hann virtist furða sig á undrun okkar og verða vandræðalegur við hrifningu rússnesku stúlkanna.

Áhugi minn á þjóðfélagsfræði braust fram.

„Eigið þér þessa verslun?“ spurði ég með aðstoð túlks.

„Nei, ég er aðeins afgreiðslumaður hér,“ svaraði hann hlæjandi.

„Mynduð þér fyrstast við, ef ég spyrði yður, hve há laun þér hafið á mánuði?“

„Alls ekki. Það kemur undir því, hve mikið ég sel. Ég hygg, að það sé nálægt 150 dollurum.“

„150 dalir!“ hrópaði mannhatarinn á rússnesku og gleymdi sjálfum sér andartak. Hann var eins og við að reikna út, hve mörg pör af skóm hægt væri að fá fyrir þá upphæð, með því verði, sem okkur hafði verið sagt frá. „Þetta auðvaldssvín gæti keypt þrjátíu pör af skóm fyrir mánaðarlaun sín.“

Því næst ákváðum við að líta inn í vefnaðarvöruverslun. Skýrtur, hálsbindi, vasa-klútar, peysur, yfirfrakkar og öll hugsanleg önnur vara voru þar til sölu við lágu verði. Okkur fannst það einkennilegt, að kaupendur skyldu ekki gera áhlaup á búðirnar og tæma þær á svipstundu.

Þessir kynlegu auðvaldssinnar létu okkur ekki aðeins allt í té, sem hjörtu okkar girntust, heldur settu það í umbúðir og þökkðu okkur fyrir að fara burt með vör-una þeirra! Við fórum inn í veitingahús með böggla okkar. Eftir því sem ég fékk best séð, veitti enginn okkur eftirför. Ef við gæfum ekki sjálf skýrslur hvert um annað, þá þyrfti enginn að vita, hvar við hefðum verið, hvað við hefðum gert eða hvað við hefðum sagt. Sá matur, sem reiddur var fram fyrir okkur, fullkomnaði hugmynd okkar um gnægðirnar.

Roskinn maður, sem var vel til fara og reykti langan vindil, kom til okkar og kynnti sig, þegar hann heyrði, að við töluðum ákaft saman á erlendu máli. Þetta var eigandi matsöluhússins.

„Þið Rússar eruð að gera út af við Þjóðverjana!“ sagði hann og heilsaði okkur öllum með handabandi. „Ég get fullvissað ykkur um, að Rússar vinna styrjöldina, og bandamenn ykkar ættu að vera ykkur mjög þakklátir.“

Einhver okkar herti sig upp til þess að svara: „Já, það er nauðsynlegt að sigrast á einræði Hitlers.“

„Þér hafið sannarlega rétt að mæla!“ sagði eigandinn. „Ég hef mikla aðdáun á öllum Rússum, þó að ég sé auðvitað á móti kommúnismanum. Þegar öllu er á botninn hvolft, er Stalín líka einræðisherra.“

Það var eins og hellt væri yfir okkur ísköldu vatni. Mannhatarinn leit lengi íbygginn á mig. „Þarna getið þið séð!“ sagði hann á rússnesku. „Fasisti, sem þykist vera vinur okkar, en hatar í raun og veru land okkar.“

Ég ætlaði að fara að taka málstað gestgjafans, en hætti skyndilega við það. Ég var enn á meðal ráðstjórnarborgara. Það voru enn höft á frelsi mínu.

Þegar við komum aftur á skipsfjöl, bárum við okkur saman um varning þann, sem við höfðum keypt, og áhrif þau, sem við höfðum orðið fyrir. Við töluðum langt fram á kvöld um dásemdirnar í þessari ríku, einörðu veröld, sem var harla ólík lífi okkar á styrjaldartímunum. Til þess að tryggja okkur, sögðum við hvert við annað, að allt þetta væri aðeins hið svikula yfirborð, undir því væri eynd, arðrán, úrkynjun og kreppur, sem við samkvæmt okkar stalínsku heimsskoðun vorum viss

um að myndu koma. Við hugsuðum með okkur, að ef til vill væru þær viðvaranir, sem okkur höfðu verið gefnar um kjötkatla auðvaldsins, þrátt fyrir allt ekki mjög fjarstæðar.

Eftir nokkra daga héldum við ferð okkar áfram með járnbrautarlest. Ég gekk gegnum alla lestina til þess að virða fyrir mér farþegana. Jafnvel farþegarnir í almennu vögnunum voru vel klæddir, borið saman við það, sem ég átti að venjast. Ég sá karla og konur, sem sýnilega voru aðeins bændur, skrifstofumenn og verkamenn. Þeir voru allir í leðurskóm og skjólgóðum fötum úr góðu efni. Mér fannst það enn óeðlilegt og hóflaust, að menn gengju svo vel til fara.

Næsta dag kom einkennisklæddur Vesturheimsmaður inn í vagn okkar, ásamt öðrum manni óeinkennisklæddum. Hann leit á vegabréf okkar, rannsakaði þau lauslega og án nokkurs votts um þá tortryggni, sem sjálfsögð var í sambandi við slíka athöfn, og rétti okkur þau því næst aftur með brosi. Okkur hafði verið sagt, að óeinkennisklæddi maðurinn væri tollefirlitsmaður, og höfðum við því tekið ferðatöskur okkar fram og opnað þær upp á gátt. Hann leit fyrir siðasakir lauslega á sumar þeirra og sagði síðan: „Gott og vel, það er í lagi, ykkur er óhætt að loka þeim.“

Við fórum blátt áfram hjá okkur gagnvart svo furðulegu skeytingarleysi og veltum því fyrir okkur, hvort þetta væri ekki gildra. Einstaklingsbundið frelsi gat verið mjög gott, en bar ekki slíkur skortur á aðgæslu vott um stjórnleysi og ringulreið? Þessir tveir menn stóðu við í klfanum í nokkrar mínútur, þar eð þeir höfðu gaman af að hitta Rússa. Síðan óskuðu þeir okkur góðrar ferðar og gengu broshýrir leiðar sinnar. Ég hafði af einhverjum ástæðum gert mér í hugarlund, að það væri erfitt og tímafrekt að komast inn í Bandaríkin, til þess þyrfti vandlega rannsókn og ef til vill yfirheyrslur fyrir luktum dyrum.

Lestin nam stundarkorn staðar í bæ, sem nefnist Buffalo, og notuðum við auðvitað tímann til þess að skoða bæinn. Ég kannaðist við nafnið Buffalo, sem ég hafði séð á vélum í rússneskum verksmiðjum, og horfði með aðdáun á háu húsin í bænum, hreinlætið þar og hve allt var skipulegt. Ýmsir af íbúunum í Buffalo námu staðar til þess að tala við okkur, en okkur til mikillar undrunar spurði enginn þeirra neinna spurninga fjárhagslegs eða stjórnmálalegs efnis. Við þurftum langan tíma til að venja okkur við að umgangast menn, sem voru svo afskiptalausir gagnvart stjórnmálum og hugtaksfræði.

Mér fannst ferðin til Washington-borgar mjög skemmtileg. Ég hafði brennandi áhuga á þessu nýja landi og horfði með aðdáun á hverja nýja borg, á hinar breiðu, malbikuðu bifreiðabrautir, sem ég sá gegnum gluggana, á bandarísku bændurnar á ökrum sínum, sem voru svo ólíkir okkar bændum. Það hafði djúp áhrif á mig, hve opinskátt og frjálsmannlega karlar og konur töluðu við ókunnugt fólk. Þau spurðu og svöruðu spurningum af barnslegri hreinskilni og einfeldni. Vegna áhrifa frá skáldsögum Steinbecks og Dreisers, sem ég hafði lesið, bjóst ég við að verða var við bláfátækt og mikla beiskju, en ég sá þess ekki neinn vott. Síðar komst ég að því, að

Ameríka á sinn skerf af eynd og óréttlæti. En Rússi, sem kom frá hinu „sósíalíska“ landi, átti bágð með að taka undir gremju Steinbecks. Flakkarar hans voru sjaldnast verr stæðir en þorri bændu hjá okkur.

Hinn 19. ágúst 1943 kom ég til höfuðborgar Bandaríkjanna og var sóttur á járnbrautarstöðina af fulltrúa viðskiptanefndar Ráðstjórnarríkjanna. Herbergi handa mér hafði verið tekið á leigu hjá bandarískri fjölskyldu. Það var hreint, sólríkt og viðkunnalegt, því fylgdi sérstakt bað og gestgjafar mínir virtust ánægðir yfir að hafa útlending — einn af þessum „dásamlegu Rússum“ — undir þaki sínu. Þeir spurðu mig ekki um nein „skilríki“ og þurftu augskýrilega ekki að gefa neina skýrslu til neinnar húsnefndar. Á mann, sem var vanur reglunum í Rússlandi, orkaði þetta hirðuleysi sem fullkomin óreglusemi, ef það væri ekki bókstaflega glæpsamlegt.

Eftir því sem tímar liðu fram, bjuggum við til sérstakt mál, sem samsett var af bendingum og orðskrípum, en nægði í takmarkaðri umgengni okkar. Í grandaleysi sínu álitu þau mig kunna skil á öllu, sem við kom styrjöldinni eða var útlent, svo að ekki sé minnst á allt rússneskt, og komu fram við mig eins og sérhvert styrjaldar-afrek Rússa hefði verið framkvæmt af mér sjálfum.

Næsta morgun gaf ég mig fram til vinnu. Aðalstöðvar okkar í Washington voru í Sextándu götu og báru, þegar inn var komið, einnig að því er tók til lyktarinnar, greinileg merki ráðstjórnarinnar. Þær virtust vera loftþétt lokaðar fyrir bandarísku andrúmslofti. Þó að nokkrir Vesturheimsmenn störfuðu þar í lægstu stöðunum — sem vélritarar, hraðritarar, dyraverðir og sendisveinar — var þar vissulega rússneskt andrúmsloft. Maður fann á sér, að þar var eitthvert dularfullt, tærandi, næstum samsæriskennt andrúmsloft, sem borist hafði þangað með okkur.

Félagi Serov var laglegur og geðugur maður. Hann var hár, dökkur og þrekvaxinn, og bandarísku fötin fóru honum vel. Hann tók kuldalega og dálítið tortryggnislega á móti mér, eins og sæmir aðgætnum embættismanni. Ég rétti honum kortið, sem sýndi, að ég væri flokksmaður.

„Númer?“ spurði hann stuttur í spuna.

Ég þuldi viðstöðulaust 2486475. Fyrir kommúnista eru það eins konar drottins-svik og vottur um veika trú að gleyma númeri sínu í félagatölunni. Hann lagði fyrir mig nokkrar aðrar spurningar, sem sannfærðu hann um, að ég væri í raun og veru sá Kravtsjenko, sem falinn hafði verið umsjá hans. Hann leyfði sér því að brosa, spyrja mig um ferð mína og rabba við mig um Moskvu. En meðan á því stóð athugaði hann mig gaumgæfilega með nístandi augnaráði.

Sem löggiltur sendimaður miðstjórnar flokksins var Serov æðsti sendimaður kommúnista í Bandaríkjunum. Hann hafði engin bein viðskipti við Bandaríkjamenn. Hann tók mjög lítinn þátt í samningum milli Bandaríkjanna og Ráðstjórnarríkjanna. Samkvæmt opinberum tilkynningum var hann aðeins venjulegur aðstoðarmaður í sendinefndinni. En í raun og veru var hann valdamesti erindreki Ráðstjórnarríkjanna í Ameríku. Orð hans giltu sem lög fyrir alla, frá hinum lægsta skrifstofumanni til hinna æðstu fulltrúa í hernaðarmálum og fjárhagsmálum. Serov

kom fram fyrir hönd flokksins, sem er hin raunverulega stjórn Ráðstjórnarríkjanna, en jafnvel sjálfur sendiherrann gat aðeins talað máli utanríkisráðuneytisins. Í öllu, sem tók til ráðstjórnarþegna vestanhafs, var hann Stalín Ameríku.

Hann hélt hinn algenga leiðinlega fyrirlestur yfir mér um þær hættur og skyldur, sem ég ætti í vændum, og það mikla traust, sem flokkurinn hefði sýnt mér. Af einhverri ástæðu þótti mér þetta margtuggna efni ekki eins leiðinlegt og áður. Nú gat ég leyft mér að hafa gaman af því með sjálfum mér. Vitundin um, að ég myndi brátt varpa frá mér einræðisokinu, gerði mig ónæman fyrir móðgununum í þessum föðurlegu áminningum og hótununum, sem leyndust á bak við þær. Ég var jafnvel svo djarfur að neita, undir því yfirskini að ég væri þreyttur, beiðni hans um að tala um ástandið heima í Rússlandi á embættismannafundi þá um kvöldið. Hvað gat ég sagt á þessum fundi annað en hinar venjulegu opinberu lygar?

Félagi Serov tilkynnti mér, að næsti yfirmaður minn yrði Aleksandr Rastartsjúk, og ég ætti að vera einn af tíu málmiðnaðarsérfræðingum í málmvörukaupadeildinni, sem hann stjórnaði. Það ætti að senda málmvörur fyrir marga tugi milljóna dali til Ráðstjórnarríkjanna með láns- og leigukjörum, og það væri skylda mín að rannsaka þennan varning, gefa vottorð um, hvort hann svaraði til þarfa okkar, skrifa sundurliðaðar skrár um óteljandi hluti og velja eða hafna verkfærum, sem væru geysihárri fjárhæða virði. Ég myndi verða krafinn reikningsskapar um allan þann varning, sem færi um hendur mínar.

Nefnd okkar var að fyrirkomulagi og takmarki hluti einræðisstjórnarfyrirkomulagsins, sem rifinn hafði verið upp af bökkum Moskvufljóts og látinn óskaddaður niður á bakka Potomac-fljóts. Í Washington-borg, í hjarta stærsta lýðræðislands heimsins, lifðum við, hundruð karla og kvenna, undir jafnströngu eftirliti og borgararnir í stærsta einræðisríki veraldarinnar. Þó að við ættum heima og störfuðum meðal frjálsra manna, héldum við áfram að vera kúgaðir þegnar lögregluríkis. Við áttum enga hlutdeild í málfræsi bandarískra nágranna okkar, prentfræsi, fræsi til að fara eftir sannfæringu sinni og fræsi frá ótta, nema með leynd og með því að eiga á hættu þungar refsingar.

Það var fyrir okkur lagt, hvað við ættum að hugsa, hvað við ættum að lesa og hverja við mættum tala við, og þess var jafnvandlega gætt og heima í Ráðstjórnarríkjunum, að þessum fyrirmælum væri hlýtt. Ekkert orð okkar, engin athöfn var örugg gegn hinu haglega fyrirkomulagi við njósnir. Við höfðum flokksnefnd, flokksmiðstjórn, sérdeild eða leyndardeild, sama útbúnað til ógnana og eftirlits og heima. Hér voru líka dularfullir skjalaskápar, troðfylltir af upplýsingum og illgirnislefum rógi um sérhvern okkar. En þótt þetta virtist eðlilegt, næstum óhjákvæmilegt í Ráðstjórnarríkjunum, varð það afkálelegt og andstyggilegt í bandarísku umhverfi.

Á viðskiptaráðstefnum og viðræðufundum um tæknileg málefni sat Belajev hershöfðingi, og seinna eftirmaður hans, Rúdenko hershöfðingi, í forsæti. En á fundum í flokksnefnd sendinefndarinnar, þar sem hin raunverulega mikilvæga

stefna var rædd, var félagi Serov í forsæti. Stundum byrjaði fundur, sem á voru aðeins kommúnistar, undir stjórn hershöfðingjans. En þegar lokið var við að ræða viðskiptamál, vék hann fyrir Serov úr sæti sínu við enda borðsins, og þá var dyrnum undantekningarlaust læst, svo að flokksfundurinn gæti hafist.

Þetta sama tvöfalda stjórnarfyrríkomulag átti sér stað í öllum deildum stofnunarinnar. Félagi Rastartsjúk stjórnaði iðnfræðilegum viðræðufundum okkar í málmvörukaupadeildinni, en ritari flokksstjórnarinnar, Markov, tók við stjórninni — og Rastartsjúk varð aðeins venjulegur fundarmaður, þegar flokksmál voru á dagskrá. Sá, sem hefur ekki gert sér í hugarlund þetta einræði eins flokks, sem kippir í þræðina á bak við sýndarstjórnina, hefur ekki skilið eðli nýtísku einræðisstjórnarfyrríkomulags.

Grunnlaun mín voru um þrjú hundruð dalir á mánuði. Þar eð ég var löngum á ferðalagi með ríkulegan farareyri og fékk auk þess fé til risnu, þegar á þurfti að halda, hafði ég í raun og veru meiri tekjur. Sárustu höftin, sem lögð voru á okkur frá byrjun, sneru að umgengni okkar við Vesturheimsmenn.

Mér féllu Vesturheimsmenn ákafliga vel í geð. Mér fundust þeir vera mjög ólíkir Rússum og raunar Evrópumönnum almennt — mér virtust þeir ekki aðeins annar kynflokkur, heldur nærri því önnur manntegund. En okkur var stranglega bannað að stofna til vináttu við þá, nema það væri gert í hagnaðarskyni. Þegar við höfðum kynnst Vesturheimsmanni, áttum við að skrifa um hann rækilega skýrslu, sem fól ekki aðeins í sér venjulegar upplýsingar um hann, heldur einnig álit okkar um stjórnámálaskoðanir hans og tilfinningar gagnvart Ráðstjórnarríkjunum. Framhald kunningsskaparins var komið undir álit æðra settra embættismanna. Það voru þeir, sem ákváðu, hvort kunningsskapurinn væri „æskilegur“ eða ekki.

Það var samt sem áður óhjákvæmilegt, að ég kynntist Bandaríkjamönnum tugum saman í stofnunum í Washington, sem störfuðu í sambandi við hið geysiviðtæka láns- og leigufyrirkomulag, og meðal hinna tiltölulega fáu, sem störfuðu á vegum nefndarinnar. Ég lenti í sífelldum vandræðum vegna vinsemdar þeirra og fúsleika á að sýna mér allt — og vegna frjálsmannlegra viðræðna þeirra. Fyrir sjónum ráðstjórnarembættismanns, sem hafði búið lengi við undirferli og samfelldan ótta, virtist bandarísk hreinskilni og skortur á tortryggni næstum barnaleg.

Áhættan við að eiga samskipti við Vesturheimsmenn jókst margfaldlega, ef svo vildi til, að þeir voru rússneskir innflytjendur eða af rússneskum ættum. Ef svo var, þá gat alltaf verið hætta á, að þeir væru í einhverri klíku, sem væri fjandsamleg Stalín. Jafnframt var freistingin til að stofna til kynna við menn af rússneskum ættum mest, ef ekki af öðrum ástæðum, þá vegna sameiginlegrar tungu.

Sú samúðarbylgja gagnvart Rússum, sem flæddi yfir Bandaríkin eftir sigra Rauða hersins, setti ráðstjórnarborgarana þar í sífellda hættu. Vesturheimsmennirnir voru óðfúsir á að sýna góðvilja sinn og viðurkenningu. Þeir hvöttu okkur ákaft til að heimsækja sig á heimilum sínum eða klúbbum og til að fara með sér inn í einhverja veitingakrána. Það var ekki alltaf auðvelt að komast hjá vinsamlegri gestrisni þeirra.

Ef við tókum ákveðnu boði, þá áttum við á hættu að verða fyrir óþægindum. Við tryggðum okkur alltaf með því að gefa skýrslu um málið. Roskin bandarísk kona, sem gegndi lágrí stöðu hjá nefndinni, gerði mér hvað eftir annað heimboð. Vitundin um, að ég átti enga fjölskyldu í Ameríku, hafði vakið móðurlegar tilfinningar hennar. Ég forðaðist með alls konar undanfærslum að þiggja vinsamleg boð hennar. Kvöld eitt var ég svo óheppinn, að ég mætti henni á götu. Það kom í ljós, að við vorum stödd nálægt heimili hennar og ýmsir vinir hennar ætluðu að koma í heimsókn til hennar þetta kvöld. Mér fannst ég ekki geta — án þess að móðga hana — neitað að koma til hennar og drekka hjá henni kaffibolla. Ég dvaldist hjá henni aðeins eina klukkustund. Það komu aðrir gestir, og við töludum um daginn og veginn.

Í margar vikur eftir þetta var ég á nálum. Ég fékk hjartslátt í hvert sinn sem kallað var á mig að koma inn í skrifstofu flokksritarans. Skyldi nú einhver hafa séð mig og „sagt frá því“. Skyldi nú konan sjálf í grandaleysi hafa fleiprað hinum hræðilega sannleika út úr sér í áheyrn einhvers Rússa? Flestir bandarískir samstarfsmenn okkar höfðu ekki hugmynd um það farg, sem hvíldi á okkur Rússunum.

Bannið við því að umgangast Vesturheimsmenn tók auðvitað ekki til þeirra, sem við óskuðum eftir að komast í kynni við af stjórnmálalegum eða viðskiptalegum ástæðum. Þá fengum við ríflega peninga til þess að „gera þeim glaðan dag“, og við vorum hvattir til þess að veita þeim vel, jafnvel ríkmannlega. Við áttum að sýna, að við værum veraldarvanir menn, fulltrúar ríks, voldugs og örláts lands.

Mér hefur verið sagt, að Vesturheimsmönnum hafi verið gefnar verðmætar gjafir, þar á meðal dýrmætar loðkápur, ef álitíð var, að við hefðum hag af því. Þeir, sem þágu slíkar gjafir, hafa ef til vill haldið, að þetta væru gjafir frá einstaklingum, sem ættu rót sína að rekja til örlætis, en þær voru hverju sinni niðurstaða af opinberum umræðum og ákvörðunum. Þetta eftirlit með umgengni okkar við Vesturheimsmenn var svo strangt, að við höfðum ekki leyfi til að senda nýárskort til bandarískra viðskiptavina eða embættismanna, nema hin réttu yfirvöld okkar samþykktu það. Hver okkar um sig fékk fyrirskipun um að semja skrá um þá menn, sem við samkvæmt bandarískum venjum óskuðum að senda kort, ásamt texta að nýársóskum okkar. Skrárnar og textarnir voru síðan rannsökuð, leiðrétt og send til okkar aftur með tilskildu leyfi til að senda kortin. En til þess að öruggt væri, að við vikjum ekki frá settum reglum, sá nefndin um að koma kortunum á pósthúsið.

Við vorum ekki yfir það hafnir að nota kynþokka til að afla okkur upplýsinga eða leynilegra leiðbeininga í einhverju máli. Eitt sinn kallaði mjög háttsettur embættismaður úr nefndinni mig til sín. Hann skýrði fyrir mér „vanda“, sem hann væri að glíma við. Það var mikilsvert að hraða ákveðnu máli í hergagnaráðuneytinu, og sá embættismaður, sem mestu réð um það, var ung kona.

„Ég óska eftir, að þér hittið þessa konu, Víktor Andrejevítj,“ sagði hann, „og komist í vináttu við hana. Takið hana með yður í næturklúbba, kaupið gjafir handa

henni, og sýnið yður frá yðar bestu hlið. Ég er viss um, að annað kemur af sjálfu sér.“

Hann varð mjög hissa, þegar ég neitaði ákveðið að leika hlutverk freistarans í þessu samsæri. Ég afsakaði mig með skorti á hæfileikum í þá átt og vankunnáttu minni í ensku. Að lokum slapp ég við þetta ógæðslega ætlunarverk.

Þegar ég kom aftur að skrifborðinu mínu eftir einnar eða tveggja vikna ferðalag, sem ég fór venjulega með bandarískum iðnfræðingum eða kaupskýslumönnum, fannst mér alltaf starfið í nefndinni leggjast á mig með tvöföldum þunga. Mér fannst eins og ég væri kominn aftur í fangelsi eftir orlof. Ég varð aftur að einbeita athygli minni að hinum erfiðu fangelsisreglum, sem margir heiðarlegir Rússar í nefndinni stundu undir. Við, þegar einræðisríkisins, urðum erlendis, eins og í Ráðstjórnarríkjunum, að leggja haft á hugsanir okkar og gátum mjög sjaldan látið í ljós skoðanir okkar og tilfinningar við þá menn, sem við treystum. Og þó að við treystum einhverjum, vorum við þó eins og á nálum. Við létum eins og við sæjum ekki frjálsræði það, sem Vesturheimsmenn nutu. Opinber aðdáun á eða þótt ekki væri nema umburðarlyndi gagnvart bandarískum lifnaðarháttum var vís leið til stjórnmálalegs sjálfsmorðs.

Ég veit, að það er ekki auðvelt að fá Vesturheimsmenn til að trúá því, að svo hafi verið ástatt um okkur. Hvernig ættu þeir að geta trúað hinni skringilegu, en þó hræðilega sorglegu reynslu minni í sambandi við Mítja? Hann var líka borgari ráðstjórnarinnar erlendis — hann vann við Amtorg, rússneska viðskiptastofnun. Dag nokkurn, er ég dvaldist í New York í viðskiptaerindum, gekk ég inn í gisti-húsherbergi Mítja án þess að gera boð á undan mér. Ég stóð hann þar að hræðilegum glæp. Hann var að lesa róttækt tímarit, sem gefið var út á rússnesku, „gagnbyltingarrit“, sem okkur hafði verið bannað að lesa.

„Jæja, það eru þá svona rit, sem þú lest!“ sagði ég og þóttist verða skelfingu lostinn.

Vinur minn náfólnaði. Tár komu fram í augu hans. Hann vissi, að örlög hans voru í mínum höndum. Ef ég gæfi skýrslu um þessi helgisþjöll, myndi hann næstum áreiðanlega verða sendur aftur til Rússlands, rekinn úr flokknum, og ekki aðeins hann, heldur ef til vill öll fjölskylda hans myndi lenda í ónáð. Hann reyndi að verja sig. Frávita af ótta sárbað hann mig um að þyrma sér.

„Trúðu mér, Víktor Andrejevítsj! Ég legg við drengskap minn sem kommúnista, að mig langaði aðeins til að sjá, hvað þessir óþokkar skrifa um okkur. Ég bið þig um að gleyma yfirsjón minni. Við höfum þekkt í mörg ár. Ef þú gefur skýrslu um þetta, þá eyðileggur þú líf mitt.“

Þegar ég sá, hve nærri sér hann tók þetta, fór ég að sjá eftir því. Ég fullvissaði hann um, að ég ætlaði ekki að gefa skýrslu um hann, og auk þess læsi ég sjálfur tímaritið.

„Hvílíkir þrælur erum við, Mítja,“ andvarpaði ég. „Við óttumst hvor annan, jafnvel okkar eigin hugsanir. Hvað er það, sem þeir ætla að gera úr okkur? Njósnaða,

lygara, hræsna, sem geta ekki borið hreinskilið traust til eða verið einlægir vinir neins. Hvers vegna eru húsbændur okkar svo hræddir við að láta okkur lesa það, sem við höfum löngun til? Óttast þeir, að við kynnumst einhverjum óþægilegum sannleika? Það er nógu erfitt að vera þræll í Moskvu — hér í Ameríku er það þúsund sinnum verr.

En jafnvel þessi hreinskilnislegu orð sefuðu hann ekki. Öðru nær. Hann fór að velta því fyrir sér, hvort ég væri að leggja gildru fyrir hann og fá hann til að segja eitthvað hættulegt. Hann varð ekki alveg rólegur, fyrr en ég fór með hann upp í herbergi mitt í Pennsylvania- gistihúsinu, opnaði skjalatösku mína og sýndi honum sama tímaritið.

Þá fyrst fór hann að tala hreinskilnislega. Og af löngu, hugnæmu nætursamtali, sem ég átti við hann, komst ég að raun um, að hann fyrirleit ráðstjórnarfyrrkomulagið jafninnilega og ég. Hann sagði, að það eitt, að hann ætti stóra fjölskyldu í Rússlandi, aftraði sér frá að rífa sig lausan og lýsa yfir sjálfstæði sínu. Ég stóðst þá freistingu að segja honum, hvað ég hafði í huga, vegna þess að ég vildi ekki leggja slíka vitneskju sem farg á herðar hans.

Þó að okkur hefði ekki beinlínis verið bannað að lesa dagblaðið *New York Times* og blöðin, sem komu út í Washington, var vissast að gera það ekki. Hearst-blöðin og Scripps-Howard-blöðin voru bannvara. Það eina örugga var að lesa *Daily Worker*, rússneska blaðið *Rússktj Golos*, kvöldblaðið *PM*, sem kom út í New York, og vikublöð þau, sem vinveitt voru Ráðstjórnarríkjunum, svo sem *The Nation* og *The New Republic*. *Life* var líka álitid lesandi, einkum eftir að það hafði birt grein um Rússland, sem í var langtum meira af ráðstjórnaráróðri en sannleika. Ég held, að þetta hafi breyst skyndilega, þegar blaðið birti grein um stjórnmalastefnu Ráðstjórnarríkjanna í Evrópu eftir William C. Bullitt, fyrrverandi sendiherra.

Í járnbrautarvagni á leið til Washington var ég einu sinni að blaða í eintaki af *Saturday Evening Post*, þegar samstarfsmaður minn úr nefndinni kom inn í klefann til mín. Hann settist, og við ræddum saman um viðskipti nokkra stund. Því næst minntist ég eitthvað á blaðið, myndirnar í því og auglýsingarnar. Athygli mín beindist einkum að grein, sem að því er mér skildist fól í sér gagnrýni á stjórninni. „Þessir Vesturheimsmenn,“ sagði ég, „hika sannarlega ekki við að segja álit sitt á stjórnendum sínum, allt upp til Roosevelt forseta.“

Þetta voru vanhugsuð orð, sem sögð voru af tilviljun og ég gleymdi, þegar ég hafði látið mér þau um munn fara. Nokkrum dögum seinna kallaði Markov, ritari flokksdeildar minnar, mig inn í skrifstofu sína.

„Gekk ferðin vel?“ spurði hann.

„Já, ágætlega.“

„Þér hittuð félagi B., er ekki svo?“

„Jú.“

„Hvað rædduð þið um?“

„Ræddum um?“ Ég varð hissa. „Ég man ekki eftir, að við ræddum um neitt sérstakt.“

„Ég er hræddur um, að dagurinn í dag sé yður enginn happadagur, félagi Kravtsjenko. Þér eruð ekki hreinskilinn við mig. Á ég að hressa upp á minni yðar? Þér hafið áreiðanlega ekki getað gleymt, að þér gagnrýnduð blöðin í Ráðstjórnarríkjunum og kvörtuðuð undan því, að þau réðust ekki á féлага Stalín?“

„Þetta er lygi!“ hrópaði ég. „Ég heimta, að þér kallið á féлага B. Ég skal koma honum til þess að éta aftur í sig þessa lygi.“

Félagi B. hafði ekki kjark til að standa að mér viðstöddum við þá skýrslu, sem hann hafði gefið um „gagnbyltingarkennd ummæli“ mín. Flokksritarinn ákvað að láta málið falla niður. En ég varð sannfærðari en nokkru sinni fyrr um nauðsynina á að hafa gát á tungu minni.

Hér er annað smádæmi: Ég varð eitt sinn lasinn og varð að liggja rúmfastur nokkra daga. Ýmsir af bandarísku starfsmönnum sendu mér vinarkveðjur og óskuðu mér góðs bata. Það voru vináttumerki, sem yljudu mér um hjartarætur. Þegar ég kom aftur til vinnu minnar, fékk ég ástæðu til að harma vinsemd þeirra. Þar eð ég var ekki nægilega vel að mér í ensku til að skilja bréfin til fulls, tók ég þau með mér í skrifstofuna og bað einhvern um að þýða þau.

Ég gleymdi þessu máli, þangað til ég var allt í einu kallaður inn til féлага Markovs. Hann tók að yfirheyra mig stranglega um samband mitt við hvern einstakan af þeim Vesturheimsmönnum, sem höfðu skrifað mér. Hver var ástæðan til þessarar óvenjulegu vináttu milli ábyrgs flokksmanns og þeirra „stéttaranda“, sem hann umgekkst? Hann lauk máli sínu með hátíðlegri ofanígjöf og áminningu til mín um að vara mig á gildrunum í auðvaldsumhverfi okkar. Ég áleit mig heppinn að hafa sloppið svona auðveldlega.

Bréfaskriftir mínar urðu orsök að enn einni hættu fyrir starfsferil minn í Washington. Háttsettur embættismaður í nefndinni kom af tilviljun auga á bréfsþjald, sem ég hafði fengið frá liðþjálfra í bandaríska hernum, sem dvaldist í Florida. Ég var undireins dreginn fyrir flokksyfírvöldin og kærður fyrir „óleyfilegt samband við herstyrk Ameríku“. Það þurfti miklar skýringar til þess að sannfæra þá um, að liðþjálfinn væri sonur hjónanna, sem ég bjó hjá.

„Þetta var aðeins venjulegur mannlegur vináttuvottur án nokkurrar stjórnmálamerkingar,“ sagði ég afsakandi. „Auk þess svaraði ég ekki unga manninum.“

Síðustu orðin voru lygi. Ég hafði raunverulega svarað kveðju hans. Það var það minnsta, sem ég gat gert, ef hann átti ekki að halda, að allir Rússar væru ruddar. En smávegis meinlaus lygi er lágt verð fyrir að losna úr slæmri klípu fyrir þegn einvaldsríkis.

Í húsi nefndarinnar var bókasafn. Kvöld nokkurt bað ég bókavörð þann, sem var á verði, um tvær bækur: skáldsöguna *Ég elska* eftir Avdejenko og sagnfræðirit eftir rithöfund að nafni Virt, þar sem getið var um Túkhtatsjevskíj hershöfðingja. Ég gat hvoruga bókina fengið. Ég fékk aðrar bækur lánaðar og gleymdi þessu atviki. En

skömmu seinna var ég kallaður fyrir yfirmenn mína til þess að sæta áminningu. Það kom í ljós, að ég hafði gert mig sekan um fjölda yfirsjóna, frá drýgðum syndum til hugsanlegra glæpa. Áhugi sá, sem þeir töldu mig hafa á afrekum Túkhatsejvskijs, sem tekinn hafði verið af lífi sem landráðamaður, gerði þá skelkaða; og var mér ekki kunnugt um, að bókin eftir Virt var ekki lengur lesin í Ráðstjórnarríkjum?

Fáfræði mín í þessum efnum var engin afsökun — góður kommúnisti átti að vita, hverjir væru „þjóðníðingar“. Að því er tók til skáldsögunnar, sem áður hafði notið mikilla vinsælda í Rússlandi, kom í ljós, að hún hafði verið bannfærð af einhverjum ástæðum og var nú komin á svarta listann. Ég var spurður, hvers vegna ég hefði viljað lesa þessa gagnbyltingarsögu einmitt nú. Í stuttu máli: Að álitni gæslumanna flokkshreinleika míns hafði ég komið mjög hneykslanlega fram.

Bókasafnið var í raun og veru eitt mikilvægasta tækið til að hafa eftirlit með hugsunum okkar. Þar eð okkur var varnað umgengni við Vesturheimsmennina og fæstir okkar voru vel að sér í ensku, höfðum við ekki önnur úrræði en að lesa sem mest á rússnesku máli. Bókaverðirnir skrifuðu nákvæmlega hjá sér, hvers konar bækur og tímarit við fengum lánuð. Jafnvel þær bækur, sem við blöðuðum í til afþreyingar, voru skráðar. Þetta allt var álitnið mikilsverðar bendingar um hugarfar okkar og þess vegna fært inn í æviferilsskýrslu okkar.

Í bókasafninu var fjöldi bóka, sem voru léttmeti, en auk þess þykk bindi um sögu flokksins og önnur virðuleg, hugmyndafræðileg efni. Til þess að vega á móti lestri léttvægra bókmennta fékk ég oft lánaðar með mér heim virðingarverðu bækurnar, án þess að mér dytti nokkurn tíma í hug að líta í þær. Gæslumenn okkar voru í sífelldum ótta um, að við yrðum fyrir áhrifum frá hinu þægilega burgesaumhverfi. Við urðum þess vegna stöðugt að sýna, að trú okkar væri óbifanleg og óspillt. Eftir hvatningu Serovs las ég aftur *Sögu kommúnistaflokksins*, *Grundvöll lenínismans* eftir Stalín og svo framvegis. Á lokuðum flokksfundum hvöttum við hver annan til þess að sýna í verki traust á flokknum og húsbóndanum.

Sá tími, sem okkur veittist til þess að lifa einkalífi, var ennþá minni hér en heima í Rússlandi. Vinir okkar í Rússlandi þekktu ekki heimilisfang okkar og urðu því að senda nefndinni bréf sín til okkar. Þar voru öll bréf lesin, áður en við fengum þau, þrátt fyrir það að þegar hefðu þau verið stimpluð af ritskoðurum í Ráðstjórnarríkjum. Bréfum til Rússlands, sem send voru með einhverjum, sem ferðaðist þangað, bar að skila opnum til nefndarinnar til fyrirgreiðslu.

Okkur var bannað að fara í næturklúbba, að sjá gagnbyltingarkvikmyndir eða leikrit og að hlusta á ræður í útvarpinu, sem álitnar voru „óvinsamlegar“ Ráðstjórnarríkjum. Við vildum heldur vera staðnir að því að fremja morð en að því að lesa bækur, sem taldar voru fjandsamlegar Ráðstjórnarríkjum. Þar eð við vorum aðeins menn, gerðum við margt af því, sem bannað var — freistingin til að drýgja slíka stjórnmalaglæpi er mikil í lýðræðislandi — en alltaf með ugg og ótta. Margir urðu að greiða fyrir slíkt athæfi með því, að framaferill þeirra var stöðvaður. Það er sannarlega furðulegt, hve miklum og víðtækum njósnum er haldið uppi um

embættismenn Ráðstjórnarríkjanna erlendis. Þess var vænst, að sérhver okkar gæfi skýrslur um grunsamleg orð og athafnir annarra, ekki aðeins sem tryggur flokksmaður, heldur í sjálfsvarnarskyni. Þetta var talið sjálfsagt, hvort sem við dvöldumst í Moskvu eða Vladivostok, Washington eða Chicago.

En auk þess hafði flokkurinn fjölda af sérstökum erindrekum, sem dreift var um alla nefndina. Að því er virtist gegndu þeir ýmsum tæknilegum störfum, en í raun og veru voru þeir önnur kafnir við að njósna um samverkamenn sína. Auk þess, og það var hræðilegast, var net af erindrekum NKVD, sem við þekktum ekki, en þeir höfðu njósnir að aðalstarfi. Jafnvel herforinginn, sem var formaður nefndarinnar, og félagi Serov voru ekki undanþegnir þessu alls staðar nálæga lögreglueftirliti.

Þar eð við vissum ekki, hverjir voru njósnarar — venjulega vissu njósnararnir ekki heldur, hverjir voru meðnjósnarar þeirra — var það eina örugga að ganga að því vísu, að allir að undanteknum einlægustu vinum væru raunverulegir eða hugsanlegir njósnarar. Hið einkennilega er, að þrátt fyrir þetta siðspillandi fyrirkomulag eignuðumst við góða vini og trúðum hver öðrum gegn þagnarloforðum fyrir hugsunum okkar, vonbrigðum og áhyggjum. Félagi Serov hafði engan grun um, hve margir af undirmönnum hans höfðu komið vonsviknir frá Rússlandi og hve margir bættust í hóp þeirra, er þeir höfðu smitast af lýðræðinu í Ameríku.

Flestir þegar einræðisríkisins í útlöndum voru heiðvirðir menn og hötuðu þær auðmýkingar, sem þeir höfðu orðið fyrir af stjórnarfyrirkomulagi gagnkvæmrar tortryggni. Þegar einhver af samstarfsmönnum okkar sýndi okkur óvenjumikla vináttu, krafðist heilbrigð skynsemi þess, að sá möguleiki væri hafður í huga, að hann eða hún reyndi að vinna trúnað okkar í ákveðnum tilgangi. Okkur var allt of vel kunnugt um, að ötulir félagar eða atvinnunjósnarar brydduðu oft upp á samtölum um „hættuleg“ málefni til þess að ganga úr skugga um, hvort hið syndsamlega bandaríska umhverfi hefði haft óæskileg áhrif á okkur.

Vegna þess, hve lengi ég hafði verið í þjónustu Ráðstjórnarríkjanna, en einkum af því, að ég hafði verið embættismaður í Sovnarkom, þekkti ég sjálfur marga áhrifaríka ráðstjórnarembættismenn og leiðtoga. Ég komst að raun um mér til mikillar furðu, að sumir þeirra voru í undarlega lágum stöðum í Washington. Ég var í engum vafa um, að það starf, sem þeir virtust vinna, var ekki hið raunverulega starf þeirra í Ameríku. Eins og utanríkisþjónustu Rússlands og Bandaríkjanna var háttað, gat aðeins takmörkuð tala ráðstjórnarembættismanna komist inn í landið á venjulegum vegabréfum utanríkisþjónustumanna. Starfsmenn leyniþjónustunnar voru þess vegna fluttir þangað í dulargervi sérfræðinga eða starfsmanna í sambandi við viðskiptamál.

Eitt sinn rakst ég á mjög háttsettan embættismann frá Moskvu í lyftu húss þess, er nefndin hafði aðsetur sitt í. Ég mundi, að ég hafði síðast séð hann við frumsýningu á leikritinu *Vigvellinum* ásamt tveimur NKVD-hershöfðingjum. Nú þóttist hann ekki þekkja mig. En seinna kom hann til mín og varaði mig við að segja

frá, að ég þekkti hann og hver hann væri, þar eð hann væri hér í sérstökum viðskiptaerindum.

Gagnvart Bandaríkjastjórn hefur hann sennilega aðeins verið minni háttar embættismaður í sambandi við láns- og leigufyrirkomulagið, þó að hann í raun og veru væri háttsettur starfsmaður flokksstjórnarinnar í Moskvu.

Hvaða starf sem viðskiptaerindrekum Ráðstjórnarríkjanna kann að hafa verið falið, er mikilsverðasti þáttur ætlunarverks þeirra í því fölginn að afla allra mögulegra upplýsinga um bandarísk firmu, tæknileg og hernaðarleg málefni, vísindalegar framfarir og þess háttar. Þetta var beinlínis tekið fram í þeim fyrirmælum, sem mér voru gefin áður en ég fór frá Ráðstjórnarríkjunum, og æðstu embættismennirnir í nefndinni endurtóku það í sífellu. Á lokuðum flokksfundum var ekki farið dult með það, að söfnun viðskiptaupplýsinga og allra annarra upplýsinga, sem að notum gætu komið, ætti að vera okkur ríkust í huga, þegar við heimsæktum bandarískar verksmiðjur og skrifstofur.

Það var hvað eftir annað lögð rík áhersla á það við mig, að við mættum ekki treysta neinum Vesturheimsmanni, þó að þarfir styrjaldarinnar hefðu gert okkur að bandamönnum Englands og Ameríku. Hin auðvaldssinnuðu lýðræðisríki myndu nota fyrsta tækifærið, sem gæfist, til að grafa undan stjórnarfyrirkomulagi okkar. Á fyrsta fundi okkar sagði félagi Serov:

„Þið megið ekki gera ykkur seka í neinum misskilningi um afstöðu okkar til Bandaríkjanna. Eins og stendur álitum við samband við hina auðvaldssinnuðu Ameríku nytsamlegt í stjórnmalalegu og hernaðarlegu tilliti. Það merkir ekki, að hagsmunir okkar geti nokkru sinni farið saman. Í sjálfri styrjöldinni og á friðartímabili því, sem framundan er, eru leiðir okkar og markmið misjöfn. Ef þið munið þetta, þá mun ykkur skiljast, hvers vegna við verðum að halda áfram að vera árvakrir og tortryggir og halda okkur í vissri fjarlægð.“

Dag nokkurn vorum við kommúnistarnir, sem vorum hér um bil 90% af starfsmönnum nefndarinnar í trúnaðarstöðum, kallaðir saman á sérstakan fund. Þegar dyrunum hafði verið læst, tilkynnti félagi Serov, að hann hefði mikilvægar fréttir að færa. Hann var hátíðlegur á svip. Fréttirnar voru mjög langt bréf, sem hann las upp fyrir okkur, hægt og með áherslu. Á eftir urðum við allir að undirrita yfirlýsingu um, að okkur væri kunnugt um innihald þess. Bréfið var undirritað af Míkojan, þjóðfulltrúa utanríkisviðskipta, en það hafði sýnilega verið samið af NKVD og fréttabjónustu hersins. Í raun og veru var það nákvæmar leiðbeiningar um, hvers konar upplýsinga um Bandaríkin við ættum að reyna að afla, hvernig við ættum að fara að því, hvernig við ættum að koma í veg fyrir, að spor okkar yrðu rakin, og hvernig við ættum að koma upplýsingunum til Ráðstjórnarríkjanna. Þó að bréfið sem heild væri aðeins endurtekning á þeim fyrirmælum, sem við höfðum þegar fengið, var það augskýnilega sent í því skyni að rifja fyrirmælin upp fyrir okkur og sem áminning um, að æðstu yfirvöld Ráðstjórnarríkjanna treystu því, að við

gerðum skyldu okkar í þessum efnum undir yfirskini starfs okkar í sambandi við láns- og leigulögin.

Hvarvetna sem ég kom í Ameríku fékk ég meiri hlutdeild en mér bar af hinni almennu og ótakmörkuðu addáun á „hinum hraustu bandamönnum okkar, Rússum“. Stundum kvaldist ég undir þessari hóflausu hrifningu. En þó var gott til þess að vita, að fórnir þjóðar minnar voru metnar að verðleikum. En þessi addáun varð líka orsök dapurlegustu reynslu minnar í Ameríku, sem særði mig mest, því að hún birtist í hinum einkennilegustu, jafnvel skrípalegustu myndum. Vegna einhverrar hugsanaskekkju, sem var ekki laus við móðursýki, var í Ameríku ekki aðeins almennt litið á hina nýju rússnesku sigra, heldur einnig hina hræðilegu ósiga, sem voru undanfari þeirra, sem sönnun um ágæti ráðstjórnarfyrirkomulagsins. Sókn Hitlers sannaði aðeins, að dýrið var voldugt, en gagnsókn Stalíns sannaði á einhvern hátt réttmæti bolsévismans.

Afrek hinnar rússnesku þjóðar voru stórkostleg. Ég vissi þetta betur en nokkur bandarískur eldmóðsmaður, af því að ég vissi það, sem hann vissi ekki, að þjóð mín stóð verr að vígi en ella hefði verið vegna glappaskota og skriffinnsku harðstjórnarinnar. Á hinn bóginn varð ég að kannast við það, að við börðumst í heimalandi okkar og höfðum yfirburði í hinum nær óþrjótandi mannafla, auk fullra afnota af iðnaði okkar og aðstoðar bandaríska iðnaðarins. Það var skilningi mínum ofvaxið, hvers vegna þurfti að þakka bolsévíkahugarfarinu hina sorglega dýrkeyptu rússnesku sigra. Þar eð ég var embættismaður Ráðstjórnarríkjanna og undir sífelldu eftirliti gat ég ekki talað opinskátt um þetta. Ég gat ekki varið samlanda mína gegn þessari gífurlegu afbökun staðreyndanna. Þúsund sinnum varð ég að hlusta á það þögull og reiður, að ráðstjórnareindræðinu voru þökkuð afrek hinnar rússnesku þjóðar.

Heima í Rússlandi höfðum við blygðast okkar svo mjög vegna samnings Hitlers og Stalíns, að við minntumst sjaldan á hann. Farið var hratt yfir það tímabil í ræðum og ritum. En í Ameríku voru menn nógu skarpvitir til að breyta samningnum í enn eina sönnunina um ráðkænsku Stalíns. Í sömu andrá fundu menn að því, að látið var undan Hitler í München, og hrósuðu því, að látið var undan honum í Moskvu. Af einhverri ástæðu var það álitid fyrirfittlegt af bandamönnum að reyna að vinna tíma með því að beina herstyrk nasista í austurátt gegn Póllandi og Rússlandi, en addáunarverð stjórnmalalist af Kremlverjum að beina styrjöld Þjóðverja í vesturátt gegn Frakklandi og Englandi. Svo leit út sem Vesturheimsmenn sæktu það fast að skýra allt Stalín í vil og til niðrunar fyrir lýðræðisríkin, öll stjórnmalaaflög harðstjórnanna í Kreml, hin svívirðilega verslun við nasistana, flónska þeirra að undirbúa sig ekki undir styrjöldina, öll mistökin — sem greitt var fyrir með hafsjóm af rússnesku blóði — allt var þetta í bandarískum ritum og þegar talað var við Vesturheimsmenn álitid sérstæðir, næstum dularfullir verðleikar.

Ég hafði í barnaskap mínum vænst þess, að fórnir þjóðar minnar myndu opna augu umheimsins fyrir þjáningum hennar. Ég hafði búist við að heyra lýðræðisborgarana

segja: „Þessir hetjulegu Rússar eiga að minnsta kosti skilið nokkurt frelsi og lýðræði.“ En ég varð á hinn bóginn var við einkennilegt tilfinningaleysi gagnvart harmleik rússnesku þjóðarinnar. Það spratt að miklu leyti af vanþekkingu, sem var afsakanleg. En að miklu leyti orsakaðist það líka af afskiptaleysi, sem var bókstaflega móðgandi. Þrá Kóreubúa eða Ungverja eftir lýðræði mætti hér fúsum skilningi og uppörvun, en þrá Rússa eftir lýðræði var álitin ólögleg og farið með hana sem eins konar föðurlandssvik.

Jafnvel fyrstu vikurnar eftir komu mína varð ég þess var, að einhver hafði einhvers staðar beint hinni miklu samúð Vesturheimsmanna með Rússum inn á þá braut, að hún varð Stalín í vil. Það, sem hefði átt að vera ills viti um frelsi rússnesku þjóðarinnar, var afbakað þannig, að það varð harðstjórn Ráðstjórnarríkjanna til réttlætningar. Ég hugsaði til þess með skelfingu, að tak Stalíns á hugsunarhætti Vesturheimsmanna væri næstum eins fast og tak hans á hugsunarhætti Rússa. Ég minnst þess, að ég sagði eitt sinn hæglátlega við nýjan bandarískan vin:

„En Englendingar eru líka bandamenn ykkar, og þó hef ég heyrt ykkur gagnrýna þá beisklega. Í gær sögðuð þér, að almenningur í Englandi ætti að gera uppreisn gegn íhaldsmönnum og heimsvaldasinum. Hvers vegna eruð þér ekki jafndjarfur í gagnrýni yðar á ráðstjórnarfyrirkomulaginu?“

„Það er allt annað mál.“

„Þér álítið, að Rússar séu eina þjóðin í veröldinni, sem eigi ekki rétt á að gera byltingu?“

„Nú eruð þér að gera gys að mér, Víktor.“

Ég var ekki að gera gys að honum og reyndi því aðra aðferð. „Rússar,“ sagði ég, „börðust hugdjarfir og milljónir þeirra féllu í fyrri heimsstyrjöldinni. Urðuð þið Vesturheimsmenn þá ofstækisfullir aðdáendur keisarans og harðstjórnar hans? Sögðuð þið þá, að það væri óhrekjanleg sönnun fyrir því, að rússneska þjóðin elskaði hlekki sína og fangaverði?“

„Það er allt annað mál.“

Það var ekki hægt að sigrast á þráhyggju þessa vinar míns með fortölum eða líkingum. Hún var auðvitað reist á hinni skreyttu mynd af hamingjusamri og sigursælli „sósíalistabjóð“, sem besta áróðursvél allra tíma hafði þröngvað inn á umheiminn. Sérhver tilraun til þess að skafa dálítið af glysinu og sýna eymdina og hinn siðferðislega viðbjóð, sem undir var, var illa tekið af flestum Vesturheims mönnum, nærri því eins og ráðist væri á dýpstu guðstrúarsannfæringu þeirra. Eitt-hvað ótrúlegt virtist hafa gerst í hugsunarhætti Vesturheimsmanna: Ráðstjórnareinræðið og rússneska þjóðin var álitit eitt og það sama. Það, sem kommúnistunum hafði enn ekki tekist að gera í eigin landi — eins og hreinsanirnar og hinar mörgu milljónir stjórnmalafanga sýna — hafði þeim tekist í Ameríku! Það voru ekki lögð höft á tal- og ritfrelsið, þegar um það var að ræða að gagnrýna aðra bandamenn — Stóra-Bretland, Tékkóslóvakíu, Pólland, Kína — og mönnum var frjálst að gagnrýna stjórn Bandaríkjanna og styrjaldarrekstur hennar. En undir siðferðislegri

Þvingun var þessu frelsi eins og slegið á frest að því er tók til hagsmuna og álits einræðisherra Ráðstjórnarríkjanna. Ég sá karla og konur, sem kölluðu Roosevelt forseta einræðisherra, verða fokreið, þegar Stalín var nefndur sama nafni.

Í Ráðstjórnarríkjunum hafði styrjöldin aðeins í för með sér smávægilega breytingu á áróðrinum gegn auðvaldinu. Gagnrýnin á styrjaldarstefnu Englendinga og Bandaríkjamanna hélt áfram og var oft beisk. En í Ameríku komst ég að raun um, að allar efasemdir um stefnu ráðstjórnarinnar í innanríkismálum og utanríkismálum voru bannaðar. „Frjálslyndur“ bókaútgefandi stakk í raun og veru upp á því, að útrýmt væri öllum bókum, sem væru ráðstjórninni ógeðfelldar. Mér var kunnugt um, að aðrir útgefendur, annaðhvort af fúsum vilja eða vegna skipunar frá yfirvöldunum, neituðu að gefa út ákveðnar bækur eingöngu vegna þess, að það gæti sært tilfinningar Stalíns. Aðeins örfá tímarit höfðu kjark til að prenta þær greinar, sem Vesturheimsmenn kölluðu „fjandsamlegar ráðstjórninni“.

Þær „fréttir“, sem blöðum í Bandaríkjunum bárust frá fréttaritunum þeirra í Moskvu, voru í mínum augum verri en engar fréttir. Heima í Rússlandi höfum við smátt og smátt lært að draga frá, að skýra og lesa á milli línanna í dagblöðunum. Bandarísku fréttaritarnir í Moskvu sendu í raun og veru aðeins útdrátt úr fréttum blaðanna í Moskvu, því að þeir höfðu engar aðrar fréttahéimildir við að styðjast. En lesendur þeirra voru ekki færir um að sjá blekkingarnar í þeim fréttum. Þeir gleyptu greinarnar gagnrýnslaust eftir orðanna hljóðan. Sérhver ráðstjórnarlygi og stjórnmálaflækja barst því til Vesturheimsmanna að því er virtist samkvæmt bandarískum heimildum og var tekin þar trúanlegri en í Rússlandi. Hvernig var hægt að fá menn, sem aldir voru upp við lýðræðislegar erfðavenjur, til þess að skilja það, að „fréttir“, sem voru undir eftirliti og höfðu farið í gegnum ritskoðun, voru oft verri en alls engar fréttir?

Þær hugmyndir, sem Vesturheimsmenn almennt gerðu sér um þau furðuverk, sem gerst hefðu í Ráðstjórnarríkjunum, voru sannarlega einkennilegar. Snarir þættir raunveruleikans þar undir stjórn kommúnista — eins og þrælavinnan, lögreglueinræðið, hinar miklu hreinsanir, sem framkvæmdar voru með vissum millibilum, hungursneyðin mikla árin 1932–1933, skelfingarnar, er samyrkjubúskap var komið á, hin löghelgaða barnavinna — virtust alveg hafa farið framhjá athygli þeirra. Þetta eru hlutir, sem hvíla eins og farg á hverjum manni í Rússlandi. Sumir okkar héldu því ef til vill fram, að þetta væri nauðsynlegt eða óhjákvæmilegt, jafnvel lofsvert, en engum okkar myndi hafa dottið í hug að neita þessu. En þegar ég hætti á að minnast á þetta (þá sjaldan er mögulegt var að tala frjálsmannlega), litu Bandaríkjamenn vantrúaðir á mig, og sumir þeirra flýttu sér að neita borginmannlega þessum staðreyndum. Það rann upp fyrir mér, að mesti sigur ráðstjórnarinnar væri á sviði áróðurs hennar erlendis. Eftir nokkurn tíma meitlaði ég þessa sannfæringu mína í þessa setningu:

Ef Ráðstjórnarríkin komast á tuttugu árum í hálfkvisti við það, sem bandarískir

aðdáendur þeirra halda, að þau séu orðin, mun það verða mesta þjóðfélagslegt afrek, sem sögur fara af. ...

Meðal þeirra, sem þekktu eitthvað til hins óþægilega sannleika um lífið í Ráðstjórnarríkjunum, varð ég var við einkennilega löngun, sem auðvitað stafaði af óskum þeirra, til að kenna Stalín um það. Þetta gerði það að verkum, að þeir litu með miklu umburðarlyndi á skelfingarnar sem eins konar millipátt, þar til paradísarástandið yrði ríkjandi. Þegar Stalín væri látinn — og hann væri dauðlegur, var ekki svo? — myndi hið „sósíalíska lýðræði“ fara að blómgast. Í Rússlandi hafði ég einnig orðið var við þessa tilhneigingu til að skella skuldinni fyrir allt hið illa á einn mann, en þessi sjálfsblekking var miklu útbreiddari í Bandaríkjunum. Því miður er þetta böll bundið stjórnarfyrríkomulaginu óleysanlegum böndum, og fyrríkomulagið mun sannarlega ekki deyja út með Stalín. Nýr einræðisherra eða einræðisklíka mun halda því áfram.

Einu sinni dvaldist ég í litlum bandarískum iðnaðarbæ ásamt nokkrum mjög íhaldssömum auðvaldssinum, sem voru andstæðir verkalýðshreyfingunni. Þeir sögðu alveg hreinskilnislega, að þeir væru andstæðingar stjórnarfyrríkomulagsins, að þeir hötuðu það bókstaflega og óttuðust áhrif þess á bandarískan hugsunarhátt. En hverjar voru hugmyndir þeirra um þetta fyrríkomulag, sem þeir hötuðu? Ég fór að spyrja þá um það. Mér til mikillar furðu uppgötvaði ég, að þeir héldu, að Rússland væri land, þar sem „verkamennirnir stjórnðu“, þar sem bændurnir „lifðu í samvinnuþjóðfélagi“ og þar sem „allir væru jafnir“! Þar eð annar ráðstjórnar-embættismaður var viðstaddur, var ég í þeirri slæmu klípu að geta ekki skýrt fyrir þessum mönnum, sem höfðu svo rangar hugmyndir um ástandið í Rússlandi, að það væri meiri verkamannastjórn, verkalýðsfélögin áhrifameiri, meira raunverulegt samvinnubúskaparlag og meira einstaklingsfrelsi í Bandaríkjunum en þegnar Ráðstjórnarríkjanna þora að láta sig dreyma um.

Í bókasafni nefndarinnar fann ég margar ræður, sem Henry A. Wallace hafði haldið. Túlkur las fyrir mig kafla þá úr ræðunum, sem komu Rússlandi við. Ég gat ekki trúað mínum eigin eyrum. Varaforsetinn í lýðræðisríki hrósaði því, sem hann nefndi „efnahagslegt lýðræði“ í lögregluríki Stalíns! Vissi herra Wallace ekkert um leyndardeildirnar og sérdeildirnar í sérhverri verksmiðju, um verkalýðsfélögin, sem eru undir eftirliti ríkisins, að engin raunveruleg samvinnuverslun er til, um dauðarefsinguna fyrir áróður um verkföll, Stakhanov-fyrríkomulagið og ákvæðisvinnu-fyrríkomulagið, vinnubækur verkamannanna, um þá lögmætu refsingu, sem fólgin er í því að svelta menn fyrir að koma meira en tuttugu mínútum of seint til vinnu, eða fangabúðirnar? Eða áleit hann allt þetta hluta af hinu „efnahagslega lýðræði“?

Ég braust gegnum bók Wendells Willkies, *Nýjan heim*. Ég starfaði í Sovnarkom, þegar hann kom í heimsókn til Rússlands, og mér var kunnugt um, að þar voru notuð hvers konar áróðursbrögð til að hafa áhrif á hann. Það gerðist ekkert af tilviljun — öllu var haganlega fyrir komið. Nú varð ég bæði furðu og skelfingu lostinn við að sjá, hve vel fyrirætlanir okkar höfðu heppnast. Ég undraðist, hvernig

hægt væri að leika jafnmikið á nokkurn mann á öllum sviðum á svo stuttum tíma. Á meðan ég var að lesa þá kafla, sem hann skrifaði um Rússland, fannst mér hann vera að ræða um land, sem ég hefði aldrei verið í, eitthvert land hinum megin við tunglið. Bókin var stórkostlegur sigur fyrir einræðisáróðurinn.

Herra Willkie sagði frá, hvernig hann hefði safnað saman stórum hóp af blaðamönnum Ráðstjórnarríkjanna í gistihúsi í Moskvu til þess að tala hreinskilnislega við þá. Þeir læstu dyrunum og „leystu frá skjóðunni“, eins og sagt er. Ef ég ætti að skrifa leikrit, sem gerði gys að bandarískum sakleysingjum, þegar þeir eru erlendis, myndi ég fella þessa frásögn inn í leikritið án nokkurra breytinga. Héldu herra Willkie og bandarísku samferðamennirnir hans í raun og veru, að þeir gætu fengið rússnesku blaðamennina til að segja sannleikann með því að loka dyrunum og forðast „opinbera starfsmenn“? Höfðu þeir í raun og veru ekki skilið, að sérhver blaðamaður í Ráðstjórnarríkjunum — eða verkfræðingur eða leiðsögumaður ferðamanna — er „opinber starfsmaður“, sem lifir við samfellda nauðung? Sjálf hugmyndin um „hreinskilnislegar“ samræður við þegn ráðstjórnarríkisins að öðrum ráðstjórnarþegnum áheyrandi eða í heyrnarfæri hljóðrita, sem þar kann að vera, sýnir fullkomið þekkingarleysi á hinu raunverulega ástandi þar. Hver einn og einasti af þessum blaðamönnum gaf auðvitað skýrslu um fundinn og lagði sérstaka áherslu á hollustu sína við að verja stjórnarfyrikomulagið og halda fram við herra Willkie hinum fyrirskipuðu „skoðunum“.

Þeir áttu einskis annars úrkostar. Sérhver blaðamaður, framkvæmdastjóri iðnaðarfyrirtækis eða ráðstjórnarborgari, sem hefur eitthvert samband við útlendinga vegna starfs síns, verður að gefa skriflegt loford til yfirvaldanna um að senda þegar í stað skýrslu til NKVD í hvert skipti sem hann talar við útlending og skýra frá því lið fyrir lið, hvað hafi verið sagt og gert. Hinar „hreinskilnislegu“ samræður, sem herra Willkie var svo hreykinn af, voru þegar í stað skráðar lið fyrir lið og skýrslur um þær sendar utanríkisdeild NKVD, blaðamennskudeild utanríkisráðuneytisins, utanríkisdeild miðstjórnarinnar og öllum öðrum stofnunum, sem áhuga höfðu á þessu. Það er óhætt að treysta því, að engin óopinber samkoma hefur nokkru sinni verið jafnopinber.

Sársaukafyllsta kvöldið, sem ég dvaldist í Bandaríkjunum, var ef til vill kvöld eitt, er ég fór í kvikmyndahús í Washington. Ég var þakklátur fyrir myrkrið, sem leyndi þeirri örvæntingu, sem andlit mitt bar áreiðanlega vott um. Annar ráðstjórnarembættismaður, sem var með mér, engdist í stól sínum, og ég er viss um, að honum leið ekki betur en mér. Þetta var kvöldið, þegar ég horfði á kvikmynd, sem nefnd var *Sendiför til Moskvu* (Mission to Moscow) og gerð var eftir samnefndri bók eftir Joseph E. Davies, fyrrverandi sendiherra í Moskvu. Myndin, sem ég sá, var svívirðileg móðgun við rússnesku þjóðina, skopmynd af byltingu hennar og dár að langvinnum þjáningum hennar.

Bókin var frekar heimskuleg en að hún væri illgirnisleg. Hún var samsull af þekkingarleysi og rangfærslum og víðast hvar bókstaflega heimskuleg. En á stöku

stað mildaðist þetta af einstaka sannleiksneista. Kvikmyndin fór vandlega framhjá þessum neistum og bætti við hræðilegum uppspuna, sem stóð ekki í bókinni. Hvenær sem „sagnfræðingarnir“ í Hollywood þurftu að velja á milli staðreynda og skáldskapar, milli veruleika og fjarstæðu, kusu þeir undantekningarlaust skáldskapinn og fjarstæðuna. Ég var af tilviljun gagnkunnugur í verksmiðju þeirri í Síberíu, sem rætt var um í einni af hreinsunaryfirheyrslunum, og það er erfitt að hugsa sér hlægilegri skrípamynd en Hollywood gerir af þessu. Engin áróðurskvikmynd í Ráðstjórnarríkjunum hefði hætt á að ranghverfa sannleikanum jafnmiskunnarlaust.

Bandarísku áróðursmennirnir treystu því augskýrnilega, að þekkingarleysi áhorfenda þeirra kæmi þeim til að gleypa við þessum uppspuna. Að þessu leyti var kvikmyndin jafnmikil móðgun við Vesturheimsmenn og Rússa. Það er ekki furðulegt, þó að blaðið *Pravda* í Moskvu lofaði herra Davies og bók hans hástöfum og vitnaði í hann til þess að sanna, að réttarfar Ráðstjórnarríkjanna væri flekklaust, að fimmtu herdeildinni hefði verið útrýmt og að aftaka forystumanna bolsévika-byltingarinnar hefði verið fullkomlega réttmæt. Þetta var furðulegur lestur fyrir skynsaman Rússa!

Stalín tók af lífi stofnendur ráðstjórnarríkisins. Sá glæpur var einungis lítill þáttur í miklu blóðbaði, þar sem hundruð og þúsundir saklausra karla og kvenna létu líf sitt. En í kvikmyndinni voru allar þessar skelfingar gerðar að smávægilegu, skipulegu samsæri nokkurra ellíærra bolsévika og erlendra flugumanna, sem nefndir voru „fimmta herdeildin“. Stjórn málaatburður, sem að hryllileik tók langt fram blóðbaðinu forðum á messu heilags Bartholomeusar, var gerður að skopleik.

Ég hafði orðið fyrir hreinsuninni. Þó að ég væri eitt af þeim fórnardýrum, sem slapp hvað best, hafði ég orðið fyrir andlegum og líkamlegum pyndingum af hálfu niðinganna. Nú sat ég í kvikmyndahúsi í Washington og sá þjáningar mínar og þjóðar minnar hæddar í ranghverfri og afskræmdri kvikmynd. Við mér blasti hið óhugnanlega leiksvið, þar sem Hollywood sparkaði líkunum burt og veitti morðingjunum blessun sína.

Þegar ég slapp út úr þessum hreinsunareldi, tók ég eftir, að ég hafði borað nöglunum inn í lófa mína, svo að úr þeim blæddi. Við félagarnir litum hvor á annan — eitt augnatillit var nægilegt, orð voru óþörf. Ég bylti mér andvaka í rúmi mínu alla nóttina.

Önnur kvikmynd, sem gerð var samkvæmt bandarísku þjóðsögunni um Rússland og fyllti mig máttvana örvæntingu, var nefnd *Norðurstjarnan* (North Star). Hún gerðist í sveitabörpi í einhverju Undralandi, þar sem sællegir, fallegir og svo hamingjusamir bændur, að það var fjarri öllu lagi, lifðu óhófssömu gleðilífi við söng, dans og ástir dag hvern. Þetta var sveitabörn í álögum, þar sem allt fór eins og í ævintýrunum. Álfarnir sópuðu vegina, og jafnvel hestarnir og kýrnar voru táhreinir. Að minnsta kosti sást enginn vottur um hið gagnstæða í þessu heilnæma sveitabörpi. En við vorum ekki í neinu Undralandi. Mér til mikillar furðu kom í ljós,

að við vorum í samyrkjusveitaþorpi í landi Stalíns! Þessi skoðun Hollywoodmanna á samyrkjubúskap stóð hér um bil jafnnálægt sannleikanum og Hollywoodsögnin í *Sendiför til Moskvu*. Og það var sýndur fjöldi annarra kvikmynda, og út kom fjöldi bóka og greina með sama ævintýraljómanum.

Bandaríski áróðurinn lét sér ekki nægja að sýna hinar óþægilegu staðreyndir um Rússland og reyna að skýra þær vinsamlega. Hann valdi auðveldari aðferðina, að neita staðreyndunum og sýna það Rússland, sem hvergi var til nema í hugmyndaheimi hans.

Ég spurði sjálfan mig í sífellu, hvers vegna í ósköpunum þessir Vesturheimsmenn vildu ólmir skapa paradís og finna henni stað í mínu sárþjakaða föðurlandi. Hvers vegna vilja þeir hvítþvo Stalín af illverkum hans og þurrka út ógnarstjórn bolsévika?

Það var hópur manna — Duranty, Hindus, Anna Louise Strong, Ella Winter, Albert Rhys Williams, svo að nokkrir séu nefndir — sem hafði hafist til fræððar á þessari óskiljanlegu löngun Vesturheimsmanna til að háma í sig það góðgæti, sem ráðstjórnaráróðurinn framreiddi. Rit þeirra drógu dám af blöðunum í Moskvu.

Það var líka annar dálitlu stærri og heiðarlegri hópur raunverulegra kommúnista, sem notaði lygina um Rússland sem tæki í stéttabaráttunni, taldi það skemmstu leið til valda. En hvers vegna gleypsti almenningur í Ameríku við þessu?

Það, sem mig furðaði mest á, var hinn algjörri þekkingarskortur hinna svonefndu „sérfræðinga í málefnum Sovét-Rússlands“ á eðli og fyrirkomulagi valdsins í Ráðstjórnarríkjunum og stjórnarfari landsins, en áróður þeirra hafði fest djúpar rætur í Vesturheimi. Eitt sinn gafst mér tækifæri til að athuga bókaskrá í bandarísku háskólabókasafni. Ég furðaði mig á því að sjá, að þau spjöld, sem voru mest lúð, voru spjöldin yfir rit Leníns og Stalíns. Hér voru sýnilega einhverjir, sem lásu þau alvarlega sem leiðarvísa til betri veraldar. ... Ég var þess vegna ekkert hissa, þegar ég uppgötvaði, að allmargir bandarískir, indverskir og kínverskir stúdentar við þennan háskóla vonuðust eftir að geta breytt stjórnarfari landa sinna eftir fyrirmynd Ráðstjórnarríkjanna. Ég vonaði aðeins, að það ætti ekki fyrir þeim að liggja að verða fyrir jafnbeiskri reynslu og ég.

Eftir því sem tímar liðu fram, komst ég til skilnings á því, að Vesturheimsmenn tóku þjóðsöguna fram yfir veruleikann. Þeim sárnaði óréttlætið í landi sínu, og þeir þurftu huggunar við, á sama hátt og dapurt barn finnur huggun í skínandi leikfangi, sem gefur frá sér hátt hljóð. Þeir blekktu ekki aðra eins mikið og þeir blekktu sjálfa sig. Ég tók sérstaklega eftir þessari sjálfsblekkingu hjá hinum svonefndu frjálslyndu blöðum og tímaritum *The Nation*, *The New Republic*, *PM* og þess háttar ritum. Mér fannst afstaða þeirra vera hræðileg soun á góðum tilgangi.

Svona menn þyrftu að öðlast þann andlega skýrleika og það siðferðislega jafnvægi, sem þarf til þess að skilja, að óréttlæti í Ameríku má ekki verða afsökun fyrir því að styðja að óréttlæti annars staðar! Það getur ef til vill orðið þeim til hugarléttis í svip að vegsama blóðbað við „hreinsanir“ í Rússlandi, en það eflir varla

þann mikilsverðari tilgang að skapa réttlæti alls staðar, þar á meðal í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Í leit minni í bandarískum bókasöfnum fann ég ágætari bækur eftir Vesturheimsmenn, sem á ógnaröld keisarátímans höfðu haft kjark til að segja sannleikann. Í því sambandi nefni ég sem dæmi bók Georges Kennans um Síberíu. Ég veit líka, að í Ameríku voru tugir rússneskra útлага — og meðal þeirra var til dæmis Þjotr Kropotkín — sem höfðu flúið úr klóm leynilögreglu keisarans til þess að ljósra upp um og ákæra þá, sem hlekkjuðu rússnesku þjóðina. Ég velti því fyrir mér, hvort frjálslýndir Vesturheimsmenn hefðu að launum fyrir kjark þeirra nefnt þá „andrússneska“.

Eða skildi sú kynslóð, sem hugsaði skýrar og rólegar og var síður undir áhrifum áróðurs, að þessir menn börðust fyrir rússnesku þjóðina, þegar þeir lýstu yfir meðaumkun sinni með fórnardýrunum?

Mér lærðist smám saman sú ótrúlega staðreynd, að þeir, sem í Ameríku okkar tíma dirfast að segja eitthvað af sannleikanum um harðstjórn Stalíns og eru mál-svarar rússnesku þjóðarinnar gegn kúgurum hennar, eiga að mæta tortryggni og kulda og eru jafnvel stundum settir í gapastokkinn sem „andstæðingar Rússa“. Það rann upp fyrir mér, að ákvörðun mín um að flýja út í hina frjálsu veröld og nota frelsið til þess að verja þjóð mína myndi ekki verða jafneinfalt mál og ég hafði haldið í fjarlægðinni. Mér varð ljóst, að ég gat búist við því, að einmitt hinir hjarta-hlýju og göfugu Vesturheimsmenn, sem ég hafði talið víst að myndu skilja mig og styðja, álösuðu mér og hæddust að mér.

Áróður Stalíns erlendis hafði orðið árangursríkari en nokkurn í Rússlandi grunaði. Þjóðsagan um hið farsæla „sósíalíska“ land er innan Rússlands álitin óhugnanlegt dæmi um áróður einvaldsstjórnar. Í hinni lýðræðissinnuðu veröld, utan Rússlands, er áróðrinum trúað bókstaflega, hátíðlega, næstum með trúarhrifningu af miklum hluta þeirra manna og kvenna, sem skapa almenningssálitid.

28. kafli: Á flóttu frá ranglætinu

Í FRÁSÖGN BLAÐANNA UM BROTTFÖR mína frá ráðstjórninni stóð, að ég hefði misst tálvonir mínar um kommúnisma Stalíns, eftir að ég hafði kynnst hinu bandaríska lýðræði. Sagt var eða gefið í skyn, að kynning mín við bandarískt frelsi hefði komið mér til þess að yfirgefa verslunarnefnd ráðstjórnarinnar. Þetta gerði flóttu minn leikrænni og að fagurri lofgjörð um Bandaríkin. En þetta var ekki satt. Sannleikurinn er, að ég hafði fyrir löngu tekið ákvörðun um að varpa frá mér einræðisspennitreyjunni við fyrsta tækifæri, sem gæfist, hvar sem það gæfist og hvenær sem það gæfist. Ef mér hefði verið fengið starf í Kína eða Patagoníu, en ekki í Bandaríkjunum, myndi ég hafa gert sömu tilraunina til að ná frelsi í því skyni að geta framkvæmt það ætlunarverk, sem ég hafði sett mér.

Þetta var ætlunarverk, sem ég hafði tekist á hendur af ráðnum hug, þó að ég viti ekki nákvæmlega upphafsstund þessarar ákvörðunar í hugskoti mínu. Ákvörðunin var afleiðing tilfinninga, sem hægfara en óhjákvæmilega höfðu þroskast með mér. Allt, sem ég hafði verið og hugsað, neyddi mig til þess að taka þessa ákvörðun. Æska mín, sem gagnsýrð var af hinni þrautseigu hugsjónastefnu föður míns og djúpri guðstrú móður minnar, leiddi til þessarar ákvörðunar. Góðvild þeirra og mannkærleikur var mismunandi tegundar, en kjarninn var sá sami. Og það er alveg vafalaust, að þessi kjarni hefur einnig verið í mér.

Ég var einnig hvattur til þessa afanda þeirrar þjóðar, sem hafði alið uppreisnarmenn á myrkustu öldum sínum, valdatímum mestu harðstjóranna og kúgaranna. Eitt er víst: Ef mögulegt hefði verið að berjast fyrir frelsinu innan landamæra Rússlands, myndi ég hafa verið þar áfram. ... Ef nokkur von hefði í raun og veru verið um breytingu til batnaðar — um stjórn málalegt og efnahagslegt frelsi, um fráhrarfr stjórnarleiðtoganna frá alþjóðakommúnismastefnunni — myndi ég hafa verið þar áfram. En því miður beindist stjórnarfarið með hverju ári sem leið ekki í áttina til hinna mannlegu hugsjóna, sem voru forsenda byltingarinnar, heldur burt frá þessum hugsjónum.

Vonin um Rússland varð sífellt veikari, efnahagslegt frelsi og lýðræðisleg réttindi fjarlægðust sífellt, jafnvel endurminningin um þetta virtist fölna óðfluga. Rán hinna sjálfskipuðu valdhafa varð óbilgjarnara og víðtækara. Á vissu tímabili í styrjöldinni héldu sumir okkar, að meginreglur Atlantshafsýfirlysingarinnar og fyrirheitið um hið fjórfalda frelsi myndu einnig verða látin ná til lands okkar. En þær tyllivonir urðu fljótt að engu. Við skildum, að þessi skjöl voru aðeins bréfmíðar, að því er tók til lands okkar.

Hvers vegna hélt ég áfram að vera í spennitreyjunni í sjö mánuði, eftir að ég kom til Ameríku? Svarið er, að ég varð að hafa tíma til að rannsaka umhverfið og andlegt mótsöðuafl mitt, áður en ég tók hið skelfilega stökk. Á sama hátt gefur fangi, sem hefur ákveðið að flýja, sér tíma til að kynnst venjum fangavardanna og umhverfinu.

Rússi, sem er alinn upp undir handleiðslu ráðstjórnarinnar og kemur í fyrsta skipti út í veröldina utan landamæra Ráðstjórnarríkjanna, er ringlaður og næstum hjálparvana. Einfaldasta samhfæing við lífið umhverfis hann verður að máli. Hann uppgötvar, að hann hugsar öðruvísi og tilfinningar hans eru öðruvísi en mannanna umhverfis hann. Það tekur tíma fyrir hann að flýsja í burt lag eftir lag af lífsvenjum sínum, og það er vandasamt verk.

Í Bandaríkjunum var ég ókunnugur maður, átti ekki einn einasta tryggðarvin, sem ekki var ráðstjórnarþegn, talaði ekki mál landsmanna og hafði engan fjárhagslegan bakhjarl. Ef ég hefði átt jafnmarga opinbera og leynilega vini í Ameríku og ráðstjórnareinræðið á, hefði ekki verið vandasamt fyrir mig að leysa úr erfiðleikum. ... Ég treysti því, að reynsla mín og verkfræðimenntun myndu gera mér mögulegt að vinna fyrir mér. En á þeirri stundu, er ég rífi mig lausan frá nefndinni, myndi ég vera peningalaus, vinalaus og hjálparvana gagnvart þeim ógrynnum af rögi og hefndartækjum, sem hinir móðguðu fangaverðir mínir höfðu til umræða.

Sjö mánuðir voru í raun og veru stuttur tími til þess að venjast loftslaginu í Vesturheimi, kynnst máli landsmanna lítils háttar og eignast nokkra kunningja. Að minnsta kosti mánuði fyrirfram var mér það ljóst, að ég myndi í lok marsmánaðar 1944 ganga það skref, sem yrði ekki aftur tekið. Ég var mestan hluta þess mánaðar á ferðalagi, fór tvær ferðir til Lancaster í Pennsylvaníu og eina ferð til Chicago. Það, sem var ríkast í huga mér, var að setja vini mína og samstarfsmenn í nefndinni og í Rússlandi ekki í neina hættu.

Ég kunngerði engum þeirra fyrirætlanir mínar, hvorki í orði né verki, þó að ég hefði sára þörf fyrir bandamenn og brynni auðvitað í skinninu eftir að geta trúað einhverjum fyrir leyndarmáli mínu. Ég vissi allt of vel, hvað það myndi hafa í för með sér fyrir ráðstjórnarborgara, ef hægt væri að bera fram nokkurn snefil af ákæru gegn honum, þegar NKVD tæki „mál“ mitt til meðferðar.

Það, sem mér var næstrikast í huga, var að sjá um, að nefndinni gæfist ekkert tilfni til að koma fram með lygaákæru á hendur mér um mannorð mitt. Sú skýrsla, sem til var um hið mikilvæga láns- og leigustarf, sem mér hafði verið trúað fyrir, var flekklaus; og mér var fast í huga, að svo yrði til endalokanna. Eftir því sem unnt var, lauk ég því starfi, sem mér hafði verið trúað fyrir, og skildi við það í svo góðri reglu, að annar málfræðingur gæti tekið við þar, sem ég hætti. Síðasta morguninn í aðalbækistöð nefndarinnar í Sextándu götu kom ég öllum peningamálefnum mínum í lag. Ég átti þrjátíu dali inni, þegar ég fór þaðan, og það gladdi mig, þó að mér þætti hver dalur á þeim tíma vera á við þúsund.

Ég hef sagt frá flóttanum sjálfum á fyrstu blaðsíðum þessarar bókar. Ég hafði

gert mig að föðurlandslausum manni. Ég hafði gert mig að skotsþæni hinna bandarísku kommúnista og — það sem var enn verra — hinna sjálfbyrgingslegu samferðamanna þeirra. Og ég hafði gert sjálfan mig að skotsþæni brennandi haturs öflugustu og heiftræknustu stjórnar jarðarinnar.

Horfur mínar voru dökkar og kvíðvænlegar. Ég hafði af ráðnum hug og með fulla vitneskju um afleiðingarnar kosið fallvalt frelsi í stað þrældóms og efnahagslegs öryggis. Aðeins sá, sem hefur lengi verið þegn í einræðislögregluríki nútímans, getur skilið réttilega þann ótta, sem vald, siðleysi og alls staðar nálægð þessa ríkis getur blásið manni í brjóst.

Þegar ég fór frá Washington-borg, vissi ég, að nefndin hafði ákveðið að skipa mig í fasta stöðu meðal starfsmanna sinna og sú ákvörðun verið staðfest í Moskvu. Þetta hefði verið mikil upphæfð fyrir mig. Ég átti að hefja þetta nýja starf eftir fáa daga, hinn 3. apríl, með blessun ráðamannanna í Moskvu. Seinna hefði ég ef til vill verið sendur heim með viðskiptareynslu mína frá útlöndum sem trúr sonur Stalíns, sem hefði staðist storma burgeisa-freistinganna. Það voru engin takmörk fyrir þeim hæðum, sem ég hefði getað komist upp í innan embættismannastéttarinnar.

En jafnvel uppi í þessum hæðum hefði ég orðið einn af þrælum valdsins í slagtogi með kúgurum þjóðar minnar og án nokkurra möguleika til að geta hjálpað henni. Ég kaus af ráðnum hug að dveljast heldur erlendis. Ég þarfnadist frelsis til þess að berjast gegn harðstjórninni, og til þess að ná þessu frelsi varð ég að sætta mig við alls konar óþægindi, efnahagslegt öryggisleysi og lífshættu. Frá þessari stundu var Víktor Kravtsjenko ekki til. Það var strikað yfir nafn hans. Frá þessari stundu var hann Ítali, Júgóslavi, Portúgali, hvað sem var, nema Rússi. Þau eru ekki fá nöfnin, sem ég hef nefnt mig!

Í skuggalegu og dapurlegu gistihúsi í Manhattan, á afviknum stað, undirbjó ég skýrslu þá, sem að nokkru leyti var tekin upp í New York Times og önnur blöð 4. apríl 1944. Þegar ég les þessa yfirlýsingu nú, eftir að stýrjöldin hefur verið farsælega leidd til lykta, er þar ekkert, sem ég þarf að leiðrétta. Mér finnst heldur, að tímarnir hafi staðfest kvíða minn og viðvaranir.

Ég hélt því þá fram, að ráðamennirnir í Kreml, á meðan þeir á yfirborðinu væru í bandamannatölu Ameríku og Englands, væru önnur kafnir við að „stefna að markmiðum, sem væru ósamrýmanleg slíkri samvinnu“. Ég skrifaði, að haldið væri áfram að stjórna kommúnistahreyfingunni hvarvetna frá Moskvu, þó að Alþjóðasamband kommúnista hefði verið leyst upp á áberandi hátt. Að því er snerti stjórnmalastefnu Stalíns gagnvart Póllandi, Balkanríkjunum, Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi, Austurríki og fleiri löndum, reyndi ég að sýna fram á, að hún stjórnaðist aðeins af hagsmunum Ráðstjórnarríkjanna og væri ekki lýðræðisleg. Því næst bætti ég við:

„Á meðan ráðstjórnin læst vilja koma á lýðræði í þeim löndum, sem frelsuð hafa verið undan fasismanum, hefur hún í heimalandi sínu ekki gert neina tilraun til að láta rússnesku þjóðina njóta hins frumstæðasta frelsis. Rússneska þjóðin á nú,

eins og fyrr, við að búa ólýsanlega kúgun og grimmd, og NKVD heldur áfram með tilstyrk þúsunda njósnara sinna að beita ótakmörkuðu valdi yfir þjóðum þeim, sem byggja Rússland. Í þeim héruðum, sem frelsuð hafa verið undan nasistum, er ráðstjórnin að setja aftur á stofn lögreglustjórn með lögleysi sínu og ofbeldi, en fangabúðirnar eru þær sömu og áður. Sú von um stjórnmalalegar og þjóðfélagslegar endurbætur, sem vaknaði hjá rússnesku þjóðinni í byrjun styrjaldarinnar, hefur reynst algjör tálvon.

... Ég staðhæfi, að rússneska þjóðin þurfi öllum þjóðum frekar að njóta hinna frumlægu stjórnmalaréttinda — raunverulegs mál- og ritfrelsis, frelsis undan neyð og lausn undan ótta. Frá stjórn sinni hefur rússneska þjóðin aðeins fengið hræsnisfullt orðagjálfur um slíkt frelsi. Í mörg ár hefur hún lifað við sífelldan ótta og skort. Rússneska þjóðin á skilið stjórnarfarsbreytingu vegna hinna stórkostlegu fórna sinna, sem frelsað hafa bæði landið og hina ríkjandi stjórn og veitt fasismanum geysimikil áföll og ráðið úrslitum styrjaldarinnar.“

Það hefur ekkert gerst, síðan ég ritaði þessi orð, sem gefur ástæðu til að breyta þeim. Einræði Stalíns er ennþá jafnmiskunnarlaust, einrátt og miðhæft. Ógnaraðferðir þess hafa ekki verið mildaðar. Ég get ekki búist við, að almennur borgari í lýðræðislandi geti skilið hið sanna eðli einræðisharðstjórnar. Þeir, sem sömdu ákærurnar gegn stríðsglæpamönnum nasista, komust næst þessum skilningi, þegar þeir lýstu nasistastjórninni. Þegar ég las eitt af þeim skjölum, sem þeir höfðu samið, gat ég ekki komist hjá því að hugsa: Hér er loksins komin nákvæm lýsing á ráðstjórnarfyrirkomulaginu! Það þarf aðeins að breyta nokkrum nöfnum og setja ráðstjórn í staðinn fyrir nasisti — og er þá komin lýsing á starfsaðferðum Kremlbúa.

Ákærurnar gegn nasistunum sýna foringjaregluna sem kjarnann í kenningum og framkvæmdum nasista. Hún er ásama hátt meginreglan í ráðstjórnarfyrirkomulaginu. Í ákærunni stendur: „Samsærismennirnir bönnuðu alla stjórnmalaflokka nema nasistaflokkinn, ... breyttu ríkisþinginu í hóp af frambjóðendum sínum og komu í veg fyrir frjálsar kosningar, ... settu á stofn og útbreiddu ógnarstjórnarfyrirkomulag gegn raunverulegum og ímynduðum mótstöðumönnum stjórnarinnar.“ Að undanteknum nöfnum samsærismannanna og fórnardýranna var ég að lesa ákæru gegn ráðstjórnareinræðinu og öllum einræðislögregluríkjum nútímans.

Og þó eiga sömu mennirnir sem kváðu upp dóminn yfir samsærismönnum Hitlers engin orð til að fordæma þá, sem í Ráðstjórnarríkjunum hafa myndað samsæri gegn frelsi rússnesku þjóðarinnar. Það verkefni að vekja samvisku veraldarinnar vegna ógnanna í Rússlandi er enn óunnið.

Atvikin staðfestu brátt það kvíðafulla hugboð, sem ég hafði í upphafi míns nýja lífs. Þegar frásögnin um flótta minn kom í blöðunum, lét verslunarnefnd Ráðstjórnarríkjanna fyrst eins og hún kannaðist ekki við mig. Það var augljóst, að hún beidi eftir fyrirskipunum frá Moskvu. Því næst játaði hún tilveru mína og byrjaði að senda frá sér hinar óhjákvæmilegu yfirlýsingar til að varpa skugga á mannorð mitt.

Mikilvægasta yfirlýsingin, sem ég hafði ekki séð fyrir, var þess efnis, að ég væri

ennþá höfuðsmaður í Rauða hernum. Á þann hátt reyndi nefndin að breyta flóttu mínum af stjórn málaástæðum í strok frá herþjónustu og leggja með því löglegar forsendur að því að heimta mig framseldan í hendur aftökudeilda Stalíns. Í raun og veru hafði hinni stuttu þátttöku minni í hernaði lokið á sjúkrahúsi fyrir rúmum tveimur árum. Eftir þann tíma hafði ég verið borgaralegur embættismaður. Utanríkisráðuneytið hvorki gat né myndi hafa sent mig til útlanda, ef ég hefði ekki áður fengið opinbera og fullkomna lausn undan öllum hernaðarskyldum.

Kommúnistablöðin og þau blöð, sem áttu samleið með þeim, hófu blaðárásir á mig af mikilli heift. Í árásargrein í *Daily Worker* frá 5. apríl, sem undirrituð var af einhverjum Starobín, var fyrirsögnin þessi: Sagan um lítilfjörlegan liðhlaupa: Hitler safnar hér saman síðasta varaliði sínu. Hún var rituð á hinu venjulega rögs máli flokksins.

En í gegnum hana alla hljómaði tónn, sem þeir, sem þekktu ekki til, heyrðu ef til vill ekki, en hljómaði hástöfum í hinum reyndu eyrum mínum. Það var hót-unartónninn. Félagi Starobín talaði um „viðbjóðsleg föðurlandssvik manns, sem kveðst vera embættismaður í verslunarnefnd Ráðstjórnarríkjanna“. Hann skrifaði, að þess háttar svikarar frá Trotskíj og niður í einskis verð smápeð eins og þennan Kravtsjenko „geta um stundarsakir blekkt marga menn“. Og nú komu viðvaranirnar: „Hin árvakra refsihönd hins framsækna hluta mannkyns mun grípa þá og að lokum tortíma þeim öllum.“

Þegar ég las þessi orð, minntist ég þess, að refsihöndin hafði í dæmi Trotskíjs gripið haka og mölvað með honum höfuðkúpu hans í Mexíkóborg. Eftir nokkrar setningar, sem aðeins voru skammaryrði, kom félagi Starobín aftur að hinu raunverulega viðfangsefni sínu. „Kravtsjenko hefur sýnilega lifað lengur en skyldi,“ skrifaði hann, og lauk máli sínu, eftir að hafa minnst á, að ég hefði ákallað vernd almenningsálitsins í Ameríku, svo sem hér segir:

„Land okkar er ekki skálkaskjól fyrir mótstöðumenn bandamanna og styrjaldarreksturs okkar. ... Það væri sorglegt, ef Bandaríkin yrðu gróðrarstía fyrir þess konar skriðdýr, hæli fyrir menn, sem eru ekki nægileg karlmenni til að segja þjóðinni í Ráðstjórnarríkjunum það, sem þeir kveina undan í New York Times.“

A þennan hátt gaf *Daily Worker* hinum ógreindari lesendum sínum í skyn, að hver sá, sem væri „nægilegt karlmenni“, gæti talað beint til þjóðarinnar í Ráðstjórnarríkjunum! Og þetta gerði blaðið eftir að hafa játað, að ég hefði „lifað lengur en skyldi“, vegna þess að lögreglan, sem vakti yfir hugsunum ráðstjórnarborgarans, hefði ekki vitað um skoðanir mínar! Mér myndi „verða tortímt“ — auðvitað ekki af leynilegum erindreikum frá andlegu föðurlandi félaga Starobíns, heldur af „hinum framsækna hluta mannkyns“.

Ég átti ekki í neinum vandræðum með að skilja þessa tilkynningu. Ef ég þegði ekki, þá myndi „hin árvakra refsihönd“ framkvæma hið göfuga starf sitt, það væri enginn skortur á höndum. Aðrir gátu ef til vill vikið slíkum viðvörðunum til hliðar

sem orðskrúði. Ég þekkti því miður allt of vel aðferðir og erindreka þess stjórnar-fyrirkomulags, sem ég hafði ákært.

Þrátt fyrir viðtækar varúðarráðstafanir mínar var hið leynilega upplýsingakerfi Ráðstjórnarríkjanna í New York sýnilega í engum vandræðum með að komast að, hvar ég væri niður kominn. Ég þekkti strax erindreka hennar, sem brátt reikuðu um í hliðargötunum á móti gistihúsi mínu. Ég breytti hvað eftir annað um gistihús og nafn. Við og við sefaði ég mig við þá hugsun, að ég hefði komist undan þeim. En sömu mennirnir stóðu brátt aftur á verði fyrir utan næsta bráðabirgðadvalarstað minn. Ég varð oft að skjótask inn í húsasund og fara í skyndi upp í bifreið á götunum til þess að losna við þá menn, sem veittu mér eftirför.

Til þess að losna um stund undan þessu eftirliti, sem tók mjög á taugarnar, tók ég boði nýrra vina minna um að dveljast hjá þeim í útjaðri bæjar eins í Miðvesturríkjunum. Þessir nýju vinir mínir voru Bandaríkjamenn, sem höfðu leitað mig uppi, eftir að þeir höfðu lesið grein eftir mig í *Cosmopolitan*. Ég sagði engum frá ferð minni og hélt í raun og veru, að mér hefði tekist að komast inn í járnbrautarlestina án þess, að mér væri veitt eftirtekt. En þar skjáblaðist mér. Vinir mínir, sem biðu mín á járnbrautarstöðinni, voru mjög órólegir. Þeir sýndu mér þrjá menn, sem höfðu veitt þeim nákvæma eftirtekt síðasta stundarfjórðunginn án þess að leyna áhuga sínum.

Það var enginn vafi á því, að þessi þrenning beið mín. Ég tók eftir því, að einn þeirra hafði hægri hönd sína í vasanum, tók hana aldrei upp úr honum og leit aldrei af mér. Þegar við stigum upp í bifreið, hraðaði þrenningin sér upp í aðra og veitti okkur eftirför án þess að fara nokkuð dult með það. Við ókum fram og aftur um bæinn í árangurslausri tilraun til þess að losna við þá. Það var ekki fyrr en við námum staðar við lögreglustöðina, að hin bifreiðin ók framhjá okkur og hvarf. Okkur tókst að skrifa númer hennar. Síðari rannsóknir leiddu í ljós, að spjaldið með númerinu á hafði verið tekið ófrjálsri hendi. Hvað eftir annað daginn eftir ók þessi sama óhugnanlega bifreið fram og aftur hjá húsi því í úthverfi bæjarins, sem ég dvaldist í. Auk þess var hringt til okkar frá New York, og dularfullar raddir vörðu mig „vinsamlega“ við, að líf mitt væri í hættu og ég yrði að fara huldu höfði. Tilgangurinn var augskýrlega sá að hræða gestgjafa mína til þess að reka mig burt úr húsi sínu og koma mér til að leita hælís á einhverjum afviknum felustað, þar sem þægilegra væri að „tortíma mér“.

Mér fannst sem ég væri kominn aftur til Ráðstjórnarríkjanna og væri ekki lengur í Bandaríkjunum. Ég velti því fyrir mér, hvort ég myndi nokkurn tíma framar geta lifað og starfað án ótta um líf mitt. Vinir mínir voru hugaðir menn og stóðust þetta. Mun ég að eilífu vera þeim þakklátur fyrir það. Gestgjafi minn hafði beitta öxi til-tæka við rúm sitt hverja nótt — en það var eina vopnið, sem var til í húsinu til þess að verjast með henni, ef á okkur yrði ráðist. Aðrir Bandaríkjamenn — og nokkrir Rússar — í öðrum landshlutum létu ekki heldur hótanir Ráðstjórnarríkjanna hafa

áhrif á sig og voru fúsir á að taka á sig þá hættu að vernda líf mitt, á meðan ég vann að samningu þessarar bókar.

Nú er bókinni lokið. Ég hef sagt sögu mína. Morðingjarnir, sem telja sig vera í þjónustu „hins framsækna hluta mannkyns“, munu ef til vill einhvern dag hafa heppnina með sér og takast að „tortíma mér“. En þeir geta ekki eyðilagt þessa bók, sem ég tileinka hinni langkvöldu rússnesku þjóð, sem ég er kominn af. Ég er svo djarfur að vona, að sá dagur megí renna upp, að hún öðlist raunverulegt frelsi og raunverulegt efnahagslegt lýðræði.

Þegar sá dagur rennur upp, munum við í sannleika hafa nálgast hugmyndina um einn heim. Á meðan sjötti hluti yfirborðs jarðarinnar — stórlega aukinn með undirokun og svikráðum í garð allmargra smáþjóða — heldur áfram að lifa undir einræðisþrældómi og í andlegri myrkvun, er friðurinn, er best lætur, harla óviss. Fyrsta skrefið í áttina til öryggis í veröldinni er ekki heimsbandalag, þó að koma verði því á fót — heldur frelsun þjóðflokka þeirra, sem byggja Rússland, undan harðstjórum þeirra. Það þarf aðeins að hugsa sér, að það kraftaverk gerðist, að Rússland yrði allt í einu lýðræðisland, til að sjá, að flest það, sem nú ógnar friðnum í veröldinni, myndi minnka eða hverfa af sjálfu sér og möguleikar skapast fyrir raunverulega samvinnu milli þjóðanna. Menn kunna ef til vill að segja, að frelsun Rússlands undan einræðisokinu sé mál, sem aðeins varðar Rússa sjálfa. Þeim, sem hugsa þannig, skjátlást hrapallega. Öryggi menningarinnar og líkurnar fyrir varanlegum friði eru á margan hátt komnar undir þessari frelsun.

Ég er ekki nógu bjartsýnn til þess að vonast eftir, að þetta kraftaverk gerist, á meðan okkar kynslóð lifir. En ég veit með vissu, að skilningur lýðræðisríkja veraldarinnar á ástandinu í Rússlandi, eins og það raunverulega er, er fyrsta skilyrðið til frelsunar lands míns innanfrá. Þunga almenningssálitsins í veröldinni, lyftistöng andlegrar hjálpar þess, sem nú styrkir harðstjórn Kremlar, verður að beina í þá átt, að það flýti fyrir og hjálpi frelsistilraunum rússnesku þjóðarinnar.

Bók þessi er samin sem ævisaga venjulegs Rússa, sem hefur ekki glatað ást sinni á frelsinu. Hún er skírskotun mín til samvisku Bandaríkjamanna og allra lýðræðisþjóða veraldarinnar.

Eftirmáli

ÉG BYRJAÐI AÐ VINNA AÐ BÓK þessari þegar eftir flóttu minn frá verslunarnefnd Ráðstjórnarríkjanna og vann að henni mánuð eftir mánuð við hræðilegar aðstæður, við samfelldar ofsóknir og lífshættu. Ég neyddist til að ferðast frá borg til borgar, skipta iðulega um gistihús og bústaði, ganga undir nöfnum, sem ég hafði fundið upp, látast vera af ýmsum þjóðernum og leita að öruggum „felustöðum“ á heimilum Bandaríkjamanna og samlanda minna.

Ef erindrekar Ráðstjórnarríkjanna hefðu getað haft hendur í hári mínu á þessu tímabili, þá hefði mér ef til vill verið „tortímt“; eða það sem verra var, ég hefði ef til vill verið sendur leynilega til Ráðstjórnarríkjanna til að gera „reikningsskil“. Sem betur fór varð þetta ekki, og get ég því nú í fyrsta skipti á ævinni talað frjálsmannlega máli lands míns, þjóðar minnar og sjálfs mín.

Þegar ég sagði skilið við verslunarnefndina, stóð styrjöldin ennþá yfir. Nauðsynin á hernaðarsamvinnu milli lýðræðisþjóða Vestursins og einræðisins í Ráðstjórnarríkjunum lagði ýmsar hömlur á mig. Ég sætti mig við þær með glöðu geði. Óskin um sameiginlegan sigur bar allar aðrar óskir ofurliði. En nú, þegar styrjöldinni hefur verið lokið með sigri, álít ég það ekki einungis mögulegt, heldur knýjandi skyldu mína að segja hreinskilnislega og nákvæmlega frá og á eins áhrifaríkan hátt og mér er unnt. Þess vegna skrifaði ég þessa bók.

Enn ein brún ástæða til þess að segja frá staðreyndunum er, að eftir lok stríðsins hafa margir menn og þjóðir — sumir af fúsum vilja, aðrir vegna erlendrar nauðungar — „hneigst til vinstri“. Þessa stefnu álít ég heilbrigða og óhjákvæmilega — þegar og að svo miklu leyti sem hún er ekki fyrsta stigið eða — eins og borið hefur við — fullkomin eftirmynd af einræðiskommúnisma Kremlar. Því miður virðist það vera svo í stórum hlutum hins menntaða heims, þar sem engin höft eru lögð á valdbeitingu og kenningar Ráðstjórnarríkjanna.

Íbúar lands míns eru í klóm lögregluríkisins. Þeir hafa enga möguleika til þess að segja frá skoðunum sínum, vonum sínum og óhamingju, svo að heyrist til annarra landa. Með því að ljóstra upp um hið sanna eðli einræðisins í Kreml fyrir hinum lýðræðislegu þjóðum og stjórnnum finnst mér ég leggja fram nokkra liðsemd til að vara veröldina við sjálfsblekkingu. Til þess að geta skapað betri veröld þurfum við meiri gagnkvæman skilning og innilegri vináttu — ekki aðeins milli stjórnanna í hinum ýmsu löndum, heldur líka milli þeirra þjóða, sem byggja þennan hnött.

Einræði kommúnismans í Ráðstjórnarríkjunum er ekki einungis vandi rússnesku þjóðarinnar — og ekki heldur vandi lýðræðisþjóðanna einna. Það er vandi

alls mannkyns. Veröldin getur ekki endalaust haldið áfram að snúa bakinu við því píslarvætti, sem stór hluti mannkynsins, á sjötta hluta af yfirborði jarðarinnar, á við að búa. Yfir þessum hluta jarðarinnar ríkir hópur leiðtoga, sem gert hafa sjálfa sig að guðum og styðjast við vald stjórnmalanefndarinnar, flokksskipulagsins og geysifjölmennrar lögreglu. Þau hundruð milljóna manna, sem búa í Ráðstjórnarríkjunum, hafa ekkert atkvæði um að skapa sjálfum sér örlög og eru útilokuð frá öðrum þjóðum og andlegum straumum í öðrum löndum.

Þó að leiðtogarnir í Kreml hafi neitað þegnum sínum um hvern snofil efna-hagslegs eða stjórnmalalegs frelsis, reyna þeir og fylgifyrirkomulagið sé ein tegund frelsis — að það sé hið raunverulega lýðræði, gagnstætt hin „úrelta“ lýðræði.

Bók þessa ritaði ég auðvitað á móðurmáli mínu, rússnesku, svo að þýða varð hana, áður en hún kom út á ensku. Þetta var gert þannig, að allar staðreyndir, atvik, einstaklingsbundin reynsla, stjórnmalaaatburðir, myndir og mannlýsingar koma nákvæmlega heim við rússneska frumritið í hverju smáatriði. Auk þess hef ég, eftir að enski textinn var fullgerður, sjálfur borið hann saman við rússneska frumritið og stjórnað hinni endanlegu útgáfu.

Ég hef reynt að skrifa þessa bók á sniði sjálfsævisögu. Það var þess vegna nauðsynlegt að sleppa miklu efni, sem við kom stjórnmalum og stjórnarfari Ráðstjórnarríkjanna, lögregluástandinu þar og ýmsum öðrum málum þeirra. Þetta efni og annað, sem stendur í sambandi við það, mun ég birta síðar.

Sums staðar hef ég, til þess að vernda saklausa menn gegn miskunnarlausri hefnd Ráðstjórnarríkjanna, orðið að breyta nokkrum nöfnum, halda leyndum einstaka staðarnöfnum og breyta nokkrum öðrum atriðum. Þar sem slíkar breytingar hafa verið nauðsynlegar, er atburðunum sjálfum lýst af fullkominni nákvæmni og gildi þeirra í frásögninni óröskuð.

Ég tileinka bók þessa rússnesku þjóðinni, sem ég heyri til. Hún er tileinkuð minningu þeirra milljóna manna, sem hafa dáið í baráttunni gegn ráðstjórnarharðstjórninni; þeim milljónum saklausra manna, sem tærost upp í hinum óteljandi fangelsum og fangabúðum harðstjóranna í Kreml; minningu milljóna samlanda minna, sem féllu, er þeir voru að verja ástkært föðurland okkar í von um betri framtíð þjóðinni til handa. Hún er tileinkuð öllum þeim mönnum, hvar sem þeir búa, sem unna framförum og þjóðfélagslegum umbótum og veita lið í baráttunni fyrir frjálsu, lýðræðislegu Rússlandi, en án þess er engin von um varanlegan frið á jörðunni.

New York, 11. febrúar 1946,
Víktor Kravtsjenko.

Eftirmáli enskrar útgáfu 1947

EF TIL VILL Hafa HINIR MÖRGU vinir mínir í Vesturheimi gaman af að heyra, að eftir að þessi bók, *Ég kaus frelsið*, kom út í Bandaríkjunum árið 1946, var hún þýdd og kom út í Frakklandi, Englandi, Sviss, Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Ítalíu, Hollandi, Spáni, Portúgal, Kína, Argentínu, Brasilíu og á ukráínsku í Kanada. Bráðlega munu einnig birtast þýðingar af henni í Þýskalandi, Austurríki, Japan, Kóreu, Egyptalandi, Svíþjóð, Eistlandi, Indlandi, á Urdu- og Bengali-mállýskunum, og í Tékkóslóvakíu.

Þær ágætu móttökur, sem bók mín hefur fengið hérna megin járntjaldsins, hafa verið mér til mikillar ánægju. Þær fórnir, sem ég færði til þess að segja veröldinni sannleikann um ráðstjórnarfyriřkomulagið og til að vara menn við kommúnistahættunni, hafa ekki verið færðar til einskis. Árangurinn af verki mínu hefur verið miklu meiri en ég gerði mér nokkrar vonir um.

Mér hafa borist margar þúsundir bréfa frá Vesturheimsmönnum og frá mönnum alls staðar í veröldinni — körlum og konum úr öllum stéttum og atvinnugreinum — sem hafa lýst yfir miklum áhuga á málum Ráðstjórnarríkjanna, hneykslun sinni og skelfingu vegna kúgunar og harðstjórnar hins kommúníska einræðis og samúð sinni með rússnesku þjóðinni. Þessi bréf hafa verið bestu launin, sem ég hef fengið fyrir starf mitt og fórn.

Ég er mjög þakklátur almenningsálitinu í Bandaríkjunum, sem ég fól mig á vald, þegar ég sagði skilið við kommúnismann, og stjórn Bandaríkjanna, sem framseldi mig ekki til Ráðstjórnarríkjanna, en gaf mér gríðastað og tækifæri til að segja veröldinni sanna sögu um land mitt og þjóð undir einræði ráðstjórnarfyriřkomulagsins.

Það gleður mig, að milljónir manna, sem hafa lesið bók mína, hafa ekki aðeins komist til skilnings á hættunni, sem kommúnisminn er rússnesku þjóðinni, heldur hafa viðurkennt, að þessi hætta er jafnraunhæf og mikil gagnvart sjálfum þeim, ef þeir kasta sér ekki virkir og af heilum hug út í baráttuna gegn kommúnisma og einræði í öllum myndum heima fyrir, í baráttuna fyrir sönnu lýðræði og frelsi.

29. október 1947,
Viktor Kravtsjenko.

Skýringar

Víktor Andrejevítsj Kravtsjenko ... 7. bls. Um Kravtsjenko er hér aðallega stuðst við Gary Kern, *The Kravchenko Case: One Man's War on Stalin* (New York: Enigma, 2007), og John V. Fleming, *The Anti-Communist Manifestos: Four Books That Shaped the Cold War* (W. W. Norton & Company, 2009). Þrjár af þeim fjórum bókum, sem Fleming skrifar um, koma út í þessari ritröð, auk bókar Kravtsjenkos *Úr álögum* e. Jan Valtin [Richard Krebs] og *Myrkur um miðjan dag* e. Arthur Koestler.

I Chose Freedom ... 7. bls. New York: Charles Scribner's Sons, 1946. Bókin kom út á mörgum öðrum málum, eins og Kravtsjenko getur í eftirmála, m.a. þýsku, *Ich wählte die Freiheit* (Zürich: Thomas, 1947); spænsku, *Yo elegí la libertad* (Buenos Aires: Edicitorial Guillermo Kraft 1947); frönsku, *J'ai choisi la liberté!* (Paris: Editions Self, 1947); sænsku, *Jeg valde friheten* (Stockholm: Natur & Kultur, 1947); dönsku, *Jeg valgte friheden* (København: Prior, 1947); norsku, *Jeg valgte friheten* (Bergen: Grieg, 1947); ítölsku, *Ho scelto la libertà* (Milano: Longanesi, 1948); portúgölsku, *Escolhi a liberdade* (Rio de Janeiro: Editora a Noite 1948).

hungursneyðinni í Úkraínu ... 7. bls. Vikið er m. a. að hungursneyðinni í þremur bókum í þessari ritröð, auk bókar Kravtsjenkos í ritgerð Arthurs Koestlers í *Guðinn sem brást og Svartbók kommúnismans* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009), 8. kafla. Fyrst reyndu íslenskir kommúnistar og sósíalistar að afneita hungursneyðinni, síðan að gera lítið úr henni. Halldór K. Laxness vísaði á bug fréttum *Morgunblaðsins* af hungursneyðinni. Hefði hann verið á ferð í Suður-Rússlandi og Úkraínu haustið 1932, og hefði þetta verið „yndisleg húngursneyð“. Rússland úr lofti, *Sóvétínurinn*, 2. árg. (5: september 1934), 4.–5. bls. Mörgum áratugum síðar segir Sigurður Ragnarsson í kennslubók í sögu, *Nýjum tímum* (Reykjavík: Mál og menning, 2006), 227. bls.: „Þegar Stalín hafði öðlast óskoruð völd árið 1928 hófst hann handa um stórfellda iðnvæðingu á grundvelli svokallaðra fimm ára áætlana, jafnframt því sem komið var á samyrkjubúskap í landbúnaði. Samyrkjustefnan var framkvæmd í *ópökk mikils hluta bænda* [leturbr. hér] og bitnaði það á landbúnaðarframleiðslunni. Iðnaðarframleiðsla jókst hins vegar hröðum skrefum næsta áratuginn, uns svo var komið árið 1940 að Sovétríkin töldust annað mesta iðnveldi heims. Þessi árangur vakti mikla athygli umheimsins, enda var heimskreppan mikla í algleymingi.“ Þótt Sigurður minnst ekki einu orði á hungursneyðina miklu eða stórfellda nauðungarflutninga bænda, eyðir hann tíu línur á 268. bls. í að hneykslast á herferð bandaríska öldungadeildarþingmannsins Josephs McCarthys gegn kommúnistum. Vissulega var talsverður hagvöxtur í Ráðstjórnarríkjunum 1928–1940. En sá hagvöxtur skilaði sér lítt í bættum lífskjörum almennings, heldur var hann fólginni í upphleðslu fjármagns, t. d. í hergagnaiðnaði. Þörfum valdastéttarinnar var fullnægt, ekki almennings. Framfarir voru jafnórar í Bandaríkjunum á svipuðu þróunarsligi og í Ráðstjórnarríkjunum, en án stórkostlegra mannfórna. Árið 1928 var VLF, verg landsframleiðsla, á mann í Ráðstjórnarríkjunum \$1.370 (í 1990 Geary-Khamis dölum), og árið 1940 var hún komin upp í \$2.144. Á þrettán árum hafði hún aukist um \$774 á mann. Sambærilegt tímabil er 1876–1888 í Bandaríkjunum (tölf árum eftir borgarastríð). Árið 1876 var VLF á mann þar

\$2.570, og árið 1888 var hún komin upp í \$3.282. Á þrettán árum hafði hún aukist um \$712 á mann, svipað og í Ráðstjórnarríkjnum. (Raunar má finna tímabil í Bandaríkjunum, þar sem vöxturinn var enn hraðari: Til dæmis var VLF á mann í Bandaríkjunum árið 1894 \$3.314, en árið 1906 \$5.079, sem var aukning um \$1.765 á þrettán árum.) Þótt stjórnarfar væri vissulega ekki fullkomið í Bandaríkjunum, voru andstæðingar stjórnvalda ekki teknir af lífi milljónum saman, sveltir til bana eða sendir í þrælkunarbúðir. Öðru nær: Tugmilljónir örsnauðra innflytjenda brutust þar til bjargálna. Niðurstaðan er síðan skýr. Árið 1990, síðasta heila árið, áður en Ráðstjórnarríkin hrundu, var VLF á mann þar \$6.890, en í Bandaríkjunum nær fjórum sinnum meiri, \$23.201. (Tölur eru allar frá The Maddison-Project, <http://www.ggd.net/maddison/maddison-project/home.htm>, 2013 version.)

hreinsunum ... 7. bls. Íslenskir kommúnistar héldu því fram, að sýndarréttarhöld Stalíns á fjórða áratug hefðu verið eðlileg. Sjá m. a. Hauk S. Björnsson, Skemmdarstarf enskra verkfræðinga á Sovét-Rússlandi, *Verklýðsblaðið* 19. apríl 1933; Gunnar Benediktsson, *Frá hugsjónum til hermdarverka* (Reykjavík: útg. höf., 1937), og Kristín E. Andrésson, Dauðadómarnir í Rússlandi og afstaða dagblaðanna hérna, *Verklýðsblaðið* 31. ágúst 1936. Kristinn sagði: „Það er að vísu andstyggilegt, en þó skiljanlegt, að þýn við íhaldsblöðin hérna fyllist samúð með þessum fjandmönnum alþýðunnar í Rússlandi. Allt þetta dót er af einum og sama anda. Öll starfsemi þessa hyskis beinist að því einu að vinna alþýðunni og hugsjónum hennar um frelsi og mannúð allt það tjón, sem það getur.“ Sjá einnig Halldór K. Laxness, Lykillinn að málaferlunum í Moskvu, *Réttur* (22. árg (1: mars 1937), 37.–41. bls. Halldór var viðstaddur réttarhöldin yfir Búkharín og félögum hans í mars 1938 og lýsti þeim í *Gerska æfintýrinu* (Reykjavík: Heimskringla, 1938), sbr. aftanmálsgr. um Búkharín við 103. bls.

Stalíns ... 7. bls. Jósef Vissaríanóvítj Dzhughashvílí, sem kallaði sig Stalín eða Stálmanninn (1878–1953), var frá Georgíu í Kákasus. Hann var bolséviki eins og Lenín og komst smám saman til æðstu valda í Kremlkastala árin eftir valdaran bolsévika 7. nóvember 1917. Unnið er úr nýjum heimildum um stjórnarfar í ríki hans í Stéphane Courtois (ritstj.), *Svarbók kommúnismans* (2009), sem er sem fyrr segir endurúttefin í þessari ritröð. Íslenskir kommúnistar gáfu út lofsamlegar ævisögur Stalíns, *Bóndinn í Kreml* e. Gunnar Benediktsson (Reykjavík: Reykholt, 1945) og *Stalín, 1879–1944* e. breska kommúnistann J. T. Murphy í þýðingu Sverris Kristjánssonar (Reykjavík: Kristján Júlíusson, 1975). Einnig hefur bók e. dóttur Stalíns komið út á íslensku, Svetlana Allilújeva, *Endurminningar: 20 bréf til vinar* (Reykjavík: Fífill, 1967). Þá er kaflí um Stalín í bók Boga Þórs Arasonar, *Barnið sem varð að harðstjóra* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015). Ein læsilegasta bókin á ensku um Stalín er Simon Sebag Montefiore, *Stalín: The Court of the Red Tsar* (New York: Knopf, 2004), og stýðst hún við ýmsar áður ónotaðar heimildir. Önnur sérhæfðari bók Montefiores um Stalín hefur komið út á íslensku, *Stalín ungi* (Reykjavík: Skrudda, 2009). Á ensku má nefna tvær eldri bækur, Milovan Djilas, *Conversations with Stalin* (New York: Harcourt, Brace & World, 1962), og Robert Conquest, *Stalín: Breaker of Nations* (London: Weidenfeld & Nicholson, 1991). Á dönsku má nefna Bent Jensen, *Stalín* (København: Gyldendal, 2005). Þar eru því gerð góð skil, hvernig stalínismi var rökrétt framhald af lenínisma. Um stalínisma má m. a. lesa í Robert Conquest, *The Great Terror: A Reassessment* (London: Pimlico, 1994), Anne Applebaum, *Gulag: A History of the Soviet Camps* (London: Penguin, 2004), og Timothy Snyder, *Bloodlands: Europe between Hitler and Stalin* (New York: Basic Books, 2012). Í þessari ritröð er endurúttefin *Leyniræðan um Stalín*, sem Níkíta Khrústsjov, þá aðalritari kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, hélt 24. febrúar 1956 og olli straumhvörfum í hinni alþjóðlegu kommúnistahreyfingu. Þar er í viðbæti „Erfðaskrá Leníns“, þar sem hann lætur

í ljós áhyggjur af Stalín. Nokkur rit fanga í þrælkunarbúðum Stalíns komu á sínum tíma út á íslensku, og eru þau endurútgefin í ritröðinni: *Þjónusta, þrælkun, flótti* e. Aatami Kuortti, *Konur í þrælakistum Stalíns* e. Elinor Lipper og Aino Kuusinen, *Bóndinn, El Campesino* e. Valentín Gonzáles, *Konur í einræðislóm* e. Margarete Buber-Neumann og *Nytsamur sakleysingi* e. Otto Larsen. Á ensku má nefna *The Gulag Archipelago* e. Aleksandr Solzhenítsyn, 1.–3. b. (London: Collins/Fontana, 1973–1978), og *Hope Against Hope* e. Nadezhda Mandelshtam (New York: Atheneum, 1970).

leitaði hælís ... 7. bls. Sagan af flótta Kravtsjenkos er nokkru lengri og flóknari en ætla mætti af bók hans. Fyrir tilviljun kynntist hann landflótta Rússa, David Dallin (1889–1962), sem hafði verið einn af leiðtogum mensévíka í Rússlandi. Þeir hófu að hittast á laun, og Dallin kynnti hann fyrir ýmsum menntamönnum, sem andstæðir voru stalínisma, þ. á m. Max Eastman, Isaac Don Levine og Eugene Lyons. Dallin kom Kravtsjenko einnig í samband við bandarísku Alríkislögregluna, FBI. Voru flótti Kravtsjenkos og blaðamannafundur vandlega skipulagðir af honum og hinum nýju vinum hans. Óttuðust þeir, að Bandaríkjastjórn, sem var þá í bandalagi við ráðstjórnina gegn nasistum, myndi framselja Kravtsjenko til Rússlands. Raunar lögðu Joseph E. Davies, fyrrverandi sendiherra í Moskvu, og Harry Hopkins, vinur og ráðgjafi Roosevelt Bandaríkjaforseta, að forsetanum að framselja Kravtsjenko, en hann ákvað að veita honum hæli. Sjá nánar Gary Kern, *The Kravchenko Case* (2007), og John V. Fleming, *The Anti-Communist Manifestos* (2009).

Eugene Lyons ... 7. bls. Hann (1898–1985) var bandarískur blaðamaður og rithöfundur, sem hafði haft samúð með bolsévíkum, en skipti um skoðun eftir nokkurra ára starf í Moskvu sem fréttaritari fyrir bandarísk blöð. Skrifaði hann m. a. *Sendur til að skoða fyrirmyndarríkið*, *Assignment in Utopia* (New York: Harcourt, Brace, 1937), sem hafði talsverð áhrif á George Orwell og Friedrich A. Hayek.

íslenskir kommúnistar ... 7. bls. Íslenskir kommúnistar störfuðu fyrst í vinstra armi Alþýðuflokksins, en stofnuðu skv. fyrirskipun frá Moskvu kommúnistaflokk Íslands 29. nóvember 1930, sem gekk í Alþjóðasamband kommúnista, Komintern (sjá aftanmálsg. við 242. bls.). Brynjólfur Bjarnason var formaður kommúnistaflokksins alla tíð. Kommúnistaflokkurinn starfaði til hausts 1938, en þá höfðu Kremlverjar skipað erlendum kommúnistaflokkum að reyna samfylkingu með jafnaðarmönnum gegn fasisma. Kommúnistar fengu þá til samstarfs við sig menn úr vinstra armi Alþýðuflokksins undir forystu Hédins Valdimarssonar. Lögðu kommúnistar flokk sinn niður, og Sameiningarflokkur alþýðu – Sósíalistaflokkurinn var stofnaður. Hédinn Valdimarsson var formaður hans 1938 til 1939, er hann gekk úr honum til að mótmæla fylgispekt hans við Kremlverja. Tók þá Einar Olgeirsson við formennsku og gegndi henni til 1968. Sósíalistaflokkurinn gerði kosningabandalag við menn úr vinstra armi Alþýðuflokksins 1956, Alþýðubandalagið, og gekk Þjóðvarnaflokkurinn, sem boðið hafði fram 1953–1959, til liðs við það 1963. Þótt Sósíalistaflokkurinn væri ólíkt kommúnistaflokknunum ekki í Alþjóðasambandi kommúnista, höfðu forystumenn hans góð tengsl við kommúnistaflokka erlendis og studdu jafnan opinberlega stefnu Kremlverja. Alþýðubandalaginu var breytt úr kosningabandalagi í stjórnmalaflokk 1968, og var þá Sósíalistaflokkurinn lagður niður. Ragnar Arnalds var formaður Alþýðubandalagsins til 1977, Lúdvík Jósefsson 1977–1980, Svavar Gestsson 1980–1987, Ólafur R. Grímsson 1987–1995 og Margrét Frímansdóttir síðan til 1998, þegar flokkurinn hætti störfum. Þótt Alþýðubandalagið ryfi opinber tengsl við kommúnistaflokka Ráðstjórnarríkjanna og annarra Varsjárbandalagsríkja eftir innrásina í Tékkóslóvakíu 1968,

hafði það áfram samband við suma aðra kommúnistaflokka, svo sem í Rúmeníu og á Kúbu. Síðasta verk Margrétar Frímansdóttur og Svavars Gestssonar í Alþýðubandalaginu var að þiggja boð kommúnistaflokks Kúbu haustið 1998, og hugðust þau hitta að máli einræðisherra landsins, Fidel Castro, en hann gaf ekki kost á því. Eftir 1998 gengu Alþýðubandalagsmenn ýmist í Samfylkinguna eða Vinstri hreyfinguna – Grænt framboð. Sjá Þór Whitehead, *Sovét-Ísland. Óskalandið* (Reykjavík: Ugly, 2010), Snorra G. Bergsson, *Sjá roðann í austri* (Reykjavík: Ugly, 2011) og Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2011). Skv. skjölum í Moskvu nutu Kommúnistaflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn verulegs fjárstuðnings frá Moskvu. Nam hann t. d. árin 1955–1968 um 3,5 millj. Bandaríkjadala eða hátt í 500 millj. kr. að núvirði 2017 (og raunar fengu einstök hliðarsamtök flokksins fjárstuðning allt til 1971). Þetta var nálægt 30 millj. kr. árlega. Sjá Hannes H. Gissurarson, Hvers virði var Rússagullið? *Visbending*, 33. árg. 29. tbl. (2015), 3.–4. bls. Ráku íslenskir kommúnistar öflugt bókafélag, Mál og menningu, og gáfu út dagblað, *Þjóðviljann*, og tvö tímarit, *Rétt* og *Tímarit Máls og menningar*. Flokkur þeirra og hliðarfélag eignuðust fjögur stórhýsi í Reykjavík, Laugaveg 18, Þingholtsstræti 27, Skólavörðustíg 19 og Tjarnargötu 20, þótt flokksmenn væru ekki nema um 1.400 að jafnaði. Eru þau árið 2017 metin samtals á rúman milljarð kr. Svokallaður Sigfúsarsjóður hélt utan um eignir Sósíalistaflokksins, en Mál og menning bókmenntafélag annaðist um eignir bókafélagsins. Þessi félag starfa enn og eiga talsverðar eignir, þótt litlar upplýsingar fáiast um þau.

vara lesendur sína ... 7. bls. Hugleiðingar Örvar-Odds, *Þjóðviljinn* 4. desember 1946. Daginn áður hafði *Morgunblaðið* birt útdrátt úr bók Kravtsjenkos, Stalín stefnir að heimsyfirræðum. *Vísir* birti annan kafla úr bókinni 28. febrúar 1948, Yfirstéttin getur keypt hvaðeina sem hún vill, en almenningur getur vart unnið vegna hungurs. Áður hafði *Dagur* á Akureyri birt tvo kafla úr bókinni, „Ég kaus frelsið“ 29. maí og 4. júní 1946.

Les lettres françaises ... 7. bls. Þetta franska tímarit hóf göngu sína 1941 og var kostað af franska kommúnistaflokknum allt til 1972, og lagði það þá upp laupana. Það var síðar endurreist og er nú mánaðarlegt fylgirit blaðsins *L'Humanité*. Greinin um Kravtsjenko, Comment fut fabriqué Kravchenko, Athugasemd um Kravtsjenko-uppspunann, sem birtist þar 13. nóvember 1947, var undirrituð af Sim Thomas. Enginn slíkur maður var til, og var hinn raunverulegi höfundur blaðamaðurinn André Ulmann (1912–1970), sem starfaði fyrir leyniþjónustu ráðstjórnarinnar og Póllands.

Margarete Buber-Neumann ... 7. bls. Hún (1901–1989) var gift þýska kommúnista-leiðtoganum Heinz Neumann (1902–1937). Þjuggu þau um skeið í Moskvu. Hann var þar handtekinn 1937 og skotin sama ár. Margarete var handtekin árið eftir fyrir að vera „í skylduliði föðurlandssvikara“. Hún var send í þrælkunarbúðir í Karaganda í Kazakhstan, en Stalín afhenti Hitler hana ásamt mörgum öðrum þýskum kommúnistum eftir griðasáttmálann, sem alræðisherrarnir gerðu 1939. Sat hún í Ravensbrück-fangabúðum nasista fram á vor 1945. Bók hennar frá 1949, *Fangi Stalíns og Hitlers*, Als Gefangene bei Stalin und Hitler, kom út undir heitinu „Konur í einræðisklóm“ hjá Ísafold 1954 og er ein af bókunum í þessari ritröð. Hana þýddi Stefán Pjetursson, sem verið hafði einn af forystumönnum íslenskra kommúnista, en sjálfur komist nálægt vinnubúðavist, þegar hann leyfði sér í námsdvöl í Moskvu að gagnrýna stalínisma. Sbr. einnig Óhugnanleg frásögn vitnis í Kravchenkomálinu í París, *Alþýðublaðið* 17. mars 1949.

Vera Hertzsch ... 7. bls. Hún (1904–1943) var þýskur kommúnisti, sem fluttist til Ráð-

stjórnarríkjanna 1927. Maður hennar, Abram Rozenblum, var handtekinn 1936 og skotinn fyrir að vera trotskisti. Þótt hún væri þá þegar skilin við hann, var hún síðan fangelsuð vorið 1938 fyrir að vera „í skylduliði föðurlandssvikara“. Var Halldór K. Laxness viðstaddur handtöku hennar, þótt hann segði ekki frá því fyrr en aldarfjórðungi síðar, í *Skáldatíma* (Reykjavík: Helgafell, 1961). Vera var ástkona Benjamíns H. J. Eiríkssonar hagfræðings, á meðan hann dvaldist í Moskvu. Talið er, að barn þeirra Benjamíns, Erla Sólveig, sem fæðst hafði 1937, hafi andast fljótlega eftir handtöku Veru, en sjálf lést hún úr næringarskortri í þrælkunarbúðum í Karaganda. Um hana skrifaði Jón Ólafsson heimspekingur bókina *Appelsínur frá Abkasiu* (Reykjavík: JPV, 2012). Sú bók er efnisrýr og óáreiðanleg. Jón rekur þar t. d. bréfaskipti Veru og Benjamíns. Síðasta bréf Veru til Benjamíns var dags. 8. desember 1937. Þar skrifaði hún: „Greve hefur líka verið handtekin [svo]“. Jón segir síðan (173. bls.), að ekki sé „ljóst hver Greve var“. En Richard Greve (stundum stafsett Grewe) var ritstjóri *Deutsche Zentral-Zeitung*, þar sem Vera Hertzsch hafði verið blaðamaður. Hann var handtekinn 14. nóvember 1937 og skotinn 25. desember sama ár. Nafn Greves er nefnt í fjölda rita um hreinsanir Stalíns. Sjálfur vitnar Jón Ólafsson í eitt slíkt rit, *Verratenne Ideale* (Svknar hugsjónir, Berlin: Trafo, 2000) eftir Oleg Dehl. Þar er sérstakur kafli um *Deutsche Zentral-Zeitung* með stuttu æviágripi Greves og mynd af honum. Jón skrifar og (251. bls.): „Árið 1949 kom út bókinn 11 ár í sovéskum fangabúðum eftir Elinor Lipper. Lipper kom til Moskvu 27 ára gömul árið 1937 í stutta heimsókn.“ Hér eru þrjár villur: Bók Lippers kom fyrst út á þýsku snemma árs 1950 og í enskri þýðingu á Bretlandi það ár, en í Bandaríkjunum árið eftir. Í öðru lagi var Lipper að verða 25 ára, þegar hún kom til Moskvu vorið 1937. Hún var fædd í júlí 1912. Í þriðja lagi fór Lipper ekki til Moskvu í stutta heimsókn, heldur til að vinna í þágu byltingarinnar. Í heimildaskrá er getið bókarinnar *Elf Jahre in Sowjetischen Gefängnissen und Lagern* eftir Lipper, Chicago 1950, hjá Oprecht. Hið rétta er, að þýska bókinn kom út hjá Oprecht í Zürich. Hin bandaríska þýðing kom út hjá Henry Regnery í Chicago ári síðar.

Halldórs Kiljans Laxness ... 7. bls. Halldór Kiljan Laxness (1902–1998) sneri aftur til Íslands 1929 eftir misheppnaða tilraun til að hasla sér völl í Hollywood. Hann var þá orðinn stækur andstæðingur kapítalismans. Hann gekk ekki í kommúnistaflokkinn íslenska, sem stofnaður var 1930, en fór þó í boði Kremlverja til Ráðstjórnarríkjanna haustið 1932 og skrifaði um heimsóknina bókina *Í Austurvegi* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands 1933). Næstu ár hélt hann uppi áköfum vörnum fyrir Ráðstjórnarríkin og andmælti því harðlega, að þar væri kúgun og eynd. Til dæmis hefði hann ekki orðið var við neina hungursneyð í Úkraínu, þegar hann hefði verið þar á ferð. Laxness var mjög virkur í kosningabaráttu kommúnistaflokksins 1937, talaði fyrir flokkinn í útvarp ásamt helstu forystumönnum hans og skrifaði fjölda greina. Hann fór aftur í boði Kremlverja til Ráðstjórnarríkjanna seint á árinu 1937 og sneri heim vorið 1938. Í Moskvu var hann viðstaddur sýndarréttarhöldin yfir Búkharín og öðrum kommúnistaleiðtogum. Þegar heim kom, gaf hann út ferðabókina *Gerska æfintýrið* (1938) og varði þar stjórn Stalíns af mælsku og hörku. Þegar Sósíalistaflokkurinn var stofnaður haustið 1938, gekk Laxness í hann og settist í flokkstjórn hans. Tók hann þar jafnan afstöðu með hörðustu kommúnistunum. Hann var líka óslitið í framboði fyrir flokkinn til og með 1959. En 1963 gaf Laxness út *Skáldatíma*, þar sem hann hafnaði stálinisma og lýsti Rússlandsferðum sínum 1932 og 1937–1938 á allt annan veg en áður, og skrifuðu þá tveir ötulustu rithöfundar kommúnista, Þórbergur Þórðarson og séra Gunnar Benediktsson, gegn honum. Um Laxness og stjórnmálaafskipti hans má m. a. lesa í bókunum *Halldór* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 2003), *Kiljan* (2004) og *Laxness* (2005) eftir Hannes H. Gissurarson.

Hitlers ... 7. bls. Adolf Hitler (1889–1945) var frá Austurríki, en barðist í þýska hernum í fyrri

heimsstyrjöld. Seinna kvaðst hann hafa orðið fyrir sinnepsgasárás Breta 1918 og því blindast tímabundið. En þýskur taugalæknir af gyðingaættum, sem flýði til Íslands, Karl Kroner, hélt því fram, að hann hefði orðið fyrir taugaáfalli og því blindast um skeið. Eftir stríð gekk Hitler í Hinn þjóðernissósíalíska þýska verkamannaflokk Þýskalands (Nationalsozialistische Deutsche Arbeiterpartei), nasistaflokkinn, og varð skjótt foringi hans. Stefna flokksins var blanda úr sósíalisma, þjóðernisstefnu og gyðingahatri. Var hann afar andsnúinn frjálsbyggju og „stórauðvaldi“ annars vegar og „gyðinglegum bolsévisma“ hins vegar. Hitler varð kanslari Þýskalands í janúar 1933 og tók sér brátt einræðisvald, en stytta aldur í rústum Berlínar í stríðslok 1945. Hann er með samstarfsmönnum sínum talinn bera ábyrgð á morðum um sex milljóna gyðinga í Helförinni. Sbr. Boga Þór Arnason, *Barnið sem varð að harðstjóra* (2015), þar sem er kaflur um Hitler. Einnig má nefna *Hitler talar* eftir Hermann Rauschning (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1940). Þar er sjónarmiðum Hitlers skilmerkilega lýst, þótt ýmsir efist um, að Hitler hafi sagt allt það sjálfur við Rauschning, sem haft er eftir honum. Sjá einnig Konrad Heiden, *Ævi Adolfs Hitlers: saga ábyrgðarlausrar aldar* (Reykjavík, Víkingsútgáfan, 1943). Allir voru þeir Rauschning, Brecht og Heiden andvígir Hitler, og komu verk þeirra út, áður en hann hleypti af stað heimsstyrjöld og Helförinni. Sjá enn fremur m. a. Þorstein Thorarensen, *Að hetjuhöll. Saga Adolfs Hitlers: uppruni hans, æska og fyrstu baráttuár* (Reykjavík: Fjölvi, 1969), Hugh Trevor-Roper, *Síðustu daga Hitlers* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972) og Traudl Junge, *Til hinstu stundar: einkaritari Hitlers segir frá* (Seltjarnarnes: PP forlag, 2004). Í *Leiðinni til ánauðar*, Road to Serfdom (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1980) heldur Friedrich A. Hayek því fram, að nasisminn, þjóðernissjafnaðarstefna Hitlers, hafi verið sósíalismi vonsvikinnar mið- og lágstéttar, eftir að þessar stéttir hefðu hafnað alþjóðahyggju, en lært vinnubrögð af kommúnistum.

Einar Bragi ... 8. bls. Handrit leitar höfundar, *Þjóðviljinn* 24. febrúar 1951.

Lárus Jóhannesson ... 8. bls. Hann (1898–1977) var málflutningsmaður í Reykjavík og sat á Alþingi fyrir Seyðfirðinga 1942–1956. Hann var hæstaréttardómari 1960–1964. Eftir að hann settist í helgan stein, stundaði hann ættfræðirannsóknir.

Georges Orwells ... 8. bls. Enski rithöfundurinn Eric Blair (1903–1950) notaði höfundarnafnið George Orwell. Hann varð ungur eindreginn andstæðingur nýlendustefnu Breta og hinnar rígskorðuðu stéttaskiptingar í landi sínu. Smásagan „Þegar ég skaut filinn“ birtist eftir hann í *Rauðum pennum*, 3. árg. (3: 1938), 44.–54. bls. Sbr. Hannes H. Gissurarson, Þegar Orwell skaut filinn, *Þjóðmál*, 7. árg. 1. hefti (2011), 49.–52. bls. Orwell gerðist sjálfboðaliði í lýðveldishernum spænska og særðist þar, en þegar hann varð vitni að ofsóknum kommúnista á hendur öðrum vinstri mönnum, aðallega stjórnleysingjum, verklyðssinum og trotskistum, snerist hann gegn þeim. Einnig blöskraði honum, hversu miklu var logið um stríðið. Þá brá svo við, að fyrri útgefandi hans, Victor Gollancz, vildi ekki gefa út bók hans um þátttökuna í Spánarstríðinu, *Katalónía hylt*, Homage to Catalonia (London: Secker & Warburg, 1938). Íslenskir kommúnistar hættu líka að þýða verk hans. Eftir reynsluna á Spáni skrifaði Orwell síðan dæmisöguna *Animal Farm* (London: Secker & Warburg, 1945). Var hún um dýrin, sem gerðu uppreisn gegn mönnunum, en loks tóku svínin völdin: Nýr kúgari leysti hinn fyrri af hólmi. Duldust fáum, að sagan væri um byltingu bolsévika í Rússlandi og valdatöku Stalíns (félaga Napóleons). Orwell átti í erfiðleikum með að koma verkinu á prent. Victor Gollancz taldi það áráð á Ráðstjórnarríkin, sem nú væru í bandalagi við Bretland og Bandaríkin. Bókmenntaráðunautur Faber & Faber, skáldið T. S. Eliot, réð líka frá útgáfu bókarinnar, enda þyrftu menn betri svín frekar en engin.

Þegar Jonathan Cape hafði ákveðið að gefa bókina út, kom flugumaður Stalíns í breska upplýsingaráðuneytinu, Peter Smollett (réttu nafni Hans Peter Smolka, 1912–1980), í veg fyrir það. Bókin kom út á íslensku 1949 í þýð. Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi, en útgefandi var Lárus Jóhannesson í Prentsmiðju Austurlands. Nefndist hún *Félagi Napóleon* á íslensku. Orwell skrifaði aðra fræga stjórnmálaskáldsögu um kommúnisma, *Nineteen Eighty Four* (London: Secker & Warburg, 1949). Þar var lögð áhersla á tilraunir alræðisstjórna til að endurskapa mannlega vitund, ráðast inn í mannsálina, svipta fólk aðgangi að eigin sögu og tungu. Sú bók, *Nítján hundruð áttatíu og fjögur*, kom út 1951 í þýð. Hersteins Pálssonar og Thorólfs Smiths hjá Stuðlabergi, fyrirtæki nokkurra ungra baráttumanna gegn alræðisstefnu. *Félagi Napóleon* hefur verið endurútféðinn undir nafninu *Dýrabær* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1985). Er af þeirri útgáfu orwellsk saga. Þorsteinn Gylfason, ritstjóri lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags, hafði beðið dr. Arnór Hannibalsson heimspekiprófessor, sem hafði sérstaka þekkingu á og reynslu af alræði (eftir margra ára nám í Rússlandi kommúnismans), að skrifa formála að ritinu, en hafnaði honum, af því að Arnór leyfði sér þar að vekja máls á Stalínspjónkun Halldórs K. Laxness. Þá staðreynd átti að þurrka burt. *Nítján hundruð áttatíu og fjögur* hefur komið út í annarri þýðingu, eftir Þórdísi Bachmann (Reykjavík: Ugly, 2015). Einnig hafa komið út á íslensku eftir Orwell æviskáldsagan *Í reiduleysi í París og London* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2005), greinasafnið *Stjórnmál og bókmenntir* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009) og nokkrar þýddar greinar aðrar.

í *Fálkanum* ... 8. bls. Ég kaus frelsið, *Fálkinn*, 21. árg. (1948), 9. tbl., 11. bls.; 10. tbl., 11.–14. bls.; 11. tbl., 11. og 14. bls.; 12. tbl., 11. bls.; og 13. tbl., 11. bls. Þetta er önnur þýðing en sú, sem Lárus Jóhannesson gerði.

litla hrifningu ... 8. bls. Bæjarpósturinn, *Þjóðviljinn* 9. mars 1948.

Lofsamlegir ritdómar ... 8. bls. [Þórarinn Þórarinnsson?], Saga Victors Kravchenkos, *Tíminn* 6. desember 1951; [Valtýr Stefánsson], Ég kaus frelsið [leiðari], *Morgunblaðið* 9. desember 1951; H. J., Ég kaus frelsið, *Vísir* 15. desember 1951; Jón Björnsson, „Ég kaus frelsið“, *Morgunblaðið* 18. desember 1951; Steindór Steindórsson, Ég kaus frelsið, *Alþýðumaðurinn* 18. desember 1951; Guðmundur Danielsson, Ég kaus frelsið, *Vísir* 27. febrúar 1952.

Þjóðviljinn sagði hins vegar ... 8. bls. Hefur Lárus Jóh. fengið 70.000 kr. marshallstyrk? *Þjóðviljinn* 22. desember 1951.

Isaac Don Levine ... 8. bls. Hann (1892–1981) fæddist í Hvíta-Rússlandi og var af gyðingaættum, en fluttist 1911 til Bandaríkjanna. Hann gerðist ungur blaðamaður og var þá róttækur, en snerist gegn kommúnisma og aðstoðaði Kravtsjenko, Walter Krívítskíj, Richard Krebs og fleiri rithöfunda við að koma lýsingum á ógnarstjórn kommúnista á prent. Ekki er þó fullyrðing *Þjóðviljans* rétt, að hann hefði ritstýrt bók Kravtsjenskós. Það gerði Eugene Lyons. Levine var ritstjóri tímaritsins *Plain Talk* 1946–1950 og vann síðar fyrir útvarpsstöðina Radio Free Europe. Hann gaf út fjölda bóka, aðallega um Rússlandsmál.

Jón Óskar ... 9. bls. Jón Óskar, *Týndir snillingar* (Reykjavík: Fjölvi, 1979), 196.–197. bls.

Leníns ... 9. bls. Rússneski lögfræðingurinn Vladímír Íljítsj Úljanov, sem kallaði sig Lenín (1870–1924), var leiðtogi þeirra rússnesku sósíalista, bolsévika, sem vildu, að fámennur, samhentur hópur tæki völdin strax í vopnaðri byltingu og umskapaði síðan skipulagið eftir

kenningum Marx. Rússneski keisarinn missti völdin í mars 1917, en bolsévíkar rændu völdum 7. nóvember sama ár, og Lenín þjóðnýtti þá öll framleiðslufyrirtæki, stofnaði leynilögreglu, Tsjekuna, hafði að engu úrslit kosninga til stjórnlagabings og fangelsaði andstæðinga eða tók af lífi. Hann stofnaði fyrstu þrælkunarbúðirnar, Gúlag. Hann fékk heilablóðfall í maí 1922, aftur í desember og enn í mars 1923 og var eftir það lítt vinnufer. Nokkrir Íslendingar hittu Lenín. Heimshornaflakkarinn dr. Jón Stefánsson (1862–1952) sat með honum á Bretasafni, British Museum. „Hann yrti ekki á nokkurn mann, og enginn þorði að yrða á hann,“ sagði Jón. Einu samskipti þeirra voru, að eitt sinn missti Lenín blað, og tók Jón það upp og rétti honum, en Lenín sagði „Thanks“ með þýskum hreim. Jón Stefánsson, *Úti í heimi* (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1949), 77.–78. bls. Þeir Hendrik S. Ottósson og Brynjólfur Bjarnason hlustuðu á Lenín halda ræður á 2. þingi Alþjóðasambands kommúnista í Moskvu 1920. Hendrik var fenginn til að gefa framkvæmdastjórn Kominterns skýrslu um Ísland. Þá greip Lenín fram í og sagðist vita af hernaðargildi landsins vegna kafbáta og flugvéla. Hendrik S. Ottósson, *Frá Hliðarhúsum til Bjarmalands* (Akureyri: Pálmi H. Jónsson, 1948), 230. bls. Brynjólfur Bjarnason kvaðst síðar hafa hlýtt á fimm ræður Leníns á Komintern-þinginu, *Með storminn í fangið* (Reykjavík: Mál og menning, 1973), 283. bls. Það fær ekki staðist, því að hann var ekki kominn til þings, þegar Lenín flutti þrjár af þessum ræðum, eins og Snorri G. Bergsson bendir á í *Róðanum í austri* (Reykjavík: Ugly, 2011), en endurskoðuð og aukin útgáfa þeirrar bókar verður í þessari ritröð. Íslenskir lærisveinar Leníns gáfu út þrjú verk hans hjá Heimskringlu á hundrað ára afmæli hans 1970, *Ríki og byltingu* (áður útg. 1938), *Hvað ber að gera?* og „*Vinstri röttækni*“: *barnasjúkdómar kommúnismans*, en áður hafði komið út *Heimsvaldastefnan: hesta stig auðvaldsins* (Reykjavík: Heimskringla, 1961). Þeir gáfu einnig út *Endurminningar um Lenín* (Reykjavík: Heimskringla, 1970). Dmítríj Volkogonov herforingi, sem var sannfærður kommúnisti og hafði aðgang að gögnum í lokuðum skjalasöfnum um Lenín, lýsti því, hvernig skoðun sín á honum hefði breyst, þegar hann skoðaði skjöl um hann. Byltingarforinginn hefði verið grimmur og miskunnarlaus. Sjá *Lenin: Life and Legacy* (London: Harper/Collins, 1994). Sama skoðun á Lenín kemur fram í *Svartbók kommúnismans*. Sjá t. d. 77. bls, þar sem birt er símskeyti Leníns til framkvæmdanefndar verkamannaráðsins í Penza 10. ágúst 1918: „(1) Hengið (og ég á við opinberlega, svo að fólk sjái) að minnsta kosti 100 kúlakka [efnabændur], ríka þrjóta og kunnar blóðsugur. (2) Birtið nöfn þeirra. (3) Gerið allt korn þeirra upptækt.“ Sbr. einnig *Lenin* e. Robert Conquest (London: Fontana/Collins, 1972), sem er stutt, læsileg og fróðleg bók, þótt hún sé komin til ára sinna.

séð svöng flökkubörn ... 9. bls. Talsvert var skrifað erlendis um þessi flökkubörn, t. d. Píslarsaga munaðarlausra barna í Rússlandi, *Morgunblaðið* 13. og 20. september 1931. Í ferðabókinni *Í austurvegi* (1932), 22.–23. bls., fullyrta Halldór K. Laxness, að slík flökkubörn væru nú horfin úr Ráðstjórnarríkjnum. Í *Skáldatíma* (1963), 138. bls., sagðist hann hins vegar oft hafa séð þau þar eystra.

Svartbók kommúnismans ... 9. bls. Hún kom fyrst út á frönsku á 80 ára afmæli bolsévíkabyltingarinnar, Stéphane Courtois (ritstj.), *Le livre noir du communisme: Crimes, terreur, répression* (París: R. Lafont, 1997). Um hana urðu miklar umræður, Pierre Rigoulot og Ilios Yannakakis (ritstj.), *Gangur um söguna: Umræðurnar í Frakklandi um Svartbók kommúnismans*, Un pavé dans l'histoire: Le débat français sur Le livre noir du communisme (París: R. Laffont, 1998). Hún birtist á ísl. í þýð. Hannesar H. Gissurarsonar. Prófessor Courtois hélt fyrirlestur í Reykjavík á alþjóðlegri ráðstefnu um glæpi kommúnismans, sem RNH, Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt, hélt 22. september 2012, og birtist viðtal við hann í sjónvarpsþættinum Silfri Egils 10. febrúar 2013, sem aðgengilegt er á Youtube.

austurrísku hagfræðingarnir ... 9. bls. Sjá m. a. Ludwig von Mises, *Die Gemeinwirtschaft* (Jena: Gustav Fischer, 1922); F. A. Hayek (ritstj.), *Collectivist Economic Planning* (London: Routledge and Kegan Paul, 1935).

I Chose Justice ... 10. bls. Victor Kravchenko, *I Chose Justice* (New York: Charles Scribner's Sons, 1950).

langri greinargerð ... 14. bls. Hún er birt í ísl. þýð., Flóttinn úr Paradís Stalíns, *Alþýðublaðið* 9. maí 1944.

Jekaterínoslav ... 16. bls. Borgin hét eftir Katrínu miklu. Síðan hét hún Dnepropetrovsk (á rússnesku) e. kommúnistaleiðtoganum Petrovskij, sjá aftanmálsg. við 48. bls., en ber nú nafnið Dnipro (á úkraínsku).

Herzen ... 22. bls. Aleksandr H. (1812–1870) var rússneskur jafnaðarmaður, en um sumt frjálslýndur.

Gorkij ... 22. bls. Aleksej Maksímóvitsj Peshkov (1868–1936) gekk oftast undir nafninu Maksím Gorkij. Hann gerðist ungur kommúnisti og var handgenginn Lenín og Stalín. Eftir hann hafa komið út á ísl. *Móðirin*, þýð. Halldór Stefánsson (Reykjavík: Mál og menning, 1938–1939), *Barneska mín*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1947), *Hjá vandalausum*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1950), *Háskólar mínir*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1951) og *Kynlegir kvistir*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Mál og menning, 1975), auk nokkurra smásagna og leikrita.

Tolstoj ... 23. bls. Lev Níkolajevitsj T. greifi (1828–1910) er talinn einn mesti rithöfundur Rússa. Margt hefur birst e. hann á íslensku, en þýðingar beint úr rússnesku eru *Bernska, æska, manndómsár*, þýð. Áslaug Agnarsdóttir (Reykjavík: Ugly, 2015), og *Dæmisögur*, þýð. Ingibjörg Elsa Björnsdóttir (Sauðárkrúkur: Lafleur, 2010).

Skobelev ... 26. bls. Aleksandr Dmítríevitsj S. (1843–1882) var rússneskur hershöfðingi, sem lagði mikið af Mið-Asíu undir Rússaveldi.

beitiskipinu *Potemkín* ... 30. bls. Um þá uppreisn gerði Sergej Eisenstein fræga þögla kvikmynd, *Beitiskipið Potemkín* (1925).

Kerenskij ... 31. bls. Aleksandr Fjodorovitsj K. (1881–1970) var lögfræðingur að mennt og einn af leiðtogum Þjóðbyltingarflokksins. Hann var forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, þegar bolsévíkar rændu völdum í nóvember 1917. Í kosningum til stjórnlagabings 25. nóvember 1917 fékk Þjóðbyltingarflokkurinn miklu meira fylgi en bolsévíkar, sem leystu þingið upp að bragði. Eftir valdarán bolsévíka bjó Kerenskij lengi í París, en síðast í Bandaríkjunum, þar sem hann sinnti rannsóknum í Hoover-stofnuninni í Stanford-háskóla.

Míljúkov ... 31. bls. Pavel Níkolajevitsj M. (1859–1942) var leiðtorgi Stjórnarskráflokksins og utanríkisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, sem tók við völdum eftir fall keisarans.

Trotskij ... 31. bls. Hann (1879–1940) hét upphaflega Lev Bronshtein og var af gyðingaættum. Hann stjórnaði Rauða hernum í borgarastríðinu rússneska 1918–1923 og gekk

þá næstur Lenín að völdum í bolsévíkaflokknum. Meðal annars barði hann í mars 1921 niður uppreisn sjóliða og verkamanna í Kronstadt af mikilli grimmd. Zínovjev og Kamenev gerðu bandalag við Stalín um að hrekja hann úr forystu flokksins að Lenín látnum. Hann var sviptur öllum trúnaðarstörfum 1927 og sendur í útlegð 1929. Eftir dvöl í Tyrklandi, Frakklandi og Noregi fékk hann 1936 hæli í Mexíkó, en þar réð flugumaður Stalíns hann af dögum. Á íslensku hefur komið út e. Trotskíj *Ævi mín* (Reykjavík: Steindórsprent, 1936).

Nekrasov ... 33. bls. Níkolaj Aleksejevítsj N. (1821–1878) var rússneskt skáld.

Túrgenev ... 33. bls. Ívan Sergejevítsj T. (1818–1883) var rússneskur rithöfundur. Úr rússnesku hefur verið snarað e. hann *Sögum frá Rússlandi*, þýð. Áslaug Agnarsdóttir (Reykjavík: Uglya, 2017)

Petljúristar ... 34. bls. Símon Vasíljévítsj Petljúra (1879–1926) var úkraínskur þjóðernissinni, sem barðist fyrir sjálfstæðri Úkraínu eftir fall keisaraveldisins vorið 1917. Hann var hermálaráðherra úkraínsskrar bráðabirgðastjórnar og síðar einnig forsætisráðherra hennar, en lið hans beið ósigur fyrir bolsévikum og hann flýði land í ársbyrjun 1919. Hann var veginn í París, og hélt tilræðismaðurinn því fram, að hann væri að hefna gyðingaofsókna í Úkraínu í valdatíð Petljúra, en stuðningsmenn Petljúra töldu flugumann ráðstjórnarinnar vera á ferð, enda hefði Petljúra ekki verið gyðingahatari.

Makhnos ... 34. bls. Nestor Ívanovítsj Makhno (1888–1934) var úkraínskur stjórnleysingi og skæruliðaforingi. Hann flýði til Frakklands og lést þar.

Marx ... 43. bls. Karl M. (1818–1883) var þýskur heimspekingur, sem gerðist sameignarsinni og stofnaði ásamt öðrum Alþjóðasamband verkamanna (kallað fyrsta Alþjóðasambandið). Hann var útlagi í Lundúnum síðari hluta ævinnar, og sá efnaður samstarfsmaður hans og vinur, Friedrich Engels, þá um að halda honum uppi. Áhrifamesta rit hans, sem hann samdi með Engels, er *Kommúnistadvarpið* 1848 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007; 3. útg. þýð. Sverris Kristjánssonar á ísl.). Þar héldu þeir því fram, að öll saga mannkynsins væri saga um stéttabaráttu, en öreigabylting undir forystu kommúnista væri óhjákvæmileg, enda væru öreigarnir sífellt að verða fátækari. *Úrvalsrit* Marx og Engels komu út á íslensku í tveimur bindum (Reykjavík: Heimskringla, 1968). Bókin var prentuð í Austur-Þýskalandi, og sá Svavar Gestsson, sem þar var við nám í flokksskóla kommúnista, um prófarkalestur. Þar voru þó ekki teknar með ýmsar ritsmiðar höfunda, sem sýndu, að þeir höfðu litla samúð með smáþjóðum, enda töldu þeir þær oft afturhaldssamar. Marx hafði bersýnilega sömu skoðun á Íslendingum og Engels (sjá næstu aftanmálsgr.), því að hann skrifaði Engels eitt sinn, að Bruno Bauer hefði heimsótt sig í Lundúnum 12. desember 1855. Þegar Bauer hefði látið þau orð falla, að enska hefði spillst af frönsku, sagðist Marx hafa svarað: „Ég tjáði honum þá til huggunar, að Hollendingar og Danir segðu það sama um þýskuna og að „Íslendingar“ væru hinir einu sönnu ómengduðu piltungar.“ Bréf frá Marx til Engels 14. desember 1855. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 28. b. (Berlin: Dietz, 1963), 467. bls. Marx vildi líka beita ofbeldi í þágu hinnar sögulegu nauðsynjar, væri þess þörf. Hann skrifaði 1848 í *Nýja Rínarblaðið*, að nú væri fólk óðum að sannfærast um, að aðeins dygði eitt ráð til að stytta blóðugar fæðingarhríðir nýs skipulags, „ógnarstjórn byltingarinnar“ (revolutionäre[r] Terrorismus). Sieg der Kontrerevolution zu Wien, *Neue Rheinische Zeitung* 7. nóvember 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. b. (Berlin: Dietz, 1959), 457. bls.

Friedrich Engels ... 43. bls. Hann (1820–1895) var vinur og styrkveitandi Karls Marx. Engels kunni eins og Marx lítt að meta ýmsar smáþjóðir. Í desember 1846 skrifaði Engels Marx frá París, að ekki væri hann hrifinn af Norðurlandþjóðum. „Sviar lítilsvirða Dani sem þýsk-mengaða, úrkynjaða, rausgjarna og veikgeðja. Norðmenn fyrirlíta fransk-mengaða Svía með sinn aðal og gleðjast yfir því að í Noregi sé einmitt þetta sama fávísa bændaðjóðfélag og á tímum Knúts ríka. Þeir eru aftur á móti svívirtir af Íslendingum, sem enn tala alveg sömu tungu og þessir subbulegu víkingar frá anno 900, súpa lýsi, búa í jarðhýsum og þrífast ekki nema loftið lykti af öldnum fiski. Ég hef oft sinnis freistast til þess að vera stoltur af því að vera þó ekki Dani, hvað þá Íslendingur, heldur bara Þjóðverji.“ Ódags. bréf, desember 1846. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 27. b. (Berlin: Dietz, 1963), 71.–72. bls. Engels sagði 1848 svipað í *Nýja Rínarblaðinu*, en Marx var þá ritstjóri þess. Þá hafði verið rætt um, að aðrar Norðurlandþjóðir kæmu Dönum til aðstoðar í deilum þeirra við Prússa. „Norðurlandahugsjónin er ekkert annað en hrifning af hinni ruddalegu, óþrífnu, fornnorrænu sjóræningjaþjóð,“ skrifaði Engels. „Íslendingar töldu allar þjóðirnar þrjár úrkynjaðar, enda er sú þjóð auðvitað mesta Norðurlandþjóðin, sem er frumstæðust og líkust hinni fornnorrænu í öllum siðum og háttum.“ Der dänisch-preußische Waffenstillstand, *Neue Rheinische Zeitung* 10. september 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. b. (Berlin: Dietz, 1959), 394. bls. Fleiri dæmi má nefna. Í grein um ástandið í Ungverjalandi í *Nýja Rínarblaðinu* 13. janúar 1849 sagði Engels þýska heimspekinginn Hegel hafa rétt fyrir sér um, að sumar smá- og jadarþjóðir væru ekkert annað en botnfall (Volkerabfalle). Nefndi Engels sérstaklega Kelta í Skotlandi, Bretóna í Frakklandi, Baska á Spáni og suður-slavneskar þjóðir. „Í næstu heimsstyrjöld munu ekki aðeins afturhaldsstéttir og konungsættir hverfa af yfirborði jarðar, heldur líka afturhaldsþjóðir í heild sinni. Og það eru framfarir.“ Der magyarische Kampf, *Neue Rheinische Zeitung* 13. janúar 1849. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 6. b. (Berlin: Dietz, 1961), 176. bls.

Petrovskij ... 48. bls. Grígoríj Ívanovítsj P. (1878–1958) var bolsévíki frá Úkraínu og þjóðfulltrúi innanríkismála 1917–1919 og stofnaði þá leynilögregluna, Tsjekuna, síðar GPU og NKVD, og beitti sér fyrir rauðri ógnarstjórn. Hann átti þátt í að koma á samyrkjubúskap í Úkraínu og bar verulega ábyrgð á hungursneyðinni þar 1932–1933. Hann féll úr náðinni hjá Stalín og var rekinn úr kommúnistaflokknum, en hélt lífi og var gerður forstöðumaður byltingsarsafns í Moskvu.

Rakovskij ... 48. bls. Khristían Georgíjevítsj R. (1873–1941) var frá Búlgaríu, en gerðist bolsévíki. Hann var formaður þjóðfulltrúaráðs Úkraínu 1919–1923 og sendiherra Ráðstjórnarríkjanna í París 1925–1927. Hann var stuðningsmaður Trotskíjs, en afneitaði honum opinberlega 1934 og var sendiherra í Japan 1935. Hann var handtekinn 1937 og einn sakborninganna í réttarhöldunum í Moskvu vorið 1938. Hann var dæmdur í 20 ára fangelsi, en var tekinn af lífi ásamt mörgum öðrum kunnum stjórnmalaföngum samkvæmt fyrirskipun Stalíns eftir innrás nasista í Rússland sumarið 1941.

Lúnatsjarskij ... 48. bls. Anatolíj Vasílevítsj L. (1875–1933) var rússneskur rithöfundur og þjóðfulltrúi menntamála 1917–1929.

Dzherzhínskij ... 48. bls. Felíks D. (1877–1926) var af pólskum ættum og fyrsti yfirmaður Tsjekunnar, leynilögreglu bolsévíka, kunnur að grimmd. Í 2. k. *Svarbókar kommúnismans* er upphafi Tsjekunnar lýst. Í ágúst 1991 var risastór stytta af Dzherzhínskij fyrir framan höfuðstöðvar leynilögreglunnar í Lúbjanka tekin niður.

Tsjerníshevskij ... 49. bls. Níkolaj Gavrílovítsj T. (1828–1889) var rússneskur byltingarmaður, sem hafði talsverð áhrif á Lenín, ekki síst með skáldsögunni *Hvað ber að gera?* (1863). Hún er um byltingarmenn, sem förna arfhelgum siðareglum fyrir hugsjónir sínar.

Kaganovítsj ... 56. bls. Lazar Moísejevítsj K. (1893–1991) var af gyðingaættum, en vinur og samverkamaður Stalíns og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir hann, m. a. í baráttunni gegn bændum, sem kostaði sex milljónir mannlífa, og í hreinsununum miklu. „Kaganovítsj var slíkur jámaður, að hann hefði skorið föður sinn á háls, hefði Stalín hreyft því og sagt, að það væri í þágu málstaðarins,“ sagði Níkíta Khrústsjov, sjá *Svartbók kommúnismans*, 26. bls. Latti Kaganovítsj þess mjög, að Khrústsjov flytti hina frægu leyniræðu sína um Stalín, sem komið hefur út í þessari ritröð. Kaganovítsj reyndi ásamt Molotov og Malenkov að steypa Khrústsjov 1957, en var þá vikið úr forsætisnefnd og miðstjórn kommúnistaflokksins og rekinn úr floknum 1961. Var hann yfirmaður lítillar kalíumverksmiðju í Úralfjöllum, uns hann fór á eftirlaun.

GPÚ ... 62. bls. Eftir valdatöku sína 1917 stofnuðu bolsévíkar leynilögreglu, sem fyrst var kölluð Tsjeka. Hún var endurskipulögð 1922 sem GPÚ, síðar OGPÚ, og var deild í þjóðfulltrúaráði innanríkismála, NKVD, en það gegndi sama hlutverki og innanríkisráðuneyti í öðrum ríkjum. Leynilögreglan var endurskipulögð 1934 og gekk eftir það undir sama nafni og stofnunin öll. Þjóðfulltrúaráðin voru lögð niður 1946 og stofnuð ráðuneyti, og var NKVD skipt í innanríkisráðuneytið, MVD, og leynilögreglu, MGB. Þessu var breytt aftur 1953, þegar ráðuneytin tvö voru sameinuð. Þeim var síðan skipt aftur 1954 í MVD, innanríkisráðuneytið, og KGB, leynilögregluna, sem rekin var allt til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991. Rauði herinn rak einnig leyniþjónustu, GRÚ. Eftir að Ráðstjórnarríkin stofnuðu sendiráð á Íslandi 1944, var jafnan a. m. k. einn leyniþjónustumaður þar hverju sinni, og er vitað um nöfn sumra þeirra. Nánari upplýsingar eru í Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (2011). Njósnið ráðstjórnarmanna beindust þó frekar að bandarísku herstöðinni á Miðnesheiði en innanlandsmálum, enda var Ísland tiltölulega opið land og fátt um leyndarmál. Þess vegna voru jafnan fleiri njósnarar í sendiráðinu frá GRÚ en KGB.

Arkadíj Rosengolts ... 71. bls. A. Pavlovítsj R. (1889–1938) var rússneskir bolsévíki, sem gegndi stöðu sendiherra Ráðstjórnarríkjanna í Stóra Bretlandi 1925–1927 og þjóðfulltrúa utanríkisviðskipta 1930–1937. Hann var handtekinn haustið 1937 og leiddur fyrir rétt vorið 1938, í sömu réttarhöldum og Búkharín. Síðasta verk aðalákærandans, Andrejs Vyshínskíj, áður en hann flutti lokaræðu sína, var að kalla Rosengolts fram. Las Vyshínskij upp í hæðnistón bréfmíða, sem fundist hafði á Rosengolts við handtökuna, með hendingum úr Davíðssálum: „Eigi þarft þú að ótast ógnir næturinnar, eða örina, sem flýgur um daginn, drepsóttina, er reikar um í dimmunni, eða sýkina, sem geisar um hádegisdag.“ Rosengolts kvað konu sína hafa laumað þessu í vasa sinn til heilla. Vyshínskij sagði glaðhlakkalega: „Svo að yður var sagt, að þetta væri heillamerki!“ Um leið leit hann út í sal og dró annað augað í pung. Áhorfendur skellihlógu. Rosengolts var dæmdur til dauða og skotin.

Zínovjev ... 85. bls. Hann (1883–1936) hét upphaflega Hirsch Apfelbaum og var af gyðingaættum, en tók sér nafnið Grígoríj Jevsejevítsj Zínovjev. Hann var einn af leiðtogum bolsévíkaflökksins rússneska og gerði bandalag við Kamenev og Stalín um að hrekja Trotskíj úr forystu flokksins eftir lát Leníns. Hann var handtekinn í desember 1934 og dæmdur í fangelsi 1935, en aftur leiddur fyrir rétt 1936 og nú dæmdur fyrir risastórt samsæri um að steypa Stalín. Honum hafði verið heitið, að lífi hans yrði þyrmt, ef hann játaði á sig sakir, en Stalín

rauf það loforð. Þegar Zínovjev var færður til aftökunnar, braust hann svo um, að verðirnir snöruðu honum inn í næsta klefa og skutu. Stalín skemmti sér hið besta, þegar hann heyrði af þessu. Sjá Montefiore, *Stalín*, 198.–199. bls.

Ordzhoníkídze ... 60. bls. Sergo O. (1886–1937) var vinur Stalíns frá Georgíu og bardist af hörku í borgarastríðinu. Ordzhoníkídze og Bería stjórnuðu saman fjöldaaf tökum eftir uppreisn í Georgíu 1924. Þar voru 12 þúsund manns tekin af lífi, sjá *Svarþók kommúnismans*, 142. bls. „Við gengum of langt, en við réðum ekki við okkur,“ sagði hann á fundi miðstjórnarinnar. Ordzhoníkídze var þjóðfulltrúi þungaiðnaðar 1932–1937, en stytta sér aldur vegna vonbrigða með þróunina í Ráðstjórnarríkjunum og ósamkomulags við Stalín.

Krúpskaja ... 85. bls. Nadezhda Konstantínovna K. (1869–1939) var byltingarmaður eins og Lenín, en honum giftist hún 1898. Þótt hún væri aðstoðarþjóðfulltrúi menntamála 1929–1939, var samband þeirra Stalíns stírt. Lenín átti líka hjákonu, Inessu Armand (1874–1920).

hélt félagi Stalín ræðu ... 95. bls. Ræða yfir forstöðumönnum atvinnufyrirtækja 23. júní 1931, pr. í *Works*, 13. b. (Moskva: Foreign Languages Publishing House, 1954). Frá henni var sagt í hrifningartón í *Verklyðsblaðinu*, Ræða Stalíns, 25. ágúst 1931.

Búkharín ... 103. bls. Níkolaj Ívanóvtj B. (1888–1938) var samstarfsmaður Leníns og Trotskíjs og ritstjóri blaðs kommúnista, *Pravda*. Hann var handtekinn í febrúar 1937, eftir að Zínovjev og Kamenev höfðu verið teknir af lífi. Eftir langar og strangar yfirheyrslur samþykkti hann að játa á sig hinar fáránlegustu sakir í von um, að ung kona sín og nýfæddur sonur fengju grið. Í fangelsinu skrifaði hann Stalín mörg bænabréf og samdi bækur um marxisma, og fannst þetta allt í skjalasafni Stalíns, en var ekki birt fyrr en eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna. Hírðist kona Búkharíns, Anna Larína (1914–1996), í fangabúðum og útleð í tvo áratugi, en sonurinn var sendur á munaðarleysingjahæli, og hittust mæðginin ekki aftur fyrr en 1956. Halldór K. Laxness lýsti Búkharín kaldranalega í *Gerska æfintýrinu*, 79.–80. bls.: „Sleipur einsog áll, ósýnilega snar í viðbrögðum, einsog lítið skorkvíkindi sem er smogið út um greipar manns og horfið þegar maður er í þann veginn að grípa það, þannig úrefnaðist hann aftur og aftur í höndum saksóknarans, hann blátt áfram hvarf niður í jörðina fyrir augum manns í meira eða minna bókstaflegum skilningi, þegar síst varð, þegar manni fanst að nú hefði rétturinn loks náð taki á honum.“ Hann hefði verið með „fræðisetningarnar einsog nokkurskonar viðauka við nagtennurnar“. Margir hafa furðað sig á játningum Búkharíns. Arthur Koestler skýrir þær svo í skáldsögunni *Myrkrur um miðjan dag* (Reykjavík: Snælandsútgáfan, 1947), sem er endurútgefin í þessari ritröð, að Búkharín (Rúbashov í sögunni) hafi eins og aðrir dyggir bolsévíkar afsalað sér öllu siðferðilegu sjálfraði í hendur flokksins. Allt hafi í augum þeirra verið afstætt nema flokkurinn. Hafi hagsmunir byltingarinnar og flokksins krafist þess, að slíkir menn játuðu á sig hinar ótrúlegustu sakir, þá hafi þeir orðið að gera það. Þessi kenning þarf auðvitað ekki að vera í mótsögn við það, að Búkharín hafi ætlað að vernda fjölskyldu sína með játningunum.

Molotov ... 106. bls. Vjatsjeslav Molotov (1890–1986) skipulagði samyrkjuna í Úkraínu, þegar milljónir bænda, sem tregðust við að skila uppskeru sinni og ganga inn í samyrkjubú, voru ýmist sveltir í hel eða fluttir nauðungarflutningum til Síberíu. Hann tók síðan fullan þátt í hreinsunum Stalíns og fjöldamorðum á pólskum stríðsföngum. Molotov var utanríkisráðherra 1939–1949 og 1953–1955, en féll úr náðinni á valdatíma Khrústsjovs og var gerður sendiherra í Mongólíu og síðar fulltrúi Ráðstjórnarríkjanna hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í Vín.

Molotov hafði stutta, leynilega viðdöl á Íslandi á leið sinni vestur um haf 1942. Hann var rekinn úr kommúnistaflokknum 1961, en tekinn aftur inn í hann 1984. Hann var alla ævi dyggur stalinisti, og breytti engu um það, að kona hans, Polína Zhemtsúzhína, var fangelsuð 1948 að skipun Stalíns. Hún var af gyðingaættum og sökuð um að vera „ziónisti“. Hún var fimm ár í fangabúðum, en á meðan gekk Molotov til verka með Stalín eins og ekkert hefði í skorist. Í Vetrarstríðinu skírðu Finnar heimagerðar sprengjur, flöskur fylltar bensini, sem þeir vörpuðu að rússneska innrásarliðinu, „Molotov-kokkteila“.

tilkynnti Stalín þjóðinni ... 129. bls. Ræða 7. janúar 1933, *Works*, 13. b. (Moskva: Foreign Languages Publishing House, Moscow, 1954).

Jagoda ... 191. bls. Genríkh Grígorévitsj J. (1891–1938) var af gyðingaættum og hét upphaflega Jenok Íjegúda. Hann gekk í Tsjekuna strax eftir stofnun hennar og var yfirmaður NKVD 1934–1936. Hann var rekinn fyrir linkind og var síðan einn af sakborningunum með Búkharín í Moskvuréttarhöldunum í mars 1938. Hann er hinn eini sakborninganna, sem ekki hefur fengið uppreist æru. Hann geymdi kúlurnar, sem höfðu flast út á að fara í gegnum heila Zínovjevs og Kamenevs við aftökurnar, sérmerktar á skrifstofu sinni.

Kírov ... 197. bls. Sergej Míronóvitsj K. (1886–1934) var aðalritari kommúnistaflokksins í Lenínsgarði frá 1926, en myrtur 1. desember 1934, og var það talið kveikjan að hinum miklu hreinsunum Stalíns. Í *Leyniræðunni um Stalín* í þessari ritröð gaf Níkíta Khrústsjov í skyn, 37. bls., að Stalín hafi ráðið Kírov bana. Um það hafa þó ekki fundist haldbær gögn.

Voroshílov ... 197. bls. Klímént Jefremóvitsj V. (1881–1969) var einn nánasti samstarfsmaður Stalíns og átti að heita sérfræðingur hans í hernaðarmálum, en þótti reynast misjafnlega. Beið herlið undir forystu þeirra Stalíns frægan ósigur fyrir pólska hernum við Komarów 1920. Voroshílov tók fullan þátt í hreinsunum Stalíns, kærði marga vini og samstarfsmenn, skrifaði undir fjölda aftökuskipana og lokkaði sendimenn ráðstjórnarinnar heim með fögnum fyrirheitum um grið, sem voru óðar svikin. Hann var þjóðfulltrúi hers og flota 1925–1934 og þjóðfulltrúi varnarmála 1934–1940. Hann stjórnaði árásinni á Finnlandi 1939, sem mistókst herfilega í byrjun, og var leystur frá því starfi. Hann stjórnaði í upphafi vörnum Lenínsgarðs í umsátri Þjóðverja 1941–1944, og féllu hundruð þúsunda Rússa að óþörfu vegna vanhæfni hans. Hann var líka leystur frá því starfi. Voroshílov hafði umsjón með valdatöku kommúnista í Ungverjalandi 1945–1947. Hann tók þátt í samsærinu gegn Bería eftir lát Stalíns og var formaður forsætisnefndar Æðsta ráðsins (þjóðhöfðingi) 1953–1960.

Kamenev ... 198. bls. Hann hét Lev Rozenfeld (1883–1936) og var gyðingur í fððurætt, en lagði niður ættarnafn sitt og tók upp nafnið Kamenev (steinmaðurinn). Hann var einn af leiðtogum bolsévíkaflokksins rússneska og aðstoðarmaður Leníns. Hann var um tíma kvæntur systur Trotskíjs, Olgu Bronshtein, en gerði bandalag við Zínovjev og Stalín um að hrekja Trotskij úr forystu flokksins eftir lát Leníns. Hann var handtekinn í desember 1934 og dæmdur í fangelsi 1935, en aftur leiddur fyrir rétt 1936 og nú dæmdur fyrir risastórt samsæri um að steypa Stalín. Honum hafði eins og Zínovjev verið heitið, að lífi hans yrði þyrmt, ef hann játaði á sig sakir, en Stalín rauf það loforð. Eldri synir hans tveir og fyrrverandi eiginkona voru öll tekin af lífi, en yngsti sonur hans lifði af þrælkunarbúðir.

Dostojevskíjs ... 201. bls. Fjodor Míkhaílovítsj Dostojevskij (1821–1881) var einn kunnasti rithöfundur Rússa. Eftir hann hafa komið út í þýð. Ingibjargar Haraldsdóttur hjá Máli og

menningu *Glepur og refsing* (Reykjavík: 1987), *Karamazovbræðurnir*, 1.–2. b. (Reykjavík: 1990–1991), *Fávittinn* (Reykjavík: 1990), *Tvífurinn* (Reykjavík: 1994), *Minnisblöð úr undirdjúpunum* (Reykjavík: 1s997), *Djöflarnir* (Reykjavík: 2000) og *Fjárhættuspilarinn* (Reykjavík: 2004). Fleiri rit Dostojevskíjs hafa komið út á ísl. í öðrum þýðingum.

Gershgorín ... 207. bls. Kravtsjenko kallaði hann „Gershgorín“, en átti bersýnilega við NKVD-manninn Georgíj Josífevítsj Gershgorín, og hefur það verið leiðrétt hér.

borgarastyrjöld á Spáni ... 233. bls. Hún stóð frá sumri 1936 fram á útmánuði 1939. Eftirmæli um hana eru misjöfn. Báru Franco og aðrir herforingjar óskipta ábyrgð á stríðinu, eða mátti rekja það til fyrirætlaða spænsku vinstri stjórnarinnar, sem unnið hafði nauman sigur í þingkosningum 1936, um að gera án ótvíræðs umboðs róttækar breytingar? Hallaðist eitthvað á í stríðinu um voðaverk milli þjóðernissinna og lýðveldissinna? Var Franco sannfærður fasisti sjálfur eða stjórnlýndur afturhaldsmaður, sem studdist við fasista? Reynt er að gæta sanngirni í bókum tveggja virtra sagnfræðinga um borgarastríðið, *The Spanish Civil War* (New York: Modern Library, endursk. útg. 2001) eftir Hugh Thomas og *The Spanish Civil War* (Cambridge: Cambridge University Press, 2012) eftir Stanley Payne. Hins vegar skrifar Paul Preston í sama anda og heitustu stuðningsmenn lýðveldisins, t. d. í *Franco: a Biography* (London: Fontana, 1995). Gagnrýnir hann m. a. skrif Georges Orwells um stríðið. Svipaða afstöðu til stríðsins og Preston hefur Antony Beevor, en ein bók hans um það hefur komið út á íslensku, *Orrustan um Spán: spænska borgarastyrjöldin 1936–1939* (Reykjavík: Hólar, 2009). Á hinn bóginn heldur spænski rithöfundurinn Pio Moa því fram, að Franco hafi bjargað Spánverjum frá alræði kommúnista, sjá *Los mitos de la Guerra Civil* (Madrid: La Esfera de los Libros, 2003). Fjórir Íslendingar börðust í spænska borgarastríðinu, allir í lýðveldishernum. Þrír voru á vegum kommúnistaflokksins, Hallgrímur Hallgrímsson (sem var einn þeirra Íslendinga, sem hlotið hafði hernaðarþjálfun í leyniskólum Kominterns í Moskvu), Aðalsteinn Þorsteinsson og Björn Guðmundsson, og einn á eigin vegum, Gunnar Finsen lækni. Þórhallur Þorgilsson tungumálakennari, sem hallaðist á sveif með þjóðernissinum Francos, skrifaði sögu stríðsins, *Byltingin á Spáni og borgarastyrjöldin 1936–1939* (Reykjavík: Ísafold, 1939).

Alþjóðasambands kommúnista ... 242. bls. Komintern, Alþjóðasamband kommúnista (stundum nefnt þriðja alþjóðasambandið), var stofnað 1919, og sóttu tveir Íslendingar 2. þing þess 1920, Brynjólfur Bjarnason og Hendrik S. Ottósson. Þar voru Moskvuskilyrðin svokölluðu samþykkt fyrir aðild, en þau leggja meðal annars þá skyldu á aðildarflokka (skv. 3. skilyrði) að stofna ólögleg hliðarsamtök, sem reiðubúin séu til aðgerða, ef og þegar byltingarástand myndast. Ólafur Friðriksson sótti 3. þingið 1921 og 4. þingið 1922. Brynjólfur Bjarnason sótti 5. þingið 1924 og þeir Einar Olgeirsson og Haukur Björnsson 6. þingið 1928. Sem fyrr segir átti Kommúnistaflokkur Íslands, sem starfaði 1930–1938, aðild að Komintern. Fyrir hönd hans sóttu Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson 7. þingið 1935. Fimm erindrekar Kominterns, sem vitað er um, komu til Íslands, Olav Vegheim 1924, Hugo Sillén 1928 og 1930, Haavard Langseth 1930, Harry Levin 1930 og Willi Mielenz 1932. Enn fremur hlutu a. m. k. 23 íslenskir kommúnistar þjálfun í leynilegum byltingarskólum Kominterns, Lenínskólanum og Vesturskólanum. Mynduðu þessir nemendur hinn harða kjarna kommúnistaflokksins og síðar Sósíalistaflokksins. Tveir settust á þing, Steingrímur Aðalsteinnsson og Þóroddur Guðmundsson. Ekki sneru nema tveir nemendur síðar opinberlega baki við kommúnisma, þeir Stefán Pjetursson ritstjóri og Benjamín Eiríksson hagfræðingur. Jón Ólafsson segir í *Kæru félögu*, 52. bls.: „Það er ekki að sjá af þeim heimildum, sem

aðgengilegar eru úr Norðurlandadeildum Lenínskólans og Vesturskólans, að sérstök áhersla hafi verið lögð á praktíska byltingarstarfsemi, svo sem njósnir, undirróður og hvers kyns moldvörpustarfsemi.“ Nægar heimildir eru þó til um, að nemendur frá Norðurlöndum voru þjálfaðir í vopnaburði og þeim kenndur undirróður, enda var það beinlínis á stefnuskrá Kominterns, eins og rakið er í Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (2011). Niels Erik Rosenfeldt skrifar, *Verdensrevolutions generalstab. Komintern og det hemmelige apparat* (København: Gads forlag, 2011), 131. bls.: „Á námskrá voru meðal annars námskeið í marx-lenínisma, stjórnmálahagfræði, þróun hinnar alþjóðlegu verkalyðshreyfingar og sögu Ráðstjórnarríkjanna og kommúnistaflokksins. En einnig voru haldnar skotæfingar og tilsögn veitt í notkun skotvopna, undirróðri, dulmálssendingum og vopnaðri skæruliðastarfsemi.“ Eftir að Komintern var lagt niður 1943, tók alþjóðadeild kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna að mestu leyti við hlutverki þess.

Þjatakov ... 273. bls. Georgíj Leonídovítsj P. (1890–1937) var samstarfsmaður Leníns. Hann var rekinn úr kommúnistaflokknum 1927 fyrir að fylgja Trotskíj að málum, en tekinn inn í hann aftur, eftir að hann hafði afneitað Trotskíj. Hann var aðstoðarráðherra þungaiðnaðarins frá 1932, en handtekinn 1936, leiddur fyrir rétt, dæmdur til dauða og skotinn. Í réttarhöldunum kom fram, að hann hefði átt leynifund með Trotskíj á flugvellinum í Osló, en ákærendur misreiknuðu sig. Engin flugvél fór um flugvöllinn á fundardaginn.

Vyshínskíj ... 274. bls. Andrej Janúarevítsj V. (1883–1954) var lögfræðingur og virkur í flokki mensévíka (hófsamari arms rússneska jafnaðarmannaflokksins) fyrir valdaran bolsévíka, en gekk þá í lið með Lenín og bolsévíkum. Hann varð 1935 ríkissaksóknari í Ráðstjórnarríkjunum og sá um að skipuleggja sýndarréttarhöld Stalíns. Hann var landstjóri í hinu hernumda Letlandi 1940, aðstoðarþjóðfulltrúi utanríkismála (aðstoðarutanríkisráðherra) 1940–1949 og utanríkisráðherra 1949–1953.

Postyshev ... 275. bls. Pavel Petrovítsj P. (1887–1939) gekk hart fram fyrir Stalín í hreinsunum og bar eina höfuðabyrgðina á hungursneyðinni í Úkraínu 1932–1933, en var handtekinn 1938 og tekinn af lífi 1939.

Eikhe ... 275. bls. Robert Eikhe (1890–1940) var Letti að uppruna og hét þá Roberts Eihe. Eftir misheppnaðar byltingartilraunir á heimalandi sínu flýði hann til Ráðstjórnarríkjanna. Þegar hann var aðalritari flokksdeildarinnar í Vestur-Síberíu, tók hann fullan þátt í því að svelta bændur til hlýðni, svo að þeir gengju í samyrkjubú, en margir þeirra voru líka sendir í vinnubúðir eða teknir af lífi. Hann var ábyrgur fyrir hræðilegum harmleik í Nazíno nálægt Tomsk, þótt hann hefði sennilega ekki frétt strax af honum. Í apríllok 1933 voru sex þúsund manns, sem gripin höfðu verið skilríkjalaus í Moskvu og Lenínsgarði og töldust til „úreltra afla“ (t. d. fyrrverandi atvinnurekendur og fjölskyldur þeirra), send til hinnar óbyggðu eyju Nazíno á mótum Ob- og Nazína-fljóts og skilin eftir þar bjargarlaus. Þar voru engin hús, engin fæða, engin tæki. Daginn eftir að fyrsti hópurinn kom þangað, tók að snjóa, og fólkið gat ekki einu sinni kveikt elda til að orna sér gegn kuldanum. Á fjórða eða fimmta degi sendu yfirvöld smáræði af hveitimjöli út í eyjuna. Fólk dó eins og flugur. Ekki leið á löngu, uns mannát hófst. Í júní voru þeir, sem eftir lifðu, fluttir til nálægra staða, sem reyndust ekki heldur byggilegir. Í ágúst voru aðeins 2.200 manns eftir á lífi. Sjá *Svartrbók kommúnismans* (2009), 156.–157. bls.

Davies ... 276. bls. Joseph E. Davies (1876–1958) var bandarískur lögfræðingur, vinur Franklins D. Roosevelt Bandaríkjaforseta, og sendiherra lands síns í Moskvu 1936–

1938. Hann var eins og Halldór K. Laxness viðstaddur réttarhöldin yfir Búkharín og félögum hans vorið 1938 og sannfærður um, að allt hefði þar verið með felldu. Íslenskir kommúnistar vitnuðu iðulega til hans, sbr. Sverri Kristjánsson, Amerískur sendiherra lýsir Ráðstjórnarríkjunum, *Timarit Máls og menningar*, 5. árg. 1. tbl. (1942), 59–67. bls.

Jezhov ... 278. bls. Nikolaj Ívanovítsj J. (1895–1940) var yfirmaður NKVD 1936–1938, í miðjum hreinsunum Stalíns. Það tímabil er kallað á rússnesku *jezhovstsjína*, og hefur Anna Akhmatova ort um það átakanlegt ljóð, sem Geir Kristjánsson íslenskaði. Jezhov var smávaxinn og kallaður „blóðugi dvergurinn“, en Stalín kallaði hann brómberið sitt (*jezhevika* á rússnesku). Hann var taugabílaður ofdrykkjumaður. Handtaka hans, réttarhöld yfir honum og aftaka var allt leynilegt, því að hann vissi of mikið, og hann hvarf af myndum.

Míkojan ... 279. bls. Anastas M. (1895–1978) var frá Armeníu, en gerðist ungur bolsévíki og stuðningsmaður Stalíns. Hann tók þátt í því á fyrri hluta fjórða áratugar að svelta bændur til hlýðni, svo að þeir gengju inn í samyrkjubú, og skrifaði undir marga aftökulista í hreinsunum á síðari hluta fjórða áratugar. Hann kom einnig að því, að um 25 þúsund pólskir frammámenn, sem handteknir höfðu verið eftir innrás Rauða hersins í Pólland í september 1939, voru myrtir í Katyn-skógi og víðar vorið 1940. Míkojan átti leynilegan fund í Moskvu með Einari Olgeirssyni 26. október 1945, og lagði Einar fast að Míkojan, sem þá var utanríkisviðskiptaráðherra Ráðstjórnarríkjanna, að auka viðskipti við Ísland. Var það gert næstu árin, aðallega af stjórnmálaástæðum. Míkojan hafði stutta viðdvöl á Íslandi 17. nóvember 1959 og ræddi þá við fréttamenn, eins og lesa má um í blöðum daginn eftir.

Valeríj Mezhlauk ... 280. bls. V. Ívanovítsj M. (1893–1938) var af lettneskum og þýskum ættum. Hann var formaður Áætlunarráðs ríkisins í Ráðstjórnarríkjunum 1934–1937. Bróðir hans Ívan (1891–1938) var um skeið forseti Túrkméníastans. Þeir létu báðir lífið í hreinsunum Stalíns.

Jaroslavskij ... 291. bls. Emíljan Míkhaílovítsj J. (1878–1943) var af gyðingaættum, en stækur guðleysingi. Hann gekk einnig hart fram gegn menntamönnum, sem tóku ekki undir með Marx og Lenín.

Sögu kommúnistaflokksins ... 336. bls. Hún kom út á ensku 1939. Á íslensku ber bókina nafnið *Saga kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (bolsévika)*. Ágrip, saman tekið af ritstjórnarnefnd miðstjórnar (Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1944). Björn Franzson íslenskaði. Kristinn E. Andrússon fékk í Moskvuför árið 1940 1.000 dala styrk til að gefa bókina út. Það samsvarar um 17 þús. dölum árið 2017 eða hátt í tveimur milljónum ísl. kr.

innrás í Finnland ... 386. bls. Jón Ólafsson heimspekingur skrifar um Vetrarstríðið í *Appelstnum frá Abkasíu* (2012), 285. bls. „Það var stríð Rússa við Finna en þeir fyrrnefndu réðust yfir landamærin haustið 1939 til að ná af Finnum þeim hluta Karelíu sem hafði fallið þeim í skaut 1918 þegar Finnland varð sjálfstætt ríki.“ Margar missagnir eru í þessum fáu orðum. Finnland varð ekki sjálfstætt 1918, heldur 6. desember 1917, og viðurkenndu Kremlverjar sjálfstæði þess strax 18. desember það ár. Borgarastríð var háð í landinu á útmánuðum 1918, en í Tartu 1920 sömdu Finnar við Kremlverja um landamæri ríkjanna. Engin rússnesk svæði (önnur en Petsamo við Íshaf) höfðu heldur „fallið í skaut“ Finna við fullt sjálfstæði. Kremlverjar viðurkenndu í Tartu-samningnum 1920 að langmestu leyti landamærin frá 1809, þegar Finnland gekk undan Svíum og varð stórhertogadæmi, sem laut Rússakeisara.

Rússar höfðu þá skilað Finnlandi aftur svæðum í Kirjálalandi, sem þeir höfðu unnið á öndverðri átjándu öld eftir stríð við Svía. Þessi svæði voru byggð Finnum og hluti af Finnlandi nema tímabilið 1721–1809.

Malenkov ... 395. bls. Georgíj Maksímílanovítsj M. (1902–1988) var samstarfsmaður Stalíns og varð forsætisráðherra við lát hans 1953. Hann var neyddur til að víkja 1955. Eftir að honum mistókst 1957 að steypa Khrústsjov af stóli, var hann rekinn úr forsætisnefnd kommúnistaflokksins og 1961 úr flokknum. Hann var gerður að rafveitustjóra í Kazakhstan og varð trúhneigður með árunum.

frá Eystrasaltslöndunum ... 396. bls. Tvær bækur í þessari ritröð eru um framferði kommúnista í Eystrasaltslöndunum, *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum* e. Ants Oras og *Eistland: Smáþjóð undir oki erlends valds* e. Andres Küng. Ísland varð fyrsta ríkið til að endurnýja viðurkenningu á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna sumarið 1991.

Duranty ... 409. bls. Walter D. (1884–1957) var fréttaritari *New York Times* í Moskvu 1922–1936. Hann fékk Pulitzer-verðlaunin fyrir greinaflokk um fimmáraáætlun Stalíns. Þótt hann vissi af hungursneyðinni í Úkraínu 1932–1933, afneitaði hann henni opinberlega. Aðrir erlendir fréttamenn, Gareth Jones hjá velska dagblaðinu *Western Mail* og Malcolm Muggeridge hjá *Manchester Guardian*, sögðu hins vegar sannleikann um hungursneyðina.

Andrejev ... 396. bls. Andrej Andrejevítsj A. (1895–1971) var stálinisti, sem sat í stjórnmalanefnd kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna.

Zhdanov ... 420. bls. Andrej Aleksandrovítsj Z. (1896–1948) var einn nánasti aðstoðarmaður Stalíns. Hann var landstjóri hans í Eistlandi 1940, á meðan verið var að hernema landið og neyða það til að ganga í Ráðstjórnarsambandið, eins og lesa má um í *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum* e. Ants Oras, sem komið hefur út í þessari ritröð. Hann sá í nokkur ár um að framfylgja friðarsamningi Ráðstjórnarríkjanna og Finnlands frá 1944 og markaði einnig stefnu kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna í menningarmálum eftir stríð, þegar kúgunin var sem verst. Ofdrykkja varð honum að fjörtjóni.

Bería ... 439. bls. Lavrentíj Pavlovítsj B. (1899–1953) var af þjóðflokki Mingrela í Kákasus, gekk ungur í leynilögregluna og átti þátt í að berja niður uppreisnir í Georgíu og víðar í Kákasus. Hann varð aðalritari kommúnistaflokks Georgíu 1931 og Kákasuslandanna allra 1932. Þegar Halldór K. Laxness heimsótti Tbilísi í árslok 1937, sat hann veislu, sem Bería hélt rithöfundum. Skömmu síðar var Bería kallaður til Moskvu og skipaður yfirmaður leynilögreglunnar, sem nú hét NKVD. Bería fékk samþykki Stalíns við það, að um 25 þúsund pólskir frammámennt, sem handteknir höfðu verið eftir innrás Rauða hersins í Pólland í september 1939, voru myrtir í Katyn-skógi og víðar vorið 1940. Hafði Bería einnig yfirumsjón með þrælkunarbúðum ráðstjórnarinnar og stjórnaði umfangsmiklum nauðungarflutningum fólks til Síberíu frá Eystrasaltsríkjunum og öðrum hernumdum svæðum. Neytti hann aðstöðu sinnar til margvíslegra kynferðisbrota. Flugumenn hans óku um götur Moskvu, kiptu ungum stúlkum upp í bíla sína og færðu honum nauðugar viljugar. Aðrar stúlkur gínnti hann til næturgamans með lofordum með að sleppa vandamönnum þeirra úr fangelsi, en hann sveik það jafnan enda voru þeir flestir löngu látnir, eins og hann vissi vel. Hélt það ekki aftur af honum, að hann var smitaður af sýfilis, sárásótt. Fimm Íslendingar skipuðu sendinefnd, sem hlustaði á Bería í Bolshoj-leikhúsinu í Moskvu 6. nóvember 1952. „Bería hélt aðalræðuna,

föngulegur maður og gáfulegur. Minnti mikið á gáfaðan bónda, sem ég þekki í Þingeyjarsýslu. Hann talaði mjög snjallt af mikilli mælsku,“ skrifaði einn þeirra, Áskell Snorrason tónskáld í ferðabók, *Í landi lífsgleðinnar* (Reykjavík: MÍR, 1952), 23. bls. Bería var í desember 1953 leiddur fyrir leynilegan rétt og dæmdur til dauða fyrir að hafa árum saman lagt á ráðin um að taka aftur upp kapítalisma í Ráðstjórnarríkjunum. Þegar dómurinn var lesinn upp yfir Bería, fór hann á hnén og grátbað um miskunn. Hann var tekinn af lífi ásamt samstarfsmönnum sínum 23. desember 1953. Khrústsjov segir m. a. frá handtöku Bería í endurminningum sínum, *Khrushchev Remembers: The Last Testament* (Boston: Little, Brown, 1974).

Voznesenskij ... 459. bls. Nikolaj Aleksevítsj V. (1903–1950) var yfirmaður efnahagsáætlaða Ráðstjórnarríkjanna í seinni heimsstyrjöld. Stalín lét taka hann af lífi í hreinsun eftir stríð.

Kosygin ... 459. bls. Aleksej Nikolajevítsj K. (1904–1980) sat í landvarnarnefndinni í seinni heimsstyrjöld. Hann var formaður þjóðfulltrúaráðs (forsætisráðherra) ráðstjórnarlýðveldisins Rússlands 1943–1946 og formaður áætlunarráðs ríkisins 1959–1960. Hann var aðstoðarforsætisráðherra 1960–1964 og forsætisráðherra 1964–1980. Hann og Leoníd Brezhnev (1906–1982), sem steypu saman Khrústsjov af stóli 1964, voru þannig báðir kunnugir Kravtsjenko, því að Brezhnev hafði ungur starfað á sömu slóðum og hann. Gary Kern, *The Kravchenko Case* (2007), 199. bls.

Búdjonnýj ... 460. bls. Semjon Míkhaílevítsj B. (1883–1973) var foringi riddarasveita bolsévika í borgarastríðinu eftir valdatöku þeirra 1917 og gerður marskállur 1935. Lið undir stjórn hans beið mikla ósgra eftir innrás nasista í Rússland sumarið 1941, og var hann þá færður til í starfi.

Tíkhon Khrenníkov ... 491. bls. Hann (1913–2007) gerðist þrátt fyrir þann andbyr, sem Kravtsjenko getur um, harður stalínisti og var 1948–1991 aðalritari Tónskáldafélags Ráðstjórnarríkjanna.

Henry A. Wallace ... 537. bls. Hann (1888–1965) var landbúnaðarfræðingur að menntun og landbúnaðarráðherra í ríkisstjórn Franklins D. Roosevelts Bandaríkjaforseta 1933–1940. Hann var varaforseti Roosevelts 1941–1944 og viðskiptaráðherra 1945–1946, en bauð sig fram fyrir svokallaðan Framfaraflokk 1948 og naut þá stuðnings bandarískra kommúnista, enda fór hann ekki dult með samúð sína með Ráðstjórnarríkjunum. Seinna tók hann þó opinberlega afstöðu gegn kommúnistum. Í þessari ritröð hefur birst *Konur í þrælakistum Stalíns*, og er annar höfundurinn Elinor Lipper. Í bók hennar vakti sérstaka athygli kaflur um heimsókn Henrys Wallaces í þrælkunarbúðirnar í Kolyma árið 1944. Þá var mikill leikur og grár settur á svið, sem Lipper fylgdist með innan úr búðunum. Trúði Wallace öllu, sem honum var sagt, og lýsti síðar í ferðabók hinum vingjarnlegu yfirmönnum búðanna og góðum aðbúnaði starfsfólksins. Kaflinn í bók Lippers um heimsókn Wallaces til Kolyma var prentaður í *New York Post* 11. júní 1951. Wallace skrifaði svargrein 20. júní, viðurkenndi, að hann hefði verið blekkur, en kvaðst ekki hafa vitað fyrr en löngu seinna, að þrælabúðir væru reknar í Ráðstjórnarríkjunum. Bætti hann við, að rússneskir kommúnistar virtust koma eins fram við stjórn málaandstæðinga sína og keisarastjórnin forðum, en þó fara sínu verr með þá. Heimspekingurinn Martin Gardner skrifaði þá grein í *New York Post* 24. júní, þar sem hann taldi upp sex þrýðileg rit um þrælabúðirnar, sem birst höfðu á prenti fyrir heimsókn Wallaces. Hann hefði því átt að vita um þær. Einnig benti Gardner á, að í tíð keisarastjórnarinnar rússnesku höfðu fangar hennar ætíð verið innan við 50 þúsund, en aðeins brot af þeim hefðu verið stjórn málaafangar. Árið 1952

var Lipper á ferð í New York. Þar fór hún að eigin frumkvæði á fund Wallaces á bugarði hans í South Salem og sagði honum sannleikann um búðirnar, sem hann hafði heimsótt. Hann fölnaði upp og sagði: „Ég vissi þetta ekki. Þú verður að trúa mér.“

Wendells Willkies ... 537. bls. Wendell Willkie (1892–1944) var bandarískur lögfræðingur og frambjóðandi Lýðveldissinna, repúblikana, í forsetakjöri 1940. Hann fór á vegum Bandaríkjastjórnar 1942 til Norður-Afríku, Ráðstjórnarríkjanna og Kína og hitti þá m. a. Stalín. Um förina kom út á ísl. *Nýr heimur*, þýð. Jón Helgason (Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1943). Willkie var nytsamur sakleysingi eins og Wallace.

Hindus ... 540. bls. Maurice Gerschon Hindus (1891–1969) var bandarískur blaðamaður af rússneskum gyðingaættum, sem dvaldist um skeið í Moskvu og skrifaði *Brotið land*, Broken Earth, þýð. Vilmundur Jónsson (Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1930). Vilmundur þýddi annað lofrit um áætlunarbúskapinn í Ráðstjórnarríkjunum e. „M. Ilín“, sem hét réttu nafni Ílja Marshak (1896–1953), *Æfintýrið um áætlunina miklu* (Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1932).

Georges Kennans ... 541. bls. George F. Kennan (1904–2005) var bandarískur stjórnarérindreki, sem rökstuddi eftir stríð þá skoðun, að Ráðstjórnarríkin væru í eðli sínu drottunargjörn og halda þyrfti þeim í skefjum. Tóku Bandaríkjamenn upp þá stefnu með Truman-kenningunni svonefndu: Hvarvetna yrði að verjast ásátni kommúnista, jafnt í Grikklandi og Kóreu (viðspyrnukenningin, containment doctrine). Kennan kunni rússnesku og starfaði í bandaríska sendiráðinu í Moskvu 1933–1937 og 1944–1946. Seinna var hann stuttlega sendiherra í Moskvu og eftir það í Belgrad. Með aldrinum breyttist hann úr hark í dúfu í utanríkismálum.

Þjotr Kropotkín ... 541. bls. P. Aleksejevítsj K. fursti (1842–1921) var rússneskur stjórnsýsingi. Hann var í útlegð 1876–1917, en varð fyrir vonbrigðum með bolsévíkana, sem rændu völdum í nóvember 1917. Eftir hann hefur komið út á ísl. *Sjálfævisaga byltingarmanns*, þýð. Kristín Ólafsdóttir (Reykjavík: Ísafold, 1942).

Þekktti strax erindreka hennar ... 547. bls. Bandaríska alríkislögreglan fylgdist á laun með Kravtsjenko, og vera kann, að einhverjir flugumenn ráðstjórnarinnar hafi gert það líka. Hitt er annað mál, að leyniþjónusta Kremhverja njósnaði um David Dallin, sem Kravtsjenko var í sambandi við fyrir flóttu sinn. Einn njósnaðurinn var mannfræðingurinn Mark Zborowski (1908–1990), sem Dallin hafði veitt ýmsa aðstoð eftir flóttu hans undan nasistum til Bandaríkjanna. Hann var nágranni Dallins og þóttist vera vinur hans. Dallin kynnti hann fyrir Kravtsjenko, og hann fékk meira að segja að lesa drög að handriti hans að bókinni *Ég kaus frelsið*. Gaf hann leyniþjónustu ráðstjórnarinnar margar skýrslur um Kravtsjenko. Bandaríska Alríkislögreglan vissi, að leyniþjónusta ráðstjórnarinnar vissi, hvar Kravtsjensko væri niður kominn, vegna þess að hún hafði aðgang að svokölluðum Venona-skjölum, en þau voru loftskeyti á dulmáli frá erindrekum ráðstjórnarinnar til höfuðstöðva NKVD og GRÚ í Moskvu, aðallega árin 1942–1945, og tókst bandarískum sérfræðingum að ráða sum þeirra. En Venona-skjölunum var haldið vandlega leyndum.

Nafnaskrá

- Adoratskíj 352
Afganistan 58, 61
Agríz 438,
Akímov 468, 470
Aleksandr I. 424
Aleksandra 218, 219
Aleksandrovsk 20– 23, 28, 35, 36, 83, 87,
141, 205, 289, 442
Algoverovka 46, 52, 78
Allelújeva, Nadezhda 277, 278
Alma Ata 242
Alperovítsj 294
Alríkislögreglan 10
Altaj-hérað 515
Altsjevesk-svæðið 46
Alþjóðasamband kommúnista 242, 247, 352,
483, 485, 487–489, 544
Ameríka 12, 28, 45, 80, 105, 130, 193, 217,
218, 259, 292, 293, 307, 322, 352, 384,
385, 408, 413, 472, 484, 497, 502, 507,
509, 510, 512, 517, 524, 525, 527, 529,
530, 532, 533, 534–536, 540, 541, 543,
544, 546
Amtorg 528
Andrejev, Andrej A. 396, 459, 490
Andrejev-verksmiðjan 322
Anna 57, 59
Anokhov 465
Antípov 279, 290
Argentína 551
Arshínov 113–117, 120, 122–130, 169, 170,
172
Arútjúnov 493
Ashkabad 60, 63
Asía 47, 58, 59, 134, 292, 295, 373, 392,
409, 432, 433
Astor, Lafði Nancy 484
Attlee, Clement 484, 485
Austurríki 544, 551
Aúlíj 40, 44
Avdashtsjenko, Vanja 76, 77, 80, 81
Avdejenko 530
Averítsjev 25, 26
Azov-haf 322, 324
Azov-stálhringurinn 295
Ástralía 80
Bako 263
Bakú 59, 231, 232, 257
Balabín 265
Bandaríkin 7, 8, 10, 14, 68, 230, 276, 353,
356, 393, 407, 447, 485, 488, 496, 499,
503, 507–509, 515, 518, 519, 523, 524,
526, 532, 533, 535, 536–538, 541–544,
546, 547, 551
Barínov, M. 294
Barkov 387
Bashmakov 136
Beethoven, Ludwig van 82
Belajev 525
Belóusov 140, 141, 143, 144–146, 148, 151
Beretskoj 96, 252, 253, 264
Bería, Lavrentíj 439, 458–461, 464, 465,
492, 493
Berlín 146, 245, 406
Bessarabía 385, 396
Bíрман, Stepan 262, 370
Bítsjkov, María „Marjúsha“ 310, 311

- Bitsjkov, Valentín Ívanovítsj 309–311, 314
 Bjeloshapka 34
 Bleskov 67
 Blínov 260
 Bolshevo 426, 427, 429–433, 439
 Bolshoj-leikhúsið 105, 513
 Bondarenko, L. 295
 Borísov 264
 Borodín 515, 516
 Bónaparte, Napóleon 424, 434, 439, 445
 Brasilía, 551
 Bratsjko, Pjotr Petrovítsj 97, 99, 206, 217, 221, 227, 243, 246, 252, 254, 255, 257–259, 263, 265, 266, 270, 271–273, 281, 284, 296, 300–302, 305–307
 Brodskíj 112, 113, 207, 221, 227, 249, 250, 258
 Brodskíj, Erastus 41
 Brynjólfur Bjarnason 8
 Buber-Neumann, Margarete 7
 Buffalo 523
 Bullitt, William C. 529
 Búbnov 290, 351
 Búdjonnyj, Semjon M. 419, 460
 Búkharín, Níkolaj Í. 103–106, 163, 290, 326–328, 351, 410
 Bútenko, Konstantín Í. 295

 Chicago 11, 532, 543
 Churchill, Sir Winston 480, 484, 485
 Citrines, Walter 516
 Clausewitz, Carl von 493, 498

 Dadjan 493
 Danmörk 551
 Dante Aleghieri 341, 475
 Davies, Joseph E. 276, 408, 409, 538, 539
 Davið konungur 386
 Demtsjenko 140, 141, 143, 145, 147, 151, 154
 Dickens, Charles 31

 Dínník 94, 95
 Djengis-Khan 351
 Dmitríj 439–444
 Dnepr-Fljót 15, 20, 23, 25, 37, 43, 46, 47, 57, 205, 219, 234, 282, 442
 Dnepropetrovsk 7, 55–57, 59, 63, 67, 90–92, 99, 101, 103, 111, 123, 129, 134, 175, 176, 180, 193, 194, 197, 202, 207, 210, 218, 219, 229, 232, 235, 248, 251, 252, 256, 259, 262–264, 275, 284, 286, 289, 295, 302, 311, 317, 366–368, 371, 373, 419, 420, 465
 Dneprotostroj 130
 Donetsk-dalur 46, 54, 55, 72, 105, 139, 172, 220, 292, 295
 Don-hérað 70, 423
 Donskov, Níkolaj 295
 Dorogan, Petr P. 207, 226, 231, 251, 266–268, 270–273, 283, 303, 308, 309, 313–315, 320, 323, 501, 505
 Dostojevskíj, Fjodor M., 201
 Dovbenko 340, 346–348, 354, 355
 Dreiser, Theodore 523
 Drúzhkovskíj-verksmiðjan 70
 Du Pont-ættin 485
 Duranty, Walter 409, 540
 Dúbínskíj 226, 227, 229, 231, 235, 254, 263, 307
 Dúkhovtsjev 164
 Dúnn 330
 Dvínsk 413
 Dvínskíj 322
 Dzherzhínskíj, Feliks E. 48, 191

 Earle, Andrew 10
 Earle, Anthony 10
 Eðlisfræðistofnunin 488
 Egyptaland 551
 Eikhe, Robert 275
 Einar Bragi 8
 Eistland 551

Engels, Friedrich 43, 53, 77, 357
 England 132, 242, 293, 352, 353, 384, 484, 496, 533–535, 544, 551
 Erastovka-bændaskólinn 38, 41, 42, 136
 Erívan 478
 Erkilet 485
 Evrópa 233, 325, 367, 373, 383, 385, 386, 395, 406, 413, 415, 419, 483, 489, 529
 Eystrasaltsríkin 412, 416, 423
 Eþíópía 233

 Faðir Maksím 24, 26
 Fálkinn 8
 Felenkovskíj 263
 Finnland 386, 388, 396, 412, 414
 Filí 397, 398, 431
 Fillíne 258, 259, 262, 271–273, 281, 286, 298, 307
 Fillípov 77
 Fjodor 42
 Flaubert, Gustave 31
 Florida 530
 Frakkland 293, 387, 414, 489, 534, 551
 France, Anatole 31, 49

 Galembo 158–160, 162–166, 168, 169, 173
 Galler 460
 Galúshka 61
 Ganshín 295
 Georgía 73, 182, 492
 Gerardov 374, 375, 377, 378
 Gershgorín, Georgíj J. 207, 208, 212–215, 217, 218, 226, 227, 229–231, 246, 247, 251, 255, 270, 276, 281–284, 298, 299, 303–312, 314, 315, 317, 319, 455, 501, 505, 517
 Gestapo 420, 512
 Gínsbúrg, C. Z. 274, 335, 468, 471
 Gípronez 407
 Glavmetal 497, 500, 502, 503, 505
 Glavtrúbostal 319, 320, 324, 332, 345, 346, 348, 374, 377, 378, 393, 395–400, 403, 404, 446, 466
 Goethe, Johann Wolfgang von, 31
 Golíat 386
 Golovanenko 395, 399, 404
 Golovjov 407
 Golúbenko, Níkolaj 92, 96, 101, 104, 107, 275
 Golúbín 177
 Gorkíj, Maksím 23, 69, 201, 238, 279
 Gorkíj-hérað 396, 459, 478
 Gorlova, Zínaída 7, 9, 10, 133, 134
 Góúrevítsj, Aleksandr 294
 GPÚ [NKVD, Tsjeka] 62, 65, 66, 93–95, 99–101, 104, 109, 119, 126, 127, 139, 148–150, 155, 158, 167, 168, 173, 180, 181–187, 189, 192–196, 199, 201–203, 207
 Graník 167, 168
 Gratsjev 39–41
 Gregoríj 511, 512
 Gregorjev 318, 319
 Grígorjev 34
 Gríntsjenko 170–172
 Grísha 288
 Groman 212, 213, 215
 Gromov, Jasha 136–138
 Gúgel 295
 GÚLAG 465
 Gúshtsjín 264, 265, 267, 321
 Gvacharía 295
 GVIUK 469

 Halldór K. Laxness 7, 9
 Hamsun, Knut 31
 Hantovítsj 208
 Hatajevítsj, Mendel M. 111, 134, 155, 173, 232, 249–251, 286
 Hayek, Friedrich A. 9
 Hearst, William Randolph 485, 508, 529
 Hermann Jónasson 8
 Heródes 440

Hertzch, Vera 7
 Herzen, Aleksandr 23, 30
 Hindus, Maurice 540
 Hitler, Adolf 7, 131–133, 233, 247, 254, 352, 383–387, 405, 406, 413, 418–421, 423, 424, 427, 434, 437, 440, 463, 477, 484, 485, 491, 498, 512, 522, 534, 545, 546
 Holland 551
 Hollywood 539
 Hoover, Herbert 45, 485
 Hugo, Victor 31
 Hvíta-Rússland 413, 418, 419, 422, 459

 Indland 58, 551
 Ítalía 131, 233, 383, 384, 489, 551
 Ívanov 215
 Ívanov, Andrej „Andrúsha“ 494
 Ívanovítsj, Pjotr „Petja“ 366, 367
 Ívanovítsj, Kúzma „Kúska“ 138
 Ívanovna, Olga 108
 Ívantsjenko, Jakob 73, 204, 232, 255, 271, 276, 286, 287, 298, 299, 303, 305–308, 313, 314, 370
 Ízvestíja 53, 76, 143

 Jafet 81
 Jagoda, Genríkh 191, 276, 278, 327
 Jakovlev 290
 Japan 376, 383, 394, 485, 519, 551
 Jaroslavskíj, Emíljan M. 291, 292, 299
 Jasenev 263, 265
 Jedorov 397, 406, 411, 415, 416, 426, 446
 Jekaterínbúrg 328
 Jekaterínoslav 7, 16, 19, 21, 28, 30, 32, 34, 35, 37, 39, 53, 55, 359
 Jenúkídze, Abdel 492
 Jekhov, Níkolaj 278, 327
 Joe 217
 Jolkín, Pétur 165, 166
 Jón Óskar 9
 Júdas 81
 Júdavín 215, 232, 255, 257, 265
 Júdín 484–486, 488
 Júrev 218, 219
 Júríj 135–139, 156

 Kabakov 299
 Kabardíno-Balkar 465
 Kaganovítsj, Lazar M. 56, 173, 174, 314, 319, 320, 324, 325, 333, 338, 344, 346–349, 458, 459, 490
 Kagor 491
 Kakhetínskíj 491
 Kalínín, Míkhaíl 266, 355
 Kaljagín 469
 Kam 81
 Kama-fljót 435, 442, 443
 Kamenev, Lev B. 198, 242, 243, 249, 328, 351
 Kamenskoje 39, 40
 Kanada 496, 518, 520, 551
 Kapítza 488
 Karas 140, 143, 152, 153
 Karavajev 261
 Karnaúkhov, Aleksej „Aljosha“ 76, 78–81, 83, 85–87, 90, 91
 Kasarík 163
 Kashelski 260
 Kasmír 58
 Kaspíahaf 59
 Kosygín, Aleksej N. 459, 468–471
 Katja litla 9, 107–111, 115, 119
 Katrín mikla 409
 Kavtaradze 493
 Kazakhstan 10
 Kazan 435, 437, 514
 Kákasus 13, 83, 89, 176, 450, 459, 465, 489, 491, 493, 497, 516, 517
 Kemerovo 9, 230, 376–383, 385, 387, 388, 391, 393, 394, 395, 399, 402
 Kemerovostoj 387, 394
 Kemerovo-verksmiðjurnar 389

Kennan, George 541
 Keraerov 384
 Kerenskij, Aleksandr F. 31
 Kern, Gary 10
 Kharkov 41, 53, 67, 74, 75, 79, 82, 90, 92,
 100, 101, 110, 176, 183, 187, 192–194,
 198, 204, 220, 227, 228, 230, 232, 246,
 251, 255, 259, 263, 266, 267, 273, 275,
 276, 286, 287, 295, 305, 307, 323, 367,
 419, 465, 477
 Khazanov 295
 Khímki 432
 Khrennikov, Tíkhon N. 491
 Khrúl'jov, Andrej V. 464
 Kirjálaland 386
 Kíznamenko 259
 Kína 352, 535, 542, 551,
 Kínzhalov 263
 Kirjúshkín 223–225, 254, 268, 269, 270,
 321
 Kírov, Sergej M. 197–200, 208, 233, 349,
 492
 Kobzar 140, 141, 143–146, 148, 151–154
 Kolbín 331, 340, 357, 358
 Kolesnikov, Borís 322, 323
 Kolpovskij, Konstantín M. 357–359
 Kolpovskij, Nínnotsjka 357, 358
 Kolpovskij, Vera 357, 358
 Komarov 488
 Komintern, sjá Alþjóðasamband kommúnista
 Kommíssarovka 41, 42
 Kondrashín 300, 307, 320
 Kononenko, Ívan P. 144, 146, 147, 149, 151,
 152, 154, 156
 Korbíno 37, 43, 45, 55
 Korotsjenko, Demjan 422, 423
 Kosíor, Stanislav V. 275, 279, 290, 295
 Kostja 59, 62
 Kozhevnikov 324, 325, 345, 346, 348, 374,
 376, 377, 393, 394, 395, 400
 Kozlov, Aleksej 66, 206, 207, 210–212, 221,
 222, 226, 227, 229, 248, 250
 Kórea 551
 Krasnojarsk 470
 Krasnovodsk 59
 Krasnyj Bor 442, 443
 Kravtsjenko, Natasha 313
 Kravtsjenko Tanja, 17, 55, 212
 Kravtsjenko, Andrej „Andrúsha“ F. 13, 19,
 22, 26, 27, 36, 37, 261, 290, 370
 Kravtsjenko, Evgeníj „Gene“ A. 16, 28, 29,
 39, 56, 57, 369, 519
 Kravtsjenko, Fjodor P. 13, 20–23, 36
 Kravtsjenko, Klava 368, 420
 Kravtsjenko, Konstantín „Kotja“ A. 13,
 17–19, 27, 29, 33–35, 39, 41, 42, 56, 57,
 368, 369, 420, 517
 Kravtsjenko, Natalía „Natasha“ M. 21, 22,
 36, 37, 107, 110
 Kravtsjenko, Pétur „Petja“ F. 29, 35–37
 Kravtsjenko, Shúra F. 20, 21–24, 28, 29,
 35–37
 Kravtsjenkó, Valentín V. 10
 Kreml 48, 65, 69, 72, 81, 200, 201, 204,
 243, 263, 286, 287, 295, 315, 326, 347,
 349–351, 370, 373, 383, 385, 386, 399,
 405, 408, 410, 411, 415–418, 420, 421,
 425, 429, 431, 439, 442, 447, 451–454,
 456, 468, 472, 478, 479, 481, 483, 494,
 497, 512, 534, 544, 548–550
 Krestínskij, Nikolaj N. 326, 327, 351
 Krieger, Viktorína 177
 Krívoj Rog 248, 295, 419
 Kropotkín, Pjotr A. 541
 Krúpskaja, Nadezhda K. 85, 262, 290
 Krzhemínskij, G. 295
 Kun, Bela 262
 Kuser, Cynthia 10
 Kúban-hérað 423
 Kújbishev 428
 Kúzja 24

Kúzmín 354, 355
 Kúznetsk 295, 364, 373
 Kyrrahaf 517
 Kænugarður [Kíev] 21, 30, 62, 63, 85, 86,
 177, 182, 183, 188, 195, 196, 198, 419,
 420, 440, 465

 Ladynín 185
 Lancaster 11, 543
 Laríonov 411
 Larm 370
 Larry 217
 Laski, Harold 484
 Latsís, Martín 422
 Lazarev 48–51, 105–107, 292
 Lárus Jóhannesson 8
 Lebed 93, 94
 Lebedev 502, 503, 509
 Lenín, Vladímír 9, 10, 31, 33, 43, 48–51,
 53, 58, 73, 77, 82, 85, 103, 114, 242, 259,
 266, 290–293, 295, 302, 326, 333, 334,
 351, 352, 357, 370, 383, 407, 428, 429,
 484–486, 488, 491, 492, 540
 Lenínsgarður 197–199, 202, 243–245, 330,
 374, 377, 419, 420
 Lenskíj 243–245
 Lentz 218, 219
 Levine, Isaac D. 8
 Levín 279
 Litháen 413
 Líhomanov 39–41
 Límanskíj, Arkadíj V. 243–246, 252
 Lísá 455, 456,
 Ljúbímov 468
 Logíjko, Fjodor 295
 Logína 139, 149, 173
 Lomakín 520
 Los 251, 253–256, 258, 264–267, 271–273,
 281, 283, 300, 302
 Lundúnir 146, 508
 Lúbjanka 366

Lúgansk 419
 Lúka 69
 Lúnatsjarskíj, Anatolíj V. 48, 85
 Lútsk 413
 Lyons, Eugene 7
 Lysva-verksmiðjan 295

 M. Níkolaj 323, 324
 Magnítostroj 130, 295, 407
 Magnús Kjartansson 9
 Magrílov, Semjon 332, 333
 Makajev 228
 Makajev-verskmiðjurnar 295
 Makar, S. 295
 Makarenko 145, 146
 Makarov 215, 232, 253, 254, 256, 257, 265,
 266, 302
 Makhno, Nestor 34, 35
 Malenkov, Georgíj 395, 458, 465
 Malíshev 459, 464
 Manajenkov, Jósef 262
 Manhattan 544
 Mantúrov, Vjatsjeslav Í. 397, 406, 411, 416,
 426, 446
 Maraþon 462
 Margolín 285, 286, 298, 307
 María [Kharkov] 86–91
 María Guðsmóðir 109
 Maríúpol 295, 419
 Markov 526, 529, 530,
 Marx, Karl 43, 48–50, 53, 58, 77, 103, 170,
 292, 357, 462
 Marx-Engels-Lenín Menntastofnunin 351
 Maskatov 467
 Matsuoko, Yosuke 485
 Matúlevítsj 276
 Matvejev 400–402
 McCormick 485, 508
 Mekhlís, Lev 490
 Menzelínsk 435, 438, 443

Merkúlov, Vsevolod N. 324, 325, 374, 376,
 377, 395, 365, 431
 Mexíkó 491
 Mexíkó-borg 546
 Mezhlaúk, Ívan Í. 280
 Mezhlaúk, Valerj Í. 280, 290
 Mises, Ludwig von 9
 Míkhaïlov 295
 Míkhaïlovna, Júlia 85–92, 133, 287, 372
 Míkojan, Anastas Í. 279, 458, 459, 465, 469,
 490, 492, 493, 495, 502, 503, 533
 Míljúkov, Pavel N. 31
 Mínsk 413, 465,
 Míronov 482, 484, 487, 495, 501, 502
 Mísha 289–291, 293, 326, 327, 510
 Mítja 23, 29
 Mítja 528
 Molotov, Vjatsjeslav M. 106, 266, 276, 295,
 350, 355, 365, 384, 406, 457–459, 465,
 475, 477, 478, 490, 492, 493, 495, 497, 503
 Mongólía 515, 517
 Morgan, John Pierpont Jr. 485
 Morgunblaðið 8
 Moskva 7, 9, 15, 48, 50, 53, 58, 67, 68, 70,
 71, 77, 79, 87, 89, 94, 100, 101, 103, 105–
 107, 129, 131, 173, 177, 198, 210, 215,
 218, 220–222, 226, 228–230, 232, 242,
 243, 247, 249, 250, 251, 253–255, 257,
 259, 262, 263, 266, 267, 270–274, 276,
 280, 287, 289, 290, 292, 295, 296, 300,
 305, 306, 308, 319, 320, 322, 324–326,
 328–330, 332, 333, 336, 341, 344–351,
 354–357, 360, 364–366, 368, 369, 371–
 373, 376–379, 381, 382, 384–386, 388,
 392–398, 403, 408–410, 412, 417, 422,
 423, 425–433, 443–447, 457–460, 462,
 466, 472, 473, 475, 478, 479–481, 485,
 487, 489–492, 495, 497, 510, 513, 521,
 524, 529, 532–534, 536, 538–540, 544, 546
 Móses 142
 Mussolini, Benito 131
 Múkhín 480
 München 383, 534
 Múrmansk 413
 Nadalka 143
 Naltsjík 465
 Natasha 218, 219
 Nedosekín 465
 Nekrasov, Níkolaj A. 33
 New York 10, 12–14, 528, 529, 547
 Níkolajev, Leoníd V. 197–201
 Níkopol 96–98, 100, 103–105, 107, 130,
 172, 197, 204, 205, 207, 208, 211, 213,
 216–218, 220, 224, 226, 230–235, 238,
 242, 244, 246–253, 258–260, 262, 263,
 266, 269, 271, 273, 280, 283, 284–286,
 295–297, 302, 306, 312, 313, 317–321,
 323, 324, 327, 329, 335, 356, 366, 454,
 504, 518
 Nízhní-Dneprovskíj verksmiðjan 295
 NKVD [áður GPÚ] 134, 207, 208, 212–
 219, 226, 227, 230–232, 234, 240, 243,
 246–251, 253, 254, 260–268, 272–276,
 278, 279, 281, 282, 285–289, 293, 294,
 301, 303–306, 310, 311, 313, 314, 318,
 319, 323, 324, 327, 330–334, 337, 338,
 340, 341, 349, 352, 357, 358, 363, 366,
 377, 378, 380, 382, 387, 388, 392, 393,
 397, 398, 400, 403, 407–410, 416, 420,
 422–424, 429, 430, 432, 433, 437, 439,
 446, 447, 449, 452–454, 456, 458, 464,
 465, 467, 474–476, 481, 482, 489, 490,
 494–496, 499, 501, 502, 504, 507, 512,
 514, 517, 532, 533, 538, 543, 545
 Noregur 551
 Norkín 380, 381
 Novíkov 460, 478,
 Novomoskovsk 470
 Novosíbírsk 378, 381, 382, 387, 394, 459,
 497

Novo-Trúbni 324–326, 328, 332–334, 341, 344, 347, 348, 360
 Nói 81
 Númíðov 435, 436, 444

 Odessa 21, 106, 419, 420
 Okhrana 327
 Okopov 468, 469, 493
 Okorokov, Konstantín 73
 Ordzhoníkídze, Sergo 51, 72–74, 96, 101–106, 139, 172, 204, 229, 230–232, 252, 254, 263, 267, 271, 274, 276–280, 294, 295, 305, 314, 319, 320, 322, 326, 335, 492
 Ordzhoníkídze, Zínaída 279
 Orwell, George [Eric Blair] 8
 Osadtsj, Jakob 325, 329, 344–347, 349, 355, 357, 358
 Osíпов-Schmidt 295
 Oúmanskij, Konstantín A. 405, 491
 Oústínov 464
 Ólafur Thors 8

 Pakholkín, Pavel 76, 77
 Pamfilov, Konstantín G. 449, 451–453, 456, 458, 459, 462, 465, 473–475, 482, 486, 493–495, 497
 Pankovka 44
 Panov 339
 Papashvílí 397
 Paramonov 30, 32
 París 7, 8, 10, 146
 Parshín 333, 334, 336, 338, 340, 349
 Pasha verkfræðinemi 78, 79
 Pasha ráðskona 206, 209, 215, 216, 236, 252, 296
 Patagonía 542
 Pavlenko 95
 Pavlínovskij 294
 Pavlov 159
 Pavlovna, Lydíja 63, 159
 Perluhöfn 485
 Pennsylvania 11, 543
 Persía 58, 60, 61
 Pervoúralsk 325, 328–330, 332, 333, 337, 341, 342, 344–347, 349, 352, 354–356, 361, 363
 Petja 337
 Petrov 401
 Petrovna, Elín 175, 176, 178–188, 190, 192–196, 203, 204, 289, 372
 Petrovo 135, 136, 141
 Petrovskij, Grígorij Í. 48, 56, 318, 370
 Petrovskij-Lenín verksmiðjan 67, 75, 90, 92, 101, 104, 173, 204, 260, 275, 285, 318, 369
 Petrvítsj 221
 Pétur mikli 290, 332
 Pétursborg [Lenínsgarður] 22, 30, 33, 63, 439
 Pjany Bor 442
 Pjatakov, Georgíj L. 273–275, 278, 305, 306, 351, 380
 Pjatíkhatskij-sveit 135, 153,
 Podgorodnoje 113, 115, 130, 170
 Podolsk 475
 Pogosían 493
 Pokrovnaja 108
 Poltava-hérað 44, 93
 Ponomarenko 422
 Ponomerev 166
 Popov 461
 Portúgal 551
 Postyshev, Pavel P. 275, 288, 290
 Potjomkín, Vladímír 486, 488
 Potomac-fljót 525
 Pólland 42, 248, 383, 385, 396, 412, 414, 416, 489, 534, 535, 544
 Prag 41
 Pravda 53, 76, 129, 133, 172, 336, 349, 539
 Priestley, J. B. 484
 Prílúki 44
 Promtrest 446
 Pronín, Vasilíj P. 480

Pústovojtzev, 263

Radek, Karl 273

Radín, Níkolaj 295

Rakovskíj, Khrístían G. 48, 56, 65, 66, 287

Raspútín 30

Rastartsjúk, Aleksandr 525, 526

Ratz 252, 253, 264

Rauði herinn 7, 12, 14, 42, 56, 58, 60, 61,

64, 71, 170, 225, 259, 268, 276, 295, 351,

396, 398, 403, 408, 412, 415, 417, 418,

420, 422, 424–426, 431, 433, 445, 460,

465, 480, 487, 489, 490, 498, 526, 546

Rauði landamæravörðurinn 60, 61

Ráðstjórnar-Miðasía 58, 242

Reker 55

Resníkov, Semjon 322–324

Richter 252, 264

Ribbentrop, Joachim von 384

Rockefeller-ættin 485

Rogotsjevskíj, Ísak 295, 305

Romankovo 44

Romanov 212–215, 232

Romanov-ættin 289

Romantjenko 312

Roosevelt, Franklin D. 421, 480, 484, 485,
529, 536

Rosengolts, Arkadíj P. 71, 72, 307, 327

Rostov 322, 323, 489

Róm 487

Rúdenko, Leoníd G. 12, 525

Rúdzútak, Janís 279, 290

Rúkhímovítsj 294

Rúmenía 33

Ryvda 342

Rykov, Aleksej Í., 326–328, 351

Rylejev 201

S., Andrej 200–203

Sabúrov, Maksím Z. 471, 478, 480

Sáideman 25, 29, 83

Saltykov 493

Samarín prófessor 82, 85

Samarín, Klavdíja 9, 82–84

San Francisco 520

Sanín 160–162, 165, 166

Schwartz, S. 295

Scripps-Howard blöðin 529

Seleznev 460

Sem 81

Semúshkín 101–103, 105

Sergej 183, 187–192, 194,

Sergejev 436

Serov 12, 509, 524–526, 531–533

Sevastopol 420

Seyðisfjörður 8

Shajakhov 317, 319

Shajkevítsj 255–257, 265, 302

Shakespeare, William 31, 50

Shakhúrín 491

Shestov 275

Shostakovítsj, Dmítríj D. 491

Shpatsjínskíj 226, 227, 263

Shpeltíj 287

Shtoob 499–501

Shtsherbakov 480

Shtsjekatíhín, Níkk 24

Shtsjekatíhín-fólkið 21

Shtsjelkúntsíj 392

Shúlín 90

Shúlman 162

Shúra 109, 110

Shverník, Níkolaj M. 467, 468

Síbería 18–20, 30, 75, 79, 99, 110, 138, 201,

247, 275, 364, 365, 372, 373, 383, 392,

394, 396, 399, 409, 411, 419, 429, 432,

433, 441, 459, 463, 476, 478, 539, 541

Sífúrov 377, 381, 387, 388

Sílína 398

Sílínín 257, 264, 267, 302, 313, 314, 321

Sínelníkovo 368

Sínílov 433

Sjálfstæðisflokkurinn 8
 Skobelev 22, 26
 Skopín 148, 149, 155, 173
 Skrípník, Nikolaj A. 80, 81, 171
 Skropadskij 34
 Slavgorod 35
 Slepkov 201
 Smolensk 465, 489
 Smoljaninov, Vadím A. 407, 408, 411
 Smolníf-menntastofnunin 197
 Sokolníkov 273
 Solnetsjogorsk 473–475
 Somanov 139, 143, 149, 150, 155
 Somov 163
 Sorín 351, 352
 Soshníkov 284, 285
 Sosnín 468, 470
 Sotsjan 263
 Sovét-Rússland 540
 Sovnarkom 393, 394, 404, 431, 447–449, 451–453, 455–459, 462, 464, 465, 469, 472–474, 480–482, 487, 493–497, 502, 515, 532, 537
 Spánn 233, 551
 Spírídonov 31, 34
 Spríng 287
 Stakhanov, Aleksej G. 220, 221, 224, 225, 228, 254, 537
 Stalín, Josif „Koba“ Vissaríonovítsj 7, 9, 10, 53, 64–66, 72, 73, 76, 77, 80, 86, 94–96, 103, 105, 106, 111, 112, 114, 129–131, 135, 145, 154, 158, 159, 163, 165, 191, 197, 198, 200, 201, 222, 223, 226, 230, 231, 233, 241, 245, 247, 249, 252, 255, 262, 263, 266, 268, 273–281, 290–292, 295, 297, 312, 315–317, 319, 322, 326–328, 342, 347, 351–353, 355, 357, 362, 365, 368–371, 382–387, 395, 397, 401, 405, 406, 408–411, 413, 415–424, 427–433, 437, 439, 441, 448, 449, 451, 453, 454, 456–465, 467–471, 475, 477, 478, 480, 481, 482, 484–486, 488, 490, 491–497, 503, 504, 510, 520–522, 525, 526, 530, 531, 534–537, 539–542, 544–546
 Stalín, Vasilíj J. 490
 Stalínabad 60
 Stalíno 419
 Stalínsgarður 130, 414, 450, 461, 462, 484, 497, 498, 515
 Stalínsk 364, 365, 373–377
 Starobín 546
 Starosta 391
 Starostín 206, 207, 211, 215, 222, 225, 226, 228
 Stefán Jóhann Stefánsson 8
 Steinbeck, John 523, 524
 Stepanov 294
 Stetsevítsj 247, 248
 Stetskíj 290, 352
 Stoffín 331, 337, 338, 340
 Stokkhólmur 308
 Stóra-Bretland 14, 535
 Strepetov 287
 Strong, Anna Louise 540
 Strúpenko-fólkið 117
 Strúpenko 123, 127–129
 Súkhín, Aleksej 246
 Súlínskíj-málmvöruverksmiðjan 323
 Súvorov 284, 285
 Sverdlovsk 48, 190, 325, 328–330, 341, 342, 345, 347, 352, 356–358, 425, 428, 459, 488
 Sviss 551
 Svíþjóð 68, 105, 551
 Taganrog 320, 322, 323, 325, 329, 356, 419, 477
 Tanja 292
 Tarasov 62
 Tatara-lýðveldið 435, 438, 444
 Tevosín 493
 Tevosjan, Ívan 395, 397, 400, 401
 Tékkóslóvakía 535, 544, 551

Tílló, Írína A. 7, 10, 372, 373, 378, 393, 395, 397–399, 403, 426, 429, 434, 445, 446, 471–473, 510, 514, 518
 Tímoshenko 229–231
 Tímoshenko eldri 230
 Tjúmen 429
 Tolstoj, Lev N. 23, 30, 33, 49, 50, 106, 292, 439
 Tom-fljót 373, 376, 388
 Totsjínskij 294
 Trachter 295
 Transbajkal 396
 Tretjakov-listasafnið 105
 Trotskij, Lev 31, 33, 43, 48, 85, 103, 198, 242, 244, 245, 249, 259, 351, 546
 Trúbostal 204, 227, 251, 255, 263, 266, 271, 287
 Tsarev 163, 164
 Tsherníshevskij, Nikolaj G. 49
 Tsípljakov 96, 100
 Tsjadaj 140–147, 152–154, 156
 Tsjajkovskij, Pjotr Íljitsj 55, 84
 Tsjeka [GPÚ, NKVD] 207
 Tsjekhov, Anton P. 493
 Tsjeljabínsk 285
 Tsjeljabínsk 295, 459, 497
 Tsjerkassij 162
 Tsjizh 152, 154
 Tsjúbar, Vlas J. 279, 290
 Tsjúsovaja 295
 Tsjúsovaja-fljótið 341, 342
 Tsvetkov, Aleksej 115
 Tsvetkov, frú 115
 Tsvetkov, Sergej „Serjozha“ Alexejevítsj 113–117, 119, 120, 122–125, 127–130, 168–170, 173
 Túapse 42
 Túkhatsevskí, Míkhaíl N. 276, 383, 530, 531
 Túrgenev, Ívan S. 33
 Túrkestan 79

Túrkménístan 58, 59
 Túvína 208, 212
 Tyrkland 485
 Ungverjaland 489, 544
 Úkraína 7, 9, 15, 20, 34, 45, 56, 59, 80, 86, 106, 117, 118, 134, 189, 262, 275, 285, 367, 413, 418, 419, 422, 423, 445, 450, 459, 462, 478
 Úlan-Úde 517
 Úlasevítsj 284, 285
 Úljanova, María 333
 Úral 79, 189, 190, 295, 299, 324, 325, 328, 329, 339, 341, 344, 354, 356, 363, 377, 396, 399, 403, 425, 433, 460, 463, 469, 476, 478, 492, 514
 Útkín, Andrej Í. 448, 449, 451–453, 456, 458, 459, 462, 463, 465, 468, 470, 474, 480–482, 502
 Vakhtangov-leikhúsið 105
 Valja 108, 109
 Vancouver 518, 520, 521
 Vanja 440–442
 Vanníkov 464
 Varvarkín 427, 431
 Vasanev 409
 Vera 500
 Verkamannaflokkurinn 485
 Vesník, Eugeníja 295
 Vesník, Jakob 295
 Virt 530, 531
 Vígúra, George 76, 77, 80, 81
 Víktoría 45
 Vínarborg 41
 Víshnev 206, 258, 259, 266, 270–272, 302, 305, 307
 Vísindafélagið 488
 Vladímírovna, Evgenía 444, 445
 Vladívestok 514, 516, 517, 521, 532
 Vlasov, M. 295


- Volga 43, 45, 433, 435, 450, 462, 484, 498
 Volgín, Senja 44–48, 51, 53, 66, 287, 288,
 Volgu-lýðveldið 409
 Volkov 460
 Voltaire 241
 Voltsjok 109
 Vorobjov 460, 469
 Voronezh 489
 Voroshílov, Klíment J. 197, 201, 279, 355,
 415, 419, 420, 459, 465, 492
 Vorvan, Pjotr 118, 119
 Vorvan, Vasja 118, 123, 125
 Voznesenskij, Níkolaj A. 459, 465, 471, 490
 Vyshínskij, Andrej J. 274–276
- Wagner, Richard 253
 Wallace, Henry A. 537
 Washington-borg 7, 11, 12, 14, 15, 405,
 491, 508, 509, 515, 523, 524–526, 529,
 530, 532, 538, 539, 544
 Waterloo 462
 Welles, Sumner 405
- Williams, Albert Rhys 540
 Willkie, Wendell 537, 538
 Winter, Ella 540
- Youngstown 217
- Zaparožhe 20, 25, 205, 243, 295, 302, 305,
 306, 419, 465, 477
 Zarvín 260
 Zelman 247, 254, 307
 Zhdanov, yfirverkfræðingur 263
 Zhdanov, Andrej A. 420
 Zínovjev, Grígorij J. 85, 198, 242, 243, 245,
 249, 328, 351,
 Zjama 62, 63
 Zola, Émile 31
 Zolkín, Ívan 285, 286
 Zvaísne 295
- Þýskaland 105, 131, 132, 204, 244, 247,
 383–387, 394, 405, 406, 412, 416, 418,
 463, 489, 551



Getty Images

FLÓTTAMAÐUR EFNIR TIL RÉTTARHALDA ALDARINNAR!

Kravtsjenko (lengst t. v.) ber vitni við réttarhöldin í París 1. febrúar 1949. Málflutningsmaður kommúnista lætur í ljós vanþóknun sína.



Kommúnistarnir Magnús Kjartansson og Brynjólfur Bjarnason sögðu bókina ómerkilega og leiðinlega.



Margarete Buber-Neumann staðfesti að frásögnin væri sannleikanum samkvæm. Lárus Jóhannesson þýddi bókina á íslensku.

Ég kaus frelsið er eftir flóttamann frá Úkraínu, Víktor Kravtsjenko. Hann lýsir hungursneyðinni í Úkraínu, hreinsunum Stalíns og þrælkunarbúðum. Kommúnistar á Vesturlöndum, þar á meðal Íslandi, réðust á Kravtsjenko af öllu afli, og þegar hann höfðaði meiðyrðamál gegn frönsku kommúnistatímariti 1949, snerust réttarhöldin í París upp í uppgjör um stjórnarfarið í kommúnistaríkjunum. Lárus Jóhannesson, lögfræðingur og alþingismaður, þýddi bókina, sem kom fyrst út á íslensku 1951. Hún er fjórlega skrifuð, en átakanleg og áhrifamikil.


„Ég hef fáar bækur lesið jafnskemmtilegar og fróðlegar sem sjálfsævisögu Kravtsjenkos.“

— Ólafur Thors forsætisráðherra



Almenna bókafélagið
www.rnh.is
www.bokafelagid.is

ISBN 978-9935-469-88-5



9 789935 469885 >